ALÞINGISTÍÐINDI

1881.

RITNEFNDARMENN:

HALLDÓR KR. FRIÐRIKSSON. MAGNÚS STEPHENSEN.

SÍÐARI PARTUR:

UMRÆÐURNAR.

REYKJAVÍK.
PRENTARI: EINAR ÞÓRÐARSON.
1882.

Yfirlit

yfir umræðurnar á alþingi 1881.

I. Lagafrumvörp.

A. Afgreidd sem lög frá alþingi.

a. Konungleg frumvörp.

1. Frumvarp til *fjárlaga fyrir árin 1882 og 1883*: bls. 9—158.
2. Frumvarp til *fjáraukalaga fyrir árin 1880 og 1881*: bls. 159—198.
3. Frumvarp til *fjáraukalaga fyrir árin 1878 og 1879*: bls. 199—203.
4. Frumvarp til *laga um samþykkt á reikningnum yfir tekjur og útgjöld Íslands á árunum 1878 og 1879*: bls. 203—231.
5. Frumvarp til *laga um víxlbrjef fyrir Ísland*: bls. 232— 235.
6. Frumvarp til *laga um víxlbrjefamál og víxlbrjefa-afsagnir*: bls. 236—238.
7. Frumvarp til *laga um útflutningsgjald af fiski og lýsi*: bls. 238—271.
8. Frumvarp til *laga um borgun handa hreppstjórum og öðrum, sem hafðir eru til að framja rjettargjörðir*: bls. 271—300.
9. Frumvarp til *laga um, að stjórninni veitist heimild til að selja nokkrar þjóðjarðir*: bls. 300—360.
10. Frumvarp til *laga um, að gefinn verði eptir nokkur hluti af skuldakröfum landssjóðsins hjá ýmsum hreppum í Snæfellsnessýslu út af kornlánum*, sem þeim hafa verið veitt: bls. 360—372.

b. Frumvörp borin upp af þingmönnum.

11. Frumvarp til *laga um breyting á lögum 27. febrúar 1880 um aðra skipun prestakalla og fleira*: bls. 384—399.
12. Frumvarp til *laga um kosningarrjett kvenna*: bls. 399—408.
13. Frumvarp til *landamerkjalaga*: bls. 408—425.
14. Frumvarp til *laga um löggilding verzlunarstaðar við Kolbeinsárós í Skagafirði*: bls. 425—443.
15. Frumvarp til *laga um löggilding verzlunarstaðar á Hesteyri við Hesteyrarfjörð innan Ísafjarðarsýslu*: bls. 443—445.
16. Frumvarp til *laga um friðun fugla*: bls. 445—473.
17. Frumvarp til *laga um breyting á 1. og 2. grein laga um stofnun læknaskóla í Reykjavík, 11. febr. 1876*: bls. 474—488.

Árið 1881 1. dag júlímánaðar var hið 4. löggefandi alþingi sett í Reykjavík. Fyrst söfnuðust allir alþingismenn saman ásamt með landshöfðingjanum yfir Íslandi, Hilmari Finsen, í hinu nýja alþingishúsi, og gengu þaðan til guðsþjónustugjörðar í dómkirkjunni. Prestaskólakennari Eiríkur prófastur Briem prjedikaði, og lagði út af Davíðs sálmi 25,4.5.

Að aflokinni guðsþjónustugjörðinni gengu menn aptur inn í alþingissalinn. Landshöfðinginn gekk til forsetasætis og mælti þaðan á þessa leið:

Háttvirtu alþingismenn!

Innan alþingið tekur til starfa sinna, samkvæmt stjórnarskrá Íslands, í þessu nýja alþingishúsi, finnst mjer eiga vel við með fáeinum orðum að minnast á hin helztu atriði í sögu þessarar byggingar.

Alþingið ályktaði í hitt eð fyrra að skora á stjórnina: »að á fjárhagstímabilinu 1880—81 sje byggt hús handa alþingi og söfnum landsins, og að sett sje nefnd af 5 þingmönnum, er stjórnin leiti álita hjá á milli þinga um tilhögun og bygging hússins», — og fjárlögin veittu fje til framkvæmdar þessu fyrirtæki. — Eptir að fjárlögin höfðu verið samþykkt af konunginum, fól ráðgjafinn mjer á hendur að framkvæma verkið samkvæmt þingsályktuninni, og að hafa í ráðum með mjer þá 5 alþingismenn, sem kosnir voru til þess af báðum deildum þingsins. — Okkur nefndinni kom saman um að fela hinum nafnfræga byggingarmeistara etatsráð Meldahl, forseta hins kgl. Kunstakademies í Kaupmannahöfn, að búa til uppdrátt af húsinu og áætlun um kostnaðinn, og í sameiningu við nefndarmann þann, er dvaldist vetrarlangt í Kaupmannahöfn, að ráða yfirsmið, og sjá um útvegun á efni því, er nauðsynlegt væri að panta frá útlöndum, en um útvegun á grjóti, sandi og því um líku var sjeð hjer. Um byggingarstæðið var í fyrstunni nokkur ágreiningur í nefndinni, en loks kaus meiri hluti nefndarmanna þetta hússtæði, og fjellst jeg fyrir mitt leyti á uppástungur meiri hlutans.

Hinn 9. júnímán. f. á. var hyrningarsteinninn lagður, og var í hann múrað silfurspjald, og á því voru grafin, auk skýrslu um hin helztu sögulegu atriði hússins, þessi orð drottins vors: »Sannleikurinn mun gjöra yður frjálsa».

Undir umsjón hins ötula og duglega yfirsmiðs, konduktørs Balds, var nú vinnunni haldið áfram allt sumarið, og var þakið lagt á húsið, áður en hörkufrostið bannaði alla vinnu útanbúss; en þegar að því kom, var unnið innanhúss allan vetrartímann, og jafnvel þótt harðindin hafi tafið mikið fyrir, og haft mikla og marga örðugleika í för með sjer, er samt sem áður húsið nú fullgjört til hins ákveðna tíma, og stendur það nú sem hið skrautlegasta og öruggg-

asta hús, er nokkurn tíma hafi verið reist á Íslandi, landi og lýð til sóma, og niðjum vorum til minnis um það, að á fyrsta kosningartíma stjórnarfrelsisins hafi alþingi Íslendinga í samverknaði við stjórnina haft vilja og dug til að framkvæma eins fagurt og stórkostlegt verk.

En — háttvirtu alþingismenn! — Vjer vitum það allir, að sjerhvert mannaverk er ófullkomið og valt, ef eigi vor himneskur faðir blessar og varðveitir það; því viljum vjer vígja þetta nýja alþingishús með þeirri innilegri bæn til hins algóða guðs, að hann haldi verndarhendi sinni yfir konungi vorum og ættjörðu, yfir þjóð vorri og fulltrúum henuar, að hann blessi og varðveiti þetta hús, og láti æfinlega sannleikann ríkja í því, svo að fulltrúar þjóðarinnar, þjóðin sjálf og landið verði frjálst í rjettum og sönnum skilningi þessa orðs, því þá getum vjer átt það víst, að framförum og hagsæld ættjarðar vorrar sje borgið um aldur og æfi.

Að svo mæltu skal jeg tilkynna yður, háttvirtu alþingismenn, að mjer hefur með konungsbrjefi dags. 25. dag maímán. þ. á. allramildilegast verið veitt vald til að setja hið reglulega alþingi, er, samkvæmt stjórnarskrá Íslands frá 5. dag janúarmán. 1874, hefur verið stefnt saman til þessa dags, eptir að nýjar, almennar kosningar hafa fram farið.

Konungsbrjefið hljóðar þannig:

Christján hinn Níundi af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg.

Vora sjerlegu hylli!

Vjer veitum þjer, sem landshöfðingja Vorum yfir Voru landi Íslandi, allra mildilegast vald til að setja hið reglulega alþingi, sem kemur saman föstudaginn 1. dag júlímánaðar næstkomandi, og átt þú þar að auki að birta alþingi boðskap Vorn, sem hjer með fylgir og dagsettur er í dag.

Þetta er vilji vor.

Felandi þig guði.

Ritað á Amalíuborg, 25. dag maímán. 1881.
Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

J. Nellemann.

Til

Vors elskulega

herra Sörens Hilmars Steindórs Finsens, kommandörs af dannebrogsorðunni og dannebrogsmanns, Vors landshöfðingja yfir Íslandi.

Boðskapur hans hátignar konungsins til alþingis er þannig hljóðandi:

Christian hinn Níundi, af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg:

Vora konunglegu kveðju.

Þau tíðindi hafa orðið, sem alþingi mun þykja harmafregn, að hennar hátign ekkjudrottning Carolína Amalia og hennar konunglega tign, erfðaprinzessa Carolina eru látnar.

Vjer kunnum alþingi hjartanlegar þakkir fyrir ávörp þau, sem oss hafa send verið frá báðum deildum þess, og fyrir þær heillaóskir, sem eru þar fram bornar, Oss og Vorri konunglegu ætt til handa, eins og Vjer af einlægum hug kunnum að meta þann vott hollustu og trausts, sem ávörp þessi bera með sjer, og þá viðurkenningu, sem alþingi hefur sýnt viðleitni Vorri til þess að efla hag Íslands.

Þá er hið löggefandi alþingi kom saman í fyrsta skipti, ljetum vjer í ljósi þá öruggu von, að hin frjálsa stjórnarskipun, sem Ísland hefur hlotið, mundi verða hagnýtt af fulltrúum þess til að efla framfarir og vellíðan landsins, sem vjer höfðum fyrir

augum. Þessi von hefur rætzt á gleðilegan hátt, þar sem það hefur tekizt fyrir happasælan samverknað milli stjórnarinnar og alþingis, eins og milli beggja deilda þess innbyrðis, á því fyrsta 6 ára tímabili, sem liðið er frá því að alþingi tók til löggjafarstarfa, að koma fram mörgum mikilsvarðandi lögum og ráðstöfunum, og með því að koma til leiðar þýðingarmiklum endurbótum á umboðsstjórn landsins og skattmálum, á samgöngum og fl.

Kostnaður sá, sem þetta og aðrar ráðstafanir til þess að efla framfarir landsins hafa haft í för með sjer fyrir fjárbag þess, hefur hingað til orðið goldinn af hinum venjulegu tekjum, án þess að örðugt hafi veitt. En eptirleiðis hlýtur að koma skarð í tekjurnar, sem mikið munar um, sjer í lagi vegna þess, að lestagjaldið var afnumið, og einnig fyrir þá sök, að orðið hefur að verja nokkrum hluta af fje viðlagasjóðsins til kostnaðarins við byggingu á alþingishúsinu; en stjórnin hefur þó eigi fundið sjer skylt af þessum ástæðum að koma fram með uppástungur um nýjar skattaálögur, á meðan reynslan eigi hefur sýnt, að óumflýjanleg nauðsyn sje á þeim.

Ósk sú, sem alþingi opt hefur hreyft og aptur ítrekað við þetta tækifæri, að fje landsins yrði ávaxtað í landinu sjálfu, hefur af stjórninni verið tekið svo til greina sem unnt var eptir því, sem ástatt hefur verið hingað til, þar sem gjörvöllu því fje, sem fyrir hendi var í viðlagasjóðnum, hefur smásaman verið varið til þess að veita lán, sumpart sveitarfjelögum og stofnunum, sumpart einstökum mönnum gegn veði í fasteignum. Menn verða samt sem áður að viðurkenna, að það sje miður rjett, að verja fje viðlagasjóðsins sjer i lagi á þann hátt, sem síðast var getið, og verður því að álíta það æskilegt, að gjörð verði breyting á þessu. Þá er tekið var undir yfirvegun, hvernig þessu málefni yrði komið fyrir, svo haganlegt væri bæði fyrir landssjóðinn og fyrir lántakendur, komst stjórnin að þeirri niðurstöðu, að augnamiði þessu bezt yrði náð í sambandi við fyrirhugaða skipun á lánaviðskiptum manna á Íslandi yfir höfuð. Hjer að lútandi lagafrumvarp mun því nú verða lagt fyrir alþingi.

Auk lagafrumvarps þessa, sem ætla má að mjög mikið sje i varið til eflingar á velmegun landsins, og sem Vjer því sjer í lagi leiðum athygli alþingis að, verða lögð fyrir þingið bæði fleiri ný lagafrumvörp og svo frumvarp það, sem alþingi þegar er kunnugt, um endurbætur á landbúnaðarlöggjöfinni, en eigi var útrætt á síðasta alþingi.

Þar sem alþingi nú aptur tekur til starfa sinna, eptir að nýjar kosningar hafa fram farið, og eptir að búið er að reisa sjerstaka byggingu fyrir alþingi, höfum Vjer þá von og innilega ósk, að starfi þessi megi verða til heilla og hamingju fyrir landið, og heitum Voru trúa alþingi hylli Vorri og konunglegu mildi.

Ritað á Amalíuborg, 25. dag maímán. 1881.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

J. Nellemann.

Boðskapur konungs til alþingis.

Samkvæmt því valdi, sem mjer þannig allramildilegast hefur verið veitt, lýsi jeg því yfir í nafni hans hátignar Konungsins:

Alþingi Íslendinga er sett!

Stóð þá upp þingmaður Suður-Þingeyinga Jón Sigurðsson, og mælti:

«**Lengi lifi konungur** vor, **Kristján hinn níundi!**», og tóku allir þingmenn undir það í einu hljóði.

Þessir alþingismenn voru mættir:

A. Konungkjörnir alþingismenn:

1. Pjetur biskup Pjetursson.

2. Bergur amtmaður Thorberg.
3. Jón háyfirdómari Pjetursson.
4. Magnús yfirdómari Stephensen.
5. Árni landfógeti Thorsteinson.
6. Sigurður lector Melsteð.

B. Þjóðkjörnir alþingismenn.

1. þingmaður Austur-Skaptfellinga, Stefán hreppstjórl Eríksson.
2. —— Vestur-Skaptfellinga, Ólafur bóndi Pálsson.
3. 1. —— Rangæinga, Sighvatur hreppstjóri Árnason.
4. 2 —— Rangæinga, Skúli bóndi Þorvarðarson.
5. 1. —— Árnesinga, Þorlákur hreppstjóri Guðmnndsson.
6. 2. —— Árnesinga, Magnús prestur Andrjesson.
7. —— Vestmannaeyinga, Þorsteinn bóndi Jónsson.
8. 1. —— Gullbringu- og Kjósarsýslu, Þórarinn prófastur Böðvarsson.
9. 2. —— Gullbringu- og Kjósarsýslu, Þorkell prestur Bjarnason.
10. —— Reykvíkinga, Halldór yfirkennari Friðriksson.
11. —— Borgfirðinga, Grímur Thomsen, Dr. philos.
12. —— Mýramanna, Egill borgari Egilsson.
13. —— Snæfellinga, Holgeir kaupmaður Clausen.
14. —— Dalamanna, Guðmundur prófastur Einarsson.
15. —— Barðstrendinga, Eiríkur prófastur Kúld.
16. 1. —— Ísfirðinga, Þorsteinn borgari Thorsteinson.
17. 2. —— Ísfirðinga, Þórður bóndi Magnúsarson.
18. —— Strandasýslu, Ásgeir bóndi Einarsson.
19. 1. —— Húnvetninga, Lárus sýslumaður Blöndal.
20. 2. —— Húnvetninga, Eríkur prófastur Briem.
21. 1. þingmaður Skagfirðinga, Friðrik hreppstjóri Stefánsson.
22. 2. —— Skagfirðinga, Jón landritari Jónsson.
23. 1. —— Eyfirðinga, Arnljótur prestur Ólafsson.
24. 2. —— Eyfirðinga, Einar hreppstjóri Ásmundsson.
25. —— Norður-Þingeyinga, Benedikt prófastur Kristjánsson.
26. —— Suður-Þingeyinga, Jón hreppstjóri Sigurðsson.
27 1. —— Norður-Múlasýsln, Þorvarður læknir Kjerulf.
28. 2. —— Norður-Múlasýslu, Benedikt sýslumaður Sveinsson.
29. 1. —— Suður-Múlasýslu, Tryggvi kaupstjóri Gunnarsson.
30. 2. —— Suður-Múlasýslu, Jón ritstjóri Ólafsson.

Síðan skoraði landshöfðingi samkvæmt þingskapanna 1. gr. á hinn elzta þingmann, 1. konungkjörna, biskup Pjetur Pjetursson, að gangast fyrir kosningu á forseta hins sameinaða alþingis; tók hann þá sæti í forsetastólnum, og kvaddi sjer til aðstoðar þingmann Barðstendinga og þingmann Reykvíkinga. Því næst var gengið til prófunar á kjörbrjefum allra þingmanna, og gekk þingið til þess eptir hlutkesti í 3 deildir, og urðu í

1. deild:
Friðrik Stefánsson,
Jón Sigurðsson,
Grímur Thomsen,
Magnús Stephensen,
Lárus Blöndal,
Olafur Pálsson,
Egill Egilsson,
Arnljótur Ólafsson,
Tryggvi Gnnnarsson,
Þorvarður Kjerulf,
Jón Jónsson,
Jón Ólafsson.

2. deild:
Árni Thorsteinson,
Benedikt Sveinsson,

Bergur Thorberg,
Einar Ásmundsson,
Eiríkur Briem,
Guðmundur Einarsson,
Magnús Andrjesarson,
Sigurður Melsteð,
Þórarinn Böðvarsson,
Þorsteinn Jónsson,
Þorsteinn Thorsteinson.

3. deild:
Holgeir Clausen,
Stefán Eiríksson,
Þorlákur Guðmundsson,
Halldór Friðriksson,
Eiríkur Kúld,
Þórður Magnúsarson,
Benedikt Kristjánsson,
Skúli Þorvarðarson,
Sighvatur Árnason,
Þorkell Bjarnason,
Ásgeir Einarsson,
Jón Pjetursson.

1. deild, sem rannsakaði kjörbrjef 3. deildar, kaus sjer framsögumann Jón Sigurðsson, og fann deildin ekkert athugavert við kjörbrjef 3. deildar, og voru þau því samþykkt í einu hljóði.

2. deild hafði kosið sjer fyrir framsögumann Berg Thorberg, og hafði hún rannsakað kjörbrjef 1. deildar; framsögumaður gat þess, að við kjörbrjef Ólafs Pálssonar hefði deildin haft það að athuga, að eigi væri í eptirriti kjörbókarinnar, er deildin hefði haft til skoðunar, getið um, að kjörfundurinn hefði verið boðaður með nægum fyrirvara, og enn fremur hefði deildin veitt því eptirtekt viðvíkjandi kosningu þingmanna úr Suður-Múlasýslu, að í eptirriti kjörbókarinnar væri þess getið, að boðunarbrjefin um kjörfundinn hefðu eigi með 4 vikna fyrirvara komizt til allra hreppstjóra í sýslunni, en aptur hefði fundurinn með mánaðar fyrirvara verið auglýstur í blaði á Austurlandi. Þessi atriði þóttu deildinni þó eigi svo mikils verð, að hún fyrir þá sök vildi vefengja kosningu hlutaðeigandi þingmanna.

Kjörbrjef 1. deildar voru þannig samþykkt í einu hljóði.

3. deild hafði kosið sjer fyrir framsögumann Eirík Kúld, og hafði hún rannsakað kjörbrjef 2. deildar. Framsögumaður gat þess, að kjörbrjef Einars Ásmundssonar og Þorsteins Jónssonar skýrðu eigi frá atkvæðatölunni, en í eptirriti kjörbókanna sæist, að báðir þessir þingmenn hefðu hlotið á kjörfundi yfir helming hinna greiddu atkvæða, og að önnur þingmannaefni hefðu eigi boðið sig þar. Kjörbrjefin voru þannig öll samþykkt.

Því næst skoraði forseti á alla þingmenn, að undirskrifa hinn fyrirskipaða eið; urðu þá nokkrar umræður um það, hvort allir þingmenn skyldu eiðinn vinna eða að eins þeir þingmenn, sem eigi höfðu áður átt þingsetu og unnið hann; að þessum umræðum loknum undirskrifuðu allir þingmenn eiðinn.

Því næst skoraði forseti á þingmenn að kjósa forseta hins sameinaða alþingis, en baðst sjálfur undan kosningu, og hlutu þeir Tryggvi Gunnarsson 13 atkvæði og Bergur Thorberg 11 atkvæði. En með því hvorugur þessara hafði fengið nógu mörg atkvæði, var kosið að nýju óbundnum kosningum, og hlaut þá Bergur Thorberg 18 atkvæði, en Tryggvi Gunnarsson 14, og varð þannig Bergur Thorberg forseti hins sameinaða alþingis, og tók sæti í forsetastólnum, og kvaddi þingmenn til að kjósa varaforseta. Fyrir þeirri kosningu varð Tryggvi Gunnarsson með 24 atkvæðum. Til skrifara hins sameinaða alþingis voru kosnir Eiríkur Briem með 20 atkvæðum og Eiríkur Kúld með 16 atkvæðum (Magnús Andrjesson fjekk 15 atkvæði og Halldór Friðriksson 13).

Loks voru kosnir 6 þjóðkjörnir þingmenn til þess ásamt hinum konungkjörnu að eiga sæti í efri deildinni, og urðu þessir fyrir þeirri kosningu:

Stefán Eiríksson	með	33	atkvæðum,
Sighvatur Árnason	—	33	——
Benedikt Kristjánsson	—	32	——
Ásgeir Einarsson	—	31	——

Skúli Þorvarðarson — 24 ——
Einar Ásmundsson — 19 ——
(Arnljótur Ólafsson hlaut 12 atkvæði, Benedikt Sveinson 7, Eiríkur Kúld 6, einn þingmaður 3, þrír þingmenn 2, og fjórir 1).

Eptir að alþingi var sett, og það samkvæmt þingsköpunum hafði skipt sjer í deildir, gengu efri deildar þingmenn til sals þess, sem ætlaður er efri þingdeildinni, og tóku til starfa.

Í deild þessari áttu sæti:

A. Konungkjörnir:

1, Pjetur Pjetursson, biskup yfir Íslandi.
2, Bergur Thorberg, amtmaður yfir suður- og vesturömtunum.
3, Jón Pjetursson, háyfirdómari Íslands.
4, Magnús Stephensen, 1. yfirdómari.
5, Árni Thorsteinson, landfógeti.
6, Sigurður Melsteð, forstöðumaður prestaskólans.

B. Kjörnir af hinu sameinaða alþingi.

1, Ásgeir Einarsson, þingmaður Strandamanna.
2, Benedikt Kristjánsson, þingmaður Norður-Þingeyinga.
3. Einar Ásmundsson, 1. þingmaður Eyfirðinga.
4, Sighvatur Árnason. 1. þingmaður Rangæinga.
5, Skúli Þorvarðarson, 2. þingmaður Rangæinga.
6, Stefán Eiríksson, þingmaður Austur-Skaptfellinga.

Hinn elzti þingmaður deildarinnar, Dr. Pjetur Pjetursson, biskup yfir Íslandi, gekk til forsetasætis sem aldursforseti og kvaddi sjer til aðstoðar sem skrifara hinn 4. konungkjörna þingmann og þingmann Suður-Þingeyinga, síðan skoraði hann á deildarmenn að kjósa forseta, en baðst jafnframt undan kosningu. Hlaut hinn 2. konungkjörni þingmaður, Bergur amtmaður Thorberg, kosningu með 8 atkvæðum.

Að því búnu gekk hinn nýkjörni forseti til sætis og gekkst fyrir kosningu varaforseta; var til þess kjörinn hinn 5. konungkjörni þingmaður, Árni landfógeti Thorsteinson, með 7 atkvæðum.

Þar næst voru kosnir skrifarar deildarinnar, og urðu fyrir þeirri kosningu, hinn 4. konungkjörni þingmaður, Magnús yfirdómari Stephensen, með 9 atkvæðum, og þingmaður Norður-Þingeyinga, Benedikt prófastur Kristjánsson, með 7 atkvæðum.

Forseti skýrði því næst frá, að landshöfðingi hefði tilkynnt sjer með brjefi, dagsettu samdægurs, að hann á næsta fundi mundi leggja fyrir efri deildina þau konungleg lagafrumvörp, er nú segir:

1, Frumvarp til laga um víxlbrjef fyrir Ísland.
2, —— —— um víxlbrjefamál og víxlbrjefaáfsagnir.
3, —— —— um borgun handa hreppstjórum og öðrum, sem hafðir eru til að fremja rjettargjörðir.
4, —— —— um skyldu presta að sjá ekkjum sínum borgið með fjárstyrk eptir sinn dag og um stofnun prestsekknasjóðs.
5, —— —— um breyting á tilsk. 15. desbr. 1865, 1. og 2. gr.
6, —— —— um breyting á lögum 27. febrúar 1880 um skipun prestakalla.
7, —— —— um að stjórninni veitist heimild til að selja nokkrar þjóðjarðir.
8, —— —— um gjald fyrir rannsókn og áteiknun skipaskjala.

Eptir að hið sameinaða alþingi, eins og áður er sagt, hafði lokið þingstörfum þeim, sem fyrirskipuð eru í 1., 2. og 3. grein þingskapanna, settist neðri deild alþingis að í þingsal neðri deildarinnar, og tók til starfa.

Í þingdeildinni höfðu þessir þingmenn sæti:

1, Arnljótur Ólafsson, 1. þingmaður Eyfirðinga.

2, Benedikt Sveinsson, 2. þingm. Norður-Múlasýslu.
3, Egill Egilsson, þingmaður Mýramanna.
4, Eiríkur Breim, 2. þingm. Húnvetninga.
5, Eiríkur Kúld, þingmaður Barðstrendinga.
6, Friðrik Stefánsson, 1. þingmaður Skagfirðinga.
7, Grímur Thomsen, þingm. Borgfirðinga.
8, Guðmundur Einarsson, þingmaður Dalamanna.
9, Halldór Kr. Friðriksson, þingmaður Reykvíkinga.
10, Holgeir Clausen, þingmaður Snæfellinga.
11, Jón Jónsson, 2. þingmaður Skagfirðinga.
12, Jón Ólafsson, 2. þingmaður Suður-Múlasýslu.
13, Jón Sigurðsson, þingmaður Suður-Þingeyinga.
14, Lárus Þ. Blöndal, 1. þingmaður Húnvetninga.
15, Magnús Andrjesson, 2. þingmaður Árnesinga.
16, Ólafur Pálsson, þingmaður Vestur-Skaptfellinga.
17, Tryggvi Gunnarsson, 1. þingmaður Suður-Múlasýslu.
18, Þórarinn Böðvarsson, 1. þingmaður Gullbringu- og Kjósarsýslu.
19, Þórður Magnússon, 2. þingmaður Ísfirðinga.
20, Þorkell Bjarnason, 2. þingmaður Gullbringu- og Kjósarsýslu.
21, Þorlákur Guðmundsson, 1. þingmaður Árnesinga.
22, Þorsteinn Jónsson, þingmaður Vestmannaeyinga.
23, Þorsteinn Thorsteinson, 1. þingmaður Ísfirðinga.
24, Þorvarður Kjerulf, 1. þingmaður Norður-Múlasýslu.

Elzti þingmaður deildarinnar, præpos. honor. Guðmundur Einarsson, þingmaður Dalamanna, gekkst fyrir kosningu forseta deildarinnar samkvæmt 4. gr. þingskapanna; kvaddi hann sjer til aðstoðar sem skrifara Halldór yfirkennara Friðriksson, þingmann Reykvíkinga, og Eirík prófast Kúld, þingmann Barðstrendinga. Til forseta var kosinn Jón Sigurðsson, þingmaður Suður-Þingeyinga, með 18 atkvæðum af 23, sem greidd voru.

Því næst gekk hinn kjörni forseti til sætis og gekkst fyrir kosningu á hinum embættismönnum deildarinnar. Var þá fyrst kosinn varaforseti, og hlaut Þórarinn prófastur Böðvarsson, 1. þingmaður Gullbringu- og Kjósarsýslu, flest atkvæði, en þó eigi nema 11, og þar eð meir en helming atkvæða þarf samkvæmt þingsköpunum til þess að verða kosinn varaforseti, þá var kosið upp aptur óbundnum kosningum, og hlaut þá Þórarinn prófastur Böðvarsson kosningu með 14 atkvæðum af 23, er greidd voru. Þar á eptir voru kosnir skrifar þingdeildarinnar, og urðu fyrir kosningu Eiríkur prófastur Briem, 2. þingmaður Húnvetninga, með 19 atkvæðum, og Magnús prestur Andrjesson, 2. þingmaður Árnesinga, með 15 atkvæðum.

Að því búnu las forseti upp brjef frá landshöfðingjanum, dagsett samdægurs, þar sem landshöfðingi skýrir frá, að hann á næsta fundi muni leggja þessi konunglegu lagafrumvörp fyrir þingdeildina.

1, Frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1882 og 1883.
2, Frumvarp til fjáraukalaga fyrir árin 1878 og 1879.
3, Frumvarp til fjáraukalaga fyrir árin 1880 og 1881.
4, Frumvarp til landbúnaðarlaga fyrir Ísland.
5, Frumvarp til laga um stofnun lánsfjelags fyrir eigendur fasteigna á Íslandi.
6. Frumvarp til laga um útflutningsgjald á fiski og lýsi.
7. Frumvarp til laga um, að gefinn verði eptir nokkur hluti af skuldakröfum landssjóðsins hjá ýmsum hreppum í Snæfellsnessýslu útaf kornlánum, sem þeim hafi verið veitt.
8, Frumvarp til laga um samþykkt á reikningnum yfir tekjur og útgjöld Íslands á árunum 1878 og 1879.

Til skrifstofustjóra fyrir báðar deildir var af forsetum þingsins tekinn Lárus yfirdómari Sveinbjörnsson, og honum til aðstoðar í skrifstofunni Steingrímur söngkennari Johnsen og Bjarni skólapiltur Þorsteinsson. Til innanþingsskrifara í efri deildinni voru teknir cand. med. & chir. Þórður Thóroddsen og cand. theol. Morten Hansen, en í neðri deildinni cand. phílos. Jón Þórarinsson, Árni skólapiltur Jónsson, Halldór stúdent Jónsson og Valtýr skólapiltur Guðmundsson. Seinna var bætt við í neðri deild sem skrifurum Lárusi stúdent Þorlákssyni og Ásgeiri stúdent Blöndal.

1.

Fjárlög fyrir árin 1882 og 1883.

Frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1882 og 1883, frá stjórninni. Frumvarpið er prentað í fyrra bindi Alþingistíðindanna, 1.—37. bls.

Á 2. fundi neðri deildar, 2. júlí, lagði *landshöfðinginn* frumvarp þetta fyrir deildina, og mælti:

Jeg hef þá æru að leggja fyrir alþingi frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1882 og 1883, og skal þegar nú leiða athygli deildarinnar að því, að niðurröðun þessa frumvarps er í öllu verulegu samkvæm fjárlögunum fyrir yfirstandandi fjárhagstímabil; einstakar breytingar þær, er frumvarpið stingur upp á í þessu tilliti, eru sumpart afleiðingar af þeim lögum, sem alþingi samþykkti í hitt eð fyrra, og sem seinna hafa verið staðfest, og skal jeg í því tilliti taka fram lögin um breyting á eldri lögum um siglingar og verzlun á Íslandi frá 7. nóvember 1879, lög 27. febrúar 1880 um skipun prestakalla, og lög frá s. d. um eptirlaun presta, sumpart miða þær til að færa yfir á viðlagasjóðinn allar eigur hans, en þær voru áður taldar á ýmsum töluliðum í 4. og 5. gr. fjárlaganna, þar sem í þessu frumvarpi allar tekjur af viðlagasjóðnum eru taldar í 4. grein, og skal jeg í sambandi hjer við sjerstaklega geta þess, að þar sem styrktarsjóðurinn er af numinn með allrahæstum úrskurði 24. septbr. 1879, eru «innstæður» og skuldabrjef hans lögð til viðlagasjóðsins.

Hvað hin einstöku atriði tekjumegin og útgjaldamegin í frumvarpinu snertir, skal jeg á þessu stigi málsins vísa til athugasemda þeirra, er fylgja frumvarpinu og prentaðar eru við það; jeg skal einungis geta þess, að samkvæmt tillögum hlutaðeigandi amtsyfirvalds og gagnkunnugra og málsmetandi manna, hefur í 9. gr. verið stungið upp á, að veita töluvert fje til varnar móti sandfoki á jarðagózi landssjóðsins í Skaptafellssýslu.

Þess hefur þegar verið getið í boðskap konungsins til alþingis, að stjórnin hefur ekki fundið tilefni til, að svo stöddu, að leggja fyrir alþingið uppástungur um nýjar skattaálögur; en samt sem áður mun frumvarp það, er í dag verður lagt fyrir þessa heiðruðu deild, um útflutningsgjald af fiski og lýsi, ef það verður samþykkt af þinginu, hafa ekki alllítil áhrif á tekjur landsins, þar sem það miðar til að af nema spítalagjaldið, með því að breyta þessu í útflutningsgjald af sjávarafla þeim, er fluttur er út úr landinu.

Jeg hef enn þá ekki sjeð mjer fært fyrir fullt og allt að semja landsreikninginn fyrir árið 1880, af því að einstaka specíal-reikningar enn þá eru ókomnir, en jeg skal hjer geta þess, að viðlagasjóðurinn hinn 1. janúar þ. á. átti rúmar 770,000 kr., og er í þessari upphæð meðtalin innstæða hins fyrra styrktarsjóðs, en útgjöldin til þinghússbyggingarinnar ekki dregin frá.

Síðan afhenti landshöfðingi forseta frumvarpið og ljet hann útbýta því meðal fundarmanna.

FYRSTA UMRÆÐA Í NEÐRI DEILD,
á 3. fundi deildarinnar, 5. júlí.

Grímur Thomsen: Menn hafa forna venju fyrir sjer í því, að hafa sjaldnast langar umræður við 1. umræðu fjárlaganna, og er þetta gamall vani frá tímum ráðgjafaþinganna. Samt sem áður virðist mjer rjett, að líta yfir formið á frumvarpi því, sem hjer liggur fyrir, og yfir hinar skýrandi athugasemdir, er því fylgja.

Það vill einmitt svo til, að í athugasemdunum koma fyrir ýms orðatiltæki, sem beinast að þinginu 1879, og með því að jeg er einn af þeim, sem þá sátu á þingi og þá hafði, ef til vill, nokkur áhrif á form og efni fjárlaganna, þá finn jeg mjer skylt, að fara nokkrum orðum um þetta frumvarp stjórnarinnar fyrir 1882 og 1883 og þær athugasemdir, sem því fylgja.

Jeg skal fyrst og fremst leyfa mjer að geta þess, að jeg hef ekki enn getað fengið boðskap hans hátignar konungsins, og vona jeg því, að hinn hæstvirti landshöfðingi lagfæri, ef mjer kann eitthvað að missegjast.

Ef mig minnir rjett, þá er svo að orði kveðið í konungsbrjefinu, að tekjur landsins hafi rýrnað eða muni rýrna við afnám lestagjaldsins, en þessu er ekki þannig varið. Tekjurnar á árunum 1880 og 1881 eru taldar 777,825 kr., og eru þá talin með gjöld af verzluninni eða lestagjaldið með hjer um bil 37,000 kr. En á þessu fjárlagafrumvarpi eru tekjurnar meiri en á hinu fyrra, sem sje hjer um bil 797,000 kr., þó að búið sje að af nema lestagjaldið, því að aðflutningsgjald af áfengum drykkjum og tóbaki nemur nú, eins og ráð var fyrir gjört 1879, eins miklu eins og fyr meir bæði vintollurinn og lestagjaldið, sem sje 140,000 krónum á ári. Svo mikið um nákvæmnina hjá stjórninni. Jeg ætla ekki að fara út í hina einstöku liði frumvarpsins, en þó er vert að taka eptir því, að tekjurnar eru alstaðar orðnar meiri á frumvarpinu fyrir 1882—1883 nema vitagjaldið eitt og erfðafjárskatturinn. Tillagið úr ríkissjóðnum er og meira, þótt skipin sjeu stærri og ferðirnar fleiri, sökum þess að nú er ekki dregið frá hið afnumda lestagjald af póstgufuskipunum. En samt sem áður, þá hefur þessu frumvarpi tekizt að vinna svo upp tekjurnar, að afgangurinn verður einungis hjer um bil 15,000 kr. Það hefði því, ef til vill, verið rjettara að kenna það, hversu afgangurinn af tekjum fram yfir útgjöld nú er lítill, því, hve hátt gjöldin eru reiknuð fram yfir það, sem áður hefur verið, en ekki því, að lestagjaldið er afnumið. Sjer í lagi hefði það átt vel við í hinum allrahæsta boðskap konungs. Afgangarnir hafa hingað til ávallt verið milli 40000 og 114000 kr. á hverju fjárhagstímabili; nú er hann orðinn 15000 kr. Jeg skal að þessu sinni eigi fara lengra út í þetta mál, enda er eigi samkvæmt þingsköpunum leyfilegt, að ræða um hin einstöku atriði við fyrstu umræðu, en jeg skal þó leyfa mjer að taka það fram, og það því fremur, sem hjer eru margir nýjir þingmenn samankomnir, að rjettara mun að fylgja þeirri stefnu, að sem mest verði afgangs tekjunum. Jeg verð einnig að láta þá skoðun í ljósi, að það sje óhæfa að taka inn í fjárlagafrumvarpið þær athugasemdir, sem ekki eiga við, og jeg skil ekki, hvaða heimild stjórnin hefur til þess að áminna annan málspartinn, eða rjettara annan part löggjafarvaldsins, því með því að áminna þingið, þá sveigir hún um leið að hans hátign konunginum, er hefur undirskrifað fjárlögin. Forfeður vorir sögðu: «Ekki er að sakast um orðinn hlut», og skal jeg því vera fáorður um þetta atriði. En sem gamall þingmaður vil jeg ekki sitja þegjandi undir ávítum og ámælum, þar sem um dóma þingsins er að ræða, og það frá þeim, sem, eins og hin heiðraða stjórn, ekki eru kallaðir til að vera skólameistarar þingsins. Allt um það væri rjett að taka þessar áminningar til greina með sjálfum sjer, þó þær ekki komi frá þeim, sem köllun hefur til að áminna, ef áminningarnar annars eru á rökum byggðar.

Vil jeg því með fáum orðum leyfa mjer

að þræða athugasemdirnar. Þar stendur, bls. 19. og 20., að skilyrðið fyrir þessari fjárveitingu, að fastir embættismenn verði ekki settir í embættin, sje alveg óþarft. Hvað þessu við víkur, skal jeg leyfa mjer, að benda á það, sem viðgengst í öðrum löndum og þá einkum þar, sem næst liggur, nfl. í Danmörku sjálfri, og skal jeg ekki leita þar fyrir mjer, sem Danir kalla hina síðustu og vestu tíma, heldur hverfa til þeirra tíma, þegar Andræ var forseti fólksþingsins og Monrad formaður fjárlaganefndarinnar.

Í fjárlögum Dana fyrir árið 1851, bls. 24, stendur undir dómsmálastjórn, 150 rdl., fellur burt þegar embættið losnar, sömuleiðis á bls. 25. E. b. og á bls. 26. stendur, að 67 rbd. 80 sk. til aðstoðarprestsins í Kolding falli burt, þegar embættið losni. En fólksþingið hefur þó jafnvel tekið dýpra í árinni. Við fje það, sem veitt er til hermála, er gjörð sú athugasemd (bls. 37. tl. 3.), að laun yfirumsjónarmanns skotliðsins falli burt, ef embættið losni, og á öðrum stað (bls. 42. B. b.), að ekki megi setja nýjan fastan mann í það embætti, og loks að ein laun til hershöfðingja og aðstoðarmanns hans falli burt, þegar embættið losnar, og má margt fleira til nefna í þessu efni.

Þannig var ákveðið hjá Dönum á þeirra fyrstu fjárlögum, og svipaðar athugasemdir gjörði fjárlaganefndin 1879 um amtmannaembættin og landshöfðingjaritaraembættið. Það er reyndar hvergi tekið fram, að eigi megi brúka fjárupphæðina, heldur einungis hitt, að það sje eigi handa föstum embættismönnum. Jeg skal nú játa, að jeg 1879, fyrir mitt leyti, var því mótfallinn, að þessi athugasemd um amtmennina kæmi inn á fjárlögin, en nú, eptir að konungur engu að síður hefur staðfest þau, er öðru máli að gegna. Jeg hjelt þá, að athugasemdin kynni að verða til þess, að fjárlögin 1880 og 1881 næðu ekki staðfestingu konungs. En nú er athugasemdin helguð með staðfestingunni. Eins og nú hjá oss, eins voru Danir þá að koma jafnvægi á tekjur og útgjöld, og þá hafði stjórnin ekkert á móti því, gjörði engar athugasemdir, gaf engar kenningar eða áminningar. Hjer við bætist og það, sem stjórnin nú vill reisa skorður við hjá oss, að aptast í fjárlögum Dana eru ávallt allir fyrirvarar ítrekaðir, að því er sparnað snertir, og fjárlög Dana enda með þessum orðum: «Ákvarðanir þær á hinum fyrri fjárlögum um sparnað, þegar embætti losnar, og aðrir svipaðir fyrirvarar skulu og framvegis gilda fyrir næsta fjárhagstímabil».

Að öðru leyti skal jeg geta þess viðvíkjandi athugasemdinni við 16. gr. frumvarpsins, þá hefur hjá Dönum síðan 1856 ávallt verið veitt fje til málaferla stjórnarinnar (o: landsins); sbr. fjárlög Dana 1878 þar sem svo er sagt:

«Kostnaður við málaferli milli fjármálastjórnarinnar og annara 2000 kr.»

Vjer höfum og reynsluna fyrir oss í því, að landssjóðurinn getur komizt í málaferli, t. a. m. amtmaðurinn í suður- og vesturamtinu höfðaði mál á móti honum út af skrifstofufje sínu og læknirinn í Vestmannaeyjum sömuleiðis um embættislaun sín. Þessi dæmi eru nóg til að sýna það, að þetta getur fyrir komið. Jeg vil alls ekki hrósa því, að landssjóðurinn eigi í málaferlum, en með því svo getur að borið, að hann verði annaðhvort að verja mál sitt eða sækja það, þá vona jeg, að þingmenn taki þá stefnu, að veita fje til þess svo sem með þarf, og feli eigi landshöfðingja einum að taka það, þar sem honum lízt. Viðvíkjandi fje því, sem ætlað er til eflingar landbúnaði, þá er því hjá oss eigi beinlínis skipt niður milli búnaðarfjelaganna eins og hjá Dönum.

Má ske landshöfðinginn vildi, að fylgt væri sömu reglu og tíðkast í Danmörku, að ákveðið sje visst handa hverjum fyrir sig. Þar var árið 1878 veitt alls til búnaðar eitthvað 14000 kr., til verðlauna 20,000 kr., til skóga 12,000 kr. o. s. frv., en stjórnin sjálf hafði að eins umráð yfir einum 14,000 kr. af 295,000 kr., sem í allt eru veittar í þessu skyni. Að þessu sinni má jeg ekki fara lengra út í málefnið sjálft, og skal einungis að síðustu geta þess, að hjer á landi

kemur það sjer ekki vel, að heimtað sje með sjálfskyldu og þegið með vanþakklæti, og er því vonandi, að hin hæstvirta stjórn aldrei bjóði þinginu þess konar.

Landshöfðingi: Ef hin heiðraða deild ákveður, eins og venjulegt hefur verið á hinum undangengnu þingum, að setja nú þegar nefnd og fresta 1. umræðu, er ekki nein ástæða fyrir mig á þessu stigi málsins, að taka þátt í umræðunum, því að jeg álít óþarft að hafa 4 umræður um þetta frumvarp og um önnur lagafrumvörp, enda gjöra þingsköpin ekki ráð fyrir fleirum en 3 umræðum, en samt sem áður skal jeg leyfa mjer að svara hinum heiðraða þingmanni Borgfirðinga. Þar sem hann hefur álitið sjer skylt að halda vörn uppi fyrir afnám lestagjaldsins, virðist mjer þetta alveg óþarft, þar sem lögin um þetta hafa verið samþykkt af alþingi og staðfest af konunginum.

Hvað snertir ummæli þingmannsins um það, að athugasemdum þeim, er bætt hefur verið inn í fjárlögin, er sleppt í frumvarpi því, er hjer liggur fyrir, skal jeg geta þess, að í athugasemdunum við 9. gr. C. 4 (bls. 24) er ljóslega tekið fram, hví slíkar athugasemdir megi álíta alveg óþarfar, og viðvíkjandi fyrirvara þeim, um amtmanna embættin, sem sleppt hefur verið í þessu frumvarpi 9. gr. A. 1, mun nægja, sumpart að vísa til athugasemdanna á bls. 19—20, sumpart að minnast þess, að hinn heiðraði þingmaður Borgfirðinga á alþingi í hitt eð fyrra var alveg á þeirri skoðun, sem stjórnin nú ljóslega hefur tekið fram á hinum tilvitnaða stað.

Hinn heiðraði þingmaður færði til dæmi frá ríkisdeginum í Danmörku, og skal jeg síðar svara því, ef nauðsynlegt þykir, þegar jeg er búinn að fara yfir ríkisdagstíðindin. Að því er snertir athugasemdirnar við 16. gr. um, að það virðist eigi eiga alls kostar vel við, að gjöra ráð fyrir sem sjálfsögðu, að landssjóðurinn verði að eiga í málaferlum, skal jeg geta þess, að einmitt þessi orð hafa verið viðhöfð um þetta atriði í báðum deildum alþingis í hitt eð fyrra.

Arnljótur Ólafsson stakk upp á því, að fyrstu umræðu væri frestað, þangað til nefnd væri kosin í málið, og skaut forseti því undir atkvæði deildarinnar; var það samþykkt í einu hljóði, að fresta fyrstu umræðu og kjósa nefnd í málið. Því næst var stungið upp á 7 manna nefnd, og hlutu kosningu með flestum atkvæðum þessir:

1. Tryggvi Gunnarsson 19 atkvæði
2. Magnús Andrjesson 18 —
3. Arnljótur Ólafsson 17 —
4. Þórarinn Böðvarsson 16 —
5. Jón Ólafsson 14 —
6. Benedikt Sveinsson 12 —

Þá höfðu þeir Grímur Thomsen og Þorsteinn Thorsteinson jöfn atkvæði, 10 hvor; var þá varpað hlutkesti um, hvor þeirra skyldi fá sæti í nefndinni, samkvæmt 38. grein þingskapanna, og sagði svo hlutur til, að það yrði

7. Þorsteinn Thorsteinson.

Síðan var fyrstu umræðu frestað.

Í nefndinni var Tryggvi Gunnarsson kosinn formaður og Arnljótur Ólafsson skrifari og framsögumaður.

FRAMHALD FYRSTU UMRÆÐU Í NEÐRI DEILD,

á 36. fundi deildarinnar, 6. ágúst.

Nefndarálit: I. bls. 332—353.

Framsögumaður (Arnljótur Ólafsson): Á þessu stigi málsins skal jeg að eins leyfa mjer að gjöra nokkrar almennar athugasemdir eða skýringar á meðferð nefndarinnar á máli þessu. Hún hefur nú, eins og að undanförnu, lagt fram frumvarp sitt samhliða frumvarpi stjórnarinnar, þannig að þær greinar, sem eru samhljóða greinum stjórnarfrumvarpsins, hafa ekkert merki, en þær greinar, sem einhver breyting hefur verið á gjörð, eru merktar með einni eða tveimur stjörnum; með einni stjörnu, þar sem eru eintómar orðabreytingar, en tveimur, þar sem eru efnisbreytingar, eða tölubreytingar, því það er efnisbreyting. Hvað niðurröðun efnisins snertir, skal jeg leyfa mjer að geta þess, að nefndin áleit sjer skylt, að aðgreina sem

mest hin sönnu gjöld frá hinum sönnu tekjum; þó hefur hún gjört þann mismun, að þegar tekjurnar koma eigi fyr en að frádregnum kostnaði inn í landssjóðinn, eins og á sjer stað í 2. gr. undir tölulið 11 um aðflutningsgjaldið, og afgjald af umboðsjörðum í 3. gr. 1. tölul., þá hefur nefndin látið sjer nægja að setja kostnaðinn innanstryks, en flytja afgangstekjurnar út fyrir strykið. En aptur á móti þegar tekjurnar koma afdráttarlaust inn í landssjóð, svo sem er í 6. gr. frumvarpsins, áleit nefndin sjer skylt að færa þær alveg út sem fullkomnar tekjur, en aptur í gjaldabálkinum að tilfæra þau gjöld, sem samfara eru tekjum þessum, eða liggja á tekjum þessum. Nefndin hefur gjört sjer meira far um, en að undanförnu hefur verið, að leiðbeina breytingum sínum með nákvæmari og fyllri skýringum, og áleit sjer einnig skylt að skýra fyrir þingmönnum, af hverjum ástæðum breytingarnar væru gjörðar, til þess að þingmenn gætu dæmt um þetta mál með ljósari þekkingu og greind, og svo umræðurnar gætu orðið styttri. Jeg skal leyfa mjer að taka eitt sjerstaklega fram: nefndin áleit sjer skylt að gjöra fullan greinarmun á þeim gjöldum, sem eru lögákveðin samkv. 25. gr. stjórnarskrárinnar, og þeim sem eru komin undir veitingarvaldi þingsins einu saman, það er að skilja, er þingið veitir fyrir lög fram. Nefndinni var það ljóst, að 25. gr. stjórnarskrárinnar takmarkar fjárveitingarrjett vorn meira en grundvallarlög Dana gjöra hjá þeim, og fyrir því áleit hún nauðsynlegt að skýra þessa spurningu, og svara henni: Hver eru hin lögboðnu útgjöld? eða hver eru þau gjöld, sem eru grundvölluð á lögum, tilskipunum og öðrum gildum ákvörðunum eptir orðum 25. gr. í stjórnarskránni? Hver eru þau gjöld, sem veitt eru eptir vana, og hver eru þau, sem vjer viljum veita af því vjer erum sannfærðir um, að það verði landinu til heilla og nota? Þingmenn geta ekki vitað, hvort þessi eða þessi fjárveiting sje landinu til heilla og nota, eða þeir geta ekki sagt: þetta vil jeg veita til að koma á fót þessari stofnun, þetta vil jeg veita til að styðja þetta fyrirtæki, fyr en þeir vita greinilega, hvort það er skylda þeirra að veita það eða ekki, og eins hvert gagn það muni vinna þjóð vorri.

Að síðustu skal jeg leyfa mjer að geta þess, að af vangá er reikningsvilla í niðurlagi 7. gr., því að aðalupphæðin hefði átt að vera jöfn tekjuupphæðinni í 1. gr. laganna, og 18. gr. á að vera 40 kr. minni en hún er. Jeg skal og geta þess, að nefndin tók að sönnu eptir því í fylgiskjali stjórnarfrumvarpsins B. 36. á 37. bls., að sýslumannssonur Sigurður Thoroddsen var orðinn 18 ára gamall 16. júlí 1881, en mjer láðist að geta þess, þegar jeg skrifaði upp fjárlagafrumvarpið í athugasemdunum við 15. gr., en þetta gjörir út af fyrir sig ekkert til, enda veit jeg, að fleira þarf að leiðrjetta í þessari grein, og landsstjórnin muni taka það allt af sjálfri sjer nákvæmlega til greina.

Landshöfðingi: Þar sem frumvarpið til fjárlaga fyrir árin 1882—83 liggur hjer fyrir til fyrstu umræðu, og við hana eigi má ræða hinar einstöku greinir, heldur að eins frumvarpið í heild sinni, en athugasemdir þær, er jeg kynni að finna ástæðu til að gjöra við nefndarálitið, að mestu leyti snerta hinar einstöku greinir frumvarpsins, þá skal jeg á þetta stigi málsins að eins fara fáeinum orðum um uppástungur hinnar háttvirtu nefndar, að svo miklu leyti sem mjer virðast þær standa í sambandi við frumvarpið í heild sinni.

Að því er viðvíkur niðurstöðu þeirri, sem nefndarálitið kemst að: að afgang fjárhagstímabilsins skuli telja kr. 67,171 24
en eptir stjórnarfrumvarpinu er
ætlast á, að hann sje að eins kr. 15,679 24
mismunur kr. 51,492 00
skal jeg leyfa mjer að geta þess, að þetta að vísu kynni að sýnast mjög gleðileg breyting, en hún er að mestu leyti fólgin í því, að nefndin stingur upp á, að hækka tekjur landssjóðsins af spítalagjaldinu um 36,200 kr. og lækka í útgjaldabálknum upphæð þá, sem í stjórnarfrumvarpinu er áætluð til varnar

á móti sandfoki á jarðagózi landssjóðsins í Skaptafellssýslu, um 15,000 kr., og þetta gjörir samtals 51,200 kr. Að vísu breyta aðrar uppástungur hinnar háttvirtu nefndar einnig eigi allfáum öðrum tekju-og gjaldaliðum í frumvarpinu, en eins og sjá má af því, sem jeg þegar hef tekið fram, munu þær í heild sinni vega upp hverjar á móti öðrum. Niðurstaða hinnar háttvirtu nefndar er þannig í öllu verulegu hin sama sem stjórnarfrumvarpsins, að þessum tveimur atriðum undanskildum. Jeg skal við aðra umræðu ítarlega ræða þessi tvö atriði, en hjer að eins geta þess, að hækkunin á spítalagjaldinu að vísu hefur nokkuð við að styðjast, þar sem þessi tekjuliður í stjórnarfrumvarpinu hefur verið tiltekinn með hliðsjón af hinum undangangandi landsreikningum, án þess að taka tillit til þeirrar viðbótar, sem síldarveiðin árið sem leið kann að hafa gefið af sjer; en, eins og hinni heiðruðu nefnd er kunnugt, kemur spítalagjaldið frá aflaárinu 1880 fyrst til inntektar á þessu yfirstandandi ári, og jeg hef enn eigi fengið spítalareikningana, svo að jeg — sem stendur — eigi get dæmt um, hve mikið þetta gjald hafi aukizt fyrir sakir síldarveiðanna 1880, og stjórnin hefur þannig eigi getað tekið þetta til greina, er hún samdi frumvarpið.

Hin háttvirta nefnd stingur upp á, að taka upp aptur þá niðurröðun, er breytt var í hitt eð fyrra, með tilliti til útgjalda hinnar æðstu stjórnar innanlands, og fulltrúa stjórnarinnar á alþingi, og er jeg henni alveg samdóma í því. En mál þetta var svo ítarlega rætt á alþingi í hitt eð fyrra, að jeg get skírskotað til þess, er jeg þá tók fram, og jeg ætla eigi á þessu þingi að taka upp aptur umræðurnar um það, en láta það alveg á þingsins valdi, að skera úr þessu með atkvæðagreiðslu sinni, og að öðru leyti vísa til athugasemdanna við 6. gr. stjórnarfrumvarpsins, þar sem segir, að þó að stjórnin álíti, að það sje eðlilegast, að telja þessi útgjöld með útgjöldum á fjárlögunum, þá þykir henni þó litlu skipta, hvar þau eru færð til.

Loks hefur hin háttvirta nefnd bætt nýrri grein við frumvarpið, sem sje 20. gr. Um hana verð jeg að segja, að jeg álít hana óþarfa, og þetta á bæði við fyrri og síðari málslið hennar, því það er sjálfsagt, að fjárveitingar þær, er fjárlögin eiga inni að halda, gildi að eins fyrir fjárhagstímabilið, og hitt er eigi síður sjálfsagt, að stjórnin hafi fulla heimild til að viðhafa allan þann sparnað, sem getur staðizt með hinum gildandi lögum, og skyldu stjórnarinnar að sjá um framkvæmdir á þeim.

Jeg vil leyfa mjer að áskilja mjer breytingaratkvæði við 2. umræðu, við 3. gr. tölul. 2., sem sje að upphæðin 1184 kr. verði færð upp í 1198 kr. Þessi breyting nemur að vísu litlu, sem sje 14 kr., og er hún í því fólgin, að lóðargjald það, sem áskilið hefur verið af ýmsum byggingarlóðum á Arnarhólstúninu, verður að hækka um þessar 14 kr. En tilgangur þessarar breytingaruppástungu er sá, að bera undir samþykki alþingis þá ráðstöfun, sem jeg hef gjört með því að selja eigendum náhúalóðanna 10 álna breiða spildu af túninu. Jeg skal í þessu tilliti skýra hinni háttvirtu deild frá því, að þegar byggingarstæði handa alþingishúsinu fyrst var kosið í austurhluta túnsins, að viðbættum kálgörðum þeim, er heyra til húseigna þeirra, er jeg nýlega gat um, þá samdi jeg við eigendur þessara húseigna um það, að þeir ljetu í tje kálgarða sína gegn endurgjaldi í samsvarandi túnblettum. Eins og þingmönnum er kunnugt, var alþingisbúsið eigi byggt á þeim stað, og þegar semja átti við hlutaðeigendur um skaðabætur fyrir skemmdir þær, er lóðarblettir þeirra hefðu orðið fyrir, áleit jeg það kostnaðarminnst fyrir landssjóðinn, að veita þessar skaðabætur á hinni umgetnu 10 álna spildu, og kom okkur saman um þetta, þó með því skilyrði, að lóðargjald þeirra til landssjóðs undir eins skuli hækka með 2 kr. fyrir hvern um sig. Til þess nú að hafa suðurtakmörk túnsins í heinni stefnu, hef jeg einnig samið við eiganda hinnar þriðju byggingarlóðar með fram Bakarastígnum, um að auka þessa lóð á sama hátt með

hinni samsvarandi 10 álna spildu, og undir eins hækka lóðargjaldið til landssjóðs með 8—10 kr. á ári hverju. Þar sem kynni að vera vafi á því, hvort samþykki alþingis útheimtist til þessarar ráðstöfunar, sem að öðru leyti ekki hefur miðað til neins annars en að spara landssjóðnum útgjöld, þá vil jeg leyfa mjer að leita þessa samþykkis á þann hátt, sem jeg nú hef bent á. Einnig skal jeg leyfa mjer, að áskilja mjer breytingaruppástungur við 10. gr. 1. tölul. stjórnarfrumvarpsins: «laun lækna» í þá stefnu, að sú persónulega launaviðbót, er ræðir um í fylgiskjalinu við nefndarálitið undir 19. tölul., verði veitt þeim 5 hjeraðslæknum, sem þar ræðir um, og sem hafa sent bónarbrjef um það, en þessi viðbót er sem nú skal greina:

1. Fyrir lækninn í 4. læknisumdæmi

	1882	1883
(Hjört Jónsson)	454	454

2. Fyrir lækninn í 6. læknisd.

(Þorvald Jónsson)	224	224

3. Fyrir lækninn í 11. læknisd.

(Þorgr. Johnsen)	456	456

4. Fyrir lækninn í 15. læknisd.

(Fr. Zeuthen)	28	182,67

5. Fyrir lækninn í 20. læknisd.

(Þorstein Jónsson)	454	454
Samtals	1616	1770,67

Grímur Thomsen: Jeg ímynda mjer, að hið helzta, sem hjer komi til umræðu, sje að glöggva sig á frumvarpinu í heild sinni og undirbúa breytingar á því til 2. umræðu. Jeg vil þá leyfa mjer að taka fram nokkur atriði, sem jeg einkum álít að þurfi breytingar við, og hefur ræða landshöfðingja að nokkru leyti gefið mjer tilefni til þess.

Það sýnist jafnan áríðandi við tekjuliði, að tekjurnar sjeu eigi of hátt settar, og að þar sje eigi annað tilfært, en það sem maður veit að muni koma til inntektar, því annars kemur sá annmarki, að afgangurinn verður enginn eða kannske minni en enginn, og þá verður afleiðingin sú, að taka verður mismuninn af innstæðu landssjóðsins. Bæði hjá stjórninni og hjá nefndinni er 1. tölul. í 2. gr. of hátt talinn, því eptir jafnmikinn harðinda-vetur og grasleysis-sumar, sem í ár, er ómögulegt að lausafjárskatturinn nemi jafnmiklu sem seinastliðið ár. Það er engum vafa undirorpið, að lausafje hlýtur að minnka — jeg vil segja jafnvel allt að einum þriðja hluta. — Þá kem jeg til spítalagjaldsins. Stjórninni befur orðið á að telja spítalagjaldið með sömu upphæð bæði árin, en það er eigi rjett að telja spítalagjaldið nema annað árið, því síðara árið kemur í þess stað útflutningsgjaldið af fiski. Þessu hefur nefndin ekki heldur gjört ráð fyrir í frumvarpi sínu. Nefndin setur spítalagjaldið hvort árið á 25,000 kr., en sá reikningur nefndarinnar held jeg að sje hæpinn, einkum hvað síldarveiðarnar snertir. Í lögum frá 12. febr. 1872 um síldar- og upsaveiði með nót er eigi ákveðið neitt annað gjald af síld, en landhlutur. Fyrst árið 1880 var talað um spitalagjald af síld. Annað afgjald, sem er of hátt hjá stjórninni, nfl. af umboðs- og klausturjörðum, hefur nefndin eigi fært nóg niður eða að eins um 2,500 kr. Hvað viðvíkur formspurningunni í 6. grein um gjöld úr ríkissjóði til hinnar æðstu stjórnar landsins og fulltrúa stjórnarinnar á alþingi, þá sjá allir, að þau gjöld eiga fyrirfram að dragast frá, og það er spaugilegt, að þingið skuli vilja greiða atkvæði um upphæð, sem það ekkert á með að leyfa nje banna. Stjórninni verður aldrei neitað um yfirráðin yfir þessu, því hún tekur það undir sjálfri sjer.

Jeg vil áskilja mjer breytingaratkvæði við 2. umræðu til að lækka tekjuliðinn eptir því, sem jeg þá mun nákvæmar taka fram. Aptur hefur nefndin sumstaðar útgjaldamegin enganveginn verið svo mjög sparsöm, þannig hefur hún á einum stað veitt stjórninni meira, en hún bað um, til póststjórnarinnar. Í 10. gr. aptur hefur nefndin sparað 18000 kr., með því að nema í burtu stóra upphæð, sem stjórnin hafði gjört ráð fyrir. 20. grein frumvarpsins áleit landshöfðingi óþarfa; en hún á víst að skoðast sem svar upp á niðurlag 14. greinar stjórnarfrumvarpsins. Í sjálfu sjer hefur nefndin rjett, en hún hefur eigi gengið nógu langt, eigi sýnt nógu mikla

einurð. Athugasemdina um amtmennina úr fjárlögunum frá 1880—81 hefur nefndin hafið. Það væri óskandi, að nefndin hefði sýnt sömu einurð upp á við, sem hún hefir sýnt niður á við, þar sem hún dregur af launum 2 embættismanna.

Í stað 20 gr. hefði mátt bæta í grein á þá leið, að öllum fyrirvara með sparnað verði haldið fram eptirleiðis. Jeg skal geta þess að síðustu, að nefndin hefur að eins tekið eptir Sigurði Thoroddsen af þeim börnum dáinna embættismanna, sem konungur hefur veitt styrk, en sem nú eru vaxnir frá honum, en jeg veit 1 eða 2 aðra unga menn, sem eins eða líkt stendur á fyrir, en sem nefndin eigi hefur veitt eptirtekt. Jeg skal leyfa mjer að taka þetta nákvæmar fram við 2. umræðu.

Framsögumaður: Mjer finnst málið vera þegar farið að ræðast við 2. umræðu. En einungis af því, að það var hinn háttvirti þingmaður Borgfirðinga, sem talaði, og forseti tekur allt vel upp, lætur hver og einn sjer það lynda. Jeg skal því ekki svara nema fáum orðum.

Honum þótti tekjubálkarinn um 70,000 kr. of hár, og tilfærði einkum lausafjárskattinn og spítalagjaldið. Jeg ætla að leyfa mjer að svara því um ábúðar- og lausafjárskattinn, að nefndin hefur með athugasemdunum við hann bent á, að hann væri heldur hátt talinn, en vildi þó ekki færa hann niður, af því að landsstjórninni var innan handar að færa þessa upphæð niður eptir því sem henni þókti við eiga, og í öðru lagi var það ekki köllun nefndarinnar, þannig að gegnum ganga hvert atriði tekjanna. Viðvíkjandi spítalagjaldinu hefur nefndin sýnt með fullum rökum, að eptir því sem síldarveiði var í fyrra, kemur inn nú, að því er ætla má, enda talsvert hærri upphæð, en nefndin gjörir ráð fyrir. Landshöfðinginn og ráðgjafinn hafa gjört gangskör að því, að krafið verði spítalagjald af síldarveiði Norðmanna. Hvort einnig skuli gjörð gangskör að því, að heimta það að Norðmönnum fyrir umliðin ár, getur nefndin ekki átt við. En hvort gjald þetta er gjört of hátt, getur þingmaður Borgfirðinga fullvissað sig um af skýrslum Norðmanna. Þar er sumt, er nefndin hefur ekki tekið til greina. Hún tók verðlagsskrárnar, taldi ekki nema 50 aura í alin og lagði eptir því 25 aura á tunnuna. En er þingmaður Borgfirðinga talaði um veiðiaðferðina, þá vil jeg ráða honum til — áður en hann semur breytingaratkvæði sín — að kynna sjer það, sem ritað er í bókmenntafjelaginu um síldarveiði, og afla sjer skýringar hjá þeim þingmönnum, er þekkja betur til, t. a. m. 2. þingmanni Suður-Múlasýslu, er þekkir síldarveiði mæta vel.

Nefndin gjörir 70,000 tunna meðalafla, þar sem hann var 90 til 100,000 tunnur í fyrra. Það var sjálfsagt allgott síldar-ár, en þau góðu ár geta einnig orðið fleiri. Og svo er annað, og það er, að þetta sumar stunda svo langt um fleiri menn síldarveiði en í fyrra. Mig furðar meir á því, er þingmaðurinn vildi færa niður 1. tölulið 3. greinar, vegna þess að formaður og framsögumaður fjárlaganefndarinnar á síðasta þingi, sem er eitthvað kunnugur þingmanni Borgfirðinga, keyrði þennan tölulið afar-hátt upp (Gr. Th.: «Það var þá rjett»). Nefndin hefur bent á tekjuleifarnar þá í byrjun fjártímabilsins, og hver hann var nú 1. janúar 1880, nfl. 7,286 kr. 38 a. Þótti henni því ekki ástæða til að færa þessa tekjugrein lengra niður; en við tökum breytingaratkvæðum hins háttvirta þingmanns, þegar þau koma. Jeg get ekki verið þingmanninum samdóma um niðurröðun 6. greinar. Hann áleit ólöglegt að hafa hana eins og nefndin gjörði. Þingmaðurinn getur þó eigi neitað, að tillagið úr ríkissjóði eru löglegar tekjur. Það ber þó að telja með tekjum það, sem eru lögskyldaðar tekjur. Tekjur þessar verða eigi að löglegri, þótt gjöldin til hinnar æðstu innlendu stjórnar o. s. frv. sjeu dregin frá, eins og gjört var á síðasta þingi. Jeg ímynda mjer þingmaðurinn hafi stungið upp á, að draga gjöld hinnar æðstu innlendu stjórnar frá 6. gr., af því honum hafi þótt það lögu-

legra en ekki löglegra, samkvæmt 25. gr. stjórnarskrárinnar. Skoðum þá 25. gr. stjórnarskrárinnar. Jú! þar stendur ekki frádráttur þingmannsins, heldur að greiða skuli fyrst og fremst, eða fyr en önnur gjöld, þessi tilteknu gjöld til hinnar æðstu innlendu stjórnar. Þetta er hið sama, sem nefndin segir. En hvað kemur svo í 2. málslið sömu greinar? Þar eru taldar margar fleiri gjaldagreinir, er eiga að standa óhaggaðar fyrir fjárveitingarvaldi þingsins. «Gjöld, sem ákveðin eru með eldri lögum o. s. frv. skulu, þangað til breyting verður á því gjörð með lögum, bæði í frumvörpum til fjárlaganna og þeim sjálfum færð til með þeim upphæðum, sem einu sinni voru ákveðnar, nema krafizt sje sjerstaklega viðbótar fyrir hið einstaka fjárhagstímabil eða hún veitt».

Þetta segir 25. gr. stjórnarskrárinnar. Allt svo eiga þessi gjöld einnig að standa óbreytt, þangað til frumvarp kemur frá stjórninni, og á því hefur líklega verið byggt á síðasta þingi, að veita ekki fulltrúa stjórnarinnar á alþingi þessar 2000 kr., af því upphæðin var ekki ákveðin með konungsúrskurði. Sá eini munur milli gjaldanna í 1. og 2. málslið 25. gr. stjórnarskrárinnar er sá, að konungur þarf eigi samþykki þingsins til að breyta fyrri málsliðnum.

Þess vegna ef engra breytinga er beðið frá þingi eða stjórn á launalögum embættismanna og öðrum útgjöldum, þá hefur þingið — eptir haus skoðun — engan rjett til að veita það eða greiða atkvæði um það. (*Gr. Th.*: «misskilningur»). Þingið hefur sama rjett til að greiða atkvæði um laun hinnar æðstu innlendu stjórnar á Íslandi og um öll öunur laun, eins og um hverja aðra launaupphæð. (*Gr. Th*: «fyrir fram, «forlods»). Þó hann komi með þetta «fyrir fram» og «forlods», þá er það ekkert annað en: fyr skal þetta gjalda en annað. Getur hann neitað því, að oss er heimilað þetta gjald í stöðulögunum og í stjórnarskránni sjálfri? Getur hann neitað, að það þurfi hjer í landi æðstu innlendu stjórn? Geti hann það ekki, getur hann þá neitað, að það þurfi að launa henni? (*H. Kr. Fr.*: «konungur ákveður»). Hann þarf ekki að leggja frumvarp fyrir þingið um það, það er sá eini munur, hann er enginn annar. Um póststjórnina skal jeg geta þess, að ástæðurnar fyrir þessari uppfærslu eru teknar fram í athugasemdunum við 12. gr., en þær hefur þingmaðurinn víst ekki lesið. Þess er þar getið, að landshöfðinginn hafi komið með uppástungu um þetta efni, og nefndin fallizt á hana, eins og hún var; og jeg skal bæta því við, að nefndin var hrædd um, að enn meiri upphæð þyrfti, en vildi ekki fara lengra, en landshöfðinginn bað um. Jeg veit ekki, hvort jeg fer villt í því eða eigi, en jeg hygg jafngilt, hvort stjórnin fer fram á eitthvað í frumvarpi sínu eða landshöfðingi seinna, þegar hann hefur athugað það.

Það gleður mig, að þingmaðurinn er mjer samdóma um 20. grein, og jeg er ekki á móti að orða hana öðru vísi eptir samkomulagi við hann. Jeg skal geta þess — það getur verið af hugleysi mínu — að jeg get ekki gjört mikið úr þessum fyrirvörum eða forskotum í fyrri fjárlögum. Þeir eru magrir og einungis feitir um landritarann og amtmennina. Nú er komið fram frumvarp um amtmennina, er þingmaðurinn fór um mörgum glæsilegum orðum og risti feiknstafi á síðasta þingi. Um landritarann hefur ekkert verið tekið upp, en það er vonandi, að þingmaðurinn gleymi honum ekki.

Jón Ólafsson: Jeg ætla að svara enn ítarlegar en framsögumaður gjörði athugasemdum þingmanns Borgfirðinga við 10. tölul. 2. gr. í frumvarpi nefndarinnar um spítalagjaldið. Jeg ætla að leyfa mjer að segja, að spítalagjald af fiski hafi að undanförnu verið um 7,000 kr. og af síld c. 25,000 kr., það er til samans 32,000 kr. í spítalagjald síðastliðið ár. Þess má reyndar geta, að í fyrra var án efa gott ár fyrir síldarveiði, og það er ekki von, að þau verði ávallt jafngóð. En setjum nú svo, að það verði ekki nema fjórði partur, sem hver veiðimaður aflar í ár mót því, sem var í fyrra, og er það rýrt í lagt, þá er aptur þess að gæta, að það eru fjórum sinnum

fleiri, sem stunda síldarafla í ár en í fyrra. Það mundi því óhætt að telja spítalagjaldið 32,000 kr., hvað þá heldur eins og við gjörðum 25,000 kr. (*Gr. Th.*: «En seinna árið?»). Það mun eins fara að vonum heldur hækkandi. Við höfum því farið varlega og talið það 7,000 kr. lægra, en það að líkindum nokkurn tíma kemur til að verða. Þingmaður Borgfirðinga byggir ðfugmæli sín á því, að 1883 verði ekkert spítalagjald heldur útflutningsgjald. En þegar nefndin samdi álit sitt, þá var ekkert útflutningsgjald til. Þau lög eru ekki enn komin í gegn um þingið, og auk þess er ekki vissa fyrir, að þau nái konungs staðfestingu, sakir breytinga þeirra, er þingið hefur gjört á frumvarpi stjórnarinnar, og þingmaður Borgfirðinga mun ekki, hversu spámannlega sem hann er vaxinn, geta sagt það fyrir. En þótt það væri alveg víst, að það frumvarp yrði að lögum, þá er það þó ekki lög enn, meðan vjer samþykkjum fjárlögin, og væri alveg óformlegt, að byggja á þeim lögum, sem ekki eru til. Hefði þingmaðurinn lesið 19. gr., þá mundi honum ljóst, að nefndin gjörði ráð fyrir staðfesting útflutningstolls-frumvarpsins; en við gátum ekki sett það nema sem fyrirvara, því við urðum að láta það ganga á undan, sem á að vera á undan. Auk þess, er jeg nú hef fært rök að því, að spítalagjaldið sje ekki of hátt áætlað af oss nefndarmönnum, þá skal jeg nú þar að auki bæta því við, að okkur er persónulega kunnugt um, að á Seyðisfirði hefur ekki verið innheimt spítalagjald í 8—10 ár, sem gjöra má ráð fyrir að landsstjórnin gjöri gangskör að að inn verði heimt og muni það því renna inn á fjárhagstímabilinu og þannig auka spítalagjaldsupphæð þá, er í landssjóð mun renna á fjárhagstímabilinu. Um amtmannaembættin er svo ástatt, að það eru gildandi lög enn fyrir upphæð launanna, og embættin eru sett með lögum og verður að breyta slíkri skipun með sjerstökum lögum; það er alveg óconstitutionelt að vilja þvinga fram með fjárlögunum breyting á slíku fyrirkomulagi. Og jeg skal jafnframt taka það fram, að það mundi óhyggilegt fyrir fámenna þjóð að vekja svo stritt og strembið constitutionelt spursmál eins og það, að fá þessu breytt. Það hafa sterkari þjóðir, sterkari þing, en þetta er, reynt að reisa þess leiðis spursmál, sem hjer var reynt til að vekja, með því að setja athugasemdir svona lagaðir inn í fjárlög, en reynslan varð sú á, að þau reistu sjer þar með hurðarás um öxl. Þegar Demókratar nýlega komust í meiri hluta á þinginu í Washington, því þingi, er kalla má hið sterkasta í heimi gagnvart stjórninni, þá settu þeir inn í fjárlögin ákvörðun um, að af skyldi taka embætti þeirra manna, er af hálfu umboðsstjórnarinnar skyldu gæta reglu við kosningar til þinga. Forsetinn sendi lögin þinginu aptur og neitaði þeim undirskript, og neyddist þingið til að taka út aptur athugasemd sína, og síðan hefur þingið sett lög um það, að aldrei megi setja inn í fjárlögin athugasemdir, fyrirvara eða ákvarðanir, er ákveði breytingar á gildandi lögum; þegar nú sterkasta þing í heimi hefur orðið að beygja sig í þessu máli og láta undan stjórninni, þá vil jeg spyrja: er það væntanlegt, að vort þing verði sterkara? Er það hyggilegt, og til að auka virðing þingsins, að vekja þá deilu við stjórnina, sem fyrirsjáanlegt er að við verðum að hafa ósigur í? Slíkt er ekki svo «diplomatiskt», sem jeg mundi ætlað hafa hinum háttvirta diplomatiska þingmanni Borgfirðinga. Þetta á eitthvað skylt við það, sem maður kallar að gefa selbita í vasa sínum.

Halldór Kr. Friðriksson: Mjer finnst reyndar, að hinir háttvirtu þingmenn hafi farið lengra út í hinar einstöku greinir en leyfilegt er við 1. umræðu; jeg skal því ekki tala margt að sinni, en að eins fara nokkrum orðum um málið í heild sinni. Menn verða vel að gá að því, hvernig ástandið er nú, og útlit er fyrir. Allir munu vera mjer samdóma um það, að þetta ár hefur þegar gjört oss allmikinn hnekki, og muni gjöra næsta ár; menn mega því ekki gjöra tekjurnar meiri, en nauðsyn krefur eða líkindi eru til að þær verði, þegar til innheimtunnar kemur. Tekjuliðurinn 1. í 2.

grein er allt of hár, því svo lítur út, sem skattur af lausafje muni verða talsvert minni en ráð fyrir er gjört; hinn háttvirti þingmaður Borgfirðinga gjörði ráð fyrir, að hann yrði þriðjungi minni; mjer þykir vjer þá sleppa vel, ef hann minnkar eigi meira. Það eru komnar bænaskrár um, að landssjóðurinn styrki menn sökum óáranar. Þingmenn verða að gæta þess, að ekkert útlit er fyrir, að landsmenn geti borið sömu gjöld næsta ár og nú Það er því full ástæða til að gjöra ráð fyrir talsvert minni tekjum, en nefndin hefur gjört Jeg get heldur ekki neitað því, að mjer virðist hin háttvirta nefnd hafa verið full ríf með tillög til alþýðuskóla og vísindalegra og verklegra fyrirtækja. (*Arnljótur Ólafsson*: prentun fyrirlestranna á prestaskólanum) Það er satt, en mjer fanst, að það mætti nægja — eins og hinn háttvirti þingmaður Eyfirðinga sagði í dag, að taka góðar prentaðar bækur og leggja til grundvallar fyrir kennslunni. Það er auðvitað, að það er mjög gott og æskilegt, að alþýðuskólar komist upp, en jeg verð þá að sjá einhverja ávexti hjá þessum skólum. Jeg játa, að það er gott að fá útlenda verkamenn til að standa fyrir verkum og kenna mönnum, en er tími til þess nú; má ekki fresta fjárveiting til þess konar til næsta þings og láta annað ganga fyrir, sem meira er áríðandi. Eins er um þá fjárupphæð, sem nefndin vill veita til að rannsaka landið; það kann að vera gott, en hvað á þá að rannsaka og til hvers? (*Jón Ólafsson*: »til þess að þingmaðurinn skrifi betri Íslands lýsingu næst«). Jeg verð að mótmæla því með öllu, að fje sje veitt svona út í bláinn, það væri öðru máli að gegna, ef ræða væri um, að veita fje til að rannsaka eitthvert sjerstakt atriði. En það get jeg eigi fallizt á, að auka útgjöldin svona að nauðsynjalausu, eins og nú er ástatt. Jeg væri manna fúsastur til þess að styðja vísindaleg og verkleg fyrirtæki, ef það væri á rjettum tíma, en nú sem stendur er jeg á móti því, fremur en nauðsyn ber til. Jeg vil aptur taka til um skólana, jeg vil fyrst sjá, hvaða verk þeir vinna og láta þá gjöra grein fyrir, hvernig þeir verja sínu fje; jeg vil taka til dæmis skólann í Flensborg, sem nefndin vill veita 1000 kr.; jeg hef ekki sjeð neinar skýrslur frá honum, og það verð jeg að sjá, áður en jeg gef atkvæði mitt fyrir svo miklu fjárframlagi. Jeg er ekki samdóma hinni háttvirtu nefnd um 6. gr., að löggjafarvaldið í heild sinni ákveði laun hinnar æðstu innlendu stjórnar samkvæmt 25. gr. stjórnarskrárinnar. Það er öldungis tilgangslaust að láta slíkt koma undir atkvæði þingsins. Konungur veitir þau laun, og það samkvæmt lögum, hvað sem svo þingið segir. Annars er ýmislegt fleira, sem jeg hef að athuga við frumvarp nefndarinnar, og skal jeg áskilja mjer að koma með breytingaratkvæði til næstu umræðu.

Framsögumaður: Jeg finn ekki ástæðu til að svara hinum háttvirta þingmanni Reykvíkinga að sinni, en ætla að bíða, þangað til hin viturlegu breytingaratkvæði hans eru komin fram.

Eiríkur Kúld: Jeg er samdóma hinum háttvirta þingmanni Borgfirðinga um það, að það er varasamt að setja tekjukaflann eins hátt, og nefndin hefur gjört, því það er öldungis víst, að lausafjárskatturinn hlýtur að rýrna, jafnvel meira en þriðjung. Jeg skil ekki, hvers vegna hinn háttvirti 2. þingmaður Suður-Múlasýslu er svo sannfærður um upphæð spítalagjaldsins. Jeg verð að ímynda mjer, að allt spítalagjald verði horfið 1883 (*B. Sv.*: hvers vegna?). Af því að jeg hygg, að útflutningsgjaldið verði þá komið á, en spítalagjaldið afnumið (*A. Ó.*: eru það ekki tekjur?). Jú en það er ekki spítalagjald. Einn háttvirtur þingmaður tók það mjög óstinnt upp fyrir hinum háttvirta þingmanni Borgfirðinga, að hann benti nefndinni á, að hún hefði fellt úr í athugasemdunum skilyrði þau, sem voru í hitt eð fyrra viðvíkjandi landritaraembættinu og amtmannaembættunum; jeg get ekki sjeð betur, en að þingmaður Borgfirðinga hefði rjett að mæla í því tilliti, og að það sje engin áhætta að taka fram bendingar í

fjárlögum. Jeg hef sjeð í fjárlögum Dana, að það er algengt, að nákvæmlega er tiltekið um margar útgjaldagreinir, til hvers þeim skuli verja, og undir hvaða skilyrðum þeim skuli verja; það er því engin ókurteysi nú að fylgja þeirri reglu, þar sem það heldur ekki 1879 var því til fyrirstöðu, að konungur staðfesti lögin.

Jeg skal bæta því við um spítalagjaldið, að ef innheimta þess er svo örðug, og ef svo mikill vafi er á, hvort rjett er eða löglegt að heimta spitalagjald af síld, þá er það óhyggilegt að byggja svo mikið á því; enda munu Norðmenn varla vera fúsir að greiða þessar 8—10 ára eptirstöðvar af spítalagjaldi af síld, ef ekki eru bein lög fyrir því, en það gæti rýrt tekjur landssjóðsins, ef það ætti að sækja það með lögsókn. Jeg er öldungis sannfærður um, að það er rjettur skilningur á 25. gr. stjórnarskrárinnar, sem hinn háttvirti þingmaður Reykvíkinga lagði í hana, af því að í henni stendur, að greiða skuli fyrirfram útgjöldin til hinnar æðstu innlendu stjórnar Íslands, og geta þau þess vegna alls ekki komið undir atkvæði þingsins, úr því þau eru dregin frá fyrir fram, eptir úrskurði.

Jón Ólafsson: Þegar jeg heyrði hina snjöllu og skarpvitru ræðu hins háttvirta þingmanns Barðstrendinga, minntist jeg þess, að mjer gleymdist áðan að geta þess, að jeg hygg, að efi hins háttvirta þingmanns Borgfirðinga um það, hvort spítalagjald skuli greiða af síld, sje sprottinn af ókunnugleika. Hann ímyndar sjer, að síldin muni veidd í nótum og dregin á land í þeim; en hún er veidd á opnum bátum, og er ekki ein einasta síld dregin með netum á land, því fyrst og fremst yrði það of þungt að draga slíka mergð á land, og í annan stað hlyti síldin að merjast og skemmast stórum við það, hún er svo gjörð, að hún þolir enga kröm. Hún er þar á móti kviuð af með nótum og síðan ausin með háfum upp í bátana. Að öðru leyti eru menn neyddir til að leggja síldina á land, þar sem mergðin er svo mikil, og þótt menn kynnu að flytja síldina undir eins á bátunum út í skip sín, — sem miklu sjaldnar mun fyrir koma — þá verður það þó að eins lítill hluti; og sá hluti ætla jeg líka að sje vafalaust spítalagjaldsskyldur, samkvæmt skýringu hins hæstvirta landshöfðingja, sem jeg verð alveg að vera samdóma; en mestan partinn neyðast menn ævinnlega til að flytja í land til að salta hana þar og verka, ef nokkuð er af henni til muna, og mest ef ekki öll sú síld, sem enn er óborgað af spítalagjald fyrir 8—10 ár á Seyðisfirði, má jeg fullyrða að hefur verið lögð á land. Hvað afnámi amtmannaembættanna viðvíkur, þá held jeg hinum háttvirta þingmanni Borgfirðinga sje ekki eins annt um afnám þeirra embætta sem hann lætur, því þegar frumvarpið um afnám þeirra var hjer á ferðinni um daginn, mundi hann hafa skrifað undir það, ef honum hefði verið annt um málið, en þá vildi hann ekkert hafa með það að gjöra. (*Gr. Th.:* það var ekki meiningin hjá mjer að afnema þau, en halda þeim óveittum). Það er þó ekki meiningin að halda þeim til eilífðar þannig, að constítuera menn i embættin; ef nokkur alvara fylgir athugasemdinni, þá hlýtur það að vera tilgangurinn, að leggja embættin niður sem fyrst. Ef hinn háttvirti þingmaður Borgfirðinga hefði lesið athugasemdir stjórnarfrumvarpsins bls. 19—20, þá hygg jeg, að hann hefði komizt að þeirri niðurstöðu, að varasamt væri fyrir þingið að samþykkja frumvarpið með þessum fyrirvara; það er eins og jeg sagði áður, ekki svo diplomatiskt, eins og menn skyldu ætla af þingmanni Borgfirðinga, að vilja hefja deilur við stjórnina, þar sem fyrirsjáanlegt er, að þingið mundi bíða pólitiskt niðurlag; og afleiðing athugasemdanna yrði vafalaust sú, að fjárlögunum yrði synjað staðfestingar, og við fengjum «provisorisk» fjárlög, og þá væri vel að verið. Það yrði þung ábyrgð fyrir hvern þann, sem verður valdur að því, að vekja upp slíkan draug.

Með því ekki tóku fleiri til máls, ljet forseti ganga til atkvæða og var samþykkt í einu hljóði, að málið gengi til annarar umræðu.

ÖNNUR UMRÆÐA Í NEÐRI DEILD,
á 39., 40., 41. og 42. fundi, 10. og 11. ágúst.

Breytingartillögur
við frumvarpið, eins og það kom frá stjórninni.

Tekjur:

Við 1. gr.

Í staðinn fyrir 796,985 kr. komi: 856,958 kr. (N).*

Við 2. gr.

Í staðinn fyrir 490,680 kr. komi: 526,880 kr. (N).

Við 1. tölulið. Í staðinn fyrir 50,000 — 50,000 — 100,000
komi: 45,000 — 38,000 — 83,000 (G—Ó).

Við sama tölul. Í staðinn fyrir 50,000 — 50,000 — 100,000
komi: 48,000 — 38,000 — 86,000 (L—Þ).

Við 2. tölulið. Í staðinn fyrir 1,500 — 1,500 — 3,000
komi: 2,000 — 2,000 — 4,000 (N).

Við 3. tölulið. Í staðinn fyrir 14,000 — 14,000 — 28,000
komi: 14,700 — 14,700 — 29,400 (G—Ó).

Við 4. tölulið. Í staðinn fyrir 14,000 — 14,000 — 28,000
komi: 13,000 — 13,000 — 26,000 (G—Ó).

Við 10. tölulið Í staðinn fyrir 7,400 — 7,400 — 14,800
komi: 25,000 — 25,000 — 50,000 (N).

Við 11. tölulið. Í staðinn fyrir orðin innanstryks: «Aðflutningsgjald — innheimtulaun»
komi: «Aðflutningstollur af áfengum drykkjum og af tóbaki, að frádregnum 2% í innheimtulaun (= 2800 kr.)» (N).

Við 12. tölulið. Í staðinn fyrir 10,000 — 10,000 — 20,000
komi: 9,000 — 9,000 — 18,000 (G—Ó).

Við 13. tölulið. Í staðinn fyrir 1,000 — 1,000 — 2,000
komi: 2,000 — 2,000 — 4,000 (G—Ó).

Við 3. gr.

Í staðinn fyrir 71,578 kr. komi: «68,578 kr.» (N).

Við 1. tölulið. Í staðinn fyrir orðin innanstryks: «Afgjöld af — prestsmötu o. fl.» komi:
«Afgjöld af umboðs- og klausturjörðum alls 40,000 kr.
þar frá umboðslaun, prestsmata o. fl. . . . 9,500 —
og að upphæðin utanstryks verði samkvæmt þessu:
30,500 — 30,500 — 61,000 (N).

Við sama tölulið. Innanstryks komi: «39,500 — 9500»
og út fyrir strykið 30,000 — 30,000 — 60,000 (G—Ó).

Við 2. tölulið. Í staðinn fyrir orðin innanstryks: «afgjöld af öðrum jörðum landssjóðsins»
komi: «afgjald af spítalajörðum o. fl.» (N.).

---

* N merkir breytingartillögur fjárlaganefndarinnar.
G-Ó — —— Gríms Thomsens, Eiríks Kúlds, Þorláks Guðmundssonar og Ólafs Pálssonar.
L-Þ — —— Lárusar Blöndals, Eiríks Briems, Guðmundar Einarssonar, Halldórs Friðrikssonar og Þorvarðar Kjerulfs.
L — —— Landshöfðingja.

Við sama tölulið. Í staðinn fyrir: «1184 — 1184 — 2368»
komi: «1198 — 1198 — 2396». (L.).

Við 3. tölulið. Í staðinn fyrir orðin innanstryks: «Leigugjöld — Þingeyjarsýslu 1800»
komi: «Leigugjöld af Lundey og brennisteinsnámunum í Þingeyjarsýslu». (N.).

Við 4. tölulið. Í staðinn fyrir: «600 — 600 — 1200»
komi: «1000 — 1000 — 2000». (G—Ó).

Við 4. grein.

Við 1. tölulið. Í staðinn fyrir orðin innanstryks: «Leigur af innstæðufje viðlagasjóðsins»
komi: «Vextir af arðfje viðlagasjóðsins. (N.)

Við 5. grein.

Við 1. tölulið. Í staðinn fyrir orðin innanstryks: «Það sem — — 1880»
komi: «Tillag frá brauðum samkvæmt lögum 27. febr. 1880». (N.).

Við 3. tölulið. Í staðinn fyrir orðin innanstryks: «Endurborganir á öðrum fyrirframgreiðslum» komi: «Endurgjald á bráðabyrgðagreiðslum».

Við 6. gr.

Í staðinn fyrir 6. grein stjórnarfrumvarpsins komi svo látandi grein:

Tillag úr ríkissjóðnum verður talið 191.000 kr.

	1882 kr.	1883 kr.	alls kr.	
Fast tillag	60,000	60,000	120,000	
Aukatillag	36,500	34,500	71,000	
Samtals	96,500	94,500	191,000	(N).

Útgjöld:

7. gr.

I staðinn fyrir: «796,958 kr.» komi: «789,786 kr 86 a.».
og fyrir: «8.—17. gr.» komi: «8.—18. gr.» (N).*

8. gr. (ný grein):

«Gjöld til hinnar æðstu stjórnar innanlands og fulltrúa stjórnarinnar á alþingi eru talin fyrir árið 1882 . . . . . 12,400 kr.
og árið 1883 . . . . . 14,400 —
26,800 kr.

Greinatalan á eptir breytist samkvæmt þessu». (N).

Seinni liður 8. greinar (sem nú verður 9. grein) orðist þannig: «Til kostnaðar við yfirskoðun landsreikninganna veitast 1400 kr.; samtals 33,400 kr.». (N).

9. grein (10. gr. nefndarinnar).

Í staðinn fyrir «343,292 kr. 38 a» komi: «338,440, kr. 38. a.»

---

* L. merkir breytingartillögu landshöfðingja.
N. — —— fjárlaganefndarinnar.
G-Þ — —— Gríms Thomsens, Halldórs Friðrikssonar, Eiríks Kúlds, Þorláks Guðmundssonar.
L-E — —— Lárusar Blöndals, Guðmundar Einarssonar, Halldórs Friðriksonar, Þorvarðar Kjerúlfs, Eiríks Briems.
H-Þ — —— Halldórs Friðrikssonar, Þorvarðar Kjerulfs, Þórðar Magnússonar.
M-Þ — —— Magnúsar Andrjessonar og Þorláks Guðmundssonar.

A. Við 3. tölulið. Í staðinn fyrir: «3000 — 3000» komi: «2000 — 2000» (G.—Þ.)
— sama tölulið. Í staðinn fyrir: «3000 — 3000»
komi: «2500 — 2500» (N).
B. 3. Í staðinn fyrir: «4130 — 4130» komi: «3000 — 3000» (G.—Þ.)
Í staðinn fyrir: «4130 — 4130» komi: «4000 — 4000» (N.).
Við 4. tölulið. Í staðinn fyrir «3200 — 3200» komi: «2340 — 2340» (G —Þ.).
C. 1. Í staðinn fyrir: «1450 — 1450»
komi: «1654 — 1654» (N.).
C. 3. Í staðinn fyrir: «950 — 950» komi: «1100 — 1100» (L.).
C. 4. a. Í staðinn fyrir: «10000 —10000» komi: «15000 — 15000» (N.).
b Viðauki innanstryks: «Landshöfðingi úthlutar fjenu milli sýslunefndanna, öðrum helmingi þess eptir fólksfjölda, en hinum eptir jarða- og lausafjárhundraðatölu í sýslufjelagi hverju» (N.).
C. 5. Við orðin: «Til vegabóta á fjallvegum» bætist: einkanlega þóstvegum». (N).
C. 3. Í stað orðanna: «Til vegabóta á fjállvegum» komi innanstryks:
«Til vegabóta:
a. Til að bæta fjallvegi, einkanlega póstvegi 14000 — 14000.
b. Til að styrkja að helmingi sýsluvegasjóði, til að bæta sýsluvegi á aðalpóstleiðum 6000 — 6000» (L.—E.).
C. 7. Í staðinn fyrir: «3100 — 3100» komi: «3000 — 3000» (G—Þ).
C. Nýr liður (sem verður 8. liður hjá nefndinni): «Til vörðuvita 500 — 500». (N.).
C. 10. (Nefndarinnar 11. liður). «Til burtveitingar Hafursár í Mýrdal 2500» (utanstryks) (N.).
10. grein. (11. gr. nefndarinnar).
1. tölul. Í staðinn fyrir: «37,726 — 37,726 — 75,452»
komi: «39,342 — 39,496 kr. 67 a.
Samtals: 78,838 kr. 67 a.» (L.).
11. grein (12. gr. nefndariunar)
Í staðinn fyrir: «35100» komi: «36200». (N.).
1. tölul. Í staðinn fyrir: «4550 — 4550 — 9,100».
komi: «5050 — 5050 — 10,100». (N.).
Sami tölul. Í staðinn fyrir: «4550 — 4550 — 9,100».
komi: «4310 — 4310 — 8620». (G.—Þ.).
2. tölul. Í staðinn fyrir: «11000 — 11000 — 22,000».
komi: «13000 — 13000 — 26,000», og innanstryks bætist við orðin: «Af því 2000 kr. hvort árið til póstflutninga með gufubáti milli Reykjavíkur og Akraness» (G.—Þ.).
3. tölul. Í staðinn fyrir: «2000 — 2000 — 4000»
komi: «2050 — 2050 — 4100» (N).
Við sama tölulið. Í staðinn fyrir: «2000 — 2000 — 4000»
komi: «1750 — 1750 — 3500» (G—Þ).
12. gr. (13. grein nefndarinnar).
Í staðinn fyrir: «215,138 kr. 38. a.» komi: «197,038 kr. 38 a.» (N).
A. a. Í staðinn fyrir: «8432 — 8432 — 16,864»
komi: «8032 — 8032 — 16,064» (N).
A. b. 1. Í staðinn fyrir: «5500 — 6000» — komi: «4500 — 5000» (G.—Þ).
A. b. 2. Fyrir: «4500 — 4000» — komi: «3500 — 3000» (G.—Þ).

A. b. 5. Fyrir: «2500 — 2500» komi: «2000 — 2000». (G.—Þ).
B. I. a. Fyrir: «10,316 — 10,316» komi: «9,916 — (N).
B. I. b. 1. Fyrir: «960 — 1200» (innanstryks) komi: «800 — 1120». (N)
Sami liður. Fyrir: «960 — 1200» komi: «960 — 960». (G.—Þ.).
B. I. b. 2. Fyrir: «600 — 600» komi: «400 — 400». (N).
— - - - Fyrir: «600 — 600» komi: «200 — 200». (G.—Þ).
B. I. b. 7. Fyrir: «200 — 200» komi: «150 — 150». (N).
— - - - Fyrir: «200 — 200» komi: «100 — 100». (G.—Þ).
B. II. b. 1. Í staðinn fyrir: 3 ölmusur, 200 kr. hver — 600»
komi: «1 ölmusa — 200 kr.» (N).
B. II. b. 5. Í staðinn fyrir: «húsaleiga handa 3 lærisveinum 240 kr.»
komi: «húsaleiga handa 2 lærisveinum 160 kr. (N).
B. III. b. Í staðinn fyrir: «handa fimleikakennara 700 kr.»
komi: «handa fimleikakennara 600 kr.» (N).
B. III. b. Í staðinn fyrir: «handa dyraverði 900 kr.»
komi: «handa dyraverði 800 kr.» (N).
Í staðinn fyrir: «handa dyraverði 900 kr.»
komi: «handa dyraverði 700 kr.» (G.—Þ.).
B. III. c. 2. Í staðinn fyrir: «1500» komi: «1200» (G—Þ).
B. III. c. 5. Í staðinn fyrir: «9000» komi: «8000» (N).
B. III. c. 7. Í staðinn fyrir: «1500» komi: «1200» (G—Þ og L—E).
B. IV. b. 1. Í staðinn fyrir: «400» komi: «600» (N).
B. IV. b. 3. Í staðinn fyrir: «400» komi: «300» (N og G—Þ).
B. V. a. 1. og 2. tölul. falli burt (N og G—Þ).
B. V. b. Í staðinn fyrir: «3000» — 3000» komi: allt að «2000 — 2000» (G—Þ).
B. V. c. Í staðinn fyrir: «Til barnaskóla og alþýðuskóla til sveita 4500 — 4500»
komi: «Til barnaskóla 1200 — 600.
Til alþýðuskóla 3000 — 3500,
þannig, að styrkurinn úr landssjóði til hvers alþýðuskóla nemi eigi meiru en helmingi alls kostnaðar til skólans.» (L—E).
B. V. c. (nefndarinnar b. c.). Í staðinn fyrir staflið c. í stjórnarfrumvarpinu komi tveir liðir þannig:
«b. til barnaskóla 1200 — 600
c. — alþýðuskóla 4500 — 4500» (N).
B. V. c. Orðin innanstryks: «til sveita» falli burt, og bætist við: «Með því skilyrði, að hlutaðeigandi bæir og sveitastjórnir leggi helming fjár móts við tillagið.» (G—Þ).
C. 1. Í staðinn fyrir orðin: «til stiptsbókasafnsins» komi: «til landsbókasafnsins» (N).
C. 2. Liðurinn falli burtu. (N).
C. 3. Í staðinn fyrir: «2000 — 2000» komi: «500 — 500» (N).
—— Í staðinn fyrir: «2000 — 2000» komi: «1500 — 1500» og við orðin innanstryks: «Til bókmenntafjelagsins» bætist: «deildarinnar á Íslandi» (G—Þ).
—— Í staðinn fyrir: «Til bókmenntafjelagsins 2000 — 2000» komi: «1000 — 1000» (L-E).
C. 4. (nefndarinnar C. 3.). Liðurinn orðist þannig:
Til forngripasafnsins:
a. til forngripakaupa 400 (innanstryks).
b. til umsjónar 200
c. til rannsókna fornmenja 800 1400 — 1400 (N).

C. 5. Liðurinn falli burt (N og G—Þ).

13. grein (14. gr. nefndarinnar).

Orðabreyting.

a. Á milli 13. og 14. greinar stjórnarfrumvarpsins komi ný grein þannig hljóðandi:
»Til lána handa ábúendum á þjóðeignum til jarðabóta gegn 6% árlega í 28 ár í leigur og endurborgun af skuldinni 10,000 kr.» (H—Þ).

b. Á milli 13. og 14. greinar komi ný grein svo látandi:
»Af viðlagasjóði veitast að láni allt að 100,000 kr. til að stofna allt að 4 búnaðarskóla, sem endurborgist með 6% í 28 ár» (H—E).

14. grein (15. gr. nefndarinnar).

Orðabreyting.

15. grein (16. gr. nefndarinnar).

a. Í staðinn fyrir: 8000 komi: 12000 (N).

b. Í staðinn fyrir: 8000 komi: 12000, og aptur við greinina bætist: »Þar af 2000 kr. banda útlendum dýralækni, til að rannsaka eðli og orsakir fjársjúkdóma á landinu, sjer í lagi bráðafársins (M—Þ).

c. Í staðinn fyrir: 8000 komi 6000 (G—Þ).

16. grein (17. gr. nefndarinnar).

Orðin: »sem upp á kunna að koma» falli burt (N).

17. grein (18. gr. nefndarinnar).

Í staðinn fyrir 15,679 kr. 24 a. komi: 67,171 kr. 24 a. (N).

Aptan við frumvarpið bætist ný grein (19. grein nefndarinnar).

Í stað 20. greinar nefndarinnar komi svo látandi grein:

»Þeirra fyrirvara við og skilyrða fyrir fjárveitingu og fjárbrúkun, sem standa í fyrirfarandi fjárlögum, skal einnig gætt á fjárhagstímabilinu 1882 og 1883 (G—Þ).

20. grein nefndarinnar.

Sbr. Nefndarálit I. 332—353.

Forseti skipti frumvarpiuu í kafla til umræðu, og tók fyrst til umræðu:

Tekjubálkinn: 1.—6. grein.

Framsögumaður (Arnljótur Ólafsson): Áður en þessir háttvirtu deildarmenn, er gjört hafa breytingaruppástungur, taka til máls, álít jeg skyldu mína að fara nokkrum almennum orðum um breytingaratkvæðin og einkum lýsa áliti nefndarinnar á þessum breytingartillögum, svo uppástungumenn geti svarað því, ef þeir vilja. Jeg skal þá fyrst leyfa mjer að geta þess, að nefndin aðhyllist ekki fullkomlega neina af þessum breytingartillögum nema breytingaratkvæði landshöfðingja við 3. gr. 2. tölul., af þeim ástæðum, er hann tók fram við 1. umræðu, og sem er fólgin í því, að töluliðurinn er færður upp um 14 krónur. Mestar breytingar eru gjörðar við 2. gr. Fyrsta breytingin er við ábúðar- og lausafjárskattinn frá L.—Þ. Nefndin neitar enganveginn, að hætt er við, að tekjur þessar muni minnka einkum árið 1883, meir en ráð er fyrir gjört í frumvarpi stjórnarinnar. En nefndin getur þó ekki sjeð ástæðu til að færa það svona mikið niður, það er seinna árið úr 50,000 kr. ofan í 38,000 kr. og því síður fyrra árið úr 50,000 kr. ofan í 48,000 kr.; því nefndin hefur sýnt í athugasemdunum við 2. gr. 1. tölul., að þegar reiknað er með 55 aura meðalverði um land allt, þá kemur fram hjer um 52,000 kr., og tekjur þessar voru, eptir landsreikningnum fyrir árið 1879: 52,831 kr. 59 aurar.

Látum oss nú gjöra ráð fyrir, að talsvert fækki lausafje til tíundar. Tíundarfje

má fækka um 6 af hundraði til þess, að tekjurnar nái ekki 50,000 kr. Er nokkur ástæða til að ætla lausafje minna nú en í fyrra? Til þess ætla jeg sje engin ástæða. Í fyrra haust voru hey með mesta móti; lömb voru sett á með mesta móti og annað ungviði, og jeg get ekki sagt, að nokkuð hafi fallið í vor að mun yfir land allt, að minnsta kosti ekki í Norðlendingafjórðungi. Lítið eitt af hestum í Borgarfirði og nokkrar kýr skornar hjer og hvar á Suðurlandi (*H. Kr. Fr.*: «Fje líka»). Það má ávallt toga með getgátum; jeg vil ekki binda mig við einstök dæmi; jeg vil ekki fara í neinn skæklareikning. Traust hins háttvirta landshöfðingja á fjárhag landsins er nóg til þess í þessu efni að gjöra mig áunægðan. Að öðru leyti mun nefndin fús á að koma sjer saman við L.—Þ. um að færa niður seinna árið um 5,000 kr. Jarðahundruðin eru enn jafnmörg sem áður, ábúðarskatturinn getur ekki breytzt nema eptir verðlagsskrá. Lausafjárskatturinn aptur á móti getur minnkað, má vera um $^1/_4$, er mest verður fólginn í því, að kúm og svo lömbum verður fækkað í haust. Eptir frjettum, sem hingað hafa borizt, er útengi ekki verra en í löku meðallagi; en töður fjarska litlar. Setjum nú svo, að lausafje fækki um $^1/_4$, en þá er þess að gæta, að þessi $^1/_4$ kemur ekki allur á það fje, sem talið er fram til tíundar. Hver, sem hefur litið í landshagsskýrslurnar, mun hafa sjeð, að lausafje, það er að segja það tíundaða, fækkar ekki að sama skapi sem harðærið er mikið til, og hvers vegna? Af því — það verður að segja það eins og það er — að menn draga ávallt nokkuð undan og kemur fækkunin eins á hið undandregna. Í annan stað er örðugra að draga jafnmikið undan, þegar um fátt er að gjöra. Fyrir því verður upphæðin nóg, þótt lausafje fækki meira en um sjöttung. Hin breytingaratkvæðin, sem G.—Ó. eða *Gó minn* stendur fyrir aptan, eru fremur til að gjöra breytingaratkvæði, en að þau hafi mikið við að styðjast, og ætla jeg ekki að tala um þau, fyr en ástæður koma. Jeg hef borið saman reikninga fyrir undanfarin ár, og get ekki fundið, að þessar breytingar sjeu á rökum byggðar. Jeg skal taka til dæmis 4. tölul. 3. greinar. Jeg sje ekki, hver ástæða er til að breyta þeirri tölu úr 600 kr. í 1000 kr. Jeg get mjer þess til, að hinir háttvirtu uppástungumenn hafi tekið dómkirkjuna með, og lái jeg þeim það ekki, sem hafa verið yfirskoðunarmenn. En er nokkur rjettur til þess? Jeg vil leyfa mjer að benda hinum háttvirta þingmanni Borgfirðinga á athugasemd yfirskoðunarmanna við landsreikninginn 1878, undirskrifaðan af honum sjálfum; þar sem yfirskoðunarmenn segja um dómkirkjuna: «ef stjórnin telur dómkirkjuna með kirkjum landsins» (198. bls.). Þessa athugagrein vil jeg biðja þingmanninn að bera saman við breytingaratkvæði þetta, áður en hann fer lengra út í þetta mál.

Nefndin þarf ekki á þessu stigi málsins að mæla fram með tölubreytingunni á 2. tölul. við húsaskattinn, og því síður við breytinguna á 1. tölulið 3. greinar, því þingmaður Borgfirðinga er henni hlynntur, og G.—Ó. minn hefur fært hana enn þá meira niður.

Landshöfðinginn: Jeg er hinni háttvirtu nefnd samdóma um það, að jafnvel þó að ástæða sje til að óttast fyrir, að lausafjárhundruðin fækki á fjárhagstímabilinu, þá er þetta ekki í sjálfu sjer næg ástæða til að færa 1. tölul. 2. gr. niður. Þó að vjer sjeum hræddir um, að ástandið hjer á landinu kynni að vesna til næsta árs, er það alveg ómögulegt að segja þetta, eða hversu mikið lausafje muni fækka. Þessa upphæð getum vjer gizkað á, en ekki ætlað á, í þeim skilningi, sem á við, þegar á að gjöra reikningslega áætlun. Sumir gizka á, að það muni fækka um helming, sumir um þriðjung, o. s. frv. En það er auðsætt, að á þess konar «individuelt Skjøn» má ekki byggja áætlun þá, er skal ákveða með fjárlögum; en betra er við hana að fara eptir meðaltölu hinna undanförnu reikningsára. Jeg skal játa það, að það sje óheppilegt, að hjer ræðir ekki nema um tvö ár, en samt

sem áður mun meðaltalan af þessum tveimur árum vera áreiðanlegri undirstaða undir áætluninni, en laust álit einstakra þingmanna. En tekjurnar af ábúðar- og lausafjárskattinum voru 1879, eins og framsögumaður tók fram, 52831 kr. 59 a. og 1880 rúmar 48900 kr; meðaltalan þannig á árunum rúmar 50800 kr. Munurinn á þessum 2 árum er að mestu leyti afleiðing af hækkun verðlagsskrárinnar, og er heldur ekki mögulegt með neinni vissu að dæma um það, hvort þessi lækkun haldist eptirleiðis, eða hvort verðlagið aptur fari hækkandi.

Jeg skal þess vegna mæla með því, að 1. tölul. 2. greinar haldist óbreyttur, þó að menn eigi að búast við því, að tekjurnar á þessum tekjulið ef til vill kynnu á fjárhagstímabilinu að verða nokkrum þúsund krónum minni en áætlað er. Við 3. og 4. tölul. 2. greinar skal jeg geta þess, að þó að enn þá vanti einn reikning fyrir 1880, mun mega telja tekjuskattinn það ár ekki fullar 14000 kr. og aukatekjurnar á hinn bóginn rúmar 16000 kr. Jeg verð því að mæla með upphæðum þeim, sem tilfærðar eru í frumvarpinu og hin háttvirta nefnd hefur fallizt á.

Þó að jeg fyrir mitt leyti álíti hækkun hinnar háttvirtu nefndar á 10. tölul. 2. greinar í hærra lagi, sjer í lagi af því mjer virðist 70,000 tn. af síld meira en gjöra má ráð fyrir á ári hverju, ætla jeg samt ekki að mæla á móti breytingaruppástungu hinnar háttvirtu nefndar, bæði af því, að ekki er til fleiri ára reynsla, sem byggja má á reikningslega áætlun um spítalagjaldið af síld, og af því að lagafrumvarpið um afnám spítalagjaldsins eða um útflutningsgjald á fiski og lýsi o. fl. nú er samþykkt af báðum deildum, og þegar það verður lögleitt, sem jeg tel ekki neinn vafa á, þá kemur spítalagjaldið einungis til greina sem aukagjald á árinu 1882, en auk þess útflutningsgjaldið, samkvæmt 19. gr. fjárlagafrumvarpsins eptir uppástungu nefndarinnar; en þetta gjald má með vissu telja hjer um bil 25000 kr. árlega. Við 2. gr. tölul. 12 skal jeg geta þess, að tekjur af póstferðum 1880 hafa numið rúmum 11,000 kr.

Uppástunga nefndarinnar, að telja nettotekjurnar á 1. tölul. 3. gr. «afgjald af umboðs- og klausturjörðum» 30,5000 kr., er nær áætlun stjórnarinnar í frumvarpi til fjárlaga fyrir árin 1880 og 1881: 30,400 kr., en alþingi breytti þessari áætlun í 32,000 kr., og því hefur þessi upphæð verið tekin upp í frumvarp það, sem hjer liggur fyrir.

Með tilliti til breytingartillögu minnar við 2. tölul. 3. greinar, skal jeg skírskota til þess, er jeg tók fram við 1. umræðu, bæði um þær 14 kr., er hjer ræðir um, og um tilgang þann, sem jeg hef með því, að bera undir samþykki alþingis ráðstöfun þá, er jeg hef gjört til þess, án kostnaðar fyrir landssjóðinn, að greiða hlutaðeigendum skaðabætur fyrir skemmdir þær, er kálgarðar þeirra urðu fyrir í tilefni af hinni fyrirhuguðu bygging alþingishússins á Arnarhólstúninu. Jeg skal því leyfa mjer að vona, að hin háttvirta deild samþykki þessa ráðstöfun, með því að fallast á breytingaruppástungu mína.

Út af orðum hins háttvirta framsögumanns um tekjur af ljenskirkjum, skal jeg leyfa mjer að geta þess, að tekjur af þeim hafa árið 1880 verið ekki fullar 500 kr., eða um 460 kr.

Viðvíkjandi ástandi viðlagasjóðsins 1. þ. m., skal jeg leyfa mjer að skýra hinni háttvirtu deild frá því, er nú segir:

Viðlagasjóðurinn átti 1. ágúst þ. á. auk innskriptarskírteina þeirra, er getur um bls. 11 í athugasemdunum við frumvarpið, og sem eru talin: alls 306,000 kr.

a. Í skuldabrjefum með afborgun . . . . . 157,000 kr.
b. Í skuldabrjefum með ½ árs uppsagnarfresti . 230,000 —

og eru hjer í ekki meðtalin þau skuldabrjef, er nefnd eru undir tölul. 44., 45. og 46., bls. 14 og 15 í athugasemdunum, nje heldur upphæðir þær, er áður voru tilfærðar í fjárlaganna 2. gr. 4., og sem get-

ur um bls. 16 í athugasemdunum. Það mun þess vegna vora óhætt, að færa þennan tölulið upp í 28000 kr. hvort árið um sig, og skal jeg leyfa mjer að vekja athygli hinnar háttvirtu nefndar á þessu, ef hún kynni að finna tilefni til að gjöra breytingaruppástungu í þá átt við 3. umræðu.

Halldór Friðriksson: Af því að jeg á þátt í breytingartillögunum, þá vil jeg leyfa mjer að tala nokkur orð um þær, og þá einkum um tekjur af ábúð og lausafje. Þessar tekjur hafa þegar minnkað 1880 um 4000 kr. frá því, sem þær voru 1879; og það vil jeg biðja hina háttvirtu þingmenn vel að athuga, að nú lítur svo út, að það er hægt að sjá fram á, að verðlagsskráin muni lækka næsta ár sökum fjárfækkunar þeirrar, sem auðsætt er að verða muni í haust, svo að rjettara hefði verið, að við 2. gr. tölul. 1. stæði eigi 50,000 kr. og eigi 48,000 kr., heldur að eins 45,000 kr. Verðlagsskráin er breytileg, og er nú lægri en áður, en lækkar þó að öllum líkindum enn meir næsta ár, og þess vegna er það sannfæring mín, að breytingartillagan um 45000 kr. sje nær sanni en 48000 kr., og þá er því heldur 50000 kr. of hátt. Hinn háttvirti framsögumaður gat þess, að það tjón, er menn mættu búast við sakir árferðisins, mundi einkum koma niður á nautpeningi, en af hvaða ástæðu hann heldur það, það veit jeg eigi, en það get jeg vel sjeð, að fækkunin kemur eigi eingöngu niður á nautgripunum, heldur muni sauðfjenu einnig verða fækkað. Hann gjörði einnig of lítið úr fækkuninni, þar sem hann sagði, að fækkunin mundi eigi verða meiri en frá $^1/_8$—$^1/_4$, því að í fyrra voru almennt miklar heybyrgðir, en nú munu þær því nær engar, og heyafli bænda verður talsvert minni þetta árið en hin undanförnu; og töðuafli verður meir en helmingi minni en vanalega, og þessi minni töðu-afli verður eigi eingöngu til að fækka kúpeningi, heldur hlýtur hann og að valda fækkun sauðfjárins, og sú fækkun hlýtur að verða mikil. Það er annað, sem hinn háttvirti framsögumaður gat um, að fækkuuin yrði eigi eins mikil i framtalinu sakir tíundarsvika. Jeg játa það, að undandráttur í þessu efni er sjálfsagt nokkuð almennur, en það dugar ekki að slengja öllu upp á undandráttinn, að minnsta kosti standa þó innstæðukúgildin óbreytt, hversu mikil sem fækkunin verður, og þau þarf ekki að tíunda. Jeg vona, að hinn háttvirti framsögumaður sjái, að fækkunin getur ekki komið fram á kúgildunum, heldur á því fje, sem bændur eru skyldir að telja fram. Árferðið getur hver og einn sjeð; veturinn er liðinn, og sumarið einnig að miklu leyti; það er auðsjeð, hverjar afleiðingar eru. Þess vegna álít jeg rjett, að þingið hallist fremur að hinu lægra en að hinu hærra, og búist eigi við meiri tekjum, en standa undir tölul. 1. í breytingartillögunum. Ef þær verða meiri, þá er það gott, en jeg verð að telja það ísjárvert, að telja tekjur landsins eptir því, sem er eins óvíst og þetta, enda er það betra, að telja tekjurnar of litlar en of miklar. Enn fremur fellst jeg á breytingaruppástunguna um spitalagjaldið, því að jeg finn eigi ástæðu til að hækka það gjald, meðan eigi er víst, hversu rjett er krafið spítalagjald af síld. Jeg ætla enn fremur að benda á eitt atriði í tekjudálkinum, og beina ræðu minni einkum að landshöfðingja, og það er um 5 gr. frumvarpsins um það, sem greitt er frá prestaköllum, fyrra árið 3000 kr. og síðara árið 3500 kr. Jeg ætla, að upphæð þessi sje eigi annað en hrein og bein ágizkun, og er það athugavert. Jeg veit eigi betur, en að þessar tekjur sjeu nú 2800 kr., og hvers vegna á þá að ætla þessar tekjur hærri, en þær eru nú? Það get jeg heldur ekki skilið, hvernig hann fer að reikna það tekjur, sem ekki geta orðið tekjur. I stjórnarbrjefi 15. maí þ. á. segir, að presturinn að Hólmum eigi að greiða ekkjunni eptirlaun sín einnig af þeim 600 kr., sem presturinn á að greiða í landssjóð. Það er sjálfsagt, að ekkjunni bera full eptirlaun af öllum hinum

fyrri tekjum brauðsins, og þá líka af þeim 600 kr, sem presturinn á að greiða af brauðinu; en að presturinn að Hólmum eigi að greiða ekkjunni eptirlaun af þeim tekjum, sem áskildar eru landssjóði, get jeg ekki skilið, að sje rjett; því að þegar presturinn fær brauðið, og á að gjalda 600 kr. frá því, þá hljóta tekjur hans að minnka við það. Það er sjálfsagt, að ekkjan á fullan rjett til eptirlauna, en getur eigi heimtað þau af prestinum af því, sem í landssjóð rennur, og þess vegna á landssjóðurinn að hafa 600 kr. að frádregnum þeim hluta, sem ekkjunni ber af þeim. Viðvíkjandi 6. gr. skal jeg geta þess, að jeg vil fylgja stjórnarfrumvarpinu, því að það er auðsjeð, að það er samkvæmt lagaákvörðunum, og að það eru hin einu útgjöld, sem þingið hefur ekkert um að segja og getur ekki neitað. Konungur hirðir ekkert um, hvað það segir í því efni, og þess vegna er breyting nefndarinnar ekki rjett hugsuð.

Landshöfðinginn: Þar sem hinn háttvirti þingmaður Reykvíkinga minntist á 1. tölulið í 5. gr. frumvarpsins, þá skal jeg geta þess, að jeg hef eigi nægilegar skýrslur við hendina til þess að geta skýrt það mál. En hvað viðvíkur eptirlaununum af Hólmabrauðinu, þá er það að segja, að þegar ráðgjafinn er búinn að skera úr því, þá verður fyrst átt við það; en sæki hlutaðeigandi prestur um leyfi til þess, að bera málið undir dómstólana, skal mæla með beiðni hans.

Grímur Thomsen: Jeg hef áskilið mjer breytingaratkvæði við ýmsar greinir frumvarpsins, og þótt hinn heiðraði framsögumaður hafi eigi gjört þeim þann sóma, að svara þeim miklu, þá ætla jeg þó að tala fáum orðum um nokkur þeirra, jafnframt og jeg óska þess, að honum megi þóknast að svara þeim í alvöru, en eigi í spaugi. Jeg vil nú taka þau í röð. Það er þá fyrst lausafjárskattur; hann var 1878 eptir áætlun stjórnarinnar 33.000 kr., en eptir auratali nefndarinnar á meðalalin (því jeg gjöri ráð fyrir, að hún reikni eptir meðalalin) fellur þessi lausafjárskattur þegar um 1000 kr. Hinn heiðraði framsögumaður segir um meðalverð verðlagsskráar, að líkindi sjeu til, að hún lækki, og hann er hræddur um, að skattar sjeu heldur hátt settir, en þó þykir honum og hinum háttvirtu meðnefndarmönnum hans eigi ástæða til þess að lækka þá. Þetta er logík! Hin heiðraða nefnd segir: «Jeg hef reiknað of hátt með vilja.» En af því jeg veit, að hinn heiðraði framsögumaður getur bæði verið spaugsamur og alvörugefinn, þá vil jeg biðja hann í þessu máli að taka heldur til alvörunnar, en geyma spaug sitt til annars viðurkvæmilegri tima; því í þessu máli reynist það ljett í vasanum. Það dugar eigi, að ætla tekjurnar of háar, því komi það fyrir, að tekjurnar eigi slái til, þá verður annaðhvort að hverfa til innstæðu viðlagasjóðsins eða að taka fje að láni, og hvorugt er gott. Hinn heiðraði framsögumaður gjörir lítið úr því, að taka tillit til harðindanna, en hinn heiðraði þingmaður Reykvíkinga hefur svarað honum, svo jeg vil að eins skýra honum frá því, að i suðurhluta Gullbringusýslu hefur orðið talsverður fjárfellir, að minnsta kosti $^2/_3$ blutar alls fjár, og auk þess hross til muna; fje hefur og fallið í Rangárvallasýslu, Landeyjum og víðar. Enn fremur skal jeg geta þess, að nýlega vildu Borgfirðingar fá lán til þess að kaupa korn fyrir handa fjenaði sínum. Þetta sýnir, hve illt árferðið er. Hinn heiðraði framsögumaður segir, að þessi fellir gjöri lítið til, því framtalið verði betra í harðindum. En er það líklegt, að framtal manna verði áreiðanlegra, þegar menn fella skepnur, heldur en þegar hagur þeirra stendur í blóma? Jeg held varla. Það hafa 5 heiðraðir þingmenn gjört breytingartillögu við upphæð lausafjárskattsins í frumvarpi hinnar háttvirtu nefndar. Það kann nú að vera, að þeir vilji færa hann nokkuð mikið niður, en sje hann of lágt settur hjá þeim, þá er hann aptur á mót sannarlega of hátt settur hjá nefndinni. Töður verða þriðjungi eða jafnvel helmingi minni en í fyrra, og því

neyðast menn til að farga fje sínu á ýmsan hátt jafnvel í góðum sveitum. En jeg vonast til, að jeg geti komið mjer saman við hina heiðruðu nefnd um að lækka upphæðina, að minnsta kosti þá síðara árið, þótt jeg fyrir mitt leyti sje sannfærður um, að þess hefði þurft við bæði árin. Hin heiðraða nefnd á ekki að leggja alla sína atorku og fylgi í það að verja tölur, sem hún sjálf hefur smíðað, heldur til þess að sjá almenningsheill borgið.

Þá eru nokkrar breytingartillögur frá 4 þingmönnum, þar á meðal mjer, um að breyta nokkrum minna áríðandi upphæðum. Við gátum ekki farið eptir skýrslum þeim, sem hinn hæstvirti landshöfðingi hefur í höndum fyrir 1880, því við áttum engan kost á þeim, og mig furðar stórlega á því, að hann skuli brúka slík skjöl, sem eigi liggja fyrir, og eru óendurskoðuð. Jeg kem þá til tekjuskattsins. Hann var 1879 14,000 kr., og jeg sje eigi, að hann þurfi að vera lægri nú; því harðindin geta eigi lækkað hann, nema þau gangi mjög svo fram úr hófi. Hvað aukatekjum viðvíkur, þá voru þær 1879 hjer um 13,500 kr., en hvers vegna það á að færast upp í 14,000, fæ jeg eigi skilið. En þetta eru nú allt smáatriði, sem hægt er að koma sjer saman um. Þar á móti get jeg eigi álitið annað, en að spítalagjaldið sje áreiðanlega of hátt sett. Hinn hæstvirti landshöfðingi skírskotar til tekjanna af útflutningsgjaldinu, en þær heyra eigi til hinnar 2. gr. fjárlagafrumvarpsins, heldur til 18. gr., og jeg vona, að hinn hæstvirti landshöfðingi vilji játa, að það er eigi formlegt, að telja það til þess. Við skulum nú rannsaka, hvort líkindi eru til, að 25,000 kr. komi árið 1882. Í tilsk. 12. febr. 1872 er tekið til, að greiða skuli ½ alin af hverri tunnu af söltnðum fiski. Jeg var þá sjálfur á þingi, er þessi lög voru samin, og kom hvorki mjer nje öðrum til hugar, að síld væri þar í fólgin, og ætla að svo hafi almennt verið um flesta. En hvað varð svo? Fyrst kom út stjórnarbrjef 1875, sem gaf Norðmönnum leyfi til að flytja salt til Íslands, án þess að greiða neitt lestagjald af saltinu, en sama ár fluttust út 2059 tunnur af síld, og af þeim var ekkert spítalagjald greitt. Hvorki hinn hæstvirti landshöfðingi nje gjaldheimtumenn höfðu glöggvað sig á, hvort taka ætti spítalagjaldið eður eigi 1877, 78 og 79 eins. Fyrst 16. apríl 1880 kom ráðgjafabrjef um það, að fiskifjelag eitt í Björgvin væri að búa út skipaflota til síldarveiða á Íslandi, og skoraði á landshöfðingja, að brýna fyrir þeim tilskipun frá 12. febrúar 1872 *um fiskiveiðar útlendra*, ekki tilskipun frá sama degi um spítalagjald, og ámiuna þá um, að þeir megi ekki afla í landhelgi, nema þeir gjörist danskir þegnar, taki borgarabrjef, greiði sveitarútsvar og tekjuskatt. Á spítalagjald er enn þá ekki minnzt með einu orði. Það er fyrst 26. júlí 1880, að landshöfðingi í brjefi sínu til amtmannsins í suðurumdæminu fyrirskipar, að greiða spítalagjald af síld. En árið 1879 voru, eptir skýrslu Trolles, fluttar út úr landinu 8000 tunnur af síld af einu fjelagi (Jacobsen og Lund) en að eins greitt gjald af 10 tunnum. Loks hleypur ráðherrann í brjefi frá 16. okt. 1880 upp til handa og fóta, og finnur að því, að ekkert spítalagjald sje greitt af síld. Jeg heyri að vísu, að Norðmenn lofi nú að borga gjald af síldinni, en mjer virðist enn of snemmt, að gjöra ráð fyrir þessari tekjugrein. Jeg heyrði, að hinn heiðraði framsögumaður skírskotaði til hins heiðraða 2. þingmanns Suður-Múlasýslu, sem kunnugs síldarspámanns í þessu máli, en þótt síldin sje lítil, getur spámaðurinn verið stór, ef spádómurinn reynist rjettur. Vilji hinn heiðraði 2. þingmaður Suður-Múlasýslu *ábyrgjast* þetta gjald, þá getur það heldur komið til íhugunar, en laus loforð Norðmanna, sem engin vissa er fyrir að verði efnd. Hin heiðraða nefnd hefur reiknað eptir meðalverði allra meðalverða, en hvað lauslega hún hefur gjört sjer grein fyrir þessari tekjugrein, sýnir það, að þessi fisktegund er eigi nefnd í verðlagsskránni, og þó á að gjalda af henni, ekki eptir meðalverði allra meðal-

verða, *heldur eptir meðalalin í fiski.* Jeg vildi óska, að þetta færi allt vel, og yrði sem mestur ágóði fyrir landið; en hann er eins viss fyrir því, þó hann sje ekki of hátt talinn á fjárlögum. Komi gjaldið inn, þá er enginn skaði skeður, þó áætlunin sje heldur undir en yfir því, sem raun verður á. Jeg get ekki annað en látið undrun mína í ljósi yfir því, að hinn hæstvirti landshöfðingi skuli yfirgefa stjórnarfrumvarpið og hallast að frumvarpi nefndarinnar fyrir eigi mikilvægari ástæður. Mjer er spurn! Hver er skaðinn, þótt maður setji tekjuliðinn of lágan; sje hann of lágt settur. er það góði fyrir tekjuliðinn. Jeg gleymdi áðan að minnast á brjef hins hæstvirta landshöfðingja dags. 30. maí 1881 til sýslumannsins í Suður-Múlasýslu, sem *þá enn* í vor eð var var í efa um, hvort taka ætti spítalagjald af síld eður eigi. Hinn hæstvirti landshöfðingi bauð honum í brjefi þessu að krefja inn gjaldið, og það þó að síldin væri flutt úr nótunum út í skip, sem lægju í landhelgi. Mjer þætti gaman að sjá þann dómstól, sem dæmdi spítalagjald á síld, sem aldrei hefði í land komið. Til þess að fá dóm fyrir því, þyrfti einhvern sjerstakan dómstól. Hinir almennu dómstólar mundu varla dæma í þá stefnu. Þetta sýnir, að þrátt fyrir vissu hins heiðraða 2. þingmanns Suður-Múlasýslu, þá var sýslumaðurinn í þessari sýslu svona óviss í því, hvort heimta ætti gjald þetta eða eigi.

Jeg vona, að hin heiðraða nefnd sje mjer samdóma um, að það sje rjett, að dómkirkjan greiði tekjur sínar í landssjóð. Það eru líka fleiri kirkjur eign landsins, en þær, sem í reikningunum standa, þó það breyti ef til vill lítið sjálfri upphæðinni.

Þá kemur nú loks 6. gr., sem hin heiðraða nefnd hefur gjört breytingar við. Hún hefur fært ástæður fyrir því, að formlegra sje, að allar tekjur sjeu taldar tekjumegin, en gjöld gjaldamegin, en því hefur þá hin heiðraða nefnd samkvæmt þessu eigi sett innheimtulaun af útflutningstolli, prestmötu o. fl. útgjaldamegin? Er tiltekið nokkurstaðar, að nokkurt gjald úr landssjóði eigi að dragast fyrir fram frá tekjunum, nema einmitt þetta gjald til hinnar æðstu stjórnar og fulltrúa stjórnarinnar á alþingi, frá tillaginu úr ríkissjóði? Setjum svo, að það kæmi fyrir, sem jeg vona að aldrei verði, að þingið neitaði að greiða þetta gjald, þá greiðir hin háttvirta stjórn það engu að síður, því það er í hennar höndum. Jeg fæ sannarlega ekki skilið í því, að hinn hæstvirti landshöfðingi og hinn heiðraði framsögumaður skuli ekki sjá, að það er greinarmunur á þessum tekjum og öðrum tekjum landssjóðsins. Þessi upphæð er tekin af fyrir fram (*forlods*). Og það er í mesta máta hlægilegt, að hið heiðraða þing skuli vera að greiða atkvæði um nokkuð, sem því ekki kemur við. Í hinum dönsku fjárlögum er mjög víða dregið frá upphæðum, áður en löggjafarvaldið fær yfirráð yfir þeim. Hvað nú viðkemur formi þessa frumvarps, þá má framsögumaður ekki firrtast við mig, þótt jeg segi, að í því tilliti stendur frumvarp hinnar heiðruðu nefndar langt að baki frumvarpi stjórnarinnar. Og hver þörf er líka á, að breyta því 1881, sem samþykkt var 1879? En jeg sje, að nú er komið mál fyrir hinn heiðraða framsögumann að taka til máls, og ætla jeg því að setjast niður.

Jón Ólafsson: Hinn háttvirti þingmaður Borgfirðinga hefur tekið fram allmörg atriði móti frumvarpi nefndarinnar, og dettur mjer ekki í hug að fara orðum um þau öll, heldur drepa að eins á fáein. Hinn háttvirti þingmaður segir, að nefndin játi, að hún hafi sett lausafjárskattinn of hátt, en það er ekki svo, heldur segir hún, að hún sje hrædd um, að skatturinn sje of hátt talinn, en það virðist ekki rjett, eins og hinn hæstvirti landshöfðingi einnig tók fram, að byggja á hræðslu og hugarburði, heldur á reikningum frá síðustu árum, eins og nefndin hefur gjört. Hinn háttvirti þingmaður sagði, að fje og hross hefðu fallið hjer á Suðurlandi á næstliðnu vori, en jeg

bið hinn háttvirta þingmann að gæta þess, hvort það fje, sem fallið hefur, hefur verið talið fram til tíundar, og jeg vona, að þeir, sem kunnugir eru hjer syðra, muni skýra frá því; jeg ætla, að fæst af því muni hafa verið tíundað, og getur því tíundin ekki rýrnað að mun frá því, sem verið hefur að undanförnu, þótt þetta fje fjelli. Þá hefur hinn háttvirti þingmaður Borgfirðinga farið mörgum orðum um spítalagjaldið, og virðist það stöðugt vera honum þyrnir i auga. Hann sagði meðal annars, að á þinginu 1871 hefði engum dottið í hug, að spítalagjald næði til síldar. Jeg verð að biðja hinn háttvirta þingmann að lesa þingtíðindin það ár, og þá mun hann sjá, að það kom einmitt fram í umræðunum, að orðin, eins og þau stóðu í frumvarpi stjórnarinnar, nl. «alls konar fiski», næðu einnig til síldar, og til þess að fyrirbyggja það, var það að þingið felldi úr orðin «*af alls konar fiski*», og setti í staðinn «*af fiski*», svo það næði ekki til síldar; en í «Tíðindum um stjórnarmálefni Íslands» má aptan við tilskipunina um spítalagjald lesa «ástæður» og þar í kemur það fram, að konungsfulltrúi lagði það til við stjórnina, að hún staðfesti lögin, þrátt fyrir orðabreytingu þingsins, sem hann áleit ekki gæti útilokað spítalagjald af síld, því hún væri líka fiskur, og næðu orðin því yfir hana með, og samkvæmt þessum tillögum staðfesti stjórnin tilskipunina; þetta getur hinn háttvirti þingmaður sjeð, ef hann vill kynna sjer umræður og tillögur konungsfulltrúa; en þess ber vel að gæta, að þingið var þá einungis ráðgefandi, og þess vegna má ekki fara eptir ræðum þingsins þá, hvað lagaþýðingu snertir, en konungur var þá einn löggjafi, og þess vegna er allt undir því komið, hver hans vilji hefur verið, og hvort sá vilji getur samþýðzt orðum tilskipunarinnar, því *lög eru löggjafans úttalaði vilji*; þá definition þekkir hinn lögfróði þingmaður víst. Hinn háttvirti þingmaður Borgfirðinga kvaðst enga vissu hafa fyrir greiðslu þessa gjalds, en jeg get sagt honum það, að jeg var einmitt viðstaddur á manntalsþingi í vor, er sýslumaður heimti þetta gjald skýlaust, og neitaði enginn Norðmaður (eða neinn umboðsmaður fyrir þeirra hönd) að greiða. Jeg get enn fremur sagt það: margir Norðmenn hafa skrifað mjer og spurzt fyrir um, hvort jeg áliti, að þeir væru eptir lögum skyldir að greiða þetta gjald, og sagði jeg þeim náttúrlega öllum, að svo væri, og tóku allir því, að einum undanteknum, sem var í nokkrum efa, hvort sem það nú hefur verið af því, að hann hafði skrifazt á við merkan og fróðan mann á Suðurlandi, og mikinn «patriot», og þessi maður mun vera einmitt mjög kunnugur hinum háttvirta þingmanni Borgfirðinga; hefði nú þessi «patriot» frætt viðkomanda um, hverjar væru skyldur og gjöld hans á Íslandi, en getið ekki um neitt spítalagjald, og ef þetta er orsökin til, að einn af Norðmönnum skorast nú undan því, að greiða spítalagjald af síld, þá vona jeg, að hinn háttvirti þingmaður Borgfirðinga muni kannast við, hvaðan sú alda er runnin. Jeg á brjefið til og hef það hjá mjer enn, og hann getur fengið að sjá það, ef hann kann að rengja mig. Það hefur litla þýðingu, þótt einhver maður á Ísafirði hafi greitt gjaldið með mótmælum, gjaldið er greitt eigi að síður og peningarnir eru runnir í landssjóð, og mun varla nokkur einn fara í mál út úr þessu, enda þori jeg að segja, að þeir hlytu að tapa því. Eins hlýtur að fara með það spítalagjald, sem Norðmenn eiga nú að greiða; þeir *verða* að greiða það í landssjóðinn, og það *hlýtur* því að koma til inngjalda á þessu fjárhagstímabili, og þótt þeir hefji lögsókn úr því, sem jeg er viss um þeir gjöra ekki, og þó þeir ynnu mál sitt, sem jeg er enn vissari um að aldrei getur fyrir komið, þá mundi málið varla verða útkljáð fyr en 1883, og kæmi þá endurgreiðsla þessa fjár eigi fram sem út-

gjöld fyr en á fjárhagstímabilinu 1884—5; en á *þessu* fjárhagstímabili verður það að teljast *tekjur*. Ef hinn háttvirti þingmaður efar, að sýslumenn geti náð gjaldinu inn, verð jeg að vekja athygli á því, að þessir menn eiga hús og útbúnað hjer á landi, sem sýslumenn geta látið selja fyrir gjaldinu, sje það eigi viljuglega goldið. Hinn háttvirti þingmaður Borgfirðinga sagði, að spítalagjald af síld ætti að reiknast eptir meðalverði á fiski, og það væri um 20—22 aura fiskurinn, en nefndin hefði farið eptir meðalverði allra meðalverða, sem væri um 27 aura fiskurinn. En þetta er rangt; nefndin fór einmitt eptir meðalverði á fiski. Það var hvorttveggja, að mjer sýndust gleraugun sitja eitthvað skakkt á nefinu á hinum háttvirta þingmanni, þegar hann var að lesa upp úr þessum skrifuðu blöðum sínum, enda hefur hann hraparlega mislesið, því meðalverð á fiski er einmitt hærra en 20—22 aura fiskurinn, eins og hann getur sjeð, ef hann vill slá upp í Stjórnartíðindunum fyrir 1880 og 81. Þar að auki á að eins að fara eptir meðalverði á fiski í *þeim sveitum, sem síld veiðist í*, um aðrar sveitir varðar ekki. Það er merkilegt að koma með slíkt hjer fram á þingi, sem hver, sem hefur augun opin og kann að lesa, getur sjeð að er rangt. Hvað snertir athugasemdir hans við 6. gr. um tillagið úr ríkissjóði, þá skal jeg geta þess, að það eru til fleiri lögákveðin gjöld, t. d. laun embættismanna, skattar o. fl., sem eins er farið með, en þetta hefur dálitla praktiska þýðingu, því þá getur stjórnin ekki breytt upphæðinni, án þess að þingið geti sjeð það og greitt um það atkvæði sitt, og þótt það atkvæði verði að eins ráðgefandi, þá er það samt ekki þýðingarlaust.

Landshöfðinginn: Jeg skal einungis leyfa mjer að geta þess út af athugasemdum hins háttvirta þingmanns Borgfirðinga, að jeg get ekki 'sagt með vissu, hvort spítalagjald af síld hefur verið innheimt síðastliðið ár, því mjer hefur ekki gefizt kostur á að skoða reikningana. Jeg skal leyfa mjer að geta hins, að jeg var fyrst spurður um það í fyrra, hvort það skyldi heimta, og skar jeg fyrst úr því 26. júlí f. á. Þar sem hinn háttvirti þingmaður Borgfirðinga bar mjer það á brýn, að þetta væri í fyrsta sinni sem jeg yfirgæfi stjórnarfrumvarpið, þá bið jeg hann að minnast þess, að meðan hann var formaður fjárlaganefndarinnar, mun jeg opt hafa yfirgefið stjórnarfrumvarpið og aðhyllzt uppástungur fjárlaganefndarinnar, t. a. m. við dómkirkjuna, eins og hinn háttvirti framsögumaður hefur bent á. Að jeg ekki hef haft á móti 2. gr. 10. tölul., að því hef jeg þegar áður leitt rök. Það er sumpart af því, að stjórnarfrumvarpið hefur ekki tekið tillit til spítalagjalds af síld, sökum þess, að það var fyrst árið 1880 að síld hefur veiðzt hjer við land að teljandi sje; en eptir það að síldarveiðarnar í fyrra hafa gefið þann arð, sem allir eru samdóma um, má sjálfsagt taka tillit til þeirra, þar sem þær eru stundaðar af jafnvel þúsundum manna; sumpart af því, að nú er samþykkt af þinginu frumvarp um að af nema spítalagjald, en koma á aptur öðru gjaldi, sem fullkomlega vegur upp á móti því, og hefur það enga verulega þýðingu, undir hvaða lið í fjárlögunum það stendur, því það hlýtur þó að koma landssjóðnum til inntektar. Af þessum ástæðum mæli jeg eigi á móti uppástungum nefndarinnar. Með tilliti til 6. gr. ætla jeg að láta mjer nægja það, sem jeg tók fram við umræðurnar í hitt eð fyrra og skírskota til þess; ef hin háttvirta deild aðhyllist þar tillögur nefndarinnar, og ef fjárlögin svo fá staðfestingu konungs, þá breytist þar við konungsúrskurðurinn frá 25. maí þ. á., og skal jeg fyrir mitt leyti ekkert hafa á móti því.

Tryggvi Gunnarsson: Jeg skal leyfa mjer að svara nokkrum athugasemdum, sem hinn háttvirti þingmaður Borgfirðinga tók

fram. Hann sagði, að ábúðarskatturinn undir 1. tölulið 2. gr. væri of hár og ósamkvæmur við það, sem nefndin segði í athugasemdunum, að verðlagsskráin mundi lækka og lausafje minnka, og vill hann því færa þessa upphæð niður. En jeg bið, að þess sje gætt, að stjórnin hefur einmitt fært upphæðina niður frá því, sem hún var árið 1879, því þá var hún yfir 52000 kr., en nú er hún ekki talin nema 50000 kr., og þess vegna fann nefndin ástæðu til að fylgja stjórnarfrumvarpinu og ekki fara lengra. Jeg játa, að nefndin hefur sagt, að meðalverðið kunni að færast nokkuð niður, en þegar jeg gæti betur að, þá virðist mjer ekki mikil hætta fyrir því; það er kunnugt, að verðið á fiski og lýsi er miklu hærra nú en að undanförnu, ull veit jeg ekki um, enda vil jeg ekki þreyta menn á því að telja upp hverja einstaka vörutegund. Sömuleiðis hækkar og verð á búpeningi, ef sú spá verður rjett, að hann fækki svo mjög; ef til dæmis kýr fækka mikið, þá verður meiri eptirsókn eptir þeim, og munu þær um leið hækka í verði; það er að minnsta kosti ekki hætt við, að landssjóðurinn missi tekjur í næstu fardögum, en hinn háttvirti framsögumaður kvaðst tilleiðanlegur að lækka upphæðina fyrir seinna árið, og jeg er á sama máli. Þá kemur spítalagjaldið, og vona jeg, að hinn háttvirti þingmaður verði þar sjálfur á sama máli og nefndin, þegar hann hugleiðir þetta vel. Af þeim fiski, sem aflast í ár, verður goldið spítalagjald í fardögum 1882, og af þeim fiski, sem veiðist frá 1. september í ár til 1. september 1882, verður jafnframt goldið útflutningsgjald árið 1882, og verður gjaldið þannig tvöfalt það árið. Jeg vil benda á, að breytingarnar eru ekki allar til að færa tekjuliðina niður, þó þingmanni Borgfirðinga þyki tekjurnar of háar, það er eins og hann hafi gaman af að breyta svona upphæðunum og færa annan liðinn upp og hinn niður. Þá hefur verið mjög mikið talað um 6. gr. frumvarpsins, hvort hún væri á móti stjórnarskránni eða eigi. Í ástæðunum fyrir frumvarpi stjórnarinnar sjest ljóslega, að hún álítur þessa reikningstilhögun, sem nefndin hefur sett sjer, ekki vera neitt stríðandi í móti stjórnarskránni, enda er víst engin ástæða til að líta svo á þetta mál. Ef ekkert tillag væri frá Danmörku, yrðu laun til hinnar æðstu innlendu stjórnar sjálfsagt greidd af landssjóðnum, og þá skil jeg ekki, hvernig það væri rjettara að draga þá upphæð frá, heldur en að hafa það þannig, sem nefndin nú hefur gjört.

Framsögumaður: Þótt búið sje að svara hinum háttvirta þingmanni Borgfirðinga að nokkru bæði af hinum háttvirta 1. og 2. þingmanni Suður-Múlasýslu, þá ætla jeg að svara honum nokkrum orðum, bæði af því, að jeg held, að hann hafi ekki skilið rjett ástæður nefndarinnar, og af því hann bað mig að tala alvarlega við sig í þessu máli. Hann fann mikið að því, að 1. tölul. 2. gr. væri of hár og ósamrýmilegur við athugasemdir nefndarinnar. En það er engin mótsögn, þó nefndin segi, að henni hafi ekki þótt næg ástæða til að færa þessa upphæð niður, þó hún í rauninni kynni að vera of há, en heldur farið eptir þeim mælikvarða, sem talinn er í verðlagsskránum fyrir 1881. Verðlagsskráin það ár er að meðaltali alinin 53.7, það er 2½ af 100 minni en 55 aura meðalalin. Nú var ábúðar- og lausafjárskatturinn eptir 55 aura meðalalin samtals 57,975 kr., en þessi upphæð er nálega 4 af 100 hærri en 50,000 kr., er nefndin ljet standa.

Hvað harðinda-mótbáruna snertir, þá er jeg ekkert á móti að færa upphæðina niður seinna árið, en 1882 verður skatturinn goldinn eptir því framtali, sem var í vor, og það framtal get jeg ekki skilið að verði lægra en í fyrra, því það sem kann að hafa fallið suður með sjó, ímynda jeg mjer að hafi verið miklu fremur til skaða fyrir mennina, sem áttu fjenaðinn en fyrir landssjóð.

Viðvíkjandi spítalagjaldinu skírskota jeg til ræðu hins háttvirta 2. þingmanns Suður-Múlasýslu, en jeg skal bæta því við, að jeg skildi ekki tilganginn með hinni löngu og sögulegu ræðu hins háttvirta þingmanns Borgfirðinga. Viðvíkjandi greiðslunni á spítalagjaldi af síld, þá skýrði hinn háttvirti þingmaður Suður-Múlasýslu frá, að enginn hefði haft á móti að greiða gjaldið þar, nema hvað einungis 1 maður hefði verið í vafa um það, af því hann hefði ráðfært sig við mann á Suðurlandi, sem hinn háttvirti þingmaður Borgfirðinga mundi þekkja, og það get jeg sagt honum, að í Eyjafjarðarsýslu höfðu Norðmenn ekkert á móti að greiða spítalagjald af síld. Spítalagjald af síld næsta vor verður greitt af þeirri síld, sem aflast í sumar. Jeg treysti betur gangskör landshöfðingja til þess, að gjaldið verði heimt inn, en efasemdum hins háttvirta þingmanns Borgfirðinga. Mjer finnst, að heldur ætti að þakka landshöfðingjanum fyrir, að hann með úrskurði sínum um greiðslu gjaldsins hefur unnið landssjóðnum miklar tekjur, en að koma nú með vífilengjur um, að það væri ef til vill ólögmætt. Að nefndin hafi sett gjaldið af síld of hátt með því að reikna það af 70,000 tunnum, get jeg ekki fallizt á; jeg held hún hafi einmitt gjört ráð fyrir því lægsta, þar sem menn vita, að nú í sumar hafa svo margfalt fleiri skip aflað síldina en í fyrra. Viðvíkjandi því, hvernig gjaldið er reiknað, þá er ekki rjett að fara eptir meðalverði alstaðar á landinu, heldur einungis í þeim sýslum, sem síldarveiði er í. Yfir höfuð er bezt að fara ekki út í neina spádóma, en byggja á þeim skýrslum og reikningum, sem við höfum. Þá kemur 6. gr. Jeg sje ekki eptir allar þessar umræður, að um annan ágreining sje að tala milli nefndarinnar og þingmanns Borgfirðinga, en hvort löglegra sje að ganga til atkvæða um tekjur og gjöld 6. greinar í einu lagi sem frádráttardæmi, eður um tekjurnar einar í 6. gr. og síðan um gjöldin sjer í 8. gr.; því æfinlega er þó gengið til atkvæða um tekjurnar og gjöldin, um minnkanda (minuendus) og frádraganda (subtrahendus), hvort sem frádráttardæmið stendur í 6 gr. einni, eður sín talan í hvorri greininni, 6. og 8. gr. Menn verða þó að játa, að stjórnin sjálf hefur haft sömu niðurröðun, sem nefndin nú, í frumvarpinu 1875, 77 og 79; en af sjerlegri virðingu fyrir hinum háttvirta þingmanni Borgfirðinga hefur stjórnin sleppt því nú. Hinn háttvirti þingmaður Borgfirðinga vitnaði í fjárlög Dana, að betra fyrirkomulag væri á þessu þar, en hann hefur ekki gáð að því, að nefndin hefur einmitt fylgt fjárlögum Dana, þar sem tekjurnar renna kostnaðarlaust inn í landssjóð. En það er aðgætandi, að sýslumenn skila ekki öllu tollgjaldinu inn í landssjóð og heimta síðan út aptur 2%, og því verður þessu ekki við komið á 11. tölul. 2. gr., Eins er með afgjaldið af umboðsjörðunum á 1. tölul. 3. gr., að umboðslaun, prestsmata o. s. frv. er dregin frá, áður en gjaldið er greitt inn í landssjóð. Má jeg nú svo spyrja, er ekki hin æðsta innlenda stjórn landsins? (Nokkrir: «Jú»). Eru þá ekki gjöld til hennar einnig landsins? Ef menn játa hinu fyrra, geta menn ekki neitað hinu síðara.

Viðvíkjandi dómkirkjunni í Reykjavík, þá er í Alþingistíðindunum 1877 í athugasemdunum við fjárlagafrumvarpið bls. 48, I. tekið fram, að veita skyldi dómkirkjunni lán og síðan sagt, að «sjóður kirkjunnar skuli vera sjerstakur sjóður». Jeg vil fylgja hinum háttvirta þingmanni Borgfirðinga í þessu, sem varð fyrstur til að koma fram með það, og álíta kirkjuna sem eign Reykjavíkurkaupstaðar, og þá getur ekki verið talað um neinar tekjur í landssjóð frá henni, nema greiðslu á skuld hennar með vöxtum.

Að lyktum skal jeg geta þess, af því þingmaður Borgfirðinga var að brýna fyrir þinginu, hvílíkur háski það væri að telja landstekjurnar af hátt, að fjárhagstímabilið 1878—79 urðu landstekjurnar 204,471 kr. 72 aur. fram yfir það, sem áætlað var. Þetta er reynslan fyrir, að hinn háttvirti þingmaður Borgfirðinga hefur að undanförnu lagt of lítið í tekjurnar, og því er ekki á-

stæða til að fylgja honum lengra, en góðu hófi gegnir. Viðvíkjandi breytingartillögunni frá L—Þ, þá getur nefndin talað sig saman við uppástungumenn hennar.

Þegar hjer var komið umræðunum, frestaði forseti þeim til næsta fundar.

Á. 40. fundi neðri deildar var haldið áfram umræðunum um tekjubálkinn.

Þorkell Bjarnason: Af því að í dag var skírskotað til þingmanna Gullbringu- og Kjósarsýslu um fjárfelli á liðnum vetri hjer syðra, leyfi jeg mjer að skýra frá því, að í Kjósarsýslu hefur ekki orðið fjárfellir, svo jeg viti, en aptur hef jeg heyrt talað um, að talsvert hafi fallið í Gullbringusýslu; en þar hefur aldrei verið mikið tíundað, svo að sá fellir getur aldrei haft mikil áhrif á tekjurnar yfir höfuð. Mjer þykir það heldur engin furða, þó ekki komi fram mikil tíund í Gullbringusýslu, því að þegar kvartað hefur verið undan hinu mishága gjaldi til sýslusjóðs, í Gullbringu- og Kjósarsýslu, hefur því allt af verið við barið, að fjenaður væri svo lítill í Gullbringusýslu, sem og vonlegt er, þar sem kláðinn er þar svo nýlega afstaðinn. Jeg segi því: Þó að fellir hafi orðið talsverður í Gullbringusýslu á seinastliðnum vetri, getur það engin veruleg áhrif haft á tíund á landinu yfir höfuð að tala. Hvað viðvíkur 1. tölulið, þá felli jeg mig bezt við stjórnarfrumvarpið með þeirri breytingu, að lækka lausafjárgjaldið seinna árið. Tíundin mun ekki lækka af hallærinu, eins og búast mætti við. Þegar menn verða að fækka við sig, fækka allir mest þeim fjenaði, sem lægstur er í tíund svo sem vetrungum og lömbum, svo vona jeg að allir menn sjeu hyggnir, en reyna í lengstu lög að halda sem mestu af þeim peningi, sem hæstur er í tíund, sem eru kýr og ær. Það hefur verið tekið fram í dag, að ástæða sje til að ætla, að verðlagsskrá muni lækka á þeim árum, sem í hönd fara. Það held jeg ekki sje ástæða til að óttast; jeg held, að það væri hugsanlegt, að það færi þvert á móti, að hún hækkaði einmitt. Þegar fjenaði fækkar að nokkrum mun, er öll ástæða til að halda, að hann hækki í verði, eins og hver önnur vara, sem lítið er til af, og sömuleiðis að allur afrakstur af fjenaðinnm hækki, svo sem skinn og tólg. Það mun því mega treysta því, að þó tíundin lækki, bætist það upp með hækkaðri verðlagsskrá, að minnsta kosti að nokkru leyti. Jeg segi þetta ekki af því, að jeg álíti, að það sje heppilegt fyrir greiðendur, þvert á móti er óheppilegt, að verðlag hækki í harðindum, en jeg þykist sjá, að þetta muni fara svona. Um 2. gr. 10. tölulið var jeg nokkuð á báðum áttum, eptir að jeg heyrði ræðu þingmanns Borgfirðinga, en eptir að jeg hafði heyrt ræðu hins háttvirta 2. þingmanns Suður-Múlasýslu, hvarf mjer allur efi, hann sagði, að aðeins 1 þessara Norðmanna hefði skorazt undan að borga spítalagjald af síld, og hefði þessi Norðmaður styrkzt í þeirri trú, að hann þyrfti ekki að borga spítalagjald af því, að hann hefði skipzt brjefum á við einn, að hann sagði, merkan mann hjer fyrir sunnan, sem þekkja mundi þingmann Borgfirðinga. Þegar jeg heyrði þessi orð þingmannsins, tók af allan efa fyrir mjer um það, að jeg ætti að aðhyllast nefndina og greiða atkvæði með henni, því að jeg álít, að þingið eigi ekki með atkvæði sínu að styrkja þá menn, sem skyldu vilja kosta kapps um að stæla upp þessa útlendinga, og telja þeim trú um, að þeir eigi ekki að greiða gjöld til landsins þarfa.

Grímur Thomsen: Jeg verð að svara fáeinum athugasemdum, sem komið hafa fram frá nokkrum þingmönnum og svo landshöfðingja. Jeg ætla fyrst að geta um það, sem mjer gleymdist í dag, og leiða rök að breytingaratkvæði mínu og nokkurra annara

þingmanna. Hinn háttvirti landshöfðingi skýrði oss frá því, að tekjur af póstferðum hefðu árið 1880 numið 11,000 kr., og tek jeg það trúanlegt, að svo hafi verið, enda þótt sá reikningur liggi alls eigi fyrir, og maður þess vegna hafi ekkert leyfi til að byggja neitt á honum. Það, sem jeg þar á móti hef leyfi til að byggja á, og það, sem jeg einnig hef byggt breytingaratkvæðið á, er reikningur fyrir árið 1878 og 1879. Hvað segir nú þessi reikningur? 1878 voru tekjur af póstferðum 8763 kr. 71 eyrir, en árið 1879 voru þær 9673 kr. 48 aur., og það verður að meðaltali nálægt 9200 kr. hvort árið. Eptir þessu fer jeg, þegar jeg set upphæðina 9000 kr. Allt öðru máli er að gegna um hinar óvissu tekjur; því get jeg ekkert skilið í, hví bæði stjórnin og nefndin hefur sett þær svo lágt. Það er aðgætandi, að það hefur allt af verið venja, að telja allar þær tekjur, sem *umfram* eða afgangs hafa orðið, og einnig ýmsar versúrur, reikningsúrskurða-upphæðir o. s. frv. til óvissra tekja, og hafa þær því opt orðið talsverðar. Jeg tek til dæmis árin 1878 og 1879. Árið 1878 voru þær 2815 kr. og árið 1879 2924 kr. Breytingaruppástunga okkar fer fram á að setja þær upp í 2000 kr.; en við hefðum getað sett þær hærra. Það sýnist engin skynsamleg ástæða geta verið til þess, að setja tekjur, sem verið hafa nær 3000 en 2000 kr., að setja þær, segi jeg, niður í 1000 kr. Jeg held, að það verði rjettast, eins og jeg hef tekið fram, og enn vil taka fram, að setja tekjunar eins og þær geta orðið *minnstar*, en lægra getur engin ástæða verið til að setja þær. Hinn háttvirti 2. þingmaður Suður-Múlasýslu hafði haldið langa og fagra ræðu í dag, sem jeg því miður fór á mis við, jeg varð að ganga út í brýnum erindum; en þó jeg væri nú svo óheppinn, að geta ekki heyrt ræðu hins háttvirta þingmanns, hef jeg frjett, að jeg held, meiningu orðanna eða merg málsins úr ræðu hans. Hann mun þá í fyrsta lagi hafa sagt, að meðalalin í fiski í Suður-Múlasýslu sje 50 aurar; þetta er alveg rjett; en það er ekki eins rjett hjá þingmanninum, að taka tillit til þessarar einu sýslu. Í Eyjafjarðarsýslu var meðalalin í fiski 45½ eyrir, en meðalverð allra meðalverða 52 aurar, og þannig er meðalalin hjer um 7 aurum lægri. Þetta verður vel að takast til greina. Einnig hefði þingmaðurinn þurft að taka tillit til Ísafjarðar- og Gullbringusýslu; Gullbringusýslu sjerstaklega vegna eins fjarðar, og það er Hafnarfjörður; þar er á ári hverju nokkur síldarveiði, og gæti verið meiri ef vel væri á haldið. Því næst sagði hinn háttvirti þingmaður, að hann hefði verið staddur á þingum fyrir austan, þar sem spítalagjald af síld var inn krafið, og hefði að eins einn maður skorazt undan að greiða gjaldið; en að þessi eini maður hafi skrifazt á við mann hjer á Suðurlandi, sem mjer mundi vera kunnur. Það er nú enginn hægðarleikur að geta sjer í vonirnar, hver þessi maður á Suðurlandi hafi verið; en þar sem þingmaðurinn vjek að því, að hann muni vera kunnugur þingmanni Borgfirðinga, og með því, ef til vill, meint mig, þá get jeg gefið honum þær upplýsingar, að jeg að vísu skrifaðist á við 2 menn fyrir austan, en hvorugur þessara manna voru Norðmenn; þeir eru báðir Íslendingar, og annar þeirra skrifaði mjer, að tregt gengi með borgunina; sumpart neiti menn að borga spítalagjald af síld; sumpart sjeu þeir, sem áður hafi heitið borgun, farnir að fá «Betænkeligheder», eins og hann nú orðar það; og segir hann einnig, að mönnum þar eystra muni ekki þykja það nóg, að landshöfðinginn skipi að innheimta, heldur þurfi að vera vissa fyrir, að það sje lögum samkvæmt. En að svo miklu leyti sem 2. þingmaður Suður-Múlasýslu hefur sveigt að mjer, að sá, sem ekki vildi borga, hafi skorazt undan því vegna minna orða, þá verð jeg að biðja þingmanninn að breyta þessari skoðun sinni. Svo get jeg látið úttalað um athugasemdir 2. þingmanns Suður-Múlasýslu, og sný jeg mjer þá að hinum hæstvirta landshöfðingja. Hann sagði tvennt, sem

mjer þykir athugavert. Hann sagði, að 10. tölul. 2. gr. hefði enga verklega þýðingu; jeg held, að jeg hermi orð hans rjett, að hann hafi sagt, að þessi töluliður hefði enga verklega þýðingu. Hinn háttvirti landshöfðingi, eins og nefndin, treystir upp á það gjald, sem kemur inn við útflutningsgjaldið; en það gjald á alls ekki hjer heima; það heyrir undir 18 gr.; enda leyfi jeg mjer í þessu tilliti að benda á athugasemdir nefndarinnar við 10. tölul. Jeg leyfði mjer áður að efast um, að 25000 kr. innheimtust sem spítalagjald af síld, en um hitt hef jeg aldrei efast, að svo mikið og meira geti komið inn sem útflutniugsgjald, og það skoða jeg sem lífakkeri þessa fjárhagstímabils. Það mun ekki fjarri sanni, að þessar tekjur geti orðið um eða jafnvel yfir 40000 kr. á ári, en þessi tekjugrein kemur, eins og jeg sagði, undir 18. gr. og ekki undir 2. grein. Hún er þetta athvarf, sem jeg treysti á, ef það skyldi reynast, að tekjurnar yrðu lægri og gjöldin yrðu hærri en ætlazt er á. Eins og það er engin von. að þessar 25000 kr. komi inn fyrir spítalagjald af síld, eins er það mín vísasta von. að nefndin sjái, að það, sem hún vonar og treystir að bæti þetta gjald upp, að það eigi ekki heima við 10. tölulið 2. gr., heldur við 18. gr., ef hún yfirvegar þetta mál kapplaust og rólega. Við 6. gr. gjörði landshöfðinginn þá athugasemd, sem kom mjer á óvart, en sem aptur á móti má vera okkur huggun og von, ef við skyldum við annað tækifæri vilja brjóta stjórnarskrána. Hann sagði á þessa leið: — jeg vona, að jeg hermi orð hans rjett; mjer þóttu þau svo þýðingarmikil, að jeg setti þau á mig —: «Ef deildin samþykkir, að frádragið verði sett gjaldamegin, þá er það að vísu breyting á konungsúrskurði, en jeg skal þó ekki hafa neitt á móti því». Þetta er dýrmætt; jeg vissi það ekki áður, en *nú veit jeg*, að hið heiðraða alþingi hefur vald til að *breyta* konungsúrskurði á fjárlögum, ef það vill. Fyrst svona er, get jeg greitt atkvæði í herrans nafni með 6. gr., eins og nefndin vill hafa hana. Jeg vona, að aðrir hinir háttvirtu deildarmenn geti skilið, og vorkennt mjer, þó mjer þyki þessi tvö atriði, sem jeg hef nefnt, þýðingarmikil og huggandi. Þá verð jeg að minnast á athugasemdir tveggja þingmanna, sem minntust á verðlagsskrána; hjelt annar þeirra, að hún mundi ekki lækka á þeim árum, sem nú fara í hönd, en öðrum þóttu líkur til, að hún mundi öllu fremur hækka. 1. þingmann Suður-Múlasýslu vil jeg spyrja: Eru líkindi til þess, þegar mjög er fækkað fje, og mikið kemur á markaðinn, að verð þess hækki? Nei! Þvert á móti. Það lækkar í verði, en hækkar ekki. Menn bjóða það fyrir minna verð til þess að geta komið því út, og sjá ekki í það, þó þeir verði að selja sauðinn krónunni minna. Jeg er viss um, að hinn háttvirti þingmaður, sem er svo skýr og skilningsgóður, getur skilið þetta, og verður á mínu máli, þegar hann yfirvegar þetta rólega og kapplaust. Á 3. blaðsíðu í athugasemdum nefndarinnar gjörir nefndin sjálf ráð fyrir, að verðlagsskrá lækki; og þegar jeg nú tala orðum nefndarinnar, hve nær get jeg þá talað út af betri texta? Það hefur verið sagt, að kýr mundu hækka í verði; jeg held ekki; þær koma víst ekki á markaðinn, og það, sem ekki kemur á markaðinn, getur ekki hækkað í verði, um það erum við vonandi samdóma. 1. þingmaður Suður-Múlasýslu sagði enn fremur, að það væri *skemmtilegra* að sjá þessi gjöld útgjaldamegin; það er hvorttveggja, að fáir hafa skemmtun af fjárlögunum, enda mun landshöfðingjanum ekki þykja nein skemmtun að sjá okkur veita fje, sem við höfum enga heimild til að veita. En ef það skyldi koma fyrir, að eitthvað væri strykað út af fjárlögunum,

og það hefur komið fyrir, þá er sjálfsagt skemmtilegra að fá aptur konungsúrskurð fyrir því, enda hefur það og verið gjört. Þá sný jeg mjer loksins að hinum háttvirta framsögumanni fjárlaganefndarinnar. Hann gat þess, að spítalagjaldið af sild kæmi fyrst inn árið eptir; en jeg verð að gjöra honum viðvart, að þetta er ekki rjett; reyndar kemur gjaldið inn í landssjóð árið eptir, en þeir, sem eiga greiða það, eiga að gjöra það áður en þeir fara úr plássinu burtu. Jeg bið því hinn háttvirta formann fjárlaganefndarinnar, að svara því spursmáli, hvort hann hefur vissu fyrir, að gjald þetta hafi verið greitt fyrir austan og norðan, áður en menn fóru; þetta þætti mjer fróðlegt að vita, einkum vegna þess að jeg sje, að sýslumaðurinn fyrir austan vorið 1881 — í vor er var — var enn í vafa um, hvort hann ætti að innheimta þetta gjald. Eða ef nokkrir hafa goldið, hvort þeir leita þá ekki dómstólanna um endurborgun gjaldsins. Ef jeg fæ ekki fullnægjandi svör upp á þessi spursmál, verð jeg að minnsta kosti að telja þetta óvissar tekjur landssjóðs, sem mikið spursmál er um hvort honum skuli telja til innheimtu. Enn talaði hinn háttvirti framsögumaður um, að jeg mundi hafa tekið tillit til eða hugsað mest um dómkirkjuna, þegar jeg hækkaði 4. tölul. 3. greinar. Í stjórnarfumvarpinu, eða að minnsta kosti í landsreikningnum fyrir 1878, minnir mig að að eins sjeu nefndar 4 kirkjur, og þó sumstaðar sjeu taldar 7, þá vantar þó eina: Móðruvallaklausturs-kirkju. Nefndin hefur þar á móti að eins tekið 4 til greina, og má þó með tímanum vænta tekja af hinum, þó þær hafi verið í skuld. Af þessum ástæðum vildi jeg hækka þennan tölulið, en ekki af því, að jeg tæki dómkirkjuna með í reikninginn. Hinn háttvirti framsögumaður sagði, að rjett væri að telja allar *kostnaðarlausar* tekjur á tekjudálki, en má jeg spyrja, hvaða kostnaður er við tekjur þær, sem við köllum tillag úr ríkissjóði? eða gjald til hinnar innlendu stjórnar? Jeg get, eins og jeg hef áður sagt, greitt atkvæði með þessari grein, einungis sakir hinna huggandi orða landshöfðingjans, en hugsunarrjett er það ekki. Jeg vona að síðustu, að hinn háttvirti núverandi framsögumaður fjárlaganefndarinnar, þó hann annars í öllu kunni að vera mjer fremri, fylgi mjer þó í því, að setja tekjur landsins heldur of lágt, en of hátt, því að sjeu þær settar of hátt, er stór óleikur gjörður fjárhag landsins. Jeg hef sagt það áður, setjið áætlunina á tekjudálkinum svo, að hún geti verið viss, þá er hægra að ætlast á um útgjöldin; hafi jeg 10,000 kr. í vasanum, get jeg betur vitað, hvað jeg hef að borga með, heldur en ef jeg hef það í óvissri áætlun í tölum. Jeg vona, að bæði hin heiðraða nefnd og framsögumaður hennar sjái, að engin af þessum athugasemdum miðar til þess að leita á hana eða hann, heldur vil jeg biðja hana og hann að taka þessi orð mín sem vinsamlega bendingu frá gömlum framsögumanni fjárlaganefndarinnar.

Landshöfðinginn: Jeg hef ekki neitt á móti breytingaruppástungu hins háttvirta þingmanns Borgfirðinga og 3 annara háttvirtra þingmanna við 13. tölul. 2. gr., að færa upphæðina upp í 2000 kr. og skal mæla með því, að hin háttvirta deild samþykki hana. Jeg held, að hinn háttvirti þingmaður Borgfirðinga sje sá eini hjer í salnum, sem hefur misskilið orð mín um spítalagjaldið. Jeg skal taka til dæmis, ef stjórnarfrumvarpið stendur óbreytt í 10. tölul. 2. gr., eins og hinn háttvirti þingmaður vill, ætli þá þessar 7400 kr. hafi verklega þýðingu. Hinn háttvirti þingmaður Borgfirðinga hefur misskilið orð mín viðvíkjandi konungsúrskurði 25. maí þ. á., þar sem jeg sagði, að *ef* alþingi samþykkti *og* konungur staðfesti fjárlögin með þessari breytingu, sem nefndin hefur stungið upp á við 6. gr., þá er undireins hinum kgl. úrsk. 25. maí breytt, sjálfsagt af konungi sjálfum

með úrskurði hans eða með staðfestingu hans á fjárlögunum. En á hinn bóginn má sjá af athugasemdunum við stjórnarfrumvarpið 6. gr. bls. 18, að þessi breyting eða þessi »Ompostering» ekki muni verða því til fyrirstöðu, að fjárlögin verði staðfest, því þar er með berum orðum tekið fram, að það skiptir litlu, hvar þessi útgjöld eru færð til. Konungsúrskurð 25. maí mætti í sjálfu sjer álíta óþarfan, eins og segir í aths. bls. 18, þar sem konungur með því að samþykkja, að fjárlagafrumvarpið, þar sem upphæð sú, er ræðir um, er tiltekin, verði lagt fyrir alþingi, í raun og veru hefur ákveðið upphæð útgjaldanna. En *til þess að taka af öll tvímæli og þráttanir* um þetta atriði, sem áttu sjer stað á alþingi 1879, fyrir framgöngu hins háttvirta þingmanns Borgfirðinga, hefur samt sem áður þessa konungsúrskurðar verið leitað. Þetta er tilgangur þessa konungsúrskurðar, en það stendur á litlu, hvort þessi upphæð er færð til í fjárlaganna 6. eða 8. gr.; en ráðgjafinn, er hefur leitað samþykkis konungs til að leggja fyrir alþingið þetta frumvarp, tekur það fram með berum orðum í athugasemd við það, að hann álíti það *eðlilegast*, að telja útgjöld þau, er ræðir um, með útgjöldum í fjárlögunum; hann er því nefndinni samdóma um það, að eðlilegra sje að færa útgjöldin, eins og hún stingur upp á, en eins og hinn háttvirti þingmaður Borgfirðinga stingur upp á, með því að draga þau frá árstillaginu úr ríkissjóðnum; en jeg tek það upp aptur: þessi breyting skiptir litlu.

Jón Ólafsson: Jeg vil svara nokkrum atriðum í ræðu hins háttvirta þingmanns Borgfirðinga. Hann sagði, að nefndin hefði viljað hækka á pappírnum að eins tekjurnar, til þess að hún hefði átyllu til að veita rífari útgjöld; en þetta er gjörsamlega rangt og ástæðulaust. Sjerstaklega verð jeg að mótmæla því, að þetta eigi sjer nokkurn flugufót, þar sem um tekjurnar af póstferðum er að ræða; miklu fremur hið gagnstæða: af því að vjer höfum veitt fje til að stofna nýja brjefhirðingastaði, og eins af því, að nú verða eptirleiðis fluttir þyngri bögglar með strandferðaskipunum (samkvæmt lögum, sem þingið hefur fallizt á), þá þótti oss auðsætt, að fleiri brjef og fleiri bögglar yrðu póstfluttir eptir en áður, og að brúttóinntektir af póstferðum mundu því vaxa jafnframt útgjöldunum, ef ekki jafnt, þá samt í tiltölu rjettri. Það var mikið leiðinlegt, að hinn háttvirti þingmaður Borgfirðinga skyldi ekki vera inni í dag, þegar jeg talaði í fyrra sinnið, því að þær fregnir, sem hann hefur fengið af ræðu minni, get jeg ekki kallað rjett hermdar. Jeg talaði þannig aldrei um, að hann hefði skrifazt á við mann fyrir austan, heldur við mann í Noregi, og þessi maður er grósseri Lehmkuhl í Björgvin; hann mun varla neita því, þar sem jeg hef skilríkin í höndum hjer á þingi hjá mjer. Hann lagði mesta áherzlu á, að alinin í fiski væri talsvert lægri í öðrum sýslum en í Múlasýslu, svo sem í Eyjafjarðarsýslu nú 46 aurar; en það er ekki langt síðan, að hún var 48 aura, og þar hafa aflazt 10,000 tunnur af síld; á Ísafirði er alin í fiski 53 aurar, en þar hafa aflazt 6000 tunnur, og í Múlasýslu er meðalalin 51 eyrir, og þar hafa veiðzt 90,000 tunnur; en frá Hafnarfirði hafa eigi verið fluttar út nema 30—40 tunnur, og er því mjög ólíklegt, að verðlagsskráin þar geti gjört mikið til, þó að hinum háttvirta þingmanni Borgfirðinga finnist það. En þar á ofan bætist nú það, að í Gullbringusýslu er alinin í fiski 60 aurar. En meðan að eins einar 30 tunnur flytjast út þaðan, hefur það litla þýðing, og þó alinin væri þar aldrei svo lág, þá mundi spítalagjaldið ekki rýrna við það, þó að »meira kynni að aflast» í Hafnarfirði en nú. Það vona jeg hver heilvita maður sjái. Og þetta gildir um hverjar nýjar stöðvar, sem

síld kann síðar að aflast á, en aflast ekki á nú; og það því fremur sem alinin í fiski er í flestum sýslum hærri en í Múlasýslum, nema í Eyjafjarðarsýslu. Þetta er því bezta ástæða með nefndinni en eigi á móti henni, þó að ekki líti út fyrir, að hinn háttvirti þingmaður Borgfirðinga sjái það. Hvað Norðmennina snertir, þá hafði hann ekki rjett eptir mjer; jeg hef sjálfur verið á manntalsþingi, og þar neitaði enginn að borga spítalagjald, en meðal Norðmanna þeirra, er skrifazt hafa á við mig, var einn, sem var í efa um, hvort hann ætti að trúa mjer til þess, að sjer bæri að borga það, en jeg hef nú heyrt af hinum háttvirta þingmanni, að sumir hafi borgað með fyrirvara um að mega höfða mál, en þeir hafa eigi gjört það enn. Hinn háttvirti þingmaður Borgfirðinga sagði, að eigi væri skemmtun að fjárlögunum, nema það kynni að verða skemmtun fyrir landshöfðingjann, ef vjer færum að greiða atkvæði um fjárveitingar, sem vjer hefðum engin ráð yfir. Þessarar skemmtunar getur nú hinn hæstvirti landshöfðingi notið, alla þá tíð sem nokkur útgjöld eru lögákveðin þannig, að þingið er skylt að veita þau, meðan þau eru eigi með lögum af numin; við verðum að greiða atkvæði um alla skatta og tekjur landsins, og eru þær þó lögákveðnar allar að kalla; ef við ættum eigi að greiða atkvæði um neitt, sem lögákveðið er áður, þá yrðu fjárlögin næsta mögur, og þá held jeg að hinum háttvirta þingmanni Borgfirðinga þætti frumvarpið dauflegt; þá mætti t. d. fella hjer um bil allan tekjubálkinn úr, því hann er allur lögákveðinn, og svo má úr útgjaldabálknum fella öll embættismannalaun og fleira, sem er lögákveðið. Hinn háttvirti þingmaður sannar því, eptir sinni skoðun, að vjer höfum ekkert að sýsla með meginatriði fjárlaganna. En «qui nimium probat, nil probat». Það er ekki gott, að tekjur landsins sjeu of hátt reiknaðar, en eigi er heldur hóti betra, að þær sjeu of lágt reiknaðar. Nefndin vildi reyna að forðast hvorttveggja og fara sem næst því, er satt mundi reynast, og jeg get ekki sjeð, að ástæða sje til að ætla, að nefndinni hafi skjátlazt mjög í því.

Varaforseti: Jeg ímynda mjer, að hinir háttvirtu þingmenn hafi þegar fengið nóg af þessari baráttu, sem hinn háttvirti þingmaður Borgfirðinga hefur vakið. Hann lýsti því yfir, að hann gjörði það ekki sem vandlætari, eða af því, að hann vildi spilla fyrir nefndinni; og var það gleðilegt fyrir nefndina að heyra það, því að henni var ekki orðið grunlaust um, að svo væri. Hann tók það fastast fram, að tekjur landsins væru eigi settar nema sem lægstar, af því að það væri svo áríðandi, að komast eigi í fjárþrot. Hann vill setja suma gjaldliðu niður um samtals um 20,000 krónur, aðra vill hann hækka um 3000 kr. Lækkun hans verður þá um 17000 kr., og með þessari lækkun óttast hann gjaldþrot, og sjer þó, að afgangs eru undir 60,000 kr. Þegar gjöldin koma, þá má þó búast við minni niðurfærslu og sparnaði af hans hálfu. Jeg get nú ekki sjeð neinar líkur til, að árið 1882 verði lausafjárskattnrinn minni en nú. Þar sem hinn háttvirti þingmaður Borgfirðinga sagði, að í Gullbringusýslu hafi fallið tveir þriðjungar af fje, þá er það ekki rjett, og jeg er viss um, að enn er þar meira af tíundarfæru fje lifandi en menn tíunduðu í fyrra haust; jeg leiði hjá mjer að færa frekari rök fyrir því, en skal að eins geta þess, að við vísitatíu á einni kirkju var enginn bóndi í skiptitíund í fyrra, nema kirkjueigandinn; jeg spurði, hvernig á því stæði, og kváðust þeir þá eigi tíunda, fyr en niðurskurðurinn væri borgaður. En þó að sauðfjenaður fækkaði, skyldu skipin þá einnig fækka? en þau eru þó lögð í tíund, og eru ekki svo lítill hluti af tíundinni. Fækkunin getur ekki komið til greina fyr en 1883. Jeg vil ekki

tala meir um einstök atriði þessa máls, en jeg leyfi mjer að vænta þess, að nefndin hafi nóg atkvæði með sjer. Það verða allir að sjá, að það er miklu rjettara, að byggja sem mest á því, sem verið hefur, en að byggja á hugarburði einum og spádómum. Sú fyrri aðferðin er sæmandi fyrir þingið, sú síðari ekki. Þó að tekjurnar verði þá nokkuð minni en áætlað er, þá er öllu óhætt og sízt að óttast fjárþrot.

Halldór Friðriksson: Það er búið að tala margt um þetta mál, og einkum um hinn 1. tölul. 2. gr. Jeg verð að segja það, að jeg hef enn eigi getað sannfærzt um það, að hann væri rjettur, og allra sízt eptir að jeg heyrði þessa síðustu ræðu, því að ef nokkuð ætti að geta sannfært hina háttvirtu þingmenn um, að stjórninni og nefndinni hefði skjátlað í því atriði, þá hlyti sú ræða að gjöra það. Jeg tek það enn fram, að til þess að fá rjetta hugmynd um fjárhag vorn, er áríðandi, að telja eigi tekjurnar meiri en full vissa er fyrir að þær muni verða. Það er óneitanlega merkileg skoðun, sem hinn 2. þingmaður Suður-Múlasýslu hefur, þegar hann segir, að til þess að fá útgjöldin, verði að hækka tekjurnar, en sú hækkun verður einungis á pappírnum. Nei, til þess að auka tekjurnar í raun og veru, þarf að auka gjaldstofninn eða taka upp nýjan gjaldstofn. Þegar komið er með slíka ástæðu, sem þessi heiðraði þingmaður gjörir, þá er það að eins til að villa sjónir fyrir öðrum, og það getur ekki verið rjett. Jeg ætla, að rjettast sje, að telja tekjurnar sem næst hinu sanna, og heldur of lágar en of háar, og þá sjest, hver útgjöld er hættulaust að leggja á þær. En sjeu útgjöldin of hátt sett og tekjurnar of lágt, koma vandkvæði, því að þeir, sem gjöldin eru ætluð, munu eigi þykjast skyldir að gefa eptir af því, sem þeim hefur verið lofað, þótt tekjurnar verði miuni, en á er ætlað. Ætli t. a. m. að forstöðumenn Flensborgarskólans segðu ekki: «Alþingi hefur veitt mjer þennan styrk, og jeg vil fá hann, hvort sem einhver skattur verður meiri eða minni, en við var búizt». Það getur enginn sagt með sanni, að fje hafi eigi fækkað hjer sunnanlands að miklum mun, því að jeg veit til, að bændur hafa misst jafnvel svo hundruðum hefur skipt, sumir hafa misst allt sitt fje, og 1 t. a. m. á einar 70 kindur eptir af 200; og þó það kunni að hafa orðið mest brögð að þessu í Gullbringusýslu, þá hefur fjeð fækkað líka annarstaðar og það til muna. Þetta safnast, þegar saman kemur, þótt lítið kunni að vera á hverjum stað. Það er og athugavert við hina næstu verðlagsskrá, að hún hlýtur að lækka, einmitt við fjármissinn í ár. Það er rjett, að verðlagsskráin hækkar að líkindum aptur næsta ár vegna fæðar fjárins, en þó eigi mjög mikið, því að þótt fæðin verði mikil, þá verða líka fáir, sem geta keypt. Að því er síldargjaldinu viðvíkur, þá finnst mjer mikill vafi um það; það lítur svo út, sem frumvarpið um útflutningstoll sje orðið að lögum, og spítalagjaldið talið eptir því frumvarpi, en jeg get eigi sjeð, hversvegna menn vilja hækka þetta gjald svo mjög, því að þetta útflutningsfrumvarp er eigi orðið að lögum, og þingið má alls eigi miða tekjurnar við það frumvarp, heldur að eins við hina gildandi spítalalöggjöf. Jeg verð að leyfa mjer að lagfæra hjá 2. þingmanni Suður-Múlasýslu þau orð, sem hann hafði eptir þingmanni Borgfirðinga um síldarveiðina í Hafnarfirði. Hann sagði ekki að þar *væri* mikil síldarveiði (*Jón Ólafsson:* Jú, nokkur síldarveiði!), heldur að þar *gæti*, ef til vildi, *orðið* mikil síldarveiði, ef vel væri á haldið. (*Jón Ólafsson:* Ekki minnkar við það!).

Þá kem jeg nú til 6. gr. Ef uppástunga hinnar heiðruðu nefndar gengur fram, get jeg eigi greitt atkvæði um hana, því að jeg hef þar engan atkvæðisrjett. Vjer getum eigi ráðið neinu um þessa upphæð; kon-

ungsúrskurður einn getur breytt þeirri upphæð. Konungur segir 25. maí: «Þetta fje *er* dregið frá tillagi ríkissjóðsins». Vjer höfum rjett til að segja t. a. m.: «Þetta er ekki rjett reiknað»; þess vegna höfum vjer atkvæði um það, því að vjer gefum eigi atkvæði um það fje, sem frá er dregið, heldur um afganginn. Þessa gæti þingmenn vel. Vjer getum bætt við 96,500 kr. í 6. gr. og gjört það að 97,000 kr., ef svo ber undir; en ef vjer vildum breyta 12,400 t. a. m. í 12,000, þá skyldum vjer sjá, hvort hinn hæstvirti landshöfðingi bæði oss eigi vel að lifa; og til þess hefur hann líka fullan rjett. Það getur hver maður skilið eptir skýlausum orðum stjórnarskráar vorrar, að það er eigi að eins rjett, heldur áskilið, að draga tillag þetta frá *fyrir fram*. Jeg skal nú eigi tefja hina heiðruðu þingdeild lengur. Jeg ímynda mjer, að ef þeir skilja eigi ástæðurnar fyrir 1. og 6. gr., þá sje það af því, að þeir vilji ekki skilja þær.

Framsögumaður: Jeg finn mjer skylt að þakka hinum háttvirta þingmanni Borgfirðinga fyrir það, hve stillilega hann talaði í síðari ræðu sinni. En þó verð jeg að vera á móti honum stundum í sumum atriðum. Jeg verð eptir hvatning hans, að minnast enn á spítalagjaldið, og læt jeg hann vita, að nefndin hefur byggt upphæð þess á þeim afla, sem hún veit að hefur verið síðastliðið haust bæði við Eyjafjörð, á Austfjörðum og víðar, eins og jeg tók fram áður í dag. Mig furðar á því, að menn vilja breyta fyrirsögn 10. töluliðar, eins og hinn háttvirti þingmaður Reykvíkinga tók fram. Það gegnir furðu, að menn, sem hafa verið á alþingi áður, skuli láta sjer detta slíkt í hug. Jeg vil benda hinum háttvirtu þingmönnum á það, að í fjárlagafrumvarpinu 1877 yfir fjárhagstímabilið 1878—79, voru 5 tekjugreinar teknar af, en settir í staðinn 4 skattar, þó þannig, að í fjárlagafrumvarpinu voru nöfnin látin halda sjer. Jeg vil spyrja þessa hina háttvirtu tillögumenn: voru eigi «tekjur af ljenssýslum, lögþingisskrifaralaun, tekjur af umboðssýslugjöldum, konungstíundir, lögmannstollur» látin standa bæði árin í fjárlögunum, þótt þingmenn vissu, að tekjugreinar þessar hyrfu síðara árið? Eða voru þeir hinir nýju tollar settir inn síðara árið, eptir að skattalögin höfðu náð staðfestingu konungs? Nei, nöfnin á tekjugreinunum stóðu og enda hlutu að standa eins fyrir árið 1879, sem 1878, þótt tekjur þessar væru fyrir 1879 af teknar með lögum. Nú hefur nefndin haft hina sömu aðferð, með því að útflutningsgjaldið verða tekjur á 18. grein. Og þó eru gamlir þingmenn, eins og þingmaður Reykvíkinga, að mæðast út af þessu, eins og það sje nokkur nýjung; en honum er reyndar fyrirgefanlegt, því honum hættir við að verða nokkuð ákafur, þegar hann kemst út í einhverjar röksemda leiðslur. En jeg hef að eins tekið þetta fram, af því að hinn háttvirti þingmaður Borgfirðinga hefur einnig hneyxlast hjer á, þar sem hinn háttvirti þingmaður Borgfirðinga talar um tekjur af kirkjum, þá þótti mjer gott, að hann hafði ekki dómkirkjuna á bak við eyrað, og að það hefur verið tóm ímyndun mín. En þó verð jeg að segja, að jeg get ekki verið á sömu skoðun sem hann, að færa þær tekjur upp. Í landsreikningunum bls. 148 eru taldar upp eigi nema 7 landskirkjur, en af þeim eru þó að eins 5, sem tekjur koma af. Möðruvallakirkja er í stór-skuld, svo engar líkur eru til, að frá henni komi nokkur eyrir á næsta fjárhagstímabili. Meiri ástæða er til að hækka hinar óvissu tekjur en þessar kirkjutekjur; jeg skal játa það; en nefndin vildi þó ekki gjöra það, einkum til þess að fara eptir hinni góðu reglu hins gamla framsögumanns, að setja eigi tekjurnar of hátt. Mig minnir, að hinn háttvirti þingmaður Borgfirðinga segði, að það væri móti stjórnarskránni að hafa 6. gr. frumvarpsins svo orðaða, sem nefndin hefur gjört. Ef svo er, þá hefur stjórnin sjálf

breytt á móti stjórnarskránni í fjárlagafrumvarpinu 1875, 77 og 79 með því að hafa þar sömu niðurröðun. Þingmaðurinn sagði og, að það væri brot á móti stórnarskránni, að breyta konungsúrskurði. Hefur þá hinn háttvirti þingmaður Borgfirðinga eigi gjört sig sjálfan sekan í líku broti? Er ekki fjárlagafrumvarpið byggt á konungsúrskurði? Er fjárlagafrumvarpið nokkur lítilfjörlegur konungsúrskurður? Hinn háttvirti þingmaður Borgfirðinga hefur gjört sig sekan í því að breyta fjárlagafrumvarpi stjórnarinnar, og hann hefur gjört sig sekan í því, að nema burtu þessar gömlu 2000 kr., og hefur þá gjört sig sekan í tvöföldu broti móti konungsúrskurði. Ef konungur staðfestir niðurröðun 6. gr., þá er breytt fyrri konungsúrskurði, því að staðfesting fjárlaganna er sannarlega fullt ígildi konungsúrskurðar. Jeg skal svo ekki tala meira að sinni. Jeg hef álitið skyldu mína að svara hinum háttvirta þingmanni Borgfirðinga, en með allri stillingu, eins og hann sjálfur talaði.

Landshöfðinginn: Hinn háttvirti þingmaður Reykvíkinga tók það svo sterklega fram, að með konungsúrskurði 25. maí *sje* upphæð sú, er ræðir um (2000 kr.), *dregin frá* árstillaginu, og verð jeg að leiða athygli hins háttvirta þingmanns að því, að þetta er misskilningur. Hann hlýtur að sjá, að þar sem árstillagið 1883 er enn ekki komið í gjalddaga, þá er það ekki samkvæmt rjettum hugsunarreglum að segja: upphæðin *er* dregin frá því. Jeg tek það upp aptur, að jeg sje ekki neitt því til fyrirstöðu, að breyta þessari niðurskipun, sem hjer ræðir um, og skal jeg í því tilliti skírskota til þess, sem jeg áður gat um. Það er sitt hvað, að breyta konungsúrskurði, til þess vantar alþingi alla heimild, og að breyta niðurröðun fjárlagafrumvarpsins.

Benedikt Sveinsson: Mjer hefur heyrzt það á ræðum sumra háttvirtra þingmanna, einkum hins háttvirta þingmanns Borgfirðinga og þingmanns Reykvíkinga, að það væri nauðsynlegt, til þess að fá *rjetta* hugmynd um fjárhag landsins, að telja ekki tekjurnar *of hátt*, og það væri *skaði* fyrir landið, að telja þær of hátt, en þetta á þó, vænti jeg, ekki að innibinda í sjer, að það sje *hagur* eða ábati fyrir landssjóðinn, að telja þær *of lágt*. Menn skyldu þó ímynda sjer, að ef það er skaði að telja tekjurnar of hátt, þá sje það *ábati* að telja þær of lágt, eða *ekki* of hátt, því að, ef tekjurnar minnka við það, að telja þær of hátt, þá hljóta þær líklega að vaxa við það, að telja þær of lágt, eða ekki of hátt. Jeg kann ekki «logík». ef þetta er ekki rjett «logík»; en jeg get ekki ímyndað mjer, að þessi logík hinna heiðruðu þingmanna sje þó rjett, og það veit jeg, að nefndinni hefur aldrei dottið í hug, að láta fje landssjóðsins vaxa með því, að setja tölur einar á pappírinn, eins og hinn háttvirti þingmaður Reykvíkinga sagði, en hún hjelt, að fjeð mundi hvorki vaxa nje minnka við það, að telja fje landssjóðs of lágt eða of hátt, eða það, sem ómögulegt er með áætlun fyrirfram, hvorki of hátt nje of lágt. En það er þó sannarlega ekki þýðingarlaust, að telja tekjurnar heldur of hátt, en of lágt, úr því hjer er um áætlun að ræða og maður getur ekki fyrirfram sjeð tölueppphæðirnar alveg rjettar, heldur en í óskrifaðri bók.

En þetta verður að vera innan vissra takmarka, þeirra takmarka, að útgjaldabálkur frumvarpsins ekki sje byggður á því, sem umfram *getur* verið talið. Tökum dæmi og gjörum oss það ljóst. Margir hafa kvartað undan því, að illa sje talið fram til tíundar á Íslandi, en sjeu nú tekjur af lausafjártíund settar heldur of hátt eptir tíundarframtalinu gamla, er það óefað hvöt fyrir landsstjórnina, að ganga ríkt eptir, að rjett sje talið og allt goldið, sem landssjóðnum ber. En sjeu þær settar of lágt, þá getur landsstjórnin náttúrlega og

skattheimtumennirnir sagt við landssjóðinn og alþingi: þú þarft ekki, góðurinn minn, að ganga ríkara eptir, því að upphæðin, sem þú hefur tiltekið í fjárlögunum og þorað að áætla, er komin inn í landssjóðinn, og þegiðu svo! Svona fer eptir kenningu hinna háttvirtu þingmanna Borgfirðinga og Reykvíkinga. Jeg get heldur eigi sagt, að ástæða sje til sökum fellis í vor að færa niður 1. tölul. 2. gr., því þó að eptir ræðu hins háttvirta þingmanns Reykvíkinga hafi kveðið ramt að felli hjer á Suðurlandi í vor, sem jeg neita, þá get jeg borið vitni um það, að þar sem jeg þekki til norðanlands, sem er aðalhluti Íslands, efast jeg um að nokkurntíma hafi fleira fje verið framfleytt að vordögum, en einmitt á þessu vori og eptir þennan víkingsvetur. Þetta sýnir þá þolrifin í Norðlendinga fjórðungi fram yfir Sunnlendinga. Það er að sönnu satt, að þetta sumar lítur illa út, og líkindi eru til að fjenaður fækki í haust; en hinn háttvirti þingmaður Borgfirðinga segir, að ekkert megi byggja á lögum, sem ekki eru komin út. Hvernig getur hann þá byggt á útliti árferðisins? Náttúrunnar lög eru líka lög, sem standa í óskrifaðri bók, eins og fjárhagslög alþingis, en sá er munurinn, að árferðið er í *drottins* hendi, og hann er máttugur og hefur nóg ráð til að afstýra öllum þessum gífurlega felli, sem þingmaður Borgfirðinga er svo hræddur við og telur alþinginu trú um að það eigi að byggja fjárhagslögin 1882—1883 á! Jæja! Látum það gott heita. Ef hinn háttvirti þingmaður Borgfirðinga getur komið með óræka *áætlun*, að jeg segi ekki reikning um, hvernig árferðið verður, og hve mikill þessi ímyndaði fellir verður (*Jón Ólafsson*: himnabrjef!); já, ef hinn háttvirti þingmaður kemur með *himnabrjef* fyrir því, hve mikill þessi fellir verður, þá er hægt að búa til fjárlög fyrir Ísland 1882—1883 eptir grillum þingmanns Borgfirðinga. En jeg get sagt honum það með sanni, að jafnvel þótt lausafjeð í landinu fækki sem $^1/_6$ part, getur lausafjárskattur sá, sem nefndin hefur ráðgjört, haldizt. Jeg álasa ekki bændum fyrir tíundarsvik, því sú synd er eins og erfðasyndin, en þetta er þó sannmæli.

Hinn háttvirti þingmaður Reykvíkinga hefur misskilið orð hins háttvirta sessunautar míns, 2. þingmanns Suður-Múlasýslu, og finn jeg mjer skylt að leiðrjetta það. Hinn háttvirti þingmaður Reykvíkinga sagði, að hann hefði sagt, að það þyrfti að hækka tekjurnar til þess að fá útgjöldin, en það er ekki rjett hermt, því að hann sagði, að með því að nefndin hefði fjölgað brjefhirðingastöðum, mætti ætla að tekjurnar yxu, án þess að þingmaðurinn staðhæfði, að það yrði í *sama* hlutfalli; þetta sagði hinn háttvirti sessunautur minn og ekkert annað, og af þessu og engu öðru má hinn háttvirti þingmaður Reykvíkinga draga ályktanir sínar. Jeg skal enn taka eitt atriði fram viðvíkjandi síldarveiði Norðmanna. Af síld voru útfluttar árið sem leið 106,000 tunnur, og greitt gjald af, en nefndin leggur ekki nema á 70,000 tunnur, og enn fremur ber þess að gæta, að nú stunda síldarveiði sjálfsagt þrefalt fleiri en umliðið ár. Af þessu sjá menn berlega, að hinn háttvirti þingmaður Reykvíkinga hefur ekki byggt á rjettu, er hann sagði, að nefndin hefði farið of langt í þessu áætlunaratriði. En þar sem komið hefur fram júridiskur vafi um, hvort spítalagjald beri að greiða af síldarveiði Norðmanna, þá er það fjarskalega varúðarvert fyrir þingið að láta skilja á sjer í fjárlögunum efa um, að gjaldið af síldarveiðinni muni gjaldast landssjóðnum, af því hann eigi ekki lögheimtingu á því. Slík kenning *fyrir fram* er hættuleg kenning, jafnvel á hinum dýrmætu vörum þingmanns Borgfirðinga. Jeg skal að síðustu leyfa mjer að fara fáeinum orðum um hina margumþrættu 6. gr. Mjer liggur við að segja, að hinir háttvirtu þingmenn þræti þar um

geitarhár, og það gegnir furðu, að hinn háttvirti þingmaður Borgfirðinga, sem er sannkallaður gimsteinn þingsins í mörgu tilliti, skuli hafa verið að spreita sig á að þrátta um sjálft geitarhárið. En jeg hygg, að þræta hans sje og ekki geitarhárslaus. Hvað segir nú stjórnarskráin sjálf? Hún segir: «Með *tekjum skal telja* bæði hið fasta tillag og aukatillagið.» Það hefur nefndin einmitt gjört, en hinn háttvirti þingmaður Borgfirðinga stingur upp á að telja það *ekki* með *tekjunum*. Svo stendur framvegis: «Þó þannig, að *greiða* skuli.» «Greiða» bendir hjer auðsjáanlega á *útgjaldadálkinn*, en «telja» bendir á *tekjudálkinn*, öldungis eins og nefndin hefur sett. Skilur nú nokkur maður eða þingmaður, að setning nefndarinnar sje ekki eins rjett eins og skilningur þingmanns Borgfirðinga?

Jeg skal enn leyfa mjer að taka það fram, að það er rjettara að telja tekjurnar heldur of hátt, en of lágt, því að það er hvöt fyrir skattheimtumennina og framkvæmdarvaldið að hafa sem beztar gætur á innheimtunni, að hún verði með sem beztum skilum. Hið *löggefandi* þing Íslendinga má vara sig á, að hlaupa ekki eptir neinum kenningarþyt; upphæðir fjárlaganna verða aldrei rjettar, því þær eru og verða áætlun, og hið rjetta, tölulega hnitmiðaða rjetta verður hins komanda tíma, hins komanda alþingis að ákveða.

Eiríkur Kúld: Jeg verð að játa, að jeg skil ekki logík hins háttvirta 2. þingmanns Norður-Múlasýslu. Hann vildi telja tekjukallann heldur of háan til þess, að menn við það hvettust til að vera ríflegri í gjöldunum. Heldur þingmaðurinn, að það sje nokkuð hægra fyrir menn að borga fyrir það, þó þeim sje ætlað að borga þriðjungi meira, ef þeir yfir höfuð að tala geta ekki borgað sín gjöld? Jeg segi fyrir mitt leyti: jeg aðhyllist þó heldur breytingartillögurnar, þó þær hafi fengið þungan dóm. Jeg skal ekki fara að halda langri vörn uppi fyrir breytingartillögunum; þingmaður Borgfirðinga hefur gjört það betur, en jeg get gjört það. Við byggjum á því, að lausafjárskatturinn lækki, enda gjörir nefndin sjálf ráð fyrir, að svo verði. Hinn heiðraði framsögumaður kvaðst vera tilleiðanlegur að setja niður tekjuliðinn seinna árið, en gjörði minna úr fellinum í vetur. En það er sannarlega undarlegt, að hann skuli ekki taka tillit til þeirra radda, sem heyrzt hafa í dag frá þingmannabekkjunum, sem margar hafa sannað hið mótsetta. Jeg veit, að í mörgum sýslum, bæði Hnappadalssýslu, Skaptafellssýslu og Barðastrandarsýslu, hefur fje fallið til stórra muna í vetur. Í síðast nefndri sýslu 800 fjár í einum fátækum hreppi, og er það þá ekki undarlegt, að heyra þessu mótmælt af mönnum, sem ekkert þekkja til í þessum sýslum? Það virðist vera alveg auðsætt, að tíund hlýtur að verða að mun minni 1883, ef til vill allt að helmingi, þegar litið er á það grasleysis-ár, sem nú lítur út fyrir, og þá fjárfækkun, sem af því hlýtur að leiða. Menn hafa reyndar sagt, að tíundin mundi ekki minnka að rjettu hlutfalli við fellinn; og jeg skal ekki vera móti því, að talsverður undandráttur á tíund hafi átt sjer stað, eins og menn segja, en það get jeg ekki sjeð, að undandrátturinn verði minni fyrir það, þó menn verði fátækari til að borga skattinn, heldur verður það gjaldandanum, sem við fellinn er orðinn efnaminni og á því óhægra með að greiða lausafjárskattinn, enn meiri hvöt til að draga undan tíundinni, svo skatturinn verði sem lægstur. Þetta vona jeg að 2. þingmaður Norður-Múlasýslu viðurkenni sem rjetta logík.

Spítalagjaldið segist nefndin hafa byggt á skýrslum; en sú áreiðanlegasta skýrsla, sem jeg hef fyrir mjer í þessu efni, er stjórnarfrumvarpið; þar er það talið að vera 7000 kr.; allar aðrar skýrslur um það, álít

jeg vera teknar úr lausu lopti. Það hefur verið sagt, að óhætt sje, að setja þetta gjald heldur hátt, því að útflutningsgjaldið bæti það upp. Nefndin segir þó sjálf á 4. bls., að hún taki það ekki til greina, og það gjörir hún alveg rjett, því að það heyrir undir annan lið. Landshöfðinginn hefur sagt, að hann hafi engar skýrslur um þetta spítalagjald, en 2. þingmaður Suður-Múlasýslu er allt af að berjast fyrir, hve hátt þetta spítalalagjald af síld sje. En jeg verð að segja, að jeg get ekki byggt á orðum þingmannsins, eins og þau væru áreiðanleg skýrsla, er lægi hjer fyrir til sönnunar. Að hve miklu leyti gjald þetta er lögum samkvæmt, skal jeg ekki tefja tímann með að tala um. 2. þingmaður Norður-Múlasýslu sagði, að þetta gjald af síldinni væri komið inn í landssjóð 1883, en það er aðgætandi, að það gæti orðið heimtað, svo framarlega sem ekki eru lög fyrir að heimta það aptur; og þar að auki: hvar er spítalagjald fyrir árið 1883? Það er ekkert til. Þó jeg kynni ekki við orð hins heiðraða þingmanns Reykvíkinga um að breyta fyrirsögninni, get jeg þó ekki betur skilið, en að henni yrði að breyta, ætti þetta að gęta staðizt. Jeg hef skoðað þetta mál eptir beztu sannfæringu, og get jeg ekki með nokkru móti sjeð, að sá dómur, sem nefndin hefur fellt yfir breytingartillögunum, sje sanngjarn. Aðrar breytingartillögur eru svo varðar, að þær þurfa ekki minnar varnar við.

Síðan var gengið til atkvæða, og fjell atkvæðagreiðslan þannig:

1. *gr.* Breytingartillaga nefndarinnar við 1. gr. var ekki borin undir atkvæði að sinni, þar eð þar var um breytilegar tölur að ræða.
2. *gr.* Breytingartillaga nefndarinnar við upphaf 2. gr. af sömu ástæðu ekki heldur borin undir atkvæði að sinni.
1. tölul. Breytingartillaga Gríms Thomsens o. fl. felld með 15 atkvæðum gegn 5. Breytingartillaga Lárusar Blöndals o. fl. felld með 14 atkvæðum gegn 9. Töluliðurinn óbreyttur samþykktur með 16 atkvæðum gegn 3.
2. tölul. Breytingartillaga nefndarinnar samþykkt með 20 atkvæðum. Töluliður stjórnarfrumvarpsins þar með fallinn.
3. tölul. Breytingartillaga Gríms Thomsens o. fl. felld með 14 atkvæðum gegn 6. Töluliðurinn óbreyttur samþykktur með 20 atkvæðum.
4. tölul. Breytingartillaga Gríms Thomsens o. fl. felld með 16 atkvæðum gegn 5. Töluliðurinn óbreyttur samþykktur með 19 atkvæðum.
5., 6., 7., 8. og 9. töluliður óbreyttur samþykktur í einu hljóði.
10. Breytingartillaga nefndarinnar samþykkt með 16 atkvæðum gegn 3. Töluliður frumvarpsins þar með fallinn.
11. tölul. Breytingartillaga nefndarinnar samþykkt með 19 atkvæðum. Töluliðurinn þannig breyttur samþykktur með 22 atkvæðum.
12. tölul. Breytingartillaga Gríms Thomsens o. fl. felld með 17 atkvæðum gegn 4. Töluliðurinn óbreyttur samþykktur með 20 atkvæðum.
13. tölul. Breytingartillaga Gríms Thomsens o. fl. felld með 12 atkvæðum gegn 8. Töluliðurinn óbreyttur samþykktur með 16 atkvæðum.
3. *gr.* Breytingartillaga nefndarinnar við upphaf 3. gr. var ekki borin undir atkvæði að sinni.
1. tölul. Breytingartillaga nefndarinnar samþykkt með 18 atkvæðum. Breytingartillaga Grims Thomsens o. fl. þar með fallin. Töluliður frumvarpsins þar með fallinn.

2. tölul. Breytingartillaga nefndarinnar samþykkt án atkvæðagreiðslu.
   Breytingartillaga landshöfðingja samþykkt með 22 atkvæðum.
   Töluliðurinn með áorðnum breytingum samþykktur með 21 atkvæði.
3. tölul. Breytingartillaga nefndarinnar samþykkt með 17 atkvæðum.
   Töluliðurinn þannig breyttur samþykktur í einu hljóði.
4. tölul. Breytingartillaga Gríms Thomsens og fl. tekin aptur.
   Töluliðurinn óbreyttur samþykktur í einu hljóði.

4. gr. Breytingartillaga nefndarinnar samþykkt án atkvæðagreiðslu.
Greinin með áorðinni breytingu samþykkt í einu hljóði.

5. gr. Breytingartillögur nefndarinnar við 1. og 3. tölul. samþykktar án atkvæða.
Greinin þannig breytt samþykkt í einu hljóði.

6. gr. Ný grein nefndarinnar samþykkt með 17 atkvæðum gegn 3.
6. grein stjórnarfrumvarpsins þar með fallin.
Fyrsti kafli frumvarpsins með áorðnum breytingum samþykktur til 3. umræðu með 22 atkvæðum.

Á 41. fundi neðri deildarinnar var 2. umræðu haldið áfram, og var þá ræddur fyrri kafli útgjaldabálksins, 7.—11. grein.

Framsögumaður: Jeg vil leyfa mjer að fara nokkrum orðum um breytiugaratkvæði fjárlaganefndarinnar, og er það þá fyrst, að við 8. gr. stjórnarfrumvarpsins, 9. gr. nefndarinnar, hefur nefndin gjört eina breytingu, nefnilega þá, að færa niður kostnaðinn við yfirskoðun landsreikninganna um 400 kr. Kostnaður þessi á í raun og veru eigi að vera af skornum skammti, og leggur nefndin það á þingsins vald, hvort það vill fallast á þessa breytingu eða eigi. En niðurfærsluna byggði nefndin á sama grundvelli, sem nefndin á síðasta þingi, því að þá var þessi þóknun færð niður úr 2400 kr. niður í 1800 kr. Því næst er 10. gr. nefndarinnar. Þar hefur nefndin gjört eina breytingu við A. 3. tölulið um þóknun fyrir umboðslega endurskoðun. Þessi þóknun hefur áður verið 2000 kr., en í stjórnarfrumvarpinu er stungið upp á 3000 kr., og þess vegna þótti nefndinni hæfi legt að setja hana 2500 kr. Við 10. gr. nefndarinnar B. 3. tölulið, um kostnað til hegningarhúss og fangelsa, hafa nokkrir háttvirtir þingmenn komið fram með breytingartillögur, sem nefndin fær ekki skilið. Í athugsemdunum við stjórnarfrumvarpið eru þessar stærðir við 3. og 4. tölulið svo sundurliðaðar, að nefndin fær ekki skilið, að þann kostnað megi færa eins mikið niður, eins og hinir háttvirtu þingmenn vilja gjöra, nema uppástungumennirnir vilji binda kostnaðinn sama skilyrði sem á seinasta þingi, að ef fangatalan hækkaði, mætti kostnaðurinn verða meiri. Þar sem hinn hæstvirti landshöfðingi hefur stungið upp á að hækka brunabótagjaldið í 3. tölulið C., þá er ekkert á móti því, með því að fjölgun á húsum útheimtir þennan viðauka, að það sje fært upp úr 950 kr. upp í 1100 kr. Þá er breytingaratkvæði nokkurra háttvirtra þingmanna við C. 7. tölulið, um gjöld til vitans á Reykjanesi, að þau verði lækkuð niður í 3000 kr. Nefndin fær að vísu ekki skilið, hverja gjaldagrein þeir vilja færa niður, því að reikningurinn er sundurliðaður i athugasemdunum hjá stjórninni. En aptur er það, að næsta lítill er munurinn á þessu breytingaratkvæði og á uppástungu stjórnarinnar, og það lítur út fyrir, að hinir háttvirtu þingmenn hafi komið fram með breytingaratkvæði sitt til þess að fá sljettari tölur. Við 1. tölulið 10. gr. stjórnarfrumv., 11. gr. nefndarinnar, um

laun lækna er komin breytingaruppástunga frá hinum hæstvirta landshöfðingja, þar sem hann mælist til launaviðbóta handa læknum. Nefndin getur ekki fallizt á þetta breytingaratkvæði, fyrst og fremst af þeirri ástæðu, að læknar hafa enga rjettarkröfu til þessa launauka samkvæmt 3. gr. í læknalögunum; enn fremur að þótt læknar hefðu tilkall til hærri launa eptir 3. málsgrein hinna almennu launalaga, er þeir ekki hafa, þá stoðaði það harla lítið. Hjer er þá að eins um sanngirniskröfu að ræða, en hún virðist nefndinni hljóta að falla niður, með því að öll hin nýju læknahjeruð eru þegar fullskipuð, og nóg læknaefni eru til, svo hin gömlu víðlendu og örðugu, læknisumdæmin eru þegar eigi framar til, og þeir, sem hafa fengið þau með gömlu launanum, þeir halda þeim launaukum og jarðarafgjöldum, er þeir fengið hafa, þótt umdæmin hafi minnkað. Af þessu leiðir það, að engin sanngirnisástæða er til að veita þessa uppbót, úr því embætti þeirra eru eigi örðugri nje umfangsmeiri en hinna nýju lækna, er hafa minni laun. Nefndin vill ekki veita nein laun yfir lög fram, nema ef sjerleg sanngirnisástæða mælir með því, og er hún því mótfallin þessari breytingartillögu landshöfðingja. Því næst koma talsverðar breytingartillögur frá nokkrum heiðruðum þingmönnum við 12. gr. nefndarinnar 1. tölulið, er hljóðar um kostnað við póstflutninga. Þeir vilja færa kostnaðinn við póstflutningana talsvert niður. Stjórnarfrumvarpið hefur stungið upp á 4550 kr. hvort árið, en nefndin hefur lagt það til, að það væri aukið upp í 5050 kr. hvort árið, en þessir heiðruðu breytingarmenn hafa farið niður fyrir stjórnarfrumvarpið og stungið upp á 4310 kr. hvort árið. Það að nefndin fer hærra en stjórnarfrumvarpið, er komið til af því, hversu mikill kostnaðurinn er. Fyrst eru laun póstmeistarans, og svo launaviðbót hans, eða vilja þessir heiðruðu þingmenn taka hana frá honum aptur. Í annan stað er nauðsynlegt, að stofnaðir verði nýir póstafgreiðslustaðir og brjefhirðingastaðir, til þess að auka samgöngur; en samgöngur og póstmál eru eitt af þjóðmálefnum landsins. Nefndin er á gagnstæðri skoðun við hina heiðruðu þingmenn; hún hjelt jafnvel, að þetta tillag mundi ekki nægja um fjárhagstímabilið. Við 2. tölul. 12. gr. um póstflutninga vilja þessir sömu heiðruðu þingmenn aptur á móti færa stjórnarfrumvarpið upp um 2000 kr. hvort árið, þannig að þessum 2000 kr. skuli vera varið til gufubátsferða milli Reykjavíkur og Akranes. Nefndin veit nú ekki til, að neinn gufubátur sje hjer til, sem fenginn verði, og hyggur því, að þessar 2000 kr. muni vera eigi í negluna. 3. tölul. 12. gr. hefur nefndin fært upp um 50 kr. hvort árið, handa brjefbera hjer í bænum. En hitt þykir nefndinni engin ástæða til, að færa töluliðinn niður um 500 kr. bæði árin til samans, eins og hinir sömu háttvirtu þingmenn vilja gjöra. Þegar jeg hef minnzt á þær breytingaruppástungur, sem nefndin vill eigi fallast á, þá kem jeg nú til breytingartillögunnar við 10. gr. nefndarinnar C. 5, um gjald til vegabóta á fjallvegum, að nokkrum hluta af fjallvegagjaldinu sje varið til að bæta sýsluvegi. Þessari uppástungu er nefndin hlynnt að efninu til, en fjárveiting þessi er eigi samkvæm gildandi lögum, því að fje þetta er einungis ætlað til fjallvega; og þar sem nú nefndin hefur stungið upp á, að 2 vegfróðir menn skuli standa fyrir vegagjörðinni, þá er það of mikið að taka 6000 kr. af 20,000 kr., nema kostnaðurinn til hinna vegfróðu manna væri lagður að sínum hluta á þær 6000 kr., sem sýslunefndirnar fá af þessu fje. Nefndin er með uppástungunni að efninu til, þótt hún ætli, að fjárveitingin sje eigi samkvæm lögum.

Landshöfðingi: Jeg er hinni háttvirtu nefnd þakklátur fyrir það, að hún stingur upp á að hækka þóknina handa hinum um-

boðslega endurskoðunarmanni um 500 kr. árlega, þó að jeg samt sem áður álíti viðbót þá, sem frumvarpið fer fram á, mjög sanngjarna, og helzt vilji mæla með því, að hin háttvirta deild samþykki hana. Í 9. gr. stjórnarfrumvarpsins, 10. gr. hjá nefndinni, tölulið B. 3, til hegningarhússins og fangelsanna, hefur hin háttvirta nefnd ætlazt til að spara 130 kr., með því að færa upphæðina frá 4130 kr. niður í 4000 kr., og hefur leitt rök að því, að því er snertir 60 kr., þar sem hún segir, að hún hafi ekki getað fundið stoð í konungsúrskurði 28. febrúar 1874 fyrir þóknun þeirri á 60 kr., er ætluð er lækninum. En þessi konungsúrskurður eða tilskipun um, hvernig út tekin skuli vera hegningarvinna í hegningarhúsinu í Reykjavík, 28. febr. 1874 gjörir í 21. gr. sinni beinlínis ráð fyrir því, að fastur læknir sje nauðsynlegur við þessa stofnun, og það er auðsjeð, að kostnaðurinn við að tilkalla lækni við hvert einstakt tilfelli, þar sem þess þarf við, að við hafa læknisráð, mundi kosta hegningarhúsið meira en þessar 60 kr. árlega. Jeg verð að álíta, að fastur læknir sje nauðsynlegur við hegningarhúsið, enda þekki jeg ekki álíka stofnun, þar sem ekki er álitið nauðsynlegt að hafa fastan lækni, en sjálfsagt með langt um hærri þóknun, en hjer er farið fram á, og skal jeg þess vegna biðja hina háttvirtu nefnd að taka þessa breytingaruppástungu aptur, eða hina háttvirtu deild að samþykkja hana ekki.

Viðvíkjandi 9. gr. C. 1. skal jeg leyfa mjer að geta þess, að eins og landshagsskýrslur ekki hafa verið prentaðar í Stjórnartíðindunum B 1880 — enda var ekki veitt nema prentunarkostnaður á 24 arkir, sem prentaðar hafa verið á árinu — eins hefur á hinn bóginn þóknun fyrir það, að semja þessar skýrslur, sjálfsagt sparazt. Aptur á móti vona jeg, að út verði gefnar á þessu ári nokkrar arkir af landshagsskýrslum, og ef samþykkt verður breyting hinnar háttvirtu nefndar um, að ákveða þóknunina til 50 kr. fyrir samninguna og próflestur á örkina allt að 10 örkum ár hvert, skal jeg leggja drög til, að þetta arkatal verði prentað ár hvert á fjárhagstímabilinu. — Þó að jeg játi, að sanngjarnt sje, að móttakendur, en flestir þeirra eru, eins og kunnugt er, sveitarnefndir og hreppstjórar, greiði flutninginn sjálfir, er jeg hræddur um, að þessi breyting mæti meiri óánægju og mótspyrnu, en sparnaðurinn fyrir landssjóð 1—200 kr. (1879 eptir landsreikningnum 107kr.) nemur. Það er snertir breytingaruppástungu hinnar háttvirtu nefndar við staflið C. 4. til eflingar búnaði, og athugagrein þá, er nefndin hefur bætt við þennan staflið, að fjenu skuli úthluta milli sýslufjelaganna, öðrum helmingi eptir fólksfjölda, en hinum eptir jarðar- og lausafjárhundraðatali í sýslufjelagi hverju, gjöri jeg ráð fyrir, að meining þessarar athugasemdar eigi að vera sú, að landshöfðinginn eins og hingað til útbýti fjenu eptir tillögum sýslunefndanna í stað amtsráðanna um allt land, og með þeirri upphæð í hverju sýslufjelagi, er samsvari hlutfalli því, er nefndin tekur til; og að landshöfðingi auglýsi við byrjun hvers árs, í hvaða hlutfalli fjenu verði útbýtt í hverri sýslu landsins, að svo miklu leyti að tillögur sýslunefndanna komi til hans innan ákveðins tíma, t. a. m. innan ágústmánaðarloka hvers árs, en að því fje, sem verður afgangs, útbýti hann án tillits til sýsluskiptingarinnar til eflingar búnaði í öllu landinu. Jeg skal bæta því við, að úthlutunin milli sýslufjelaganna innbyrðis eigi að mínu áliti að vera með heilum tölum t. a. m. 100 kr., og að bæta eigi upp þeirri sýslu, sem 1. árið á fjárhagstímabilinu hafi fengið minna í tiltölu við annað sýslufjelag, 2. árið, og að öðru leyti, að landshöfðingjanum sje heimilt að leita álita búnaðarfjelaga landsins viðvíkjandi tillögum hlutaðeigandi sýslunefndar, þyki honum vafasamt, hvort þær eigi að taka til greina —

sje meining uppástungunnar þessi — og jeg skora á hina háttvirtu fjárlaganefnd, hvort jeg hafi skilið hana rjett — get jeg fallizt á hana. En jeg tek það upp aptur, jeg verð að álíta það nauðsynlegt, að útbýtingin sje gjörð af landshöfðingjanum eptir tillögum sýslunefnda, en ekki af sýslunefndunum sjálfum.

Þá skal jeg snúa mjer að tölul. C. 10. Af athugasemdunum við frumvarpið má sjá, að jeg hef óskað stærri fjárveitingar til ráðstöfunar til varnar móti sandfoki á jarðagózi landssjóðsins í Skaptafellssýslu, og jeg er enn þá á þeirri skoðun, að æskilegt sje að gjöra þessa tilraun, en samt sem áður ætla jeg ekki að mæla á móti breytingaruppástungu hinnar háttvirtu nefndar við þennan staflið.

Þá kem jeg til 12. gr. Af því að spursmál var við 1. umræðu um viðbót þá, er jeg hef lagt til við nefndina að auka við laun póstafgreiðslumanna og brjefhirðingarmanna, skal jeg geta þess, að þessi launahækkun, eptir skýrslum þeim, er mjer bárust í júlímánuði þ. á. frá póstmeistaranum, má álíta alveg nauðsynlega til þess að koma í veg fyrir það, að margir þessara sýslunarmanna, og það hinir duglegustu þeirra, segðu þjónustu sinni lausri, ef þeim ekki veittist hæfileg launaviðbót, sem samsvarar þeirri aukningu á störfum þeirra, er hinar nýju aukapóstgöngur, sjerilagi með strandsiglingaskipinu, hafa haft í för með sjer.

Þegar jeg nú er búinn að skýra frá skoðun minni á breytingaruppástungum hinnar háttvirtu nefndar, skal jeg fara fáeinum orðum um breytingartillögur mínar við þennan kafla frumvarpsins.

Við 9. gr., stafl. C. 3., hef jeg stungið upp á, að hækka brunabótagjaldið fyrir ýmsar opinberar byggingar frá 950 kr. í 1100 kr., hvort árið um sig, og er það tilgangurinn með þessari hækkun, að tryggja móti eldsvoða fangelsi þau, er byggð hafa verið fyrir kostnað hlutaðeigandi amtsjafnaðarsjóða, en samkvæmt lögum 2. nóvember 1877, 1. gr., skal eptirleiðis greiða kostnaðinn til viðurhalds þessara fangahúsa úr landssjóði. Þess vegna virðist vel til fallið að tryggja þessi hús á sama hátt og aðrar opinberar byggingar móti eldsvoða. Brunabótagjaldið má áætla hjer um bil ½%, og öll þessi fangahús, sem sje í Stykkishólmi, Ísafirði, Akureyri, Eskifirði og Vestmannaeyjum — en jeg gjöri ráð fyrir, að lagafrumvarpið um sölu á fangelsinu í Húsavík fái fram að ganga — má að mínu áliti hæfilega meta samtals 30000 kr.; þess vegna hef jeg og leyft mjer að leita fjárveitingar á þessari viðbót 150 kr.

Við 1. umræðu leyfði jeg mjer að leiða rök að hinni breytingaruppástungu minni við 10. gr. 1. tölul., og vísaði jeg til yfirlits hinnar háttvirtu nefndar, 19. tölul., en samkvæmt fyrirmælum ráðgjafans bar jeg þessi bónarbrjef undir álit hinnar háttvirtu nefndar; henni þóknaðist ekki, eins og sjá má af tillögum hennar á hinum tilvitnaða stað, að taka þessa tillögu mína til greina, og hinn háttvirti framsögumaður mælti nú ítarlega með þessum tillögum nefndarinnar, og því leyfi jeg mjer nú að bera hana undir atkvæðagreiðslu hinnar háttvirtu deildar. Hlutaðeigandi læknar hafa, að áliti stjórnarinnar, enga rjettarkröfu á þessari persónulegu launaviðbót, eins og sjá má af brjefi ráðgjafans frá 8. nóv. 1875 (Stjórnartíð. B. 98. tölubl.); en aptur á móti hafa þeir hina mestu sanngirniskröfu á henni, því það er hinum háttvirtu þingmönnum kunnugt, að það var ekki neinn ágreiningur á alþingi 1875 um það, að læknunum skyldi veita alveg hin sömu launakjör og öðrum embættismönnum þeim, er ræðir um í hinum almennu launalögum frá 15. okt. 1875, en það vildi svo óheppilega til, að lögin um skipun læknishjeraða voru samþykkt af báðum deildum áður en sú breyting komst á hinna almennu launalaga 7. gr., 3. málsgrein, að þeir embættismenn, er eptir eldri ákvörðunum hafa aðgang til að fá hærri embættislaun, en ákveðið er í þessum lögum, skuli einkis í missa við þau, og þess vegna var álík

breyting ekki gjörð í læknalögunum, en það getur ekki leikið neinn vafi á því, að það var meining alþingis, að læknar skyldu sæta hinum sömu kjörum og hinir aðrir embættismenn landsins. Að svo miklu leyti sem hin háttvirta nefnd bendir til «hins nafnkunna» frumvarps 1862–63 skal jeg við þennan tölulið að eins taka það fram, að eldri ákvarðanir þær, er giltu fyrir þessa embættismenn, eins og segir í launalögunum 15. okt. 1875, vafalaust voru þær, sem þetta frumvarp á inni að halda, því þetta var einmitt sú eldri ákvörðun, er var í fullu gildi, og sem veitingarvaldið áleit sig skuldbundið við, þá er þeir voru skipaðir í hlutaðeigandi embætti.

Guðmundur Einarsson: Jeg vildi að eins skýra eitt atriði, sem hinn háttvirti framsögumaður tók fram, og væntist þess, að tillaga mín og nokkurra annara heiðraðra þingmanna undir 9. gr. C. 5, að taka 6000 kr. til sýsluvegabóta, en verja 14000 kr. til fjallvega, kæmi í bága við vegabótalögin. Þá vil jeg benda á, að vjer uppástungumenn höfum strykað út «til fjallvega», svo nú eru komnar fram tvær sjerstakar tillögur, sem standa í engu sambandi og geta því eigi komið í bága við gildandi lög. Þetta tvennt er sjálfstætt hvað fyrir sig, og má ekki blanda því neitt saman. Það er annars mjög óskemmtilegt að koma ofan af góðum fjallvegi, t. a. m. Bröttubrekku eða Holtavörðuveginum niður á veg til byggða, sem varla er fær. Þess vegna vildum við með þessu styrkja sýsluvegina, því það er fyrirsjáanlegt, að þeir komast aldrei áfram, svo í lagi sje, með þeim fjárafla, sem þeim er ætlaður.

Halldór Kr. Friðriksson: Það er ýmislegt, sem jeg hef að athuga við uppástungur nefndarinnar; kem jeg þá fyrst til 8. gr. Það er undarleg ósamkvæmni hjá formanni nefndarinnar, að samþykkja einhverja ákvörðun 1879, en vilja nú fella hana burtu aptur. Þetta lýsir óhappalegu staðfestuleysi, sem, ef til vill, gjörir minna til í þessu atriði, en sem gæti orðið sannarlega óheppilegt fyrir landið, ef svo væri opt að farið, að skoðun þingmanna ætti eigi við meiri rök að styðjast en svo, að þeir þættust geta breytt sannfæringu sinni hvað eptir annað, svo að hún væri aldrei stöðug. Þá verð jeg að minnast á 9. gr. stjórnarfrumvarpsins, eða 10. gr. nefndarinnar, um laun endurskoðara hinna umboðslegu reikninga. Nefndin hefur fallizt á, að hækka laun þessa manns. En jeg verð að segja, að mjer þykir undarlegt, þegar einhver hefur fyrir 1 eða 2 árum sótt um embætti með tilteknum launum, að hann þá komi þegar á næsta ári, og biðji um hækkun á launum sínum. Mjer finnst hann ætti að sitja við sín laun fyrst um sinn; einkum þegar annar maður hefur boðizt til að taka að sjer starfið fyrir sama kaup. Jeg vil engan veginn neita því, sem sagt hefur verið, að þetta sje allstarfamikið, og launin sjeu með minnsta móti, en það er ekkert rjettlæti, að hækka laun þessa manns, en neita þeim mönnum um hækkun launa, sem reyndar ekki með ströngum lagarjetti, en þó með allri sanngirni geta krafizt að fá launaviðbót, eins og er um þá 5 lækna, sem nefndin vill neita um alla launahækkun þrátt fyrir það, þótt þeim hafi að upphafi verið gefin von um þessa hækkun. Allt þetta fje, sem nefndin vill verja til útgáfu stjórnartíðindanna, það getur vel verið, að því sje vel varið, en jeg ætla, að það sje nóg, sem áður var, og það sje nógur tími til, að auka þessi gjöld, þegar eitthvert sýnishorn er komið af landshagsskýrslum þeim, sem ætlazt er til að stjórnartíðindin hafi inni að halda. Viðvíkjandi launum póstafgreiðslumanna er jeg með nefndinni; það er vafalaust áríðandi fyrir landið, að greiða samgöngurnar, og fjölga bæði póstafgreiðslumönnum og brjefhirðingarstöðum, en við það eykst að sjálfsögðu kostnaðurinn nokkuð, og jeg veit, að það er satt, að sumir hafa afsagt að vera lengur póstafgreiðslumenn fyrir þau laun, sem þeir nú hafa. Jeg sje því ekkert móti því, að stjórnin fái nokkurt fje til umráða í þessum tilgangi, í þeirri von og trausti, að

hún reyni til að fá honum framgengt sem kostnaðarminnst að auðið er. En fyrst nefndin vill greiða samgöngur, kemur vel við uppástungan um bætur á sýsluvegum; og það getur aldrei verið móti lögum, að styrkja að endurbótum á sýsluvegum, því að þótt einhver sjóður eigi að rjettu lagi að bera einhvern kostnað, þá getur aldrei verið móti lögum að styrkja hann til að bera þennan kostnað. Orðin: «að helmingi» hefðu ef til vill mátt falla burt, en hvað sem er um það, vona jeg að nefndin verði þessu hlynnt.

Framsögumaður talaði um, að þær 14000 kr., sem ætlaðar eru til vegabóta, mundu lítt hrökkva til, ef þeir hinir vegfróðu menn, sem stungið er upp á að fengnir verði, ættu að vera kostaðir af þeim, og er jeg honum alveg samdóma um það, jeg er meira að segja hræddur um, að 2000 kr. mundu lítið hrökkva, ef vjer ættum að fá vegfróða menn, sem að nokkru gagni væru. Vjer megum ekki miða laun slíkra manna við þau laun, sem embættismennirnir fá hjer á Íslandi. Þar að auki, eigi að halda fast við þessa vegfróðu menn, þá er ekki til neins að taka 2 að eins; það þarf fleiri, og þá fer nú að verða meiri þörf á að leggja meira fje til; því er ráðlegast, annaðhvort að hækka tillagið eða fella þessa ákvörðun alveg burtu. Jeg vona að síðustu, að viðaukatillagan um sýsluvegina nái fram að ganga, því að það er kunnugt, að umbótunum á sýsluvegum hefur miðað harðla lítið áfram hingað til, eins og þingmaður Dalamanna tók fram. Það er ekki skemmtilegt, að fara um slíkar vegaleysur í byggðum, að varla verður komizt áfram. Það er og til gagns fyrir hið opinbera, að bæta þessa vegi, bæði vegna póstferðanna og annars. Það er og eigi vegurinn á Holtavörðuheiði sjálfri eða fjallvegurinn sjálfur, sem bættur hefur verið, heldur hefur umbótum verið haldið áfram nokkuð á þeim vegi, sem má heita byggðarvegur; svo að þetta er eigi eins dæmi. Það er ekki svo, að jeg lasti þetta, þvert á móti, það er með öllu nauðsynlegt.

Framsögumaður: Jeg kann hinum heiðraða þingmanni Dalamanna þakkir fyrir athugasemd hans. Það er alveg satt, að þessi breyting kemur ekki í bága við vegabótalögin. Það, sem jeg því óttast fyrir, er einungis það, að fjeð verði of lítið, en jeg vona, að nefndin geti komið sjer saman við hina heiðruðu uppástungumenn. Nefndin verður að halda fast við, að það sje nauðsynlegt að fá vana veggjörðarmenn, ekki neina vegmeistara, heldur menn, sem eru vanir vegagjörðum, og sem þekkja til líks loptslags og landslags, eins og hjer á landi á sjer stað. Jeg sje, að kostnaðurinn við þessa vegfróðu menn fellur að nokkru leyti á sýslusjóðinn, þar sem tekið er til, að styrkja skuli sýslusjóðina «að helmingi»; en þetta er ekki vel nákvæmlega orðað. Fyrir breytingunni við C. 10. tölul. hefur nefndin gjört grein í athugasemdum sínum að miklu leyti. Breyting nefndarinnar er talsverð, þar sem hún veitir að eins 2,500 kr. í stað 17,500 kr. Nefndinni þótti upphæðin 13000 kr. til sandfoksins næstum út í loptið, meðan engin reynsla er fengin um það, hvern árangur slíkt fyrirtæki mundi bera. Í raun rjettri er og fjárveiting þessi ekki annað en heimild til lánveitingar, eða á eigi að vera annað. Ef landsetar þessir þar á móti vilja biðja um lán gegn skuldbinding til þessa fyrirtækis, getur ekkert verið móti því, að þeir fái lánið, svo enginn er með þessum tillögum nefndarinnar útilokaður, en þessari fjárveiting er að eins synjað um upptöku á fjárlögin. Nefndin vonar, að hin háttvirta deild og þingmaður Vestur-Skaptfellinga sje samdóma sjer um, að 2500 kr. sje næg fjárveiting til móts við helming kostnaðar frá landsetunum til að veita burt Hafursá.

Ólafur Pálsson: Jeg stend upp af því, að mjer finnst nefndinni hafa verið mislagðar hendur í meðferðinni á 10. gr. C. tölulið 10. Þær 17500 kr., sem stjórnarfrumvarpið stingur upp á, koma ekki Hafursá við, nema 4500 kr., en nú kemur nefndin með að veita ekkert fje annað en til þess að veita Hafursá 2500 kr. Jeg skal ekkert um það segja,

hvort 2500 kr. er nægt fje til þessa, en jeg tek það fram, eins og jeg hef gjört áður, að þessar þjóðjarðir: Ketilstaðir, Skeiðflötur og Hryggir eru að eyðileggjast og eins getur jörðin Hvoll gjört það líka, sem er landsins eign. Þarna sjá allir hver skaði það er, að ekkert er við gjört. Tún og engjar skemmast og eyðileggjast og afgjald af þeim jörðum, sem beinlínis eru í veði, mun nema 363 kr. 32 a. Jeg veit nú ekki, hvort það er rjett, að láta landssjóð missa þetta fje, en jeg vil ekki stuðla til þess. Jeg skal láta það á deildarinnar valdi, hve mikið fje hún vill veita til þess að koma í veg fyrir þetta mikilsvarðandi fjártjón fyrir landssjóð. Jeg leyfi mjer að geta þess, að ábúendurnir hafa staðið í að veita Hafursá nú í 3 ár, misst meira og minna af heyi árlega, og mikið tekið af slægjum og högum. Þó hafa þeir orðið að gjalda fullt eptirgjald, þó um hafi verið sótt, að þeir fengju gjaldlinun, svo jeg verð að álíta, að þeir hafi lagt allt sitt til, að reyna að afvenda ánni, og verð að álíta, að þeir sjeu fyrir fram búnir að leggja nokkurn skerf af því, er nefndin stingur upp á að þeir eigi að gjöra á móts við þessar 2500 kr., er hún hefur stungið upp á að lagt væri til veitingar árinnar.

Lárus Blöndal: Jeg hafði reyndar beðið um orðið, áður en hinn háttvirti 1. þingmaður Eyfirðinga tók til máls, en þar sem undirtektir hans undir breytingaratkvæði mitt um 9. gr. C. 5 eru þannig, að hann er samþykkur uppástungunni, þá hef jeg eigi ástæðu til að tala frekar um það. En af því að jeg stóð upp, þá vil jeg leiða athygli hins háttvirta framsögumanns að breytingartillögu hins hæstvirta landshöfðingja viðvíkjandi 11. gr. nefndarálitsins. Hann skýrði greinilega frá, að bænarskrárnar frá hjeraðslæknunum væru byggðar á jafnrjetti og sanngirni; svo fögur orð, eins og «jafnrjetti» og «sanngirni» eiga að vera í heiðri, og hinir háttvirtu þingmenn eiga ekki að ríghalda sjer við kaldan lagabókstaf, til þess að komast hjá að greiða þau gjöld, sem sanngirni og jafnrjetti heimta. Jeg vona því, að hin háttvirta deild samþykki þessa tillögu hins hæstvirta landshöfðingja, og það því fremur, sem jeg sje í athugasemdunum við 9. gr. B. 1., að nefndin hefur farið í aðra stefnu en þingið 1879, og látið sannfærast. Yfir höfuð álít jeg það rjetta reglu, að fylgja jafnrjetti og sanngirni, en það hygg jeg, að þingið 1879 hafi eigi gjört. En viðvíkjandi 9. gr. C. 4. þætti mjer æskilegt, að hinn háttvirti framsögumaður vildi svara áskorun hins hæstvirta landshöfðingja um það, hvort landshöfðinginn hefði skilið rjett ræðu framsögumannsins, því að jeg er því hlynntur, að úthlutunin fari eptir tillögum sýslunefndanna.

Framsögumaður: Jeg gleymdi að svara hinum hæstvirta landshöfðingja um skilninginn á 9. gr. C. 4., og skal jeg nú gjöra það, því fremur sem hinn háttvirti 1. þingmaður Húnvetninga æskti þess. Jeg held, að skilningur okkar á greininni sje hjer um bil hinn sami. Það er meining nefndarinnar, að landshöfðinginn hafi hin sömu yfirráð yfir fje þessu sem áður, er það gekk til amtsráða og búnaðarskóla, þótt það nú gangi til sýslunefnda. Landshöfðinginn úthlutar því eptir tillögum sýslunefnda, svo sýslunefndirnar koma hjer í stað amtsráðanna. Það væri æskilegt og nauðsynlegt, að skýrsla kæmi um það fyrirfram í Stjórnartíðindunum, hve mikið fje hver sýsla geti fengið ráð yfir. En þar sem hinn hæstvirti landshöfðingi vill úthluta því fje, sem afgangs verður árlega, þá er jeg honum ekki samdóma, heldur skoða jeg svo, að þótt að eitthvað verði eptir hið fyrra ár fjárhagstímabilsins, þá megi greiða það út síðara árið. En ef sýslufjelögin benda ekki á fyrirtæki í sínum sýslum, sem landshöfðinginn getur fallizt á, þá er honum rjett að úthluta eigi fjenu. Jeg vil gefa sýslufjelögunum, eins og áður amtsráðunum, tækifæri og rjett til að koma fram með tillögur sínar um fjártillögin. Í annan stað er það, að fje þessu ætti eigi að eins að vera varið til jarðabóta og garðyrkju, heldur og til að efla

allan búnað, og tel jeg þar með sjávarútveginn. Hvað brunabótagjaldið snertir, þá er nefndin samþykk hinum hæstvirta landshöfðingja um að hækka það. Viðvíkjandi 9. gr. C. 10. tölul., um ráðstafanir til burtveitingar Hafursár, þá gat hinn háttvirti þingmaður Vestur-Skaptfellinga þess, að stungið hefði verið upp á 4500 kr. til þessa, en óvíst væri, að það yrði nóg. Ætlast þá hinn háttvirti þingmaður til, að nefndin veiti það fje, sem nægi? Á ekki að nefna einhverja tölu? Ef svo er, sem jeg hygg sjálfsagt, ætli sú tala verði þá eigi vissust, sem fer næst því, sem búfræðingurinn segir? Að vísu vildi stjórnin láta veita til þessa 4500 kr., en þó með því skilyrði, að hæfilegur samningur væri gjörður við landsetana á þessum jörðum að taka þátt í kostnaðinum. En nefndinni fannst áríðandi, að þetta væri fastlega ákveðið, og rjett væri, að landssjóður og leiguliðar legðu til sinn helminginn hvor þeirra.

Grímur Thomsen: Þó að jeg hafi litla von um, að breytingaratkvæðum mínum verði framgengt, þá er mjer skylt að færa ástæður fyrir þeim. Það er þá fyrst breytingaratkvæði mitt og annara heiðraðra þingmanna við 9. gr. A. 3. tölul., um þóknun fyrir hina umboðslegu endurskoðun. Til þess vill nefndin veita 2500 kr., en jeg vil eigi fara svo langt, og því hef jeg stungið upp á 2000 kr. Fyrst þegar endurskoðunin kom inn í landið, þá var kostnaðurinn við endurskoðun landsreikninganna 1200 kr., og fyrir jarðabókarsjóðsreikninginn 400 kr.; og sá, sem þá hefði endurskoðunina á hendi, óskaði ekki uppbótar, og hafði þó jarðabókarsjóðinn með. Þegar menn hafa beztu völ á mönnum, sem vilja taka að sjer endurskoðunina fyrir minna, en hin háttvirta nefnd hefur stungið upp á, verð jeg að álíta, að breytingaratkvæði hennar og stjórnarfrumvarpsins sjeu ástæðulaus, og álít jeg 2000 kr. nóg fyrir það verk, því að nú er að eins um reikninga fyrir hvert fjárhagstímabil að ræða, en áður varð endurskoðarinn og að endurskoða gamla reikninga, og var honum þá að eins launað með 1600 kr. alls. Jeg get ekki skilið, að hin háttvirta nefnd, sem stundum er svo sparsöm, skuli í þessu eina atriði vilja leggja svo ríflega til; það getur verið, að hún hafi ástæður fyrir sig að bera, sem þingið eigi sjer, en gaman væri að fá að vita þær, því að uppástungan er, eins og hún liggur fyrir, ástæðulaus. Þá kemur því næst breytingaruppástunga mín, við 10. gr. B. 3. tölul. um kostnað til hegningarhúss og fangelsa. Jeg vil halda mjer við reynsluna og fara eptir því, sem brúkað hefur verið árið 1879; það var eigi nema 2370 kr. 19 a.; því á þá að setja þann kostnað upp fyrir 3000 kr., einkum þar er nú er komið frumvarp um að selja eitt af fangahúsunum. Jeg get eigi sjeð annað, en að 3000 kr. hvort árið megi nægja, því að það eru þó nokkrar krónur fram yfir það, sem áður hefur verið nægilegt. Jeg vil því leyfa mjer að skora á nefndina að viðhafa alla þá sparsemi á landsins fje, sem framsögumaður nefndarinnar er svo þjóðfrægur fyrir, láti hann nú sjá, að hann eigi lof sitt. Þá er næst breytingaruppástunga mín við 10. gr. B. 4. tölul. um önnur útgjöld, og þar fer jeg fram á það, sem þessi útgjöld hlupu árið 1879, og verð jeg að álíta, að það hljóti að vera nóg, einkum þar eð á að selja eitt fangahúsið, því að þá þarf minna að leggja til viðurhalds fangahúsanna, er eitt fangahúsið gengur frá. Einnig vil jeg geta þess, að þar sem á bls. 13. í nefndarálitinu stendur, að meðal gjalda hins fyrverandi dómsmálasjóðs finnist eigi getið þeirra 60 kr., sem ætlaðar eru sendiboðanum við yfirrjettinn, þá er það eðlilegast og rjettast, að öll þau gjöld, sem áður hafa hvílt á dómsmálasjóðnum, hvíli einnig nú á þeim, sem hafa eignir hans. En að þau áður hvíldu á dómsmálasjóðnum, það getur nefndin lesið sjer til í áætlun um tekjur og gjöld landsins 1874, athugasemdir bls. 27. Sömuleiðis hef jeg leyft mjer að koma fram með breytingu við 10. gr. C. 7. tölul., um vitagjald. Það er að eins lítil breyting, sem jeg fer fram á, 100 kr. hvort

árið, en í henni liggur það, að það er svar frá minni hálfu upp á það, hvernig því fje, sem lagt hefur verið til vitans, hefur verið varið af landsstjórninni. Fyrst var vitanum lagt til fje, og það heldur ríflega, og svo í aukafjárlögunum fje, sem átti að duga til vors 1880, en er reikningurinn kom, þá var búið að brúka meira; því vil jeg segja það, að þegar maður sjer örlæti stjórnarinnar á opinberu fje, þá er það skylda þingins að halda í skildinginn sem mest, Jeg get ekki sjeð, að það sje rjett, að gjaldið hækki árlega með aukafjárveitingum, og því virðist mjer ástæða til að fara hægt í sakirnar; það sýnir sig einhvern tíma, hver segir satt, sá sem vill spara, eða sá, sem vill fylgja stjórninni í örlætinu. Þá kemur enn breytingaratkvæði frá mjer og fleirum, fróðlegt í formi, bæði fyrir nefndina og þingdeildina, við 1. tölul. 11. gr., um laun til póststjórnarinnar. Hvernig stendur á því, að hinn háttvirti framsögumaður spyr mig, hvort jeg meini, að jeg vilji taka af póstmeistaranum skrifstofufjárviðbótina (400 kr.), sem hann fjekk í hitt eð fyrra? Jeg sendi honum spurninguna aptur. Hvað segir hin háttvirta nefnd til þess, að hún hefur dregið út úr athugasemdunum við 12. gr., að af «öðrum gjöldum» skuli taka 400 kr. í ritlaun handa póstmeistaranum? Jeg verð að skilja þetta svo, að hin háttvirta fjárlaganefnd vilji spara þessar 400 kr., sem póstmeistarinn fjekk í hitt eð fyrra, en ef þessar 400 kr. standa eigi í fjárlögunum, þá er engin heimild til þess að hann fái þær eptirleiðis. Hinn hæstvirti landshöfðingi má vita það, að athugasemdirnar í fjárlögunum eru ekki alveg þýðingarlausar, því að ritfje póstmeistarans væri heimildarlaust útgjald, ef þessa útgjalds er eigi getið í athugasemdunum; jeg vona, að öllum hinum háttvirtu þingmönnum sje það ljóst, að þegar einhver gjöld eru ákveðin fyrir lengri tíma, þá er nauðsynlegt, að athugasemd sje um það í fjárlögunum, en ekki utan þeirra. Hin háttvirta nefnd og hinn háttvirti framsögumaður mega vita það, að jeg hef ekki komið fram með þetta breytingaratkvæði af því, að jeg hafi búizt við, að það mundi fá framgang, heldur til þess að sýna fram á, að til þess að sá maður, sem á að fá fjeð, fái það, þá þarf að gjöra athugasemd við þennan tölulið 12. gr. Þá er við 2. tölul. 12. gr. breytingaratkvæði frá mjer og öðrum háttvirtum þingmönnum um að hækka póstflutningsgjaldið um 2000 kr. frá 11000 kr. upp í 13000 kr. Þetta mál er nú orðið gamalt; það er síðan 1848, og eru því 33 ár, síðan menn fóru fyrst að reyna að koma gufubátsferðum á um Faxaflóa, einkum vegna póstflutninga, og reyndu að fá lán til þess hjá stjórninni. Síðan lá þetta mál í dái til 1878 og 1879. Sýslufundir í Borgarfjarðarsýslu og Mýrasýslu gjörðu nákvæmt reikningsyfirlit yfir flutninginn, sem mundi verða árlega, ef gufubátur kæmist á, og kostnaðinn við hann, og komust að þeirri niðurstöðu, að það mundi verða miklu ódýrara, en eins og nú er ástatt. Nú hafa póstarnir eigi leyfi til að fara sjóveg upp á Akranes, heldur eru þeir skyldaðir til að fara landveg, og það tekur upp 5 daga tíma hjeðan og á Akranes, 2½ dag hverja leið; dagarnir í hverri póstferð fram og aptur eru 26, en ferðirnar 8, og kostnaðurinn við hverja ferð 220 kr., og fyrir þær allar 1760 kr.; svo að sparnaðurinn með því að hafa gufubátinn til póstflutninganna upp á Akranes verður upp og ofan fyrir hverja ferð 36 kr., og þar að auki verður hver hestur að minnsta kosti 10 kr. ódýrari.

Þó að jeg sje sjálfur í vafa um, hvort þingið vilji veita þessar 2000 kr. til gufubátsferðanna, þá hef jeg þó eptir ósk kjósenda minna leyft mjer að bera það mál fram fyrir hina háttvirtu deild, og vona, að hún sýni þessu fyrirtæki eins mikinn velvilja fyrir það, þó að það sje sunnlenzkt. Þá kem jeg að 10 gr. C. 11. tölulið, þar sem hin háttvirta nefnd hefur í stað upphæðar stjórnarfrumvarpsins að eins stungið upp á 2500 kr. til burtveitingar Hafursár í Mýrdal. Hinn háttvirti þingmaður Vestur-Skapt-

fellinga hefur tekið það fram um þetta atriði, sem þörf var á, en jeg vil leyfa mjer að bæta því við, að í athugasemdunum við stjórnarfrumvarpið er farið fram á að veita fje til að teppa sandfok það, er hætt er við að leggi Síðuna í eyði, ef eigi er komið í veg fyrir það, en þar eru margar góðar klausturjarðir og skal jeg telja þær upp. Beztu jarðirnar eru Kirkjubæjarklaustur og Geirland, og þess utan Hæðagarður, Breiðabólsstaður, Prestsbakki, Neðri-Mörk, Ytri-Tunga, Eystri-Tunga, Ásgarður, Kárstaðir og Hátún.

Í athugasemdunum við stjórnarfrumvarpið er það land, sem gjört er ráð fyrir að megi rækta svo, að þar geti vaxið melur eða þá orðið graslendi, talið frá 450—600 dagsláttur, en það er eigi gott að segja, hvort þetta fyrirtæki heppnast eða hvort fjeð verði nægilegt. En fyrst að þingið hefur áður veitt fje til vatnsveitinga fyrir norðan, og hikaði ekki við það, þá má eins búast við, að það vilji styðja þetta fyrirtæki, en sá er munurinn, að nú blæs hann á sunnan, en eigi á norðan. Hin háttvirta nefnd á ekki sjerstaklega að styðja einstaka landsfjórðunga; það fer eigi vel á því, og mun mælast illa fyrir. Hvað viðvíkur 10. gr. C. 4., þar sem hin háttvirta nefnd hefur veitt 15,000 kr. hvort árið til að efla búnað, þá er því fje vel varið, og jeg get ekki skilið, hvers vegna hin háttvirta nefnd hefur viljað binda það þeirri athugasemd, sem hún hefur sett um, að fjenu skuli verða varið af sýslunefndunum, og ekki eins og ákveðið var 1879. Búnaðarfjelögin eru fleiri en eitt, því þau eru bæði í suðuramtinu, vesturamtinu og norðuramtinu; það verður því torvelt fyrir sýslufjelögin að skipta þessu fje meðal margra fjelaga, sem ná yfir fleiri sýslur, og jeg get því eigi gefið þessari breytingu hinnar háttvirtu nefndar atkvæði mitt.

Tryggvi Gunnarsson: Eins og hinn háttvirti framsögumaður tók fram, er nefndin samþykk hinum hæstvirta landshöfðingja um brunabótagjald fyrir ýmsar opinberar byggingar, og sömuleiðis mun nefndin aðhyllast tillögur hinna háttvirtu 5 þingmanna, að sjálfsagt sje að styrkja nokkuð vegina um sýslurnar, og láta sjer ekki nægja fjallvegina eina. Þar sem hinn háttvirti þingmaður Reykvíkinga talaði um, að þessi verkfróði maður, sem nefndin hefur stungið upp á, mundi verða svo dýr, að fje það, sem lagt er til vegagjörðanna, mundi talsvert rýrast þar við, þá get jeg ekki verið á sama máli. Jeg hygg, að kostnaðurinn þurfi ekki að verða mjög mikill, og að kostnaðurinn verði ekki öllu meiri, þegar á allt er litið, en sá, sem gengur til ferðar hans til landsins og burt frá því. Jeg býst við því, að valinn verði duglegur maður, og þá vinnur hann meira með forgöngu sinni og tilsögn, þegar margir ganga að verkinu, en nokkur annar, sem full daglaun hafa. Það er hægt að hugsa sjer þennan verkfróða mann á tvo vegu, annaðhvort «Ingenieur», sem ferðast um og segir álit sitt um, hvernig haga skuli verkum, og hvernig vegir skuli liggja, eða þá hann verður verkstjóri, sem stýrir allri vinnunni, og kennir mönnum að búa til góða vegi. Jeg skal ekki eyða mörgum orðum til þess, að svara hinum háttvirta þingmanni Borgfirðinga um 11. gr. stjórnarfrumvarpsins, sem hljóðar um útgjöld í póstþarfir. Það er gamall vani bans, að færa ætíð niður allan kostnað til póstanna, en það er óskiljanlegt, af hverjum ástæðum það er; jeg verð að álíta það mjög óheppilegt, því að góðar samgöngur eru eitt af fyrstu skilyrðum fyrir framförum landsins. Mig furðar sannarlega á kappi hans við það, bæði 1879 og nú. Hann áminnti nefndina enn fremur fyrir formgalla, sem hann sagði að væri á 11. gr. tölul. 1. Jeg get ekki betur sjeð, en formið sje alveg rjett; það er alveg óþarft að tilnefna, hver njóta skuli áminnztra eptirlauna, því að nefndin byggir á sömu upphæð, sem til er tekin í stjórnarfrumvarpinu, og á bls. 29 í athugasemdunum við stjórnarfrumvarpið er tekið nákvæmlega fram, hvað innifalið er í upphæð þessari, og væri því þýðingarlaust að taka það aptur

fram í nefndarfrumvarpinu, og jeg held, að það sje alveg óþarft, að benda hinum háttvirta þingmanni Borgfirðinga á þetta, því að hann mundi geta sjeð þetta sjálfur, ef hann vildi. Enn fremur er hinn sami háttvirti þingmaður að tala um gufubát, sem hann vill að gangi hjer um flóann milli hafna; jeg verð að greiða atkvæði mitt móti þessari uppástungu, því að það fyrirtæki er allt of lítið yfirvegað og undirbúið. Það kemur hvorki til af því, að «hann blæs á norðan eða sunnan», en einungis af því, að menn hafa enn þá enga hugmynd um, hvað slíkur gufubátur mundi kosta, og hvaða kostnað brúkun hans og viðhald hefur í för með sjer, en það er bersýnilegt, að það hlyti að baka aðliggjandi sveitum afarmikið fjárframlag, og er það því þeim sveitum til gagns, eptir mínu áliti, að jeg greiði atkvæði mitt móti fyrirtæki þessu að svo komnu; komi málið síðar vel undirbúið, væri máske vert að styrkja það. Nefndin getur heldur eigi aðhyllzt uppástungu þá, að veita þá stóru fjárupphæð, 13000 kr., til að reyna að bæta úr sandfokinu í Skaptafellssýslu. Það þarf vandlega að athuga það, hvort slíkt fyrirtæki muni verða tilvinnandi fyrir ábúendurna, sem hlut eiga að máli, fyrst ákvæðið um lánið er svo, að þeir eiga að borga það allt aptur. Þar sem hann minntist á Staðarbyggðarmýrar í sambandi við sandfokið í Skaptafellssýslum, þá má ekki jafna því saman, því það er án efa eitthvert hið gagnlegasta fyrirtæki, og bezta fyrirmynd fyrir aðra, sem landssjóður hefur lánað fje til. Hinn háttvirti þingmaður var fjölorður um það, hversu nefndin væri örlát á fje landssjóðsins. Það er orðið gamalt vöggukvæði; frá honum heyrast þessar eilífu prjedikanir í blöðum og á þingi, að spara, spara; það er eins og honum blæði í augum hver eyrir, sem goldinn er úr landssjóðnum. En í hvaða átt stefna þessar sparsemdarræður; það kemur ekki fram, að hann vilji spara gjöldin á bændum, heldur spara fyrir landssjóðinn. Mjer virðist ekki rjett, að vera að leggja gjöld á bændur, til að hrúga fjenu upp í landssjóðinn, heldur ætti að brúka það landinu til gagns. Afgangurinn af tekjum landssjóðsins er áætlaður á þessu fjárhagstímabili 60000 kr., og virðist það vera fullmikil upphæð í öðru eins árferði og nú er, og engin hætta á ferðum, þó einstaka tekjugrein reyndist lægri en áætlað er.

Hinn háttvirti þingmaður Reykvíkinga brá mjer um staðfestuleysi viðvíkjandi 6. og 8. gr. frumvarpsins. Hann getur víst varla sýnt, að jeg hafi mælt með breytingum á þeim í þessa átt, hvorki á þingfundi eða í nefndinni á síðasta þingi (1879). Jeg hef allt af álitið það vera svo mikið smáræði, hvort 14000 kr. væri dregið frá tillaginu úr ríkissjóði eða ekki, að jeg vildi ekki, í hvorugt skiptið, vera að gjöra ágreining í nefndinni. Jeg get ekki skilið í því, að hinn háttvirti þingmaður Borgfirðinga og þingmaður Reykvíkinga skuli hafa viljað eyða svo miklum tíma þingsins til að þrátta um þetta. En þótt jeg hefði nú verið á annari skoðun 1879, en jeg hef nú 1881, þá álít jeg skyldu mína að breyta þannig skoðun minni, ef jeg sje og sannfærist um, að annað er rjettara. Jeg læt mjer enga læging þykja að breyta skoðun minni, ef jeg sje og sannfærist um, að hún er röng. Og jeg held, að hinn háttvirti þingmaður Reykvíkinga hefði haft gott af því stundum, t. d. í fjárkláðamálinu, að breyta skoðunum sínum, en berja ekki blákalt fram, hversu andstætt sem það er, einungis af þeirri ástæðu, að honum hefur einhvern tíma *sýnzt* það vera rjett; jeg vil gefa honum það heilræði, að hve nær sem hann sjer, að eitthvað er rjettara, en hann áður sá, þá hiklaust að taka það.

Jón Ólafsson: Hinir háttvirtu þingmenn Borgfirðinga og Reykvíkinga hafa komið hart við nefndina fyrir það, að hún skuli ekki hafa lækkað nóg laun fyrir hina um-

boðslegu endurskoðun. Hinum háttvirta þingmanni þótti það furðu sæta, að sá, sem þann starfa hefur á hendi, skuli hafa dirfzt að sækja um launaviðbót, eptir að hann fjekk starfa þennan. Hann hefur víst aldrei orðið var við það, að embættismenn hafi sótt um launaviðbót, eptir að þeir fengu embættin? En hinn háttvirti þingmaður hefur öldungis gleymt því, að störf þessi hafa talsvert aukizt einmitt síðan hann tók við þessum störfum, bæði við skattalögin og nýju tíundarlögin. En nú er og veitt í fjárlögunum fje til að stofna allmarga nýja brjefhirðingastaði, og við það aukast brjefaskriptir og póstsendingar og fjölga póstreikningarnir, sem þegar nú hafa yfir 4000 «bilög»; þessir reikningar aukast ár frá ári, og munu sjerstaklega vaxa nú við fjölgun pósthirðingastaðanna. Hann var að tala um það, að vjer ættum að spara, en hann hefur sannarlega ekki haft þetta fyrir augum, þegar um það var að ræða, að auka laun kennaranna við latínuskólann, því að ef til vill mætti fá tímakennslu í þýzku og íslenzku fyrir minna en 3200 kr. Jeg held, að ef borin eru saman störf og laun þessa manns og endurskoðunarmanna landsreikninganna, þá sje auðsætt, að endurskoðandinn vinni miklu meira verk fyrir minni laun, miklu minni laun en kennarinn í íslenzku og þýzku við latínuskólann. Auk þess er kennarinn konunglegur embættismaður, sem fær eptirlaun, ef hann verður vanfær til starfa, en endurskoðandinn er *ekki* embættismaður og á *ekki* tilkall til eptirlauna; vildi hann því tryggja elli sína, t. d. með að kaupa sjer elliforsorgun, þá yrði þar við skarð í árlegu launin hans. En ef borin eru saman laun hans við laun endurskoðunarmanna þeirra, er þingið kýs, eins og hvorumtveggja er ætlað í frumvarpi nefndarinnar, þá hygg jeg, að engum muni blandast hugur um, að hans laun eru of lágt sett, því að hans starf er hinn fullkomnasti í heilt ár fyrir einn mann, sem vinnur iðjusamlega, en þeirra starfi útheimtir sjálfsagt ekki meiri tíma en 3 vikur fyrir hvorn. Hinn háttvirti þingmaður Borgfirðinga sagði, að annar hefði boðizt til að gegna þeim starfa fyrir minna kaup, en hann vildi ekki svara mjer upp á þá spurningu, hvort sá maður væri þeim starfa vaxinn, og hefði hæfilegleika til þess. Það er ekki nóg að hlaupa eptir því, þótt einhver eða einhver vilji gegna einhverju embætti eða starfi fyrir minnst laun, ef hann kann ekkert til þess. Hinn háttvirti þingmaður Borgfirðinga brá nefndinni um einhverjar leyndarástæður, en jeg vona, að hver, sem vill og hefur augu og eyru opin, geti bæði sjeð og heyrt ástæður hennar fullkomlega ljósar. Hitt efa jeg ekki, að hvatir hans í þessu máli sjeu svo vaxnar, að þótt hann vilji leyna þeim, sjái þingdeildin samt í gegn um þokuna. Hinn háttvirti þingmaður hefur einhvern tíma stungið upp á því, að þessi umboðslega endurskoðun verði lögð undir landsyfirrjettinn, sem verði gjörður að eins konar reikningsdómi, og gæti það þá komið til að kosta landið allraminnst einar 7—8,000 kr., og kemur það makalaust vel heim við sparnaðarkenningar hans. En merkilegust er breytingartillaga hans við 2. tölulið 11. gr. um gufubátinn, sem ekki er til. Jeg skal nú ekkert tala um það, þótt báturinn sje ekki til, en það þarf að stýra bátnum, þótt hann fengist nú, og til þess hygg jeg að þessar tilætluðu 2000 kr. hans hrykkju ekki einu sinni, hvað þá heldur fyrir kol o. fl. Og ekki gagnar þó mikið að fá peninga, sem ekki hrökkva fyrir kolunum einum, ef ekkert er til að launa gufubáts-stjóranum. Já, mjer dettur nú í hug gamla vísan: «Mjer hefur verið sagt í svip, að sig þeir taki' að ygla, og ætli nú að eignast skip, þótt enginn kunni að sigla.» En máske þessar 2000 kr. eigi bara að fara fyrir negluna, þó skipið vanti og skipstjórann og kolin. Jeg vona, að hin háttvirta deild taki tillit til þess, að uppástunga þessi er aldeilis ómöguleg, eins og hún nú er úr garði gjörð, og felli hana þess vegna, en ekki af því, að norðan- eða sunnan-gustur sje í deildinni. Ef sú þörf, sem er á gufu í Faxaflóa, verður álitin svo brýn, að þingið fari að veita þetta fje, hygg jeg, að

bænarskrár komi brátt frá fleirum sveitum um hið sama. Jeg veit t. d., að víða á Austurlandi eru margar víkur og vik, sem litlar samgöngur eru frá, í mínu kjördæmi og öðrum kjördæmum þar eystra, og kem jeg þó ekki með neina gufubátsbón í vasanum, enda er jeg ekki bundinn af neinu loforði til kjósanda minna um gufubáta, gull nje græna skóga. Hinn háttvirti þingmaður Borgfirðinga er sár yfir því, að Skaptfellingum skuli ekki vera veittar þessar 17,000 kr. til að græða upp mel með vatnsveitingum úr grjót-sandi; nefndin hefur veitt nokkurt fje til burtveitingar Hafursár, en jeg hygg, að enginn geti láð henni það, þótt hún hiki við að veita svo mikla fjáruppbæð, þar sem enginn samningur er enn gjör við ábúendur og eigendur viðkomándi jarða, og endurborgun fjárins er því að minni hyggju enn þá byggð á sama sandinum, sem græða á upp. Það er annars kostuleg kenning hjá þingmanni Borgfirðinga, að það eigi að græða mel á sandi með vatnsveitingum. Allir, sem kunnugir eru mel, vita, að vatnsveiting á mel beinlínis drepur allan melvöxt; vatnsveiting er álíka gróðrarmeðal fyrir mel, sem skeiðvatn mundi gott næringarmeðal fyrir menn! Honum þótti það ósamkvæmni, að hafa hjer áður veitt lán til Staðarbyggðarmýra, en lá þá ekki einmitt fyrir vissa fyrir því, að jarðeigendurnir mundu borga skuldina eptir samningi við landsstjórnina? Jú! og það er sá stóri mismunur, sem hjer er á. Hann eignar þetta fjórðungakrit í nefndinni, og segir, að þar hafi ráðið einhver mjer ópekktur Norðlingaflokkur, sem einskis vilji unna öðrum landsfjórðungum, sjerstaklega ekki Sunnlendingum. En það er einkennilegt, að það var að eins 1 þingmaður úr Norðlendingafjórðungi í nefndinni, nl. 1. þingmaður Eyfirðinga. Jeg ætla mjer eigi að halda uppi svörum fyrir hann, hann hefur nógu breitt bak til að taka við svona löguðum sendingum, og getur, ef hann vill, sprett á silaua og velt af sjer byrðinni. Í nefndinni voru þar á móti 3 þingmenn úr Austfirðingafjórðungi, svo það var fjölskipaðast, 2 úr Sunnlendinga-fjórðungi, 1 úr Vestfirðinga- og 1 úr Norðlendingafjórðungi. Það eru því Austfirðingar og Sunnlendingar, sem höfðu þar flest atkvæði, nl. 5 af 7, svo það er engin ástæða til, að tala um Norðlinga-ráð í þessu efni. Hinn háttvirti þingmaður Borgfirðinga kvaðst þó vilja sýna, að það væru þó 1 eða 2 eða 3, sem hefðu einurð á að spara landsins fje. Já, það er vonandi, að þessi orð hljómi lengi í eyrum kjósanda hans, einkum þegar að inni fyrir er bergmál þess, hve góðan þátt hann átti í launalögunum 1877. Hann huggaði sig að lokum við það, að þeir, sem nú ráða mestu hjer á þingi í ár, mundu skamma stund eiga því happi að hrósa, en verið getur, að hrakspár hans breyti ekki flokkaskipun þingsins, heldur rætist hjer hið fornkveðna: «Þeir lifa lengst, sem með orðum eru vegnir».

Jón Jónsson: Það var að heyra á ræðu hins háttvirta þingmanns Borgfirðinga, að framsögumaður nefndarinnar hafi haft orð á sjer fyrir að vilja spara landsfje, og er jeg vel ánægður með þá sparnaðarstefnu, sem að öllu samtöldu kemur fram í nefndarálitinu. Nefndin hafði í því tilliti ekki góða fyrirmynd, og er henni nokkur vorkunn, þó hún hafi ekki getað rýmt úr fjárlögum vorum öllum þeim smáveitingum handa einstöku mönnum, er einkenna fjárlögin frá hinum fyrstu 3 löggefandi þingum vorum; en jeg vil þó benda á 2 atriði, sem nefndin að mínu áliti hefði átt að taka fram. Annað atriðið er 9 gr. B. tölul. 4. um laun handa málfærslumönnunum við yfirdóminn. Hinn háttvirti þingmaður Borgfirðinga kom, þegar hann var í fjárlaganefndinni, því til leiðar, að laun þeirra voru hækkuð úr 500 kr. upp í 800 kr., en nú er einmitt tími til að breyta þessu. Það er ekki svo að skilja, að jeg vilji lækka laun þau, sem málaflutningsmaður Páll Melsteð nýtur úr landssjóði; hann á þau skilið sem vísindamaður. En laun málaflutningsmanna er nú heldur ástæða til að lækka en að hækka, og mun jeg því fyrir 3. umræðu þessa máls bera mig saman við nefndina um, að færa launin

niður í þá upphæð, er þau eru ákveðin til með konungsúrskurði, en í sambandi þar við mætti þá veita herra Páli Melsteð sjerstaka þóknun í viðurkenningar-skyni fyrir vísindaleg störf hans. Hin upphæðin er 600 kr. þóknunin, sem getur um í athugasemdunum við 12. gr. B. II. a. Þessa upphæð útvegaði þingmaður Borgfirðinga læknaskólakennara Tómasi Hallgrímssyni, en nú getur embættismaður þessi fengið launabót á annan hátt, þegar landlæknisembættið losnar.

Jeg er samdóma hinni heiðruðu nefnd um að færa veitinguna til jarðabóta í Vestur-Skaptafellssýslu niður, og mjer finnst, að jafnvel kynni eptir því, sem hinn háttvirti þingmaður sýslunnar skýrði frá, vera ástæða til alveg að neita þessari veitingu.

Nefndin hefur stigið eitt stig til bóta, hvað vegabóta-fjárveitinguna snertir. Jeg verð að vera samdóma hinum háttvirta þingmanni Dalamanna, að það er mjög óeðlilegt, að koma niður á ófæra vegi, þegar fjöllum sleppir og til byggða er komið. Það væri hið æskilegasta, að einn aðalvegur góður væri um allt land kostaður af landssjóði. Mjer virðist uppástunga hinna háttvirtu L—E mjög góð, en vildi enn þá heldur hafa skipti og veita 14000 kr. til sýsluveganna, en 6000 kr. til fjallvega. Það er og rjett stefna hjá nefndinni, að láta sýslunefndir fá fje til umráða til eflingar búnaði. Vjer höfum fulla reynslu fyrir því, að landsstjórn og amtsstjórn getur ekkert að gagni gjört til að efla búnað. Jafnvel búnaðarfjelag suðuramtsins hefur ekkert getað komið neinu verulegu til leiðar, að því er snertir efling búnaðar. Framfarir þær, sem orðið hafa í búnaði hjer á landi, hafa annaðhvort verið einstökum þingmönnum eða sýslu- og hreppsbúnaðarfjelögum að þakka. En jeg álít, að þennan búnaðarstyrk ætti að veita í hlutfalli við það, sem hvert sýslufjelag vill sjálft leggja fram úr sínum eigin sjóði til eflingar búnaðinum. Að veita eptir fólksfjölda álít jeg ekki rjett; þá fá þær sýslur, þar sem fiskiver og verzlunarstaðir eru flestir, mest fjeð, en í slíkum hjeruðum er opt áhuginn á búnaðarmálefnum minnstur. Hin háttvirta nefnd hefur sleppt úr frumvarpi sínu athugasemdinni um amtmannaembættin, og skal jeg ekkert dæma um, hvort gildar ástæður eru til þess eða ekki. Jeg vil að eins leyfa mjer að taka fram, að það í mínu kjördæmi er almennur vilji kjósandanna, að fá amtmannaembættin lögð niður, og að jeg sjái ekki, að hin virðulega fjárlaganefnd geti byggt mikið á því frumvarpi til laga um afnám amtmannaembættanna, sem liggur fyrir þinginu, því það hefur enn ekki náð svo langt, að það hafi komið til 1. umræðu.

Framsögumaður: Það er ein aðalathugasemd, er jeg vil leyfa mjer að gjöra á þessu stigi málsins, og jeg kem með hana nú, einkum vegna þess, að mjer heyrðist hinn háttvirti þingmaður Borgfirðinga, er hann var að tala um fyrirvarana, gætti eigi þeirrar reglu, er hann á að gæta. Þessi athugasemd er sú, að jeg veit ekki betur, en sundurliðaðir reikningar í athugasemdum við fjárlagafrumvarpið sjeu eins gildandi og eins bindandi fyrir umboðsstjórnina, eins og þótt þeir væru teknir upp í frumvarpið sjálft. Sama er um þessa reikninga, sem nefndin kemur fram með í athugasemdum sínum, þegar þingið fjellst á þá óbreytta, enda hefur landshöfðinginn tekið tillit til þessa, og einnig til þess hins svokallaða bænalista, þótt hann hafi eigi staðið í athugasemdum fjárlagafrumvarpsins. Yfirskoðunarmennirnir hafa og á ýmsum stöðum haft slíka sundurliðun fyrir augum í athugagreinum sínum. Þegar hinn háttvirti þingmaður Borgfirðinga gætir þessa, mun hann sjá, að þessir fyrirvarar og þessi skilyrði, er hann er einlægt að tala um, við vitann, póstflutningu o. s. frv., eru alveg öndverðir þessari meginreglu. Hann þarf ekki annað en líta á stjórnarfrumvarpið. Allir þessi kostnaður er sundurliðaður, svo sem til póstmála, hver sje laun póstmeistarans, hvað gángi til brjefhirðingamanna o. s. frv. Þetta er allt tiltekið og eins bindandi, og þótt það stæði á fjárlögunum sjálfum. Við

þessa meginreglu álítur landshöfðingi sig bundinn: hann hefur játað það, hann hefur sýnt það í verkinu. Þetta nægir oss, hvað sem hinni bókfræðislegu kenningarreglu líður. Jeg skal því bæta því við, að þar sem nefndin hefur stungið upp á að færa 3. tölul. 9. gr. B. niður um 130 kr. hvort árið, þá lýtur niðurfærslan að viðhaldi fángelsanna, og getur því ekki komið í bága við hina reikningsliðina. Jeg vildi því óska, að allir, sem koma með breytingaratkvæði, vildu til taka, við hvern lið í hinum sundurliðaða reikningi þeir vilja breytingu þá gjöra. En þetta gjörði þingmaður Borgfirðinga ekki. Það að koma með tölur og gjöra breytingar við aðaluppháðina, ruglar öllum hinum sundurliðaða reikningi. Jeg skal játa með þingmanni Borgfirðinga, að sá hinn eldri fyrirvari hans: «Talan færist upp, ef fangatalan (í hegningarhúsinu) verður meiri», að hann getur staðizt. En þótt þessi fyrirvari geti á stundum verið góður, þá er hann þó nálega aldrei eins góður, og hinn sundurliðaði reikningur í athugasemdum. Jeg skal ekki mæða menn á að lesa upp alla þá undirliði, sem nefndir eru í frumvarpi stjórnarinnar og eins nefndarinnar. Hitt er annað, að reglá þingmanns Borgfirðinga kemst að á sumum stöðum.

Jeg skal leyfa mjer að leiðrjetta hinn háttvirta þingmann viðvíkjandi 10. gr nefndarinnar C. 11, þar sem hann sagði, að nefndin hefði ráðið frá að veita nokkurt fje til varnar sandfoki á jarðir landssjóðsins í Skaptafellssýslu. Þótti honum slíkt óhæfilegt og vitnaði til Staðarbyggðarmýra. En það fje var aldrei veitt á fjárlögum; það var lán, er jarðirnar fengu, og er þær eiga aptur að lúka. Hann getur og sjeð, að skuldabrjefið fyrir láninu er útgefið 23. marz 1880, fyrst eptir að umboðsmaður hafði útvegað skuldbinding frá öllum landsetum um að greiða lánið með 6% árlega í 28 ár. Ef umboðsmaðurinn í Skaptafellssýslu gjörir það hið sama, tel jeg sjálfsagt, að þeir muni fá lánið. Jeg vona því, að þingmaður Borgfirðinga sje mjer samdóma um þetta, hvað sem þingmanni Vestur-Skaptfellinga líður. Við fjeð, sem veitt er til eflingar búnaði, finnst mjer nefndin eigi hafa gjört annan mun, en að sýslufjelögin komi í stað amtsráðanna. Landshöfðinginn veitir fjeð eptir sem áður. Búnarbrjefin koma til hans, og hann skrifar viðkomandi sýslufjelagi eða búnaðarfjelagi, þar sem það er til. Þetta vildi jeg taka aptur fram, svo það yrði ekki misskilið, því það má ganga að því vísu um aðra, fyrst þingmaður Borgfirðinga misskildi það. Að því er snertir þessar 60 kr. til boðberans við yfirdóminn, þá neitar nefndin því engan veginn, að þetta fje hafi verið veitt í fjárhagsáætluninni fyrir árið 1874; en hún hefur tekið fram, að þessa kostnaðar sje eigi getið í konungsúrskurði 31. okt. 1873 í ráðgjafabrjefi 7. nóvbr. 1873, og er gjaldliður þessi því eigi bindandi, einkum eptir kenning þingmanns Borgfirðinga um gildi athugasemda við fjárlögin. En deildin sjer og, og þar á meðal hinn háttvirti þingmaður Borgfirðinga, að nefndin hefur ekki fært niður þennan tölulið. Það hafði verið meiri ástæða til að færa niður það, sem gengur til að við halda yfirrjettarstofunni, að halda þeim hreinum o. s. frv., þar sem yfirrjetturinn hefur fengið bústað í spónnýju húsi. En nefndin vildi ekki fara nema sem minnst frá reglum þeim, er áður hefur fylgt verið, eins og þingmaður Skagfirðinga sagði, og vildi að eins benda á og færa niður, þar sem voru auðsjen rök fyrir. Nefndin vildi ekki stökkva, heldur ganga gætilega áfram; hún vildi færa allt smátt og smátt í lag. Jeg þarf engu að bæta við það, sem þingmaður Borgfirðinga talaði um gufubátinn og hina sögulega hlið þess máls. En það er hugsunarvilla hjá þingmanninum, að vilja færa 2. tölul. 11. gr. upp um 2000 kr. eptir gæðum gufubátsins að dæma. Hann sagði, að gufubáturinn kæmi í staðinn fyrir flutning á landi, þess vegna átti ekki að færa tölulíðinn upp, heldur setja bara: «gufubát» í staðinn fyrir landferðina, fyrir hestana og reiðskapinn. Jeg hlýt að álíta, að hann hafi ekki ætlað sjer að færa tölul. upp. Þingmaðurinn og málstaður hans er því eins vel staddur

eptir sem áður, þótt tölulíðurinn falli, því hann getur með öllum sínum ötulleik og ráðdeild, sem hann hefur, fengið gufubát, og þá getur hann farið til landsstjórnarinnar og sagt: «Nú er gufubáturinn kominn, jeg skal flytja fyrir þig töskurnar óhættara og fljótara en á hestum, og það kostar ekki einn eyri meira». Þingmaðurinn fær sjálfsagt leyfi til þess. Hann má því ekki taka það illa upp eður álíta það sem norðanvind, þó nefndin gefi atkvæði móti þessari breytingu. Nefndin vill ekki veita fje til slíkra fyrirtækja, nema nokkur vissa sje fyrir, að það komi að notum. Hún hafði það og fyrir sjer, er stóð í sunnlenzku blaði, að veita skyldi ekki fje til torfbæjargjörðar. Jeg vil ekki fremur veita fje til gufu. Jeg vil hvorki vera tyrfinn nje gyfjaður. Nefndin er þakklát og fús á að taka öllum breytingum, er styðja góð fyrirtæki, og þess vegna tekur hún vel undir breytingaratkvæðið um vegabætur, að nokkuð af því fje gangi til sýsluvega, og vonast hún eptir samkomulagi um það við uppástungumenn til 3. umræðu.

Þorlákur Guðmundsson: Jeg stend ekki upp til að verja þessi breytingaratkvæði, sem jeg hef skrifað undir ásamt öðrum fleirum. Þingmaður Borgfirðinga hefur gjört það miklu betur, en jeg gæti gjört. Að því er snertir hina umboðslegu endurskoðun, þá get jeg ekki skilið, að þessi viðbót sje nauðsynleg, og það því síður, sem revísorinn hlýtur að geta starfað að fleiru, og er maður, sem er fær um annað meira. Það er aðgætandi, að þegar einu sinni er búið að slá laununum föstum eða færa þau inn á fjárlög, þá er það optast tekið upp á hin næstu fjárlög, því allt af er beðið um að hækka launin, en aldrei að lækka þau. Það var til dæmis mikið þráttað um laun póstmeistarans á síðasta þingi, en nú dettur engum annað í hug en veita þau nú orðalaust, og svo hefur ætíð gengið. Við 9. gr. C. 4. tölul. hefur nefndin fært upp úr 10,000 kr. í 15,000 kr. styrkinn til búnaðar, og er jeg henni þakklátur fyrir það og eins fyrir athugasemdina viðvíkjandi skiptingunni. En þó hygg jeg hún hafi verið of sparsöm. Þetta er of lítið, þegar á að bæta alla atvinnuvegi landsins, til sjós og sveita, landbúnað og sjávarútvegi, fyrir yfir 70,000 manns. Þetta er ekki mikið meira en það, sem lagt er einum skóla, jeg skal taka til dæmis Möðruvallaskólann. Honum er lagt eins mikið fje í 2 ár, eins og búnaðinum á öllu landinu eitt ár, eða með öðrum orðum: 2 embættismenn vinna upp jafnmikið fje í 2 ár eins og við leggjum búnaðinum árlega og munu fáir trúa, nema þeir taki á, að þetta gangi svo á 4. löggjafarþingi. Jeg held þingmönnum muni ekki þykja þetta of mikið, þegar þeir gá betur að, og þegar einnig þess er gætt, að það er mjög lítið, sem kemur á hvern einstakan, er getur náð því eða notið þess, og enn fremur, þegar þess er gætt, að hjer eru engir búnaðarskólar, og landssjóður ekki leggur fje til þess, enn sem komið er. Þar sem farið er fram á að veita 500 kr. til «vörðuvita», þá finnst mjer of óljóst, þar sem sagt er, að þeir eigi að standa á «útnesjum og Skaga». Hjer eru 2 Skagar við Faxaflóa, en mörg annes og útnes. Þetta finnst mjer ærið óljóst og óákveðið. Jeg er því samþykkur, að skipta vegabótafjenu milli fjallvega og sýsluvega. Það er nauðsynlegt að hlynna sem mest að góðum sýsluvegum og bæta þá byggðarvegi, sem þjóðfarnir eru bæði af innlendum og útlendum. En margir þessara vega eru mjög slæmir, og ekkert við þá gjört; jeg skal taka til dæmis hinn tíðfarna veg til Geysis yfir Mosfellsheiði, og s. frv., sem gæti verið landinu til sóma og ósóma; hann er sá mesti þjóðvegur á öllu Suðurlandi. En að honum hefur ekkert verið unnið eða við hann gjört síðan 1874, að konungurinn kom. Þetta er einnig tvöfaldur þjóðvegur, þar sem bæði fara hann margir innlendir og svo fjöldi af Englendingum og öðrum útlendum mönnum sjer til skemmtunar, Norðlendingar og uppsveita-menn úr Árnessýslu, allt kaupafólk og s. frv. Það er auðsætt, að sýsluvegir munu aldrei komast í gott lag, nema lagt sje til þess fje úr landssjóði, eins og amtmaðurinn í suður- og

vesturumdæmunum álítur í ritgjörð sinni um fjallvegina, sem stendur í «Tímariti Bókmenntafjelagsins».

Jeg verð að geta þess, að jeg er ekki með gufubát, og jeg skrifaði aldrei undir breytingaratkvæðið með því skilyrði, að gefa atkvæði mitt með honum. Jeg álít þetta fyrirtæki vera byggt á gufu og út í lausu lopti; aðrar ástæður ætla jeg ekki að færa á móti því, það gjöra aðrir.

Halldór Kr. Friðriksson: Jeg skal fyrst taka það fram um 8. gr. stjórnarfrumvarpsins, að mjer finnst ekki ástæða til að setja niður lauu yfirskoðunarmanna landsreikninganna. Þau voru sett niður á síðasta þingi, og ef þannig á að færa þau niður á hverju þingi, er ekki sagt, að nokkur vilji taka þann starfa að sjer. Aunað atriðið er orðið «vörðuviti». Til hans á að leggja 500 kr., og er nefnt, að hann skuli standa á «Skaga». En þessi viti gjörir ekki það gagn, sem nefndin ætlar. Sjómenn kvarta um, að þegar skipin komi fyrir Reykjanes, þá sjeu þau leiðbeiningarlaus í myrkri, því að það vanti ljós, er geti leiðbeint þeim. Það væri því þörf á ljóskeri á Skaganum, svo skipin gætu siglt óhult inn flóann; en vörðuviti gjörir þar ekkert gagn í næturmyrkri. Það er ljósker í Engey, sem Reykjavíkurbær kostar, og hafa skipstjórar sagt, að þeir sjái ljósið að minnsta kosti 3 vikur sjávar út í flóann. Þegar bjart er, væri vörðuviti að nokkru gagni á Skaganum, en hann gjörir ekkert gagn í næturmyrkri, og verður litlu ódýrari en ljósker, ef hann á nokkurt gagn að gjöra. Jeg vildi veita fjeð, en orða þennan tölulið öðruvísi.

Viðvíkjandi því fje, sem veitt er til eflingar búnaði, 15000 kr., þá er það ekki of mikið. En jeg skil ekki þessa ákvörðun um sýslunefndirnar. Jeg ætla heppilegra, að einhver einn hefði yfirráð yfir fjenu í hverju umdæmi fyrir sig, því að ekki mun það vanta, að sýslunefndirnar biðji um nóg og segist ætla að gjöra það og það, en jeg efast um framkvæmdirnar. Það lítur svo út, sem hinn heiðraði framsögumaður hafi stungið upp á þessu af vantrausti á amtsráðunum, og er þó óskiljanlegt, að hann hafi vantraust á sjálfum sjer. Það er þó ekki að ætlazt til, að landshöfðinginn sje kunnugri eða sjái betur en amtsráðin. Jeg verð að ætla, að fjenu sje aldrei betur varið, en þegar það er eitthvert fjelag, sem ráðstafar því, og ver því til eflingar búnaðinum. Jeg hef reynslu fyrir mjer um það frá því fjelagi, sem jeg veiti forstöðu. Það er ekki jeg, sem útbýti fjenu, heldur er það gjört á fundum fjelagsins, og það verð jeg að ætla hina heppilegustu veiting, og þá minnsta hættuna, að fjenu verði varið til lítils gagns. Jeg er hræddur um, þegar sýslunefndirnar eiga að fara að úthluta sjálfum sjer, þá fari ekki vel, og það sje þá ekki landshöfðinginn, er hafi framar nokkur umráð yfir þessu fje. 2. þingmaður Skagfirðinga var eitthvað að finna að búnaðarfjelagi suðuramtsins, og sagði það gjörði ekki annað en leggja fje upp. Jeg veit ekki til þess. En þó að svo væri, þá væri engin hætta á ferðum. Þá safnaðist fjelaginu sjóður, og hinar árlegu tekjur þess yrðu þá meiri, og þyrfti þá landssjóðurinn að leggja minna til.

Þótt jeg sje ókunnugur Hafursá, þá ætla jeg samt að fara fáum orðum um þetta atriði. Það hefur þegar verið tekið fram af kunnugum mönnum, að jarðirnar með fram ánni liggi undir skemmdum og sje hætt við, að þær fari í auðn. Þar sem jarðir þessar eru eign landssjóðsins, þá veit jeg ekki, hverjum það stendur nær en landssjóðnum, að ráða bót á þessum vandkvæðum. Að veita einungis helminginn af því fje, sem með þarf, er sama sem að fleygja því í sjóinn. Það dugar ekki að leggja fram eitthvað lítið eitt, sem hvergi nærri hrökkur til þess, sem gjöra þarf. Slíkar umbætur, sem hjer ræðir um, þarf að gjöra í einu, en það er gagnslaust, að káka við þær; því að þá þarf fje að nýju til að við halda þeim umbótum, sem þegar eru gjörðar, úr því áin fær að nokkru leyti að ráða sjer sjálf. Hjer er um eignir landssjóðsins að

ræða, og því væri full ástæða að minni skoðun til að veita allt það fje, sem með þarf, án alls endurgjalds. Það er engin sanngirni, að núverandi ábúendur greiði allan kostnaðinn til slíks. Árleg leiga af fjenu væri hugsanleg, en ekki meira. Þetta vona jeg deildin játi með mjer, þegar hjer er um eignir landssjóðsins að gjöra, og að verja þessar eignir beinlínis fyrir skemmdum og jafnvel fullri eyðingu.

Þá kem jeg til þessara vegfróðu manna, sem 1. þingmaður Suður-Múlasýslu vill fá og segir, að þeir muni ekki kosta mikið. Um það get jeg ekki verið honum samdóma. Þótt hann fengi 1 eða 2 vegfróða menn, er skyldu vera umsjónarmenn við vegagjörðina, þá mundu þeir vera of dýrir eptir gagni því, sem þeir mundu gjöra, og að auk óþarfir. Þeir verða líka miklu dýrari en hann sagði. Mjer skildist eptir hans reikningi, að þeir mundu ekki kosta nema 600 kr., en það verður sannarlega meira. Því annaðhvort er, að fá þá menn, sem hafa fullt vit og næga þekkingu á vegagjörðum, eða þessir menn verða eigi annað en hverjir aðrir verkamenn. Þeir vinna ekki meira, þótt tveir sjeu, og gjöra ekki annað en að halda mönnum að verkinu, en þeir menn þurfa að fá sitt kaup fyrir því, og það ríflegt, ef að vanda lætur.

Jeg verð að fara fáum orðum um hinn umboðslega endurskoðunarmann, 2. þingmaður Suður-Múlasýslu kvað mig hafa sagt, að það væri undarlegt að vilja bæta við þennan mann, og vilja þó ekki bæta við aðra. En jeg sagði, að það væri undarlegt, að bæta *þegar* við laun hans fyrsta árið, og það er því undarlegra, sem hann vissi, að hverju hann gekk, þegar hann fjekk embættið, og hversu mikil þau störf voru, sem hann tókst á hendur, með því að hann hafði unnið að þessari endurskoðun tvö ár áður. Störfin hafa ekki aukizt, síðan hann tók við, heldur miklu fremur minnkað, og endurskoðunin er alls ekki eins örðug, og hún var áður. Jeg hygg því, að hann gjörði rjettast, að láta sjer nægja þau laun, sem hann hefur, þangað til hann hefur gjört sig verðugri fyrir að fá þau hækkuð, en hann hefur enn gjört. Af þessari ástæðu er jeg á móti því, að laun hans sjeu aukin. 2. þingmaður Suður-Múlasýslu þarf ekki að bregða mjer um launaviðbót. Jeg hef sjaldan um hana sótt eða fengið, og ekki heldur um uppgjöf á sektum. Hinn háttvirti 1. þingmaður Suður-Múlasýslu taldi það sjálfsagt, að breyta sannfæringu sinni. En jeg verð að telja það mjög illa farið, að ganga svo að málunum, að hafa enga sannfæringu. Jeg verð að játa, að mjer nægir það ekki; jeg geng svo að málunum, að þá fyrst, þegar að jeg er orðinn sannfærður um hið rjetta eptir minni skoðun, get jeg gefið þeim atkvæði mitt. Það eru harðir kostir, að þingmenn gangi svo sannfæringarlausir að einhverju máli, að þeir fylgi sinni skoðuninni í hvert skiptið, og jeg skal bæta því við, að þetta mál hefur verið svo lengi á dagskrá, að þingmaðurinn hefði getað verið búinn að afla sjer sannfæringar um það.

Eiríkur Kúld: Jeg ætla mjer ekki að fara að verja mín breytingaratkvæði, því hinn háttvirti þingmaður Borfirðinga hefur gjört það svo, að jeg hef þar engu við að bæta. Þó skal jeg taka það fram viðvíkjandi 11. gr. 2. tölul. um 2000 kr. styrkinn til gufubáts milli Akraness og Reykjavíkur, að jeg held, að þeir, sem ákafast hafa barizt móti uppástungu þessari, sjeu að berjast við skuggann sinn, því meiningin er sú, að það fje fáist fyrst þegar sýslufjelögin hafi útvegað gufubátinn. En það var eigi vegna þessa, að jeg stóð upp, heldur var það til þess að mæla með því breytingaratkvæði bins hæstvirta landshöfðingja, sem gekk í þá átt, að þingið sýndi nokkrum nafngreindum læknum þá sanngirni, að bæta laun þeirra að nokkru. Jeg skal eigi vera að berjast fyrir því, að þessir læknar bafi nokkra rjettarkröfu gagnvart þinginu, heldur er það einungis sanngirniskrafa. En það er líka nægilegt. Þingið á að vera sanngjarnt, og veita sanngjörnum kröfum manna áheyrn, þótt þær ef til vill eigi sjeu beinlínis rjett-

arkröfur. Orsökin til þess, að launamál þessara lækna er komið í þetta horf, er sú, að launalögin voru samþykkt, eptir að læknalögin höfðu verið samþykkt. Þegar launalögin voru rædd í efri deild alþingis, tók jeg það fram, að jeg eigi væri viss um, nema þeir læknar, sem þá væru í embættum, kynnu að sviptast rjetti þeim, er þeir samkvæmt hinum eldri lögum hefðu til hærri launa framvegis. Einn háttvirtur lögfróður þingmaður, sem nú er forseti hins sameinaða þings, svaraði mjer þá, að lögin hefðu engin áhrif í þá átt, þeir ættu að halda þeim launum, sem þeir hefðu eptir lögunum, eins þeim, sem þeir hefðu sem persónulega viðbót. 7. grein launalaganna segir og, að enginn embættismaður skuli í missa af rjetti þeim, sem hann hafi. Hin háttvirta deild verður vel að gæta þess, að þessir læknar eru miklu ver farnir, en þeir læknar, er fá embætti nú. Þeir byrjuðu með talsvert minni launum en læknar nú, mig minnir 600 rdl. eða 1200 kr., en áttu svo smátt og smátt að fá meira. Í þeirri von, að þetta uppfylltist, sóttu þeir um embætti, en svo koma launalögin. Það var raunar af stjórninni seinna sent frumvarp inn á þingið, sem fór þess á leit, að þeir mættu halda öllum sínum rjettindum óskertum, en því var eigi gaumur gefinn. Það, sem rjeð úrslitum þessa máls á alþingi 1879, sýnist og hafa gjört það nú hjá hinni heiðruðu nefnd, það er *strangur lagarjettur*, en „*summum jus, summa injuria*", eða hinn strangasti rjettur er mesti órjettur, segir málsháttur inn. Viðvíkjandi einum af þessum læknum skal jeg geta þess, að eptir að hann hafði tekið við læknishjeraði sínu, sem bæði er víðlent og torsótt, þá var enn bætt við hann einhverri örðugustu sveit á landinu, en laun hans eigi bætt upp að heldur. Jeg vildi óska, að mín orð mættu styrkja þessa breytingartillögu hins hæstvirta landshöfðingja, og um fram allt vona jeg, að hinir heiðruðu þingmenn við atkvæðagreiðslu máls þessa, gæti allrar þeirrar sanngirni, sem málið á skilið.

Grímur Thomsen: Það hafa komið ýmsar mótbárur gegn breytingartillögum mínum í þessu máli. Sumar þeirra, t. d. hins háttvirta 2. þingmanns Suður-Múlasýslu, eru þess eðlis, að eigi þarf að eyða svörum að þeim. En þar sem hinn sami heiðraði þingmaður sagði, að launalögin 1875 væru að mestu mitt verk, þá verð jeg að biðja hann, að vera eigi of ríkur á þeirri æru mjer til handa, að minnsta kosti eigi svo, að hann eigi minnist hins háttvirta varaforseta, sem mun eiga hana miklu fremur skilið en jeg. Jeg ætla að leyfa mjer að svara tveimur athugasemdum hins háttvirta framsögumanns. Það er þá fyrst viðvíkjandi upphæðinni til póststjórnarinnar. Hann vill eigi skilja, að þar sem póstmeistaranum 1879 voru veittar 1000 kr. til skrifstofukostnaðar, þá voru þar af 400 kr. að eins veittar fyrir næsta fjárhagstímabil 1880—1881, en eigi lengur, og því getur hann eigi fengið þessi laun nú, nema nefndin geti þess sjerstaklega, en það hefur hún eigi gjört. Hún ætti að taka það fram sjerstaklega í fjárlögunum, en eigi í athugasemdum við fjárlögin. En nefndin hefur að eins þegjandi veitt póstmeistaranum þessa upphæð; um sundurliðun á upphæðinni er ekkert að finna. Um veitinguna til að varna sandfoki í Skaptafellssýslu skal jeg geta þess, sem enginn fann að 1879, sem sje þess, að umboðsmaður Munkaþverárumboðs fjekk 10000 kr. lán til þess að gjöra jarðabætur á Staðarbyggðarmýrum, og setti þó eigi aðra ábyrgð en þá, sem hann þegar hafði sett fyrir umboðsgjöldunum.

Við 12. gr. hafði jeg ásamt fleirum gjört það breytingaratkvæði, að í stað 11,000 kr. hvort ár kæmi 13,000 kr hvort ár, og af því fje væri veittar 2000 kr. árlega til póstflutninga með gufubáti milli Reykjavíkur og Akraness. Það er rjett, sem hinn heiðraði 1. þingmaður Eyfirðinga mælti, að rjett væri fyrir viðkomandi sýslur að byggja bát þennan fyrst. Borgarfjarðar-, Mýra-, Gullbringu- og Kjósarsýsla og Reykjavík eiga að stofna hlutafjelag, til þess að koma gufubát þessum á fót. En ef þessi bátur nú

kæmist á, þá ætti líka umboðsstjórnin að styrkja þá með 2000 kr. láni árlega, og með því að nota bát þennan til póstflutninga, og skal jeg játa það, að í breytingartillögunni, þótt hún ekki fari fram á meira, en 2000 kr. — liggur bending um, að í rauninni veitist 4000 kr. á ári til að styrkja þetta fyrirtæki. Að endingu vil jeg benda á það, að hjá hinni heiðruðu nefnd eru allar breytingar hærri er árið 1879. Hvergi er sparað, heldur bætt við í hverjum einasta tölulið. Og þótt stjórnin víða taki ríflega til, hefur þó nefndin sumstaðar jafnvel boðið meira. Þannig hefur nefndin t. d. veitt 500 kr. meira, en stjórnin tók til, til útgáfu stjórnartíðindanna, líklega af því, að hún treystir svo vel tekjum landsins. Jeg veit, að flest eða öll mín breytingaratkvæði verða felld, en það skal eigi halda mjer frá, að brýna fyrir hinni heiðruðu deild það, sem sannfæring og reynsla mín segja mjer að sje rjett. Og jeg hef fullan rjett til að krefjast þess, að fá að vita, hver ástæða er til að við hafa þetta örlæti í brúkuninni á annara fje.

Jón Jónsson: Jeg vil leyfa mjer, áður en gengið er til atkvæða, að tala fáum orðum um enn eitt atriði, nfl. 9. gr. C. 9., þar hefur hin heiðraða nefnd ætlað 1654 kr. árlega til að halda áfram «Lovsamling for Island». Í fjárlögunum 1879 var stjórninni neitað um þessa upphæð, og jeg verð að mæla fram með því, að svo sje enn gjört. Landssjóðurinn hefur að minni hyggju ekki efni til þess, að gefa út jafn-dýra bók og «Lovsamling for Island», og þörfin á þessari bók er mjög lítil, því lagasafnið er komið út yfir það ár, er «Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands» byrjuðu, og sýna hin síðustu bindi lagasafnsins þetta ljóslega, því flestöll lög og stjórnarúrskurðir, er þar hafa verið prentaðir, hafa áður verið prentaðir í «Tíðindum um stjórnarmálefni Íslands». Af «Lovsamling for Island» eru, ef safn þetta á að ná til 1874, eptir 15 ár, sem á að halda því fram um; og fylla lög og stjórnarúrskurðir frá þeim árum minnst 5 bindum, ef þau eiga að prentast eptir því formi, sem verið hefur á lagasafninu. Bókasölumaðurinn fær 40 kr. fyrir hverja örk. Bindið er 40 arkir og kostar það rúmlega 1600 kr.; 5 bindi þannig rúmlega 8000 kr.

Ólafur Pálsson: Jeg heyrði á framsögumanni, að ekki mundi hægt að gjöra mig ánægðan viðvíkjandi Hafursá, og mjer skyldist, að hann eigi þættist geta veitt lán Skaptfellingum til þess að veita Hafursá, af því fasteign vantaði í veð fyrir láninu, og hann gat þess, að jeg eigi væri viss um, hvort lánið dygði til þess að veita henni. Það er satt, því um það getur maður ekki sagt, fyrri en verkið er búið hjer um bil; en jeg hlýt að gjöra mig ánægðan með það, sem búfræðingurinn áleit í fyrra, nefniliga 4500 kr.; en það er líka aumt, að leggja svo lítið fje til, að það ekki sje nægilegt, úr því á annað borð nokkuð er veitt. Hvað veðinu viðvíkur, þá eru allir bændurnir, sem með áuni búa, fátækir menn, sem búa á þjóðjörðum, fasteignir eru eigi fáanlegar í veð, og því verður landssjóðurinn að lána þeim veðlaust til reynslu. Annaðhvort verða jarðirnar, sem liggja undir skemmdum af ánni, eyðilagðar, áður langt um líður, eða landssjóðurinn verður að vera ríflegri í tillögum sínum.

Varaforseti: Jeg ætla að eins að gjöra einfalda athugasemd við það, að hinn heiðraði þingmaður Borgfirðinga sagði, að jeg hefði ráðið launalögunum. Jeg held heldur, að launalögin sjeu eptir allt þingið í heild sinni, en ekki eptir neinn einstakan mann; en svo mikið man jeg, að ekki var hinn háttvirti þingmaður Borgfirðinga mjer ósamþykkur í því máli í þá stefnu, að hann vildi hafa launin lægri.

Þorsteinn Thorsteinson: Hinn heiðraði þingmaður Borgfirðinga endaði ræðu sína með því að segja, að fjárlaganefndin hefði verið ör á annara fje. Það er auðvitað, að hann hefur sagt þetta í hita, þreyttur og hrjáður eptir svo miklar og árangurslausar ræður, sem hann hefur haldið. Hann hefur

opt bent því áður að nefndinni, sem jeg verð að segja að befur verið, vægast talað, öldungis rangt og ástæðulaust. Hann sagði og áðan, að nefndin eigi vildi styrkja góð fyrirtæki, nema í einstökum fjórðungum. Þetta hefur hann *enga heimild* til að segja. En jeg vil eigi svara þessum eða öðrum ergjuorðum hans. Jeg vil að eins leyfa mjer að minnast á 12. gr. frumvarpins, þar sem ræðir um útgjöld til póststjórnarinnar; þar hefur nefndin veitt nokkuð meira fje, en stjórnarfrumvarpið fór fram á, og það hefur hinn háttvirti þingmaður Borgfirðinga nú svo sem hengt hattinn sinn á. En nefndin fór í þessu eptir tilmælum hins hæstvirta landshöfðingja, og hann hefur, sem vandi hans er, sýnt fullkominn sparnað, já, sjerstaklega í þessu efni fullkominn, því jeg voga ekki að segja of mikinn sparnað. Jeg skal leyfa mjer að sýna hinum heiðraða þingmanni Borgfirðinga ofurlítið dæmi, og kannske hann af því geti sannfærzt um, að þessi útgjöld eru eigi of hátt sett, ef hann annars vill taka sannfæringu. Launin eru samkvæmt nefndarálitinu 5050 kr., þar af laun til póstmeistarans 1700 kr. Póstskip koma hjer 108 sinnum á höfn fyrir utan Reykjavík. Hið sameinaða gufuskipafjelag borgar þeim, er afgreiða gózið, 10 kr. fyrir hverja afgreiðslu; þess utan fá þeir prósentur af fargjaldinu, og það er þó enn þá meira ómak að afgreiða póstsendingar og brjef. Það má því eigi bjóða afgreiðslumönnunum minna en 10 kr. fyrir hverja ferð, ef hæfilega ætti að borga. Það verða 1080 kr. Þá koma 49 póstafgreiðslumenn. Hvað á að bjóða þeim? Póstar koma til þeirra minnst 16 sinnum á ári, og með pósti eru opt margir menn og hestar, svo þetta gjörir ærinn átroðning. Það getur varla talizt borgun, sem þeir fá, 1 kr. 25 a. í hvert skipti; þetta verða þá 980 kr. Þá eru eptir 19 brjefhirðingamenn, og þeir fengju, að frá töldum póstskipaafgreiðslulannunum, 68 kr. hver þeirra. Nú má svo telja, að 50 dagar fari árlega í taflr hjá hverjum þeirra; þess utan þurfa þeir talsvert húsrúm fyrir skrínur og sendingar, og hafa líka talsverða peningaábyrgð, og þá er þetta sannarlega heldur of lítið en mikið. En þyki nú hinum háttvirta þingmanni Borgfirðinga þetta enn of mikið, þá getur hann komið fram með breytingaruppástungu um lækkun á því til 3. umræðu.

Síðan var gengið til atkvæða um þennan kafla frumvarpsins, og fjellu atkvæði þannig.

7. *gr.* Breytingartillaga nefndarinnar við 7. gr. var ekki borin undir atkvæði að sinni.

8. *gr.* nefndarinnar, ný grein, samþykkt með 20 atkvæðum.

8. *gr.* stjórnarfrumvarpsins, sem nú verður 9. grein.
Breytingartillaga nefndarinnar samþykkt með 21 atkvæði.
Greinin með áorðnum breytingum samþykkt með 22 atkvæðum.

9 *gr.* stjórnarfrumvarpsins, sem verður 10. grein.

A. 1. og 2. töluliður óbreyttir samþykktir í einu hljóði.
Breytingartillaga Gríms Thomsens o. fl. við A. 3. tölul. felld með 12 atkvæðum gegn 8.
Breytingartillaga nefndarinnar við sama gjaldlið samþykkt með 20 atkvæðum.
Frumvarpsins A. 3. töluliður þar með fallinn.

B. 1. og 2. tölul. óbreyttir samþykktir í einu hljóði.

B. 3. tölul. Breytingartillaga Gríms Thomsens og fl. felld með 14 atkvæðum gegn 4.
Breytingartillaga nefndarinnar samþykkt með 20 atkvæðum.
Gjaldliður frumvarpsins þar með fallinn.

B. 4. tölul. Breytingartillaga Gríms Thomsens og fl. felld með 13 atkvæðum gegn 2.
Gjaldliðurinn óbreyttur samþykktur með 20 atkvæðum.

C. 1. tölul. Breytingartillaga nefndarinnar samþykkt með 14 atkvæðum gegn 2.

Gjaldliður frumvarpsins þar með fallinn.

C. 2. tölul. óbreyttur samþykktur í einu hljóði.

C. 3. tölul. Breytingartillaga landshöfðingja samþykkt með 17 atkvæðum.
Gjaldliður frumvarpsins þar með fallinn.

C. 4. tölul. Breytingartillaga nefndarinnar samþykkt með 22 atkvæðum.
Viðaukatillaga hinnar sömu samþykkt með 19 atkvæðum.
Gjaldliður frumvarpsins þar með fallinn.

C. 5. tölul. Breytingartillaga Lárusar Blöndals o. fl. samþykkt í einu hljóði.
Breytingartillaga nefndarinnar þar með fallin.
Gjaldliður frumvarpsins sömuleiðis.

C. 6. tölul. óbreyttur samþykktur með 21 atkvæði.

C. 7. tölul. Breytingartillaga Gríms Thomsens o. fl. samþykkt með 12 atkvæðum gegn 8.
Gjaldliður frumvarpsins þar með fallinn.

C. 8., nýr töluliður frá nefndinni, samþykktur með 17 atkvæðum.

C. 8. tölul., nú C. 9., samþykktur í einu hljóði.

C. 9. tölul., nú C. 10., samþykktur með 16 atkvæðum gegn 1.

C. 10., nú 11. tölul. Breytingartillaga nefndarinnar samþykkt með 19 atkvæðum.
Gjaldliður frumvarpsins felldur með 19 atkvæðum gegn 3.

9. gr. frumvarpsins, nú 10. grein, í heild sinni með áorðnum breytingum, samþykkt með 20 atkvæðum

10. gr. stjórnarfrumvarpsins, sem nú verður 11. grein.
Breytingartillaga landshöfðingja við 1. tölul. felld með 12 atkvæðum gegn 7.
1. og 2. töluliðir síðan samþykktir í einu hljóði.
Greinin óbreytt samþykkt í einu hljóði.

11. gr. stjórnarfrumvarpsins, nú 12. grein.
1. tölul. Breytingartillaga nefndarinnar samþykkt með 15 atkvæðum.
Breytingartillaga Gríms Thomsens o. fl. þar með fallin.
Gjaldliður frumvarpsins einnig fallinn.

2. tölul. Breytingar- og viðaukatillaga Gríms Thomsens o. fl. felld með 15 atkvæðum gegn 4.
Gjaldliðurinn óbreyttur samþykktur með 22 atkvæðum.

3. tölul. Breytingartillaga nefndarinnar samþykkt með 17 atkvæðum.
Breytingartillaga Gríms Thomsens o. fl. þar með fallin.
Gjaldliður frumvarpsins sömuleiðis.
Greinin í heild sinni með áorðnum breytingum samþykkt með 21 atkvæði.

Á 42. fundi neðri deildarinnar var 2. umræðu enn haldið áfram, og var þá ræddur síðari kafli útgjaldabálksins, 12.–17. grein.

Framsögumaður: Jeg skal leyfa mjer að geta þess, að nefndin fellst á breytingartillöguna við B. III. b, um að færa laun handa dyraverði niður í 700 kr., og sömuleiðis undir B, III, c. 2, til eldiviðar og ljósa, að færa það niður úr 1500 kr. í 1200 kr. Þó nefndin hafi nú ekki getað farið nákvæmlega yfir skólareikninginn, hefur henni þó ekki dulizt, að miklu meira befur verið sparað en að undanförnu, og eins komizt að betri kaupum. Um breytingartillöguna við B. III. c. 7. ýmisleg útgjöld við skólann, að færa þau niður úr 1500 kr. í 1200 kr., getur nefndin ekki fallizt á. Í stjórnarfrumvarpinu er tilfærð ástæða fyrir því, hvers vegna þessi upphæð er færð upp, þar sem ætlaðar eru 200 kr. til bókakaupa sem þóknun handa þeim, sem taka þátt í umsjóninni, af lærisveinum, og til verðlauna handa þeim lærisveinum, sem skara fram úr og eru iðnir og siðprúðir, en afganginn til þess að gefa út orðasafn eptir hinn lærða skólastjóra dr. Jón Þorkelsson. Útgáfa orðasafnsins hlýtur að verða bókmenntum vorum til sóma, og sem ásamt hinu væri því mjög æskilegt, og álítur nefndin, að þeim 300 kr., sem til þessa ganga, sje vel varið. Ef nú breytingartillag-

an gengur í þá stefnu, að fella þetta niður, þá er nefndin á móti henni, en ef hún vill lækka þessar 1200 kr., sem áður hafa verið, þá mun nefndin verða með tillögunni, ef ástæður eru með. Þá hefur komið fram breytingaratkvæði um, að á milli 13. og 14. gr. komi 2 nýjar greinar um að lána ábúendum á þjóðeignum 10,000 kr., og til að stofna allt að 4 búnaðarskóla 100,000 kr. af viðlagasjóði, sem endurgjaldist með 6 % á 28 árum. Nefndin leyfir sjer að benda hinum háttvirtu uppástungumönnum á, að þessar greinir geta ekki staðið í fjárlögunum, þær eiga ekki heima í fjárlögum, því hjer er eingöngu að ræða um *lán* af viðlagasjóði, en eigi um fjárveiting. Vill nefndin því ráða til, að breytingaruppástungan verði tekin aptur, en hitt er annað mál, að hún komi síðan fram við 3. umræðu sem *viðauki* eða eptirmáli við fjárlögin, eins og gjört var í hitt eð fyrra með árnar í Árnessýslu. Nefndin fellur frá breytingartillögu sinni við C. 2, til amtsbókasafnsins í Stykkishólmi og enda Akureyri; og skal jeg geta þess, að nefndin hefur fengið glöggva skilagrein frá amtmanni Vestfirðinga um safnið, og að sjenu sje vel varið. En hið sama get jeg ekki, því miður, sem þingmaður Eyfirðinga, sagt um bókasafnið á Akureyri, því í vor, þegar jeg fór, var ekki búið að semja bókaskrá yfir það. Jeg skal því alveg láta það vera á deildarinnar valdi, hvort hún vill veita því fjeð, en jeg skal leyfa mjer að mæla fram með safninu í Stykkishólmi, af því að það hefur fullnægt því skilyrði, sem sett var við hina fyrri fjárveitingu, og læt jeg það vera á valdi þingdeildarinnar, hvort gengið er til atkvæða um þetta í tvennu lagi, eða ekki.

Landshöfðinginn: Við 12. gr. A. a. og 12. gr. B. 1. a. hefur hin háttvirta nefnd aptur tekið upp breytingu þá á viðauka á launum biskupsins og forstöðumanns prestaskólans, sem svo ítarlega var rætt í hitt eð fyrra, og sem var felld af hinu sameinaða alþingi. Þetta virðist mjer mjög óheppilegt og ósamboðið þinginu. Jeg vil að svo stöddu eigi taka upp aptur umræðurnar frá í hitt eð fyrra, því að jeg vona fastlega, að hin háttvirta deild samþykki ekki þessar breytingaruppástungur nefndarinnar, og jeg skal geta þess, að þessar breytingar voru einnig bornar upp af fjárlaganefndinni í hitt eð fyrra, en við 2. umræðu felldar af neðri deild, og þannig úr garði gjörð voru fjárlögin samþykkt af þessari heiðruðu deild, og voru einnig samþykkt af efri deildinni. En þegar fjárlögin aptur komu til einnar umræðu til hinnar heiðruðu neðri deildar, voru þessar breytingar á ný bornar upp, jafnvel þótt ekki hefði verið ágreiningur milli deildanna nema um það, og loksins átti hið sameinaða alþingi að skera úr þessari spurningu. Jafnvel þótt þessi úrskurður hafi ekki beinlínis gildi nema fyrir þetta fjárhagstímabil, er þó óhætt að fullyrða, að í öllum öðrum constutionellum löndum álítur þingið sig bundið við þess konar úrskurði hinna undanförnu þinga, og þess vegna verð jeg og að vera á þeirri skoðun, að það sje nú þinginu ósamboðið að breyta því nú, sem það í hitt eð fyrra áleit skyldu sína að samþykkja.

Að vísu vildi jeg óska, að hin háttvirta deild samþykkti ekki breytingaruppástungu hinnar heiðruðu nefndar við staflið B. I. b 2., B. I. b. 7 og við B. II. b. 1 og b. 5, en jeg ætla eigi að fjölyrða um þær, með því í öllum þessum gjaldliðum ræðir um lítilræði, sem mest er komið undir áliti hinna háttvirtu þingmanna. Hið sama gildir að nokkru leyti um þóknunina handa fimleikakennaranum, en jeg skal viðvíkjandi þessu atriði vísa til umræðanna í hitt eð fyrra, þar sem ítarlega var rætt um það, og þar sem niðurstaðan varð sú, að halda 700 kr. óbreyttum. Þar sem nú sami maður á í hlut, og þar sem engin breyting er komin á stöðu hans, virðist mjer ekki ástæða til fyrir þingið að breyta nú þessari upphæð, sem ákveðin var, þegar hann var settur í þessa sýslan, og samþykkt af alþingi í hitt eð fyrra, og hann þess vegna haft ástæðu til að treysta því, að þessi þóknun yrði ekki færð niður,

meðan hann væri í þessari stöðu, og meðan yfirboðarar hans eru ánægðir með þjónustu hans. Mjer að minnsta kosti virðist þessi aðferð nokkuð nápínuleg og ósanngjörn. Það var í ályktun alþingis frá í hitt eð fyrra ætlað, að breyting sú á fyrirkomulagi umsjónarstarfanna við hinn lærða skóla, sem farið var fram á, og sem hefur reynzt mjög vel, mundi hafa í för með sjer kostnað samtals 1200 kr., og þessari upphæð stingur frumvarpið upp á að skipta milli hlutaðeigandi með 900 kr. og 300 kr., og vil jeg því leyfa mjer að mæla með því, að breytingum þeim, sem komnar eru fram um þetta, verði ekki gaumur gefinn. Jeg er hinum háttvirta framsögumanni alveg samdóma um athugasemdir hans við B. III. c. 7. «ýmisleg gjöld», og skal geta þess, að jeg sje ómögulega, að hægt sje að komast af með 1200 kr., og þarf því þessa 300 kr. viðbót til bókaverðlauna handa skólapiltum og til þess, að orðasafn rektors Jóns Þorkelssonar geti haldið áfram að koma út.

Þar sem bæði hin háttvirta nefnd og 4 heiðraðir þingmenn, þar á meðal binn heiðraði þingmaður Reykvíkinga, stinga upp á því, að B V. a. 1. og falli burt, en þessir töluliðir fara fara fram á að veita Reykjavíkurkaupstað styrk til að koma upp gagnfræðakennslu hjer í kaupstaðnum, ætla jeg að svo stöddu eigi að mæla með töluliðum þessum, en láta mjer nægja að skírskota til athugasemdanna bls. 33—34, og sjer í lagi geta þess, að stofnun þess konar skóla hjer í Reykjavík kynni ef til vill að hafa þá afleiðingu, að talsvert fje gæti sparazt fyrir landssjóð samkvæmt reglugjörð fyrir skólann 12. júlí 1877, 18. gr.

Hin háttvirta nefnd og hinir heiðruðu þingmenn hafa stungið upp á því, að skipta 4500 kr. styrk þeim, sem færður er til í B. V. a., í 2 liði, sem sje til barnaskóla 1200—600 kr. og til alþýðuskóla 4500 — 4500, eða 3000—3500 kr. Jeg get fallizt á þessa skipting fjárins í 2 hluti, en mjer virðist, að skiptingin eigi að fara nokkuð öðruvísi fram. Hinum háttvirtu þingmönnum er kunnugt, að styrkur sá, sem fjárlögin hafa veitt barnaskólum, hefur haft þær afleiðingar, að þess konar skólar eru komnir á stofn í því trausti, að þegar hlutaðeigandi sveit legði helming bins árlega kostnaðar til, ætti skólinn það víst, að landssjóðurinn styrkti hann með allt að hinum helmingnum. Með þessu móti hafa barnaskólar í sveit fjölgað á mjög gleðilegan hátt, og þó að jeg að öðru leyti kynni að vera nefndarálitinu um alþýðuskólamálið meðmæltur, verð jeg samt að vera á þeirri skoðun, að barnaskólum þeim, sem hingað til hafa fengið styrk af landssjóði, og ekki geta komizt af án hans, að minnsta kosti fyrst um sinn, eigi að veita þennan styrk nokkuð ríflegri, en hin háttvirta nefnd hefur lagt til. Jeg skal í þessu tilliti skýra frá, að árið 1880 hafa 8 þvílíkir skólar fengið styrk af þessum gjaldlið, og mjer er kunnugt, að á þessu ári hafa minnst 3 bætzt við, einmitt í trausti til eða vissri von um, að þeim muni verða veittur styrkur úr landssjóði til þess. Að mínu áliti ber ekki að svipta þessa barnaskóla þeirri von, sem alþingi sjálft hefur gefið þeim, og á fjárhagstímabili því, sem hjer ræðir um, mun til þess þurfa minnst 2000 kr. árlega. Jeg skal því leyfa mjer, ef hin háttvirta deild samþykkir breytingu þá, er hjer ræðir um, að stinga upp á því við 3. umræðu, að styrkur handa barnaskólum verði hækkaður upp í 2000 kr. hvort árið.

Jeg kann hinni háttvirtu nefnd þakkir mínar fyrir góða undirtekt hennar við landsbókasafnið, og vil leyfa mjer í sambandi við þetta að geta þess, að mjer virðist ástæða til, að fela bókaverðinum við «Biblíotek» þetta umsjónina með alþingishúsinu í heild þess, til þess að komast hjá, að setja sjerstakan dyravörð, sem jeg fyrir mitt leyti álít lítt æskilegt og óþarft, ef umsjóninni með þinghúsinu milli þinga verður komið fyrir á annan nægilegan hátt, og jeg skal leyfa mjer að reyna til að koma mjer saman við hina háttvirtu nefnd um þetta atriði innan 3. umræðu, en hjer láta mjer nægja að benda á, að jeg hef hugsað mjer þetta fyrirkomulag með þeim hætti, að hækka laun

bókavarðarins um 100 kr. eða því um líkt. Hin háttvirta nefnd hefur stungið upp á, að fella úr C. tölul. 2., þ. e. styrk til amtsbókasafuanna á Akureyri og Stykkishólmi, af því engin bókaskrá, sem þó var áskilið í síðustu fjárlögum, er komin frá þessum bókasöfnum; en þetta er byggt á misskilningi, og þar sem jeg sjálfsagt hef sjeð um, að skilyrði því, er sett var í fjarlögunum um þetta atriði, væri fullnægt, áður en styrknum væri ávísað þeim, vona jeg að hin háttvirta nefnd taki þessa breyting aptur, og skal jeg með mestu ánægju láta henni í tje bókaskrá frá báðum þessum bókasöfnum.

Jeg skal leyfa mjer að mæla sem bezt jeg get með tölul. C. 3. stjórnarfrumvarpsins, viðvíkjandi styrk til bókmenntafjelagsins.

Einnig skal jeg leyfa mjer að mæla með uppástungu stjórnarfrumvarpsins, um að veita 800 kr. á staði. C. 5 til ferðakostnaðar sálmabókarnefndinni.

Með tilliti til 14. gr. stjórnarfrumvarpsins gjörði hinn háttvirti þingmaður Borginga við 1. umræðu þá athugasemd, að sumpart væri að minnsta kosti eitt þeirra barna eldra en 18 ára, sem veittur var styrkur samkvæmt 8. gr. tilsk. 31. maí 1855, er ákveður, að konungur getur veitt ekkju eptir embættismann viðbót við eptirlaun 10—50 rd. árlega fyrir hvert af börnum ekkjunnar, sem ekki er sjeð fyrir, þangað til hvert barn er 18 ára, og sumpart væri einu þessara föður- og móðurlausu barna veittur styrkur, sem nemi meiru en 10—50 rd. Jeg er viss um, að hinir háttvirtu yfirskoðunarmenn landsreikninganna sjái um, að ekki verði greiddur neinn þvílíkur styrkur fyrir lög fram, og jeg skal geta þess, að hinn háttvirti þingmaður Borgfirðinga hefur gleymt 13. gr. tjeðrar tilskipunar, þar sem segir, að konungur geti veitt föðurlausum og móðurlausum börnum þeirra embættismanna, sem áttu rjett til eptirlauna, hverju um sig 20—100 rd. eptirlaun árlega, að svo miklu leyti og svo lengi, sem þau þurfa við og eru þeirra makleg, þó ekki lengur en til þess þau eru 18 ára. Hinir heiðruðu þingmenn geta að mínu áliti treyst yfirskoðunarmönnunum til þess, að þeir gjöri skyldu sína í þessu sem öðru.

Að svo miklu leyti, sem hin háttvirta nefnd hefur tekið tillögur þær, er jeg eptir fyrirmælum ráðgjafans hef gjört viðvíkjandi beiðni hins setta yfirrjettarmálfærslumanns Þ. Jónssonar til greina, verð jeg að kunna henni þökk mína fyrir það. En mjer virðist hin háttvirta nefnd gjöra þetta af skornum skamti, þar sem hún leggur það til, að þessi embættismaður halda af þóknun þeirri, er veitt er málfærslumönnum, 200 kr., án þess að dregin verði frá eptirlaunum hans samsvarandi upphæð. En samkvæmt launalögunum er það vafasamt, hvort þessa þóknun eigi að draga frá eptirlaununum, þar sem hún er þóknun, en ekki laun í eiginlegum skilningi, en 4. gr. laganna 15. okt. 1875 ákveður, að maður sá, er hefur eptirlaun, ef hann verður settur í embætti eða sýslan, þá nýtur hann allra launa, er embætti því eða sýslan fylgja, en þó skal hann missa jafnmikils í eptirlaununum, og þeim nemur. Af því að stjórninni virðist vafasamt, hvort þessi ákvörðun, þó að hún að eins segi »laun«, einnig eigi við þóknun þá, er hjer ræðir um, hefur hún dregið frá eptirlaunum þessa manns jafnmikið, og þóknun þessari nemur, en hefur eptir beiðni hans borið undir atkvæði þingsins að skera úr þessu. Af því að sanngjarnt virðist og haganlegt fyrir landssjóð að halda þessum manni í stöðu þessari, en hann hefur tjáð sig ófúsan til þess, ef hann eigi að taka þennan starfa alveg kauplaust, vil jeg leyfa mjer að bera mig saman við hina háttvirtu nefnd innan 3. umræðu um breyting á þessu.

Jeg get fyrir mitt leyti — eins og jeg skýrði frá við fyrstu umræðu — fallizt á hina nýju 20. gr. nefndarinnar, en verð að mótmæla breytingaratkvæði hinna heiðruðu 4 þingmanna við þessa grein; þó að álika greinir kynnu að eiga sjer stað í fjárlögum Dana, þá ber vel að gæta þess, að með því

að samþykkja hana, eins og hún er orðuð, ítrekar alþingið þann fyrirvara, sem stjórnin í athugasemdunum hefur lýst yfir að sje ótilhlýðilegur, og að hún verði gagngjört að setja sig á móti, að þvílíkt skilyrði — sem grípur fram fyrir úrlausn á þeirri spurningu, hvort breyta eigi því rjettarástandi, sem nú er — verði sett í samband við fjárveitingar, sem gilda fyrir 2 ár. Hinn háttvirti þingmaður Borgfirðinga og 2 aðrir meðuppástungumenn hans voru, að mig minnir, á alþingi 1879 alveg á sömu skoðun og ráðgjafinn í þessu atriði, þess vegna virðist mjer undarlegt, að einmitt þeir skuli nú fara þessu fram. Ætli það sje til þess, að koma ósamlyndi milli stjórnarinnar og alþingis? Jeg vona fastlega, að það muni ekki heppnast þessum 4 heiðruðu þingmönnum.

Halldór Kr. Friðriksson: Jeg verð að taka undir með hinum háttvirta landshöfðingja, að það er ósæmilegt fyrir þingið að taka þá fjárveiting aptur 1881, sem það hefur veitt 1879. Það hefði verið langt um nær að veita eigi fjeð 1879; það hefði jeg skilið og látið mjer það lynda. Það er ekki svo að skilja, að jeg sje að berjast fyrir neinni launahæð í sjálfu sjer, en jeg get eigi fellt mig við það, að það fje sje tekið aptur, sem búið er þegar að veita. Þessi viðbót, sem hjer ræðir um fyrir biskupinn, byrjaði í vor, og væri undarlegt, að taka hana af honum nú. Það væri sannarlega undarlegt, að veita embættismanni launaviðbót að eins hálft ár. Þá koma skólarnir. Jeg þykist sjá, að nefndin hafi viljað spara, en hún er ekki sjálfri sjer samkvæm í því. Hún vill auka ölmusur við prestaskólann, en fækka ölmusum við læknaskólann, það er með öðrum orðum, að hún tekur frá öðrum skólanum, og bætir við hinn, en mismunurinn er sannarlega ekki sá milli þessara tveggja skóla, að ástæða geti verið til þess. Prestaskólinn hefur 5 ölmusur, og bætir nefndin við hann 1; því hef jeg í sjálfu sjer ekki móti, en jeg hef móti því, að þessi ölmusa, sem honum er bætt, sje tekin frá læknaskólanum. Mjer virðist í þessu liggja sú stefna, að eyða læknaskólanum með öllu. En menn skulu ekki treysta svo mjög á það, að öll læknisembættin sjeu nú skipuð; þeir verða ekki allir læknar, sem kunna að ganga á læknaskólann, og þar að auki eru læknarnir dauðlegir, eins og aðrir menn, og í þriðja lagi þurfa læknarnir að vera fleiri, en þeir eru. Jeg vona því, að þessi styrkur verði ekki tekinn frá læknaskólanum, þótt bætt verði við prestaskólann. Menn gæti þess, að læknarnir verða að kosta meira upp á sig, eptir að þeir eru útskrifaðir; þeir verða að sigla, og fá til þess að eins 300 kr. í ferðakostnað, en allt annað verða þeir sjálfir til að leggja. Það er og undarlegt, að vilja eyða þeim skóla, sem er, í sömu andránni og verið er að biðja um nýjan skóla. Þá kem jeg til latínuskólans, og skal jeg þar fyrst minnast á fimleikakénnarann. Hann er skipaður í þetta starf með 700 kr. launum, og meðan hann hefur ekkert af sjer brotið, og er þar að auki bláfátækur maður, get jeg enga ástæðu sjeð til að lækka þessi laun. Um bænarskrá Sigurðar skólakennara Sigurðssonar skal jeg ekki segja margt, en ekki veit jeg, hvað nefndin hefur verið að hugsa, þegar hún vísaði honum til dyravarðar. Hún verður þó að vita, að tveir eru umsjónarmenn af kennurunum, og annar hefur þó nokkur hlunnindi fyrir, en binn engin, svo sanngirni gat þó mælt með, að taka öðruvísi móti bænarskránni, en að vísa henni til dyravarðar. Um eldivið til skólans skal jeg að eins segja það, að 1200 kr. getur optast nægt, en það getur komið fyrir, að það hrökkvi ekki til, t. a. m. í kuldavetri, eins og í vetur, og annað er það, að ef piltum fjölgar, þarf að skipta sundur stofunum, og fjölgar með því þeim herbergjum, sem þarf að hita. Jeg get gefið deildinni þá skýrslu, að 1879 gengu 1027 kr. til kola, og 1880 nokkuð yfir 1000 kr., en nú í ár verður það að líkindum nokkuð yfir 1200 kr., bæði sakir hins kalda vetrar og af því, að bekkjum var fjölgað. Útgjöld til skólahússins utanstokks og innan geta verið mismunandi. 1879 gekk til þess hjer um bil 1500 kr. og sömuleiðis 1880, en nú í ár

t. a. m. vona jeg, að það verði talsvert minna. Hins vegar vona jeg og, að deildin treysti því, að það sje ekki glatað fje, þó afgangur verði, svo að það gjörir ekkert tjón, þótt afgangur verði, en hrökkvi fjeð aptur á móti ekki til, verður að yfirskríða áætlunina. Þá eru það enn hin ýmislegu útgjöld. Stjórnarfrumvarpið hefur stungið upp á að hækka þau úr 1200 kr upp í 1500 kr., en þess gjörist engin þörf. 1879 voru þessi óvissu gjöld 1090 kr., en árið 1880 1022 kr., og hefur því orðið afgangur bæði árin, en sá afgangur hefur gengið til að prenta orðasafn Jóns rektors Þorkelssonar, en það á ekki við að telja þann prentunarkostnað með óvissum útgjöldum skólans. Það er ekki í þarfir skólans; eigi það að koma út á prent, ætti að gefa það út fyrir það fje, sem ætlað er til vísindalegra fyrirtækja. Jeg get í sjálfu sjer fallizt á þessi verðlaun, sem ætluð eru umsjónarmönnum, en þegar þess er gætt, að ölmusur eru veittar ekki að eins eptir fátækt, heldur einnig eptir öðrum verðleikum, þá sje jeg ekki betur, en að alls þess sje gætt gagnvart piltunum, sem til verður ætlazt, og verður því að minni byggju þessi liður óþarfur. Jeg vil ráða nefndinni til að taka aptur þessa uppástungu um fækkun ölmusanna, og lofa þeim að vera 9000 kr., eins og þær hafa verið. Það væri líka undarlegt, að vilja ekki eins styrkja menntun í latínuskólanum eins og annarstaðar; þar verður hún þó í sjálfu sjer ódýrri, því að sú stofnun er þó komin á, og kostnaðurinn verður því miklu minni, enda á þar og að koma gagnfræðakennsla, svo fljótt sem verða má. Jeg vona, að þetta sje allt saman ljóst fyrir deildinni, og að hún sjái, að jeg hef ekki dregið skólans taum meira en góðu hófi gegnir. Þá kem jeg til Möðruvallaskólans. Jeg hef í sjálfu sjer ekkert á móti því, að veittar verði þessar 600 kr. í stað 400 kr. til bókakaupa, en jeg vil þá láta kaupa að eins þær bækur, sem nauðsynlegar eru við kennsluna, því að bókasafn vil jeg ekki fara að stofna á Möðruvöllum (*Arnljótur Ólafsson*: «Það er víst varhugavert!»). Þá er nú þessi uppástunga stjórnarinnar um styrk til gagnfræðakennslu hjer. Þegar nefndin vísar þessari uppástungu á bug, þá blæs hann ekki á norðan! Jeg verð að segja það, að það er ekki mikil sanngirni, að vilja engum eyri kosta til gagnfræðakennslu hjer í Reykjavík, eptir að reistur hefur verið gagnfræðaskóli á Norðurlandi fyrir 30,000 kr., sem kostar 8000 kr. á ári. Það er ekki fyrir það, uppástungan fór fram á svo lítið, að það er vansjeð, að hún hefði komið að nokkrum verulegum notum, þótt hún hefði fengið fram að ganga. Um barnaskóla er jeg nefndinni samdóma, að láta hreppana eiga þá sjálfa. Ætti að styrkja nokkra barnaskóla, væri það við sjávarsíðuna, en ekki í sveit, því að við sjóinn hagar víða svo til, að barnakennslu verður ekki við komið í heimahúsum, enda er hægra að halda skólunum þar við, sem fjölbyggt er og þjettbýlt. Í sveit aptur á móti er svo langt milli bæja, að ekkert getur orðið úr barnaskólum, nema börnunum væri komið fyrir á staðnum, þar sem skólinn er; en það yrði heldur ekki notadrjúgt, því að það yrði of kostnaðarsamt, enda er það ekki ofætlun prestanna, að sjá um barnakennslu til sveita. Jeg þekki einn skóla í sveit hjer ekki langt burtu, sem styrktur er úr landssjóði, en sem víst gjörir það gagnið mest, að mennta börn bóndans á því heimilinu. Alþýðuskólana hef jeg ekki móti að styrkja, en jeg vil ekki gjöra það skilyrðislaust; jeg vil binda það því fasta skilyrði, sem til er tekið, að helmingur kostnaðar borgist að eins úr landssjóði, en hinn helmingurinn greiðist úr sýslusjóði, og svo að áreiðanleg skilríki sjeu fyrir því, að skólinn sje ekki að eins barnaskóli. Amtsbókasöfnin skal jeg ekki tala margt um; það er ekkert móti, að veita þennan styrk, en aptur á móti þykir mjer nefndin hafa verið nokkuð naum við Bókmenntafjelagið; að veita því einar 500 kr. er sama og ekkert. Það er ekki meira en ritlaun fyrir eina auðfræði; það vill nú reyndar svo vel til, að hennar þarf með í bráð-

ina. (*A. Ó.*: «Ný útgáfa af Íslands lýsing og stafrofskveri»). En ef veita skal fje til bókaútgáfna, er því hvergi svo óhult, sem í Bókmenntafjelaginu; þar er hægt að sjá, hvort fjenu sje vel varið, og þá er hægt að neita um styrkinn, ef fjenu er illa varið. Bókmenntafjelagið ætti því að hafa til umráða það fje, sem veitt er til vísindalegra fyrirtækja Jeg kann ekki við, að taka það þegjandi upp í fjárlögin, að veita styrk pilti, sem fyllir 18 ár nú í sumar, þar sem skýlaust er tekið fram í lögunum, að styrk þennan megi ekki veita lengur, en til fulls 18. árs. Það væri gott, ef nefndin vildi safna öllum þessum eptirlaunum á lista, svo hægra væri að sjá, hvað athugavert er við þau. Viðvíkjandi málaflutningsmannslaununum verð jeg að segja, að annaðhvort er að fylgja fram strángum skilningi á 4. gr. launalaganna, og segja: «Þú færð ekkert», eða þá að veita meira en 200 kr.; 400 kr. væru hið minnsta, sem um verður talað, því að jeg er alls ekki samdóma 2. þingmanni Suður-Múlasýslu um það, að enga málfærslumenn þurfi. Það er sannarleg þörf á þeim; meira að segja: það er þörf á þeim reglulega góðum.

20. gr. kann jeg ekki við; mjer finnst óviðkunnanlegt, að gefa stjórninni heimild til að minnka laun við embættismenn, ef embætti losna. Stjórnin má hafa sparnað við embættismennina eina, en hvergi annarstaðar.

Landshöfðinginn: Jeg skal leyfa mjer að leiða athuga hins heiðraða þingmanns Reykvíkinga að því, að fylgiskjal það, sem bent er til á 37. bls. stjórnarfrumvarpsins, hefur inni að halda skýrslu um breytingar þær, er orðið hafa á eptirlaunum embættismanna frá 1. jan. 1879 til 31. desbr. 1880. Jeg skal bæta því við, að þessum syni eins framliðins embættismanns hefur verið veittur þessi styrkur til 16. júlí 1881.

Jón Ólafsson: Hinn heiðraði þingmaður Reykvíkinga sagði, þegar talað var um laun biskups og launabót hans, að hann hefði lesið «einhverstaðar», að stjórnin gengi út frá því sem gefnu, að sú viðbót, sem einu sinni væri veitt einhverjum á fjárlögunum, væri föst um aldur og æfi. Það er mikið, að hann, sem hefur lesið svo glögglega frumvarp stjórnarinnar, skuli ekki hafa kynnt sjer betur nefndarfrumvarpið, sem ekki vill aðbyllast þessa skoðun stjórnarinnar. Hefði hann tekið eptir þessu hjá nefndinni, þá hefði hann sjeð, að nefndin eigi vildi slá skilningi stjórnarinnar á þessu atriði föstum, og binda með því hendur þingsins. Þvert á móti höfum vjer bætt við grein í frumvarpið þess efnis, að taka það skýrt fram, að hver sú veiting, er gjörð væri í fjárlögunum, væri að eins bindandi fyrir fjárhagstímabilið, ef ekki væri hið gagnstæða skýrt fram tekið. Hann furðaði það, að nefndin skyldi hafa bætt ölmusum við prestaskólann, en nefndin hefur hjer gengið út frá frumvarpi stjórnarinnar, sem stakk upp á, að þar skyldu vera 3 ölmusur, og hefur þá fært þær niður í 2. Honum þótti það einkum hart með tilliti til læknaskólans, sem að eins á að fá 1 ölmusu, að láta prestaskólann fá tvær, en hann verður að gæta þess, að það ganga fleiri á prestaskólann, en læknaskólann. Það eru 140 prestembætti hjer á landi móti 20 læknisembættum. Hann sagði, að læknaskólamenn þyrftu meiri styrk, af því að þeir ættu að sigla, og fengju engan styrk til þess nema 300 kr. í ferðakostnað. En hann veit eigi, að öll læknaefni, sem sigla til Kaupmannahafnar og ganga á spítala þar og fæðingarstofnun, fá auk ferðastyrksins 50 kr. á mánuði af Communiteti, og það er meira en nokkrar ölmusuveitingar hjer. En þetta hefur hinum heiðraða þingmanni náttúrlega verið ókunnugt um (*Halldór Friðriksson*: «Ónei»). Þá er merkilegt, að þingmaðurinn skuli hafa talað þvert á móti betri vitund sinni. Hinn heiðraði þingmaður mælti fram með bænarskrá skólakennara Sigurðar Sigurðssonar um launviðbót, sem reyndar eigi liggur fyrir hjer. Það er merkilegt, að hinn heiðraði þingmaður skuli vera svona hringlandi í skoðunum sínum, hann sem einmitt sagði í dag um endur-

skoðarann, að það væri undarlegt, að menn, sem væru nýbúnir að fá embætti með ákveðnum launum, færu strax á næstu árum að biðja um launaviðbót, þótt engu hefði verið aukið við starfa þeirra. Starfi þessa skólakennara hefur eigi aukizt hið minnsta, en það hefur starfi endurskoðarans gjört. Hinum sama heiðraða þingmanni var það á móti skapi, að nefndin hafði fallizt á, að hin óvissu útgjöld lærða skólans væru færð úr 1200 kr. upp í 1500 kr., en það var með fram gjört til þess, að fje fengist til að gefa út orðasafn Jóns rektors Þorkelssonar með skólaboðsritinu; þingmaðurinn sagði, að það «ætti ekki við að gefa út vísindaleg rit í skólaboðsriti». Það er í sannleika sorglegt, að hann, sem er yfirkennari við lærða skólann, skuli eigi hafa notað bókasafn skólans betur, en svo, að hann skuli ekki hafa lesið eitt einasta af þeim mörgu skólaboðsritum, sem bókasafninu eru árlega send tugum saman frá ýmsum löndum; því ef hann hefði lesið þau, þá mundi hann vita, að það er altítt og þykir einkar-vel við eiga, að vísindaleg rit fylgi skólaboðsritum; hafi hann lesið nokkur útlend skólaboðsrit, þá má það heita einstakt lag af hinum heiðraða þingmanni, að hafa ekki rekið augun í neitt slíkt skólaboðsrit í bókasafninu, sem innihalda vísingaleg rit, ef hann annars hefur nokkurn tíma haft fætur sínar innan þröskulda þar, því þar úir og grúir hvervetna af þeim. Jeg vil nú eigi brúka svo ókurteis orð, sem hinn heiðraði þingmaður hafði í dag um tillögu fjárlaganefndariunar um biskupslaunin, er hann kallaði «ósæmilegar»; jeg vil að eins segja, að það muni víst vera sæmilegt fyrir skólann, að verða að telja svo fróðan mann meðal kennara sinna. Hinn heiðraði þingmaður er reiður af því, að nefndin eigi skuli hafa veitt fje til stofnunar gagnfræðaskóla í Reykjavík, sem NB. átti að standa í sambandi við barnaskóla. En gagnfræðiskennsla er ætluð ungmennum á allt öðru stigi en börnum, sem ganga á barnaskóla, og slíkir skólar geta naumlega farið saman, svo vel sje. Nefndin hefur veitt fje til 2 gagnfræðaskóla á Suðurlandi, semsje Flensborgarskólans og Eyrarbakkaskólans, svo ekki bljes hann á norðan í það sinnið. En að veita fje til 3. gagnfræðaskólans hjer rjett í nándinni, sem sje í Reykjavík, það þótti nefndinni óþarft, á svo litlu svæði. Hinn heiðraði þingmaður vildi vita, hvað nefndin meinti með alþýðuskólum. Það getur hann sjeð í álitsskjali skólamálsnefndarinnar, sem hefur legið fyrir þinginu. Það er ekki ólíklegt, að hinn heiðraði þingmaður hefði gott af að kynna sjer það. Þar er það tekið fram, hverjar vísindagreinir skuli kenndar, til þess að styrkur sá fáist, sem nefndin ræður til að veita. En það lítur út fyrir, að þingmaðurinn sje ekki fróðari í þessu, en svo mörgu öðru. Hinum sama heiðraða þingmanni hefur þóknazt að lýsa óánægju sinni yfir því, hve litinn styrk nefndin hefur ætlað Bókmenntafjelaginu. Jeg get ekki neitað því, að jeg hefði kunnað betur við, að þessi óánægja hefði komið úr *einhverri* annari átt, en frá hinum heiðraða þingmanni Reykvíkinga, því allir vita, að *hann* hefur ekki verið sá máttarstólpi fjelagsins, að það sitji á *honum*, að verða fyrstur til að lýsa þessari óánægju. Hinn háttvirti þingmaður Borgfirðinga hefur og látið óánægju sína í ljósi fyrir þessa meðferð nefndarinnar á Bókmenntafjelaginu, og var eitthvað að tala um leynileg samtök í þinginu, og þess háttar. En hvað Bókmenntafjelaginu viðvíkur, þá álít jeg, að því sje eigi veitandi meiri styrkur en 500 kr., því það hefur eigi varið þeim styrk, sem því áður hefur veittur verið, svo vel, að það hafi unnið til þess, að fá svo mikið aptur, enda er það líka fullríkt. Jeg skal minna á, að fjelaginu voru í hitt eð fyrra veittar 2000 kr. til að gefa út landshagsskýrslur; hvað gjörir svo fjelagið? Jú, viti menn: í tímariti þess koma út í 2 ár $1^1/_2$, ein og hálf, örk af slíkum skýrslum, og er það ærið lítið starf fyrir 2000 krónur!

Grímur Thomsen: Mjer þykja nú umræðurnar fara að harðna, og held jeg því, að heppilegra sje, að tala um hógværar tölur, sem ekki æra geðsmuni neins. Jeg hef

leyft mjer að gjöra ýmsar breytingartillögur við frumvarp hinnar heiðruðu nefndar, og skal jeg nú þræða þær. Hjer er þá fyrst 12. gr. stjórnarfrumvarpsins A. b. 1.; þar hef jeg, ásamt 3 öðrum uppástungumönnum, stungið upp á að lækka upphæð þá, er lögð er til prestakalla, samkvæmt lögum 27. febr. 1880, úr 5500-6000 kr. ofan í 4500—5000 kr., því þegar saman er borið, hversu miklu er bætt við brauð á landinu úr landssjóði, og hversu mikið er tekið af öðrum brauðum, þá er ólíklegt, að mismunurinn verði meiri, en eins og þessu nemur. Stjórnin hefur í þessu slumpað til, og það stendur á litlu, hvort það er hækkað eða lækkað. Sama er að segja um A. b. 2. í sömu grein um bráðabyrgðaruppbót fátækra brauða, þar höfum við sett 4500—4000 ofan í 3500—3000. Jeg trúi eigi, að hærri upphæðir komi til útgjalda á tímabilinu en þetta. Sömuleiðis höfum við í sömu grein A. b. 5. um styrk til prestsekkna og barna fært upphæðina niður úr 2500 kr. hvort ár ofan í 2000 kr. hvort ár; mjer virðist óþarfi að hafa þennan tölulið eins háan og áður, því að áður voru prestar einnig taldir hjer með. Hvað prestaskólanum viðvíkur, þá vil jeg fylgja þar hinni sömu reglu og annarstaðar í fjárlögunum, að hækka eigi útgjöldin frá því, sem þau voru á fyrra fjárhagstímabili. Mjer finnst fjárhagur landsins ekki vera svo glæsilegur, að það sitji á mönnum, að hækka útgjöldin meira en góðu hófi gegnir, enda er prestaskólanum vel borgið með þeim styrk, sem hann hefur. Við B. III. b. hefur nefndin lækkað laun dyravarðar um 100 kr., og er jeg henni samdóma í því, en þykir eigi lækkunin nóg, og hef því farið fram á, að laun hans væru lækkuð um 200 kr. Sömuleiðis vil jeg lækka B. III. c. 2. til eldiviðar og ljósa úr 1500 kr. í 1200 kr., því sú upphæð hefur allt af nægt til þessa. Viðvíkjandi hinum óvissu útgjöldum skólans B. III. c. 7. skal jeg geta þess, að til þeirra hefur aldrei þurft meira en 1200 kr., nema eitt ár, en það var sökum veikinda meðal skólapilta. Jeg vil því breyta þeim 1500 kr., sem til þeirra eru ætlaðar í stjórnarfrumvarpinu, í 1200 kr. Stjórnarfrumvarpið hefur áður lagt 600 kr. til bókakaupa fyrir skólann, en vill nú þar að auki bæta við meira fje til þess að kaupa fyrir verðlaunabækur handa skólapiltum, og hin heiðraða nefnd hefur fallizt á það. Jeg get eigi verið þessu samdóma, því jeg fæ ekki betur sjeð, en að þessar 600 kr. megi nægja bæði til bókakaupa fyrir skólann og til verðlauna fyrir skólapilta. Jeg vil eigi auka það, sem áður hefur dugað, og það eru víst líka margir útlendir skólar, sem mega sætta sig við 600 kr. til bókakaupa fyrir skólann og pilta. Jeg vil óska þess, að hin heiðraða nefnd hjer vilji haga sjer eptir tillögum mínum. Jeg vil enga breytingartillögu gjöra við fjárstyrk þann, er Möðruvallaskólanum er ætlaður. Eins og latínuskólinn er landsskóli, eins álít jeg Möðruvallaskólann vera það. En betur hefði jeg kunnað við, að álit hinnar heiðruðu nefndar um aukafjárlögin hefði verið komið, því mjer er eigi uggvænt um, að þar muni Möðruvallaskólanum vera ætlað meira. Upphæð sú, sem skólanum er hjer ætluð, er hófleg, og því þykir mjer eigi ólíklegt, að á öðrum stað sje honum ætluð viðbót. Jeg er hinni heiðruðu nefnd alveg samdóma í því, að vilja eigi hafa gagnfræðisskóla samfara barnaskólum, en þar á móti er jeg ekki samdóma hinum heiðraða 2. þingmanni Suður-Múlasýslu um það, að gagnfræðiskennsla sje í Flensborg; því þótt danska og íslenzka sje kennd í þessum skóla, þá er þó eigi kennd þar landafræði eða saga, og það skyldi maður þó ímynda sjer að heyrði til kennslu á gagnfræðisskóla. Við B. V. b. hef jeg ásamt fleirum gjört þá breytingartillögu, að fje til kvennaskóla sje sett niður úr 3000 kr. í 2000 kr., og það liggur við, að mjer skjóti skelk í bringu, er jeg gengst við þeirri tillögu; því þar mun vera komið við hjartað í mörgum, og þó mörg strá hafi stungið mig í dag, þá munu þau nú fjölga til muna. En jeg get ekki sjeð, að það sje þörf á öllum þessum kvennaskólum. Mjer sýnist, að nægilegt væri að hafa kvenna-

skóla á Laugalandi og í Reykjavík. Jeg get eigi skilið, að kvennaskóli í Húnavatnssýslu og Skagafirði o. s. frv. geti þrifizt til frambúðar, því með tímanum dregst aðsóknin frá þessum smáskólum til aðalskólanna, þar sem bezt er kennslan og mest efnin til þess að fullkomna skólana. Hinir hjaðna vonum bráðar niður eins og vatnsbólur. Jeg þykist nú reyndar vita, að jeg fæ þessu eigi framgengt, en jeg er samt sannfærður um, að ef til vill sumir hinna heiðruðu þingmanna, sem greiða atkvæði gegn þessari tillögu minni, eru í hjarta sínu á sama máli og jeg. Við fjárveitingarnar til barna- og alþýðuskóla álít jeg nauðsynlegt, að skilyrðið haldist, nefnil. að styrkurinn úr landssjóði til hvers alþýðuskóla nemi eigi meiru en helmingi alls kostnaðarins til skólans, því þá geta sveitir þær, er vilja koma slíkum skólum á fót, sýnt, að þeim sje alvara, með því að leggja til hinn helminginn, því að kasta allri þessari byrði á landssjóðinn tjáir að minni ætlun eigi. Jeg skal leyfa mjer að taka það fram gegn hinum hæstvirta landshöfðingja, að jeg álít athugasemdir utan við fjárlögin þýðingarlausar, því engin umboðsstjórn er bundin við athugasemdir utan við fjárlögin, og það er einstaklega hægt að fara í kringum þær. Jeg efast eigi um hinn góða vilja hins hæstvirta landshöfðingja, og jeg veit, að þegar hann segir, að hann ætli að gjöra eitthvað, þá er það alvara hans, en það geta orðið landshöfðingjaskipti, og þá er óvíst, hversu fer. Hafi menn í minni sjer, hvernig stjórnin fór að 1877. Þá var samkomulag milli hennar og hinnar þáverandi fjárlaganefndar um veitingarnar á 15. gr. En hvernig fór? Stjórnin brúkaði fyrst upp gjaldliðinn eptir sinni vild, og því næst veitti hann það fje, sem samkomulag var um, *fram yfir fjárveitingu*. Þetta ættum vjer ekki að leggja á hættuna optar. Jeg kem nú til Bókmenntafjelagsins. Jeg ætla mjer ekki að fara að yrðast við hinn háttvirta 2. þingmann Suður-Múlasýslu, heldur halda mjer til hins sanna, eins og það er. Sumir af hinum heiðruðu þingmönnum hafa eflaust verið á Bókmenntafjelagsfundi síðast, og heyrt þar tillögur þær, er komu fram um störf þess næsta ár: þýðingar sjera Matthíasar Jochumssonar yfir 2 einhver ágætustu rit Shakspears, nfl. Othello, og Romeo og Julia, bók Konráðs Maurers um upphaf Íslands lýðstjórnar og Sýslumannaæfir eptir jústitiarius Jón Pjetursson. Hið síðastnefnda rit verður stórt og umfangsmikið, og eru í því mörg og merk undirstöðuatriði undir sögu landsins. Þetta rit er varla unnt að Bókmenntafjelagið hafi bein í hendi til að halda áfram með og ljúka við, ef það nú er svipt þessum opinbera styrk. Jeg hef í breytingaratkvæði mínu eigi þorað að fara fram á meiri styrk fyrir hönd fjelagsins en 1500 kr., en það er á valdi hins háttvirta þings, hvað það gjörir í þessu efni Þá kem jeg til 15. greinar. Þar hefur stjórnin ætlað 8000 kr. til vísindalegra og verklegra fyrirtækja, og hin heiðraða nefnd hefur fært þá upphæð upp í 12,000 kr. Mig furðar stórlega á því, að menn skuli vilja veita svo mikið fje til alveg óákvarðaðra fyrirtækja, og það því fremur, sem flestum mun kunnugt um, að þessari upphæð hefur eigi ávallt verið varið, sem bezt mátti verða. Jeg veit vel, að stjórnin þykist eigi hafa komizt af með 6000 kr. til þessa, en það er eigi sannað, að *þurft* hafi að brúka meira fje en 6000 kr., þótt stjórnin hafi gjört það. Þegar menn sjá, að stjórnin hvað eptir annað brúkar meira fje á einum gjaldlið, en til er tekið, þá verða þeir að hafa vaðið fyrir neðan sig og ætla stjórninni eigi of mikið, heldur einmitt minna fje. Þá kem jeg loks til síðustu greinar hinnar heiðruðu nefndar, og jeg verð að segja um hana, að hún er gjörð í bezta tílgangi, en greinin er of óákveðin, hún fer eigi nógu langt.

Það er rangt sagt, að jeg hafi nokkurn tíma viljað koma inn deilu milli stjórnar og þings. Jeg get ekki sjeð neitt á móti að taka athugasemdirnar inn í fjárlögin, en með breytingum. Og mig furðar á því, að hinn hæstvirti landshöfðingi ekki vill sjá, að það er munur á að setja hana inn nú, eða

var áður, eptir að konungur sjálfur hefur samþykkt fjárlögin 1879. Þær eru helgaðar af konungi, og honum eru þær þannig eigi ógeðfelldar. Jeg veit eigi neitt tilefni til deilu við stjórnina, en það er hún sjálf, sem hefur í athugasemd sinni, ef jeg mætti svo að orðum komast, polemíserað við þingið 1879. Sjer í lagi á 25. bls., 2.—3. tölul., að vera eins konar ávíta til þingsins. En það er ekki ætlunarverk stjórnarinnar, að leggja þingið á knje sjer, og ætla að hirta það. Hafi nokkur viljað vekja ósamlyndi, þá er það stjórnin sjálf. Þessi athugasemd, sem hjer ræðir um, hefur verið endurtekin í fjárlögum Dana í 30 ár; jeg skal leyfa mjer að lesa hana upp fyrir hinni heiðruðu þingdeild: «Þær ákvarðanir um sparnað, þegar embætti losna, eða því um líkt, sem staðið hafa í fyrri fjárlögum, skulu einnig hafa gildi fyrir fjárhagstímabilið 1880—1881, ef þær eigi þegar hafa fengið gildi». Þannig er athugasemdin í fjárlögum Dana, og hún er enn þá skarpara tekin fram stundum. Jeg mótmæli því — að jeg brúki orð landshöfðingja — að hún hafi þann tilgang að vekja ósamlyndi milli stjórnar og þings.

Landshöfðingi: Þar sem hinn heiðraði þingmaður Borgfirðinga vísaði til athugasemdanna við nefndarálitið við fjárlagafrumvarpið 1877, og að samningur hefði verið milli þingsins og landshöfðingjans um það, hvernig verja skyldi fje því, sem verja skyldi til verklegra og vísindalegra fyrirtækja, þá er þetta að nokkru leyti rjett, en hann gleymdi því, að efri deildin mótmælti þessu, og skal jeg með leyfi hins háttvirta forseta leyfa mjer að lesa upp mótmælin: «Um hinar aðrar uppástungur fjárlaganefndarinnar í neðri deildinni um, hvernig verja skyldi fje því, sem veitt yrði til vísindalegra og verklegra fyrirtækja, þykir undirskrifaðri nefnd því síður ástæða til að segja álit sitt, sem slíkar uppástungur hljóta að vera alveg þýðingarlausar, nema þær sjeu samþykktar af þinginu, enda bætist þar við, að neðri deildin með atkvæðagreiðslunni um 15. gr. stjórnarfrumvarpsins við 2. umræðu hefur látið í ljósi, að hún ekki sje þessum uppástungum meðmælt.» Þetta var nú samkomulagið, og þar eptir breyttist upphæðin í efri deild.

Þá er hin nýja grein, og tekur hinn heiðraði þingmaður Borgfirðinga hana frá fjárlögum Dana, en jeg skal leyfa mjer að skýra frá, að aldrei hefur verið tekinn inn í fjárlög Dana fyrirvari þess eðlis, er hjer ræðir um, nema með samþykki stjórnarinnar.

Varaforseti: Jeg ætla ekki að fara mörgum orðum um það, sem nú liggur fyrir. Hinn háttvirti framsögumaður nefndarinnar hefur skýrt tekið fram ástæður hennar. Jeg vil einkum minnast á það, sem hann hefur leitt hjá sjer eða farið lauslega yfir. Viðvíkjandi breytingartillögunni við 12. gr. A. b. 2., að í staðinn fyrir 4500—4000 komi 3500—3000 til bráðabyrgðaruppbótar fátækum brauðum, og A. b. 5., til prestaekkna og barna, í staðinn fyrir 2500—2500 komi 2000—2000 kr., þá þarf jeg ekki að mótmæla ástæðum hins háttvirta þingmanns Borgfirðinga, því hann færði ekki annað til ástæðu, að mig minnir, en að það væru aðrar tölur, en nefndin lætur stjórnina ráða í þessu, og lætur þessar tölur standa. Við breytingaratkvæði 4 þingmanna um að fækka ölmusunum við prestaskólann, þá er það merkilegast, að færri ölmusur skuli eiga að vera við prestaskólann en læknaskólann, þar sem þó á öllu landinu þarf ekki nema 20 lækna, en þar á móti 140 presta; jeg held, að öðrum sje ekki unnt að koma með slíkar breytingartillögur en hinum 4 þingmönnum; jeg held þingmaður Reykvíkinga hafi sagt, að það þyrfti að láta læknaefni fremur fá ölmusu, af því að það væri ekki víst, að þeir yrðu allir læknar. Þetta er mergjuð ástæða!

Hvað snertir skýrslu þingmanns Borgfirðinga um skólann í Flensborg, þá verð jeg á hverju þingi að leiðrjetta hann, þar sem hann ber það fram, sem ekki er rjett, til að niðra skólanum eða skaða hann. Nefndin hafði ekki fyrir augum, hvað hefði verið kennt, heldur hvað ætti að kenna framvegis, því sá styrkur, sem skólinn fær, kemur fyrst til

nota hjer eptir; eins og nú er, nýtur hann að eins 200 króna styrks sem alþýðuskóli.

Síðan var samþykkt með 14 atkvæðum uppástunga forseta um, að umræðunum skyldi hætta; var því næst gengið til atkvæða um síðari kafla útgjaldabálksins, og fjell atkvæðagreiðslan þannig:

12. gr. stjórnarfrumvarpsins, sem nú verður 13. gr.

A. a. Breytingartillaga nefndarinnar. Sökum óglöggrar atkvæðagreiðslu var við haft nafnakall, og sögðu:

Já:

Arnljótur Ólafsson,
Benedikt Sveinsson,
Friðrik Stefánsson,
Holgeir Clausen,
Jón Jónsson,
Jón Ólafsson,
Tryggvi Gunnarsson,
Þórður Magnússon,
Þorkell Bjarnason,
Þorlákur Guðmundsson,
Þorvarður Kjerulf

Nei:

Eiríkur Briem,
Magnús Andrjesson,
Egill Egilsson,
Eiríkur Kúld,
Grímur Thomsen,
Guðmundur Einarsson,
Halldór Friðriksson,
Lárus Blöndal,
Ólafur Pálsson,
Þórarinn Böðvarsson,
Þorsteinn Jónsson,
Þorsteinn Thorsteinson;

var breytingaruppástungan þannig felld með 12 atkvæðum gegn 11.

Stafliðurinn óbreyttur samþykktur með 15 atkvæðum.

A. b. 1. Breytingartillaga Gríms Thomsens o. fl. felld með 15 atkvæðum gegn 4.

Gjaldliðurinn óbreyttur samþykktur með 16 atkvæðum.

A. b. 2. Breytingartillaga Gríms Thomsens o. fl. felld með 17 atkvæðum gegn 5.

Gjaldliðurinn óbreyttur samþykktur með 19 atkvæðum.

A. b. 3. og 4. samþykktir óbreyttir með 20 atkvæðum.

A. b. 5. Breytingartillaga Gríms Thomsens o. fl. felld með 14 atkvæðum gegn 4.

Töluliðurinn óbreyttur samþykktur með 16 atkvæðum.

A. b. 6. samþykktur óbreyttur með 22 atkvæðum.

A. b. 7. samþykktur óbreyttur með 21 atkvæði.

A. b. 8 samþykktur óbreyttur með 22 atkvæðum.

B. I. a. Breytingartillaga nefndarinnar felld með 12 atkvæðum gegn 8.

Töluliðurinn óbreyttur samþykktur með 17 atkvæðum.

B. I. b. 1. Breytingartillaga nefndarinnar samþykkt með 17 atkvæðum.

Gjaldliður frumvarpsins þar við fallinn, og sömuleiðis breytingartillaga Gríms Thomsens o. fl. við hann.

B. 1. b. 2. Breytingartillaga nefndarinnar. Sökum óglöggrar atkvæðagreiðslu var við haft nafnakall, og sögðu:

Já:

Eiríkur Briem,
Magnús Andrjessou,
Arnljótur Ólafsson,
Benedikt Sveinsson.
Egill Egilsson,
Eiríkur Kúld.
Friðrik Stefánsson,
Grímur Thomsen,
Holgeir Clausen,
Jón Jónsson,
Jón Ólafsson,
Ólafur Pálsson,
Tryggvi Gunnarsson,
Þórarinn Böðvarsson,
Þórður Magnússon,
Þorlákur Guðmundsson,

Þorsteinn Jónsson,
Þorsteinn Thorsteinson,
Þorvarður Kjerulf.

Nei:

Guðmundur Einarsson,
Halldór Friðriksson,
Þorkell Bjarnason;

var breytingaruppástungan þannig samþykkt með 19 atkvæðum gegn 3.

Gjaldliður frumvarpsins og breytingartillaga Gríms Thomsens o. fl. við hann þar með fallið.

B. I. b. 3., 4., 5. og 6. samþykktir óbreyttir í einu hljóði.

B. I. b. 7. Breytingartillaga nefndarinnar samþykkt með 19 atkvæðum.

Breytingartillaga Gríms Thomsens o. fl. og gjaldliður frumvarpsins þar með fallið.

B. II. a. samþykktur óbreyttur í einu hljóði.

B. II. b. 1. Breytingartillaga nefndarinnar samþykkt með 14 atkvæðum gegn 5.

Gjaldliður frumvarpsins þar með fallinn.

B. II. b. 2., 3. og 4. samþykktir óbreyttir í einu hljóði.

B. II. b. 5. Breytingartillaga nefndarinnar samþykkt með 16 atkvæðum.

Gjaldliður frumvarpsins þar með fallinn.

B. II. b. 6. samþykktur óbreyttur í einu hljóði.

B. III. a. samþykktur óbreyttur í einu hljóði.

B. III. b, «söngkennarinn», samþykkt óbreytt með 20 atkvæðum.

«fimleikakennarinn». Breytingartillaga nefndarinnar samþykkt með 12 atkvæðum gegn 9.

Gjaldliður frumvarpsins þar með fallinn.

«dyravörðurinn». Breytingartillaga Gríms Thomsens o. fl. samþykkt með 14 atkvæðum gegn 4.

Gjaldliður frumvarpsins og breytingaruppástunga nefndarinnar þar með fallið.

«yfirumsjón», samþykkt óbreytt með 18 atkvæðum.

B. III. c. 1. samþykktur óbreyttur með 20 atkvæðum.

B. III. c. 2. Breytingartillaga Gríms Thomsens o. fl. samþykkt með 17 atkvæðum.

Töluliður stjórnarfrumvarpsins þar með fallinn.

B. II. c. 3. og 4. óbreyttir samþykktir með 20 atkvæðum.

B. III. c. 5. Breytingartillaga nefndarinnar samþykkt með 16 atkvæðum gegn 2.

Töluliður frumvarpsins þar með fallinn.

B. III. c. 6. samþykktur óbreyttur með 17 atkvæðum.

B. III. c. 7. Breytingartillaga Gríms Thomsens o. fl. og Lárusar Blöndals o. fl.

Við hana var við haft nafnakall sökum óglöggrar atkvæðagreiðslu, og sögðu

Já:

Egill Egilsson,
Eiríkur Kúld,
Grímur Thomsen,
Guðmundur Einarsson,
Halldór Friðriksson,
Holgeir Clausen,
Lárus Blöndal,
Ólafur Pálsson,
Þórður Magnússon,
Þorlákur Guðmundsson,
Þorsteinn Jónsson,
Þorvarður Kjerulf.

Nei:

Eiríkur Briem,
Magnús Andrjesson
Arnljótur Ólafsson,
Benidikt Sveinsson,
Friðrik Stefánsson,
Jón Jónsson,
Jón Ólafsson,
Tryggvi Gunnarsson,
Þórarinn Böðvarsson,
Þorkell Bjarnason,
Þorsteinn Thorsteinson.

Var breytingaruppástungan þannig samþykkt með 12 atkvæðum gegn 11, og gjaldliður frumvarpsins þar með fallinn.

B. III. c. 8. samþykktur óbreyttur með 12 atkvæðum gegn 4.

B. IV. a. samþ. óbreyttur með 20 atkv.

B. IV. b. 1. Breytingartillaga nefndarinnar samþykkt með 17 atkvæðum.
Gjaldliður frumvarpsins þar með fallinn.

B. IV. b. 2. samþykktur óbreyttur með 20 atkvæðum.

B. IV. b. 3. Breytingartillaga nefndarinnar samþykkt með 21 atkvæði.
Gjaldliður frumvarpsins þar með fallinn.

B. IV. b. 4. samþykktur óbreyttur með 20 atkvæðum.

B. V. a. 1.—2. Tillaga nefndarinnar, Gríms Thomsens o. fl., að þessir gjaldliðir falli burt, samþykkt með 20 atkvæðum.

B. V. b. Breytingartillaga Gríms Thomsens o. fl. felld með 15 atkvæðum gegn 7.
Gjaldliðurinn óbreyttur samþykktur með 15 atkvæðum.

B. V. c. Breytingartillaga Lárusar Blöndals o. fl. samþykkt með 13 atkvæðum gegn 8.
Var þar með fallin breytingartillaga nefndarinnar, breytingartillaga Gríms Thomsens o. fl., og gjaldliðurinn, eins og hann var í frumvarpi stjórnarinnar.

B. V. d. samþykktur óbreyttur með 19 atkvæðum.

C. 1. Breytingartillaga nefndarinnar samþykkt án atkvæða sem orðabreyting.
Gjaldliðurinn með þessari orðabreytingu samþykktur með 19 atkvæðum.

C. 2. Tillaga nefndarinnar, að þessi gjaldliður falli burt, var felld með 13 atkvæðum.
Gjaldliðurinn óbreyttur samþykktur með 13 atkvæðum.

C. 3. Breytingartillaga nefndarinnar. Sökum óglöggrar atkvæðagreiðslu var við haft nafnakall, og sögðu

Já:
Magnús Andrjesson,
Arnljótur Ólafsson,
Benidikt Sveinsson,
Egill Egilsson,
Friðrik Stefánsson,
Holgeir Clausen,
Jón Jónsson,
Jón Ólafsson,
Tryggvi Gunnarsson,
Þórarinn Böðvarsson,
Þórður Magnússon,
Þorsteinn Jónsson,
Þorsteinn Thorsteinson.

Nei:
Eiríkur Briem,
Eiríkur Kúld,
Grímur Thomsen,
Guðmundur Einarsson,
Halldór Friðriksson,
Lárus Blöndal,
Ólafur Pálsson,
Þorkell Bjarnason,
Þorlákur Guðmundsson,
Þorvarður Kjerulf.

Var breytingartillagan þannig samþykkt með 13 atkvæðum gegn 10, og breytingaruppástunga Gríms Thomsens o. fl., breytingaruppástunga Lárusar Blöndals o. fl. og gjaldliðurinn, eins og hann var í frumvarpi stjórnarinnar, þar með falli.

C. 4. Breytingartillaga nefndarinnar samþykkt með 19 atkvæðum.
Gjaldliður frumvarpsins þar með fallinn.

C. 5. Tillaga nefndarinnar og Gríms Thomsens o. fl., að þessi gjaldliður falli burt, samþykkt með 19 atkvæðum.

13. gr. stjórnarfrumvarpsins, sem nú verður 14. grein, samþykkt með 21 atkvæði.

14. gr. frumvarpsins, sem nú verður 15. grein, samþykkt með 22 atkvæðum.

15. gr. frumvarpsins, sem nú verður 16. grein.
Breytingartillaga nefndarinnar samþykkt með 12 atkvæðum gegn 4.
Breytingar- og viðaukatillaga Magnúsar Andrjessonar og Þorláks Guðmundssonar felld með 15 atkvæðum gegn 4.
Breytingartillaga Gríms Thomsens og fl. og gjaldliðurinn, eins og hann var í stjórnarfrumvarpinu, var þar með fallið.

16. gr. frumvarpsins, sem nú verður 17. grein.

Breytingartillaga nefndarinnar samþykkt með 21 atkvæði.

Greinin þannig breytt samþykkt með 21 atkvæði.

17. gr. frumvarpsins, sem nú verður 18. grein, og breytingartillaga nefndarinnar við hana voru ekki bornar undir atkvæði.

Ný grein, frá nefndinni, sem verður 19. grein, heldur ekki borin undir atkvæði.

Ný grein, frá nefndinni, sem verður 20. grein.

Breytingartillaga Gríms Thomsens o. fl. felld með 14 atkvæðum gegn 9.

20. grein nefndarinnar samþykkt með 17 atkvæðum gegn 4.

Síðan voru bornar upp þær 2 nýju greinar, önnur frá Halldóri Friðrikssyni o. fl. og hin frá Lárusi Blöndal o. fl., sem áttu að koma inn milli 13. og 14. greinar í stjórnarfrumvarpinu, en sem ályktað var að bæta aptan við frumvarpið án greinatölu, og var hin fyrri samþykkt með 16 atkvæðum gegn 1 og hin síðari með 16 atkvæðum gegn 3.

Frumvarpinu var því næst vísað til 3. umræðu.

ÞRIÐJA UMRÆÐA Í NEÐRI DEILD,

á 46. og 47. fundi, 13. ágúst.

Frumvarpið, eins og það var samþykkt við 2. umræðu, sjá I. 409—416.

Breytingartillögur

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1882 og 1883.

(Eins og það var samþykkt við 2. umræðu í neðri deild).

Tekjur.

2. grein.

1. tölulið.	Fyrir:	»50,000	— 50,000	— 100,000»	
	komi:	»49,000	— 45,000	— 94,000»	(N)*.
1. —»—	Fyrir:	»50,000	— 50,000	— 100,000»	
	komi:	»48,000	— 40,000	— 88,000»	(G—Ó).

---

*) N. merkir breytingartillögur nefndarinnar.

G.—Ó. —— ——— Guðmundar Einarssonar, Eiríks Kúlds, Þorvarðar Kjerulfs, Gríms Thomsens, Halldórs Friðrikssonar, Lárusar Blöndals, Þorláks Guðmundssonar, Olafs Pálssonar.

H.—E. —— ——— Halldórs Friðrikssonar, Gríms Thomsens, Guðmundar Einarssonar, Ólafs Pálssonar, Lárusar Blöndals, Eiríks Kúlds.

J.—F. —— ——— Jóns Jónssonar, Egils Egilssonar, Jóns Ólafssonar, Holgeirs Clausens, Þorkels Bjarnasonar, Friðriks Stefánsonar.

L. —— ——— landshöfðingja.

A.—J. —— ——— Arnljóts Ólafssonar, Tryggva Gunnarssonar, Friðriks Stefánssonar, Jóns Ólafssonar, Þorvarðar Kjerulfs, Jóns Jónssonar.

E.—H. —— ——— Eiríks Kúlds, Gríms Thomsens, Þorvarðar Kjerulfs, Guðmundar Einarssonar, Lárusar Blöndals, Halldórs Friðrikssonar.

10. töluliður. Fyrir: «25,000 — 25,000 — 50,000»
komi: «10,000 — 7,400 — 17,400» (H—E).
13. töluliður. Fyrir: «1,000 — 1,000 — 2,000»
komi: «2,000 — 2,000 — 4,000» (G—Ó).

4. grein.

Fyrir: «27,000 — 27,000 — 54,000»
komi: «28,000 — 28,000 — 56,000» (N).

6. grein.

Innanstryks bætist við: «að frádregnum útgjöldum til hinnar æðstu innlendu stjórnar Íslands og fulltrúa stjórnarinnar á alþingi

1882.	1883.
12,400	14,400

og út fyrir strykið kemur

1882.	1883.	
84,100	80,100	164,200» (H—E).

Útgjöld.

9. grein.

Fyrir: «1,400 kr.; samtals 33,400 kr.»
komi: «1,600 kr.; samtals 33,600 kr.» (N).

10. grein.

A. 3. Fyrir: «2,500 — 2,500 — 5,000»
komi: «2,000 — 2,000 — 4,000» (G—Ó).

B. 4. orðist þannig:

a. þóknun handa 2 settum málaflutningsmönnum	800 kr.	
b. viðbót handa Páli Melsteð	400 —	
c. kostnaður við sakamál og lögreglumál . . .	1000 —	
d. kostnaður við gjafsóknarmál	300 —	
e. útgjöld við yfirdóminn	200 —	2700—2700 (J—F).

C. 1. Fyrir: «1,654 — 1,654»
komi: «1,800 — 1,800» (L. og N).

C. 4. Fyrir: «15,000 — 15,000»
komi: «20,000 — 20,000» (N). Og fyrir orðin innanstryks: «Landshöfðingi — sýslufjelagi hverju» komi: «og skal helmingi fjárins úthlutað milli sýslunefndanna eptir rjettri tiltölu bæði fólksfjölda og samanlagðrar tölu jarða- og lausa-

---

M.—B. merkir breytingartillögu Magnúsar Andrjessonar, Þorláks Guðmundssonar, Halldórs Friðrikssonar, Jóns Ólafssonar, Guðmundar Einarssonar og Benidikts Sveinssonar.

E.—L. —— ——— Eiríks Kúlds, Halldórs Friðrikssonar, Þorláks Guðmundssonar, Þorvarðar Kjerulfs, Guðmundar Einarssonar, Lárusar Blöndals.

Þ.—H. —— ——— Þorvarðar Kjerulfs, Eiríks Kúlds, Lárusar Blöndals, Guðmundar Einarssonar, Gríms Thomsens, Þorláks Guðmundssonar, Halldórs Friðrikssonar.

J.—H. —— ——— Jóns Jónssonar, Jóns Ólafssonar, Friðriks Stefánssonar, Egils Egilssonar, Þorsteins Jónssonar, Holgeirs Clausens.

fjárhundraða í sýslufjelagi hverju, en hinum helmingnum milli amtsráða og búnaðarfjelaga« (G—Ó).

C. 10. Til þess að gefa út «Lovsamling for Island» 1660. Þessi liður falli burt. (J—H).

B. 11. Fyrir: «til burtveitingar Hafursár í Mýrdal 2,500» komi: «til varnar gegn sandfoki í Skaptafellssýslu 17,500» (H—E).

11. grein.

1. Fyrir: «37,726 — 37,726 — 75,452»
komi: «39,342 — 39,496 kr. 67 aurar — 78,838 kr. 67 a. (E.—H).

13. greiu.

A. a. Fyrir: «8,432 — 8,432»
komi: «8,032 — 8,032» (A.—J).

B. I. a. Fyrir: «10,316 — 10,316»
komi: «9,916 — 9,916» (A.—J).

B. II. b. 1. Fyrir: «1 ölmusa — 200 kr.»
komi: «2 ölmusur — 400 kr.» (E.—L).

B. III. b. Fyrir: «handa fimleikakennara 600»
komi: «handa fimleikakennara 700» (L. og N. og Þ.—H).

B. III. c. 7. Fyrir: «1500» komi: «1200» (G.—Ó).

B. V. b. og c. Fyrir: «til barnaskóla 1200 — 600
til alþýðuskóla 3,000 — 3,500»
komi: «til barnaskóla 2,000 — 1,000
til alþýðuskóla 4,500 — 4,500», og orðin innanstryks:
«þannig að styrkurinn — til skólans» falli burt. (N.).

B. V. b. og c. Fyrir: «til barnaskóla 1,200 — 600»
komi: «til barnaskóla 2,000 — 2,000.» (L.).

C. 1. Fyrir: «til landsbókasafnsins 1,950 — 1,950»
komi: «til landsbókasafnins og fyrir umsjón með alþingishúsinu milli þinga 2050 — 2050» (L. og N.).

C. 3. Eptir: «bókmenntafjelagsins» inuanstryks komi: «deildarinnar á Íslandi», og fyrir: «500 — 500» komi «1000 — 1000» (G. — Ó).

15. grein.

Aptan við greinina bætist: «Þar af til ekkjufrúr hjeraðslæknis E. Johnsens 300 kr., og til landlæknis Jóns Hjaltalíns umfram eptirlaun í viðurkenningarskyni 1000 kr.» (N.).

16. grein.

Aptan við greinina bætist: «Þar af 2000 kr. handa dýralækni til þess að rannsaka eðli og orsakir fjársjúkdóma á landinu, sjer í lagi til bráðafársins». (M.—B).

Fyrir: «12000» komi: «8000». (G.—Ó).

20. grein.

Fyrir orðin: «Þó veitist — tilfellum» komi: «Gætt skal og á fjárhagstímabilinu 1882 og 1883 þeirra skilyrða fyrir fjárveitingum, sem fyrirfarandi fjárlög hafa inni að halda». (G.—Ó).

Fyrir orðin: «Þó veitist stjórninni full heimild til» komi: «Landsstjórninni er skylt». (N.).

Í eptirmála fjárlaganna.

Fyrir: «allt að 4 búnaðarskóla» komi: «2 búnaðarskóla í suður- og vesturumdæminu, og 2 búnaðarskóla í norður- og austurumdæminu». (A.—J).

Landshöfðinginn: Jeg hefði óskað að taka þátt í þessari 3. umræðu fjárlaganna á sama hátt, sem jeg hef verið vanur við á hinum undangengnu þingum, en jeg treysti mjer ekki til þess vegna lasleika. Þar á móti álít jeg mjer skylt að reyna til þess, að mæla svo sterklega sem mjer er unnt á móti breytingaruppástungu hinna háttvirtu 8 þingmanna, G—Ó, við 20. gr. frumvarpsins, og jeg bið hina háttvirtu þingmenn að afsaka, þótt jeg fari frá þinginu, þegar jeg er búinn að skýra frá skoðun minni um þetta breytingaratkvæði.

Fyrst skal jeg geta þess, að jeg get aðhyllzt breyting hinnar háttvirtu nefndar við 20. gr., þar sem jeg skil orðin «sparnað allan» í sambandi við hin gildandi lög.

Hinn háttvirti þingmaður Borgfirðinga hefur við 2. umræðu af alefli haldið vörn uppi fyrir athugasemdum þeim eða fyrirvörum, er hin háttvirta nefnd ekki hefur álitið æskilegt eða nauðsynlegt að balda, af því hún hefur fundið orð stjórnarfrumvarpsins þeim viðvíkjandi á rökum byggð. Að svo miklu leyti sem athugasemdir þær, er hinn háttvirti þingmaður Borgfirðinga hefur hent að, hafa verið samþykktar af stjórninni eða fulltrúa hennar, eiga þær að mínu áliti vel við *í það fyrsta skipti*, þær verða teknar upp í fjárlögin, til þess að bera vitnisburð um það samkomulag, er þessar athugasemdir eiga inni að halda viðvíkjandi hinni tilætluðu brúkun á því fje, sem um ræðir; en aptur á móti er það alveg óþarft ár eptir ár að taka þessar athugasemdir upp aptur í sjálfum texta fjárlaganna, þegar sundurliðunin í athugasemdunum í sambandi við nefndarálitið og atkvæðagreiðslu þingsins nægilega konstaterar eða ber ljósan vott um, hvernig skilja skuli hverja einstaka fjárveiting í lögunum. Við þennan skilning álítur stjórnin sig bundna, eða eins og segir í athugasemdunum við frumvarp það, sem hjer liggur fyrir, 24. bls.: «við þess konar fjárveitingar mun stjórnin bera umhyggju fyrir því, að þeim skilyrðum verði fullnægt, sem fjárveitingin er bundin, þótt eigi sjeu þau skilyrði beinlínis tekin fram í lögunum». Hinum háttvirta þingmanni Borgfirðinga hlýtur að vera þetta kunnugt öðrum fremur, þar sem hann, sem yfirskoðunarmaður landsreikninganna, optsinnis hefur haft tækifæri til að sannfærast um það; og hefur hann, sem yfirskoðunarmaður, alveg rjettilega beitt þessari reglu með því að þræða sundurliðun þá í athugasemdunum, sem blutaðeigandi gjaldliður var byggður á, jafnvel þótt sjerstakri athugasemd hafi ekki verið bætt við sjálf fjárlögin. Jeg skal í þessu tilliti vísa til athugagreina yfirskoðunarmanna, t. a. m. við hegningarbúsið 1878 bls. 73, 1879 bls. 205 og víðar á allmörgum stöðum.

Öðru máli er að gegna með tilliti til þeirra athugasemda eða fyrirvara, sem gjörðir hafa verið við fjárlögin þrátt fyrir það, að stjórnin hefur mótmælt þeim sem óaðgengilegum og óhafandi. Þessar athugasemdir má álíta alveg ótilhlýðilegar, eins og með berum orðum er sagt í athugasemdunum, bls. 20, ekki *til þess, «að polemisera við þingið 1879»*, eins og hinum háttvirta þingmanni þóknaðist að segja við 2. umræðu, heldur *til þess*, í fullri alvöru að lýsa yfir því fyrir alþingi 1881, «að ráðgjafinn, sem er sannfærður um, að alþingi eigi síður en stjórnin hafi allan áhuga á að koma framförinni á stjórnarmálefnum í gott og happasælt horf, verður gagngjört að setja sig á móti því, að skilyrði, sem grípa fram fyrir úrlausn á spurningunni, hvort breyta eigi því rjettarástandi, sem nú er, verði sett í samband við fjárveitingar, sem gilda fyrir 2 ár». Hefði stjórnin viljað «polemísera við þingið 1879», sem þingmaðurinn komst að orði við 2. umræðu, þá hefði legið næst að taka

bendingar hins háttvirta þingmanns Borgfirðinga við 3. umræðu fjárlagafrumvarpsins 1879 til greina, og höfðu þær svo miklu meiri þýðingu, sem hann þá var formaður og framsögumaður fjárlaganefndarinnar. Þessar bendingar má lesa í alþingistíðindunum 1879, II. bls. 310, og segir þar svo: »Jeg álít því mjög varhugavert að taka þessa ákvörðun nú inn í fjárlögin, sem stjórnin hefur lagt á móti; jeg er eigi viss um, að stjórnin láti bjóða sjer þá pressu, og jeg vildi sízt, að það yrði til þess, að stjórnin hafnaði fjárlögunum, og setti oss bráðabyrgðalög». En stjórnin vildi ekki fara þann veg, á meðan hún ekki neyddist til þess af alþinginu; því lagði hún til, að fjárlögin yrðu staðfest í það skipti, en hún gjörði það í því trausti, að þingið, þegar hún skýrt og skorinort hefði tilkynnt þinginu, að hún eptirleiðis yrði gagngjört að setja sig á móti, að þvílíkur fyrirvari verði settur í samband við fjárlögin, þá vildi ekki halda föstum þessum fyrirvara, sem jeg þegar í hitt eð fyrra setti mig á móti sem alveg óaðgengilegum. — En samt sem áður vill hinn háttvirti þingmaður Borgfirðinga nú taka þennan fyrirvara upp aptur, og eiga það á hættu, að stjórnin taki bendingar hans frá því í hitt eð fyrra til greina. Hann ber að vísu fyrir sig þá ástæðu, «að það sje munur á að setja þennan fyrirvara eða athugasemd inu nú eða var áður, eptir að konungur sjálfur hefur samþykkt fjárlögin 1879», og voru orð hans þar um við 2. umræðu þessi: »hún er helguð af konungi og honum er hún þannig eigi ógeðfelld». Sannarlega hefði jeg sízt vænt af eins stjórnfróðum manni og hinum háttvirta þingmanni Borgfirðinga, að *hann skyldi blanda nafni konungs inn í umræðurnar. Honum hlýtur það þó að vera kunnugt*, bæði að ráðgjafinn hefur ábyrgð á því, að stjórnarskránni sje fylgt, og að ráðgjafinn leitar samþykkis konungs til sjerhvers lagafrumvarps, er verður lagt fyrir alþingi, með athugasemdum þeim, er því fylgja. Hann hlýtur því einnig að sjá, að ályktun sú, sem hann leyfði sjer að gjöra, að athugasemd sú við fjárlögin, er hjer ræðir um, «er helguð af konungi og að hún þannig eigi er honum ógeðfelld», *er bæði «ukonstitutionel» og röng* Hann sagði, að það væri ekki hann, er óskaði að koma ósamlyndi milli stjórnarinnar og alþingis, og jeg vil trúa orðum hans í því tilliti, en þar sem hann bætti því við, að kenna mætti stjórninni um það í þessu tilfelli, þá vona jeg nú að hafa leitt nægileg rök að því, að þessi skoðun eigi ekki við neitt að styðjast. Og það er ekki í fyrsta skipti, að stjórnin hefur sýnt og sannað, að hún til þess að koma framförinni á stjórnarefnum í gott og happasælt horf, hafi bætt úr þeim göllum, sem voru á fjárlögunum, þegar þau voru samþykkt af alþingi, á meðan hinn háttvirti þingmaður Borgfirðinga, sem formaður og framsögumaður fjárlaganefndarinnar, hefur sjeð um, að þau yrðu vel úr garði gjörð. Er það nauðsynlegt, að jeg minni hinn háttvirta þingmann á það, að þegar þingið 1875 felldi úr fjárlaganna 10. gr. C. b, styrk þann handa leiguliðum í Gullbringu- og Kjósarsýslu, sem var ákveðinn með konungsúrskurði 18. septbr. 1793, án þess að semja frumvarp til laga um afnám þessa konungsúrskurðar, var þetta beinlinis í stríði móti stjórnarskrárinnar 25. grein? Til þess að ráða bót á þessum annmarka á fjárlögunum útvegaði ráðgjafinn konungsúrskurð 9. oktbr. 1875 um afnám konungsúrskurðar 1793, svo að mögulegt varð í það skipti að útvega staðfesting á fjárlögunum; og 1877 treysti hinn háttvirti þingmaður mjer til að sjá um afnám konungsúrskurðar 12. apríl 1834 um þóknun fyrir þýðingu á dómsgjörðum handa 1. meðdómanda í landsyfirrjettinum, og mælti hann með þessu skilyrði með fjárlagafrumvarpinu, með breytingum þeim, er efri deild hafði samþykkt. Og stjórnin kom því til leiðar með því að útvega konungsúrskurð 7. nóvbr. 1877 um afnám hins tilvitnaða konungsúrskurðar 1834. 1879 gleymdi hinn háttvirti þingmaður að semja frumvarp til laga um afnám konungsúrskurðar 25. júlí 1844 um styrktarsjóðinn,

jafnvel þótt að tekjur þessa sjóðs í fjárlagafrumvarpi alþingis flyttust út fyrir strykið; til þess að komast hjá þessu athrigði móti 25. gr. stjórnarskrárinnar, útvegaði ráðgjafinn konungsúrskurð 2. oktbr. 1879 um það, að styrktarsjóðurinn skuli afnuminn frá 1. janúar 1880.

Þannig hefur stjórnin í hvert skipti, sem hinn háttvirti þingmaður Borgfirðinga hefur stjórnað meðferð alþingis á fjárlögunum, greitt götu fyrir þau, þrátt fyrir galla þá, er á þeim voru. Og það er í alveg sama anda, að stjórnin hjer hefur leitazt við, að ráða bót á þeim annmarka, er var á fjárlögunum 1879 með tilliti til fyrirvara þess við 9. gr. A. 1., sem hjer ræðir um. Það er deginum ljósara, að stjórniu hafi ekki hjer með viljað koma deilu á milli alþingis og hennar, þó að þingið ætti að kenna sjálfu sjer um það, að fjárlögin í hitt eð fyrra væru svo úr garði gjörð, að legið hefur næst, eins og þingmaður Borgfirðinga benti á, að lögleiða ekki lögin eins og þau voru samþykkt af alþinginu með þeim fyrirvara, er bætt er við 9. gr. A. 1. En nú vilja hinir háttvirtu 8 þingmenn koma þessari deilu á, með því að taka þennan fyrirvara upp aptur; jeg vona fastlega, að þessir háttvirtu þingmenn og deildin í heild sinni skoði huga sinn enn einu sinni, áður en gengið verður til atkvæðagreiðslu um þetta atriði.

Framsögumaður: Jeg skal leyfa mjer að tala nokkur orð viðvíkjandi breytingaratkvæðum þeim, sem nefndin hefur gjört við frumvarpið. Jeg byrja þá á 1. tölulið 2. greinar, ábúðar- og lausafjárskattinum. Nefndin hefur sett hann úr 50,000 kr. hvert ár niður í 49,000 kr. fyrra árið, og 45,000 seinna árið. Hún áleit, að þetta væri hæfileg niðurfærsla á seinna árinu, þótt enginn viti árferði fyrir fram. En eins og hinir heiðruðu þingmenn vita, breytist ábúðarskatturinn eigi, nema því að eins að verðlagsskráin breytist, því jarðarhundruðin eru ávallt hin sömu; en lausafjárskatturinn er bundinn bæði við verðlagsskrár og tölu lausafjárhundraðanna. Jeg hef áður sýnt fram á, hver áhrif hundraðafækkunin hefur á tekjur landssjóðsins. Jeg skal nú leyfa mjer að skýra þetta betur, að því er viðvíkur lausafjenu. Jeg skipti þá fjenaðinum í 3 flokka. Fyrsti flokkur er sá, sem sannarlega er talinn fram til tíundar. Þar frá dregst samkvæmt tíundarlögunum 12. júlí 1878 $^1/_7$ partur, og þetta er annar flokkurinn. Þriðji flokkurinn er það, sem aldrei er talið fram til tíundar. Ef nú lausafjeð á landinu fækkar um $^1/_5$ part, eða 20 af hundraði hverju, þá kemur þessi fækkun niður á öllum þessum flokkum, og ekki sízt á þeim flokknum, sem undan er dreginn. Jeg vil biðja hina heiðruðu þingmenn að athuga, að búendum er óhagur að vera í skiptitíund, meðan dagsverkin eru enn í lögum, því það er meira gjald en skiptitíundin. Hinn háttvirti þingmaður Borgfirðinga þarf ekki að hrista höfuðið yfir þessu. Það er vitanlegt, að meðan skatturinn var lögboðinu, drógu menn undan til þess að komast eigi í skatt, þegar litlu munaði. Eins er því varið enn með dagsverkin. Enn er ein ástæða nefndarinnar fyrir að lækka eigi þennan tölulið meira, og hún er sú, að nefndin vildi eigi skapa neina grýlu, meðan hún sá enga grýlu; hún vildi ekki láta hugfallast, meðan eigi var ástæða til þess, eður með því draga úr hug landsmanna og dug. Það má heldur eigi gjöra allt of lítið úr arðstofni landsins; það er barlómur, er leiðir til vesalmennsku. Fyrir því álít jeg, að breytingartillaga nefndarinnar sje á rjettari grundvelli byggð en tillaga sú, sem hinir heiðruðu 8 þingmenn hafa gjört við töluliðinn. Jeg skal því næst leyfa mjer að minnast á breytingu nefndarinnar við 9. grein, um yfirskoðun landsreikninganna. Þar hefur nefndin fært þá upphæð upp, af því að henni þótti eigi sæma að nema svo við nögl sjer í þessu tilliti, og það því síður, sem starf þetta hefur verið vel og dyggilega af hendi leyst, og eptir því sem jeg þekki til, með alúð og trúleik, og víða með einstakri nákvæmni. Þá kemur breytingartillaga, eigi allrar nefndarinnar, heldur nokkurs hluta hennar og nokkurra annara þingmanna með,

við 13 grein A. a. Jeg sakna þess, að hinn hæstvirti landshöfðingi eigi er hjer viðstaddur nú, því við 2. umræðu þessa máls komst hann svo að orði, að það væri «ósamboðið» virðingu þingsins, að samþykkja slíka tillögu. Þetta eru þung orð frá vörum hins hæstvirta landshöfðiugja, sem er vanur að vera svo kurteis í orðum. Jeg hef nú ásamt fleirum skoðað ítarlegar röksemdina í nefndarálitinu fyrir þessum tölulið. Þar stendur, að eptir 4 gr. í frumvarpi til laga um laun íslenzkra embættismanna, árið 1862—1863, er jeg hef fyrir mjer á frummálinu, sje biskupi landsins eigi ánöfnuð hærri laun sem hæstu embættislaun, en 3200 dalir. Hann átti að byrja með 2800 dölum, og fá 200 dala launaviðbót fyrir hver 5 ár, sem hann sæti í embættinu, þar til þau næðu 3200 rdl. Mismunurinn á 2800 rdl. og 3200 rdl. er 400 rdl., deildir með 200 rdl. launabótinni gjörir einungis 2 launabætur. Þessa launaviðbót hefur hann nú fengið tvisvar sinnum; optar gat hann eigi fengið hana. Biskupi var veitt embættið 1. apríl 1866, og hina síðari launabót fjekk hann því frá 1. apríl 1876. Þetta var það, sem nefndin byggði á. En svo eru enn fleiri rök fyrir því, að það er eigi prentvilla, sem stendur í frumvarpinu, er prentað er í Stjórnartíðindunum fyrir aptan launalög embættismanna 19. jan. 1863, og eigi heldur röng útlegging, því í ríkisdagstíðindum 1863 stendur: «Biskoppen lönnes med 2800 Rigsd.» o. s. frv. En auk þess standa í ríkisdagstíðindum 1866, bls. 162, einmitt sama ár sem biskupinn fjekk embættið, svo látandi orð: «Í frumvarpi því «til laga um laun embættismanna á Íslandi, «sem lagt var fyrir ríkisdaginn (1862—3), «var svo til ætlazt, að biskupi landsins skyldi «í byrjun launað með 2800 ríkisdölum, en «síðan skyldu laun þessi hækka um 200 dali «fyrir hverra fimm ára þjónustu, *þar til* upp«hæðin væri orðin 3200 dalir, og auk þess «skyldu honum veittir 200 ríkisd. árlega í «húsaleigustyrk». Ef vjer nú reiknum saman, þá hefur biskupinn haft 6400 kr. í hæstu laun árlega og 400 kr. í húsaleigustyrk, og auk þess eptir 9. gr. í dönskum lögum 26. maí 1870 samtals 432 kr., þá verður öll upphæðin 7,232 kr. Þessi laun hefur herra biskupinn fengið, og það er þau hæstu laun, sem hann *getur* fengið samkvæmt ríkjandi reglum í öllum fjárlögum Dana, hvað sem hinn hæstvirti landshöfðingi eða aðrir háttvirtir þingmenn segja um þetta. Það er alls eigi meining mín að vilja taka neitt ranglega af hinum háæruverðuga biskupi, sem er virtur og elskaður af svo mörgum; en það er skylda mín að telja eigi þingið á að gefa neinum manni meiri laun, en hann frekast getur haft tilkall til; því við verðum vel að gæta þess, að það dæma fleiri um laun embættismanna en vjer einir, sem sitjum hjer á þingi. Og ef það kemur í blöðum vorum fyrir almenningssjónir, að biskup landsins hafi, auk sinna miklu launa, 400 kr. fram yfir alla reglu, þá er *það* sannarlega eigi samboðið virðingu þingsins. Hjer er gömul villa, sem hefur staðið í hverju fjárlagafrumvarpinu eptir annað, annaðhvort af rangskilningi eða af röngum orðum í athugasemdinni við fjárlögin 1875, 27. bls. Þar stendur: «þar að auki var «stungið upp á, að allir þessir embættis«menn fengju 200 rdl. í launaviðbót fyrir «hver 5 ár, sem þeir væru í embættum «sínum, þó svo að launin eigi gætu orðið «hærri en 3400 rdl. fyrir stiptamtmann *og «biskup* o. s. frv». Þetta er rjett um stiptamtmann, en rangt um biskup.

Jeg þarf *eigi* að skýra þær tillögur, sem hinn háttvirti landshöfðingi og aðrir háttvirtir þingmenn hafa fylgt fram, og nefndin fallizt á, t. d. um fimleikakennarann við latínuskólann. Það var eigi smámunasemi, sem kom nefndinni til þess að taka af launum hans, en hún áleit, að kennsla hans ætti eigi að vera dýrari en söngkennslan. En til þess nú ekki að sýna það, er menn geti kallað nápínuskap, eins og hinn hæstvirti landshöfðingi komst að orði um hana, þá breytti hún þessu aptur í 700 kr., með sjerstöku tilliti til þess, að hjer er um svo lítið að ræða, og fátækur barnamaður á í hlut. Við

B. V. b. og c. í 13. gr. fannst nefndinni skylt að taka upp aptur breytiñgaratkvæði sitt við fjárlagafrumvarpið. Við 2. umræðu var nfl. styrkurinn til alþýðuskóla settur niður úr 4500 hvort ár ofan í 3000 fyrra árið, og 3500 síðara árið. Nefndin álítur enn, að tillaga hennar sje á góðum rökum byggð, því samkvæmt áliti skólamálsnefndarinnar og þingsályktun hennar, er þingdeildin hefur samþykkt, eru það einungis alþýðuskólarnir, sem landssjóður á að styrkja. Það er því ósamkvæmni af þinginu, ef það fer að færa niður upphæð þá, sem nefndin á kvað, 4500 kr. hvort árið. Nefndin áleit og, að rjett væri, að hækka tillagið til barnaskólanna úr 1200 kr. — 600 kr. í 2000 kr. — 1000 kr., því nú eru svo margir barnaskólar stofnaðir af landsmönnum í von um styrk úr landssjóði. Við þennan sama tölulið hefur hinn hæstvirti landshöfðingi gjört þá breytingartillögu, að veittar væru 2000 kr. hvort árið til barnaskólanna. Jeg get eigi fallizt á þessa tillögu hans, því þegar árið 1882 er liðið, getur maður eigi búizt við, að sami styrkur haldizt, því hann á smátt og smátt að hverfa. Breytingartillögurnar við 20. gr. vil jeg sem minnst minnast á, en jeg vona, að hin heiðraða þingdeild sjái sjálf, að það er fullkomin alvara nefndarinnar, að brýnt sje fyrir stjórninni að við hafa allan sparnað við embættaveitingar og þess konar. Meðan þessi 20. gr. er þannig orðuð, gengur hún eins langt fram og ríkisdagurinn í varnaglagrein sinni. Jeg vil eigi fara neinum orðum um breytingartillögur hinna ýmsu þingmanna, nema um tillögu þá, sem stendur við 11. gr., þar sem laun lækna eru hækkuð úr 75,452 kr. fyrir bæði árin upp í 78,838 kr. 67 aur., eða um 1616 kr. fyrra árið, en 1770 kr. 67 a. hið síðara. Jeg skil ekkert í þessari breytingartillögu, og veit ekkert, til hvers hinir heiðruðu uppástungumenn ætla að verja þessari tillögu. Jeg veit ekki til, að til sjeu nema 5 læknar, sem geta komið til greina við þessa fjárveitingu, og það eru læknarnir í 4., 6., 11., 15. og 20. læknishjeraði. Má jeg nú spyrja hina heiðruðu uppástungumenn: Á hverju byggja þeir þessa miklu upphæð? Jeg verð að geta þess til, að þeir skuli fá laun sín samkvæmt eldri launaákvörðunum, en þær eru í binu sama frumvarpi frá 1862—63, 3. gr., og hljóða svo, að hjeraðslæknar skuli byrja með 600 rdl. og fá svo í viðbót 100 dali fyrir hverja 3 ára þjónustu, þar til launin eru komin upp í 1000 rd., og auk þess megi læknirinn á Vestmannaeyjum fá 30 rdl. árlega í húsaleigustyrk og læknirinn í syðra og læknirinn í nyrðra hluta vesturamtsins sína 25 rdl. hvor þeirra til hins sama. Þetta hefur aldrei orðið að lögum, en þó þeir ætli nú að fá þetta, eður njóta «aðgangsins» eptir 3. málslið 7. gr. í hinum almennu launalögum, er þeir þó enga heimild hafa til samkvæmt 2. málslið 3. gr. læknalaganna — en þó nú svo væri, sem ekki er, þá erum vjer samt bundnir við þessar 2000 kr. sem hæstu laun En látum oss nú líta í kring um oss: Læknirinn í 4. umdæminu hefur 1986 kr. árlega, hann ætti þá að fá í viðbót 14 kr. og í húsaleigustyrk 50 kr. Það er það mesta, sem hann getur fengið eptir frumvarpinu 1862—63. Læknirinn í 6. hjeraði hefur 2216 kr. og þannig talsvert meira, en hann getur fengið. Læknirinn í 11. hjeraði hefur 1928 kr., og ætti hann þá að geta fengið 72 kr. í viðbót. Læknirinn í 20. hjeraði hefur 1996 kr., hann gæti fengið 4 kr. í viðbót, og 60 kr. í húsaleigustyrk. En það er læknirinn í 15. hjeraði, sem gæti fengið nokkra viðbót að mun, því hann hefur engan styrk fengið enn þá. En mjer er eigi kunnugt um, hve nær hann fjekk embættið. Þetta eru þá allt hjer um bil 200 kr. fyrir utan viðbót þá, sem læknirinn í 15. hjeraði gæti fengið. En jeg hef eigi höfuð til að reikna út, hvernig hinir háttvirtu uppástungumenn hafa getað komið þessum 200 kr. upp í rúmar 1770 kr. síðara árið, og þætti mjer mjög fróðlegt, að fá skýringar um það, hvort þeir ætli að seilast svo langt um hurð eptir loku, að fara í 9. gr. hinna dönsku launalaga 26. marz 1870.

Halldór Friðriksson: Jeg skal þegar geta þess, að þótt nafn mitt standi hjer undir ýmsum breytingaratkvæðum, þá held jeg þeim ekki öllum fast fram, heldur ljeði jeg nafn mitt undir þær, til þess að þær gætu komið til umræðu. Viðvíkjandi á-búðarskattinum get jeg ekki sannfærzt um, að það sje rjett, að gjöra ráð fyrir honum svo háum. Hann verður þó eigi reiknaður hærri næsta ár en hann var 1880, og þá var hann ekki nema 48000 kr. Þar sem framsögumaður gjörði ráð fyrir, að fækkunin yrði 20%, en það væri athugavert, að mest af þessu kæmi á undandráttinn, þá ætla jeg, að það sje óhætt að gjöra ráð fyrir, að tjenaður fækki að minnsta kosti um 25% eða jafnvel um 30%, og er það sennilegt eptir því, sem heyafli er minni nú en undanfarin ár, og því fremur verður fjeð að minnka, sem engar heybyrgðir voru eptir í vor, þar sem þó margir eru vanir að styðjast nokkuð við fyrningar frá fyrra ári, og þær voru allmiklar í fyrra-vor. Jeg er þess vegna sannfærður um, að það er óhætt að setja skattinn niður í 40000, og að 45000 er of hátt. Tíminn sker úr, hver rjettara hefur að mæla. Jeg tel á-vallt rjettara, þegar ekki verður farið eptir öðru en ágizkun, að reikna heldur of lágt en of hátt, því að þá má með meiri vissu segja, hver afgangurinn verði af tekjum landsins, og hver útgjöldin megi verða. Það er enginn skaði, að reikna tekjurnar heldur lægri en þær verða í raunirnni, en það getur verið hættulegt, að reikna þær of hátt. Þetta eiga þingmenn að hafa fyrir augum við hver fjárlög, og það gjöra víst allir, sem nokkuð hafa með fjárlög að sýsla annarstaðar. Um 10. tölul. skal jeg ekki þrátta, en tíminn sker bezt úr því, hvort hann sje rjett talinn. Jeg get ekki sjeð, að það sje rjett, að gizka á um það, sem vjer enga skýrslu höfum um, og sleppa þeirri undirstöðu, sem vjer þekkjum, og sem vjer vitum með vissu að óhætt er að fara eptir. Gjöld af síld eru sannarlega óvís enn; ef vjer fáum slík gjöld, þá skaðar það ekki, þótt þau komi, en það er ekki rjett aðferð, að telja tekjurnar eptir því, að útflutningsgjaldið komizt á. Þá er breytingaratkvæði við 10. gr. B. 4, þóknun handa 2 settum málaflutningsmönnum 800 kr., og viðbót handa Páli Melsteð 400 kr.; viðbót við hvað? Það get jeg ekki skilið. Launin eru ákveðin 800 kr., og það þarf enga viðbót til að ná þeim. Þetta breytingaratkvæði er því með öllu formlaust. Jeg þykist vita, hvernig á þessu breytingaratkvæði stendur; það er til þess að útvega hinum málaflutningsmanninum, Þorsteini Jónssyni, 400 kr., og mjer finnst, að annaðhvort eigi ekki að veita honum neitt eða þá helming launanna, en að gjöra það á þennan hátt, það er alveg formlaust. Þá er breytingaratkvæði við 10. gr. C. 1. um, að hækka upphæð þá, sem veitt er til útgáfu stjórnartíðindanna. Jeg sje ekki, hver á-stæða er til þess, og held að nóg sje komið, og óþarfi við að bæta.

Það, sem framsögumaður tók fram viðvíkjandi 13. gr. um viðbót við laun biskupsins, þá skal jeg ekki fara langt út í það, en jeg þykist muna fyrir víst, að launin voru ákveðin ekki til 3200 dala, heldur 3400 dala, og eigi hann því að fá 3. viðbótina. Að minnsta kosti getur á-stæða nefndarinnar ekki átt við um forstöðumann prestaskólans; honum voru þó ákveðnar 3 viðbætur (*A. Ó.*: Já). Jeg ætla enn að gjöra eina athugasemd við 13. gr. B. III. c. 7., sem hljóðar um ýmisleg útgjöld við lærða skólann; þau hafa hingað til eigi farið fram úr 1200 kr., og nú á síðari árum hefur jafnan verið dálítill afgangur, og hefur honum verið varið til að prenta orðasafn eptir dr. Jón Þorkelsson. Jeg verð að ætla, að rjettara sje að taka styrk til prentunar orðasafni þessu af því fje, sem ætlað er til vísindalegra og verklegra fyrirtækja, því að orðasafn þetta verður nokkuð langt, og ef ekki er veittur meiri styrkur til útgáfu þess, en afgangs verður hinum óvissu útgjöldum til hins lærða skóla, þá getur það tekið yfir svo

langan tíma, að óvíst er, að Jóni Þorkelssyni endist aldur til að fá það allt prentað. Það er einmitt ósk mín, að styrkurinn verði veittur ríflegri, svo að líkindi verði til, að þessu orðasafni verði lokið, og þingmenn mega alls eigi skilja orð mín svo, að jeg hafi á móti orðasafninu, en jeg vil ekki, að það fje, sem gengur til prentunar þess, verði talið með útgjöldum til skólans. Þar sem 2. þingmaður Suður-Múlasýslu sagði, að jeg þekkti ekki skólaskýrslur, þá er það ekki svaravert, og það er ekki sæmandi, að koma með slík brigzlyrði á þessum stað. Það er rjett, að með útlendum skólaskýrslum eru prentaðar vísindalegar ritgjörðir, en þeir skólar hafa sjóð út af fyrir sig, og því verða þingmenn vel að gá að. Hann skyldi svo orð mín, að jeg vildi taka af þessum 600 kr., sem ætlaðar eru til bókakaupa handa bókasafni skólans, til að prenta orðasafnið; mjer datt ekki í hug að rýra þær í neinu. Ef eigi þarf að verja neinu fje af því, sem skólanum er ætlað, til útgáfu orðasafnsins, þá nægja 1200 kr.; á þessu ári hafa ekki eyðzt nema rúmar 1000 kr., og gæti þá afgangurinn orðið nægilegur til bókakaupa handa þeim lærisveinum, sem taka þátt í umsjóninni, en það nemur frá 110—120 kr. Viðvíkjandi fjárveitingunni til alþýðuskólanna, þá eru þessir skólar ekki beinlínis gagnfræðaskólar, heldur eins konar alþýðuskólar, og Suðurland er eins gagnfræðaskólalaust eptir sem áður fyrir Flensborgarskólann, sem er í raun rjettri eigi annað en barnaskóli. Þar sem 2. þingmaður Suður-Múlasýslu hjelt, að jeg þekkti engan skóla, og sagði, að ekki væru dæmi til þess, að gagnfræðaskóli væri sameinaður við barnaskóla, þá sýnir þetta, að hann þekkir ekki skóla, því að í Danmörku eru margir latínuskólar líka barnaskólar, og við latínuskólana eru gagnfræðaskólar samtengdir. Jeg vil taka til dæmis Friðriksborgarskóla, og skal jeg lesa upp kafla úr skýrslu um hann:

«Sökum þeirra, sem þekkja eigi fyrirkomulag Friðriksborgarskóla, eins og það er nú, skal jeg geta þess, að hann er í þremur deildum, sem samtengdar eru sín á milli. Þessar 3 deildir eru: 1. «Smaaskolen» — það er barnaskólinn — og í þá deildina ganga börn 6 til 9 ára gömul; 2. «Elementarskolen» — eða sá skóli, þar sem kennt er það, sem heyrir til undirstöðu almennrar menntunar — og í þeirri deild eru börn 9 til 12 ára gömul; 3. «Statsskolen» — eða ríkisskólinn — og er hinn lögákveðni aldur lærisveina þar 12 til 18 ára».

Þetta er skóli, sem er kostaður af ríkissjóði, og vona jeg, að hin háttvirta deild geti af þessu sjeð, að til er ekki einungis gagnfræðisskóli sameinaður barnaskóla, heldur einnig latínuskóli, og því er eigi af þeim sökum nein ástæða til að neita Reykvíkingum um gagnfræðisskóla í sambandi við barnaskóla, og ef hin heiðraða þingdeild neitar þeim um hann, þá má sannarlega segja, að hún gjöri Norðlingum hærra undir höfði en Sunnlendingum, því í Norðurlandi er miklu fje varið til gagnfræðisskóla, og er þá eigi of mikið sagt, þótt sagt sje, að nú blási hann á norðan.

Jón Jónsson: Jeg benti við 2. umræðu þessa máls á tvö atriði, sem jeg óskaði að hin háttvirta nefnd vildi með mjer koma fram sem breytingartillögu við 3. umræðu, og hef jeg nú ásamt nokkrum öðrum þingmönnum leyft mjer að bera 2 af þessum atriðum undir hina heiðruðu deild, sem breytingartillögur, en svo hefur atvikazt, að í báðum þessum tillögum eru prentvillur. Í breytingartillögunni viðvíkjandi «Lovsamling for Island» hefur þannig misprentazt 10. gr. 10 í stað 10. gr. C. 10. En í hinni breytingartillögu á að lagfæra 800 kr. í 1000 kr. við þóknun handa 2 settum málaflutningsmönnum, og svo þar sem stendur: «viðbót handa Páli Melsteð 400 kr.,» á það að vera 300 kr., og upphæðin fyrir hvort árið á að breytast úr 2700 kr. í 2800 kr. Jeg játa það, að að þessu leyti eru formgallar á þessum breytingartillögum, en aðrir formgallar munu varla vera á þessari breytingartillögu, því það var mikill misskilningur hjá hinum háttvirta þingmanni Reykvíkinga, að

vjer uppástungumennirnir höfðum haft það fyrir augum, að útvega öðrum málfærslumanninum, Þorsteini sýslumanni Jónssyni, 400 kr. þóknun í stað nefndarinnar 200. Það er öllum, sem til þekkja, ljóst, að Þorsteini Jónssyni verður að standa alveg á sama, hvort málaflutningslaunin verði 500 kr., eins og þau eru ákveðin með konungsúrskurði, eða 800 kr., því öll upphæð launanna verður í báðum tilfellum dregin frá eptirlaunum hans, nema einhver önnur ákvörðun verði gjörð við 15. grein fjárlaganna, Hækkun sú, sem átti sjer stað á þessum launum, meðan þingmaður Borgfirðinga var formaður og framsögumaður fjárlaganna, mun að eins hafa orsakazt af því, að uppástungumaðurinn vildi útvega Páli Melsteð persónulega viðbót; en við slíka fjárveitingu kann jeg ekki. Vilji menn veita einstökum embættismanni þóknun, þá verður að stinga beinlínis upp á því, en það virðist mjer óhreint og rangt, að hækka laun þeirra embætta, sem ekki þurfa launabótar við, til þess að útvega einstökum mönnum þóknun.

Viðvíkjandi 10. gr. C. 10. skal jeg leyfa mjer að skírskota til þess, sem jeg sagði um það efni við 2. umræðu. Hin síðustu 2 bindi af lagasafni fyrir Ísland hafa inni haldið fá stjórnarbrjef og lög, sem ekki áður hafa verið prentuð í tíðindum um stjórnarmálefni. Þessi tíðindi hafa að miklu leyti verið gefin út á kostnað ríkissjóðs. Lagasafnið inni heldur reyndar stjórnarbrjefin á dönsku og danskar útleggingar við lög, sem prentuð eru á íslenzku í tíðindum um stjórnarmálefni; en það væri þó hlægilegt, ef vjer færum að leggja talsvert fje úr landssjóði árlega til að útvega Dönum danska útleggingu á því, sem áður hefur verið prentað á íslenzku.

Jeg verð að vera á sama máli, og jeg var við 2. umræðu um, að rjett sje að láta sýslunefndirnar fá umráð yfir fje því, sem veitt er til eflingar búnaði, og verð því að vera á móti breytingartillögum við 10. gr. 4. tölul. Það liggur í augum uppi, að það þarf að dreifa kröptunum, þá er talað er um búnaðar-framkvæmdir, svo sem jarðabætur, vatnsveitingar o. fl. þess konar. Allt slíkt verða einstakir menn eða sveitafjelög að framkvæma; öðru máli er að gegna um búnaðarskóla; þar þarf, eins og jeg tók fram um daginn, að sameina kraptana frá fleiri hjeruðum, ef framkvæmdirnar eiga að verða að nokkru gagni.

Hinn háttvirti þingmaður Reykvíkinga sagði, að allir skólar erlendis hefðu sjerstaka skólasjóði, en það mun vera einn af þeim mörgu misskilningum, sem þessi heiðraði þingmaður einatt ratar í, þegar skólamál verða rædd. Bæði í Danmörku, Noregi og Svíþjóð munu flestir latínu- og gagnfræðaskólar vera kostaðir af lands- eða ríkissjóði. Jeg hef mælt á móti því, að stofnaður verði gagnfræðaskóli í Reykjavík í sameiningu við barnaskólann, ekki af því, að jeg er á móti því, að börn fari úr barnaskólanum í gagnfræðaskólann, en af því að jeg treysti eigi bæjarstjórninni til að stjórna gagnfræðaskóla betur en barnaskóla; en stjórn Reykjavíkurbæjarstjórnar á barnaskóla sínum hefur ekki, meðan hinn háttvirti þingmaður Reykvíkinga hefur ráðið flestum atkvæðum bæjarstjórnarinnar, verið svo, að landið geti trúað bæjarstjórninni fyrir stjórn á gagnfræðaskóla fyrir allt landið eða heilan landsfjórðung.

Grímur Thomsen: Jeg vona, að nefndin, og einkanlega hinn heiðraði framsögumaður játi, að þar sem á greinir milli minni hluta og meiri hluta, að þar sje það rjett fyrir minni hlutann að halda sínu máli fram með öllum þeim rökum og allri þeirri seiglu, sem hann ræður yfir; það getur fullkomlega haft sína nytsemi, því að málið nær út fyrir þennan sal og þarf ekki að ónýtast, þó muni nokkrum atkvæðum í það sinnið í þessari deild. Af þessum orsökum hef jeg og nokkrir aðrir þingmenn komið með þær breytingartillögur, sem hjer liggja fyrir, og skal jeg í mjög fám orðum nefna þær fyrir hinni háttvirtu deild. 1. tölulið 2. greinar höfum við fært lengra niður en hin heiðraða nefnd, og get jeg enn sem komið er ekki sjeð betur, en að nefndin hefði verið sjálfri sjer samkvæmari, hefði

hún fallizt á uppástungu okkar. Þá verð jeg að minnast einu orði á spítalagjaldið. Jeg hef nú kynnt mjer ræðu hins háttvirta 2. þingmanns Suður-Múlasýslu, og get jeg ekki betur sjeð, en að í henni sje það, sem á fornri og nýrri íslenzku eru kallaðar dylgjur um, að jeg, eða einhver mjer kunnugur, hafi skrifazt á við einn Norðmann, og hafi með því haft þau áhrif á hann, að hann skoraðist undan, að greiða spítalagjaldið. Þessum dylgjum, — hafi jeg skilið ræðu þingmannsins rjett —, svara jeg stuttlega: þær eru tilhæfulausar. En því er tilhæfa í, að fyrir meira en ári síðan skrifaði jeg einum Norðmanni svar upp á fyrirspurn, sem hann gjörði til mín um það, hvernig hann skyldi haga sjer með fiskiveiðar við strendur Íslands, og ráðgaðist jeg þá einmitt við hinn hæstvirta landshöfðingja um, hvernig svara ætti. En um spítalagjald var þar ekki að ræða; enda held jeg, að þeir, sem mig þekkja, geti varla haft mikla ástæðu til að ætla mjer það, að jeg letji menn að gjalda gjöld til landsjóðs. Hins vænti jeg, ef það er satt, sem jeg hef heyrt fleygt, að 2. þingmaður Suður-Múlasýslu ætti að vera verzlunarfulltrúi Norðmanna fyrir austan, að hann þá verði þeim ekki hlynntari en tekjum landssjóðsins. Jeg skal svo ekki orðlengja um það meira, en jeg minni aptur á það, sem jeg hef áður tekið fram, að náist ekki þetta gjald inn, líður ekki einungis við það þessi tekjugrein, heldur einnig hlýtur það að snerta 4. tekjugrein, o: viðlagasjóðinn, sem hlaupa verður undir bagga, ef árstekjurnar hrökkva ekki. Um 6. gr. skal jeg ekki vera langorður, en jeg skal að eins leyfa mjer, að benda hinum háttvirta framsögumanni fjárlaganefndarinnar á, að 1879 var hann mjer fullkomlega samþykkur um skoðun og skilning á því máli, eins og sjá má á Alþingistíðindunum 1879 bls. 259; en nú vill hann ekki láta þá niðurröðun halda sjer; jeg hreifi mótmælum mót þessu, ekki af því, að jeg ímyndi mjer, að það breyti atkvæðagreiðslunni, heldur til þess að láta þó mótmæli koma fram móti því. Í 9. gr. mun jeg greiða atkvæði með 1400 kr., enda þótt jeg ímyndi mjer, að 2. þingmaður Suður-Múlasýslu mundi komast að raun um, að 3 vikur mundu ekki nægja til yfirskoðunarinnar, ef hann ætti að gjöra það sjálfur. Hin umboðslega yfirskoðun er þar á móti of hátt launuð. Nú þarf þó ekki að skoða nema eins fjárhagstímabils reikninga, og er það munur eða í byrjuninni, þegar skoða varð reikninga fyrir mörg ár. Breytingartillöguna við c. 4. komum við með af því, að okkur þótti ekki, að búnaðarfjelögin ættu að fara varhluta af þessu fje, við útbýting þess, og vona jeg, að nefndin slaki þar til og komi til móts við okkur uppástungumenn. Mjer þykir það hart, að búnaðarfjelögin, sem jeg veit að koma að miklum og verulegum notum — þó jeg þekki búnaðarfjelag vesturamtsins ekki eins vel og það, sem nær mjer er — mjer þykir það hart, að þau skuli þurfa að lifa upp á náð sýslufjelaganna; eins yrði og stofnunin í Ólafsdal að öllum líkindum að gjöra, eptir því að dæma, að þeir tveir þingmenn, sem bezt ættu að þekkja til hennar, eru ósamdóma um, að hversu miklum notum hún komi, svo ekki er sagt, hve mikinn styrk væri hægt að fá hjá sýslufjelögunum þar. Jeg skal því næst enn minnast á C. 11., og biðja þá menn, sem þykir óhæfa, að veita fje til að fyrirbyggja eyðilegging af sandi, að hugsa til þess, að frændur vorir Danir veita árlega nálægt 100,000 kr. til að sporna við eyðileggingu á vesturströnd Jótlands og víðar. Jeg skýt því til hinnar heiðruðu fjárlaganefndar, hvort hún álítur, að það sje sæmilegt eða gott til afspurnar, að neita með öllu fjárframlögu til að yfirvinna þennan versta óvin suðurhluta landsins, því að veiting Hafursár kemur ekkert þessu máli við. Jeg tala ekki um, hve þungt mjer fellur að vera hinum heiðraða framsögumanni samdóma um 13. gr. A. a, en eptir að hafa rannsakað það mál, verð jeg að játa. að framsögumaður hefur rjett að mæla. Við höfum enn fremur stungið upp á 1 ölmusu viðbót við læknaskólann, og vona jeg, að nefndin viðurkenni, að það

er ekki of mikið að hafa einar 2 ölmusur við skólann. Jeg kem þá til þess spursmáls, sem viðkvæmt er, sem er um alþýðuskóla og barnaskóla. Jeg hef ekkert móti því, að styrkurinn sje svo hár, en þeim skilyrðum, sem sett eru fyrir alþýðuskóla, verður að vera fullnægt. Varaforseti bar til baka orð mín um daginn, er jeg hafði sagt, að landafræði og saga hefði ekki verið kennd í Flensborgarskólanum; en jeg hef aflað mjer skýrslu um skólann, og er þar ekki nefnt, að þessar greinir hafi verið kenndar. Í þeim skilningi er skólinn allt svo ekki alþýðuskóli, en jeg efast ekki um, að hinn háttvirti varaforseti ætli að gjöra hann að alþýðuskóla, sem hann er enn þá ekki. Þegar jeg sje samskotin úr Þingvallasveit, þegar jeg sje fje lagt fram af vinnukonunni og vinnumanninum, þening ekkjunnar fram lagðan, þá get jeg ekki skilið, hvers vegna nefndin vill fremur styrkja þá 2 alþýðuskóla, sem nefndir eru, en annan eins skóla og þennan. Jeg ímynda mjer því, að varaforseti, sem ann fleiri skólum en Flensborgarskólanum, sjái með ánægju, að þessir fátæku skólar sjeu styrktir, og að minna fje sje svo lagt til Flensborgarskólans. Það er heldur ekki minn skilningur, að Flensborgarskólinn eigi að fá 1500 kr. og 1000 kr. seinna árið og Eyrarbakkaskólinn sömu upphæð; enda þarf Flensborgarskólinn þess sízt með, þar sem hann safnar fje, eða hefur afgangs ársútgjöldunum. Styrk til bókmenntafjelagsins vona jeg að nefndin fallist á að færa upp; því að það er þó ekki viðkunnanlegt, að bókmenntafjelagið geti ekki haldið samninga við menn, sem það hefur gjört um sýslumannaæfirnar, um þýðingu af skáldritum og útleggingu af bók Maurers, sem við mættum óska að Íslendingur hefði skrifað; jeg segi, að það væri ekki viðkunnanlegt, ef bókmenntafjelagið gæti ekki haldið orð sín og samninga. Um 15. gr. og 20. gr. skal jeg nú ekki fjölyrða. En jeg tek það þó aptur fram, að það er nauðsynlegt, að taka sjerstaklega fram, að frú Elín Thorsteinsen og frú Guðjóhnsen skuli hafa þau eptirlaun, sem þær eiga að hafa samkvæmt fjárlögunum, því að annars getur stjórnin strangt tekið ekki veitt þeim eptirlaunin. Niðurfærsluna í 16. gr. skal jeg ekki tala margt um; en jeg vona, að þeir, sem lesa athugasemdir yfirskoðunarmanna, geti sannfærzt um, að þessu fje hefur stundum verið óhöndulega varið, eins og þegar útlendur maður er styrktur til að ferðast um Norveg eða maður styrktur til að læra að smíða orgel með 200 kr., eins og nokkur maður læri að smíða orgel á tveim mánuðum. Slíkar fjárveitingar geta að eins skilizt svo, sem veitingarvaldið vilji *yfir höfuð* styrkja slíka menn, en ekki í neinu sjerstöku augnamiði. Jeg get ekki leitt hjá mjer, að minnast á þann sultardropa, sem nefndin ætlaði Þorsteini Jónssyni, þar sem hún vill veita honum 200 kr. af þeim 800 kr., sem hann sótti um. Að síðustu skal jeg svara hinum hæstvirta landshöfðingja, þó hann sje sjálfur ekki við staddur hjer í salnum. Mjer fannst hann í ræðu sinni leggja mig nokkuð í einelti; tek jeg það ekki nærri mjer, en mjer fellur ver, að hann hefur misskilið breytingaratkvæði mitt og nokkurra annara þingmanna við 20. gr. Þessi fyrirvari á nefnilega við *margar* fjárveitingar á fjárhagstímabilinu, en amtmannalaunin koma þar ekki nærri. Öll þessi ræða landshöfðingjans átti því ekki hjer við, og hefði eins getað sparazt. Jeg skal að eins svara 2. þingmanni Skagfirðinga því, að samið hefur verið við bókaútgefanda í Höfn um útgáfu á «Lovsamling for Island», og er ekki ómögulegt, að samningur þessi standi í einhverju sambandi við dánarbú Jóns Sigurðssonar; vona jeg því, að þingmaðurinn haldi þessu breytingaratkvæði ekki til streitu. Skal jeg svo enda mál mitt með því, að þakka hinum háttvirta framsögumanni fjárlaganefndarinnar fyrir þá kurteisi og stillingu, sem hann hefur ávallt sýnt mjer í þessu máli, er hann hefur svarað athugasemdum mínum.

Tryggvi Gunnarsson: Jeg vil leyfa mjer að tala nokkur orð um breytingar-

tillögur nefndarinnar og nokkurra háttvirtra þingmanna. Um 1. tölulið 2. gr., um lausafjárskattinn, skal jeg ekki vera langorður. Það skiptir ekki miklu, hvort upphæð þessi er færð upp eða niður um eitt eða tvö þúsund krónur; það rýrir lausafjárskattinn ekki mikið, og ekkert víst, að sú upphæð reynist rjettari en sú, sem nefndin hefur sett. Við 2. umræðu hafa verið teknar fram margar ástæður fyrir því, svo að jeg sleppi því. Hvað 10. tölulíðinn, um spítalagjald, snertir, þá hefur nú komið fram uppástunga um að færa það niður í 10,000 kr. Við 2. umræðu var einnig mikið um það rætt og færðar ástæður bæði með og móti, en jeg er sannfærður um, að þegar þingið kemur saman 1883, þá verður afgangur af þessum tekjulið, og jeg er viss um, að það er hættulaust að samþykkja upphæðina óbreytta um spítalagjaldið, eins og það er, og þá því heldur, þegar útlltutningsgjaldið bætist við. Viðvíkjandi 6. gr. er það að segja, að þegar hafa verið töluð allt of mörg orð um hana, því að breytingin er þýðingarlaus bæði fyrir landið og landssjóðinn og ætti ekki að vera áhugamál. Nú er komið að útgjaldabálkinum, og er þá fyrst við 9. gr. breytingaruppástunga nefndarinnar um, að hækka yfirskoðunarlaunin um 200 kr. Hinn háttvirti þingmaður Borgfirðinga álítur, að 1400 kr. sje nægilegt, og það er þá líklega nóg, því hann má þekkja manna bezt, hvað starfi sá er umfangsmikill; orsökin til, að þessi liður var færður upp, er sú, að nefndin frjetti, að endurskoðunarmenn þyrftu að láta prenta skýrslur eða svör sín, og hvíldi sá kostnaður á launununi. Þá er 10. gr. C. 1. Hinn háttvirti þingmaður Reykvíkinga talaði um, að hann vissi ekki, vegna hvers þessi liður er færður upp um 154 kr., en þessar 154 kr. eru burðareyrir fyrir stjórnartíðindin og landshagsskýrslurnar út um landið; það hefur reynzt erfiðleikum bundið, að heimta þennan burðareyri hjá milli 300 og 400 mönnum, sem halda þessi rit, og áleit nefndin því hentugra að taka það af landssjóðnum, fyrst upphæð þessi er svo lítil. Einnig hefur nefndin fært upp tillögu til eflingar búnaði, og vona jeg, að það verði vinsælt hjá deildinni, og vil jeg mæla með því, að sýslunefndunum verði gefinn kostur á að kveða á um, hvernig fje því skuli verja. Hvað breytingaratkvæðið um útgáfu lagasafnsins snertir, þá vil jeg geta þess, að 1877 veitti þingið fje til þess, að lagasafnið væri gefið út. Jón sálugi Sigurðsson hafði tekið við því fje, og var búinn að safna talsverðu í eitt eða tvö bindi af lagasafninu; en honum entist ekki líf til að ljúka við handritið; hefur því fjeð verið heimtað úr búinu og handritið tekið upp í part af skuldinni; fjeð liggur í Kaupmannahöfn, og verður gefið út fyrir það eitt bindi af lagasafninu. Margir, sem hafa skrifað sig fyrir lagasafninu, eru að kvarta yfir, að fá það ekki til enda, og er þeim mjög annt um, að útgáfan geti haldið áfram. En hvort sem þingið veitir þetta fje eða ekki, þá verður þó nokkuð af lagasafninu gefið út fyrir peninga þá, sem jeg áðan gat um að lægju í Kaupmannahöfn. Jeg vona, að þingið skeyti ekki þessari breytingartillögu og veiti þetta fje, til þess að lagasafnið verði gefið út. Jeg hef einnig ásamt öðrum komið með breytingaratkvæði við 13. gr. A. a. um 400 kr. handa biskupinum, því að mjer þótti atkvæðagreiðslan við 2. umræðu ekki vera svo glögg, að víst væri, hvort töluliður þessi var samþykktur eða felldur, en þó einkum af því, að jeg álít það vera alveg samkvæmt lögum, sem uppástungan fer fram á, og jeg vil ekki vera með þeirri fjárveiting, sem er gagnstæð lögum. Jeg skal ekki vera fjölorður um ræðu hins háttvirta þingmanns Borgfirðinga um skólann í Flensborg, því að hinn háttvirti varaforseti mun svara honum, en jeg segi það, að ef einhver maður í Norðurlandi hefði styrkt eitthvert þarft almennt fyrirtæki, eins og hinn háttvirti varaforseti hefur styrkt Flensborgarskólann, þá mundu Norð-

lendingar ekki síður vera fúsir á að vilja auka styrkinn, til að sýna gefanda þó svo litla viðurkenningu. Nefndin hefur ásamt hinum hæstvirta landshöfðingja fært upp 1. tölulið C. 13. gr., því að þrátt fyrir þær 1950 kr., sem landsbókasafnið á að hafa til sinna þarfa, vantaði þó fje til umsjónar hússins, og hefur nefndin fallizt á að verja til þess 100 kr. Breytingaruppástungunni í 13. gr. C. 3., að færa gjaldið til bókmenntafjelagsins úr 500 kr. upp í 1000 kr., er jeg mótfallinn, því að í fyrsta lagi er fjelagið eigi fátækt, og þarf þess eigi með, að tillagið sje hækkað, og í öðru lagi stendur hjer «til deildarinnar á Íslandi», en sú breyting er að eins til þess að vekja ástæðulausan grun út um landið um misklíð milli deildanna. Viðvíkjandi 15. gr., þá hefur nefndin komið með þann viðauka við hana, að ekkjufrú hjeraðslæknis E. Johnsens skyldi fá 300 kr. og landlæknir Jón Hjaltalín 1000 kr. af eptirlauna- og styrktarfjenu; þessu var bætt inn í lögin til skýringar, en fjárupphæðin er sú sama; jeg get þessa, til þess að þingmenn skuli ekki ætla, að tillagið hafi verið hækkað, sem þessari upphæð nemur. Viðvíkjandi því, hvort bæta þurfi inn í frumvarpið nöfnum þeirra ekkna, er nú hafa fengið fjárstyrk, þá er nefndin því mótfallin, og hefur landshöfðinginn verið henni samdóma í þessu, og þegar hann, sem fjeð á að afhenda, álítur, að þess eigi þurfi, þá getur deildin reitt sig á það; í því efni verður maður að meta meira orð hins hæstvirta landshöfðingja en það, sem hinn háttvirti þingmaður Borgfirðinga segir. Þá er síðast 20. gr. Landshöfðinginn hefur þegar skýrt frá skoðun sinni þar að lútandi, og af því að jeg finn enga ástæðu til að þreyta kapp við stjórnina um annað eins lítilræði, þá vona jeg, að deildin samþykki greinina, eins og uefndiu hafði hana.

Magnús Andrjesson: Við 2. umræðu þessa máls kom jeg og samþingismaður minn fram með þá viðaukatillögu við 16. gr. fjárlaganna, að veittar yrðu 2000 kr. til þess að fá útlendan dýralækni til að rannsaka eðli og orsakir fjársjúkdóma á landinu, sjer í lagi bráðafársins. Umræðunni var þá hætt skjótar en okkur varði, svo að eigi var hægt að skýra frá ástæðum; þess vegna kemur nú þessi tillaga aptur með nokkrum breytingum, þannig að úr henni er fellt orð, sem sumir hneyksluðust á. Við höfum komið fram með tillögu þessa samkvæmt áskorun frá sýslunefndinni í Árnessýslu. Eins og þingmenn vita, hefur bænarskrá um þetta efni frá sýslunefndinni legið á lestrarsalnum. Í bænarskránni er skýrt frá tjóni því, er bráðafárið veldur og fleiri fjársjúkdómar, og það er líka alkunnugt, að bráðafárið hefur verið ein af plágum landsins nálega alla þessa öld. Til dæmis upp á tjón það, er fjársýki þessi gjörir mönnum skal jeg geta þess, að samkvæmt skýrslu, sem jeg hef í höndum frá sýslunefndinni, hafa á næstliðnum vetri drepizt úr henni að eins í 7 hreppum í Árnessýslu samtals 4374 sauðkindur. Í einni sveit fórust 1589 kindur, og hef jeg þó heyrt, að enn meira hafi farizt í öðrum hreppi, sem ekki er talinn hjer með. Það munu því allir vera samdóma um það, að hjer þurfi eitthvað við að gjöra; en hitt er eptir að vita, hvernig eigi að ráða bót á þessu. Margir munu segja, að menn þekki ráð við bráðafárinu, og það liggi næst að nota þau ráð. Jeg veit vel, að ýms ráð hafa verið gefin, ýms rit samin um þetta efni, og þetta hefur orðið að meira og minna gagni; en það þykjast menn hafa reynt, að þó eitthvert ráð hafi dugað vel á einum stað, þá hefur það ekki dugað á öðrum, og það er hinn sorglegi sannleikur, að ekkert ráð hefur öllum dugað. Þótt fjárræktin kunni að vera í betra lagi í sumum öðrum sveitum landsins en í Árnessýslu, þá þarf þó enginn að ætla, að bændur þar (í Árnessýslu) þekki ekki eða hafi ekki reynt, og reynt til hlítar þau ráð, er gefin hafa verið gegn bráðafárinu, að svo miklu leyti, sem auðið er að reyna þau ráð. Í sýslunefnd Árnessýslu eru sannlega svo merkir menn

og góðir búmenn, að þeir þekkja vel þessi ráð og vita árangurinn af þeim. Sýslunefndin hefur ekki að gamni sínu eða ófyrirsynju leitað þingsins um þetta mál, heldur af því hún var neydd til þess; einmitt af því að öll ráð innlendra manna hafa reynzt ónóg, hefur hún óskað þess, að fá duglegan dýralækni frá útlöndum, er ferðaðist hjer um landið, rannsakaði eðli sýkinnar og reyndi til að finna ráð gegn henni. Jeg held einnig, að nauðsynlegt og sjálfsagt sje að reyna þetta, og það því fremur, sem þess eru dæmi, að útlendum lækni hefur tekizt, að út rýma hjer illum sjúkdómi, er innlendir læknar gátu eigi við ráðið; þegar ginklofinn gekk hjer um árið á Vestmannaeyjum og deyddi jafnvel meiri hluta barna þeirra, er fæddust, þá var sendur hjer upp duglegur danskur læknir, og tókst honum alveg að stemma stigu fyrir drepsótt þeirri. Eins og þetta tókst við mannasjúkdóm, eins væri ekki ómögulegt, að það einnig tækist til með fjárveikina, og þá yrði engu fje betur varið, en því, sem til þess gengi. Jeg vona því fastlega, að hin háttvirta deild neiti ekki um svona lítinn fjárstyrk til svona mikils nauðsynjamáls.

Þórarinn Böðvarsson: Jeg vil leyfa mjer að fara nokkrum orðum um tekjudálkinn, en jeg skal að eins gjöra það stuttlega, enda er þegar nóg komið af þessum umræðum, sem að litlu gagni munu koma. Þó að hinn háttvirti þingmaður Borgfirðinga beri það fram, að landið muni komast í fjárþrot, þá verður þó öllum þingmönnum að vera ljóst, að það er ómögulegt, að það geti komið fyrir á fjárhagstímabilinu. Nefndin hefur farið svo langt, sem tiltækilegt er í að setja niður lausafjárskattinn. Hún áleit sjer skylt, að byggja sem mest á því, sem fyrir hendi er, en fara sem minnst með spádóma. Jeg ætla að leiða hjá mjer öll breytingaratkvæðin aptur að 10. gr. C. 4., þar sem hinn háttvirti þingmaður Borgfirðinga ásamt nokkrum öðrum vill bæta því við, að því fje, sem lagt er til búnaðar, sje úthlutað, helmingnum milli sýslunefndanna og hinum helmingnum milli amtsráða og búnaðarfjelaga. Þessari skoðun hins háttvirta þingmanns Borgfirðinga er jeg algjörlega mótfallinn, og tek það fastlega fram, að sýslunefndirnar *einar* fái yfirráð yfir því fje, sem lagt er til búnaðar. Engin stjórn og ekkert «ráð», hvorki amtsráð nje önnur, getur betur sjeð um, að það komi að sönnum notum en einmitt sýslunefndirnar. Þá er næst breytingaratkvæði við C. 11. tölul. að 17,500 kr. verði veittar til varnar gegn sandfoki í Skaptafellssýslu. Jeg get vel skilið, að hinum háttvirta þingmanni Borgfirðinga sje þetta kappsmál, því að hann fór sjálfur austur til að skoða sandfokið, og má vera að hann kunni ekki við, að þessi austurför hans verði gagnslaus, þó að hún hafi kann ske ekki kostað mikið. En þegar nefndin hafði leitað allrar upplýsingar, gat hún með engu móti fallizt á þessa fjárveitingu. Hinn háttvirti þingmaður má vita það vel, já, honum hlýtur að vera það ljóst, að ábúendur þeirra jarða, er undir skemmdum liggja, vilja ekkert leggja til, og þá ætti landssjóðurinn að gjalda þetta án þess að vera viss um, að nokkurt gagn gæti orðið að því, og án þess að geta átt minnstu von á endurgjaldi. Jeg nenni ekki að rekja hvern einstakan tölulið breytingaratkvæðanna, en jeg vil minnast lauslega á 13. gr. A. a. Jeg sagði við 2. umræðu þessa máls, að jeg vildi ekki leggja það til, að launin væru tekin af biskupinum, og að jeg ætlaði ekki að færa ástæður fyrir því, er nú segi jeg eigi hið sama, því hinn háttvirti þingmaður Eyfirðinga hefur fært ástæður á móti því. Jeg álasa ekki hinum nefndarmönnunum, þó að þeir sjeu ekki á sama máli og jeg í þessu. Þeir segjast standa á grundvelli, sem sje rjettur, og líta hvorki til hægri nje vinstri. Jeg er ekki lagamaður á við þá, og því síður á móti ráðgjafanum og landshöfðingjanum, en þeir hafa álitið veitingu þessa lögum samkvæma. Stjórnin, sem hefur veitt launin, verður að fara eptir því sem rjett er eptir lögum; en þingið er ekki bundið við það eitt, sem rjett er eptir lögum. Til eru þær

fjárveitingar, sem ekki eru bundnar með lögum; til eru heiðurslaun, dugnaðarlaun o. fl., og þessi laun á biskupinn skilið að fá fremur flestum, já, öllum mönnum hjer á landi. Hann hefur í mörg ár verið prestur og prófastur, mörg ár verið forstöðumaður prestaskólans, og frá 10—20 ár biskup. Hann hefur efit uppfræðingu almennings í guðsorði meir en nokkur annar. Og ef hinir háttvirtu þingmenn játa þetta, þá vil jeg spyrja: ber þá að sýna þessum áttræða öldung óvirðing? Hann þarf ekki fje, en hann tekur það eðlilega sem vanþakklæti, ef að hann er nú sviptur þessu, sem þingið 1879 veitti honum. Það er gömnl regla, að virða hinn aldraða. Jeg þori að segja, að landsbúar vilja ekki, að biskupinn sje sviptur þessu lítilræði. Jeg vil fulltreysta því, að hinir háttvirtu þingmenn greiði ekki atkvæði með þessum uppástungumönnum. Jeg vil einnig svara nokkrum orðum ummælum bins háttvirta þingmanns Borgfirðinga um Flensborgarskólann. Jeg skal þakka hinum háttvirta þingmanni, að hann hefur þó nú talað í mýksta lagi um þennan skóla og mishermt í minna lagi, eins og agnúi hans á skólanum væri farinn að minnka; við næstu umræðu vissi hann ekki til, að annað væri kennt í skólanum en skript og rjettritun; nú gat hann þó vitað, að í skólanum væri kennd danska, enska, íslenzka; skýrslur um það, hvaða greinir eru kenndar í skólanum, eru opinberar, og dugir honum ekki að þræta móti þeim. Það hefur enginn sagt, að skólinn væri gagnfræðaskóli, þó að í honum væru kenndar margar greinir gagnfræðinnar. Hinn háttvirti þingmaður Borgfirðinga ljet i ljósi, að skólinn væri svo ríkur, að óþarfi væri að styrkja hann. Hann á 10,000 kr., og skólahúsið er »assúrerað« fyrir 10,000 kr.; engum manni getur blandazt hugur um, að skólinn getur ekki fyrir það launað þremur lærðum kennurum, einum við barnakennslu og 2 við alþýðukennslu, sem hafa kennt við skólann; og þó að einhver hafi unnið þar fyrir lítil eða hjer um bil engin laun fyrir þeirra sök, sem skólann hafa stofnað, þá veit jeg ekki, hve rjett það er að byggja á því. Þó hinn háttvirti þingmaður Borgfirðinga vilji gjöra þeim gramt í geði, sem hafa stofnað skólann, þá mun honum þó aldrei takast að lóga stofnuninni. Jeg vil að endingu minnast lítið eitt á viðauka við 16. gr., að fá bingað dýralækni. Reynslan hefur sýnt, að útlendir læknar geta hjer ekkert að gjört við þá veiki á sauðfje, sem mestu tjóni veldur, og jeg hef þá skoðun, að fjárveitingin muni ekki geta komið að neinum notum, og er jeg henni því mótfallinn. Jeg ætla svo ekki að fjölyrða meir um þetta, en vil að eins spyrja hinn háttvirta þingmann Reykvíkinga, hvort það sje ekki eins haganlegt að styrkja skólann í Flensborg, eins og að fara að stofna nýjan skóla til gagnfræðakennslu.

Þegar hjer var komið umræðunum, var þeim frestað til næsta fundar.

Á 47. fundi neðri deildar var 3. umræðu um fjárlögin haldið áfram.

Þorlákur Guðmundsson: Eins og hinn heiðraði samþingismaður minn tók fram, höfum við leyft okkur að koma aptur fram með breytingartillögu okkar um styrk til þess, að fá útlendan dýralækni til að rannsaka orsakir og eðli bráðafársins hjer á landi. Þetta breytingaratkvæði okkar fjell við aðra umræðu. Við flutningsmenn þess fengum ekki tækifæri til að minnast á það, enda er annað tveggja, að við höfum enn minna fram að færa en sumir aðrir þingmenn, eða að við erum sparari á tíma og fje. Sumir voru, að því sem mjer virtist, við 2. umræðu að þrátta um geitarhár og lífukveyki, en enginn minntist á það, annaðhvort af því að þeir hafa gleymt því, eða ekki þótt það þess vert, að ræða það hvorki með nje mót. Mjer þykir mjög undarlegt, ef menn vilja ekkert sinna þessu hjer á löggjafarþingi, engan gaum

gefa þessum eyðileggjandi fjársjúkdómi, sem ógnar öðrum aðalatvinnuvegi landsins. Danir sendu þó mann til að rannsaka bráðafárið hjer áður, og við ættum þó ekki að vera á eptir í því efni, að sinna atvinnuvegum vorum, nú þegar við þó höfum nægilegt fje til umráða, en einungis að við verjum því vel. Mjer mun verða svarað því, að nóg ráð sjeu þegar við henni fundin. Jeg skal játa, að nokkuð hefur verið ritað í því efni; en ef að nokkur heldur, að hann sje kominn svo langt, að hann þekki pestina til hlítar og sjái ráð við henni, þá hygg jeg það vera oftraust á sjálfum sjer og yfirlæti, ellegar að slíkir gjöra þá of lítið í að rita um málið almenningi til leiðbeiningar; en það eru hreinar undantekningar til, sem enginn getur svarað hvað við á að gjöra eða hvernig á stendur. Það eru einkum 2 ritgjörðir, sem fram hafa komið í þessu efni, önnur eptir Jón sál. Sigurðsson, og önnur eptir hinn háttvirta þingmann Dalamanna. Þar að auki hafa komið nokkrar blaðagreinir, en þær eru ekki lesnar nema einu sinni og gleymast fljótt, en hinar ritgjörðirnar hefðu átt að gefast út á alþjóðlegan kostnað og vera í hvers manns húsi, og með því móti gat verið von um, að þær næðu sínum góða tilgangi; það eru opt lakari bækur prentaðar á landsins kostnað. Þegar við lesum, að dansknr maður ferðast um Noreg upp á vorn kostnað, en við ekki fáum því sinnt, að útlendur maður upp á landsins kostnað fáist til að rannsaka pestina, þá er ekki án orsaka, að okkur svíði, og ekki er neitt gjört, ekki svo mikið, að út sje gefið eitt smárit um þetta efni á almennan og opinberan kostnað. Fjárlaganefndin hefur lagt það til, að hingað yrði fenginn laxafróður maður til að kenna laxtímgun, og er mjer ekki kunnugt um, að frá neinni sýslunefnd sje komin beiðni um það efni; en fjárræktin er þó miklu meira virði hjer en laxveiði. Það hefur reyndar ekki enn komið beiðni um þetta nema frá einni sýslunefnd, en jeg vona, að það verði til þess að vekja fleiri sýslunefndir til að gefa þessu mikilsvarðandi máli meiri gaum. Sumir álíta, að pestin sje ólæknandi, og ekki svari kostnaði að vera að hugsa eða hafa meira fyrir því en búið er, en það var líka álit margra um fjárkláðann, og sýndi þó reynslan, að unnt var að lækna hann. Margir góðir og duglegir bændur hafa gjört sitt ýtrasta til að varna pestinni, og það hefur kann ske sýnzt duga lítið eitt annað árið, en ekki hitt árið, og enginn hefur fundið fullnægjandi ráð í því efni; en það er hugsandi, að það yrði, ef menn fengju útlendan dýralækni, sem rannsakaði hana vel; þó það sje ekki víst, þá virðist þó skylt og skynsamlegt að reyna eitthvað.

Það er þó sannarlega undarlegt, að vilja ekki líta út um gluggann hjá sjer, þegar annar atvinnuvegur landsins stendur á flæðiskeri, með vaxandi straumi og aðfalli. Jeg ímynda mjer, að pestin sje óútreiknanleg í flestum tilfellum, með ekki meiri rannsóknum eða upplýsingum en nú eru kunnugar hjá okkur. Það er ekki nema einstöku maður, sem getur einlægt haft gott fóður og gott vatn, eða tekið sauðfje sitt á heygjöf fyrir vetur, enda dygði sú afkoma skammt til að uppfylla daglegar þarfir þeirra, sem lifa mest megnis af sauðfjárrækt; jeg tek til dæmis þar sem er mest fjörubeit, þar er ekki hægt að nota þetta ráð eða á heyskaparlausum beitarjörðum.

Ólafur Pálsson: Af því jeg sje, að stendur *Ó.* víða undir breytingartillögunum, þá verð jeg að geta þess, að jeg átti ekki von á því undir 10. gr. A. 3., og er það víst prentvilla. Þá hef jeg skrifað undir breytingaratkvæði við 13. gr. C. 3, en þegar jeg nú heyri, að efnahagur bókmenntafjelagsins er svo góður, þá dreg jeg mitt Ó. út þar. Viðvíkjandi 10. gr. C. 11, þá sje jeg, að jeg hef áður haldið mjer of fast við stjórnarfrumvarpið, en þegar jeg fór að athuga betur athugasemdir nefndarinnar, þá sje jeg, að í þeim getur legið allt annar skilningur, en jeg áleit fyrst. Jeg skil nefndina svo, að hún hafi veitt þessar 2500 kr. án nokkurs endurgjalds, og þá verður mjer nú nokkuð hughægra, og þá er jeg viss um,

að ábúendurnir leggja alla krapta sína fram. Viðvíkjandi þessu 15000 kr. láni, þá þori jeg ekki að ábyrgjast, að ábúendur þeirra jarða vilji taka það til þess að borga það aptur með 6% á 28 árum, en fylgi samt breytingaratkvæði okkar í þá stefnu fast fram að svo komnu.

Guðmundur Einarsson: Jeg verð nú að játa það með þingmanni Vestur-Skaptfellinga, að þótt nafn mitt standi undir ýmsum breytingartillögum, þá hef jeg þó ekki skuldbundið mig til að vera með þeim öllum, heldur sló jeg mjer í flokk með öðrum til þess að geta komið því að, sem mjer fannst mest áríðandi og hjálpa öðrum til hins sama. Viðvíkjandi þessum 1000 kr., sem ætlaður eru dr. Jóni Hjaltalín, þá ætti að sjá svo fyrir, að það hyrfi ekki sem dropi í sjóinn, heldur yrði varið til þess að stofna eitthvert «legat», sem gæti verið honum til sóma og haldið nafni hans uppi. Þá kem jeg til breytingaratkvæðis við 16. gr. um 2000 kr. handa útlendum dýralækni. Þangað til 1870 voru 3 dýralæknar, sem fengust við þetta, að rannsaka bráðapestina, Teitur Finnbogason, Jon Hjaltalín (jeg tel hann með) og Snorri Jónsson, en allar þessar þeirra rannsókna-tilraunir urðu næsta árangurslitlar. Árangurinn af ritlingum og blaðagreinum í þá stefnu er þó nokkur, en hann er hvergi nærri nógur. Jeg er hræddur um, að það yrði ekki gagn að, að fá mann frá útlöndum nema það væri bundið vissum föstum skilyrðum. Hann yrði að vera vel æfður og reyndur ekki að eins í hinu bóklega, heldur og í hinu verklega, og hann þyrfti að setjast að hjá góðum búmanni, sem væri kunnugur pestinni. Það er einkum tvennt, sem þarf að rannsaka, blóðið og innýflin, og til þess yrði hann að vera vel fær. Hann þyrfti að hafa nóga peninga til að kaupa fjenað á öllum stigum pestarinnar, kannske 20—30 kindur, til þess að sjá, hvaða breytingar geta orðið á blóðinu. Úr leyndardómi pestarinnar getur enginn ráðið, en það er ekki of mikið sagt, þó menn segi, að menn geti skygnzt inn í leyndardóm hennar. Það er um hana eins og aðra pestnæma sjúkdóma, að hún kemur mjög hastarlega að. Það er víst, að eigi verður ráðið við pestina, eptir að hún hefur heltekið kindina, en mikið má varna henni, ef í tíma er að gáð. Jeg hef að vísu eigi mikið á móti að fá útlendan mann til að rannsaka pestina, en miklu heldur vildi jeg senda innlendan mann til Skotlands, og ef hinn háttvirti 2. þingmaður Árnesinga væri búinn að búa 6—8 ár og kynnast vel pestinni, þá vildi jeg láta hann fara og tala við dýralækna, og jeg er viss um, að það kæmi að miklum notum, þó hann væri þar ekki nema 6 mánuði. Ef jeg hefði verið 30 árum yngri, en jeg er, þá hefði jeg verið vel tilleiðanlegur til þess að fara, og gat skeð, að það hefði komið að einhverju liði.

Þorkell Bjarnason: Jeg er nefndinni mjög þakklátur fyrir hækkunina á tillaginu til búnaðins úr 15000 kr. upp í 20,000 kr., því jeg álít öllu vel varið, sem eflir búnað landsins. Mjer sárnaði það, sem 2. þingmaður Skagfirðinga sagði í dag, að búnaðfjelag suðuramtsins hefði ekki gjört neilt gagn; það hefur gjört mikið gagn, með því að kosta búfræðinga til að ferðast um landið; jeg hef sjálfur haldið einn slíkan búfræðing, og lærði jeg margt af honum, og hann vakti áhuga minn á mörgu, sem að búnaði lýtur. Jeg felli mig vel við það, að láta sýslunefndirnar fá að eins helmiuginn af fjenu; ef þær verja því vel, þá er ætíð hægt að fá þeim meira í hendur síðar, en jeg get hugsað mjer, að sje þeim fengið allt fjeð í hendur, farist ýms fyrirtæki fyrir, sem sameina þarf kraptana til, því sýslunefndirnar vilja ef til vill toga fyrirtækin og framkvæmdirnar til sín. Viðvíkjandi 13 gr. A. a, þá er jeg í nokkrum vanda staddur. Sá, sem í hlut á, nefnilega biskupinn, er yfirmaður minn, og jeg virði hann mikils, en mjer virðist hinn háttvirti 1. þingmaður Eyfirðinga vera búinn að sanna nægilega, að hann eigi ekki að fá þessa viðbót, sem hjer ræðir um, og allir vita, að hann þarf hennar ekki við efnanna vegna, en að veita

honum 400 kr. í heiðursskyni, það gæti ekki komið til nokkurra mála, því það væru allt of lítil heiðurslaun banda slíkum ágætismanni; jeg ætla því að vera á móti viðbót þessari. Viðvíkjandi 13. gr. B. III. c. 7. var jeg reyndar orðinn á því, að færa þessa upphæð niður, eptir að jeg hafði talað við yfirkennarann við skólann um það efni, og hann sagt mjer sama, og þingmaður Reykvíkinga hefur sagt hjer í dag, en jeg hef síðan leitað mjer upplýsinga um þetta efni, og fengið að vita, að aldrei hefur verið veitt neitt af því fje, sem ætlað er til vísindalegra og verklegra fyrirtækja, til þessa orðasafns, og hefur höfundurinn stundum orðið að kosta útgáfuna af eigin fje, að jeg ekki nefni, að hann aldrei hefur fengið einn eyri fyrir starf sitt, og er það þó hart fyrir höfundinn að þurfa að leggja fram prentunarkostnaðinn á bók, sem er til eins mikils sóma fyrir bókmenntir vorar, og þetta vísindalega rit dr. Jóns Þorkelssonar. Jeg verð því að gefa stjórnarfrumvarpinu og nefndinni atkvæði mitt í þessu efni, og óska þingmanni Reykjavíkur þess sjálfs hans vegna, að hann leggi ekki móti skólanum, þegar um skynsamleg fjárframlög er að ræða. Það er mín skoðun, að barnaskólar sjeu nauðsynlegri en alþýðuskólar, og jeg álít langt of lítið lagt til þeirra seinna árið, og fyrir því ætla jeg að gefa uppástungu landshöfðingjans atkvæði mitt. Hinn háttvirti þingmaður Borgfirðinga sagði, að Hvaleyrarskólinn mætti fremur heyra undir barnaskóla en alþýðuskóla; það held jeg að sje satt, þegar miðað er við krófur nefndarinnar í skólamálinu; en af þeim krófum hafa menn ekki vitað fyr en nú, og þess vegna gat stjórn skólans ekki lagað sig eptir þeim, og jeg held, að allir verði að játa, að sá, sem hefur stofnað þennan skóla, hafi unnið svo loflegt verk, að það ætti að vera gleði fyrir þingið að gjöra hann að fullkomnum alþýðuskóla. Þá kem jeg til 16. gr.; jeg var kominn að þeirri niðurstöðu, að rjett væri að færa þessa upphæð niður úr 12000 kr. í 8000 kr.; en þá datt mjer í hug, að af þessu fje á að styrkja einn af okkar beztu vísindamönnum, sem, þó hann sje ungur gefur miklar vonir og hefur í hyggju að vinna það verk, sem gæti orðið landi voru bæði til gagns og sóma, og það svo, að við getum ekki gjört okkur nú sem stendur hugmynd um. Ef þessi upphæð væri lækkuð, þá gæti svo farið, að hann ekki fengi þann styrk, er hann þarf með, og honum er ætlaður. Önnur ástæðan fyrir að færa ekki þessa fjárupphæð niður, er sú, að af henni á að fá fje til þess, að fá hingað laxfróðan mann, og álít jeg það gott fyrirtæki, þó jeg nú haldi, að hægt sje að nema laxútungun. Jeg er og mjög meðmæltur því, að fá dýralækni til þess að rannsaka eðli pestarinnar, því hún er sá vogestur, sem mestan skaða gjörir hjer á landi búnaði manna, sem árlega drepur sumstaðar 7. og 8. part af fje bænda. Engin ráð hafa enn fundizt, sem duga til hlítar. Ef farið væri að ráðum prófasts Guðmundar Einarssonar í þessu efni, þá gæti það mikið auðvitað hjálpað, en það er mjög víða örðugt að koma því við, þar sem útigangur er. Það þarf að finna hinar vísindalegu rætur sýkinnar, og því greiði jeg atkvæði mitt með því breytingaratkvæði, sem fer fram á að fá dýralækninn; jeg vona það verði búnaðinum til eflingar, ef við pestinni geta fundizt einhver ráð.

Lárus Blöndal: Jeg má gjöra þá viðurkenningu, eins og 2 aðrir háttvirtir þingmenn hafa gjört, að þótt nafn mitt standi undir nokkrum breytingartillögum, sem hjer liggja fyrir, þá greiði jeg ekki atkvæði með þeim öllum, en jeg hef undirskrifað sumar þeirra að eins til þess, að þær gætu komið til umræðu hjer í deildinni. Jeg ætla ekki að gjöra breytingartillöguna við 6. gr. frumvarpsins að kappsmáli og greiði líklega atkvæði móti henni. Hvað útgjöldunum viðvíkur, þá er jeg alveg samþykkur breytingartillögu nefndarinnar við 10. gr. C. 4., að færa búnaðarstyrkinn upp í 20000 kr; þar á móti er jeg engan veginn svo fastur á því, að gefa atkvæði með hinni breytingunni, sem þar fer á

eptir, að helming fjárins skuli úthluta milli amtsráða og búnaðarfjelaga. Breytingartillögunni undir C. 11. get jeg ekki verið meðmæltur, og ekki heldur 13. gr. B. III. c. 7., því sem sagt, þó að nafn mitt standi undir þessari síðustu breytingartillögu, þá greiði jeg atkvæði mitt móti henni.

Jeg vildi hafa tekið til máls við 2. umræðu um síðari kafla útgjaldabálksins; en það atvikaðist svo, að mjer og fleiri þingmönnum var fyrirmunað það. Í 13. gr. B. V. a. eru til kvennaskóla ætlaðar 3000 kr., og er jeg þeirri upphæð samþykkur. En í athugasemdum fjárlaganefndarinnar bls. 18. stendur, að nefndin vilji ráða til, að kvennaskólunum:

Í Reykjavík veitist . .	1000	kr.
á Laugalandi í Eyjafirði	1000	—
í Skagafirði	600	—
og í Húnavatnssýslu .	400	—

Jeg fyrir mitt leyti hef ekkert á móti því, og mjer finnst það eðlilegt, að kvennaskólarnir í Reykjavík og á Laugalandi fái sömu upphæð úr landssjóði og áður, en jeg skil ekki þann mismun, sem gjörður er á kvennaskólunum í Skagafirði og Húnavatnssýslu, því jeg veit ekki betur, en kvennaskóli Húnvetninga standi hinum jafnfætis; og mjer finnst því óeðlilegra að gjöra þennan mismun, sem Skagfirðingar fengu á fjárlögunum 1880 og 1881 til síns skóla 700 kr. hvort árið, en Húnvetningar að eins 200 kr. Jeg vona, að hinn háttvirti framsögumaður og nefndin yfir höfuð viðurkenni, að rjettara hefði verið og sanngjarnara, að hvor skólinn fyrir sig fengi 500 kr., og jeg treysti því, að hinn hæstvirti landshöfðingi sjái og viðurkenni þetta, þrátt fyrir bendingar nefndarinnar í gagnstæða átt, og að hann við veitingu fjárins á sínum tíma láti kvennaskóla Húnvetninga njóta jafnrjettis við kvennaskóla Skagfirðinga. Jeg fyrir mitt leyti vildi, að það sæist í umræðunum, að eigi væru allir á það sáttir, að skagfirzki kvennaskólinn ætti að bera meira úr býtum en kvennaskóli Húnvetninga. Hinum háttvirta framsögumanni er svo kunnugt um það, sem gjörzt hefur í amtsráði norður- og austuramtsins, að hann veit, að Húnvetningar hafa eigi fengið úr jafnaðarsjóði amtsins, nema einar 100 kr. — segi og skrifa einar hundrað krónur — handa sínum kvennaskóla, en Skagfirðingar aptur á móti 200 kr. eða meira, og þó greiða Húnvetningar meira til jafnaðarsjóðsins en Skagfirðingar. Sýslunefndin í Húnavatnssýslu hefur farið þess á leit, að fá styrk úr landssjóði til þess að byggja skólahús, eins og Skagfirðingar hafa fengið. En jeg sje nú ekki til neins að fara fram á, að fá svo mikinn styrk, sem nægði til þess, heldur leita jeg einungis þess, að fá jöfnuð og jafnrjetti fyrir kvennaskóla Húnvetninga móts við kvennaskólann í Skagafirði.

Þá kem jeg enn fremur til breytingarinnar á 13. gr. við B. II. b. 1. um, að læknaskólinn fái 2 ölmusur í staðinn fyrir 1. Jeg held, að hin háttvirta deild ætti að hugsa sig vel um, áður en hún hafnar þessari breytingu. Það er aðgætandi, að námið á læknaskólanum stendur yfir í 4 ár, en að eins 2 ár á prestaskólanum og auk þess verða lækna-skólamenn að kaupa dýrar bækur, sem prestaskólamenn eru lausir við, og má meta þann kostnað um 200 kr. fyrir hvern stúdent. Vjer verðum og vel að gæta þess, að það eru fátækustu piltarnir, sem lenda a presta- og læknaskólanum, af því þeir hafa ekki efni á að sigla. Jeg vona, að hin háttvirta nefnd og deildin yfir höfuð finni það sanngjarnt og tiltækilegast, að fækka ekki ölmusunum meira en svo, að þær verði 2.

Hvað viðvíkur breytingartillögunni við B. V. b. og c. þá gef jeg atkvæði mitt með því að hækka styrkinn til barnaskóla og alþýðuskóla, en mjer er illa við að taka burtu þann fyrirvara, sem samþykktur var við 2. umræðu, að styrkurinn fari ekki fram úr helmingi alls þess kostnaðar, er gengur til skólahaldsins. Það er samkvæmt þeirri grundvallarreglu, sem viðtekin var um kvennaskólana 1879, enda finnst mjer hún eðlileg og sanngjörn.

Jeg greiði ekki atkvæði með breyting-

artillögunni undir C. 3, að þessar 1000 kr., sem þar ræðir um, sjeu veittar «til deildarinnar á Íslandi»; það er ekki vert að vekja ríg milli deildanna, sem, þótt hann kunni einhvern tíma að hafa verið, nú mun lítill eða enginn.

Í 13. gr. C. 4. b. og c. stendur: «til forngripasafnsins»: til umsjónar 200 kr., til rannsókna fornmenja 800 kr.»

Eins og kunnugt er, hefur Sigurður fornfræðingur Vigfússon sent þinginu bænarskrá um 1000 kr. styrk, og í athugasemdum sínum við 13. gr. fer fjárlaganefndin um bænarskrá þessa þeim orðum, að henni þyki skylt og maklegt að *styrkja þennan mann*. Jeg þykist sjá af því, að það sje meining nefndarinnar, að þessar 800 og 200 kr. eigi að veitast Sigurði Vigfússyni persónulega (*Arnljótur* og *Jón Ólafsson*: «Já»); en jeg vildi gjarnan, að það kæmi fram í umræðunum, og að enginn vafi gæti leikið á því, að Sigurður Vigfússon ætti að fá þessar 1000 kr. Eins ímynda jeg mjer, að það sje ekki meiningin, að Sigurður þurfi eða eigi að ferðast víðs vegar um land allt upp á sinn kostnað til þess að grafa eptir fornmenjum, því ef það væri, er hætt við, að þessar 800 krónur næðu skammt. Jeg vildi því óska, að hinn háttvirti framsögumaður lýsti yfir áliti sínu og nefndarinnar þessu máli viðvíkjandi, áður en gengið er til atkvæða.

Þá kem jeg að þessari miklu hneykslunarhellu, breytingaruppástungunni við 20. gr. frumvarpsins. Það var sannarlega hvorki meining mín nje hinna annara uppástungumanna þessa breytingaratkvæðis, að vekja með því ríg eða deilu milli stjórnar og þings; nei, vjer uppástungumenn vildum, — eins og hinn háttvirti þingmaður Borgfirðinga tók fram — með breytingaratkvæði okkar að eins fá inn í fjárlögin hin sömu skilyrði fyrir *fjárveitingu* t. d. til kvennaskóla o. fl., sem tekin voru upp í fjárlögin 1879, en breytingaratkvæðið átti alls ekki að ná og nær heldur ekki til amtmannaembættanna. En úr því hinn hæstvirti landshöfðingi gjörir svo mikið úr þessu breytingaratkvæði, vil jeg ekki fyrir mitt leyti halda því svo fast fram.

Eiríkur Kúld: Jeg þarf ekki að tala fyrir þeim breytingaratkvæðum, sem nafn mitt stendur við, enda er jeg þeim ekki öllum samþykkur. Sum þeirra hef jeg skrifað undir, til þess að þau gætu komizt að til umræðu í þingdeildinni. Jeg neyðist til að standa upp (þótt jeg sje ekki fær um það sökum lasleika) fyrir ummæli framsögumanns um breytingartillöguna við 11. gr., er hann þóttist ekki skilja. Jeg vona þó hann skilji mig, er jeg segi honum, að breytingin fer alveg fram á sömu töluupphæð, sem breytingartillaga landshöfðinga við 2. umræðu. Jeg skal því ekki halda langri vöru uppi fyrir breytingunni að þessu sinni, en skírskota til orða minna við 2. umræðu. Jeg hef það traust til deildarinnar, að hún muni samþykkja þetta, því jeg vona, að hún finni það sanngjarnt, að veita læknunum þessa þóknun (að minnsta kosti eitt skipti fyrir öll) fyrir þann halla, er þeir hafa beðið. Um 13. gr. A. a. verð jeg að segja það, að mjer þykir undarlegt að vilja svipta biskupinn þeim launaviðbótum, sem stjórnin álítur honum rjettbærar og sem þingið 1879 veitti honum. Jeg hygg menn megi halda, að þingið sje nokkuð hviklynt, ef það gjörir þetta, og jeg er hræddur um, að þeir menn, sem kunna að meta rjett, hve mikið biskupinn hefur lagt á sig og unnið að menntunarframförum Íslendinga og að efla trúarlíf manna hjer, kunni okkur litlar þakkir fyrir slíka smámunasemi; og þótt það særi ekki hinn veglynda biskup sjálfan, þá mun það þó særa tilfinningar annara, er trúnni unna, ef honum er á þennan hátt misboðið af þinginu (*Tryggvi Gunnarsson o. fl.*: Honum er ekki misboðið). Jú, að minnsta kosti er það ekki sjerlegur virðingarvottur, sem hinir heiðruðu uppástungumenn sýna hinum heiðursverðasta biskupi landsins á hans efstu árum, með því að vilja svipta hann því, sem stjórnin áleit honum bæri og þingið 1879 samþykkti. En jeg vona, að efri deildin komi þessu

inn aptur, þó að það eigi verði hjer samþykkt. Um 13. gr. C. 3. er jeg alveg samdóma 1. þingmanni Húnvetninga. Jeg álít þá menn sannarlega ekki mikla elskendur vísindanna, sem vilja nema svo mikið af bókmenntafjelaginu, og þingmaður Borgfirðinga tók það fram í dag, að þótt það sje ríkt, eins og sumir vilja segja, þá væri það ekki svo ríkt, að það gæti haldið samninga sína við 2 menn, ef styrkurinn væri að eins 500 kr. Jeg er sannfærður um, að væri sá lifandi, hvers mynd þarna blasir við augum vorum, þá mundi honum ekki þykja þetta sanngjarnt. Að endingu vildi jeg, að breytingartillaga þessi væri borin undir atkvæði í tvennu lagi.

Þar sem við 16. gr. er farið fram, að fá útlendan dýralækni, þá held jeg, að 2000 kr. sje allt of lítið, og aðhyllist jeg í því tilliti skoðun þingmanns Dalamanna, en að öðru leyti er jeg tilleiðanlegur að verja talsverðu fje til þessa. Um 20. gr. verð jeg að segja það, að jeg get ekki betur sjeð, en hinn hæstvirti landshöfðingi hafi alveg misskilið breytingartillöguna og tilgang uppástungumanna. Jeg ætla samt ekki að halda henni til streitu, úr því landsböfðinginn skilur hana á þessa leið, enda kann jeg miklu betur við uppástungu nefndarinnar, eins og hún nú er orðin, en eins og hún áður var. Að síðustu skal jeg geta þess, með tilliti til fylgiskjalsins, sem fylgir áliti nefndarinnar, að mjer þykir það óheppilegt, að vísa einum lækni, o: Ólafi Sigvaldasyni, til dómstólanna, þar sem það er auðsjáanlegt, að hann hlýtur að vinna málið, og álít jeg því ekki rjett að valda landssjóðnum útgjöldum með slíku, þar sem engin líkindi eru til, að hann (o: landssjóðurinn) vinni það mál.

Framsögumaður: Það gleður mig fyrir hönd nefndarinnar, að svo margir heiðraðir þingmenn hafa tekið breytingartillögur nefndarinnar fram yfir tillögur einstakra heiðraðra þingmanna. Það sýnir, að nefndin hefur haft á rjettara að standa. Jeg skal nú leyfa mjer að drepa á fáein atriði, sem jeg eigi hef tekið fram áður. Jeg vil nauðugur tala um 6. gr., nema að því er snertir eitt atriði í ræðu hins háttvirta þingmanns Borgfirðinga, þar sem hann sagði, að jeg á alþingi 1879 hefði sagt, að þessi niðurröðun væri samkvæm stjórnarskránni. Sama segi jeg enn, en þá sagði jeg og, að niðurröðun þessi væri ólöguleg, og einmitt hið sama segi jeg enn, og jeg vona, að enginn kalli þetta ósamkvæmni af mjer. Lesi hann orð mín á 265. bls. í þingtíðindunum 1879, og mun hann þá finna, að jeg hef eigi breytt skoðun minni á því máli til þessa dags. Jeg hef enn eigi minnzt á breytingartillöguna við B. 4. í 10. grein, um laun málaflutningsmannanna við yfirrjettinn. Þeir eru eiginlega konunglegir sýslunarmenn, því þeir eru skipaðir í embætti eptir konungsúrskurði 19. marz 1858, með 500 kr. launum hvor, svo eptir þessu er breytingaratkvæði fyrra þingmanns Skagfirðinga ólöglegt. Nefndin hefur ráðið til í ástæðum 15. greinar að taka 600 kr. af eptirlaunum annars málaflutningsmannsins, en lofa honum að halda 200 kr. Þetta kallar hinn háttvirti þingmaður Borgfirðinga «sultardropa». Já, það er sjálfsagt, að það er sultardropi í samanburði við 17,000 kr., sem hinn heiðraði þingmaður vill veita skilyrðislaust til sandfoksins í Skaptafellssýslu. En hann má þá ekki rýra þennan sultardropa með því að vilja taka alveg af honum jafnmikið í eptirlaununum. Við C. 1. í 10. gr. hefur hinn hæstvirti landshöfðingi í sambandi við nefndina gjört þá breytingartillögu, að bækka 1654 kr. upp í 1800 kr., mismunurinn er því 146 kr. Þessar 146 kr. eiga að vera burðareyrir undir Stjórnartíðindin og landshagsskýrslurnar út um landið, og ef menn lesa hinn sundurliðaða reikning í nefndarálitinu, þá sjest, að þar vantar burðareyri; en það er örðugleikum bundið, að heimta saman burðareyri hjá einstökum mönnum um land allt, eins og hinn háttvirti 1. þingmaður Suður-Múlasýslu tók fram. Þá kem jeg til 10. gr. C. 4. Þar hafa nokkrir heiðraðir þingmenn gjört þá breytingartillögu, að í stað orða nefndarinn-

ar: «Landshöfðingi úthlutar fjenu milli «sýslunefndanna, öðrum helmingi þess eptir «fólksfjölda, en hinum eptir jarða- og lausa-«fjárhundraða-tölu í sýslufjelagi hverju,» komi: «og skal helmingi fjárins úthlutað «milli sýslunefndanna eptir rjettri tiltölu «bæði fólksfjölda og samanlagðrar tölu jarða-«og lausafjárhundraða í sýslufjelagi hverju, «en hinum helmningnum milli amtsráða og «búnaðarfjelaga». En jeg vil leyfa mjer að spyrja: Hver er sú hin rjetta tiltala milli manna og hundraða? Er t. d. rjett að leggja einn mann móti einni kú? eða 3 börn móti 2 hrossum? Það á að skipta milli amtsráða og búnaðarfjelaga. Á amtsráðið eigi að fá meira en lítið búnaðarfjelag? Þessi breytingartillaga er svo ógreinileg, að vont verður að skipta eptir henni. Jeg játa, að það sje gott, að búnaðarfjelögunum sje veittur styrkur, en búnaðarfjelag þarf ekki að veita styrk manni, sem fer til útlanda til þess að læra búnað, því þetta búfræðingsefni hlýtur þó að vera í einhverju sýslufjelagi, og hann getur þá leitað styrks hjá því engu síður en hjá amtsráði eða búnaðarfjelagi. Það er engin ástæða til að vefengja, að sýslufjelög geti gjört eins mikið gagn í þessu eins og amtsráð og búnaðarfjelög. Jeg get því eigi sjeð betur, en að nefndin hafi hjer á rjettu að standa. Við 10. gr. C. 11. skal jeg geta þess, að nefndin veitir þessar 2500 kr. til burtveitingar Hafursár í Mýrdal, án þess að mælast til endurgjalds, en að fara að veita 17000 kr. til þess að varna sandfoki í Skaptafellssýslu, en sleppa burtveiting Hafursár, það getur nefndinni aldrei komið til hugar að fallast á, því sje slíkt samþykkt, getur þingið eigi neitað neinum manni, sem hefur sand í landareign sinni, um fjárframlag úr landssjóði til þess að koma honum burtu, því þessi styrkur á hjer að vera án endurgjalds. Styrkurinn til Staðarbyggðarmýranna var einungis lán, og Skaptfellingar geta líka fengið lán úr landssjóði til þess að út rýma sandi; en hitt er á engum rökum byggt, að hann út rými honum endurgjaldslaust. Viðvíkjandi 13. gr. B. 1. a. skal jeg geta þess, að nefndin hefur tekið 400 kr. af launum forstöðumanns prestaskólans, en eptir stefnu þingsins höldum vjer því eigi til streitu, og meiri hlutinn er fús á að taka það aptur, en þar á móti er þessu eigi svo varið með sömu grein A. a. Jeg hef ekkert á móti því, að veita 2 ölmusur til læknaskólans, svo báðir skólarnir fái jafnt, því þótt læknar á landinu sjeu miklu færri en prestar, eða sem 20 móti 140, vil jeg þó eigi gjöra þetta að ágreiningsefni. En jeg held fast við álit nefndarinnar um fjeð til hinna óvissu útgjalda latínuskólans, að það sje 1500 kr., en eigi 1200 kr., og það af sömu ástæðu, sem jeg tók fram við 2. umræðu, að 300 kr. af þessum 1500 kr. eigi að vera til bókakaupa handa umsjónarmönnum skólapilta, og til þess að gefa út orðasafn dr. Jóns Þorkelssonar. Mig furðar á því, að hinn háttvirti þingmaður Reykvíkinga, sem er skólanum svo hlynntur, skuli standa undir þessari breytingartillögu, og hafa mælt móti þessu. Hann sjer þó sjálfur, að annaðhvort verður þá að hætta að gefa umsjónarmönnum skólapilta bækur sem verðlaun, eða taka peninga fyrir þær af fje því, sem ætlað er til bókasafns skólans. Hinn heiðraði þingmaður Reykvíkinga tók það fram, að veita mætti fje til þess að gefa út orðasafnið af fje því, sem í 16. gr. er ætlað til vísindalegra og verklegra fyrirtækja. Í atkvæðaskránni hefur nefndin ákveðið, að styrkurinn til vísindalegra og verklegra fyrirtækja skuli vera 12,000 kr., en hvað segir GÓ minn nú, eptir að hann er búinn að gefa orðasafninu ávísun upp á þennan lið. Jú, sjáum til, hann hefur jafnframt gjört þá breytingartillögu við þann lið, að hann verði færður úr 12,000 kr. ofan í 8,000 kr. Ekki er nú í kot vísað orðasafninu. Hann álítur líklega orðasafn bókmenntafjelagsins svo gott, að eigi sje þörf á öðru orðasafni. Jú, það er nú gott; jeg skal leyfa mjer að lesa fáein orð úr því: «glundur, úr-«istur, strjúgur, kálfskjötsostur, trosmatur, «selvafningur, hrognakökur, hrognaskyr, vota-«bruðningur, þurrabruðningur (*Forseti:* Jeg

vil vekja athygli þingmannnsins á því, að þetta er ekki við efni ræðunnar). Nú er jeg rjett búinn: «roðastappa og graðhestaskyr». Við 13. gr. B. V. b. og c., um styrk til barna- og alþýðuskóla, hefur hinn hæstvirti landshöfðingi viljað hækka styrkinn til barnaskóla upp úr 1200 kr. fyrra árið og 600 kr. hið síðara í 2000 kr. hvort árið fyrir sig, en jeg verð að geta þess, að jeg álít gott, að þessi styrkur lækki smátt og smátt. Jeg skyldi eigi hafa mælt á móti því, að veittar yrðu 1500 kr. seinna árið, en alls ekki eins mikið og fyrra árið, því það vekur vonir um jafnan styrk framvegis. Þá kem jeg til bókmenntafjelagsins. Jeg skal ekkert hafa á móti því, að fjelaginu sje veittur 1000 kr. styrkur hvort árið; en jeg vil alls eigi, að það gangi allt til deildar fjelagsins á Íslandi, því það vekur sundurlyndi. Ástæður þær, er komu nefndinni til þess að minnka þennan styrk bókmenntafjelagsins voru þessar: Fjelagið er ríkt, það á 16,000 kr. í skuldabrjefum, og hefur um 700 áskrifendur, og fær þannig mikið tillag árlega. Í öðru lagi hefur bókmenntafjelagið aldrei haft styrk úr landssjóði, nema meðan það gaf út Stjórnartíðindin og Landshagsskýrslurnar. Jón sálugi Sigurðsson fjekk engan annan styrk en þetta, og í hans tíð gaf fjelagið út bækur til eins mikils verðs og nú. Í þriðja lagi er það, að skilyrðið, sem framsögumaður fjárlaganefndarinnar 1879 setti fyrir veitingu styrks handa bókasafninu á Akureyri og í Stykkishólmi, að «greinilegar skýrslur og bókaskrár fram leggist», er að vísu eigi sett í fjárlögunum 1879, en jeg þykist vita, að hinn háttvirti þingmaður Borgfirðinga hefur ritað slíkt skilyrði hjá sjer til að fullnægja því, þótt hann hafi eigi fullnægt því enn, og ætti hinn háttvirti þingmaður Borgfirðinga því að útvega slíka skýrslu. En jeg er þó eigi alveg ófús á að veita því 1000 kr. styrk hvort árið um sig. Þá kemur viðbótin við 16. gr.: «þar af 2000 kr. handa dýralækni». Jeg get eigi fundið, að þessi viðbót eigi við greinina, því okkur er ekki nauðsynlegra að fá dýralækni en margt annað. Jeg vil ráða til, að hin heiðraða þingdeild felli þessa viðbót, svo getur bónin um styrk handa dýralækni gengið til hins hæstvirta landshöfðingja, eins og hver önnur fjárbeiðsla. Nefndin hefur vísað 10., 11. og 14. tölulið í fylgiskjali nefndarálitsins til 16. greinar. Nefndin hefur og í nefndarálitinu tekið fram, að gott væri að fá laxfróðan mann hingað til landsins, og ætti landssjóður að veita fje til ferða hans hingað upp, en sýslufjelögin kosta hann, meðan hann dvelst hjá þeim. Eins ætti að vera með dýralækninn, ef hann er nauðsynlegur. Jeg skal eigi fara mörgum um breytingartillögurnar við 20. grein, en jeg álít þó, að skilningur hins háttvirta landshöfðingja á henni sje rjettari en hins háttvirta þingmanns Borgfirðinga í því, að breytingaratkvæðið snerti skilyrðið um amtmenn og landritara, (*Halldór Friðriksson:* Nei!). Það getur vel verið, að þingmaður Reykvíkinga segi nei, en þá vil jeg spyrja hann að nokkrum spurningum: Er engin fjárveiting í 10. gr. fjárlaganna 1879? eða eru þau ekki fjárlög? *Halldór Friðriksson:* Jú!), og er ekki sett þar skilyrði? Jeg veit þó, að hinn háttvirti þingmaður Borgfirðinga álítur það skilyrði í fjárlögunum, og það hefur stjórnin álitið, og fjárlögin 1879 eru «fyrirfarandi fjárlög.» Nú sem menn vita þetta, þá vona jeg, að þeir sjái, að þessi breytingartillaga við 20. gr. nefndarinnar meinar amtmenn og landritara. Jeg fæ ekki betur sjeð, en að greinin, eins og hún er orðuð hjá nefndinni, uppfylli alveg eptir atvikum þá fyrirvara og þau forskot, sem standa í fjárlögum Dana. Í eptirmála fjárlaganna hefur nefndin gjört þá breytingu, að fyrir: «allt að 4 búnaðarskóla» komi «2 búnaðarskóla í suður- og vesturamtinu og «2 búnaðarskóla í norður- og austuramtinu». Vjer álítum, að þetta hlyti að vera rjettur skilningur tillögumanna, því þeir hafa eigi ætlað, að hrúga ætti öllum 4 skólunum saman á einn blett. Að lyktum skal jeg geta þess, að jeg kalla þetta eptirmála, sem ætti að vera aðgreindur með stryki, líkt og

gjört er í síðustu fjárlögum. Jeg skal og um leið geta þess, að prentvilla hefur komizt inn í 13. gr. V. Það stendur nefnilega «til *kennslu* í organslætti» o. s. frv., en á að vera til *kennara*. Jeg skal og geta þess, að í 19. tölulið fylgiskjalsins stendur aptast «*litlu lakari*» en á að vera *litlu bættari*.

Jón Jónsson: Hinn háttvirti framsögumaður sagði, að breytingaratkvæði mitt kæmi í bága við konungsúrskurð 19. maí 1858; og sýnir það, að hann hefur ekki verið við, þá er jeg skýrði frá prentvillu þeirri, sem hefur komið fram í breytingartillögu þessari; þegar prentvilla þessi er lagfærð, kemur breytingartillagan einmitt heim við konungsúrskurðinn, en fjárlögin koma í bága við hann. Hvað hinni breytingartillögu minni viðvíkur, þá vil jeg segja 1. þingmanni Suður-Múlasýslu, að umræðurnar sýna bezt, að bæði deildin og forseti hafa játað, að tillaga þessi verði rædd á þessum fundi, þó henni hafi fyrst í dag verið útbýtt. Hinn háttvirti þingmaður Borgfirðinga ljet í ljósi, að þessi fjárveiting til að prenta lagasafnið stæði eitthvað í sambandi við vanskil af hendi dánarbús Jóns Sigurðssonar, en þetta hlýtur að vera mikill misskilningur, og er ekkert slíkt nefnt í ástæðunum fyrir stjórnarfrumvarpinu. Og jeg er viss um, að ef Jón Sigurðsson væri nú hjer á þingi, mundi hann vera mjer samdóma um, að þessi fjárveiting væri ónauðsynleg, enda barðist hann manna mest á móti dönskum útleggingum á lögum vorum, og á móti því, að stjórnarbrjefin væru rituð á dönsku. Hinn háttvirti þingmaður Dalamanna sagði, að landssjóð munaði ekki meira um að eyða 1000 kr. en bónda um að kasta út 30—40 kr. Með slíkri röksemdaleiðslu væri fljótlegt að gjöra landssjóðinn gjaldþrota. Jeg álít það skyldu hins háttvirta þingmanns Dalamanna, eins og allra annara þingmanna, að spara sem mest af fje landssjóðsins, og ekki að samþykkja nein útgjöld, sem ekki eru alveg nauðsynleg. Hvað dýralækna hjer á landi snertir, þá höfum vjer fulla reynslu fyrir því, að þeir blessist ekki sem lands- eða amtsdýralæknar, þar á móti gæti jeg vel ímyndað mjer, að sýslufjelag gæti haft gagn af ferðandi dýralæknum, til að leiðbeina mönnum í meðferð á kvikfje, að sínu leyti eins og ferðandi búfræðingar hafa komið að góðum notum. Jeg held, að hinir háttvirtu þingmenn, sem hæla svo búnaðarfjelagi suðuramtsins, þekki ekki betur fjelag þetta en jeg. Jeg hef þekkt það í 8 ár, og verið á fundum þess, og aldrei sjeð þar þingmann Eyfirðinga, nje 2. þingmann Gullbringu- og Kjósarsýslu, og jeg get fullvissað þá um, að framkvæmdir fjelagsins hafa engar verið aðrar en að veita í blindni nokkur verðlaun. Fundir þess hafa ávallt verið haldnir í Reykjavík. Borgarar og embættismenn hjer í bænum hafa ráðið öllum ályktunum fjelagsins, og enginn getur ætlazt til búnaðarframkvæmda verulegra af þeirra hendi. Hinn háttvirti 2. þingmaður Gullbringusýslu sagði, að fjelagið hefði kostað menn til að afla sjer búfræðismenntunar, og ráðið búfræðinga, en þetta tók fjelagið fyrst upp, þegar landsstjórnin hafði sýnt því leiðina: jeg játa, að það er hið bezta, sem fjelagið hefur gjört, en einnig þessi framkvæmd hefði komið að betri notum, hefðu sýslunefndirnar staðið fyrir henni. Þær eru, jeg tek það upp aptur, langt um færari en lands- og amtsfjelög um að veita verðlaun fyrir búnaðarframkvæmdir, að sjá um, að ferðir búfræðinga komi að tilætluðum notum, og að framkvæma sjerhvað annað, er að eflingu búnaðar lýtur. Þar sem hinn háttvirti 2. þingmaður Húnvetninga var að kvarta yfir því, að kvennaskólanum í Skagafirði væri ætlaður meiri styrkur en kvennaskólanum í Húnavatnssýslu, þá gáði hann ekki að því, að sýslunefndin í Skagafjarðar-

sýslu var hinn fyrsta sýslunefnd hjer á landi, sem kom slíkum skóla á fastan fót með ítarlegri reglugjörð og öðrum tryggjandi ákvörðunum. Mjer hefði því fundizt sanngjarnt, að kvennaskólanum í Skagafirði hefði verið veittur sami styrkur og kvennaskólanum á Laugalandi og í Reykjavík. Jeg er ekki samdóma hinum háttvirta 2. þingmanni Húnvetninga um skilning hans á fjárveitingunni til Sigurðar Vigfússonar, og mótmæli jeg því, að hann eða framsögumaður fjárlaganefndarinnar leggi annan skilning í þessa veitingu, en hún hefur samkvæmt orðum hennar.

Halldór Kr. Friðriksson: Jeg skal ekki tefja tímann með því, að svara ræðu 2. þingmanns Skagfirðinga, því að hún var sannarlega ekki svaraverð, og það er eigi vert, að eyða tímanum til þess. En jeg skal að eins gjöra grein fyrir breytingartillögum mínum við það, hvernig haga skuli útbýting á fje því, sem ætlað er til eflingar búnaðinum. Jeg ætla, að því fje sje bezt varið þannig, að búnaðarfjelögin fái umráð yfir því, því að með því að skipta því í svona marga staði, kemur það ekki að neinum sönnum notum. Jeg tel því rjettara, að það sje veitt þannig, að umráðin yfir því geti náð yfir stærra svæði, svo að það geti gjört eitthvert verulegt gagn. Jeg held, að hinn háttvirti framsögumaður þurfi ekki að vera hræddur um, að landshöfðingjanum verði vandræði úr að skipta þessu fje niður eptir því, sem segir í breytingartillögunum. Hann furðaði sig enn fremur á því, að jeg skuli vísa orðasafni rektors á 16. gr., eða fje til verklegra og vísindalegra fyrirtækja, og kallaði það ósamkvæmni hjá mjer, að vilja þó lækka upphæð þeirrar greinar. Jeg skal fyrst segja honum það, að þessi ár, sem jeg hef haft með skólans umsjón að gjöra, hefur eigi þurft til ýmissa útgjalda fyrir skólann nema rúmar 1000 kr., og verðlaunin fyrir umsjónarmenn af piltum eru ekki meiri en 110—120 kr. á ári, og hrökkva því 1200 kr. til útgjaldanna og verðlaunanna. Að jeg vil vísa orðasafni rektors Jóns Þorkelssonar á 16. gr., kemur einmitt til af því, að jeg vil, að styrkurinn til þess geti numið svo miklu, að einhverjar líkur sjeu til, að honum endist aldur til að ljúka við það. En ef sá styrkur er klipinn svona við nögl sjer með því að vísa því á þennan lið B. III. C. 7., eru engar líkur til, að honum muni endast aldur til að gefa það út. Ræða hins háttvirta 2. þingmanns Gullbringusýslu er eigi svaraverð; hún var svo skökk og aumingjaleg sem mest má verða. Jeg hef aldrei látið falla eitt orð um það, að jeg hefði á móti orðasafni þessu, heldur þvert á móti.

Jeg þekki ekkert orðasafn, sem bókmenntafjelagið hefur gefið út, og sem hinn háttvirti framsögumaður var að fræða oss um, en jeg get hugsað mjer, að hann vilji, ef til vill, láta bókmenntafjelagið gefa út orðasafn yfir ýms nýmynduð orð í einni vissri bók, sem honum er kunn. Jeg get ekki sjeð neina ósamkvæmni hjá mjer, þótt jeg vilji vísa þessu orðasafni á 16. gr. og lækka þó upphæð hennar, því að vjer höfum svo mörg dæmi, að því fje hefur ekki ávallt verið varið sem bezt. Jeg get t. a. m. ekki kallað þeim 400 kr. vel varið, sem veittar voru trjesmið til að búa til orgelskassa. Jeg ætla, að það sje ekki rjett, að hafa þá upphæð svo mikla, þegar engin skilyrði eru sett, og stjórnin getur farið með fje það eptir vild sinni. Það fje, sem þannig er veitt skilyrðislaust, á að vera sem minnst. Að því er viðvíkur því, sem sagt hefur verið í dag, að bókmenntafjelagið sje ríkt, þá á það ekki við deildina á Íslandi, því að allur þess auður er samankominn hjá deildinni í Kaupmannahöfn, og hún hefur neitað því optar en einu sinni, að leggja íslenzku deildinni fje, til að gefa út bækur, og ef þingið verður nú svona

nápínnlegt við fjelagið, þá verður það til þess, eins og hinn háttvirti þingmaður Borgfirðinga hefur tekið fram, að það getur ekki staðið við loforð sín um prentun bóka, og verður að hætta störfum þeim, sem það þegar hefur byrjað á. Mjer virðist miklu nær og rjettara, að láta einmitt bókmenntafjelagið fá ráð yfir sem mestu af fje því, sem ætlað er til vísindalegra fyrirtækja, og jeg get ekki trúað öðru, en þingið hafi fulla trygging fyrir því, að það fjelag verji fje sínu vel, því að það gefur enga bók út án ritdóms, en stjórnin leggur bækurnar eigi undir nokkurn ritdóm. Það er því sannfæring mín, að fje það, sem veitt er til vísindalegra fyrirtækja, eigi að leggja í hönd bókmenntafjelaginu. Að því er alþýðuskólana snertir, hefur nefndin numið burtu skilyrðin, en jeg álít, að þingið þurfi að hafa tryggjandi skilyrði fyrir því, hvernig fjenu er varið. Ef þessi skilyrði eru numin burtu, eptir hverju á þá stjórnin að fara með fjárveitinguna? Á hún að fara eptir nefndarálitinu? Nei. Það getur ekki verið, það er engin bindandi þingsályktun. Það er líka mjög hættulegt, að gefa stjórninni þessi tómu nefndarálit undir fótinn. 1877 setti nefndin ýms skilyrði fyrir fjárveitingum; hvað gjörði þingið? það felldi burtu öll skilyrðin; og hvað gjörir svo landshöfðinginn? Hann segir í vetur, að hann hafi talið sig skuldbundinn til að fylgja tillögum nefndarinnar, sem voru gjörsamlega felldar af þinginu. Þetta sýnir, að það er mjög varhugavert, að láta stjórnina ráða yfir fjenu skilyrðislaust. Það er svo sem eðlilegt, að stjórnin vilji eigi vera neinum skilyrðum bundin, til þess að vera einráð yfir útbýtingu fjárins. Það getur þó víst ekki verið tilgangur þingsins nú, að þessu fje sje útbýtt af handahófi einu, einum skóla 100 kr., öðrum 200 kr. og hinum þriðja 1000 kr.; nei, jeg ímynda mjer, að þingmenn sjeu mjer samdóma um, að þessu fje þurfi að útbýta eptir tilteknum hlutföllum og þá með tilteknum skilyrðum, en þessi skilyrði þurfa að standa í fjárlögunum. Þegar því veitt er nýtt fjárframlag, er nauðsynlegt, að taka fram skilyrðin í fjárlögunum, en þegar fjárveitingin er gömul, þá er 20. gr., sem jeg og nokkrir aðrir þingmenn hafa stungið upp á, og þar er hinn háttvirti þingmaður Borgfirðinga í sínum fyllsta rjetti. Það er sannarlega misskilningur hjá hinum háttvirta framsögumanni, að þau skilyrði, sem þar eru sett, geti náð til amtmannaembættanna, og það hefur mjer aldrei dottið í hug, og sjálfsagt engum uppástungumanna, að vilja með 20. gr. vekja deilu milli stjórnarinnar og þingsins. Ákvörðun sú um amtmannaembættin, sem sett var í fjárlögin 1879, gat eigi verið bindandi fyrir stjórnina, meðan þessir menn voru í embættunum, því að eigi var þó hægt að setja þá af, heldur var ákvörðunin til þess, að stjórnin hefði í huga, að setja að eins menn í embætti þessi, en veita þau ekki, ef þau losnuðu. Jeg vona því, að hinn háttvirti framsögumaður sje mjer samdóma um, að þetta skilyrði sem hjer er sett í 20. gr., getur ekki náð til amtmannaembættanna. Ákvörðunin í fjárlögunum 1879, að kvennaskólar fái jafnmikinn styrk úr landssjóði, sem þeir fá úr öðrum sjóðum, það er skilyrði, og til þess skilyrðis getur 20. gr. náð, en 20. gr. getur með engu móti náð til amtmannaembættanna, og hinn hæstvirti landshöfðingi hefur lagt allt annan skilning í hana, en vjer uppástungumenn ætluðumst til, og legið getur í orðunum.

Að því er uppástunguna um dýralækni snertir, þá álít jeg, að það gæti orðið til sannarlegra framfara, ef hann gæti sagt oss, hverjar orsakir eru til bráðafársins, og hvernig hægt muni vera að bæta úr því. Jeg er alveg samdóma hinum háttvirta þingmanni Dalamanna, að hann ætti ekki allt af að rápa á milli manna, heldur hafa ákveðinn

stað, og rannsaka orsakirnar til bráðasóttarinnar, svo að hægt væri að segja, hvort auðið sje eða eigi að afstýra henni. En hvar á þá að fá ákvörðun um þetta, nema að setja hana í fjárlögin. Vjer höfum enga vissu fyrir, að stjórnin taki þá ákvörðun til greina, ef hún stendur eigi í fjárlögunum. Hann er heldur eigi skyldugur að binda sig við það, sem talað er hjer í þingsalnum eða stendur að eins í nefndaráliti fjárlagafrumvarpsins. Þá er 13. gr. A. a. Jeg hef ekki getað, síðan í morgun, fundið ákvörðunina um hæstu laun biskupsins, nl. 6,800 kr., en jeg er sannfærður um, að hún er til, og að hún er hjer um bil frá 1870. Vjer sjáum, að stjórnin sjálf hefur gengið út frá þremur viðbótum og sömuleiðis þingið sjálft 1879, og jeg vona, að þingið gæti nú svo sóma síns, því að það er þess sómi, en ekki biskupsins, að taka ekki aptur af honum þessar 400 kr. Jeg vil leyfa mjer að geta enn um eitt atriði, og það er viðvíkjandi hinni margræddu 6. gr. Hinn hæstvirti landshöfðingi gat um það í morgun, að þingið hefði fengið ávítur fyrir að setja í fjárlögin 1875 ákvörðun, sem komið hefði í bága við konungsúrskurð, án þess að búið væri að upphefja þann konungsúrskurð, og að ráðgjafinn hefði verið í mestu vandræðum þess vegna, að fá fjárlögin samþykkt, og loksins eptir langa mæðu hefði hann tekið það til bragðs, að fá konungsúrskurðinn upphafinn. En nú er ekkert á móti því 1881, að setja þá ákvörðun í fjárlögin, sem kemur beint í bága við konungsúrskurð 25. maí þ. á., án þess nokkuð sje hugsað um þann konungsúrskurð. Þetta er samkvæmnin!

Magnús Andrjesson: Jeg vildi að eins minnast á breytingartillögu mína og nokkurra annara þingmanna við 16. gr. Hinn háttvirti framsögumaður ætlaði, að mjer heyrðist, að rjettara væri, að sækja beina leið til landshöfðingjans um styrk þennan; en hinum háttvirta framsögumanni er eins kunnugt og mjer, að það var ekki mjer að kenna, að þessi bænarskrá komst ekki að á fylgiskjalinu við nefndarálit fjárlaganefndarinnar, eða var ekki tekin til greina á bænaskráalista hennar. Jeg get ekki betur sjeð, þar sem málið er nú við 3. umræðu og eptir því sem nú er komið, en að málið sje alveg fellt, ef breytingaratkvæðið verður fellt.

Grímur Thomsen: Jeg verð að svara hinum heiðraða framsögumanni fám orðum; hann sagði, að framtalið mundi verða heldur betra en verra, þegar fjenu fækkar; af því að menn vildu heldur vera í skiptitíund, en borga dagsverk. Þetta á sjer ekki stað, þar sem jeg þekki til, enda mun reynslan bezt sýna það, að fækkun peningsins gefur ekki betra framtal. Hann gjörði sjer því næst far um að kljúfa orðiu í breytingartillögunni við 18. gr., og þykir mjer það kynlegt af framsögumanni fjárlaganefndarinnar, því að breytingin er mjög líkt orðuð og hjá nefndinni sjálfri. Þar sem hinn háttvirti framsögumaður var svo mjög móti fjárveitingu til að fyrirbyggja sandfokið í Skaptafellssýslu, vil jeg minna hann á, og biðja hann að gæta þess vel, að hjer er ekki að ræða um eiginlegar jarðabætur, heldur um að frelsa landsjarðir frá algjörðri eyðileggingu; hjer er að ræða um ekki mjög stórvægilega fjárframlögu til þess, að margar og arðsamar eignir landsins eyðileggist ekki gjörsamlega; því get jeg ekki betur sjeð, en að landssjóðnum liggi næst að leggja fram það fje, sem nauðsynlega þarf. Jeg vil enn minnast lítið eitt á þessa niðurfærslu upphæðarinnar til ýmislegra útgjalda við lærða skólann. Meðan orðasafnið var gefið út fyrir það fje, var þó ekki brúkað nema rúmar 1200 kr., að orðasafninu þar í töldu. Að Jón Þorkelsson hafi gefið það út á eiginn kostnað, eða fyrir sína peninga, er að svo miklu leyti misminni 2. þingmanns Gullbringusýslu, sem þetta að minnsta kosti ekki átti sjer stað 1876—1877. Þá var

það gefið út á kostnað landsins, og einmitt ráðherrann vandaði um, að svo hefði verið gjört. Jeg er því á því enn, að þessa fjárupphæð þurfi ekki að setja svona háa. Skilyrðið við skólana, sem áður var sett, var, að bæjarstjórnir, eða sveitastjórnir legðu fje til móts við það, sem landssjóður leggur til, og það er svo eðlilegt, að jeg er hissa á, að menn skuli ekki geta fellt sig við það nú; enda hefur það sýnt sig, að á fjárframlagi sveitanna má einmitt marka áhuga manna á skólunum. Thorchilliisjóðurinn er styrktarsjóður skólanna í Kjalarnesþingi að því leyti, sem hann styrkir börn, sem í þá ganga, en þessa styrks njóta ekki nema að eins fáir hreppar, nefnilega Kjalarnessþing, og því finnst mjer ekki rjett, eða sanngjarnt að vilna þeim meira í en öðrum hreppum. Þegar framsögumaður fjárlaganefndarinnar sló áðan út í spaugið, minnti hann mig á bóndann hjá Holberg: bóndinn var drykkfelldur og hafði sett sjer, að fara svo heim, að hann kæmi ekki á veitingahús, en þegar hann var kominn fram hjá tveimur, sagði hann ánægður með sjálfan sig: «þú hefur staðið þig vel; þetta skaltu fá launað með brennivíni», og fór svo og fjekk sjer í staupinu í 3. veitingarhúsinu. Jeg játa það, að hinn heiðraði framsögumaður hefur staðið vel af sjer freistinguna til að spauga um alvarlegt málefni, og hefur haft fulla alvöru í þessu máli, þangað til áðan, að hann gat ekki stillt sig lengur og fór að spilla fyrir bókmenntafjelaginu með skopi. Hann ætti manna sízt að leggja móti bókmenntafjelaginu; hann hefur svo margt af því þegið, þó aldrei væri nema styrkur til að gefa út þá bók, sem svo margt er skáldlega mælt í, svo sem þessi orð: um hinn «framstigula umheim» og «munarheim», þar sem «hreimsvipir sveiflast í loptinu og unaðfyllstu eptirlanganir liggja í yndislegustu faðmlögum» o. s. frv. Hann, sem ann íslenzkum bókmenntum, ætti ekki að letja þess, sem miðar þeim til eflingar. Að öðru leyti skal jeg geta þess, að vextir af fje fjelagsins hafa ekki verið brúkaðir hjer í landi, heldur í Danmörku. Um eptirlaunin skal jeg enn geta þess, að það dugar ekki, að taka þau ekki beinlínis upp í fjárlögin; því að þær fjárveitingar, sem landshöfðinginn og þingið komu sjer saman um svona með samkomulagi 1877, urðu svo á hakanum, að við nú 1881 eigum að gefa atkvæði um styrk til auðfræðinnar á aukafjárlögunum; þarna sjer maður afleiðingarnar. Þar sem nefndin hefur bætt við þessari 20. gr. með ákvörðun um, að þær veitingar, sem ekki standa í fjárlögunum annað tiltekið um, eða ekki sjeu ákveðnar í öðrum lögum eða konungsúrskurðum, skuli að eins gilda fyrir fjárhagstímabilið; eptir þessari ákvörðun, segi jeg, get jeg ekki betur sjeð, en að frú Elín Thorstensen og frú Guðjohnsen eigi að missa sín eptirlaun, þegar fjárhagstímabilið er út runnið.

Lárus Blöndal: Jeg verð að svara hinum háttvirta 2. þingmanni Skagfirðinga til þess, sem hann mælti um kvennaskólana í Skagafirði og Húnavatnssýslu; mjer fannst hann vilja gjöra lítið úr kvennaskólanum í Húnavatnssýslu, í samanburði við kvennaskólann í Skagafirði; en á þessum tveim skólum veit jeg engan mun annan en þann, að skólinn í Skagafirði er einu eða tveimur árum eldri; báðum skólunum er eins fyrir komið, í báðum sama kennt, báðir þurfa nýtt hús, og er ráðgjört að byggja nýtt hús handa báðum; en sá er munurinn, að Skagafjarðarskólinn hefur auk annars fengið 700 kr. hvort árið þetta yfirstandandi fjárhagstímabil, en skólinn í Húnavatnssýslu að eins einar 200 kr. hvort árið. Að endingu vil jeg ítreka áskorun mína til hins háttvirta framsögumanns um skilning nefndarinnar á 13. gr. C. 4. b. og c.

Framsögumaður: Jeg skal játa, að mjer gleymdist að svara áskorun hins heiðraða

1. þingmanns Húnvetninga, og skal jeg þá skýra frá því, að það var fullkomin meining nefndarinnar, eins og hún einnig hefur tekið fram í athugasemdum sínum og eins í fylgiskjalinu, að Sigurður Vigfússon en enginn annar fengi bæði þær 800 kr., sem ætlaðar voru til rannsóknar fornmenja, og einnig þær 200 kr., sem ætlaðar eru til umsjónar forngripasafnsins við C. 4. c, og hefur landshöfðinginn einnig lagt þann skilning í orðin. Jeg skal því næst svara þingmanni Borgfirðinga upp á athugasemd hans við 15. gr. Hann áleit alveg ómissandi að nefna sjerstaklega nöfn beiðursfrúnna Elínar Thorstensen og frú Guðjohnsen, og leiddi rök að þessari nauðsyn með 20. gr., sem nefndin bætti við, og sem segir, að þær fjárveitingar, sem ekki eru á öðrum lögum byggðar, sjeu veittar að eins fyrir fjárhagstímabilið. Nú vill stjórnin í athugasemdum sínum við 14. gr. fjárlagafrumvarpsins skilja svo, sem eptirlaun sjeu veitt æfilangt, nema beinlínis sje tekið fram, að þau sjeu veitt um stundarsakir. Hvernig getur þá þingmanni Borgfirðinga dottið í hug, að það sje svo öldungis nauðsynlegt, að bæta þessum nöfnum við, úr því stjórnin skilur 15. grein svo, sem nú var sagt? Nefndin hefur tekið báðar þessar ekkjur til greina í athugasemdum sínum (*Grímur Thomsen.* Það er ekki nóg). Jú, það er nóg, þegar þingið fellst á það, og landshöfðingi álítur, að það sje bindandi, eins og hann sagði seinast í dag. Þá skal jeg minnast á niðurfærsluna úr 12000 kr. ofan í 8000 kr. Það er aðgætandi, að auk þess, sem þegar hefur verið vísað til þessarar greinar, getur dýralæknir komið á hana, eins fyrirlestrar við prestaskólann, ef þeir verða prentaðir, og enn fremur lagasafnið, svo það er nokkurnveginn ljóst, að fjeð verður ekki of mikið, þó breytingaratkvæðið um niðurfærsluna falli. Skilyrði það, sem uppástungumenn vilja setja við því, að styrkur veitist barna- og alþýðuskólum er ósamkvæmni í fjárlögunum, ef breytingaratkvæðið næði samþykki deildarinnar, þar sem hvorki kvennaskólastyrkur, bókasafnastyrkur eða styrkur til bókmenntafjelagsins er nokkrum skilyrðum bundinn. Svo er og því minni ástæða til að setja þetta skilyrði, sem þingið hefur samþykkt þingsályktun, sem byggð er á áliti nefndarinnar í alþýðuskólamálinu, og landshöfðingi á að hafa þingsályktun þessa til hliðsjónar, þegar hann veitir skólunum styrkinn. Jeg hef aldrei neitað, að það væri nauðsynlegt, að binda fjárveitingu þessa skilyrðum, en jeg vil ekki binda hana þeim skilyrðum, sem koma í bága hvor við önnur.

Síðan var gengið til atkvæða og fór atkvæðagreiðslan fram þannig:

1. Breytingaruppástunga nefndarinnar við 2. gr. 1. tölul. samþykkt með 13 atkvæðum.
2. Breytingaruppástunga G—Ó við sama tölul. þar með fallin.
3. Breytingaruppástunga H—E við 2. gr. 10. tölul. felld með 16 atkvæðum gegn 5.
4. Breytingaruppástunga G—Ó við 2. gr. 13. tölul. felld með 12 atkvæðum gegn 10.
5. Breytingaruppástunga nefndarinnar við 4. gr. samþykkt með 20 atkvæðum.
6. Breytingaruppástunga H—E við 6. gr. felld með 17 atkvæðum gegn 2.
7. Breytingaruppástunga nefndarinnar við 9. gr. samþykkt með 14 atkvæðum.
8. Breytingaruppástunga G—Ó við 10. gr. A. 3.

Hjer var við haft nafnakall, og sögðu:

Já:

Eiríkur Briem.
Magnús Andrjesson.
Eiríkur Kúld.
Grímur Thomsen.

Halldór Kr. Friðriksson.
Jón Jónsson.
Þorkell Bjarnason.
Þorlákur Guðmundsson.
Þorvarður Kjerúlf.

Nei:

Arnljótur Ólafsson.
Benidikt Sveinsson.
Egill Egilsson.
Friðrik Stefánsson.
Guðmundur Einarsson.
Holgeir Clausen.
Jón Ólafsson.
Lárus Blöndal.
Ólafur Pálsson.
Tryggvi Gunnarsson.
Þórarinn Böðvarsson.
Þórður Magnússon.
Þorsteinn Jónsson.
Þorsteinn Thorsteinson.

og var breytingaruppástungan þannig felld með 14 atkvæðum gegn 9.

9. Breytingartillaga J—F við 10. gr. B. 4. felld með 15 atkvæðum gegn 5.
10. Breytingaruppástunga L. og N. við 10. gr. C. 1. samþykkt með 18 atkvæðum.
11. Breytingaruppástunga nefndarinnar við 10. gr. C. 4. samþykkt með 22 atkvæðum.
12. Breytingaruppástunga G—Ó við sama tölulið, athugasemdina, felld með 13 atkvæðum gegn 7.
13. Breytingaruppástunga J—H við 10. gr. C. 10. felld með 12 atkvæðum gegn 10.
14. Breytingaruppástunga H—E við 10. gr. C. 11. felld með 18 atkvæðum gegn 3.
15. Breytingaruppástunga E—H við 11. gr. 1 felld með 15 atkvæðum gegn 5.
16. Breytingaruppástunga A—J við 13 gr. A. a.

Hjer var við haft nafnakall og sögðu.

Já:

Arnljótur Ólafsson.
Benidikt Sveinsson.
Friðrik Stefánsson.
Grímur Thomsen.
Holgeir Clausen.
Jón Jónsson.
Jón Ólafsson.
Ólafur Pálsson.
Tryggvi Gunnarsson.
Þórður Magnússon.
Þorkell Bjarnason.
Þorvarður Kjerúlf.

Nei:

Eiríkur Briem.
Magnús Andrjesson.
Egill Egilsson.
Eiríkur Kúld.
Guðmundur Einarsson.
Halldór Kr. Friðriksson.
Lárus Blöndal.
Þórarinn Böðvarsson.
Þorlákur Guðmundsson.
Þorsteinn Jónsson.
Þorsteinn Thorsteinson.

Var breytingaruppástungan þannig samþykkt með 12 atkvæðum gegn 11.

17. Breytingaruppástunga A—J við 13. gr. B. 1. a. felld með 19 atkvæðum gegn 2.
18. Breytingaruppástunga E—L við 13. gr. B. II. b. 1 samþykkt með 21 atkvæði.
19. Breytingaruppástunga L., N. og Þ—H við 13. gr. B. III. b samþykkt með 21 atkvæði.
20. Breytingaruppástunga G—Ó við 13. gr. B. III. c. 7. felld með 15 atkvæðum gegn 5.
21. Breytingaruppástunga nefndarinnar við 13. gr. B. IV. b og c samþykkt með 15 atkvæðum.
22. Breytingaruppástunga L. við sama gjaldlið þar með fallin.
23. Breytingaruppástunga nefndarinnar og L. við 13. gr. C. 1. samþykkt með 23 atkvæðum.
24. Breytingarappástunga G—Ó við 13. gr.

C. 3. «deildarinnar á Íslandi», felld með 14 atkvæðum gegn 6.

25. Breytingaruppástunga G—Ó við sama lið, 1000 í stað 500, samþykkt með 16 atkvæðum gegn 2.
26. Breytingaruppástunga nefndarinnar við 15. gr. samþykkt með 17 atkvæðum.
27. Breytingaruppástunga M—B við 16. gr. felld með 13 atkvæðum gegn 7.
28. Breytingaruppástunga G—Ó við sömu gr. felld með 14 atkvæðum gegn 5.
29. Breytingaruppástunga G—Ó við 20. gr. felld með 15 atkvæðum gegn 3.
30. Breytingaruppástunga nefndarinnar við sömu grein samþykkt með 19 atkvæðum.
31. Breytingaruppástunga A—J við eptirmálann samþykkt með 17 atkvæðum.
32. Frumvarpið í heild sinni með áorðnum breytingum samþykkt með 21 atkvæði.

Kvað forseti frumvarpið verða sent forseta efri þingdeildárinnar með tilmælum um að leggja það fyrir deildina.

FYRSTA UMRÆÐA Í EFRI DEILD
á 38. fundi 16. ágúst.

Frumvarpið, eins og það var samþykkt við 3. umræðu í neðri deildinni, sjá I. 433—440.

Landshöfðinginn: Eins og frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1882 og 1883 er samþykkt af neðri deild og nú liggur fyrir þessari háttvirtu deild, þá er afgangurinn áætlaður að verða 48,767 kr. 24 a., en hann var í stjórnarfrumvarpinu að eins 15,679 kr. 24 a. Þessi breyting virðist að vísu glæsileg, en þar sem hún að mestu er fólgin í því, að neðri deildin hefur hækkað 2. gr. 10., spítalagjaldið, um rúm 35,000 kr., og þar sem þetta gjald verður afleyst af útflutingsgjaldi af fiski og lýsi, eptir frumvarpi, sem samþykkt hefur verið í báðum deildum, og vonandi er að verði lögleitt á fjárhagstímabilinu, þá má sjá, að afgangurinn er í raun og veru hjer um bil hinn sami eptir báðum frumvörpum, neðri deildarinnar og stjórnarinnar, enda þótt aðrar breytingar hafi verið gjörðar, en þær vega samtals hver upp á móti annari. Samkvæmt þingsköpunum er við þessa 1. umræðu ekki leyfilegt að tala um einstakar greinir, og skal jeg því láta mjer nægja að geta þess viðvíkjandi spítalagjaldinu, að það hefur í neðri deildinni verið mikill ágreiningur um, hvort rjett væri að hækka gjald þetta í tiltölu við það, sem gjöra mætti ráð fyrir að gjaldið af síld mundi nema, en þar sem þetta hefur enga praktiska þýðingu, þá lagði jeg á vald neðri deildarinnar að skera úr þessum ágreiningi. Á frumvarpinu hefur og sú breyting orðið, sem á þingi 1879 var rædd ítarlega, að útgjöldin til hinnar æðstu innlenzku stjórnar og fulltrúa stjórnarinnar á alþingi eru hjer talin með útgjöldum landssjóðsins, og var efri deildin 1879 á þeirri skoðun, að upphæðin skyldi teljast svo í fjárlögunum, en neðri deildin setti hana inn undir tekjubálkinn, og eru þessi útgjöld nú í fjárlögunum fyrir yfirstandandi tímabil dregin frá árstillaginu úr ríkissjóði. Athugasemdir þær, sem jeg að öðru leyti óska að gjöra við frumvarpið, snerta hin einstöku atriði, og skal jeg því geyma þær til 2. umræðu. En jeg skal leyfa mjer að geta þess, að jeg ætla mjer við 2. umræðu að bera upp breytingartillögur við 11. gr. 1, laun lækna, við 13. gr. A. a., laun biskupsins, og við 13. gr. B. V. b., til barnaskóla. Enn fremur skal jeg leyfa mjer að geta þess, að 15. gr. er miður heppilega orðuð; en meining hennar, samkvæmt nefndaráliti því, sem kom fram í neðri deildinni, á að vera sú, að ekkjufrú hjeraðslæknis E. Johnsens veitist viðbót við eptirlaun sín 150 kr. árlega, en það stendur í greininni að eins, að henni skuli veitast 300 kr.; menn geta ekki sjeð, hvort það á að vera hvort árið um sig, eða þá bæði árin; en

eptir nefndaráliti neðri deildarinnar er meiningin sú, að veitast skuli 150 kr. hvort árið. Enn fremur stendur, að etazráði Jóni Hjaltalín skuli veitast í viðurkenningarskyni 1000 kr.; þar er ekki hægt að sjá, hvort það á að vera hvort árið um sig, eða fyrir fyrra árið eingöngu, eða þessari upphæð á að skipta niður á bæði árin; en eptir nefndaráliti neðri deildarinnar var meiningin sú, að þessar 1000 kr. skyldu greiðast í eitt skipti fyrir öll, það er að segja: á fyrra árinu og mánaðarlega. Þetta er meining neðri deildarinnar, en það er óljóst eptir því sem 15. gr. er orðuð. Einnig hefur neðri deildin lagt það til, að frá eptirlaunum Þorsteins Jónssonar, meðan hann er málaflutningsmaður, skyldi draga 600 kr. árlega, í stað þess að nú eru dregin öll þau laun, sem hann nýtur sem málaflutningsmaður, sem sje 800 kr., frá eptirlaunum hans; en þessi ákvörðun verður að koma inn í sjálf lögin, en er ekki tiltekin í 15. gr. Jeg ætla því að leyfa mjer að lagfæra þetta, og ef deildin er mjer samdóma, að færa afdráttinn frá 600 kr. ofan í 400 kr. -- Neðanmálsgreinirnar, sem hnýtt er aptan við frumvarpið á eptir 20. gr., virðast mjer óþarfar, þar eð jeg geng út frá því vísu, að heimta eigi sömu tryggingu fyrir þeim lánum, sem almennt er við lán úr viðlagasjóðnum. En sje svo, þá á ekki að þurfa að veita sjerstaka heimild til þess að veita þessi lán. Þingmönnum er kunnugt, að stjórnin ávallt hafi verið fús á að veita lán úr viðlagasjóði til framkvæmda á jarðabótum og til þess að stofna skóla; þess vegna eru þessar neðanmálsgreinir óþarfar, og jeg vil bæta því við, að ef deildin fellir þessar greinir burt, en lætur það að eins koma fram í umræðunum, að hún aðhyllist skoðun neðri deildarinnar um, að æskilegt sje að veita þessi lán, þá mun stjórn viðlagasjóðsins taka það til greina eins vel, eins og þó að bein ákvörðun væri tekin um það upp í fjárlögin.

Pjetur Pjetursson: Jeg skal ekki vera langorður um frumvarpið, en einungis láta þá skoðun mína í ljósi, að mjer virðist fjárlaganefndin hafa gætt alls hófs um þetta mál, og það enda betur, en sumir óttuðust fyrir að yrði. Það eru að eins fáein atriði, sem jeg skal leyfa mjer að minnast á. Viðvíkjandi tekjudálkinum, þá hefur landshöfðingi minnzt á, að spítalagjaldið hafi verið hækkað sakir þess, að álíta megi, að svo miklar tekjur muni verða af síldaraflanum, en mjer þykir mjög óvíst, að svo muni verða; að minnsta kosti mun það ekki nema svo miklu, að spítalagjaldið verði þeim mun miklu hærra, en stjórnin gjörir ráð fyrir; neðri deildin gjörir ráð fyrir, að spítalagjaldið muni verða 25,000 kr. en stjórnin að eins 7,400 kr.; það þykir mjer of mikill munur. Jeg kann ekki við, að neðri deildin hefur alveg sleppt styrk til að koma hjer upp gagnfræðaskóla, sem stjórnin hefur þó stungið upp á; því að allt landið getur ekki haft gagn af gagnfræðaskólanum á Möðruvöllum, og það er eins nauðsynlegt fyrir Sunnlendinga og Vestfirðinga að útvega sjer þekkingu í gagnfræðum eins og fyrir Norðlendinga og Austfirðinga. Þó að hjer sje í áformi að setja gagnfræðaskóla í samband við barnaskólann, þá sýnist mjer það ekki gjöra neitt til, úr því neðri deildin hefur ekki stungið upp á að setja hann í samband við lærða skólann. Jeg kann heldur ekki við, að neðri deildin hefur fækkað ölmusum við lærðaskólann, það munar 1000 kr. frá því sem nú er og stjórnin stingur upp á. Jeg met ekki svo mikils þær ástæður nefndarinnar, að aðsóknin sje orðin svo mikil að skólanum, því að aðsóknin er minna komin undir styrknum, sem veittur er, heldur undir hinni innri stjórn skólans, undir því, hversu strangir menn eru við inntökuprófið og hið innra í skólanum sjálfum; en að gefa það annað árið, sem tekið er hitt, það finnst mjer ekki geti sambundizt sóma þingsins.

Nefndin hefur ekki stungið upp á meiru en 500 kr. til bókmenntafjelagsins, en neðri deildinni þótti ótækt að setja styrkinn til svo áríðandi stofnunar svo mjög niður, og hefur því fallizt á að hækka hann upp í 1000 kr. frá því sem nefndin stakk upp á. 1000 kr. er betra en 500 kr., en lakara en 2000 kr., sem bókmenntafjelagið hefur áður fengið, og sem jeg held að það verðskuldi eins vel nú eins og áður, þegar það er nú farið að gefa út tímarit, sem alstaðar fær góðar viðtökur í landinu. Jeg sakna þess líka, að sálmabókarnefndinni er ekki ætlaður neinn ferðastyrkur, en stjórnin hefur þó stungið upp á 800 kr. til þess; því að þessari nefnd er alveg nauðsynlegt að koma enn einu sinni saman, og það er ærnum kostnaði bundið fyrir nefndarmennina úr fjarlægum hjeruðum að ferðast hingað. Jeg gjöri ekki mikið úr því, að nefndinni er vísað til óvissra útgjalda, því að sú upphæð, sem til þess er ætluð, er ekki hækkuð fyrir það, heldur er hún 6000 kr., eins og stjórnin hefur stungið upp á, og þegar þar af verða teknar 800 kr., þá verður ekki svo mikið eptir. Jeg skal svo ekki fjölyrða meir um þetta mál en að eins geta þess, að mjer sýnist það ótilhlýðilegt, að vera að biðja landsstjórnina að við hafa allan sparnað við embættismannaskipti; jeg veit ekki, hvað á að liggja í því, hvort það á að vera ávítur til landsstjórnarinnar fyrir hinn umliðna tímann, eða aðvörun til hins komandi tíma. Jeg held, að það þurfi ekki að bera henni það á brýn, að hún ekki sje nógu sparsöm á landsfje, því að margir kvarta fremur yfir því, að þeir fái ekki fje það, sem þeir biðja um. Í fjárlögum finnst mjer ótilhlýðilegt, að bæta slíkri klausu inn í.

Magnús Stephensen: Það eru komnar fram ýmsar athugasemdir við þetta fjárlagafrumvarp, eins og neðri deildin hefur samþykkt það, og því álít jeg æskilegt, að þessi deild setji nefnd í málinu til að íhuga það vandlegar. Jeg álít, að það sje þó óþarft, að fresta þessari 1. umræðu, heldur megi vísa málinu fyrst til 2. umræðu, og kjósa síðan nefndina, en það ímynda jeg mjer að þurfi ekki að draga tímann til skaða. Á þinginu 1877 var nefnd sett í fjárlögunum 18. ágúst, en 2. umræða um frumvarpið ásamt nefndarálitinu var þegar 21. ágúst, og jeg get því ekki skilið, að neinn dráttur yrði á málinu nú, þó nefnd væri sett; því þó nefnd væri ekki kosin, þá yrðu fjárlögin þó ekki tekin á dagskrá fyr en eptir 2 daga. Þegar það þannig hefur sýnt sig áður, að málið hefur ekki dregizt lengur en tvo daga í nefnd, en það hins vegar verður glöggvara í nefnd, þá finnst mjer skylda deildarinnar að setja nefnd í svo mikilsvarðandi máli.

Ásgeir Einarsson: Það er komið fram spursmál um að setja nefnd í málinu, en mjer finnst enn ekki vera fram komnar þær athugasemdir, sem gjöri það nauðsynlegt, miklu fremur virðist mjer mega laga frumvarpið með breytingaratkvæðum. Jeg er orðinn hræddur við þennan nauma tíma, og þætti mjer illa að verið, ef færi fyrir okkur eins og Dönum, og yrði svo að valdbjóða fjárlögin, meðan ekki er meira ósamþykki milli þingsins og stjórnarinnar; en um þinglenging er ekki að tala hjeðan af, enda mun ferðatími þingmanna vera bundinn við gufuskipsferðirnar. Jeg veit líka, að það eru svo margir verkfærir menn hjer í deildinni, og ekki sízt hinn háttvirti 4. konungkjörni þingmaður, sem gætu komið með löguleg breytingaratkvæði, og þannig kippt málinu í lag án nefndar. Það eru ekki margar athugasemdir, sem jeg þarf að gjöra við frumvarpið, enda held jeg, að jeg treysti mjer til að koma með þær sem breytingaratkvæði, en jeg segi eins og varaforseti neðri deildarinnar í hitt eð fyrra, að það sje varla vinnandi fyrir fáeinar krónur að láta málið vera að fiækjast milli deildanna; samt sem áður skal jeg ekki vera á móti smábreytingum, ef þær eru nauðsynlegar. Jeg ætla að leyfa mjer að benda á lítið atriði í fjárlögunum, sem jeg þó ímynda mjer að landshöfðingi geti lagað í hendi sjer. Það er um kvenna-

skólana, þessa litlu og ungu í Skagafjarðarsýslu og Húnavatnssýslu. Kvennaskólinn í Skagafjarðarsýslu fær 600 kr., en sá í Húnavatnssýslu, sem nú er á líku stigi og hinn, fær ekki nema 400 kr. Þetta ímynda jeg mjer þó að hinn hæstvirti landshöfðingi geti lagað í hendi sjer, en ef hann getur það ekki, þá mun jeg koma með breytingaratkvæði í þá stefnu. Annað atriði er enn, sem jeg vildi minnast á, það eru ölmusurnar við hinn lærða skóla. Mjer finnst það nokkuð fljótlega gjört, öllum óvart í hjeraði, að færa þær niður um 1000 kr. Jeg get mikið vel dæmt um það, hve bágt ýmsir bændur til sveita eiga með að láta syni sína læra, og þó eru þeir opt eggjaðir til þess, bæði af prestum og öðrum, sem hafa sagt sonum þeirra eitthvað til. Það eru því margir, sem ráðast í að láta syni sína byrja lærdóm, af því þeir vona, að þeir geti fengið styrk, og því álít jeg ísjárvert að svipta skólasveina svona miklu af þessum styrk, öllum óvart. Annað mál væri það, ef menn sæju, að þessu væri hreift áður, svo menn gætu varað sig á því; en það vil jeg segja, að óskandi væri, að hverju þúsundi króna væri varið betur. Þeir sem vilja færa ölmusustyrkinn niður, færa það sem ástæðu, að nú sje svo frekjuleg aðsókn að skólanum, að ekki líti út fyrir, að verði embættismannafæð í landinu, en fari svo, að straumurinn taki bakkast, þá mun ekki betur fara.

Að endingu skal jeg leyfa mjer að benda á eina breytingu í nefndaráliti neðri deildarinnar, sem er sannarlega hlægileg, af því æfisaga hennar er svo kynleg, og hún er um viðbótina við laun biskupsins. Spursmálið um að veita biskupi þessa viðbót kom fyrir þingið 1879, og var þá vakinn efi um það í neðri deildinni, að hann hefði lagarjett til þessarar viðbótar, og því gaf jeg atkvæði á móti viðbótinni, en svo þótti mjer það kynlegra, þegar það varð ofan á í efri deildinni, að veita ekki biskupi viðbótina, en þar á móti veita lector prestaskólans viðbót, af því allar upplýsingar bentu á, að þeir hefðu jafnan rjett til hennar. Jeg skal leyfa mjer að benda á umræðurnar í neðri deildinni 1879, þar sagði varaforseti, sem þá var, í einni ræðu sinni: «En allt fyrir þetta greiði jeg atkvæði með launabótinni til biskupsins í velvildar- og heiðursskyni», en var búinn að segja áður: «en hvorki fjárlaganefndinni nje neðri deildinni blandaðist hugur um það, að þessar upphæðir væru ekki á lögum byggðar», svo það lítur svo út, sem varaforseti hafi viljað taka þessi heiðurslaun 400 kr. handa biskupnum móti lögum, af landssjóði. En nú er þetta mál fitjað upp að nýju og grafið upp úr djúpum uppsprettum, og orðið ofan á í neðri deildinni, að biskup missi þessa viðbót en lector haldi sinni; en mig furðar mest á að sjá í tíðindunum, að varaforseti vilji vera sjálfum sjer samkvæmur, en er nú á móti þessari viðbót. Jeg er nú vegna þessa í vafa um, hvort jeg á að vera sjálfum mjer samkvæmur eða ekki; nú ætti jeg, ef jeg hjeldi sömu samkvæmni, að greiða atkvæði mitt fyrir hvorugum. Mjer hefur nú að vísu verið bent á greinar, sem eiga að sanna, að aðferð neðri deildarinnar sje rjett, og hef jeg lesið þær, en ekki getað áttað mig fullkomlega á þeim. Nú vildi jeg óska, að lögfræðingar þessarar deildar vildu leiðbeina mjer í þessu efni, svo jeg gæti greitt atkvæði mitt minnkunarlaust. Að síðustu skal jeg taka það upp aptur, að jeg vil, að málið sje lagað með breytingaratkvæðum, en ekki með nefnd.

Landshöfðingi: Þótt jeg sje hinum háttvirta þingmanni Strandamanna samdóma um það, að ónauðsynlegt sje að setja nefnd í málinu, þar sem það má laga með breytingaratkvæðum, þá vil jeg þó ekki mæla á móti nefndaruppástungu hins háttvirta 4. konungkjörna þingmanns, því eins og hann tók sjálfur fram, þá getur nefnd bezt glöggvað málið fyrir mönnum, og hvort sem nefnd verður sett eða ekki, þá vona jeg, að verði nægur tími til að ræða frumvarpið í þessari deild og hinni deildinni, þó langt sje liðið á þingtímann.

Síðan var málinu vísað til 2. umræðu með 10 atkvæðum, og samþykkt 5 manna nefnd, og í hana kosnir:

Magnús Stephensen með 10 atkvæðum
Sighvatur Árnason — 9 ——
Árni Thorsteinson — 8 ——
Benidikt Kristjánsson — 8 ——
Einar Ásmundsson — 7 ——

Var málið síðan afhent hinum 4. konungkjörna þingmanni, sem hafði flest atkvæði.

Í nefndinni var formaður kosinn Magnús Stephensen og skrifari og framsögumaður Árni Thorsteinson.

ÖNNUR UMRÆÐA I EFRI DEILD,
á 40. fundi, 10. ágúst.
Nefndarálit: I. 466—471.

Breytingaruppástungur við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1882 og 1883, eins og það var samþykkt við 3. umræðu í neðri deild.

1. Við 4. gr.:
   Nefndin: Á eptir: «tekjur, er snerta viðlagasjóðinn» komi: «og andvirði fyrir seldar jarðir landssjóðsins».
   Á eptir orðunum: «Upp í lán — 20059 kr. 97 aur.» komi innanstryks: «Verð fyrir seldar þjóðjarðir leggst við innstæðufje viðlagasjóðsins».
2. Við 10. gr. C. 4.
   Nefndin: «Landshöfðingi úthlutar — hverju» falli burt. Í stað þess komi: Landshöfðingi úthlutar fjenu með helmingi milli sýslunefnda og bæjarstjórnar eptir rjettri tiltölu, að hálfu eptir fólksfjölda og að hálfu eptir samanlagðri tölu jarðar- og lausafjárhundraða, en hinum helmingnum á sama hátt og ákveðið er í fjárlögum 1880 og 1881.
3. Við 10. gr. C. 11.
   Nefndin: Á eptir: «til burtveitingar Hafursár í Mýrdal» komi: «helmingur kostnaðar, allt að».
4. Við 11. gr. 1.
   Landshöfðinginn: Í staðinn fyrir:
   37726 — 37726 — 75452
   komi: 39342 — 39496,67 — 78838,67.*
5. Við 13. gr. A. a.
   Landshöfðinginn:
   Í staðinn fyrir, 8032 — 8032
   komi: 8432 — 8432.
6. Við 13. gr. B. II:
   Nefndin:
   a. Íaun «3200 kr. — 3200 kr.»
   breytist í «2600 — — 2600 —»
7. Við 13. gr. B. V. a.
   Ásgeir Einarsson: Fyrir neðan: «til kvennaskóla» komi innanstryks:
   «1, til kvennaskóla í Reykjavík 1000 kr.
   2, — —— á Laugalandi í Eyjafirði 1000 —
   3, — —— í Skagafirði 500 —
   4, — —— í Húnavatnssýslu 500 —»

---

*) Hækkun sú, sem stungið er upp á, kemur niður, eins og nú skal greina.

		1882	1883	alls
1.	Lækn. í 4. læknish., Hjörtur Jónsson, skipaður 31. okt. 1867, fær	454 kr.	454 kr.	908 kr.
2.	— - 6. —— Þorvaldur Jónsson, skipaður 6. febr. 1865, fær	224 —	224 —	448 —
3.	— - 11. —— Þorgrímur Johnsen, skipaður 5. ágúst 1869, fær	456 —	456 —	912 —
4.	— - 15. —— Fr. Zeuthen, skipaður 14. apríl 1874, fær	28 —	182 — 67 a.	210 — 67 a.
5.	— - 20. —— Þorsteinn Jónsson, skipaður 31. okt. 1867, fær	454 —	454 —	908 —
		1616 kr.	1770 kr. 67 a.	3385 kr. 67 a.

8. Við 13. gr. B. V. b.
Nefndin og landshöfðingi:
6. til barnaskóla («2000 kr.) 1000 kr.»
breytist til («2000 —) 2000 —»
9. Við 13. gr. B. V. c.
Nefndin:
c. til alþýðuskóla «4500 kr. — 4500 kr.»
breytist til «4000 — — 4000 —».
10. Við 13. gr. B. V. b. og c.
Nefndin: «Á eptir staflið c. komi innanstryks: «Styrkur eptir staflið b. og c. veitist með því skilyrði, að skólar þessir njóti einnig annarar tillögu, er eigi sje minni en helmingur á móts við styrk úr landssjóði».
11. Við 13. gr. C. 3.
Nefndin: Í stað: «Til bókmenntafjelagsins» komi: «Til deildar hins íslenzka bókmenntafjelags í Reykjavík».
12. Við 15. gr.
Nefndin: Síðari málsgreinin orðist þannig: «Þar af til ekkju hjeraðslæknis E. Jónsens 150 kr. hvort árið, og til landlæknis Jóns Hjaltalíns umfram eptirlaun í virðingarskyni 1000 kr. í eitt skipti fyrir öll. Meðan sýslumaður Þorsteinn Jónsson er settur málaflutningsmaður við yfirrjett, skal að eins draga helming málaflutningslauna frá eptirlaunum hans».
13. Við 20. gr.
Nefndin: 20. gr. falli burt.
14. Við eptirmálann:
Nefndin:
a. Fyrri liður: «Til lána — 10000 kr.» falli burt.
b. Síðari liður: «Af viðlagasjóði — 28 ár» orðist þannig:
«Af viðlagasjóði veitast að láni allt að 100000 kr. til stofnunar búnaðarskóla, sem endurborgist með 6% í leigu og afborgun á 28 árum».

Breytingartillögunum frá landshöfðingja og frá þingmanni Strandamanna hafði ekki verið útbýtt meðal þingdeildarmanna, fyr en á fundinum; fyrir því varð að leita samþykkis deildarinnar um, að þær mættu koma til umræðu, og gaf hún samþykki sitt til þess í einu hljóði.

Landshöfðingi: Af því að jeg verð að vera viðstaddur í neðri deildinni, þar sem nú er verið að ræða um landsreikningamálið, þá get jeg ekki tekið verulegan þátt í umræðunum um fjárlögin, sem nú eru til 2. umræðu hjer í deildinni. En jeg er hingað kominn til þess að leiða rök að þeim breytingaruppástungum, sem jeg við 1. umræðu þessa máls áskildi mjer að bera upp, og sem deildin nú hefur leyft mjer að koma fram með. Jeg skal leyfa mjer að leiðrjetta prentvillur, sem orðið hafa í breytingartillögum mínum, þar sem undir 2. tölulið stendur: «við 12. gr. A. a. », en á að vera «við 13. gr. A. a.»; og sömuleiðis stendur undir 3. tölulið: «við 13. gr. V. 6.», en á að vera: «við 13. gr. V. b.» — Við 11. gr. 1. hef jeg gjört þá uppástungu, að þeir 5 hjeraðslæknar, sem skipaðir voru í embætti, innan lög um laun embættismanna 15. október 1875 öðluðust gildi, að þeir yrðu aðnjótandi sömu rjettinda, sem allir aðrir embættismenn landsins hafa samkvæmt 7. gr. launalaganna 15. okt. 1875; og var það vafalaust tilgangur alþingis 1875, að svo væri. En eins og hinum háttvirtu þingmönnum er kunnugt, var frumvarpið um aðra skipun læknishjeraða samþykkt af báðum deildum alþingis, áður en bætt var inn í launalaganna 7. gr. 3. málsgrein þessari ákvörðun: «þeir embættismenn, sem eptir eldri ákvörðunum hafa aðgang til að fá hærri embæstislaun, en ákveðin eru í lögum þessum, skulu einkis í missa við þau». Samkvæmt þessari ákvörðun, sem alþingi 1875 hefur eflaust ætlazt til að skyldi ná ekki síður til hjeraðslæknanna en annara embættismanna, en sem ekki gat orðið tekin inn í læknaskipunarlögin, af því að þau voru afgreidd áður en ákvörðuninni var bætt við 7. gr. launalaganna, — hafa þessir embættismenn sanngirniskröfu til þeirrar upphæðar, sem jeg hef leyft mjer að

stinga upp á. En orsökin til þess, að þessar upphæðir ekki standa í stjórnarfrumvarpinu, er sú, að bónabrjef hjeraðslæknanna komu of seint til þess, að þau yrðu tekin til greina í fjárlögunum. Með leyfi hins háttvirta forseta hef jeg gjört athugasemdir neðanmáls við breytingartillögurnar, þar sem standa nöfn lækna þeirra, sem í blut eiga, embættisaldur þeirra og upphæðir þær, sem þeim bera. Það er ekki meining mín, að athugasemdir þessar verði teknar með inn í frumvarpið, heldur er þeim að eins bætt við til að glöggva málið fyrir deildinni. Jeg vona því, að deildin samþykki þessa kröfu, sem byggð er á sanngirni og rjettlæti. Við 13. gr. A. a. sting jeg upp á, að ákvörðun stjórnarfrumvarpsins um laun biskupsins sje aptur tekin inn í frumvarpið. Þingmönnum er kunnugt, að stjórnin álítur, að biskupinn eptir eldri ákvörðunum hafi haft aðgang til að fá viðbót þá við embættislaun sín, sem hjer ræðir um, og að hann hafi rjettarkröfu til þess eptir 7. gr. launalaganna 15. okt. 1875, og skal jeg í því efni skírskota til athugasemdanna við stjórnarfrumvarpið þ. á. og hiu undanfarandi ár. Alþingi 1879 aðhylltist eptir langar og ýtarlegar umræður í báðum deildum þessa skoðun stjórnarinnar, og fjárlögin 1880 og 1881 hafa veitt biskupinum þessa launaviðbót; og jafnvel þótt að nú komi aptur mótbárur gegn þessu, þá skal jeg ekki taka upp aptur það, sem jeg sagði í þessu máli 1879, en skírskota til þess, og leyfa mjer að geta þess, að mjer virðist það ósamboðið þinginu, að þegar það í hitt eð fyrra eptir nákvæma yfirvegun er búið að veita þessa launaviðbót, þá að kalla þessa veitingu aptur nú. Jeg vona því, að hin heiðraða deild samþykki þessa mína breytingartillögu. Um breytingartillögu mína við 13. gr. V. b. skal jeg ekki fjölyrða, þar sem jeg sje, að nefndin hefur borið hina sömu breytingu upp, og kann jeg henni þakkir fyrir. Breytingartillögur nefndarinnar virðast mjer yfir höfuð allar aðgengilegar frá stjórnarinnar hálfu, og vona, að ef þessi deild samþykkir þær, þá muni neðri deildin gjöra hið sama. Að öðru leyti skal jeg geta þess að jeg skal vera tillögu þingmanns Strandamanna um kvennaskólann í Húnavatnssýslu meðmæltur.

Framsögumaður (Árni Thorsteinson): Það getur engum dulizt, sem íbugar nefndarálitið, að þegar nefndinni var fengið þetta mál til rannsóknar, þá var starfi hennar fremur ljettur, þar eð meðferð málsins í neðri deildinni var svo, að það gat ekki gefið tilefni til neins verulegs ágreinings eða neinna verulegra breytinga; það hefur, eins og álit nefndarinnar ber með sjer, ekki orðið spursmál um, hvort skamta skyldi meira eða minna, en munurinn er að eins sá, hvernig skamta ætti eða úthluta í einstökum tilfellum. Jeg þarf ekki að vera langorður um breytingar nefndarinnar við tekjudálkinn, og þarf ekki að bæta neinu við það, sem stendur í nefndarálitinu. Jeg vona, að deildin fallist á breytingar nefndarinnar við 4. gr.; sú grein hlýtur að hækka eptir því sem 3. gr. lækkar. Þetta er því engin breyting heldur að eins til glöggvunar. Hin fyrsta athugasemd, sem nefndin hefur gjört, er viðvíkjandi athugasemdunum í nefndaráliti neðri deildarinnar um nokkrar þóknanir til hegningarhússins. Nefndinni fannst, án þess að vera athugasemdunum í nefndaráliti neðri deildarinnar ósamdóma, að það þyrfti að taka fram skýrt, hvernig málið stæði, nefnilega að eptir athugasemdunum mun ekki eiga að láta þau útgjöld, sem minnzt er á í nefndaráliti neðri deildarinnar, þ. e. þóknunin til prestsins og læknisins, falla nú þegar burt, heldur að eins er bent á, að þau væru óþörf í sjálfu sjer, og æskilegt að þau fjellu burt við næstu embættismanna skipti. Við 10. gr. C. 4. hefur nefndin gjört breyting á því, hvernig úthluta skuli fje því, sem veitt er til eflingar búnaði. Neðri deildin hefur ákveðið, að fjenu skyldi skipta niður til sýslufjelaganna, og þau svo aptur verja því til framfara í búnaði, hvert hjá sjer, eptir því sem þeim bezt líkaði. Nefndinni gat ekki dulizt, að hjer var gengið feti lengra en áður, þar sem fyr hefur svo

verið á kveðið, að landshöfðingi skyldi hafa helming fjárins til eigin ráðstöfunar, en úthluta hinum helmingnum til umráða búnaðarfjelaga og amtsráða. En þegar um fjárveitingu til eflingar búnaði er að ræða, þá er ekki að eins nauðsynlegt að styrkja einstakar sýslur eða sveitir, heldur að miða styrkinn við stærri hjeruð, eða miða hann við *allt* landið; því í þess þarfir er styrkurinn veittur. Þess vegna fannst nefndinni eðlilegt, að þar sem veitt er fje í svo ríkulegum mæli, þá bæri sjerstaklega að hafa tillit til þessa, og þannig er fram komin sú breyting, sem nefndin hefur gjört, til þess að úthlutunin verði í almennari þarfir, og vill hún ráða deildinni til að samþykkja hana. Jeg skal leyfa mjer að taka það fram, að þar sem í frumvarpinu stendur, að landshöfðingi úthluti fjenu milli sýslunefndanna, þá er það ekki að skilja svo bókstaflega, að þeim sje úthlutað öllu því, sem til er, en það kemur fram í áliti nefndarinnar í neðri deildinni, að sýslufjelögin, til þess að þeim verði úthlutað fje því, er þeim mætti til koma, eigi að gjöra uppástungu til landshöfðingja um það, til hvers þau ætli sjer að verja því fje, er þeim verður veitt. Jeg skal leyfa mjer að taka upp það, sem stendur í nefndaráliti neðri deildarinnar: «Til þess nú að ná þessum tilgangi, hyggur nefndin, að rjett sje, að landshöfðinginn útbýti fjenu eptir tillögum sýslunefndanna um allt land»; þetta á þá að ganga á undan úthlutun landshöfðingja, og sýslufjelögin gjöra grein fyrir, til hvers styrkurinn á að ganga. Deildarmenn hafa tekið eptir því, að þar sem nefndin hefur fallizt á uppástungur neðri deildarinnar, að styrkurinn úthlutist sýslunefndunum, þá hefur hún þó ekki viljað, að sýslunefndunum einum væri hann veittur, heldur bæjarstjórnunum líka. Bæjarstjórnirnar hafa sömu þarfir og sömu hvatir til að efla framfarir í búnaði sem sýslunefndirnar; en mönnum getur nú sýnzt svo í fyrsta áliti, sem þær hafi ekki með þetta fje að gjöra, en það er ekki svo. Það er í einni grein búnaðarins, sem oss ekki miðar áfram svo, sem vera skyldi, en sem þó er sannur fótur fyrir búnaðinum að einu leyti, og það er vöruvöndunin og ýmislegt þar að lútandi; gætu kaupstaðirnir tekizt eitthvað á hendur í þá átt, að menn færu að vanda vörur sínar, og veittur væri styrkur til þess, þá væri því fje vel varið, og þá gæti það orðið til þess, að meiri áhugi, en nú er, yrði sýndur til eflingar á öllum sjávarútvegi og vöruvöndun. Fólk við sjó fjölgar ár eptir ár, og velmegun bæði þess og landsins gæti þá á þennan hátt aukizt ár frá ári. En það er ekki að eins til þess, að koma mönnum til að vanda vöruverkun, að styrk þarf að veita, heldur þarf og að útvega sem beztan markað fyrir vörurnar, svo að þær verði seldar með sem beztu verði. Á seinni árum hafa víða á Norðurlöndum farið fram sýningar á veiðarfærum og fiskivarningi, til þess að menn sjái framfarirnar og geti lært af því hver af öðrum; slíkar sýningar hafa verið haldnar í Björgvin einu eða tvisvar sinnum, í Amsterdam, Berlín, Hamborg og víðar, og að sumri er í ráði að halda sýningu viðvíkjandi fiskiverkun og öllu þar að lútandi í Edinborg á Skotlandi; en hingað til hafa ekki Íslendingar tekið þátt í sýningum þessum, og ekki farið á sýningar nema eina, sem haldin var í Björgvin, að þangað voru sendir 4 menn. Í raun og veru hafa bæjarstjórnirnar því talsvert verksvið fyrir höndum í þessu efni, og jeg vona, að deildarmenn verði að játa það með mjer.

Breyting nefndarinnar við 10. gr. C. 11. um fje til burtveitingar Hafursár í Mýrdal er ekki eiginleg breyting, heldur að eins bætt við nokkrum orðum til þess að gjöra meininguna með fjárveitingunni ljósari, þar sem tekið er fram, að þessi upphæð, allt að 2500 kr., sje helmingur kostnaðarins, sem á að greiðast úr landssjóði, en þeir, sem hlut eiga að máli, borga hinn helminginn. Jeg vona því, að deildin fallist á þennan viðauka. Þar næst skal jeg víkja að 13. gr. B. II. a. um laun til læknaskólans, og skal jeg vera fáorður um þá breytingu nefndarinnar, þar sem landshöfðingi hafði ekkert

við hana að athuga. Nefndin hefur gjört athugasemdir viðvíkjandi upphæð þeirri, sem til er tekin í stjórnarfrumvarpinu til að stofna gagnfræðaskóla í Reykjavík. Ástæður og niðurlagsatriði nefndarinnar í neðri deildinni um þetta efni eru þannig lögð, að jeg þarf ekki að fjölyrða um það. En nefndinni fannst aptur á móti, að viðleitni Reykjavíkurbúa í þessu efni væri svo viðurkenningarverð, að hún vildi láta sjást, að þingið væri þó að nokkru meðmælt þessu fyrirtæki, svo að sú neitun neðri deildarinnar, sem efri deildin ekki vill eða getur raskað, af því að fyrirtækið ekki er enn svo langt komið, að af ráðið sje að byggja hús, fæli þá ekki frá að leita þingsins aptur, ef fyrirtækinu skyldi verða haldið áfram, og þess mega víst allir óska. Þá kem jeg til 13. gr. B. V. Við það hefur nefndin lítið að athuga; en úr því að stjórnin í frumvarpi sínu álítur rjett, að kvennaskólarnir njóti styrks úr landssjóði, sem væri svo mikill, að tillög sveitarsjóðanna að eins næðu helmingi þar á móts við, og úr því að í athugasemdunum við stjórnarfrumvarpið og í nefndaráliti neðri deildarinnar er ákveðið, að þessar 3000 kr. á ári úthlutist milli sjerstakra skóla, þá virðist tilhlýðilegt, að tekið sje upp aptur skilyrðið, með hverju styrkurinn er veittur; og það er enn meiri ástæða til þess, að það er enginn efi á, að í nefndaráliti neðri deildarinnar er gengið út frá því, að þessu skilyrði verði fylgt á sama hátt og áður. Með tilliti til breytinga þeirra, sem nefndin hefur gjört við tillögu til barnaskóla og alþýðuskóla, skal þess getið, að það var alls ekki meining nefndarinnar, þó að hún dragi þessar 500 kr. hvort árið frá alþýðuskólunum, að vera þessum skólum óvinveitt; en henni fannst, að þar sem þessi styrkur, þó niður settur sje, er 4000 kr. hvort árið, þá mundi það vera nægur styrkur handa alþýðuskólunum. En aptur liggur nefndinni mjög á hjarta, að styrkurinn til barnaskóla sje ekki lækkaður. Nefndinni gat ekki dulizt, að það er full þörf á að koma slíkum skólum, sem veita hina fyrstu undirstöðu til allrar menntunar, á stofn, og þar sem í hverri sveit sýnir sig mikill áhugi og mikil löngnn til að stofna slíka skóla, þá fannst nefndinni ekki rjett af þinginu, að neita um þennan litla styrk. Það er stór munur á fjárlögum og öðrum lögum; styrkur sá, sem veittur er með fjárlögum, gildir að eins um tvö ár, og það er hægt að hækka hann eða lækka eptir geðþótta við hvert fjárhagstímabil. Það gegnir mikilli furðu, hve mikinn krapt og þrek einstakir menn opt sýna í því, að koma þessum skólum á stofn, og það vita allir, að þess konar fyrirtæki eru þyngst í byrjuninni; barnaskólar þeir, sem hjer eru stofnaðir, eiga svo þungum kjörum að sæta, að það virðist rjett, að veita þennan styrk, sem landssjóðinn lítið munar um, en sem barnaskólunum getur komið að góðu gagni, þótt lítill sje. Jeg vona því, að deildin synji ekki barnaskólunum um þennan styrk. Viðvíkjandi alþýðuskólunum virtist nefndinni rjett að fylgja sömu grundvallarreglu með þá sem aðra skóla, að útveguð væri trygging fyrir, að stofnanirnar væru góðar og fjenu því vel varið. Í neðri deildinni hefur komið fram nokkurskonar ályktun um það, af ef alþýðuskóli væri stofnaður, þá skyldi hann vanalega fá tvo parta úr landssjóði, en þrjá úr sjóði hlutaðeigandi hjeraðs, þannig að ef landssjóðurinn legði til 400 kr., þá skyldu koma 600 kr. úr hjeraði; en þessi ákvörðun neðri deildarinnar hefur ekki mikla þýðingu, bæði í sjálfu sjer og eins og hún er lögð. Nefndin er alþýðuskólunum hlynnt, en henni fannst, að styrk þennan ætti því að eins að veita, að hjeruðin legðu til helming á móts við landssjóðinn.

Þá kem jeg til 13. gr. C. 3., bókmenntafjelagsins. Nefndinni gat ekki dulizt, að þegar þessu fjelagi eru að eins veittar 1000 kr., og ef svo ætti að fara að skipta því milli tveggja deilda, þá mundi koma harðla lítið í hvorrar hlut, og þegar lítið er til verksviða deildanna, þá getur engum dulizt, sem til þekkir, að deildin hjer hefur tekizt talsvert starf í fang, sem bæði er kostnaðarsamt og þarf fram-

halds við, því að allir eru samdóma um, að það geti orðið til sannarlegs gagns. Deildin hjer gefur út tímarit, og er að gefa út annað rit sögulegs eðlis, og hefur í hyggju að gefa út útlegging af bók þýzks vísindamanns, sem hefur látið sjer annara um, að skrifa um Ísland vísindaleg rit, en Íslendingar að kynna sjer þau, og hefðu þau fyrir löngu átt að birtast fyrir mönnum á íslenzku. Þessum fyrirtækjum væri alveg tálmað, ef styrkur væri ekki veittur; og jeg ímynda mjer, að þar sem fjelagið var svo ríkulega styrkt hin tvö síðast liðnu ár, þá sje ekki rjett að taka þann styrk af nú. Það er sagt, að fjelagið sje svo ríkt, að það naumast þurfi styrks við, en það er meira orð á því gjört, en svo sje í raun og veru, og jeg get varla kallað það ríkt, þó að það hafi 1000 kr. tekjur af stofni sínum á ári og nokkur tillög í tilbót, og það getur unnizt upp, þó að meira væri. Kaupmannahafnardeildinni ætla jeg að geti verið borgið, þar sem svo ríkulegur styrkur er veittur til vísindalegra og verklegra fyrirtækja, og sem hún getur komizt undir, þar sem henni ekki er veittur styrkur beinlínis í fjárlögunum, og hún því getur sótt um hann af þessari fjártillögu. Jeg vona, að deildarmenn játi, að við Íslendingar eigum að gjöra okkur það til vegs og sóma, að reyna að halda uppi íslenzkum bókmenntum og koma upp vísindalegum ritum í landinu sjálfu, og þó að slík fyrirtæki geti borgað sig hjá öðrum mannfleiri þjóðum, þá getur slíkt ekki borgað sig hjá vorri fámennu þjóð, nema því að eins að landsstjórnin leggi talsverðan styrk til þess. Jeg vona, að menn með þessum meðmælum sjái, hvað liggur til grundvallar fyrir því, að nefndin hefur lagt það til, að styrkurinn sje að eins veittur hinni íslenzku deild. Jeg vona, að Kaupmannahafnardeildinni sje borgið og að hún geti fengið styrk af 16. gr., því að úr því að henni er enginn sjerstakur styrkur ætlaður, þá á hún frjálsan aðgang að fá af fje því, sem veitt er á 16. gr.

Um 15. gr., eptirlaunin, er það að segja, að nefndin hefur haft svo stuttan tíma til umráða, að hún ekki gat gengið í gegn um allar skýrslur, sem þar að lúta. Í nefndaráliti neðri deildar er, eptir því sem nefndin síðar tók eptir, sleppt fimleikakennara C. Steenberg, sem er dáinn, og tillag til hans hverfur því, en þetta gjörir ekki mikið til, þar eð þessi fjárhæð er alveg áætluð. Jeg skal taka það fram, að það er gjört ráð fyrir, að ekkja landlæknis Jóns Thorstensens og ekkja organista Pjeturs Guðjohnsens haldi eptirlaunahækkun þeirri, sem þær áður hafa haft. Nefndinni þótti rjett að minnka frádráttinn á eptirlaunum Þorsteins sýslumanns Jónssonar, meðan hann er settur málaflutningsmaður við yfirrjettinn, því að úr því á að draga nokkuð frá, þá fannst henni meira samkvæmt sjálfu sjer, að fylgja þeirri grundvallarreglu, sem fylgt er, þegar embættismenn gegna öðrum embættum; enda er hætt við, að þessi maður mundi ekki treystast til að hafa starfann á hendi, ef svo mikið væri dregið frá, sem farið hefur verið fram á, og þá mundi heldur ekkert fje sparast fyrir landssjóðinn, þar sem nú þó sparast nokkuð, ef menn aðhyllast uppástungu nefndarinnar. Hinar aðrar breytingar nefndarinnar við þessa grein eru að eins orðabreytingar til skýringar. Við 19. gr. áskilur nefndin sjer að gjöra breytingar, eptir því sem fer við atkvæðagreiðslu og um samþykktir á lagafrumvörpum. Um 20. gr. skal jeg ekki vera margorður, en geta þess, að nefndin hefur í sjálfu sjer ekki sjerlega mikið á móti innihaldi hennar, en henni finnst það ekki eiga við, að slíkar athugasemdir sjeu settar inn í fjárveitinga-frumvarpið, og leyfir sjer því að leggja til, að greinin verði felld burt, af því að hún er bæði þýðingarlaus og óþörf.

Þá skal jeg lítið eitt minnast á breytingaratkvæði þau, sem fram eru komin, og gjöra fyrst þá almennu athugasemd, að breytingaratkvæðin eru komin svo seint, að nefndinni hefur ekki gefizt kostur á að bera sig saman um hin einstöku atriði í þeim.

Þegar jeg því tala um breytingaratkvæðin, þá læt jeg þar ekki í ljósi nefndarinnar, heldur mína eigin skoðun. Það er snertir breytingarappástungu landshöfðingja við 11. gr. 1., um laun þessara 5 lækna, þá skal jeg geta þess, að þar sem mál þeirra er nú fyrir dómstólunum, þá virðist þeim borgið með því, að þeir geta fengið þessar upphæðir þar, og þar sem landshöfðingi sagði, að þeir hefðu sanngirniskröfu til þess að fá þessa hækkun, þá virðist mjer rjettara, að taka þetta ekki strax inn á fjárlögin, sem að eins gilda fyrir tvö ár, heldur veita þeim það með viðaukalögum. Um launaviðbót biskupsins, sem landshöfðingi heldur fram í einni breytingartillögu sinni, skal jeg segja það, að jeg álít mál þetta hið mesta vafamál, og það kemur mest upp á það, á hvaða atriði hver leggur mesta áherzlu. Þegar launalög embættismanna gjörðust 1863, þá var biskupnum veitt 800 rdl. viðbót; en þessi viðbót átti að vera alveg persónuleg, og náði að eins til þess, sem þá var biskup, en ekki til eptirmanns hans, á sama hátt og til hinna, sem síðar komu í önnur embætti, en allt fyrir það var svo álitið og því stöðuglega fylgt, að þessi upphæð næði til þeirra, sem síðar kæmu í embætti, og því varð meining stjórnarinnar, að biskupinn yfir Íslandi skyldi hafa 2800 rdl. í laun, og þar að auki 3 aldursviðbætur, þannig að laun hans skyldu fara vaxandi allt að 3400 rdl. En á þessu varð breyting við fjárveitingarlög Danmerkur, því að þá fengu embættismenn laun sín úr ríkissjóði, og ríkisdagurinn mun eptir samráði við stjórnina hafa ætlazt til, að biskupinn byrjaði með 2800 rdl., og fengi að eins 2 aldursviðbætur, þannig að laun hans færu vaxandi upp í 3200 rdl.; jafnhliða þessu var biskupnum veitt skrifstofufje 400 rdl., sem hann ekki hafði haft áður. Það má ef til vill segja, að við þurfum ekki að taka það til greina, sem hefur verið gjört á ríkisþingi Dana, en málinu er varið á þennan hátt. Þess vegna er ekki fyrir þá, sem leggja sjerstaka áherzlu á þetta atriði, og ekki líta á annað, á stæða til að aðhyllast uppástungu landshöfðingja. En á hinn bóginn er það rjett, að aldursviðbætur eru aldrei 2, heldur allt af 3 eða fleiri upp að 5, og þá ætti ekki að vera undantekning hjer frá þessari grundvallarreglu; og eins og þingið áður hefur samþykkt þessa viðbót, þá virðist nú ástæða til, að menn ekki færu eptir því, sem fyrir liggur frá eldri tímum, og ekki þótti ástæða til að halda fram, heldur ljeti sanngirni og samkvæmni ráða. Jeg ber þetta ekki fram sem nefndarinnar skoðun, því að, eins og jeg tók fram áðan, þá hefur henni ekki gefizt kostur á að bera sig saman um þetta atriði, en jeg tek það fram sem mína eigin skoðun, og jeg hef þó reynt að glöggva mig á þessu máli. Mjer finnst, að það eigi að leggja meiri áherzlu á sanngirniskröfu og það, sem þingið hefur áður fallizt á. Þá skal jeg minnast á breytingartillögu þingmanns Strandamanna viðvíkjandi kvennaskólanum í Húnavatnssýslu. Heldur ekki hef jeg getað borið mig saman við nefndina um það atriði; en nefndin var einhuga á því, þegar um kvennaskólana var að ræða, að ekki væri rjett, að veita neinum einstökum skóla styrk, heldur öllum í sameiningu 3000 kr., og svo skyldi vera komið undir verðleikum, hve mikils styrks úr landssjóði hver skóli nyti á móts við aðra skóla og styrkinn úr hjeraði. Jeg held því, að það sje rjettast af þingmanninum, að halda þessari breytingartillögu sinni ekki fast fram, því að nefndin vill, að sem flestir skólar geti notið góðs af styrknum, þegar þeir verðskulda það, og hver þeirra fengið styrk eptir verðleikum. Jeg efast alls ekki um, að Húnavatnssýsluskólinn verðskuldi styrk, og jeg vona, að þingmaðurinn skýri fyrir mjer og deildinni, hvernig þessum skóla er varið, hvernig hann er stofnaður, hve margir kennarar eru þar, hve margar stúlkur sækja skólann, og hvað þær læra, því að þinginu er miður kunnugt um þennan skóla en um skólana á Laugalandi og í Reykjavík. Jeg vona, að breytingartillaga þingmannsins fái ekki framgang, því

að hún breytir þeirri skoðun nefndarinnar, að sem flestir verði styrksins aðnjótandi með samkeppni sín á milli. Jeg ímynda mjer líka, að fyrst skólinn er stofnaður af hinum öflugu Húnvetningum, þá muni hann ekki mikið um 100 kr. í viðbót við 400 kr.

Það er enn ein athugasemd viðvíkjandi nefndarálitinu, sem mjer gleymdist að geta um áðan. Nefndin vill fella burt: «Til lána handa ábúendum á þjóðeignum til jarðabóta gegn 6% árlega í 28 ár í leigur og endurborgun af skuldinni veitast 10,000 kr.» Nefndin gat ekki aðhyllzt þessa uppástungu, þó að hún reyndar væri á þeirri skoðun, að bæta ætti sem mest jarðir landssjóðsins; en þessi ákvörðun hjálpar ekki verulega til þess. Ef meiningin er sú, að landsetar eigi að setja veð fyrir láninu; þá þarf ekki slíka ákvörðun í fjárlögum, þeir geta fengið lánið eins fyrir það eins og aðrir. En ef neðri deildin hefur hugsað sjer, að lánað yrði, án þess að nokkur veruleg trygging væri sett, þá er það mjög hæpið; því að ábúendurnir hafa að vísu ábúðarrjett æfilangt, en þeir geta líka farið, þegar þeir vilja, af jörðunum með ½ árs uppsögn, og því er ekki nægileg trygging fyrir láninu, nema því að eins, að sá, sem kemur aptur að jörðinni, takist á hendur að greiða lánið, eða, með öðrum orðum, sje fús á að greiða vexti og afborgun sem hækkun á eptirgjaldi jarðarinnar. Þess vegna hefur greinin enga þýðingu. Hin önnur breyting við viðaukann er að eins orðabreyting.

Stefán Eiríksson: Jeg skal ekki álasa nefndinni í þessu máli, þó að jeg kunni ekki sem bezt við sumar af breytingum þeim, sem hún hefur stungið upp á. Mjer líkar ekki sem bezt, að nefndin vill minnka tillagið til alþýðuskólanna. Alþýðuskólarnir eru reyndar ekki víða komnir á enn þá, en jeg held, að það mundi heldur hvetja menn til þess að koma þeim á stofn, ef ríflegt fje væri veitt til þeirra í fjárlögunum, og því hefur það ekki verið heppilega gjört af nefndinni, að draga úr þessum styrk. Það er almennur áhugi á þessum stofnunum út um landið, en það er svo sem auðvitað, að hlutaðeigandi hjeruð þurfa að leggja sinn helming til, til þess að koma þessum skólum á. Jeg vil leyfa mjer að skjóta því til hins háttvirta forseta, hvort ekki megi skipta atkvæðagreiðslunni um athugasemd nefndarinnar við 15. gr. þannig, að fyrst sje leitað atkvæða um eptirlaun ekkju hjeraðslæknis E. Johnsens og um heiðurslaun landlæknis Hjaltalíns, en í öðru lagi sje leitað atkvæða um frádrátt á eptirlaunum sýslumanns Þorsteins Jónssonar, því að jeg get ekki betur sjeð, en að þessi ákvörðun nefndarinnar sje beint á móti niðurlagi 4. gr. í launalögunum 15. okt. 1875, og að hún sje því breyting á gildandi lögum, og geti þess vegna naumast staðizt. Það er vitaskuld, að landssjóðinn munar ekki um þessar 400 kr., en ef þingið samþykkir þetta, þá geta komið fleiri og fleiri, sem líkt stendur á með, og beðið um hið sama, og þá kemst þingið í mótsögn við sjálft sig, ef það veitir einum, en neitar öðrum. Úr því að jeg stóð upp á annað borð, þá skal jeg minnast lítið eitt á 10. gr. A. 3. Nefndin, sem sett var í neðri deildinni, hefur komið fram með þá uppástungu, að auka laun endurskoðunarmannsins um 500 kr. Mig furðar a því, að sumir þeir, sem eru í neðri deildinni, skuli fara fram á slíka launahækkun, þó að stjórnin hafi nú reyndar viljað hækka launin um 1000 kr., því sumir þeirra, sem voru í nefndinni í neðri deildinni, hafa bæði í ræðum og ritum látið til sín heyra hárómaðar raddir um hálaunaða embættismenn út af launalögunum 1875, en þessir sömu menn hafa nú strandað á sama skeri. Það getur vel verið, að starfið við þessa umboðslegu endurskoðun sje umfangsmikið, en það er eitthvað undarlegt, að þingið skuli nú fara að hækka þessi laun, þar sem það þó á síðasta þingi áleit 2000 kr. yfirfljótanlega þóknun; mjer getur ekki fundizt það eiga rjett vel við af þingmönnum, að ausa svona út almannafje landsins til hins og þessa án yfirgnæfandi ástæðu, en þegar nú þessi starfi er

ætlaður einum manni, þá sýnast 2000 kr. að vera nægileg þóknun, jafnvel þó að hann þyrfti að taka sjer mann til lítilfjörlegrar aðstoðar. Það er eins og sumir álíti, að landssjóðurinn sje sú gullkista, sem aldrei verði upp ausin, en jeg hef ekki orðið var við, að Ísland sje sú gullþúfa, sem allt af geti fyllt upp í öll þau skörð, sem þingið gjörir með miður heppilegum fjárveitingum. Jeg vona, að deildin misvirði ekki við mig, þó jeg fari þessum orðum um málið, jeg skoða stöðu mína svo, að jeg sem þingmaður eigi að gjöra mitt til að sjá um, að sem sparlegast sje farið með landssjóðinn, og jeg vona, að hinir aðrir þingmenn skoði stöðu sína svo.

Ásgeir Einarsson: Hinn háttvirti framsögumaður er nú búinn að skýra vandlega nefndarálitið og gjöra athugasemdir sínar við hinar aðrar breytingar og viðaukatillögu, og sömuleiðis hefur annar þingmaður til gjört atbugasemdir við málið, svo þó jeg færi nú að gjöra athugasemdir við nefndarálitið, þá held jeg það yrði þýðingarlítið, þar sem 5 af þingdeildarmönnum eru saman komnir í nefndinni. Jeg þarf víst ekki að vera að ómaka mig með að tala mikið um viðaukatillögu mína, því eptir því sem framsögumanni fórust orð, þá liggur víst ekki annað fyrir henni, en að sigla með fullum seglum veg allrar veraldar. Þar sem framsögumaður ætlaðist til, að jeg gæfi nákvæma skýrslu um alla tilhögun kvennaskólans í Húnavatnssýslu, þá get jeg ekki neitað því, að mjer þykir hann nokkuð kröfuharður við mig. Eða hvernig getur hinn háttvirti framsögumaður ætlazt til, að jeg hafi nú allar þær skýrslur í höndum, sem þarf til þess, að geta leyst úr öllum þeim spurningum, sem hann lagði fyrir mig? Satt að segja bjóst jeg heldur ekki við, að slíkra skýringa þyrfti að leita hjer í deildinni. Þingmenn Húnvetninga í neðri deildinni geta sjálfsagt gefið nokkrar skýringar um skólann, og það munu þeir hafa gjört í neðri deildinni, en ólukkan var, að orðið var tekið af öðrum þingmanninum, þegar hann ætlaði að fara að halda vörn uppi fyrir því, að Húnavatnssýslu-kvennaskólinn fengi jafnt og skólinn í Skagafjarðarsýslu, enda munu líka þingmennirnir fyrir Skagafjarðarsýslu, hafa verið naskari og ljettfættari að smala atkvæðum fyrir sínum skóla, en þingmenn Húnvetninga. Jeg veit það, að skólinn í Húnavatnssýslu er ekki stór, og það er skólinn í Skagafirði ekki heldur, en hann var stofnaður fyr, og hefur líka fengið talsvert meiri tillög úr landssjóði, en hinn. Á þinginu 1879 naut hann góðs af því, að Skagfirðingar báru það fram, að í ráði væri þá að byggja nýtt skólahús, sem reyndar er ekki farið að byggja enn, en sem sjálfsagt mun verða gjört bráðum. Í Húnavatnssýslu er nú í ráði að byggja skólahús, en af því getur sjálfsagt ekki orðið, nema viðbót fáist til þess úr landssjóði. Skýrslur um kennslu og aðra tilhögun þessa skóla eru sjálfsagt komnar til sýslunefndarinnar, og er því ekki að vænta þess, að jeg hafi það hjer á þingsalnum; flestar skýrslur munu líka vera komnar til landshöfðingjans um þennan skóla. En hinn háttvirti framsögumaður getur sjálfsagt, áður þetta mál er til lykta leitt, fengið skýringar á fyrirkomulagi skólans hjá þingmönnum Húnvetninga, og þá mun hann fá það að vita, að þessir skólar eru jafnstórir, en þá vil jeg fá að heyra, hvers vegna svona mikill munur er gjörður á tillagi til skólanna, þegar þeir eru jafnstórir; en jeg skal taka það fram, að jeg er ekki skyldugri til að sanna, að Húnavatnssýslu-skólinn eigi jafnmikið fje skilið, eins og skólinn í Skagafjarðarsýslu, heldur en þingmenn Skagfirðinga að sanna, að þeirra skóli sje meiri, og því eigi að vera þessi mismunur á tillaginu. En jeg vil ekki gjöra þetta að neinu kappsmáli nú, enda er nægur tími við 3. umræðu að gefa nákvæmari skýringar viðvíkjandi þessum skólum.

Hinn háttvirti framsögumaður minntist á breytingar nefndarinnar viðvíkjandi barnaskólum og alþýðuskólum. Mjer þykir það illa farið og óhappalegt, að bænarskrárnar um alþýðuskóla skuli hafa verið teknar burtu af lestrarsalnum; jeg hef gjört mjer mik-

ið ómak fyrir að fá þær, en ekki getað spurt þær uppi, en jeg held jeg muni það helzta úr innihaldi þeirra. Mjer hefur skilizt svo um þennan skóla á Eyrarbakka, að það væri gagnfræðaskóli, en ekki alþýðuskóli, sem beðið væri um, og svo veit jeg, að hann er nefndur í blöðunum. Jeg heyri menn segja, að þeir Árnesingar ætlist til að fá töluverðan styrk handa þessum skóla, svo jeg veit ekki, hvort þeir vilja þiggja þetta lága nafn «alþýðuskóli» eða «unglingaskóli». Mjer skilst svo, sem þessi skóli eigi að standa jafnfætis gagnfræðaskólanum á Möðruvöllum fyrir norðan. En nú hefur líka hafizt vindbylur í Dalasýslu, sem stefndi á Stykkishólm, því jeg hef heyrt, að menn vildu stofna þar enn þá einn gagnfræðaskóla, og hafa menn sagt, að þeir þar vestra mundu hafa getað þegið um 40,000 kr. úr landssjóði, til að hjúkra að skóla þessum, en þessi hugmynd mun nú hafa linazt nokkuð hjá nefndinni í skólamálinu, sem sett var í neðri deildinni. Svo er jeg nú með bænarskrá úr Strandasýslu, þar sem farið er fram á 4000 kr. styrk til að byggja hús fyrir á jörð, sem til þess hefur keypt verið, að þar yrði stofnaður alþýðuskóli. Máli þessu er svo varið, eins og sjest, ef bænarskrárnar eru skýrt lesnar, að einn hreppur tók sig til og stofnaði unglingaskóla í einni sókninni, og er hann búinn að standa nú í 3 til 4 ár, en nú hefur framfarahugur sýslubúa vaxið svo mjög við það, að framfarir unglinganna í þessum skóla hafa verið tvo blessunarlegar, að menn skoruðu á sýslunefndina, að koma á einum alþýðuskóla fyrir sýsluna, og hefur sýslunefndinni tekizt að safna 2000 kr. í þessu skyni, og fyrir þessar 2000 kr. hefur verið keypt jörð, sem er einkar-hentug bæði fyrir skólahús, og til að koma upp á búi, þar sem blessaðar ungu meyjarnar líka gætu fengið að læra nytsama handavinnu, já, allt eins nytsama, eins og á hinum öðrum kvennaskólum. Strandamenn gjöra sjer ekki von um, að geta fengið stærri skóla fyrst um sinn, enda gæti þessi skóli dugað eins vel eins og þessir háskólar, eða hvað jeg á að kalla þessa miklu kvennaskóla í Reykjavík og á Laugalandi. Nú vildi hvorki skólanefndin nje fjárlaganefndin veita þennan styrk, en vildi heldur, að skólunum væri veitt árlegt tillag; það getur nú líka verið mikið gott, en einmitt nú, þegar á að fara að stofna skólann, hefði það komið sjer bezt og verið hagkvæmast að fá styrkinn, en fá þá aptur minna framvegis, því það setur málið til baka, að minnsta kosti um 2 ár, ef ekki fæst styrkur. Þegar menn gáfu þessa upphæð til skólans, þá vonuðu menn, að landssjóður mundi leggja til helmingi meira, eins og til sumra annara fyrirtækja; því menn hugsuðu, að þingið mundi verða svo brjóstgott, að veita þennan styrk, úr því alþýðuskólum er ekki farið að fjölga meira en þetta. En það læt jeg nú vera, þó skólanefndin tæki ekki dýpra í árinni en þetta, en það lá við mig færi að svima, þegar jeg sá álit fjárlaganefndarinnar. Nefndin leggur það til, að til alþýðuskóla sjeu veittar 4500 kr. hvort árið; þar af til Eyrarbakkaskólans 1000 kr. og til Flensborgarskólans 1000 kr. «En þar að auki leyfir nefndin sjer að leggja það til, að Flensborgarskóla sjeu veittar að auki 500 kr. fyrra árið, en Eyrarbakkaskóla 1000 kr.», en á Eyrarbakka vill nú svo til að enn er ekki kominn neinn vísir til slíks skóla; en þessum ímyndaða skóla leggja menn fúslega stórsummu, en þar á móti ekki einn eyri til Strandasýslu-skólans, sem þó á þegar sína eigin jörð, er keypt hefur verið fyrir 2000 kr., er skotið hefur verið saman. Þetta er það, sem mjer finnst lýsa einhverju, sem jeg vil ekki nefna; en að minnsta kosti get jeg sagt, að eitthvað sje óviðfelldið við þessa aðferð. Þessar athugasemdir hef jeg leyft mjer að gjöra, ekki af því, að jeg ímyndi mjer, að jeg muni vinna neitt með þeim í þetta sinn; enda er jeg heldur ekki svo bráðlátur, heldur til að sýna, hvernig menn álíta sanngjarnast að snúast við málinu. Mig vantar skýrslur frá framsögumanni um skólann á Eyrarbakka, reglurn-

ar fyrir honum, skipun hans og annað fyrirkomulag, og álít jeg framsögumanni eins skylt að hafa þær á reiðum höndum, eins og hann krefst af mjer um kvennaskólann í Húnavatnssýslu. Um framkvæmdir þessa skóla er víst ekki að tala, því hann er víst ekki enn farinn að sjá dagsins ljós; en á framkvæmdir Strandasýslu-skólans hef jeg bent, og gæti sýnt þær betur, ef skýrslurnar væru ekki horfnar af lestrarsalnum. Læt jeg svo úttalað í þetta sinn um þessa alþýðuskóla.

Svo skal jeg snúa mjer að 10. grein C. 4. í frumvarpinu; þar stendur: «Landshöfðingi úthlutar fjenu milli sýslunefndanna, öðrum helmingi þess eptir fólksfjölda, en hinum eptir jarða- og lausafjárhundraða tölu í sýslufjelagi hverju». Þessu hefur nefndin hjer í deildinni breytt þannig: «Landshöfðingi úthlutar fjenu með helmingi milli sýslunefnda og bæjarstjórna eptir rjettri tiltölu, að hálfu eptir fólksfjölda og að hálfu eptir samanlagðri tölu jarða-og lausafjárhundraða, en hinum helmingnum á sama hátt og ákveðið er í fjárlögunum 1880 og 1881». Það er að segja: nefndin vill ekki, að sýslufjelögunum sje útbýtt nema helmingnum af hinu veitta fje, en hinum helmingnum úthlutar landshöfðingi eptir tillögum amtsráða og búnaðarfjelaga bæði til almennra búnaðarlegra stofnana og annara fyrirtækja. Jeg hef nú heyrt það utanþings, að margir væru á móti þessari breytingu, en eins og hinn háttvirti framsögumaður tók fram, þá sýnist sýslufjelögunum vera borgið með helmingi fjárins, en aptur mundi það verða almennum búnaðarlegum stofnunum og öðrum fyrirtækjum til hnekkis, ef sýslufjelögin fengju allt fjeð til umráða, því það er auðsætt, að þau mundu hugsa mest hvert um sitt gagn. Mjer finnst það því mjög vel til fallið, að hinum helmingnum sje úthlutað eptir ákvörðun laudshöfðingja og tillögum amtsráða og búnaðarfjelaga, eins og fyr hefur átt sjer stað. Það sýnist mjer eiga að vera föst regla, að gæta að, hvar fjeð sje bezt niður komið, og leggja það því helzt til þeirra fyrirtækja, þar sem það getur borið mestan og beztan ávöxt. Jeg get því alls ekki haft á móti þessari breytingu nefndarinnar, því hún er að mínu áliti byggð á sanngirni og skynsemi. Framsögumaður tók það fram, að rjett væri, að nokkru af fjenu væri líka útblutað til bæjarstjórna; og meinti hann, að því fje skyldi fremur varið til eflingar sjávarútvegi en landbúnaði, ef jeg hef ekki misskilið orð hans; en jeg álít, að búnaðurinn eigi að vera í fyrirrúmi. En það er ekki tekið fram, eptir hvaða hlutfalli eigi að jafna fjenu milli bæjanna; en það álít jeg betra að væri tekið fram. Hlutfallið milli sýslnanna er nú sjálfsagt byggt á fólksfjölda og fjárfjölda, en hlutfallið milli kaupstaðanna þarf að taka skýrar fram, svo það valdi ekki misskilningi. Allt, sem hinn háttvirti framsögumaður tók fram um nauðsynina á eflingu allra framfara í kaupstöðunum, sem ástæðu fyrir því, að fjenu væri einnig úthlutað til bæjarstjórnanna, álít jeg á góðum rökum byggt.

Því næst skal jeg rjett að eins minnast á 10. gr. A. 3., þar sem veittar eru 500 kr. í viðbót við laun hins umboðslega yfirskoðunarmanns. Jeg skal játa það, að mjer er ókunnugt um störf þessa embættismanns, eða á hverju það var byggt að stofna þetta sjerstaka embætti, en jeg veit það, að áður voru fengnir menn til þessa starfa, sem þá gegndu honum í hjáverkum sínum fyrir nokkra þóknun. Ef hægt væri að fá menn til að gegna þessum starfa í hjáverkum sínum, þá álít jeg það skyldu þingsins að sjá í því hag landssjóðsins. Jeg get fyrir mitt leyti ekki sjeð neina ástæðu til að hækka launin, sem þessi maður hefur haft, að minnsta kosti ekki meira en um 500 kr., eins og nefndin í neðri deildinni hefur gjört, enda hefur nefndin í þessari deild ekki minnzt á þennan lið greinarinnar.

Hvað snertir 13. gr. A. a. um launabót biskupsins, þá er það *það* atriði í fjárlögunum, sem jeg vildi helzt hlífast við að greiða atkvæði um. Þetta spursmál hefur nú verið lengi að flækjast á milli deildanna, og hef jeg ekki gefið því neitt atkvæði, þar

eð jeg hef ekki botnað í, hvað væri sannleikur í þessu efni. Á þinginu 1879 var sagt, að engin lög væru fyrir þessari fjárveitingu, en aðrir þrættu fyrir. Hverju eigum við bændurnir þá að trúa um þetta atriði, þegar lögfróðir menn og skarpvitrir segja sitt hver? Það getur þó enginn neitað því, að báðir endurskoðunarmennirnir, sem þingið hefur kosið, eru skarpvitrir menn, og þó hafa þeir enga athugasemd gjört við þessa fjárveitingu, og annar þeirra hjer í deildinni skrifaði þá á þinginu undir breytingaratkvæði og tók þessa launabót upp aptur, sem búið var að fella í neðri deildinni, og getur þó enginn borið honum á brýn, að hann sje ekki lögvitringur og skarpvitur. Nú eru á þessu þingi aptur hafin mótmæli gegn því, að þessi fjárveiting eða launabót til biskupsins sje á lögum byggð, og get jeg fyrir mitt leyti ekki áttað mig á, hvað hjer sje sannleiknr; nefndin hefur ekki tekið þetta atriði upp aptur, og formaður nefndarinnar hefur því heldur ekki fundið ástæðu til að taka það upp aptur nú, þó hann gjörði það á þinginu 1879. Jeg hef heldur ekki getað fundið, hver væri mismunurinn á rjetti biskups og lectors prestaskólans til launabóta; áður en gengið verður til atkvæða um þetta atriði, verð jeg annaðhvort að fá glöggva skýringu á því, hvað sje rjett og satt í þessu efni, eða þá vera laus við að greiða atkvæði um þetta atriði; því jeg vil helzt vera laus við að gjöra það í villu og svima.

Framsögumaður hefur lagt það til, að viðauka, o: 20. gr., frumvarpsins væri sleppt, og verð jeg að vera honum samdóma um, að hann sje óþarfur, því ábúendur á þjóðeignum geta sjálfsagt eins og aðrir fengið lán úr viðlagasjóði með vanalegum skilmálum. Nú eru menn farnir að vilja kaupa þjóðjarðirnir, og þá gætu þeir beðið um lánið til að gjöra jarðabæturnar, áður en þeir kaupa þær; jeg vil heldur ekki binda þetta lán við ábúendur þjóðjarðanna einungis, heldur vil jeg, að allir búendur, sem vilja, geti notið þess, því það er ekki síður gott, að bændajarðir taki bótum, en hinar, því allt af stendur það stöðugt, að «bóndi er bústólpi, bú er landstólpi». Jeg álít því óþarft að taka þetta inn í fjárlögin, meðan viðlagasjóðurinn getur lánað eins og áður.

Sighvatur Árnason: Jeg ætla mjer ekki að tala mikið í þetta sinn; framsögumaður hefur talað svo vel og vandlega fyrir nefndina; ekki ætla jeg mjer heldur að rekja frumvarpið grein fyrir grein, og segja, hvernig jeg muni greiða atkvæði mitt, því það sjest á sínum tíma. Það er einungis eitt sjerstakt atriði, sem jeg vil leyfa mjer að vekja athygli manna á, þ. e. breyting nefndarinnar við 13. gr. B. V., að eptir staflið c komi sú ákvörðun, að skilyrði fyrir því, að barnaskólar og alþýðuskólar geti notið styrktar úr landssjóði, skuli vera það, að þeir njóti einnig annarar tillögu, sem ekki sje minni en helmingur á móts við styrk úr landssjóði. Þetta er að mínu áliti hreint tímaspursmál. Þegar t. a. m. er illt í ári, þá má búast við, að aukastyrkurinn verði ekki mikill, og alls enginn ef til vill, þegar illa árast, eins og t. a. m. nú lítur út fyrir; styrkurinn úr landssjóði getur þá orðið þýðingarlítill, þegar hann er bundinn við það, sem kemur utan að frá einstökum mönnum í fjelaginu, sem í óáran hafa ekkert að missa. Það getur komið fyrir, að menn gætu annaðhvort lítið eða alls ekkert misst, og þegar nú landssjóður, eins á þessum vondu árum eins og hinum betri, ekki leggur meira til en helming á móts við tillögur einstakra manna, þá getur þessi styrkur landssjóðs orðið alveg þýðingarlaus, en skólarnir ættu þó að geta starfað eins á hinum hörðu árunum. Jeg hef að eins leyft mjer að gjöra þessa athugasemd, til þess að vekja athygli deildarinnar á þessu skilyrði, sem, að mínu áliti, gæti staðið í vegi fyrir þrifum slíkra skóla, sem þegar eru stofnaðir. Viðvíkjandi alþýðuskólunum, þá eru ekki nema tveir, sem svo eru komnir á fót, að enginn efi sje á því, að þeir muni halda áfram, ef þeir fá fjestyrk úr landssjóði. Allt öðru máli er með þá skóla, sem enn eru ekki komnir á

fót, eða sem eru «á orði en ekki á borði». Um slíka skóla ímynda jeg mjer, að ef tillag til þeirra er ekki bundið við tillag frá einstökum mönnum, þá geti þeir ekki orðið til gagns, án þess að skilyrðinu sje fullnægt. Sama er að segja um barnaskóla, sem ekki eru byrjaðir með fasta stæðu þann dag í dag, að þeir geta ekki komizt á fastan fót án samskota.

Framsögumaður: Jeg skal í þetta sinn vera stuttorður. Það hefur ýmsu verið hreift, sem nefndin hefur ekki tekið fram í uppástungum sínum, og skal jeg geta þess, að jeg álít það liggja fyrir utan umræður málsins. Jeg er hinum heiðraða þingmanni Strandamanna þakklátur fyrir þær upplýsingar, sem hann hefur gefið um kvennaskóla Húnavatnssýslu, og held jeg, að hann ætti sem fyrst að taka vikaukatillögu sína aptur, því þegar jeg bað hann um upplýsingarnar, þá hjelt jeg kannske, að það mundu vera einhverjir annmarkar á þessum skóla, en nú er jeg sannfærður um af orðum þingmannsins, að þessi skóli Húnvetninga eigi góða framtíð fyrir sjer, og einmitt vegna þessa ræð jeg þingmanninum til að taka viðauka sinn aptur, því þar sem vjer höfum ætlað 3000 kr. til kvennaskóla, og fje þessu á að útbýta eptir verðleikum, þá er mjög líklegt, að Húnavatnssýsluskólinn fái ekki að eins 500 kr., heldur ef til vill nokkuð meira. Ef Húnvetningar t. a. m. byggja steinhús fyrir sinn skóla, sem þeim væri fremur öðrum trúandi til að hafa dugnað til, þá efast jeg ekki um, að þeim skóla yrði veitt fullkomlega á móts við aðra skóla, og kannske meira en þingmaðurinn fer fram á. Af þessum sökum álít jeg, að hinn heiðraði þingmaður Strandamanna gjörði betur í að halda ekki þessum viðauka sínum fram. Hinn heiðraði þingmaður minntist á skóla, sem verið væri að koma á í Strandasýslu, og þykir víst öllum vænt um að heyra það, og allir munu víst honum samdóma um það, að óskandi væri, að hann gæti þrifizt, en það þarf sjálfsagt ekki lítið fje til þess, að hann geti fengið framgang. Þar sem þingmaðurinn minntist á, að skólinn á Eyrarbakka væri hjer nefndur alþýðuskóli, en menn þar eystra hefðu þó beðið um gagnfræðaskóla, þá getur þingmaðurinn náttúrlega, ef hann heldur, að nafnið gjöri svo mikið til, komið með breytingaratkvæði í þá átt, að «gagnfræðaskóli» komi í stað «alþýðuskóli», eða þó heldur «gagnfræðaskóli fyrir alþýðu», og þá munu Eyrarbakkamenn skilja, að það er sami skólinn og sá, sem þeir hafa beðið um. Viðvíkjandi launabótunum til biskups og forstöðumanns prestaskólans, þá skal jeg að eins taka það fram, að munurinn er sá, að laun forstöðumannsins munu vera ákveðin með konungsúrskurði; að vísu þekki jeg hann ekki, þar hann að eins sýnist að vera til, sbr. ástæður við fjárlög 1876 og 1877, en á hinu er enginn efi, að aldursviðbætur þessa embættismanns eru eins fastákveðnar og launabætur allra annara embættismanna, er hafa sama við að styðjast, og þó ekki verið vefengdar. Þar sem hinn heiðraði þingmaður Austur-Skaptfellinga áleit, að ákvörðun nefndarinnar um laun Þorsteins sýslumanns Jónssonar sem málaflutningsmanns væri móti öllum lögum, og hann benti á launalögin frá 15. okt. 1875, þá vill svo óheppilega til, að þessi lög geta ekki sannað, að þessi ákvörðun sje á móti þessum lögum, því þau hljóða alls ekki um eptirlaunamenn, heldur um menn, sem gegna embættum; það er þá sætt sameiginlegt skipbrot, þar sem nefndin í neðri deildinni hefur ákveðið honum 200 kr. af málsfærslulaunum, en vjer hjer 400 kr.

Ásgeir Einarsson: Jeg held það sje einhver misskilningur milli mín og hins háttvirta framsögumanns. Jeg get ekki skilið betur, en að kvennaskólinn í Húnavatnssýslu eptir fjárlögunum eigi að fá þessar 400 kr. og skólinn í Skagafirði 600 kr., og skólinn í Húnavatnssýslu geti því ekki gjört sjer von um meira (*Framsögumaður*: Hvar stendur þetta í fjárlögunum?). Kannske jeg fari skakkt, og þetta standi ekki í fjárlögunum, og ef svo er, þá gjöri jeg mig ánægðan með ráðleggingu hins hátt-

virta framsögumanns, í þeirri von, að við útbýtingu styrksins verði litið á verðleika kvennaskólans í Húnavatnssýslu. Þó mun jeg varla taka viðaukatillöguna aptur, fyr en að jeg hef talað við þingmenn Húnvetninga úr neðri deildinni. Þar sem framsögumaður minntist á athugasemdir mínar við skólann á Eyrarbakka, þá vildi jeg einkum taka það fram, að um þennan skóla væri enn engin vissa; það væri enn enginn vísir fram kominn til hans; nafnið gjörir í sjálfu sjer ekki mikið til, en það virðist þó benda á, að hjer sje hugsað um eitthvað hærra, en alþýðuskóla eða unglingaskóla. Þar sem framsögumaður minntist á, að laun lectors væru byggð á konungsúrskurði, þá skal jeg ekki þræta móti því, en jeg man ekki til þess, að í athugasemdum fjárlaganefndarinnar sje vitnað í nein lög um þetta efni; en það getur verið, að þessi úrskurður sje yngri en síðan 1879, og eins getur hann verið einhverstaðar, þó jeg ekki hafi tekið eptir honum. En mjer dettur þá í hug, hvort ekki mætti þá eins fá úrskurð konungs fyrir því, hvað biskup skuli hafa, eins og t. a. m. fjekkst konungsúrskurður fyrir borðfje landshöfðingjans. Jeg verð að játa það, að jeg er eins óviss í því enn, hvernig jeg eigi að greiða atkvæði mitt um þetta atriði.

Stefán Eiríksson: Það getur nú verið, að framsögumaður skilji betur launalögin af 15. okt. 1875 en jeg. En í 4. gr. 3. lið er það tekið fram með berum orðum, sem hljóða þannig: «Nú er maður, sem eigi er í embættisstöðu, settur í embætti eða sýslan, og nýtur hann þá launa þeirra allra, er embætti því eða sýslan fylgja. *Þó skal sá, sem biðlaun hefur eða eptirlaun, missa jafnmikils í og þeim nemur*». Þetta sýnist mjer vera skýlaus orð, og liggi beint við að skilja þau svo, sem draga eigi öll málaflutningslaun þessa manns frá eptirlaunum hans. og því er sú fjárveiting, sem hjer ræðir um, beint á móti lögunum 1875, eins og jeg hef áður tekið fram.

Magnús Stephensen: Jeg ætla mjer ekki að gegnumganga breytingar nefndarinnar, því hinn háttvirti framsögumaður hefur þegar gjört það rækilega. En viðvíkjandi 1. breytingu landshöfðingjans, skal jeg taka það fram. að þar sem framsögumaður sagði, að þessir læknar, sem hjer ræðir um, hefðu ekki lagarjett til launabótarinnar, þá er jeg honum samdóma um það, að þeir hafi það kannske ekki. enda þyrfti, ef svo væri, að þeir hefðu lagarjett til þessa. ekki að ræða þetta spursmál hjer. Þeir mundu þá leita rjettar síns og ná honum gegnum dómstólana, en einmitt af því, að það er vafasamt, hvort þeir hafa lagarjett til þessarar viðbótar, en á hinn bóginn sanngirni, og jafnrjetti við aðra embættismenn, virðist mæla með því, að þeir ekki fremur en aðrir embættismenn missi neins í við ný launalög, þá virðist mjer rjett að veita þeim þetta fje í fjárlögunum, svo þeir þurfi ekki að fara til dómstólanna. Einn þessara hjeraðslækna hefur þegar farið í mál við landssjóðinn, og tapaði hann því máli að vísu við landsyfirrjettinn, en jeg veit hann muni hafa í hyggju, að láta málið koma fyrir hæstarjett, ef fjárveitingarvaldið ekki lætur hann fá þessa upphæð. Jeg vil því mæla fram því, að þessari breytingu landshöfðingjans sje tekið vel; þetta mál hefur komið hjer fyrir einu sinni eða tvisvar áður, og þá var þessi deild því hlynnt, en það fjell í neðri deildinni.

Viðvíkjandi launahækkun biskupsins, þá hefði jeg ekki farið út í það mál, ef þingmaður Strandamanna hefði ekki fært svo krðptuglega að mjer í ræðu sinni. Mjer heyrðist ekki betur, en hann bera mjer á brýn, að jeg sem endurskoðunarmaður hefði ekki gjört neina athugasemd viðvíkjandi þessari launahækkun við endurskoðun landsreikninganna; en jeg get gefið honum þær upplýsingar, að þá reikninga, sem sú launaviðbót kemur fram í, sem veitt var biskupnum með fjárlögunum fyrir árin 1880 og 1881, er ekki farið að rannsaka enn, svo

þetta hefur en ekki legið fyrir endurskoðuninni. Þetta spursmál kom fyrst fyrir á þinginu 1879, út af fjárlögunum fyrir 1880 og 1881, en enn þá er ekki búið að rannsaka reikningana lengra en til 31. desember 1879. Jeg skal játa það, að jeg á þingi 1879 greiddi atkvæði með því, að biskupinn fengi þá launaviðbót, sem þá var stungið upp á, beinlínis af því, að jeg trúði stjórninni til þess, að herma það rjett, að þessi launaviðbót væri byggð á eldri launaákvörðunum, sjer í lagi á frumvarpi því til launalaga handa íslenzkum embættismönnum, sem lagt var fyrir ríkisþingið haustið 1862; en nú hef jeg rannsakað þetta efni betur, og fundið, að þessi uppbót er ekki byggð á neinum eldri launaákvörðunum. Því sú launaákvörðun, sem allt af hefur verið fylgt, sem sje áðurnefnt launalagafrumvarp, ákveður handa forstöðumanni prestaskólans 3 aldurslaunabætur, en handa biskupi ekki nema tvær, sem hann þegar var búinn að fá fyrir 1879, hina fyrri árið 1871 og hina síðari árið 1876. Þess vegna var það ekki rjett, þar sem stjórnin skýrði þinginu svo frá, að lagaákvörðun væri til fyrir þeirri launaviðbót, sem hún fór fram á að biskupnum yrði veitt í fjárlögunum fyrir 1880 og 1881. Jeg skal fúslega játa það, að það var ekki rjett af mjer að rannsaka þetta málefni ekki ýtarlegar á alþingi 1879, en trúa stjórninni í blindni, en hins vegar vona jeg, að þingmaður Strandamanna fyrirgefi mjer, þó jeg breyti meiningu minni, þegar jeg kemst að því, að hún er röng, og greiði nú atkvæði á móti því, sem jeg greiddi atkvæði með á alþingi 1879. Jeg vona, að hann láti mig ekki hafa nein áhrif á atkvæði sitt, svo að hann líka breyti skoðun sinni, og þá kannske iðrist þess á eptir.

Framsögumaður gat þess, að hann tæki aptur 1. breytingartillögu nefndarinnar.

Forseti bar því næst hinar einstöku greinar frumvarpsins undir atkvæði, ásamt breytingartillögum þeim, sem við það voru gjörðar.

1. gr. gat ekki komið fyrst um sinn til atkvæðagreiðslu.

2. gr. var samþykkt í einu hljóði.

3. gr. var samþykkt í einu hljóði.

Fyrri breytingaruppástunga nefndarinnar við 4. gr. tekin aptur.

Seinni breytingaruppástunga nefndarinnar við 4. gr. samþykkt í einu hljóði.

4. gr. með áorðinni breytingu samþykkt í einu hljóði.

5. gr. samþykkt í einu hljóði.

6. gr. samþykkt í einu hljóði.

Því næst var 1. gr. frumvarpsins samþykkt í einu hljóði.

II. kafli.

7. gr. frumvarpsins samþykkt í einu hljóði.

8. gr. —»— —»— - — —

9. gr. —»— —»— - — —

10. gr. A. 1—3 samþykkt með 10 atkvæðum.
B. 1—4 —»— í einu hljóði.
C. 1—3 —»— - — —
4 —»— - - — —

Breyting nefndarinnar við athugasemdina við 4. tölulið var samþykkt með 9 atkvæðum.

Athugasemd frumvarpsins þar við fallin.

10. gr. C. 5—10 samþykkt í einu hljóði.

Breytingaruppástunga nefndarinnar við 11. tölulið samþykkt með 10 atkvæðum.

11. tölulíður þannig breyttur samþykktur með 10 atkvæðum.

10. gr. í heild sinni samþykkt með 10 atkvæðum.

Breytingartillaga landshöfðingja við 11. gr. 1. tölulið samþykkt með 7 atkvæðum.

2. tölulíður samþykktur með 9 atkvæðum.

11. gr. frumvarpsins þannig breytt samþykkt í einu hljóði.

12. gr. frumvarpsins samþykkt með 10 atkvæðum.

Breytingartillaga landshöfðingja við:

13. gr. A. a. felld með 6 atkvæðum móti 5.

13. gr. A. a. og b. 1—8 samþykkt í einu hljóði.

13. gr. B. I. a. og b. 1—7 samþykkt í einu hljóði.

13. gr B. II. a. breyting nefndarinnar samþykkt í einu hljóði.

13. gr. B. II. b. 1—6 samþykkt með 10 atkvæðum.

III. a. b. og c. 1—8 samþykkt með 10 atkvæðum.

IV. a. b., 1—4 samþykkt í einu hljóði.

V. a. Breyting þingmanns Strandamanna tekin aptur og staflíðurinn samþykktur í einu hljóði.

V. b. Breyting nefndarinnar og landshöfðingja samþykkt með 8 atkvæðum.

V. c. Breyting nefndarinnar samþykkt með 7 atkvæðum.

Athugasemd nefndarinnar á eptir c. samþykkt með 8 atkvæðum.

13. gr. B. V. a.—d. samþykkt með 10 atkvæðum.

13. gr. C. 1—2 samþykkt í einu hljóði.

C. 3, breyting nefndarinnar samþykkt með 10 atkvæðum.

C. 1.—4. a—e samþykkt í einu hljóði.

13. gr. í heild sinni þannig breytt samþykkt með 9 atkvæðum.

14. gr. frumvarpsins samþykkt í einu hljóði.

Breyting nefndarinnar um frú Johnsen samþykkt í einu hljóði.

Breyting nefndarinnar um Jón Hjaltalín samþykkt með 10 atkvæðum.

Breyting nefndarinnar um Þorstein Jónsson samþykkt með 9 atkvæðmu.

15. gr. með áorðnum breytingum samþykkt með 9 atkvæðum.

16. gr. frumvarpsins samþykkt í einu hljóði.

17. — —»— —»— - — —

18. — —»— með fyrirvara um, að töluupphæðin breytist, samþykkt í einu hljóði.

19. gr. frumvarpsins samþykkt með 10 atkvæðum.

20. gr. frumvarpsins felld í einu hljóði.

Viðauki við frumvarpið, fyrri málsgrein, felld í einu hljóði.

Breyting nefndarinnar við síðari málsgrein samþykkt með 10 atkvæðum.

Að frumvarpið gengi til 3. umræðu, var samþykkt í einu hljóði.

ÞRIÐJA UMRÆÐA Í EFRI DEILD,
á 42. og 43. fundi, 22. ágúst.

Frumvarpið, eins og það var samþykkt við 2. umræðu, sjá I. 481—488.

Breytingaratkvæði

við frumvarpið, eins og það var samþykkt við 2. umræðu. Frá nefndinni.

1. Við 19. gr.: Á eptir: « — um Möðruvallaskólann» komi:
   « — breytingu á 2. og 3. gr. laga 11. febrúar 1876 um stofnun læknaskóla í Reykjavík».
2. Við eptirmála frumvarpsins: «búnaðarskóla» breytist í: «á búnaðarskólum».

Framsögumaður: Jeg skal geta þess, að í 10. gr. C. 10. hafa 1,600 kr. við prentunina skekkzt og standa einni línu neðar en þær eiga að vera. Í 15. gr. hefur líka annaðhvort misritazt eða misprentazt; þar stendur: «í virðingarskyni» en á að vera «í viðurkenningarskyni». Viðvíkjandi breytingaratkvæði nefndarinnar þarf jeg ekki að vera margorður; það er eðlileg afleiðing af breyting þeirri, sem við 2. umræðu þessa máls var gjörð við 13. gr. B. II. a., að þessi viðauki við 19. gr. verður að takast upp. Enn fremur er breytingin við eptirmálann að eins orðabreyting, því að eptir því sem í frumvarpinu stendur, getur það skilizt þannig, að lánið sje að eins veitt til þess að stofna einn búnaðarskóla, en það er ekki meiningin, heldur að fleiri sjeu stofnaðir. Svo hef jeg ekki meira að taka fram.

Jón Pjetursson: Jeg vil leyfa mjer að spyrja um það, hvernig á að skilja athugasemdina við 13. gr. B. V. c.: «Styrkur eptir staflið b og c veitist með því skilyrði, að skólar þessir njóti einnig annarar tillögu, er eigi sje minni en helmingur á móts við

styrk úr landssjóði». Á ekki meiningin að vera sú, að landssjóðurinn leggi til helming, og svo eigi hinn helmingurinn að koma annarstaðar frá? Ef svo er, þá er þessi grein skakkt orðuð, því að eptir orðunum á helmingur af þeim styrk, sem landssjóður leggur til, að koma annarstaðar frá, þannig, að ef landssjóður á að leggja til 4000 kr., eins og gjört er ráð fyrir í frumvarpinu, þá eiga 2000 kr. að koma annarstaðar frá, því að það er beinlínis helmingur af styrknum, sem landssjóður veitir. Það verður þess vegna að orða þetta skilyrði öðruvísi, ef það á ekki að verða misskilið; það ætti t. a. m. að vera: «Styrkur eptir staflið b og c veitist með því skilyrði, að skólar þessir njóti einnig annarar tillögu, er eigi sje minni en styrkurinn úr landssjóði» Það er líka eitt í 15. gr., sem ekki er nákvæmlega orðað: «Þar af til ekkju hjeraðslæknis E. Johnsens 150 kr. hvort árið». Er ekki meiningin, að hún fái þessar 150 kr. auk eptirlauna þeirra, sem hún hefur? Mjer skildist svo á hinu frumvarpinu, og hún hefur þó pensión. (*Magnús Stephensen:* Það er ekki styrkur!) Það stendur beinlínis: «Til eptirlauna og styrktarfjár veitast 50,000 kr.», svo að það er ómögulegt að vita, hvort þessar 150 kr. eru eptirlaun eða styrkur. Þetta er svo ógreinilega orðað, að það má misskilja.

Framsögumaður: Jeg álít, að skilyrðisgreinin við 13. gr. B. V. b og c sje svo greinilega orðuð, að ómögulegt sje að misskilja hana; það er heldur ekki mögulegt að gjöra breytingar við hana, úr því að málið er nú til 3. umræðu. Jeg ímynda mjer, að það sje enginn háski, að láta greinina vera eins og hún er, því að þegar hún er borin saman við ástæðurnar, sem fram hafa komið, þá sjest fljótt, hver meining heunar er, það er að segja, að landssjóður á að leggja tvöfallt við það, sem kemur annarstaðar frá; ef landssjóður leggur til 1000 kr., þá eiga 500 kr. að koma annarstaðar frá. Jeg skal taka það fram, að þetta er alveg sama skilyrði, sem gilt hefur um kvennaskólana, og verður ekki skilið öðruvísi, og sama grundvallarregla er tekin fram í stjórnarfrumvarpinu. 15. gr. er heldur ekki hægt að misskilja, því að fyrst og fremst eru eptirlaun beinlínis veitt í eptirlaunalögum, og svo stendur með berum orðum í greiniui: «umfram eptirlaun», sem verður að heimfærast til beggja þeirra, sem nefnd eru.

Magnús Stephensen: Jeg ætla að leyfa mjer að geta þess, viðvíkjandi ágreining þeim, sem kominn er fram um það, hvernig skilja eigi athugasemdina við 13. gr. B. V. b og c, að meining nefndarinnar var sú, að fylgja sem næst tillögu þeirri til þingsályktar um alþýðuskóla og styrk til þeirra úr landssjóði, sem fram kom í neðri deildinni. Í þeirri tillögu er sagt, að tiltækilegt sje, að stofna alls 14 alþýðuskóla á landinu, og að landssjóðurinn skuli leggja svo sem svari 1000 kr. til hvers; en þar er þó það skilyrði sett, að styrkur sá, er landssjóður veitir hverjum skóla, megi ekki fara fram úr $^2/_5$ alls kostnaðarins til hans. Nú var það meining nefndarinnar, að fara sem næst þessari tillögu, og því ætlaðist hún til, að í þessa athugasemd skyldi leggja þann skilning, að það, sem landssjóður veitti, skyldi vera helmingur alls kostnaðarins til skólans, en hinn helmingurinn ætti að koma annarstaðar frá. Mjer kom það því mjög á óvart, þegar jeg heyrði, að framsögumaður lagði annan skilning í þetta, og sá skilningur gjörir svo mikla breyting á skilyrðisgreininni frá því, sem ályktað var í neðri deildinni, að jeg verð að álíta, að inn í frumvarpið sje komin sú villa, er gjöri að verkum, að það segi allt annað, en nefudin hefur ætlazt til. Jeg skal játa það, að eins og hinn 3. konungkjörni þingmaður segir, þá liggur næst að skilja svo, að ef landssjóður t. a. m. leggur til 1000 kr., þá væri nóg, að 500 kr. kæmu annarstaðar frá. En jeg lýsi því yfir, að þetta var ekki meining nefndarinnar, heldur hitt, að landssjóður legði til helminginn, en hinn helmingurinn kæmi annarstaðar frá.

Sighvatur Árnason: Jeg skal játa það með hinum 4. konungkjörna þingmanni, að

jeg skildi svo meiningu nefndarinnar, sem hann tók fram, og jafnframt skilst mjer líka, að skilyrði það, sem sett er, bendi á, að ef landssjóður á að leggja til 4000 kr., þá eigi aukatillagið að vera 2000 kr.; jeg get ekki ráðið annað af orðunum. En svo skal jeg bæta því við, að eins og nú er komið, þá er jeg ánægðari með þennan skilning á viðaukagreininni, því að, eins og jeg hef áður getið um, þá er það varúðarvert, þegar illa lætur í ári, að setja aukatillagið hátt, því að það er ekki allt af svo hægt að fá aukasamskot hvorki til alþýðuskóla eða annars, þó á liggi, og er því hætt við, að þetta skilyrði kunni að standa skólunum fyrir þrifum og verði til þess, að þeir verði fyrir utan þennan umrædda styrk úr landssjóði. Jeg fyrir mitt leyti felli mig því betur við þennan skilning greinarinnar.

Benidikt Kristjánsson: Jeg verð að láta það álit mitt í ljósi, að eptir venjulegri málsbrúkun, þá er ekki hægt að skilja orðin: «helmingur á móts við styrk úr landssjóði» öðruvísi en svo, að helmingur styrksins skuli koma úr landssjóði, en hinn helmingurinn úr annari átt. Jeg gaf atkvæði mitt fyrir þessum skilningi við 2. umræðu, en ekki fyrir því, að þriðjungur skyldi koma úr annari átt. Jeg skal játa það, að jeg er ekki svo mikill málfræðingur, að jeg þori að fullyrða, að þessi skilningur sje rjettur, en jeg get ekki skilið það öðruvísi. Ef staðið hefði: «helming við styrk úr landssjóði», þá hefði, ef til vill, verið öðru máli að gegna; en þegar stendur: «á móts við», þá er meiningin sú, að sinn helmingurinn á að koma úr hverri átt.

Ásgeir Einarsson: Það er illt, að þessi athugasemd skuli þurfa að vera misskilningi undirorpin; en þegar jeg las þetta fyrst, þá datt mjer undir eins í hug, hvort það virkilega væri meiningin, að sýslusjóðirnir skyldu ekki eiga að leggja nema helming til móti því, sem landssjóður legði; en það er auðsætt, að ef jeg hef hjer einn hlut, sem kostar 100 kr., og svo annan hlut, sem kostar «helming á móts við» hann, þá kostar hann 50 kr. Jeg hef líka átt tal við landshöfðingja um þetta atriði, og mjer virtist hann ekki skilja það öðruvísi, en að sýslurnar ættu að leggja helming til við það, er landssjóður legði til.

Sigurður Melsteð: Jeg verð að gjöra grein fyrir mínum skilningi á þessu atriði. Jeg hef skilið það á sama hátt, sem fleiri aðrir þingmenn, að þegar landssjóðurinn legði til 1000 kr., þá ætti helmingurinn, eða 500 kr., að koma úr annari átt; jeg skil orðin: «á móts við» hjer, eins og það stæði: «í samanburði við», og þess vegna, að úr annari átt ætti að koma tillag, sem væri helmingur í samanburði við það, sem landssjóður veitti. Það getur vel verið, að það mætti líka eptir málinu skilja það hins vegar, en þá er orðaskipunin óglögg, og setningin yrði þá undirorpin tvöfaldri útleggingu, en það er ekki heppilegt. En næst liggur að taka: «á móts við» sama sem: «í samanburði við», og skilja svo, að landssjóður ætti að veita 4000 kr., en 2000 kr. ættu þá að koma úr annari átt.

Framsögumaður: Jeg skil ekki, hvernig þetta er fram komið; mjer finnst skilningurinn liggja svo beint við, að jeg get ekki og hef aldrei skilið það öðruvísi. Í fjárlögunum 1879 og 1880 stendur alveg sama ákvörðunin um kvennaskólana: «Með því skilyrði, að hlutaðeigandi amtsráð, sýslunefndir og bæjarstjórnir veiti fyrir sitt leyti að minnsta kosti helming fjár á móts við þá upphæð, sem veitt er úr landssjóði». Hjer er alveg sama skilyrði sett og með sömu orðum, og í stjórnarfrumvarpinu er skilyrði það, sem sett er um barnaskólana, alveg eins, og jeg skil það ekki öðruvísi, en jeg hef sagt, og hef ekki frá fyrsta skilið það öðruvísi. Það væri annars æskilegt að vita, hvern skilning hinn hæstvirti landshöfðingi legði í þetta, og ef honum og þingmönnum þætti athugasemdin óljóslega orðuð, þá væri kannske heppilegast, að þessari umræðu væri frestað.

Landshöfðingi: Jeg treysti mjer að vísu ekki til að skera úr þessum málfræðis-

lega ágreiningi milli hinna háttvirtu þingmanna, en jeg skal geta þess, að jeg að svo stöddu, ef þessi liður 13. greinarinnar verður samþykktur, eins og hann nú er orðaður, álít mjer nægilega heimilt, að veita styrk úr landssjóði tvöfaldan við það tillag, sem kemur annars staðar að, það er að segja, að sá styrkur, sem hlutaðeigandi skóli fær frá öðrum, sje ekki minni, en nemur helmingnum af styrk úr landssjóði.

Magnús Stephensen: Úr því jeg heyri, að einnig hinn hæstvirti landshöfðingi skilur þess athugasemd við 13. gr. B. V. c. á sama hátt sem framsögumaður, þá vil jeg sem formaður nefndarinnar og í nafni meiri hluta hennar leyfa mjer að beiðast þess, að þetta frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1882 og 1883 verði tekið út af dagsskrá, til þess að þessi athugasemd verði orðuð öðruvísi, og samkvæmt því, sem meiri hluti nefndarinnar ætlaðist til.

Landshöfðingi: Jeg skal leyfa mjer að vekja athygli hinnar háttvirtu deildar á því, að tíminn er nú orðinn naumur, og að vafasamt er, hvort tími verður til að útkljá fjárlögin, ef farið verður nú að fresta þessari umræðu, því það er sjálfsagt, að ein umræða þarf enn að verða í neðri deild, og að minnsta kosti ekki ómögulegt, að þau komi aptur til þessarar deildar. En jeg skal geta þess, að jeg er fús á, að bera þessar skýringar deildarinnar á þessari athugasemd, sem hjer ræðir um í fjárlögunum, upp í neðri deildinni, og álít jeg það betra, en að fara nú að fresta þessari umræðu hjer í deildinni.

Forseti: Eins og hinn hæstvirti landshöfðingi tók fram, er tíminn orðinn mjög naumur, og vil jeg því ekki, upp á mitt eindæmi, taka málið út af dagskrá; en jeg hef ekkert á móti því, að bera það undir atkvæði deildarinnar, hvort málinu skuli fresta.

Pjetur Pjetursson: Jeg vildi að eins leyfa mjer að spyrja hinn háttvirta forseta, hvort það sje eiginlega skilningur á lögunum, sem nú liggur fyrir? Jeg fyrir mitt leyti álít, að nú sje að eins til umræðu breytingaratkvæðið við fjárlögin og síðan fjárlögin sjálf.

Forseti: Ef þingmenn álíta, að einhver ákvörðun, sem sett hefur verið inn í frumvarpið, sje misskilningi undirorpin, þá álít jeg rjett að gefa mönnum tækifæri á, að leiðrjetta þennan misskilning.

Landshöfðingi: Væri ekki nægilegt að fresta málinu til kvelds?

Forseti: Jeg hef ekkert á móti því, að halda kveldfund, en jeg get ekki komið því við fyr en kl. 8. Jeg skal þá leyfa mjer að ákveða fund í kveld kl. 8, og láta þá taka fjárlögin aptur til umræðu.

Var umræðunni síðan frestað.

Á 43. fundi efri þingdeildarinnar var 3. umræðu um fjárlagafrumvarpið haldið áfram, og var þá komið fram frá meiri hluta nefndarinnar svo látandi

Breytingaratkvæði:

Við 13. gr. B. V. Athugasemdin innanstryks við staflið b og c orðist þannig:

> «Styrkur eptir staflið b og c veitist með því skilyrði, að skólar þessir njóti einnig annars tillags, er eigi sje minna en styrkurinn úr landssjóði».

Magnús Stephensen: Jeg skal að eins leyfa mjer að taka það fram, að breytingaratkvæði meiri hluta nefndarinnar miðar einungis til þess, að gjöra það ljóst, hver skilningur hann ætlaðist til að lægi í athugasemdinni innanstryks við staflið b og c undir 13. gr. B. V., en ekki til þess, að koma með neina nýja ákvörðun. Mjer skilst meiningin í athugasemdinni vera sú, að þegar skóla á að stofna eða skóli er stofnaður, og menn sækja um styrk úr landssjóði til að koma honum á stofn eða til að geta haldið honum áfram, ef hann þegar er stofnaður, þá má þessi styrkur úr landssjóði ekki vera meiri en helmingur alls kostnaðar til skólans, og verður þá

hinn helmingurinn að koma annarstaðar frá. Þetta get jeg heldur ekki álitið óaðgengilegt fyrir skólana, því ef þeir, sem ætla að stofna skóla og halda honum áfram, ekki vilja leggja fram helminginn af kostnaðinum, þá er auðsjeð, að þeim er engin alvara með, hvorki að stofna skólann eða halda honum áfram. Þar sem ekki eru fleiri slíkir skólar stofnaðir mjer vitanlega en í hæsta lagi tveir og ekki heldur margir eru ráðgjörðir, þá ætla jeg, að upphæð sú, sem þessum skólum er ætluð í fjárlögunum, sje nægileg á fjárhagstímabilinu 1882—1883. Skal jeg svo ekki fara fleirum orðum um málið.

Framsögumaður: Jeg ætla mjer ekki að fara langt út í málið, þar sem meiri hluti nefndarinnar hefur skilið athugasemdina eins og hann hefur gjört, og ber fram breytingaratkvæði sitt, með þeim fyrirvara, að hjer sje að eins um ljósari orðun að ræða, en ekki um nein nýmæli. Jeg og annar nefndarmaður, eptir því sem jeg má fullyrða, er nú annarar skoðunar, en hinn háttvirti meiri hluti. Jeg er uppástungumönnum samdóma um það, að það er aðgengilegt fyrir skólana að fá þann styrk, sem þeir vilja veita, en á hinn bóginn ímynda jeg mjer, að barnaskólar þyrftu að fá eins mikinn fjárstyrk eins og kvennaskólarnir fá, og á því hefur meiri hlutinn ekki gjört neina breytingu frá því, sem áður hefur verið veitt þeim viðvíkjandi; en um þá er beinlínis tekið fram í nefndarálitinu, að þeir skuli fá sama styrk og áður. Jeg álít, að barnaskólar, að minnsta kosti meðan þeir eru ungir og eru að komast á gang og miklu þarf að kosta til húsagjörðar og annars kostnaðar með fyrstu, þurfi að fá talsvert meiri styrk, en þeir fá eptir breytingaratkvæðinu.

Því næst bar forseti frumvarpið og breytingaratkvæðin undir atkvæði, og var þá:

Breyting meiri hluta nefndarinnar við 13. gr. B. V. felld með 5 atkvæðum á móti 5.

Breyting nefndarinnar við 19. grein samþykkt í einu hljóði.

Orðabreyting nefndarinnar: «búnaðarskóla» breytist í: «á búnaðarskólum» samþykkt án atkvæða.

Frumvarpið sjálft, þannig breytt, var samþykkt í einu hljóði, og kvað forseti það mundu verða sent neðri deildinni aptur.

EIN UMRÆÐA Í NEÐRI DEILD,
á 62. fundi, 24. ágúst.

Frumvarpið, eins og það var samþykkt við 3. umræðu í efri þingdeildinni, sjá I. 521—528.

Breytingaruppástungur
við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1882 og 1883, eins og það var samþykkt við þriðju umræðu í efri deild alþingis.

1. Við 10. gr. C. 4:
   Nefndin: Orðin: «með helmingi» og «en hinum helmingnum . . . í fjárlögunum 1880 og 1881» falli burt.
2. Við 10. gr. C. 10.:
   Friðrik Stefánsson og Jón Jónsson:
   «Til þess að gefa út «Lovsamling for Island» 1660 kr.». Þessi liður falli burt, og verður þá 11. liður 10. liður.
3. Við 10. gr. C.:
   Eiríkur Briem, Þorvarður Kjerulf, Ólafur Pálsson, Guðmundur Einarsson, Lárus Blöndal:
   Viðaukatillaga:
   Á eptir 10. gr. C. 11. bætist:
   «12. Til jarðabóta á jörðum landssjóðsins 10,000 kr. Jarðabætur þessar skulu gjörðar að fyrirsögn og undir umsjón búfræðings, og endurgjaldi ábúendur fjeð með 6% árlega í vexti og afborgun á 28 árum.
4. Við 11. gr. 1:

Nefndin:	kr.	kr. a.	kr. a.
Í staðinn fyrir:	39342	39496 67	78838 67
komi:	37726	37726 »	75452 »

5. Við 11. gr.:
   Nefndin: Milli 1. og 2. bætist við nýr töluliður:
   2. Þóknun eitt skipti fyrir öll til 5 eldri lækna, með því skilyrði, að þeir hætti öllum launa-auka-beiðslum sínum síðan (utanstryks) . . . alls 3000 kr.
   Stafliður 2. verði stafliður 3. og upphæð greinarinnar breytist þessu samkvæmt.
6. Við 11. gr. 2:
   a. Friðrik Stefánsson, Jón Jónsson, Þórarinn Böðvarsson, Þorlákur Guðmundsson, Þorkell Bjarnasou, Þorvarður Kjerulf:
   Í stað: 2248 — 2248 — 4496
   komi: 2548 — 2548 — 5096,
   þar á meðal 300 kr. hvort árið til sjúkrahúss í Siglufjarðar- læknisumdæmi (10. læknishjeraði).
   b. Friðrik Stefánsson og Jón Jónsson: Viðaukatillaga við næstu breytingartillögu á undan:
   Eptir «(10. læknishjeraði)» komi:
   «Þessi fjárveiting er bundin því skilyrði, að húsið verði byggt af innbúum læknishjeraðsins á fjárhagstímabilinu og án kostnaðar fyrir landssjóð».
7. Við 13. gr. A. a.:
   Þórarinn Böðvarsson, Eiríkur Kúld, Halldór Kr. Friðriksson, Magnús Andrjesson, Lárus Blöndal, Guðmundur Einarsson, Þórður Magnússon, Egill Egilsson:
   Fyrir: «8032 kr.» komi: «8432 kr.»
8. Við 13. gr. B. I. a.:
   Jón Jónsson:
   Fyrir: «10,316 — 10,316»
   komi: «9,916 — 9,916».
9. Nefndin: Á eptir 19. gr. bætist inn ný grein svo hljóðandi:
   20. gr.
   Allar þær fjárveitingar, er eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum, í tilskipunum, konungsúrskurðum, eða öðrum gildandi ákvörðunum, samkvæmt 25. gr stjórnarskrárinnar, gilda einungis fyrir fjárhagstímabilið. Landsstjórninni er skylt að við hafa sparnað allan við embættismannaskipti og í öðrum þess konar tilfellum
10. Við eptirmála fjárlaganna:
    a. Nefndin: Í staðinn fyrir: «til stofnunar búnaðarskóla» komi: «til að stofna 2 búnaðarskóla í suður- og vesturumdæminu og 2 búnaðarskóla í norður- og austurumdæminu».
    b. Friðrik Stefánsson og Jón Jónsson: Við eptirmála fjárlaganna bætist þessi ákvörðun:
    «Lán úr viðlagasjóði má eptirleiðis veita einstökum mönnum gegn tryggu jarðarveði og 6% leigu og afborgun í 28 ár. Til að fullnægja slíkum lánbeiðslum má verja meðal annars 100,000 kr. af innstæðufje og ríkisskuldabrjefum viðlagasjóðsins».

Framsögumaður (*Arnljótur Ólafsson*): Við þetta frumvarp eru nú enn komnar fram nokkrar breytingartillögur. Fyrst er breytingartillaga við 10. gr. C. 4. frá nefndinni, að orðin «með helmingi» og «en hinum helmingnum» o, s. frv. «í fjárlögunum 1880 og 1881» falli burtu. Þessi breytingartillaga efri deildarinnar er fólgin í tvennu; fyrst það, að bætt er inn í «og bæjarstjórna», og hitt er, að helmingi fjárins skuli úthluta milli amtsráða og búnaðarfjelaga. Að vísu hefur fjárlaganefndin í neðri deildinni haldið við sína fyrri uppástungu, að rjettara væri, að öllu fjenu væri úthlutað millí sýslunefndanna, en ekki milli amtsráða og búnaðarfjelaga að helmingi, en þó að svo sje, þá vill nefndin ekki gjöra það að kappsmáli, og heldur hliðra til, en að þetta verði málinu til fyrirstöðu, og því sýnist mjer, með því að þetta er í fyrsta sinn, sem sýslunefndir eiga að ganga í stað amtsráða og búnaðarfjelaga, að það sje eðlilegast og gætilegast, að úthluta fjenu eins

og efri deildin hefur til tekið, með því og að amtsráðin og búnaðarfjelögin fá eins mikið og áður, með því að fjárveitingin hefur verið færð upp um helming eða 10,000 kr. Jeg er heldur hlynntur þessari breytingartillögu efri deildarinnar, og jeg tek það fram, að í nefndinni var jafnan nokkur ágreiningur um þetta atriði, en nefndin hefur álitið það skyldu sína að laga sig að nokkru eptir efri deildinni, því að efri deildin hefur tekið svo mikið tillit til atkvæða neðri deildarinnar, og því vill nefndin ekki hindra, að efri deildin geti samþykkt það, svo til sameinaðs þings þurfi ekki að koma. Þá er næst viðaukatillaga 5 þingmanna við 10. gr. C. 11.,um að 12. tölul. bætist við. Þessi breytingartillaga er að efninu til sama, sem áður var tekið fram í eptirmála fjárlagafrumvarpsins í neðri deildinni, nema hvað þetta er hjer betur tekið fram, og nefndin hefur ekkert á móti þessu að öðru leyti en því, að það er hjer tekið upp í fjárlög sem fjárveiting, þar sem það er í sjálfu sjer bara lán úr viðlagasjóði. Viðlagasjóður kemur ekki landssjóðnum eða rjettara sagt fjárlögunum við, nema hvað vexti hans snertir í 4. gr., og veðskuldabrjefin koma eigi fremur fjárlögunum við, en lánin sjálf. Jeg verð því vegna þessarar lögunar breytingartillögunnar að vera henni mótfallinn. Jeg álít hún geti ekki komið til atkvæða sakir þessa skapgalla, Hjer á það við, sem orðið er svo almennt að segja hjer í deildinni, að tilgangurinn er góður. En tilgangurinu næst, þótt breytingaratkvæði þetta verði fellt hjer. Lánið fæst hjá landshöfðingja, og það því fremur sem á síðasta þingi var ákveðið, að landssjóðurinn skyldi endurgjalda jarðabætur á þjóðjörðunum að helmingi. En það lán, sem maður fær, hlýtur að verða borgað aptur, og jeg held, að lánið fáist handa þjóðjörðunum gegn gildu og varanlegu veði og vöxtum í 28 ár. Þá koma breytingartillögur við 11. gr. Jeg vil fyrst minnast þess, að fyrri tölulíðurinn er færður upp í efri deildinni úr 37,726 kr. upp í 39,342. Þessi breytingaruppástunga kom fram í neðri deildinni og var felld, og jeg skal geta þess, að nefndin í efri deildinni tók ekki þessa breytingaruppástungu upp, og hún gekk fram í efri deildinni að eins með 1 atkvæðismun. Breytingaruppástungan er ekki kominn frá neinum þingmanni í efri deildinni, og því síður í neðri deildinni, heldur að eins frá hinum hæstvirta landshöfðingja. Það hefur nú verið tekið fram, að læknar þessir hefðu engan löglegan rjett til launabótar, og fjárlaganefndin, og jeg held einnig deildin sjálf, hefur gjört þá setningu gildandi, að ekki skyldi veita fje í þessu efni yfir lög fram, nema sjerstök sanngirnisástæða sje til þess, og þess vegna einnig að veita ekki fje yfir lög fram, þótt nokkur sanngirnisástæða mæli með því. Nefndin hefur eigi sjeð, að neinar sjerstakar sanngirnisástæður hafi komið hjer fram; sú eina ástæða, er komið hefur, er það, að þessir 5 læknar hafi gjörzt læknar í von um, að fá síðar launahækkun, svo laun þeirra gæti náð 2400 kr. Þetta er byggt á frumvarpinu sæla frá ríkisdeginum 1862—63 og dönskum lögum 26. marz 1870. En jeg skal geta þess, hvað hið danska lagaboð snertir, sem tiltekur launaukann, að það lagaboð er aftekið fyrir löngu, og ekkert hefur verið sett í staðinn. Nefndin hefur því ráðið til þess, að deildin væri sjálfri sjer samkvæm, og fylgdi meginreglu sinni, að veita ekki fje fyrir lög fram, nema sjerstakar sanngirnisástæður mæli með því, og hefur því lagt það til, að færa 1. tölul. 11. gr. niður, en aptur á móti ráðið til, að sú breytingartillaga væri tekin upp milli 1. og 2. tölul., að þessir 5 læknar fengju þóknun, 3000 kr., í eitt skipti fyrir öll, með því skilyrði að hætta öllum launaukabeiðslum. Þessu fje skiptir landshöfðingi milli þeirra, en þeir eiga að lýsa yfir því, að þeir ekki skuli ómaka fjárveitingarvaldið optar með launaukabeiðslum. Jeg vil mæla með því, að deildin fallist á þessa tillögu, því að með henni er það unnið, að þingið verður þá

framvegis laust við meðferð þessara launabótamála, sem eru ógeðfelld fyrir þingið og eyða um of tíma þess frá öðrum málum þeim, er landi og lýð eru til heilla. Þá er enn viðaukatillaga 6 þingmanna við 2. tölulið, um 300 kr. til sjúkrahúss í Siglufjarðarlæknisumdæmi. Þessi breytingartillaga er skyld mjer, sem þingmanni Eyfirðinga, og þó enn meir þingmönnum Skagfirðinga. Jeg er þessari breytingartillögu samdóma að efninu til, en hvað lögunina snertir, þá kann jeg ekki við að veita þetta fje, því ekkert sjúkrahús er enn til í Siglufjarðarumdæmi. Það er meiri þörf á spítala á Eskifirði og á Seyðisfirði en á Siglufirði. En hinn háttvirti 2.þingmaður Suður-Múlasýslu man, að hann kom fram með í fjárlaganefndinni þá tillögu, að veitt yrði fje til að stofna sjúkrahús á Eskifirði, en nefndinni þótti ekki ráðlegt að veita fjeð, fyr en búið væri að stofna húsið. Þannig var farið að, bæði við stofnun sjúkrahússins í Reykjavík og á Akureyri, en þegar búið er að stofna sjúkrahúsið, þá fæst líka fjeð.

Þá kemur næst hin mikla og athugaverða 13. gr. Þar eru 2 uppvakin breytingaratkvæði, fyrst við A. a 13. greinar, að hækka laun biskupsins um 400 kr. Breytingaratkvæði þetta er svo hógvært, að það er ekki getið um, að það eigi að vera nema fyrir annað árið, en hvort árið, getur enginn vitað; þó er líklegt, að það eigi að vera fyrra árið, af því að uppástungumennirnir hafi haldið, að viðkomandi þyrfti þess ekki lengur með. Jeg álít, að breytingaruppástungan geti ekki komið til atkvæða, nema uppástungumennirnir taki fram, að hún eigi að eins að gilda fyrir annað árið á fjárhagstímabilinu; en helzt hefðu þeir ekki átt að ómaka deildina með þessu harðfylgi sínu. Því næst er breytingaratkvæði við sömu grein, B. 1. a., frá 2. þingmanni Skagfirðinga, sem er jafnýtinn og harðfylginn sem hinir. Breytingartillaga þessi er um laun handa forstöðumanni prestaskólans. Jeg vil ekki heldur vera á móti þessu að efninu til, því að nefndin í neðri deildinni stakk líka upp á þessu, en jeg tek það fram, að jeg er beinlínis á móti því, eins og nú er komið. Þingið hefur í þessu atriði tekið til greina frumvarpið frá 1862—63, og í því er beinlínis stungið upp á, að forstöðumaður prestaskólans skuli þrisvar fá launaviðauka, og í hinu sama frumvarpi er stungið upp á, að biskupinn fái tvisvar sinnum launaviðauka. Þessi er munurinn á forstöðumanni prestaskólans og biskupnum. En með því að þingið hefur tekið til greina þetta frumvarp, þá verður það einnig að taka það til greina í þessu atriði. Jeg verð því einnig að vera á móti þessari breytingartillögu.

Þá er síðast breytingartillaga nefndarinnar, að 20. gr. sje færð inn í frumvarpið aptur. Jeg játa, að þessi grein *ætti ekki að þurfa* að standa í fjárlögunum, en eins og tekið svar fram í ástæðunum fyrir grein þessari í nefndarálitinu, þá álít jeg nú, að hún eigi að standa í fjárlögunum, því hún er svar frá löggefandi þingi til hins parts löggjafarvaldsins, sem hefur sagt í athugasemdum við frumvarp sitt ásamt mörgu öðru óþægilegu, að hún áliti svo, sem eptirlaun væru veitt «æfilangt», ef þingið gleymdi að taka fram, að fjárveitingin væri að eins fyrir fjárhagstímabilið. Jeg vil því mæla með, að þessi grein verði tekin inn aptur, því að hún er svar upp á 14. grein stjórnarfrumvarpsins. Mjer finnst, að þingið geti ekki svarað minna en þessari hálfmeinlausu grein ýmsum óþægilegum athugasemdum, sem eru í stjórnarfrumvarpinu, eins og hinn háttvirti þingmaður Borgfirðinga hefur maklega tekið fram. Við eptirmála fjárlaganna hefur nefndin einnig komið fram með breytingartillögu, vegna þess að í frumvarpi efri deildarinnar er búnaðarskólafjölgunin ótiltekin, og þar er að eins ákveðið, að viðlagasjóður veiti lánið til stofnunar á búnaðarskólum. Þeir geta því verið 20 og einnig

eigi nema tveir, en nefndin hefur ákveðið, að lána skyldi handa tveimur búnaðarskólum norðan og austan, og 2 sunnan og vestan, en eigi fleirum. Það getur líka verið, að eigi verði stofnaður nema einn búnaðarskóli í suður- og vesturumdæminu, en þeir mega ekki vera fleiri en fjórir alls.

Jón Jónsson: Við 2. umræðu fjárlaganna hjer í deildinni kom jeg fram með 3 breytingartillögur, en jeg gat ekki fengið deildina til að fallast á neina af þeim. En þegar fjárlögin koma upp í efri deildina, þá er það eptirtektavert, að hinir konungkjörnu þingmenn tóku eina af þessum tillögum til greina og felldu úr fjárlögunum veitinguna handa kennaranum við læknaskólann fyrir kennslu á yfirsetukvennafræði. Nú hef jeg leyft mjer að taka upp aðra af þeim tillögum mínum, sem fjellu við 3. umræðu fjárlaganna í þessari deild, og það er breytingartillaga mín um, að felldur verði styrkurinn til að gefa út enn eitt bindi af lagasafni fyrir Ísland, og vona jeg, að þingmenn sjái, að engin skynsöm ástæða geti verið til að prenta upp aptur hin sömu lög og búið er að prenta einu sinni áður á kostnað landsins, og einungis til þess að fá útlegging af þeim á dönsku prentaða með. Þá hef jeg ásamt fleiri þingmönnum komið fram með breytingartillögu um, að veita 300 kr. til sjúkrahúss á Siglufirði, og kvaðst framsögumaður vera henni samdóma að efninu til, og vona jeg, að hann geti orðið henni fullkomlega samþykkur, þegar hann sjer viðaukatillögu þá, sem við þingmenn Skagfirðinga höfum nú látið prenta, og sem koma mun bráðum hjer inn á fundinn, um að fjárveitingin skuli bundin því skilyrði, að húsið verði byggt af innbúum læknishjeraðsins á fjárhagstímabilinu og án kostnaðar fyrir landssjóð. Þá hef jeg leyft mjer að stinga upp á, að launabótin handa forstöðumanni prestaskólans verði felld. Framsögumaður segir, að heimild sje fyrir þessari launabót í frumvarpi stjórnarinnar, sem lagt var fyrir ríkisdaginn 1862—63, en þetta frumvarp náði ekki fram að ganga á hinum danska ríkisdegi og getur því varla verið bindandi fyrir alþingi Íslendinga, og getur alþingi varla verið þekkt fyrir að veita þessum manni launaviðbót, þegar það er búið að fella launabótina handa biskupinum. Þá vill framsögumaður veita læknum launaviðbót, þó með því skilyrði að þeir biðji ekki um neina launaviðbót framar. Það er ekki hætt við því, að þeir gjöri það, þegar yfirdómurinn hefur neitað þeim um hana, jeg verð því að vera á móti þessari fjárveiting, sem yfirdómurinn hefur sýnt að þeir hafa enga kröfu til. En jeg hef svo mikla sómatilfinningu, að ef læknunum verður veitt þessi launaviðbót og ef breytingartillaga mín um að fella launabótina handa forstöðumanni prestaskólans ekki nær fram að ganga, þá mun jeg varla greiða atkvæði á móti launaviðbót biskups, sem styðst alveg við hinar sömu ástæður og launaviðbót forstöðumanns prestaskólans, og sem ekki kemur í bága við neinn yfirrjettardóm, eins og launabótin handa læknunum. Þá kemur breytingartillagan um 100,000 kr. lán úr landssjóði handa einstökum mönnum. Hún er sprottin af því, að 2 frumvörp um lánsstofnanir, sem legið hafa fyrir þessu þingi, hafa fallið. Mjer þætti slæmt, ef alls enginn árangur yrði af hinum mörgu snjöllu ræðum, sem haldnar hafa verið um þörfina á að bæta úr peningaeklunni hjer á landi, og að hjálpa einstökum mönnum um lán til jarðabóta og annara þarflegra fyrirtækja, og virðist liggja næst að taka nokkuð af því fje viðlagasjóðsins, sem nú er ávaxtað hjá Dönum, og lána það út hjer gegn tryggu veði með 6% í 28 ár, sem ekki mundi verða lántakendum mjög þungbært, en þó fullt eins gott fyrir landssjóðinn.

Varaforseti: Þar sem hinn háttvirti framsögumaður tók fram, að nokkur ágrein-

ingur hefði orðið í nefndinni um 10. gr. C. 4, þá þekki jeg ekki þennan ágreining. Jeg veit ekki betur en nefndin öll, að honum sjálfum undanteknum, hafi viljað halda þessu. Hann sagði, að það væri eðlilegt og gætilegt að láta amtsráðin úthluta helming fjársins, en jeg get ekki sjeð, að það sje eðlilegt; það er engin vissa fyrir, að nokkur maður eða nokkurt ráð verji betur þessu fje landinu í hag, en einmitt sýslunefndirnar sjálfar. Jeg get heldur ekki sjeð, að það sje ógætilegt, því jeg held fjenu sje allt eins vel borgið í höndum sýslunefndarinnar. Viðvíkjandi 13. gr. A. a., þá veit jeg, að þeir þingmenn, sem undir það skrifuðu, hafa meint bæði árin, enda stóð svo í handritinu upphaflega. Hvað samlagninguna snertir, þá er hún ekki útfærð fyr en öll greinin er lögð saman, enda er það ekki gjört hjá framsögumanninum sjálfum. Jeg lýsi því yfir, að þeir þingmenn, sem undir þetta breytingaratkvæði hafa skrifað, hafi meint bæði árin, og það meina víst allir þingmenn, sem greiða atkvæði með uppástungunni. Að öðru leyti skal jeg ekki mæla fram með henni, því að jeg vona, að hún mæli fram með sjer sjálf.

Framsögumaður: Jeg gat ekki vel fylgt ræðu hins háttvirta 2. þingmanns Skagfirðinga viðvíkjandi breytingartillögunni við 11. gr. tölul. 1.; en eptir því sem mjer skildist, bar hann framsögumanni á brýn mótsögn, er hann vildi ekki veita læknunum launaviðbót, ekki biskupinum, en aptur forstöðumanninum, og sagði hann, að jeg hefði skírskotað til heimildar í frumvarpi stjórnarinnar, en jeg hef aldrei sagt, að fyrir því væri lagaheimild, heldur að úr því frumvarpið væri tekið til greina í nokkru, þá yrði það að vera tekið til greina í öðru. En nú er þegar búið að taka það til greina bæði við biskup, forstöðumann og fleiri áður í fjárlögum. Það er ljóslega tekið fram í frumvarpinu, að biskupinn átti að fá 2 launaviðbætur, unz launin væru orðin 3200 rd., en forstöðumaður prestaskólans 3 launaviðbætur, unz launin væru stigin úr 1600 rd. til 2200 rd., þ. e. 200 rd. fyrir hverja 5 ára þjónustu. Úr því nú þingið hefur tekið frumvarpið til greina, þá verður það að gjöra það eins í þessu atriði. Hann sagði, að það væri mótsögn, að vera með því, að læknarnir fengju þóknun, því krafa þeirra, eptir því sem mjer heyrðist, væri ekki á neinu studd. Hún er einmitt studd á 3. gr. í þessu sama frumvarpi, því þar er gjört ráð fyrir, að þeir byrji með 600 rd. launum og fái 100 rd. viðbót fyrir hver 3 ár, unz laun þeirra sjeu orðin 1000 rd., en með læknalögunum 15. október ¡ 1875 fellur frumvarpið alveg úr sögunni í þessu efni, með 2. málsgrein 3. greinar, því þar stendur, að því leyti sem læknar hafi, þ. e. sjeu búnir að fá, meiri laun, þá skuli þeir halda þeim. Læknarnir hafa því enga lagalega kröfu til þessarar fjárveitingar, og þó frumvarpið hefði verið lög, þá væri það fallið með 3. gr. læknalaganna. Jeg vona, að þingmenn, og jafnvel þingmaður Skagfirðinga, sjái, að hjer er engin mótsögn, en hann verður að fyrirgefa, þótt jeg líti á málið í heild sinni, en ani ekki áfram án þess að líta hvorki til hægri nje vinstri, eins og sumir gjöra.

Grímur Thomsen: Jeg skal leyfa mjer með fáum orðum að gjöra grein fyrir því, hversu jeg muni haga atkvæðum mínum í þessu máli. Jeg mun greiða atkvæði mitt með frumvarpinu, eins og það kemur frá hinni heiðruðu efri deild, og þó er eigi því að neita, að sum af breytingaratkvæðum, sem hjer hafa komið fram, eru til bóta. Jeg vil taka til dæmis breytingartillögu hinna heiðruðu þingmanna Skagfirðinga, þar sem þeir fara fram á það, að bætt sje við eptirmála fjárlaganna þessari ákvörðun: «Lán úr við-«lagasjóði má eptirleiðis veita einstökum «mönnum gegn tryggu jarðarveði og 6%

•leigu og afborgun í 28 ár. Til að fullnægja, •slíkum lánbeiðslum má verja meðal annars •100,000 kr. af innstæðufje og ríkisskulda•brjefum viðlagasjóðsins». En þótt jeg álíti þessa breytingartilögu góða, eins og nú er ástatt, þar sem bæði frumvarp til laga um bauka og lánsstofnun hafa verið felld af þinginu, og þótt jeg sjái, að með þessu móti geti landsmenn fengið bæði meira lán og með hagfelldara móti, en áður, þá þori jeg þó eigi að greiða atkvæði með þessari breytingartillögu, af því að jeg óttast naumleika tímans, sem eigi leyfir, að mál þetta sje tafið með breytingum. Hvað breytingartillögum hinnar heiðruðu nefndar viðvíkur, þá eru þær engar svo áríðandi eða mikilsverðar, að það sje leggjandi í hættu fyrir þær, að fjárlögin eigi nái fram að ganga á þinginu. Viðvíkjandi breytingartillögu hinnar heiðruðu nefndar við 10. gr. C. 4, var hinn háttvirti framsögumaður nefndarinnar heldur eigi svo harður á því, að hún næði fram að ganga. Hvað breytingartillögu nefndarinnar við 11. gr. snertir, þá skal jeg leyfa mjer að vekja athygli manna á því, að það er mjög lítill munur á tillögum hinnar heiðruðu efri deildar og breytingartillögum nefndarinnar, að því er töluupphæðina snertir, því hin heiðraða efri deild hefur fært tölulíðinn upp í 78,838, 67 a. fyrir bæði árin til samans, en nefndin hefur fært þá upphæð niður í 75,452 kr. fyrir bæði árin, og verður mismunurinn þannig 3386 kr.; en nú hefur hin heiðraða nefnd lagt það til, að auk þessara 75452 kr. væru veittar eitt skipti fyrir öll 3000 kr., og mismunurinn á tillögum hinnar heiðruðu efri deildar og hinnar heiðruðu nefndar verður þá loksins eigi nema einar 386 kr. 67. a., og þetta er of lítill meiningarmunur til þess, að tilvinnandi sje að tefja málið einungis vegna þess. Þar sem hin heiðraða nefnd hefur viljað koma hinni 20. gr., sem efri deildin hefur fellt úr, aptur inn í fjárlögin, þá finnst mjer henni þar mikil vorkunn, þótt hún vilji svara hinum ýmsu óþægilegu athugasemdum stjórnarinnar með þessari grein. En greinin befur þó ekkert inni að halda, sem eigi hefur verið tekið fram hjer á þinginu, og jeg held þetta verði eigi brýnt betur fyrir umboðsstjórninni, en búið er. Ef jeg greiði atkvæði mitt með nokkrum breytingum við frumvarp þetta, þá mun jeg greiða atkvæði með þessari grein, en jeg álít, að tíminn leyfi yfir höfuð engar breytingar við frumvarpið. Viðvíkjandi eptirmála fjárlaganna tók hinn háttvirti framsögumaður það fram, að sú breytingartillaga, sem nefndin þar hefði gjört við frumvarpið, eins og það kom frá hinni heiðruðu efri deild, hefði að eins verið gjörð til þess, að eigi væri hætt við, að fleiri skólar yrðu stofnaðir, en til var tekið í frumvarpinu. En það var einnig tilgangur hinnar heiðruðu efri deildar, að veita eigi meira fje til stofnunar búnaðarskóla, en hún áliti að nægja mundi, það var alls eigi meining hennar, að ætla að fara að stofna neinn fjölda af búnaðarskólum. Jeg mun því samkvæmt því, sem jeg nú hef tekið fram, gefa frumvarpi hinnar heiðruðu efri deildar, eins og það nú liggur fyrir, atkvæði mitt.

Framsögumaður: Jeg ætla að eins að svara stuttlega hinum háttvirta þingmanni Borgfirðinga, að því er viðvíkur breytingartillögu nefndarinnar við 11. gr. Jeg játa fúslega, að munurinn milli frumvarpsins, eins og það kemur frá hinni heiðruðu efri deild, og tillögu nefndarinnar er eigi mikill, að því er tölurnar snertir, en það er engu að síður mikill munur að því leyti, að eptir frumvarpi efri deildarinnar er þeim veitt þetta eins og laun; þeir eru þannig settir alveg inn á fjárlögin, eins og þeir hefðu haft tilkall til þessarar fjárveitingar lögum samkvæmt. Og þegar svo næsta þing ætlar að færa þessa tölu niður, þá segja þeir: •Nei, jeg þakka; mjer var veitt þetta í 2 ár; ætlið þið strax að fara að taka það af mjer•. Það var þannig eigi töluupphæðin, sem kom nefndinni til þess að gjöra þetta breytingaratkvæði, heldur það, hversu og á hvern hátt fjeð var veitt. Þeir hætta ekki fyr, en þeir árlega fá 2400 kr. í laun. Tveir af þessum 5 læknum hafa jörð, sem

fylgir embættinu. Að minnsta kosti veit jeg, að bæði læknarnir í Suður-Múlasýslu og Eyjafirði hafa jarðir til umráða með talsverðu afgjaldi, og það eru þó hlunnindi. Og þótt jeg álíti lækna þá menn, sem lausastir eru við öfundsýki, þá munu þeir þó koma og segja: «Það er enginn jöfnuður, að jeg, sem þjóna jafnörðugu læknisumdæmi, sem Þingeyjarsýsla er, skuli eigi fá nema einar 1500 kr. í laun, en læknirinn á Akureyri 2400 kr. og 200 kr. í afgjald af embættisjörð sinni að auk», o. s. frv. Það getur líka vel verið, að auk þessarar viðbótar, kosti það þingið 1883 einar 1000 kr. að rífast um, hvort þeir skuli halda þessum launum framvegis. Það er þetta rifrildi, sem jeg vil forðast. Jeg vil, að menn fái þó einhvern tíma frið til þess að hugsa um einhver þarfari mál, en launalög, og hvort veita skuli laun eptir einhverju frumvarpi, samþykktu eða ósamþykktu, eða yfir launalög fram. Af þessu vil jeg takmarka þessa fjárveitingu við eitt ár, og jeg vona, að hinir heiðruðu uppástungumenn breytingartillögunnar gefi nefndinni óskert atkvæði sitt í því.

Grímur Thomsen: Jeg skal leyfa mjer að minnast með fáeinum orðum á skilyrði það, sem hin heiðraða nefnd hefur sett fyrir fjárveitingu þessari. Þessir 5 eldri læknar eiga að fá þóknun eitt skipti fyrir öll, en með því skilyrði, að þeir hætti öllum launaaukabeiðslum sínum síðan. Mjer sýnist nú, að þetta skilyrði sje eigi formlegra en uppástunga nokkurra þingmanna um, að setja lán úr viðlagasjóði inn í 10. gr. fjárlaganna. Með fjárlögum getur veitingarvaldið bannað umboðsstjórninni að veita fje nema með vissum skilyrðum, en með engum lögum verður mönnum bannað að biðja um eitthvað. Það er engan veginn meining mín, að snúa út úr orðum hinnar heiðruðu nefndar, en jeg vildi að eins leyfa mjer að benda á, að skilyrði þetta er eigi vel formlegt. Hefði staðið: «Þóknun eitt skipti fyrir öll til 5 eldri lækna», skyldi jeg hafa gefið því atkvæði mitt, en eins og það er nú úr garði gjört, get jeg eigi greitt atkvæði með því. Jeg vil því leyfa mjer að stinga upp á því, að greidd sjeu atkvæði um þetta í tvennu lagi, þannig að fyrri liðurinn nái aptur að «með því skilyrði».

Framsögumaður: Jeg skal leyfa mjer að svara hinum heiðraða þingmanni Borgfirðinga nokkrum orðum. Jeg fæ eigi sjeð, að þetta skilyrði sje öðruvísi lagað, en svo mörg skilyrði á eldri fjárlögum, t. d. fyrir fjárveitingum til kvennaskóla og barnaskóla. Þar stendur, að þetta veitist með því skilyrði, að svo og svo mikið sje lagt fram á móti, t. d. helmingur fjárins. Ef hinn háttvirti þingmaður Borgfirðinga vill beita þessari athugasemd, sem er í því fólgin, að maður geti bundið landstjórnina, en eigi þriðja mann, ef hann beitir þessari athugasemd við skilyrðið fyrir kvennaskólum og barnaskólum, þá kemur alveg sama fram, því þar verða amtsráðin og forstöðumenn skólanna þriðja persónan. Landshöfðingi segir: «Þú getur fengið fjeð, ef amtsráðið og bæjarstjórnin kemur með helming á móti»; er þetta þá ekki skilyrði við þriðja mann? Eins er þessu varið; landstjórnin hefur umráð yfir 3000 kr. og segir við læknana: «Nú er búið að skipta þeim í sundur á milli ykkar, en þið fáið það ekki, nema þið gefið afsölubrjef fyrir því, að þið skulið ekki ómaka þingið eptirleiðis með launaaukabeiðslum». Það er þeim mun undarlegra, að hinn háttvirti þingmaður Borgfirðinga skuli koma fram með þetta, sem honum er manna kunnugast um, hversu orða skuli skilyrði, sem fara í sömu stefnu og þetta.

Halldór Friðriksson: Jeg skal ekki minnast mikið á breytingaratkvæðin, nema það eitt, sem snertir læknana. Þar sem hjer er eigi um fullar 400 kr. að ræða, finnst mjer þær eigi svo mikils varðandi, að leggjandi sje á hættu fyrir þær, að fjárlögunum verði eigi lokið. Hinn háttvirti framsögumaður gat þess, að þeir mundu álíta þetta laun, sem þeir ættu að halda eptirleiðis. Það getur verið, að þeim

verði þetta, en þeir hafa enga meiri rjettarkröfu eptir en áður. Jeg fyrir mitt leyti skal nú játa, að jeg álít vafasamt, hvort þeir hafa nokkra lagaheimild fyrir þessari kröfu, en þeir hafa sanngirniskröfu, því þeir fengu embættin með von frá stjórninni um, að þau mundu hækka síðar. En hjer er nú eigi verið að ræða um, að þetta gildi nema þessi tvö næstu ár, og jeg get ekki eins og hinn heiðraði framsögumaður verið hræddur við, að þeir komi síðar með sömu kröfu; jeg held það sje þá hægt fyrir þingið að segja nei. Það er heldur alls eigi hætt við því, að þeir álíti, að þingið með þessu viðurkenni rjett þeirra til slíkra launa framvegis, því hefði svo verið, þá hefði átt að bæta þeim upp öll þau undanfarin ár, sem þeir hafa búið við þetta. En eptir umræðum hjer á þingi, og eptir dómi, sem fallið hefur í málinu, geta þeir eigi gjört sjer neina von um þetta framvegis. Ráði þingið 1883, hvað það gjörir í þessu. En mjer finnst engin ástæða til þess, að ætla að þingið 1883 verði svo meinlaust, að það leyfi þeim þessi laun eptirleiðis, þar sem þetta þing neitar um laun, sem það veitti 1879. Embættisjarðirnar, sem einstaka læknir hefur, eru skilyrði, sem þeir einu sinni hafa hlotið, og það er alls eigi rjett að nota þessar jarðir til þess, að gylla með þeim ástæðurnar fyrir, að taka af þeim launin, því þær eru þeim lögheimilaðar. (*Framsögumaður*: Það rýrir sanngirnina). Nei öldingis ekki. Þótt læknirinn í Þingeyjarsýslu skörti einhver hlunnindi, sem annar læknir hefur að lögum, þá er það engin ástæða fyrir hann að heimta sömu kjör. Jeg get ekki með neinu móti fellt mig við þetta skilyrði, sem þeir verða að undirgangast. Ef þeir eigi gefa skriflegt vottorð, þá fá þeir eigi fjeð út borgað. Þetta sjer þó hinn háttvirti framsögumaður að er óviðkunnanlegt. Hefði einungis staðið: «í eitt skipti fyrir öll 3,000 kr.», þá mundi jeg hafa unað miklu betur við það. Skilyrðið, sem sett hefur verið við fjárveitingu til barna- og kvenna-skóla, er allt annars eðlis, en þetta skilyrði, sem læknunum er sett, því þeir eiga ekki að leggja neitt á móti. Og úr því nú að hin heiðraða nefnd fór að veita þetta fje «í eitt skipti fyrir öll», þá hefði hún eigi átt að láta það vera svona nápínulegt. Jeg veit ekki, nema jeg hefði gjört breytingaratkvæði við þetta, ef tíminn hefði leyft það, en það er nú eigi því að fagna. En mjer finnst, að úr því veiting þessi er að eins eitt skipti fyrir öll, þá hefði nefndin eigi átt að bjóða þeim minna, en það sem þeir hefðu að rjettu lagi átt að fá sem viðbót við laun sín í 2 ár.

Þorlákur Guðmundsson: Jeg ætlaði að minnast á skilyrði það, sem nefndin hefur sett við þetta fjárframlag til hinna 5 eldri lækna; jeg er henni mjög þakklátur fyrir þetta skilyrði, og álít það öldungis nauðsynlegt, úr því þeim er að nokkru sinnt; en jeg álít, að hlutaðeigandi læknar þurfi ekkert afsalsbrjef að gefa út, því að jafnskjótt sem þeir hafa veitt þessari fjáruppháð móttöku, eptir sem hverjum þeirra getur að rjettri tiltölu borið, hafa þeir um leið skuldbundið sig til að hlýða þessu skilyrði. Dómstólarnir hafa skorið úr því, að læknar þessir hafa enga rjettarkröfu til þessarar viðbótar. Það er annars undarlegt, að vera að veita embættismönnum launaviðbót ofan í dómstólana, og sem þingið áður hefur neitað, og fyrir því er nauðsynlegt, eins og hinn háttvirti framsögumaður sagði, að setja þetta skilyrði við, til þess eptirleiðis að koma í veg fyrir þras um sama efni. Vjer verðum að hafa það hugfast, að tími sá er dýrmætur, sem vjer sitjum hjer á þingi, og jeg finn það glöggt nú, þegar jeg fer af þingi, að það verður ljett í vasa þjóðarinnar, að vera að þrátta hjer um ómerkileg mál, sem geta kostað landið mörg hundruð krónur í tómum ræðuhöldum, en þarfamál eru sett til baka. Þjóðin á heimting á því af oss, að vjer eyðum ekki þessum dýrmæta tíma í þrættanir um smámuni og smámál, því síður að leggja út fje á móti lögum og dómi, heldur látum þau sitja á hakanum, en leggjum alla krapta fram að starfa að stórmálunum, og þeim, sem þjóðinni eru mest áhugamál.

Jeg er samþykkur þessari breytingartillögu við eptirmála fjárlaganna. Privatmenn ættu öldungis eins að fá lán úr viðlagasjóði gegn tryggu jarðarveði, því hvað verður þarfara við hann gjört? En mjer þykir fjáruppbæðin of bá.

Eiríkur Kúld: Jeg þarf ekki að fara mörgum orðum um breytingartillögu þá, sem mitt nafn stendur undir ásamt 7 annara háttvirtra þingmanna. Hinn háttvirti varaforseti hefur skýrt frá tilgangi hennar, og sömuleiðis leiðrjett þann misskilning, sem misprentun sú, sem á henni er, hefur valdið, og vona jeg, að hin háttvirta deild leiðrjetti það hjá sjer og taki ekki hart á því. Það, sem kom mjer til að vera með þessum 400 kr., var það, að jeg kann ekki við, að alþingi 1881 fari eins og að leiðrjetta aðgjörðir stjórnar og þings 1879, sem hvortveggja hafa álitið þessa veitingu rjetta. Jeg get eigi álitið það samboðið og verðugt áliti þingsins. Auk þess er hjer um litilræði að gjöra, og allir þingmenn og allir íbúar landsins verða að álíta, að það komi niður á verðugan stað. Jeg hefði, ef til vill, greitt atkvæði með breytingum nefndarinnar á 11. gr. tölul. 1, ef hún hefði tekið ögn dýpra í árinni. en jeg verð að vera hinum háttvirta þingmanni Reykvíkinga samdóma um það, að nefndin hefur skorið mjög naumt upp á nögl sína, þar sem hún eigi gat látið upphæð þá halda sjer, sem hin háttvirta efri deild hefur komið sjer saman um. Jeg kann eigi við þessa smámunasemi. Hinn háttvirti framsögumaður kvaðst eigi vilja fjárveitingar fyrir lög fram, en þegar gildar sanngirnisástæður væru fyrir hendi, þá kvaðst hann vera fús að fara eptir þeim. Þessu er jeg alveg samdóma, en hann gat eigi fundið hjer neinar sanngirnisástæður, en jeg get fundið þær talsverðar, sem mæla með þessu máli. Hinn háttvirti framsögumaður verður að gæta þess, að það eru ekki margir læknar, sem hafa afgjaldslausar bújarðir. Jeg get t. d. nefnt honum læknninn í Stykkishólmi; því læknisumdæmi fylgdi áður ein hin bezta jörðin þar vestra, en svo var sú jörð tekin frá. Það læknisumdæmi er eitt hið umfangsmesta, og þó var bætt við það stórum og erfiðum hrepp, án þess að læknirinn fengi nokkra launaviðbót fyrir það. Þetta kalla jeg sanngirnisástæður, sem mæli með launaviðbót. Það var einhver háttvirtur þingmaður, sem vildi hrinda öllum sanngirnisástæðum, af því að dómstólarnir hefðu eigi dæmt þeim launaviðbót, en jeg vil biðja hann að gæta þess, að málið hefur enn ekki gengið fyrir 3. dómstólinn, ekki fyrir hæstarjett, og það hefur þó brugðið fyrir, að hæstirjettur hefur ekki aðhyllzt dóm yfirrjettarins, heldur undirdómarans, og það yrði enginn hagur fyrir landssjóð, ef læknar hjeldu þessu máli til streitu og ynnu það svo fyrir hæstarjetti

Ef engar aðrar breytingar yrðu á frumvarpi þessu, eins og það er komið frá hinni háttvirtu efri deild, þá álít jeg mjög óheppilegt, að þetta eina atriði yrði til að breyta þeim, og kynni að valda seinum úrslitum þess.

Jón Jónsson: Ef jeg man rjett, voru fjárlögin 24. ágúst 1879 á hjer um bil sama stigi, sem nú, og náðu þó fram að ganga á sameinuðu þingi 26. ágúst; en í ár er hægt að halda sameinað þing 27. ágúst; það er því engin hætta við að breyta fjárlögunum, og þjóðin getur heimtað það af oss, að vjer leggjum nokkuð á oss hina síðustu daga þingsins. Hinn háttvirti 1. þingmaður Árnesinga hjelt, að upphæð sú, sem við höfum stungið upp á að yrði lánuð einstökum mönnum úr viðlagasjóði, væri of mikil, en jeg vona, ef hann gætir betur að, að hann sjái, að hún er eiginlega allt of lítil handa öllum landsbúum. Sjer í lagi ætti 100,000 kr. lán handa einstökum mönnum um 28 ár ekki að vaxa þeim í augun, sem greiddu atkvæði með því, að landssjóður tæki á sig ábyrgð fyrir, að privat-lánsfjelag borgaði 4½ % vexti af 500,000 kr. og meiru um ótiltekið tímabil. Það er misskilningur hjá hinum háttvirta framsögumanni, ef hann heldur, að jeg hafi fundið ósamkvæmni í því, hvernig hann kemur fram gagnvart

læknlaununum og gagnvart launum forstöðumanns prestaskólans; en jeg sagði, að ósamkvæmni væri hjá nefndinni, að því er snertir læknalaunin af annari hálfu og biskupslaunin af binni hálfu. Jeg benti á það, að ef sanngirni mælti með, að fullnægja vonum lækna um launaviðbót, væri einnig sanngjarnt, að láta von biskups um launaviðbót rætast. Von hans styðst við veitinguna á alþingi 1879, en vonir læknanna ónýttust alveg, þegar yfirdómurinn neitaði að taka kröfur þeirra til greina, þótt þær ef til vill hafi glæðzt dálítið, þegar 1. þingmaður Húnvetninga og 2. þingmaður Suður-Múlasýslu voru kosnir á þing. Allir þessir 5 hjeraðslæknar eru ungir menn, og hafa eigi enn látið mjög mikið til sín taka í framkvæmdum og starfi fyrir fósturjörðina, en biskupinn er gamall maður og hefur komið fram til mikils góðs, unnið landinu frama með því að ávinna sjer doktors-nafnbót við háskólann í Kaupmannahöfn og hefir samið eða gefið út margar guðsorðabækur og eflt með þeim trúarlíf vort hjer á landi. Einn hinn fyrsti bóndi, sem jeg átti tal við hjer á landi, þá er jeg eptir 20 ára dvöl í Danmörku aptur kom hingað fyrir 15 árum síðan, spurði mig, hvort jeg þekkti ekki guðsorðabækur Pjeturs biskups, og síðan hef jeg fundið þær alstaðar, þar sem jeg hef ferðazt um sveitirnar, á hinum aumustu kotum og á stórbæjum. Ef því nokkur embættismaður hefur sanngirniskröfu til launaviðbótar, þá er það Pjetur biskup, og vilji deildin endilega veita hjeraðslæknum og forstöðumanni prestaskólans þær þokkabætur, sem þeim hafa verið ætlaðar, get jeg ekki verið á móti launabót biskupsins, en helzt felldi jeg allar þessar launabætur.

Jón Ólafsson: Jeg vil benda mönnum á, að það er mikill munur á, þótt nefndin rjeði eigi til að veita biskupnum launaviðbót um daginn, en ráði til að veita læknunum þetta nú. Nefndin vill enn sem fyr ekki veita læknunum launahækkun, heldur þóknun í eitt skipti fyrir öll, sumpart af því að þeir bjuggust við hærri launum, þá er þeir fengu embætti sín, en alls ekki af því, að hún telji þá hafa nokkra lagaheimild til þess. Það er því engin ósamkvæmni, þótt greitt sje atkvæði með læknunum, en móti biskupnum. Þar sem farið er fram á þetta lán úr viðlagasjóði, hefði mig eigi furðað á því, ef það hefði verið fyrir 10—12 árum síðan, en að hinn háttvirti 2. þingmaður Skagfirðinga skuli nú vera að berjast fyrir því, furðar mig. Mig furðar það, að hann, sem heldur svo með banka, og sem ásamt fleirum vonar víst, að banki verði stofnaður hjer innan skamms, mig furðar það, segi jeg, að hann skuli vilja, að nú á þessu fjárhagstímabili, sem hjer ræðir um, sjeu teknar og lánaðar út 100 þúsund krónur af viðlagasjóði, því að eimmitt þessi uppástunga hlýtur að spilla fyrir bankastofnun hjer.

Eirikur Briem kvaðst að eins ætla að lýsa yfir því, að hann og meðuppástungumenn hans ætluðu að taka aptur viðaukatillögu sína sökum formgallans, sem á henni þætti vera; þeir vonuðu, að hún gæti samt sem áður komizt að, ef þetta frumvarp kæmi í sameinað þing.

Síðan var gengið til atkvæða og fjellu þau þannig:

1. Breytingaruppástunga nefndarinnar við 10. gr. C. 4. Sökum óglöggrar atkvæðagreiðslu var við haft nafnakall, og sögðu:

Já:
Eiríkur Briem,
Magnús Andrjesson,
Benidikt Sveinsson,
Friðrik Stefánsson,
Jón Jónsson,
Jón Ólafsson,
Ólafur Pálsson,
Tryggvi Gunnarsson,
Þórarinn Böðvarsson,
Þorsteinn Jónsson,
Þorsteinn Thorsteinson,
Þorvarður Kjerulf.

Nei:
Arnljótur Ólafsson,

Egill Egilsson,
Eiríkur Kúld,
Grímur Thomsen,
Guðmundur Einarsson,
Halldór Friðriksson,
Lárus Blöndal,
Þórður Magnússon,
Þorkell Bjarnason,
Þorlákur Guðmundsson.

Breytingaruppástungan var þannig samþykkt með 12 atkvæðum gegn 10.

2. Breytingartillaga 2 þingmanna við 10. gr. C. 10 samþykkt með 12 atkvæðum gegn 10.
3. Viðaukatillaga 5 þingmanna um nýjan tölulið (12.) við 10. gr. C. tekin aptur.
4. Breytingartillaga nefndarinnar við 11. gr. 1. samþykkt með 17 atkvæðum.
5. Breytingartillaga nefndarinnar um nýjan gjaldlið í 11. grein, milli 1. og 2. töluliðs, var borin upp í tvennu lagi, og var fyrri hlutinn, aptur að skilyrðinu, samþykktur með 11 atkvæðum gegn 10, að við höfðu nafnakalli sökum óglöggrar atkvæðagreiðslu.

Já sögðu:
Magnús Andrjesson,
Eiríkur Kúld,
Grímur Thomsen,
Guðmundur Einarsson,
Halldór Friðriksson,
Lárus Blöndal,
Tryggvi Gunnarsson,
Þórarinn Böðvarsson,
Þórður Magnússon,
Þorsteinn Jónsson,
Þorsteinn Thorsteinson.

Nei sögðu:
Eiríkur Briem,
Arnljótur Ólafsson,
Benidikt Sveinsson,
Egill Egilsson,
Friðrik Stefánsson,
Jón Jónsson,
Ólafur Pálsson,
Þorkell Bjarnason,
Þorlákur Guðmundsson,
Þorvarðnr Kjerulf.

Síðari hluti breytingartillögunnar (skilyrðið) var samþykktur með 14 atkv.

6 Breytingartillaga 6 þingmanna við 11. gr. 2 var samþykkt með 12 atkvæðum gegn 10, og var nafnkall við haft eptir ósk 6 þingmanna.

Já sögðu:
Benidikt Sveinsson,
Egill Egilsson,
Friðrik Stefánsson,
Jón Jónsson,
Jón Ólafsson,
Þórarinn Böðvarsson,
Þórður Magnússon,
Þorkell Bjarnason,
Þorlákur Guðmundsson,
Þorsteinn Thorsteinson,
Þorvarður Kjerulf.

Nei sögðu:
Eiríkur Briem,
Magnús Andrjesson,
Eirkur Kúld,
Grímur Thomsen,
Guðmundur Einarsson,
Halldór Friðriksson,
Lárus Blöndal,
Ólafur Pálsson,
Tryggvi Gunnarsson,
Þorsteinn Jónsson.

Atkvæði Arnljóts Ólafssonar, sem skoraðist undan að greiða atkvæði, var talið með meiri hlutanum.

Viðaukatillaga 2 þingmanna við næstu breytingartillögu á undan var samþykkt með 14 atkvæðum gegn 1.

7. Breytingartillaga 8 þingmanna við 13. gr. A. a. var samþykkt með 14 atkv. gegn 4.
8. Breytingartillaga Jóns Jónssonar við 13. gr. B. I. a. var tekin aptur.
9. 20. grein nefndarinnar (ný grein) samþykkt með 19 atkvæðum.
10. Breytingartillaga nefndarinnar við eptirmálann var samþykkt með 18 atkvæðum.
11. Viðaukatillaga 2 þingmanna við eptir-

málann var samþykkt með 12 atkvæðum gegn 6.

EIN UMRÆÐA Í EFRI DEILD,
á 49. fundi, 25. ágúst.

Frumvarpið, eins og það var samþykkt við eina umræðu í neðri deild, sjá I. 537—544.

Breytingaruppástungur
við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1882, eins og það var samþykkt við eina umræðu í neðri deild.

10. gr. C. 4. Athugasemdin innanstryks orðist þannig:
«Landshöfðingi úthlutar helmingi fjárins til sýslunefnda og bæjarstjórna, að hálfu eptir fólksfjölda og að hálfu eptir samanlagðri tölu jarðarhundraða og lausafjárhundraða. Hinum helmingi fjárins úthlutar landshöfðingi eptir tillögum amtsráðanna, að hálfu milli búnaðarfjelaga og búnaðarsjóða».

10. gr. C. 10. bætist inn í sem nýr liður. «Til að gefa út «Lovsamling for Island» alls . . . . . 1660 kr.» verður þá 10. liður 11. liður.

11. gr. 2. liður með athugasemd falli burt. 1882 1883 alls.
3. liður, sem verður 2. liður orðist þannig:
Önnur útgjöld 2248 2248 4496
og athugasemdin innanstryks falli burt.

13. gr. A. a. Í staðinn fyrir: «8432 8432» komi: «8032 8032».

20. gr. Síðari málsgrein falli burt.
Viðaukinn.
Fyrri málsgrein orðist þannig:
Af viðlagasjóði má veita að láni til stofnunar á búnaðarskólum 50,000 kr. til norður- og austuramtsins og 50,000kr. til suðuramtsins og vesturamtsins helming til hvors. Lánið ávaxtist og endurborgist með 6% á 28 árum.
Síðari málsgrein falli burt.

Fjárlaganefndin.

19. gr. Orðin: «stofnun lánsfjelags fyrir eigendur fasteigna á Íslandi» falli burt.

Magnús Stephensen.

Framsögumaður: Tími sá, sem nefndinni hefur í þetta sinn gefizt til að íhuga þetta mál, eptir að það kom frá neðri deild þingsins, hefur verið svo stuttur, að ómögulegt hefur verið að semja skriflegt nefndarálit, og vil jeg því leyfa mjer, að skýra stuttlega frá þeim ástæðum, sem nefndin hefur fyrir sig að bera í breytingum þeim, sem hún nú hefur farið fram á. Ágreiningsefnin eru ekki mörg, en þau hefðu þó getað orðið færri, hefði ekki ýmislegt það komið fram í meðferð málsins nú á ný í neðri deild þingsins, sem valdið hefur ágreiningi. Nefndin hefur allt af haft það fyrir augum, að gjöra sem fæstar breytingar, er væru nýmæli, og þær fáu, svo lagaðar, að samkomulag gæti náðst. Nefndin gat ekki fallizt á, að sá styrkur, sem veittur er til eflingar búnaði, gangi eingöngu til sýslunefndanna; skal jeg í þessu tilliti vísa til orða minna við fyrri umræður þessa máls, að eigi beri einungis að líta á þarfir einstakra manna, heldur á almennings-þarfir, á þarfir alls landsins. Við 10. gr. C. 10, skal jeg geta þess, að nefndinni þótti æskilegt, að lagasafn fyrir Ísland væri gefið út þannig, að það gæti náð saman við hin önnur stjórnartíðindi. og hefur nefndin því sett þennan lið inn. Viðvíkjandi 11. gr. 2. tölul. lýsti jeg því áður yfir, að eigi væri sanngjarnt, að þeir 5 læknar, sem um er að ræða, misstu af þeim launum, sem þeir löglega gætu átt tilkall til eptir eldri læknalögum, og gat þess um leið, að óheppilegt væri að bæta þeim missinn með aukafjárveitingu, en að betur ætti við, að láta þá fá sanngjarna uppbót með reglulegum lögum, og yrði þá ekki að veita fje til þeirra á hverjum tveggja ára fresti, sem valda mundi bæði óþægð og óvissu. En nú er ekki lengur spursmál um, að fá þessu framgengt. Þar sem talað er um, að veita þeim fjárupphæð eitt skipti fyrir öll, þá gæti þetta verið gott, ef þeir

þá hættu að biðja, en nú er ekki með þessari ákvörðun svo loku fyrir skotið, að þeim sje gjört ómögulegt að biðja optar, eða öðrum meinað að gjöra það fyrir þeirra bönd. Það er óeðlilegt og órjett, að veita þeim upphæð 3000 kr. af handahófi sem þóknun, til þess að þeir afsali sjer þeim rjetti, sem þeim að lögum gæti borið. Hversu ósanngjarnt þetta er, sjest bezt, þegar athugað er, hversu mikið hverjum þeirra til kemur sem launauppbót, því að það er meira á fjárhagstímabilinu, en samkvæmt þessari upphæð kæmi á hvern eitt skipti fyrir öll. Þar sem það nú ekki er auðið, að veita þessum 5 læknum það, sem þeim gæti borið í samkvæmni við laun annara embættismanna, en óheppilegt að veita þessa upphæð eitt skipti fyrir öll, þá ræður nefndin til að fella burt 11. gr. 2. lið með athugasemdinni, eða með öðrum orðum: sleppa þessu spursmáli nú í þetta sinn. Að því er snertir spursmálið um sjúkrahús í Siglufjarðar-læknisumdæmi, þá leggur nefndin til að fallast ekki á þetta atriði. Viðvíkjandi aldursviðbót til biskupsins skal jeg geta þess, að öllum meiri hluta nefndarinnar þótti sjálfsagt, að hún færi á sama hátt og 11. gr. 1., og tek jeg þetta fram sem skoðun meiri hluta nefndarinnar með fyrirvara, að því er skoðun mína á máli þessu áhrærir, en henni hef jeg lýst áður. 20. gr. hefur nefndin sömu skoðun á sem áður, að hún hafi enga þá þýðingu, að ástæða sje til að halda henni. En af því að nefndin þó til samkomulags öllu fremur gat fellt sig við fyrri kafla greinarinnar, er hún fús til að halda honum, ef síðari kafli verður burt felldur, eða þá að samið verði upp aptur þetta niðurlag greinarinnar, eða ef ekki það, þá liggur helzt fyrir, að sleppa greininni allri. Neðri deild þingsins hafði ekki getað fallizt á tillögur þessarar deildar um það, hvernig veita skuli lán til búnaðarskóla, og hefur hún tekið upp hið fyrra ákvæði um þessa veitingu. En nefndin verður að vera á því, að rjettara sje, að til taka, hversu mikið skuli veitt til suður- og vesturamtsins, og hversu mikið til norður- og austuramtsins. Niðurlagsatriðið, sem er ný grein, og gjörir ráð fyrir að ljá fje í 28 ár með 6% leigu og afborgun, ætlar nefndin íhugunarvert. Nú við árslok standa víst útlánaðar hjer um bil 150 þúsund krónur gegn árlegri afborgun um lengri tíma og bætist mikið við þessa upphæð, t. a. m. 100,000 til búnaðarskóla o. s. frv., er það því tvísýnt, hvort það er heppileg meðferð á fje landssjóðsins; afleiðingin er náttúrlega sú, að peningar verða ekki tiltækilegir í landssjóði til einhvers annars, sem þarf að brúka þá. En auk þess er það eigi ávallt heppilegt, að lána privatmönnum fje upp á þessa skilmála; út úr því geta komið mjög vafasöm spursmál, t. a. m. ef hlutaðeigandi skuldunautur deyr, sem opt kann að koma fyrir, eða eitthvað sjerlegt haggast um veðið við eignarskipti að sölum eða erfðum. Af þessum orsökum verður nefndin alveg að ráða frá þessu atkvæði.

Jeg hef þá í stuttu máli gjört grein fyrir tillögum nefndarinnar og vona jeg, að hinir háttvirtu þingmenn sjái, að þær miða til þess að ná samkomulagi og koma málinu áfram, enda hefur nefndin allt af haft það hugfast, að koma með engar þær breytingar og allrasízt nýmæli, er líkindi væru til að valdið gæti nokkrum verulegum ágreiningi.

Með því að fleiri tóku ekki til máls, bar forseti breytingartillögurnar og síðan frumvarpið upp til atkvæða, og fjellu þau þannig.

1. Breytingartillaga nefndarinnar við 10. gr. C. 4. var samþykkt í einu hljóði.
2. Breytingartillaga nefndarinnar við 10. gr. C. 10. var samþykkt í einu hljóði.
3. Tillaga nefndarinnar, að 11. gr. 2. liður falli burt, samþykkt með öllum atkvæðum.
4. Breytingartillaga nefndarinnar við 3. lið sömu greinar samþykkt með 10 atkv.
5. Breytingartillaga nefndariunar við 13. gr. A. a samþykkt með 7 atkvæðum.
6. Breytingartillaga frá hinum 4. konungkjörna þingmanni við 19. gr. samþykkt með 10 atkvæðum.

7. Breytingartillaga nefndarinnar við 20. gr. samþykkt í einu hljóði.
8. Breytingartillaga við viðauka frumvarpsins, fyrri kafla, samþykkt í einu hljóði.
9. Tillaga nefndarinnar, að síðari kafli viðaukans falli burt, samþykkt í einu hljóði.
10. Frumvarpið þannig breytt samþykkt með 9 atkvæðum.

Kvað forseti frumvarpið nú verða afgreitt til forseta bins sameinaða alþingis.

EIN UMRÆÐA Í SAMEINUÐU ÞINGI, á 3. fundi, 27. ágúst.

Frumvarpið, eins og það var samþykkt við eina umræðu í efri deild, sjá I, 537—544.

Breytingartillögur
við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1882 og 1883, eins og það var samþykkt við eina umræðu í efri deild.

1. Við 10. gr.:
   Jón Jónsson: Í stað:
   «veitast 348832 kr. 38 a.»
   komi: «veitast: 347172 — 38 -»
2. Við 10. gr. C. 4:
   Sami: Athugasemdin orðist þannig: «Landshöfðingi úthlutar fjenu milli sýslunefnda og bæjarstjórna eptir rjettri tiltölu að hálfu eptir fólksfjölda og að hálfu eptir samanlagðri tölu jarða og lausafjárhundraða».
3. Við 10. gr. C. 10: «Til þess að gefa út Lovsamling for Island 1660 kr.»
   Sami: Þessi liður falli burt.
4. Við 10. gr. C. 10:
   Sami: Liður þessi verði C. 11.
5. Við 13. gr. A. a.
   Þórarinn Böðvarsson og Eiríkur Kúld:
   a. Fyrir: «8032 — 8032».
      komi: 8432 — 8432».
   b. Samlagning greinarinnar breytist eptþessu.
6. Við 13. gr. B. I. a (laun til prestaskólans): Jón Jónsson:
   Í stað: «10316 — 10316»
   komi: «9916 — 9916».
7. Við 19. gr:
   Fjárlaganefnd efri deildarinnar:
   a. Orðin: «stofnun háskóla á Íslandi» falli burt.
   b. Í staðinn fyrir: «breyting á 1. og 5. gr.»
      komi: «breyting á 1. gr.»
8. Við eptirmála fjárlaganna:
   Jón Jónsson: Við eptirmála fjárlaganna bætist þessi orð: «þar að auki má verja 100,000 kr. af innstæðufje viðlagasjóðsins til lána handa einstökum mönnum gegn tryggu fasteignarveði og 6% leigu og afborgun í 28 ár».

Jón Jónsson: Jeg hef leyft mjer að koma fram með 6 breytingartillögur við frumvarp þetta. Sökum naumleika tímans hef jeg ekki getað borið mig saman við aðra þingmenn, og þess vegna stendur nafn mitt eitt undir þessum breytingartillögum. En öllum, sem þekkja sögu fjárlaganna á þessu þingi, er það kunnugt, að það er ekki Jón Jónsson, 2 þingmaður Skagfirðinga, sem á þessar breytingartillögur; þeir vita, að þær eru í raun og veru frá meiri hluta þingmanna neðri deildarinnar og frá fjárlaganefndinni.

Jeg ætla fyrst að taka 5. breytingartillögu mína, því hún er elzt, þótt hún standi ekki fyrst. Hún kom á þessu þingi fyrst fram í nefndaráliti fjárlaganefndarinnar í neðri deildinni, en vjer þekktum hana þegar frá þinginu 1879. Þá var það, að 1 þingmaður Eyfirðinga, sem nú hlaut þann heiður, að verða framsögumaður fjárlaganefndarinnar, tók það ljóslega fram, að þingið mætti ekki veita aðrar upphæðir en þær, sem þörf og nauðsyn væri á. Hann tók það einnig fram, að engin þörf eða nauðsyn væri á þessari fjárveitingu, og að alþingi væri ekki bundið við ákvarðanir í frumvarpi, sem lagt hefði verið fyrir það danska ríkisþing fyrir 19 árum síðan, en hvorki hlotið samþykki ríkisþingsins nje konungs. Þjóðin öll þakkaði 1. þingmanni Eyfirðinga fyrir þessa frammistöðu; hún skildi þessa röksemdaleiðslu hans, og

var honum samdóma um, að alþingi hefði gengið nógu langt í launaveitingum 1875, þó það færi ekki síðan að hækka þessi laun samkvæmt óljósum ummælum í einhverju dönsku frumvarpi, sem ef til vill mætti skilja á ýmsa vegu. Við þingmenn Skagfirðinga og margir aðrir, sem sátu á alþingi 1879, fylgdum fúslega þingmanni Eyfirðinga; en hinir voru oss yfirsterkari, og forstöðumaður prestaskólans öðlaðist laun þau, er stjórnin hafði óskað handa honum. Eins og von var, vildi fjárlaganefndin ekki láta þar við sitja. Í áliti hennar, sem 1. þingmaður Eyfirðinga mun hafa samið sem framsögumaður hennar, segir meðal annars um launaviðbót þá, er hjer ræðir um og um launaviðbót biskups: «Nefnd-«in sannfærðist um, að engar lögmætar laga-«ákvarðanir eptir 25. grein stjórnarskrárinnar «væru til fyrir launaviðbótum þessara em-«bættismanna, þegar menn undanskilja fjár-«lögin hver fyrir sína tíð. Þess þarf naumast «að geta, að frumvarpið 1862—63, sem svo «opt er til vitnað, er engin lög». En hvern-ig fór? Málið kemur til umræðu á þingi. Þá koma fram raddir, sem enginn gat búizt við. Maður heyrði getið um samdrátt milli fjárlaganefndarinnar og ýmsra skarpra lögfræðinga í efri deildinni. Framsögumaður fer allt í einu að leita að prentvillum í því 19 ára gamla lagafrumvarpi, sem hann var búinn margsinnis að dæma dautt og marklaust, og svo finnur hann eitthvað púður, sem á að kosta landssjóðinn þessa 400 kr. árlega launaviðbót handa forstöðumanni prestaskólans. Jeg ímynda mjer, að mörgum hafi farið eins og mjer: við skiljum ekki þetta púður, við skiljum ekki skarpleika þess manns, sem framsögumaður virðist hafa gefið skilninginn fanginn undir. (Hringdur niður. *Forseti*: Jeg bið þingmanninn að halda sjer nær efninu; þetta kemur ekki málinu við). Þegar jeg á þinginu 1879 greiddi atkvæði á móti launaviðbót forstöðumanns prestaskólans, og þegar fjárlaganefndin hafði þau orð um hana, sem hún hafði, þá hafði jeg góða ástæðu fyrir því. Jeg studdist við 25. grein stjórnarskrárinnar. Hin sama sem kom því til leiðar, að launaviðbótin handa biskupnum var felld; en hverju vilja heiðvirðir þingmenn svara kjósendum sínum, ef launaviðbótin handa forstöðumanni prestaskólans er samþykkt, en launaviðbótin handa biskupi felld? Ekki fer vel á því að segja, að þessar veitingar hafa farið svo af því, að vinsældir Sigurðar hjá háttstandandi þingmönnum voru meiri en vinsældir Pjeturs.

2. töluliður í breytingaruppástungum mínum er um að skipta öllu fjenu til efiingar búnaði milli sýslunefnda og bæjarstjórna. Heldur ekki þessa tillögu á jeg; hún er sprottin upp í fjárlaganefnd neðri deildarinnar, og margir þingmenn voru mjer samdóma um, að þessi tillaga væri einhver hin ágætasta af öllum þeim tillögum, sem komið hafa frá fjárlaganefndinni. Vjer, sem ímyndum oss, að framfarir Íslands sjeu mest komnar undir efiingu hjeraðsstjórnar, sáum í þessari tillögu bendingu í hina rjettu átt, hvöt fyrir sýslunefndir og bæjarstjórnir til þess að sameina kraptana til nauðsynlegra fyrirtækja og að hætta að líta í hvert sinn, sem um einhverja framför væri að ræða, vonaraugum til landshöfðingja og amtmanna. Í þessari deild gekk allt vel, og tillagan var samþykkt með miklum atkvæðamun, en svo þegar til efri deildarinnar kom, var allt eyðilagt; þar kom einhver skarpvitur og ráðríkur andi, sem umturnaði öllu saman. Jeg vona, að hinir háttvirtu þingmenn taki eptir því, að hjer er um verulegt princips-spursmál að ræða, og að þeir fylgi sannfæringu sinni í þessu atriði, eu fari ekki eptir vilja einhvers ósýnilegs anda, sem virðist geta smeygzt þar inn, er menn sízt ættu að búast við, að skriffinnska og apturhaldsstefna rjeði úrslitum mála. Hin 6. breytingartillaga mín á við eptirmála fjárlaganna, og hefur ekki eins veglega sögu á þessu þingi og hin 2 atriðin, sem jeg er búinn að tala um. Hún kom fyrst fram í breytingartillögu við fjárlögin frá okkur þingmönnum Skagfirðinga, þegar bæði lánsfjelagið og landsbankinn voru fallin. Úr því að útsjeð var um, að nokkur lánsstofnun

kæmist á, vildum við reyna að bæta úr peningaeklunni með því að taka 100,000 kr. af fje því, sem landið á hjá ríkissjóði Dana, og lána það út einstökum mönnum gegn tryggu fasteignarveði, og fjellst meiri hluti neðri deildarmanna á þessa uppástungu og gjörði hana þannig að sinni tillögu. Jeg vil minna á mælsku 1. þingmanns Eyfirðinga og 1. þingmanns Suður-Múlasýslu, þegar þeir voru að útlista þörf þá og nauðsyn, sem væri á að bæta úr peningaeklunni hjer á landi. Þeir gátu ekki orðið samdóma um, hvernig lánsstofnun yrði haganlegast komið fyrir; en öllum var samdóma um, að vjer þyrftum að gjöra eitthvað til að gjöra mönnum hægra fyrir með að fá lán. Jeg vona því, að menn sjái, að það sje byggilegra að lána sparifje landsins út í landinu sjálfu, en að lána ríkissjóðnum danska það. En það vona jeg að allir sjái, að verja megi viðlagasjóðnum til að stofna banka, þó fje hans verði á vöxtum hjá jarðeigendum hjer á landi. Breytingaruppástunga mín um útgáfu lagasafnsins hefur sömuleiðis áður verið samþykkt af neðri deildinni, og vona jeg, að hinir háttvirtu þingmenn játi, að hún sje á rökum byggð, hvað sem svo sje hvíslað af hinum ósýnilega anda. Hann getur ekki neitað, að flestöll þau lagaboð og stjórnarbrjef, sem spurning er um í þessum gjaldlið að verði prentuð upp aptur á dönsku, sje fyrir löngu búið að prenta á kostnað landsins á íslenzku í tíðindum um stjórnarmálefni. Þetta voru nú breytingaruppástungur mínar, og skal jeg láta úttalað um þær; en áður en jeg sezt niður, vil jeg fara nokkrum orðum um breytingaruppástungu þá, sem Þórarinn Böðvarsson og Eiríkur Kúld standa undir. Jeg hef áður tekið fram skoðun mína á launaviðbótunum handa forstöðumanni prestaskólans og biskupi, og veit því þingið, að jeg er á móti báðum þessum launaviðbótum, af því að þær styðjast ekki við nein lög; en skyldi nú alþingi ekki vera mjer samdóma um það, að fella þær báðar, sje jeg ekki betur, en að sómi þingsins er í veði, ef öðrum af þessum 2 embættismönnum er veitt launabótin, en hinum ekki. Hinn einstaki þingmaður hefur að vísu ekki beinlínis ábyrgð á slíkum fjárveitingum og þeirri, er jeg áður hef getið um handa forstöðumanni prestaskólans, og hinni, er rædd var í neðri deildinni um daginn, handa herra Bald, sem meðal annars má telja það til ágætis, að hann hefur sett krýndan þorsk á alþingishúsið; en jeg vil ekki vera með að kasta skugga á biskup landsins, og jeg sje ekki betur, en að þetta yrði afleiðingin, ef það alþingi, er veitti öðrum þokkabætur, neitaði biskupnum um þá upphæð, er hjer ræðir um. Jeg óska því, að breytingaruppástunga mín um að fella launaviðbótina handa forstöðumanni prestaskólans verði borin upp á undan breytingaruppástungunni um viðbótina handa biskupnum. Verði uppástunga mín samþykkt, þá greiði jeg atkvæði móti launaviðbót handa biskupnum; en veiti þingið forstöðumanni prestaskólans launabótina, stríðir það móti rjettlætis- og sómatilfinningu minni, sem alþingismanns Skagfirðinga, að greiða atkvæði á móti biskupnum. Þingmaður Borgfirðinga tók það fram um daginn, þegar spurning var um afnám biskupsembættisins, að við ættum að halda biskupsembættinu í heiðri, en ámælti um leið hinum núverandi biskupi fyrir að hafa sleppt of miklu af embættisvaldi sínu, líklega í hendur söfnuðum og veraldlega valdinu; en þessi ámæli ættu einmitt að vera meðmæling í augum alþingis, sem er einn liður hins veraldlega valds, og hefur alþingi opt áður sýnt, að það óskar ekki, að embættismennirnir verði of ráðríkir.

Arnljótur Ólafsson: Hinn háttvirti 2. þingmaður Skagfirðinga hefur komið hjer fram með mörg breytingaratkvæði, og eptir því, sem honum fórust orð, skildist mjer, að hann hefði gjört þau, til þess að vera í samkvæmni við fjárlaganefnd neðri deildar og umræðurnar um þetta mál, einkanlega að því er snertir 10. gr. C. 4. En því miður hefur höfundur breytingartillaganna, annaðhvort viljandi eða óviljandi, gjört mjög

mikla breyting á tillögum fjárlaganefndarinnar um útskiptingu fjárins. Ef menn lesa 10. gr. C. 4 í frumvarpinu, þá sjest, að ætlazt er til, að landshöfðingi úthluti fjenu til sýslunefnda og bæjarstjórna, «að hálfu eptir fólksfjölda og að hálfu eptir samanlagðri tölu *jarðarhundraða* og lausafjárhundraða», en tillögumaður gjörir mjög verulega breyting á þessu, þar sem hann leggur til, að landshöfðingi úthluti fjenu «eptir rjettri tiltölu að hálfu eptir fólksfjölda og að hálfu eptir samanlagðri tölu *jarða* og lausafjárhundraða» Hann setur «jarða» inn fyrir «jarðarhundraða», það er með öðrum orðum: hann vill láta telja jarðirnar og fara eptir því, hvað margar þær eru í sýslunni. Það er þessi litla breyting, sem hann hefur gjört. Þó að maður vildi nú vera góðfús lesari og reyndi að taka saman «jarða og lausafjárhundraða», þá er það ómögulegt, því að ekki verður sagt «jarðafjárhundraða», svo sem að «fjárhundraða» ætti við bæði orðin. Þá kemur sú breyting hans undir 3. tölulið, að hann vill fella úr styk þann, sem veittur er til þess að gefa út lagasafnið; þá skilst mjer, að liðirnir verði því færri, sem þessi liður fellur burt. En nú kemur hann með annað breytingaratkvæði undir 4. tölulið og segir, að þessi 10. liður, sem hann vill fella úr, verði 11. liður. Hvað á þá að verða úr 11. lið, sem í frumvarpinu er? Á hann að rýma sessi, eða á hann að falla burt? (*Nokkrir*: Þetta er prentvilla!). Þar sem að sagt er, að þetta sje prentvilla, þá skal jeg leyfa mjer að geta þess, að jeg hef handritið í höndum, og jeg skal leyfa mjer að afhenda hinum háttvirta forseta það, til þess að hann geti sannfært menn um, að það er alveg samkvæmt handritinu, sem prentað stendur, og sem jeg nú hef sagt; það stendur hvorttveggja í handritinu með ljósum orðum og með þessari inndælu bönd, sem allir þekkja. Þetta, sem jeg nú hef tekið fram, gjörir það að verkum, að jeg get ómögulega fallizt á nokkra af þessum breytingum.

Þá er hjer einnig breytingartillaga frá tveim háttvirtum þingmönnum. Jeg get ekki annað sagt en það, að þó að æfinlega megi virða staðfestu í orðum, þá getur hún þó stundum orðið að þrákelkni. Mjer þykir það kynlegt, að menn skuli nú koma enn fram á vígvöllinn með þessa breytingartillögu, þar sem nefndin í neðri deild stakk upp á þessari niðurfærslu, neðri deildin samþykkti hana og efri deildin fjellst líka á hana; en það var einungis við óskiljanlegan atburð við eina umræðu í neðri deildinni, að sú breyting komst inn í frumvarpið, sem hjer ræðir um; það var kraptaverk, að hún komst að, því að jafnvel hinn staðfasti 2. þingmaður Skagfirðinga gaf við nafnakall atkvæði með því, sem hann allt af hefur sagt að hann væri á móti; hann hefur allt af sagt, að hann væri með þessari niðurfærslu, en við nafnakall gefur hann atkvæði móti henni; en það getur verið, að þingmaður, sem allt af fer eptir sannfæringu kjósanda sinna, en ekki eptir sinni eigin, geti gjört slíkt og þvílíkt. Jeg vil því biðja tillögumennina að taka þessa breytingartillögu aptur, svo að þeir ekki leiði jafnvel útvalda í freistni, svo sem 2. þingmann Skagfirðinga. Ef það eigi verður gjört, þá vil jeg leyfa mjer að leggja það til samkvæmt 26. gr. þingskapanna, að breytingartillögunni verði vísað frá.

Þórarinn Böðvarsson: Fyrst hinn háttvirti forseti hefur leyft mjer að tala, þá skal jeg strax benda hinum háttvirta frjálslynda framsögumanni fjárlaganefndarinnar á það, að þar sem hann skoraði á forseta, að vísa burtu breytingaratkvæði okkar, þá væri það í fyrsta sinn á öllu þinginu, sem slíkt hefði verið gjört, ef áskorun hans væri tekin til greina. Þótt hinn hæstvirti forseti hafi leyft mjer að tala, skal jeg samt ekki vera margorður, því bæði er það, að þingtíminn er nú á förum, og svo þarf þetta breytingaratkvæði ekki mikilla meðmæla, með því efni þess mælir með sjer sjálft. Hinn háttvirti þingmaður Eyfirðinga kvaðst ekki geta skilið, að þetta breytingaratkvæði væri sprottið af öðru, en þrákelkni, en jeg verð

að hiðja hann að hafa þetta orð sjálfan eða við hafa það einungis þar, sem það getur átt við, en jeg verð alveg að frábiðja mjer slík ummæli, þar sem jeg enn einu sinni ber þetta mál fram af þeirri sannfæringu, að það sje rjett og í alla staði sanngjarnt, að biskupinn fái þá launabót, sem hjer ræðir um. Hinn háttvirti framsögumaður vísaði til nefndarálitsins í neðri deildinni, en jeg segi, að eins víst og það var, að meiri hluti nefndarinnar var með því, að fella þessa ákvörðun út úr stjórnarfrumvarpinu, eins víst er líka hitt, að það voru ekki allir nefndarmenn, sem þessu voru samþykkir, og hin háttvirta neðri deild sjálf væri sjer ekki samkvæm, ef hún nú stuðlaði að því, að þetta breytingaratkvæði væri fellt, þar sem deildin áður er búin að samþykkja efni þess með 14 atkvæðum. En það vil jeg segja, að þingið er þá fyrst sjálfu sjer samkvæmt, ef það samþykkir nú þetta breytingaratkvæði. Þingið 1879 samþykkti, að biskupinn skyldi fá að halda þessari launaviðbót, og af hvaða ástæðum? Jeg álít þá ástæðu fullnægjandi, er framborin var þá á þingi af hendi hins háttvirta framsögumanns fjárlaganefndarinnar, sem sagði, að hann vildi veita þessa launaviðbót, þó hann og fleiri þingmenn væru sannfærðir um, að hún væri ekki lögum samkvæm; þ. e. þingið 1879 hefur samþykkt að veita þessa upphæð án þess að taka tillit til þess, hvort hún hefði við lög að styðjast eða ekki. Það var því vegna mannanna sjálfra, biskups landsins og forstöðumanns prestaskólans, sem þessi fjárveiting var samþykkt á þinginu 1879; en nú er talað um, að skilja þessa menn að, og veita forstöðumanni prestaskólans þessa launabót, sem þó margir eru og hafa verið á móti, en sem þingið 1879 samþykkti að veita með viðbótinni við laun biskupsins. Jeg tek það upp aptur, að þar sem þingið 1879 veitti þessa launabót mannanna sjálfra vegna, þá fæ jeg ekki skilið, hvernig þingið getur nú svipt biskupinn þessum launum sjálfs hans vegna. Það er að vísu satt og líka eðlilegt, að þessi heiðursmaður, sem nú er hniginn á efri aldur, getur ekki framar unnið með því þreki og kappsmunum, sem hann áður hefur unnið með fyrir þing og þjóð, en það er ekki rjett af þinginu, að gleyma því, sem hann hefur áður unnið með heiðri og sóma landinu til blessunar og framfara. Aðalástæðan fyrir því, að veita nú þessa fjárhæð, er þá í fyrsta lagi sú, að þingið, með því að veita hana, væri sjálfu sjer samkvæmt, og í öðru lagi sú, að ef þingið sýnir nú ekki þessum manni, sem varið hefur lífi sínu landinu til sóma og gagns, þessa viðurkenningu, sem það þegar áður hefur sýnt honum, þá gjörir það sjálfu sjer vanvirðu. Sannleikurinn gjörir mig frjálsan. og jeg tala sannleikann, þegar jeg segi, að þessi maður hafi unnið landinu meira gagn og sóma, en nokkur annar núlifandi manna hjer á landi. Enn fremur skal jeg leyfa mjer að taka það fram, að þingið 1879 veitti báðum þessum heiðursmönnum launaviðbótina til tveggja ára, áranna 1880—1881. Biskup landsins hefur nú til þess dags í dag notið þessarar launabótar síðan 1. apríl þ. á., og ef hann nú verður sviptur þessari launabót 31. des. 1880, þá hefur hann notið hennar í 9 mánuði í stað tveggja ára, sem þingið 1879 samþykkti að hann skyldi halda henni. Jeg þori að segja, og segi það eptir beztu vitund, að flestir, ef ekki allir landsbúar virða og elska hinn háæruverðuga biskup landsins, og þeir hljóta að gjöra það allir, og jeg er viss um, að enginn, sem greiðir atkvæði móti þessari launabót hans, gjörir landsbúum þægt verk, þar sem hver maður virðir verk hans að maklegleikum, og guðsorðabækur hans finnast nálega í hverju húsi á Íslandi, og eru lesnar þar mönnum til uppbyggingar og huggunar. Skal jeg svo ekki fara fleirum orðum um þetta efni, en jeg vil styðja að því, að ósk 2. þingmanns Skagfirðinga verði uppfyllt, að breytingaratkvæðið um launabót forstöðumanns prestaskólans verði borið upp á undan breytingaratkvæðinu um laun biskupsins, því ef hið fyrra verður samþykkt, þá getur

mjer ekki blandazt hugur um, hvort taka eigi breytingaruppástungu okkar aptur, því jeg álít, að jafnt eigi að ganga yfir báða.

Forseti gat þess, að hann gæti ekki tekið áskorun 1. þingmanns Eyfirðinga til greina, nm að vísa burt breytingartillögu hinna tveggja þingmanna samkvæmt 26. gr. þingskapanna, því þar stæði: «Þegar fyrirspurn, uppástunga eða breytingaratkvæði eru borin upp og útlistuð, er sjerhverjum þingmanni heimilt að krefjast þess, að þeim sje vísað frá. *Kröfuna skal koma fram með, áður en nokkur annar en sá, sem gjörir uppástunguna eða ber upp fyrirspurnina, hefur talað*», en nú hefði annar þingmaður talað áður en krafan kom fram, svo hún, sem sagt, yrði ekki tekin til greina.

Með því að 12 þingmenn höfðu óskað þess, að umræðunum væri hætt, en þeir voru þessir:

Magnús Stephensen,
Tryggvi Gunnarsson,
Jón Sigurðsson,
Lárus Blöndal,
Árni Thorsteinson,
Þorsteinn Thorsteinson,
Sighvatur Árnason,
Guðmundur Einarsson,
Þorlákur Guðmundsson,
Ólafur Pálsson,
Grímur Thomsen,
Einar Ásmundsson,

sagði forseti umræðunum lokið, og bar síðan breytingartillögurnar við frumvarpið og frumvarpið sjálft undir atkvæði.

Atkvæðagreiðslan fjell þannig:

1. Breytingartillaga Jóns Jónssonar við 10. gr. var felld með 24 atkvæðum gegn 2.
2. Breytingartillaga hins sama við 10. gr. C. 4. var felld með 21 atkvæði gegn 4.
3. Fyrri breytingartillaga hins sama við 10. gr. C. 10. felld með 21 atkvæði gegn 6.
4. Síðari breytingartillaga hins sama við sama gjaldlið var þar við fallin.
5. Þá bar forseti undir atkvæði breytingartillögu Jóns Jónssonar við 13. gr. B. I. a., og var hún felld með 27 atkvæðum gegn 3.
6. Þar á eptir bar forseti upp til atkvæða breytingartillögu 2 þingmanna við 13. gr. A. a. Sökum óglöggrar atkvæðagreiðslu var við haft nafnakall, og sögðu

Já:
Eiríkur Briem,
Eiríkur Kúld,
Árni Thorsteinson,
Egill Egilsson,
Friðrik Stefánsson,
Guðmundur Einarsson,
Jón Jónsson,
Jón Pjetursson,
Jón Sigurðsson,
Lárus Blöndal,
Magnús Andrjesson,
Ólafur Pálsson,
Pjetur Pjetursson,
Sigurður Melsteð,
Þórarinn Böðvarsson,
Þórður Magnússon,
Þorlákur Guðmundsson,
Þorsteinn Jónsson,
Þorsteinn Thorsteinson.

Nei:
Arnljótur Ólafsson,
Ásgeir Einarsson,
Benidikt Kristjánsson,
Benidikt Sveinsson,
Einar Ásmundsson,
Grímur Thomsen,
Holgeir Clausen,
Jón Ólafsson,
Magnús Stephensen,
Sighvatur Árnason,
Skúli Þorvarðarson,
Stefán Eiríksson,
Tryggvi Gunnarsson,
Þorkell Bjarnason,

Þorvarður Kjerulf.

Halldór Friðriksson greiddi eigi atkvæði; var atkvæði hans því talið með meiri hlutanum, og breytingartillagan þannig samþykkt með 20 atkvæðum gegn 15.

Hin síðari breytingaruppástunga sömu þingmanna var álitin samþykkt án atkvæða.

7. Breytingartillögur fjárlaganefndarinnar í efri deild voru samþykktar með 32 atkvæðum.
8. Viðaukatillaga Jóns Jónssonar við eptirmála fjárlaganna. Um hana var sökum óglöggrar atkvæðagreiðslu við haft nafnakall, og sögðu

Já:
Eirikur Briem,
Egill Egilsson,
Friðrik Stefánsson,
Guðmundur Einarsson,
Jón Jónsson,
Jón Ólafsson,
Magnús Andrjesson,
Ólafur Pálsson,
Þorkell Bjarnason,
Þorlákur Guðmundsson,
Þorsteinn Jónsson,
Þorsteinn Thorsteinson,
Þorvarður Kjerulf.

Nei:
Eiríkur Kúld,
Árni Thorsteinson,
Arnljótur Ólafsson,
Ásgeir Einarsson,
Benidikt Kristjánsson,
Benidikt Sveinsson,
Einar Ásmundsson,
Grímur Thomsen,
Halldór Friðriksson,
Holgeir Clausen,
Jón Pjetursson,
Jón Sigurðsson,
Lárus Blöndal,
Magnús Stephensen,
Pjetur Pjetursson,
Sighvatur Árnason,
Sigurður Melsteð,
Skúli Þorvarðarson,
Stefán Eiríksson,
Tryggvi Gunnarsson,
Þórarinn Böðvarsson,
Þórður Magnússon.

Var viðaukatillagan þannig felld með 22 atkvæðum móti 13.

9. Frumvarpið í heild sinni var síðan borið upp til atkvæða og samþykkt með 34 atkvæðum.

Kvað forseti frumvarpið nú verða afgreitt til landshöfðingja sem lög frá alþingi. Sjá I, 593—600.

II.

Fjáraukalög fyrir árin 1880 og 1881.

Frumvarp til fjáraukalaga fyrir árin 1880 og 1881 frá stjórninni er prentað í fyrra parti alþingistíðindanna 65.—68. bls.

Á 2. fundi neðri deildar, 2. júlí, lagði landshöfðinginn frumvarp þetta fyrir deildina, og var því út býtt meðal þingdeildarmanna.

FYRSTA UMRÆÐA Í NEÐRI DEILD, á 4. fundi, 6. júlímán.

Frumvarpinu var eptir uppástungu forseta umræðulaust vísað til fjárlaganefndariunar.

FRAMHALD FYRSTU UMRÆÐU Í NEÐRI DEILD, á 50. fundi, 16. ágústmán.

Nefndarálit I, 430—432.

Framsögumaður (*Arnljótur Ólafsson*): Eins og hin heiðraða deild getur sjeð, hefur nefndin verið í vandræðum viðvíkjandi tveimur fjárveitingum í frumvarpi stjórnarinnar, nfl. 4. gr. og 6. gr. frumvarpsins. 4. grein fer fram á það, að krefjast 2000 kr. viðbótar við það, sem í 15. grein fjárlaganna er ætlað til vísindalegra og verklegra fyrirtækja. Hinir háttvirtu þingmenn sjá sjálfir, hvað nefndin hefur sagt, að hún hefur látið upphæðina standa óhreifða, og hvorki ráðið til nje frá. Nefndin hefur lýst yfir því, að landshöfðinginn hafi eigi sýnt nein skírteini eða glöggva reikninga fyrir, að fjárveiting þessi væri nauðsynleg, en hún áleit, að þar sem fulltrúi stjórnarinnar á alþingi átti í hlut, þá mundi hann færa hinni heiðruðu deild full rök fyrir fjárbeiðslu þessari. Nefndin segir því: Það er á þingsins valdi, hvað þingdeildin ályktar viðvíkjandi þessu. Hvað 6. grein snertir, þá er nefndin þar í efa um ofgreiðslu á byggingarkostnaði alþingishússins, einkum fyrir þá sök, að byggingarreikningur landshöfðingja er nálega allur áætlaður. Nú eru þegar liðnar meira en 6 vikur frá því, að alþingishúsið var fullgjört, og þó er af 13 upphæðum, sem á reikningnum standa, einar tvær, sem eigi eru áætlaðar, og af þessum tveimur upphæðum er önnur kostnaður sá, er leiddi af því, að byrjað var að hlaða grunn hússins á allt öðrum stað, en það nú stendur á, og sem vafasamt er hver ástæða var til að var kosinn, því það byggingarstæði var og er alveg ótiltækilegt í alla staði, þar sem hver, er um veginn fer, getur sjeð, að vegurinn er meira en alin hærri en grundvöllurinn. En með tilliti til þess, að húsið er prýðilega úr garði gjört og vel gengið frá því í alla staði, þá vill nefndin ráða til þess, að fje þetta verði veitt. Þó ræður nefndin til þess, að eins og reikningurinn er áætlaður, eins standi í fjárveitingunni «*allt að* 23000 kr., og til húsbúnaðar allt að 5500 kr.»

Jón Ólafsson: Af því að jeg hef ritað undir nefndarálit þetta með fyrirvara, skal

jeg leyfa mjer, að skýra frá því, hverjar ástæður jeg hafði fyrir því. Mjer þykir jafnan mjög óheppilegt að veita með aukafjárlögum neina þá upphæð, sem stjórnin sýnir eigi með hreinum og glöggum reikningum að nauðsynleg hafi verið. Hún hefði átt að leggja fram reikninga yfir byggingu hússins, svo að nefndinni gæfist kostur á að kynna sjer þá. En með því að þetta hefur eigi verið gjört, þá getur nefndin heldur eigi haft eptirlit með, hvort fjenu hafi verið forsvaranlega varið, eða hvort það hafi verið nauðsynlegt. Þetta er óheppilegt. Og það er rangt af þinginu, að koma stjórninni upp á slíkt í fyrsta sinn, sem hún reynir til þess. Jeg vil engan veginn með þessu segja, að fje þessu hafi verið illa varið, en mjer finnst það ókurteisi af stjórninni, að ætlast til fjárveitingar af þinginu, án þess að til greina, til hvers þessi fjárveiting hafi verið notuð. Undir öllum atvikum vil jeg mæla með því, að þær 2,200 kr., sem eytt var til þess að grafa hið fyrra grunnstæði undir alþingishúsið, sem síðar var hætt við, sjeu dregnar frá upphæð þessari, að svo vöxnu máli, meðan það mál er alveg óupplýst fyrir þingmönnum, og jeg álít jafnvel, að rjettast væri, að veita ekkert af upphæð þessari fyr en á næsta þingi. Jeg skal geta þess, að nefndin skoraði á hinn hæstvirta landshöfðingja, að fullkominn og nákvæmur reikningur yfir byggingu alþingishússins væri lagður fram fyrir hana, og hún fjekk það svar, að þessa reikninga yrði ekki auðið að fullsemja fyr en í haust, og eru þó nú liðnar 6 til 7 vikur síðan húsið var fullbúið.

Grímur Thomsen: Jeg er alveg samdóma hinum háttvirta 2. þingmanni Suður-Múlasýslu í því, að það sje eigi rjett í aukafjárlögum að veita fje, nema því að eins, að lögðir sjeu fram skýrir og fullkomnir reikningar fyrir nauðsyn þessarar fjárbeiðslu. Árið 1879 fylgdi fjárlaganefndin þeirri reglu, að heimta skýra reikninga yfir allt slíkt. Jeg skal taka til dæmis aukafjárveitinguna til vitans, til latínuskólans, sem leiddi af, að nýir ofnar voru settir upp, þiljaður sundur hinn gamli alþingissalur o. fl., og þá játaði hinn hæstvirti landshöfðingi, sem mjer þykir leitt að ekki skuli vera hjer við staddur, að rjett væri að fylgja þessari reglu alstaðar, því aukaveitingum er svo varið, að þegar það sýnir sig, að fje, sem ætlað er til einhvers, eigi nægir, þá er veitt aukafjárveiting. Með fjáraukalögunum 1879 voru veittar 41,391 kr., og nú koma önnur fjáraukalög fyrir sama ár upp á 10,000 kr., því þessu fje hefur verið eytt fram yfir það, sem veitt var. Ef það heldur svona áfram, að fyrst koma fjárlög, svo aukafjárlög við fjárlög, svo aukafjárlög við aukafjárlög, svo aukafjárlög við aukafjárlög aukafjárlaga, þá fer mjer ekki að verða um sel. Það er öldungis nauðsynlegt að koma stjórninni til þess, með sundurliðuðum reikningum að sýna, hvað hún er að biðja um, annars er ekki tilhlýðilegt að veita henni fje. Jeg er hinum háttvirta 2. þingmanni Suður-Múlasýslu því samþykkari, sem jeg er sannfærður um, að 1883 koma ný aukafjárlög. Þessi upphæð í 6. grein er svo óákvörðuð og ónákvæm, að upphæðinni verður líklega breytt í þeim. Tökum nú 2. gr. Það er alveg óþarft að veita þetta fje, því það hefur þegar verið veitt áður, og þótt það hafi enn eigi verið greitt, þá verður það þó greitt. Fjeð á 3. gr. má umboðsstjórnin til að biðja um, ef eigi nú, þá árið 1883. Eins og hinn háttvirti framsögumaður tók fram um 4. gr., fer hún fram á, að fá aukafjárveitingu við upphæð, sem áður hefur verið veitt, en sem eigi er rjett að auka, nema því að eins, að fulltrúi stjórnarinnar sýni skýran reikning yfir, hversu fje þessu hefur verið varið. Fyr á fje þetta eigi að veitast. Hvað viðvíkur fje því, sem ætlað er til Möðruvallaskólans, þá verður hin heiðraða nefnd að játa, að þessi upphæð heyrir eigi til þessa tímabils; það er eigi búið að greiða haua, og hún verður eigi greidd nema að litlu leyti á þessu fjárhagstímabili, því þótt þessi aukafjárlög verði staðfest í haust, þá verður enginn tími til að byggja í haust (*Arnljótur Ólafsson*: «Jú»). Ef svo er, þá

er öðru máli að gegna, en jeg hjelt, að haustið í Norðurlandi væri ekki hentugur tími til húsabygginga. Hin heiðraða nefnd verður að vera aðgætin í fjárveitingum sínum. Því ef öllum þeim bænum verður fullnægt, sem hjer er farið fram á, þá verða af afganginum frá 1878 og 1879 116,000 kr. ekki eptir nema rúmar 19000 kr.

Jeg bið hina háttvirtu þingmenn að minnast þsss, að enginn veit, hver afgangurinn verður 1880—1881; það geta komið ýms útgjöld fyrir, sem eigi var búizt við, og tekjurnar geta breytzt. Það er því mjög ísjárvert að veita annað en það, sem er nauðsynlegt og óhjákvæmilegt. Jeg sje á athugasemdum hinnar heiðruðu nefndar, að hún vill eigi skerða veitingarvald þingsins, sem sje orðið skert fyrir þrekleysi. Það væri óskandi, að hún í þessum fjáraukalögum hefði haldið eptir handa sjer nokkru af því mikla þreki, sem hún sýndi í fjárlögunum, því það gæti verið, að þingið vildi venja stjórnina af þessum aukabeiðslum fram yfir fjárlög og aukafjárlög. Jeg skyldi tala meira um þessar óþarfa umframgreiðslur, ef hinn hæstvirti landshöfðingi væri viðstaddur, en að svo stöddu sezt jeg niður.

Framsögumaður: Af því mál þetta er til fyrstu umræðu, þá fór jeg eigi út í einstök atriði þess, nema svo sem til dæmis. En nú neyðist jeg til að svara hinum háttvirta þingmanni Borgfirðinga. Hann bar nefndinni á brýn með hægð og gætni, að hún hefði eigi sýnt það þrek í þessum fjáraukalögum, sem hún hefði sýnt í fjárlögunum, en jeg verð að biðja hinn háttvirta þingmann að gjöra mun á þreki og einræði. Nefndin hefur sýnt fulla festu við 4. gr.; hún hefur áskilið þinginu fullan rjett til þess að dæma um þessa ofgreiðslu, en hún vildi eigi leggja landshöfðingja hindranir í veginn, svo að hann gæti lagt skýrslur sínar fram fyrir þingið; því það væri einræði, en ekki þrek, ef nefndin hefði sagt: «Jeg ræð frá því að greiða þessar 2000 kr., hvort sem landshöfðingi kemur fram með nákvæmar skýrslur um nauðsyn þessa gjalds, eða ekki». Sama er í raun og veru að segja um 6. gr. Nefndin hefur tekið fram þær ástæður, sem komu henni til þess, að ráða þinginu heldur til þess að greiða þá upphæð, sem þar um ræðir, þótt hún hins vegar álíti, að það sje eigi rjett, að greiða það fje, fyr en fullnaðarreikningur hefur verið lagður fram, og það því fremur, sem nú eru rúmar 5 vikur, síðan yfirsmiðurinn fór hjeðan úr bænum. Nefndin áleit, að þrek væri fólgið í því, að standa fast á því, sem hún hefði fullan rjett til, en væri eigi fólgið í lagðaglifsi og skæklatogum. Jeg er sannfærður um, að það er að eins orðamunur á skoðun minni og hins háttvirta þingmanns Borgfirðinga, og það ætti eigi að verða að þrætuefni, svo málið komist fram með góðum samtökum. Jeg óska þess, að mál þetta fái að ganga til annarar umræðu, svo fulltrúi stjórnarinnar fái að birtast í sinum rjetta búningi.

Halldór Kr. Friðriksson: Jeg verð að telja það sjálfsagt, að við enda hvers fjárhagstímabils verði að greiða það fje, sem glöggvar og áreiðanlegar skýrslur eru fyrir hendi um að nauðsyn hafi borið til að greiða, hvort heldur það er fyrsta greiðsla eða endurgreiðsla. En á hinn bóginn virðist mjer nefndin hafa farið helzt til skammt í skýrslukröfum sínum í 4. gr. Það var skylda nefndarinnar að heimta skýrslur af landshöfðingjanum yfir fje það, er þyrfti, og eptir þeim skýrslum bar henni að segja álit sitt um, hvort nauðsyn hafi borið til gjaldanna eða ekki. Mjer virðist það með öllu nauðsynlegt, að fá áreiðanlegar skýrslur yfir fje það, sem stjórnin sjálf hefur umráð yfir, og venja hana eigi á það, að eyða meira fje en nauðsyn krefur, og verja því að eins til nytsamlegra fyrirtækja. Að því er snertir fjárveitinguna til þinghússins, er jeg samdóma hinum háttvirtu þingmönnum, þingmanni Borgfirðinga og 2. þingmanni Suður-Múlasýslu um það, að bíða verði, þangað til, að glöggur og sundurliðaður reikningur er

kominn yfir það, hversu mikið fje hefur gengið til hússins. En þrátt fyrir það kasta jeg alls eigi þungum steini á hinn hæstvirta landshöfðingja, þótt reikningarnir sjeu enn eigi komnir. Það er eigi svo langt, síðan yfirsmiðurinn fór hjeðan á braut, og gat skilað sínum reikningum, og landshöfðinginn hefur að líkindum eigi fengið reikninginn, fyr en rjett áður en yfirsmiðurinn fór, en landshöfðinginn hefur sannarlega haft svo annríkt í sumar, að jeg get eigi sjeð, að hann hafi með nokkru móti getað samið þá reikninga um alþingistímann. Annað mál er það, hvort sumu af þessu fje hafi eigi verið miður vel varið, svo sem þeim rúmum 2000 kr., er eytt var í fyrri grunngröptinn. En jeg vil biðja hina háttvirtu deild að beina athygli sínu að einu. Hinn háttvirti framsögumaður sagði í ræðu sinni, að vjer mættum eigi vera mjög nánasarlegir eða nápínulegir við hús það, sem væri sómi landsins og prýði. Jeg er honnm öldungis samdóma, en vjer verðum að minnast þess, hver sá maður er, sem mestar og beztar þakkir á skilið fyrir það, hve hús þetta er veglegt og vandað. Það er yfirsmiðurinn, herra Bald; það er hann, sem verðskuldar það, að honum sje í einhverju sómi sýndur. Það er hann, sem með ráðum og dáð og lofsverðri ástundun og alúð hefur unnið að húsi þessu, og jafnframt haft vakandi auga á, að eigi yrði eytt til þess meira fje, en nauðsyn krefði. Jeg tel það sóma landsins, eigi einungis að láta reisa þetta hús, heldur og að viðurkenna það í verkinu, að það sje prýðilega af hendi leyst. Mjer er það kunnugt, að verkamönnnunum var sýnd dálítil viðurkenning í vor, en yfirsmiðurinn fjekk enga. Jeg vil því leyfa mjer, að bera það undir hina háttvirtu þingmenn, hvort þeim virðist eigi tilhlýðilegt, að þingið sýni yfirsmiðnum viðurkenningu með því að láta honum í tje dálitla fjárveiting.

Framsögumaður: Jeg skal geta þess, að nefndin hefur eigi leitað skýrslna af landshöfðingjanum viðvíkjandi 4. gr. Það var hvorttveggja, að nefndin hafði nauman tíma, þá er hún fór að semja nefndarálit sitt, og áleit það heldur eigi brýna skyldu sína, eptir ástæðum þeim, sem færðar eru fyrir slíkri fjárveiting í frumvarpi stjórnarinnar. Í athugasemd stjórnarfrumvarpsins við 4. gr. stendur með berum orðum, að þessar 2000 kr. sjeu teknar upp í frumvarpið eptir uppástungu landshöfðingjans, og það er því hann, sem á að koma fram með ástæður fyrir fjárbóninni. Landshöfðinginn sagði sjálfur, að þetta gjörði ekkert til, og kvaðst hann skyldu skýra það fyrir þinginu, til hvers fje það þarf að nota, og jeg verð að ætla, að það standi eigi á miklu fyrir þingið, hvort nefndin kemur með skýrslur yfir það í áliti sínu eða landshöfðinginn skýrir sjálfur frá því.

Grímur Thomsen: Þótt jeg afsaki það hjá hinni háttvirtu nefnd, að hún hafi eigi verið framhleypin, þá átti hún samt að vera svo »framstigul«, þar sem henni var falið á hendur að rannsaka þetta mál, að hún átti að beiðast skýrslna hjá hinum hæstvirta landshöfðingja. Vjer höfum því að venjast, að nefndir byggi álit sitt á skýrslum, ekki sízt í fjárlagamálum. Þar sem hinn hæstvirti landshöfðingi er hjer eigi við nú, er eigi hægt að ræða þetta mál, sem vera skyldi, og verður það að bíða þess, að honum þóknist að vera hjer á þingi. En jeg get eigi skilið í því tímaleysi, sem hinn háttvirti framsögumaður hefur sjer til afsökunar, þar sem þó nefndarálitið kemur eigi fyr, en liðnir eru þrír fjórðungar þingtímans; auk þess er heldur eigi að ræða um skýrslur hjer, nema yfir nokkuð af þessu fje, því að hinn hæstvirti landshöfðingi getur eigi gefið skýrslur nema yfir fje það, sem úthlutað *hefur* verið, og það, sem hann hefur ásett sjer að úthluta, en ekki yfir það fje, sem eigi eru komnar fram bænir um. Hjer liggur nú nærri spurn-

ing um, hvort veita eigi meira fje, hvort rjett sje af þinginu að veita meira fje til verklegra og vísindalegra fyrirtækja, en veitt var í fjárlögunum, og jeg verð að greiða atkvæði móti því, hvaða skýrslur sem koma frá þinum hæstvirta landshöfðingja.

Framsögumaður: Jeg verð að vorkenna hinum háttvirta þingmanni Borgfirðinga, þótt honum finnist nefndin hafa varið miklum tíma til starfa sins, ekki sízt þegar mjer verður litið á nöfnin undir því hinu vandaða og ýtarlega nefndaráliti í Elliðaármálinu, sem útbýtt var á fundinum í dag, og nefndin sú var kosin mjög svo um sama leyti sem fjárlaganefndin. En nefndin áleit það rjett, að sýna fulltrúa stjórnarinnar á alþingi alla sanngjarna tilhliðrunarsemi, og veitti því landshöfðingjanum sem lengstan frest, til að ákveða upphæðina, sökum þess að allt af koma til hans fleiri og fleiri bænir um styrk í þessari grein. Nefndin gat eigi álitið, að tilhliðrun sú við landsböfðingjann gæti í minnsta máta orðið til þess að rýra fjárveitingarrjett alþingis.

Halldór Friðriksson: Mjer virðist það vera mjög óheppilegt af nefndinni, að vera að afsaka sig með timaleysi. Það væri eigi heppilegt, ef hin háttvirta deild samþykkti eitthvert lagafrumvarp, sem hefði stórgalla, og færi svo að afsaka sig með því, að tíminn hefði verið svo lítill, að hún hefði mátt til með, að hroða því af. Það er langtum betra, að láta það mál falla að sinni, en hroða því svo af, að engin mynd sje á. Hin háttvirta nefnd átti og mátti eigi ganga frá áliti sinu fyr, en hún gat sagt: «þarna hafið þjer það; jeg get það eigi betur». Mjer virðist það verá bein skylda hverrar nefndar sem er, og það eigi sízt fjárlaganefndarinnar, að útvega þær skýrslur og leggja fyrir þingdeildina þær skýrslur, sem hún geti stutt dóm sinn við. Það gat þó eigi verið neitt brot á tilhliðrunarsemi við hinn hæstvirta landshöfðingja, að biðja hann um skýrslurnar, og nefndin getur eigi vitað, nema hann hefði gefið þær, ef hann hefði verið beðinn um þær. Jeg verð að ætla, að nefndin hafi eigi fullnægt skyldu sinni, eigi gjört það, sem henni bar að gjöra, er hún hefur eigi útvegað næga skýrslu fyrir fjárveitingu þessari, svo að hún gæti sagt álit sitt um hana, og ráðið þingdeildinni annaðhvort til eða frá. Annars var eigi nein hvöt fyrir hinn hæstvirta landshöfðingja, að koma með neinar skýrslur fyr, en hann var beðinn um þær.

Tryggvi Gunnarsson: Þegar jeg bað um orðið var hinn hæstvirti landshöfðingi ekki í salnum, en nú er hann kominn, svo að óþarft er að eyða mörgum orðum um þessi atriði; hann mun geta gefið nægilega skýrslu. Mjer virðist það annars eigi sitja svo vel á hinum háttvirta þingmanni Reykvíkinga, að gjöra svo mikið hvassveður út af því, að nefndin eigi sagði beinar tillögur sínar í þessu máli. Hann sýndi eigi tillögum þessarar sömu nefndar í fjárlögunum svo mikið traust og fylgi, að líkindi sjeu til, að honum sje svo mjög áríðandi að styðjast við tillögur nefndarinnar í þessu máli; hitt mun heldur vera, að hann vill fá höggstað á nefndinni, og finna sjer eitthvað til. Það var eigi svo mjög af tímaleysi, eins og framsögumaður skýrði frá, að nefndin eigi fjekk nefnda skýrslu, heldur af því, að henni þótti þessara skýrslna eigi þurfa við, þar sem hinn hæstvirti landshöfðingi lofaði nefndinni að skýra þinginu munnlega frá, hvernig á þessari aukafjárveitingu stæði, og jeg get eigi sjeð, að nefndin hafi neitt vanrækt skyldu sína, þótt hún treysti loforði landshöfðingjans og tæki það gilt í þessu efni; jeg verð því að mótmæla áburði þingmanns Reykvíkinga.

Landshöfðinginn: Samkvæmt áskorunum þeim, sem fram hafa komið um skýrslur viðvíkjandi 4 gr. frumvarpsins, skal jeg eigi láta hjá líða við 2. umræðu þessa máls að skýra frá þeim bónarbrjefum, sem til mín hafa komið, um fjárstyrk af fje því, sem ætlað er til verklegra og vísindalegra fyrirtækja. Jeg álít að það heyri eigi til við 1. umræðu, og að hinir háttvirtu þingmenn geti látið sjer nægja við 1. umræðu ástæður þær, sem færðar eru fyrir aukafjárveiting

þessari í athugasemdum stjórnarfrumvarpsins, þar sem tekið er fram, að hin áætlaða upphæð, 8000 kr., og sem eigi mátti minni vera, var færð niður í 6000 kr hvort árið.

Jón Jónsson: Það hafa ýmsir lokið lofsorði á nefnd þá, er falið var það verk á hendur, að standa fyrir bygging alþingishússins; en jeg finn hvöt að benda á eina yfirsjón nefndarinnar, sem bæði hefur gjört, að smíði þetta hefur ekki orðið eins fullkomlegt og það annars mundi verða, og sem hefur mjög mikið aukið kostnað þann, er það hafði í för með sjer. Þegar á alþingi 1879 var spurning um byggingu alþingishússins, tók einn nefndarmaðurinn, er síðan var kosinn til að standa fyrir byggingu hússins, að menn óskuðu að haga byggingu hússins svo, að sem flestir innlendir smiðir fengju að starfa að byggingunni, en hvernig fór? Þegar átti að kjósa yfirsmið að húsinu gegn nefndinni þegjandi fram hjá hinum mörgu ágætu húsasmiðum, sem vjer höfum hjer á landi, og kaus útlendan yfirsmið. Það var mikið góður og samvizkusamur maður, sem nefndin rjeð; en hann var trjesmiður, eins og húsasmiðir vorir eru flestir, og enginn vafi er um það, að flestir innlendir húsasmiðir hefðu getað byggt húsið með leiðbeiningum prófessors Meldahls og eptir hans uppdráttum fullt eins vel og sá danski yfirsmiður, sem ráðinn var. Þessa aðferð nefndarinnar munu landsmenn ekki þakka henni. Þeir hafa viljað hafa Ísland handa Íslendingum, og eins og það ekki hefur verið vinsælt, að setja útlenda menn í embætti hjer á landi, þannig verður það varla vinsælt, að taka útlenda menn fram yfir innlendinga, þegar spurning er um smiðir, er landsmenn geta stjórnað eins vel og útlendingar. Yfirsmiður sá, sem nefndin rjeð, mun hafa haft 8—10 kr. laun um daginn. Jeg er viss um, að hægt hefði verið að fá innlendan mann til þessa starfa fyrir minna kaup. Og setjum nú, að það síðar meir reynist, að eitthvert við þetta smíði hafi ekki verið leyst eins trúlega af hendi, og menn bjuggust við, hvort eigum vjer þá að snúa oss, þegar yfirsmiðurinn er farinn hjeðan fyrir langa löngu; sama er um viðhald og aðgjörðir að húsinu, að slíkt hefði verið langt um hægra viðfangs, ef yfirsmiðurinn hefði verið innlendur.

Jef hef álitið mjer skylt, að taka þetta fram, því jeg veit, að það er samkvæmt skoðunum margra málsmetandi manna hjer á landi.

Friðrik Stefánsson: Þess háttar eru títt skoðanir manna, sem líka er eðlilegt, að þeir eru fúsir fyrir fram að láta af hendi hálfu meira fje til nauðsynlegra fyrirtækja, en á eptir að þurfa að bæta við það, þótt hálfu minna sje, einkum ef grunur væri á, að vanstjórn væri um að kenna. Jeg verð því að vera á skoðun hins háttvirta framsögumanns, og tek varaathugasemd hans til greina, að veita beri það, sem vantaði til húsgjörðarinnar, en samt ekki fyr, en reikningur er framlagður, sem sýnir, hvernig fjenu hafi verið varið; en ráðgjafinn hlaut samt, að veita það fje, sem vantaði, upp á væntanlegt samþykki þingsins, heldur en að láta þessa byggingu standa ófullgjörða. Það er auðvitað, að margir hljóta að hafa ýmigust á gjöldum þeim, sem koma svona, eins og fjandinn úr sauðarlegg, en hjer verður ekki öðruvísi að farið, því að húsið þurfti þó að fullkomnast. En jeg vissi eigi betur, en það væri eindreginn vilji allra á þingi 1879, að þinghúsið stæði á Arnarhól í Íngólfstúni, en sá hefur orðið endir þessa máls, að þessari byggingarnefnd, sem þá var kosin, hefur þóknazt að koma því fyrir á öðrum stað, hvort sem því hefur valdið það, að rótslæmt sje á Arnarhól, — jeg segi ekki um það, enda er jeg eigi jarðfræðingur, en vel lýst mjer á hússtæði þar — eða þá að hviklyndi byggingarnefndarinnar hefur valdið því, eða í þriðja lagi velþóknun hins háttvirta landshöfðingja, að túninu væri eigi með því spillt; svona lít jeg á þetta mál, og svo skoðar þjóðin það, því eitthvað af þessu þrennu hlýtur að hafa verið þess valdandi, að húsið skipti um stað. En eins og hinn háttvirti framsögumaður sagði, hlaut húsið að fullkomnast, hvar í

víðri veröld náunganum þóknaðist að láta grunn þess grafinn vera, og fyrir því hlaut ráðgjafinn að veita fje það, sem til þess útheimtist. En þar sem hinn háttvirti þingmaður Reykvíkinga talar um að heiðra yfirsmið Bald, þá dettur mjer í hug þetta, sem öllum hjer mun kunnugt vera: hann hefur sín laun úttekið. En jeg vil stinga upp á því, að hinn háttvirti þingmaður Reykvíkinga, fyrst honum er það svo mikið áhugamál, að hann verji vöxtum af hinu afarháa kálgarðsverði, sem hann seldi undir grunn hússins, til þess að stofna herra Bald veglegt legat honum til vegsamlegrar minningar og veglegrar viðurkenningar.

Sökum þees að eigi tóku fleiri til máls, ljet forseti ganga til atkvæða, og var frumvarpinu vísað til 2. umræðu í einu hljóði.

ÖNNUR UMRÆÐA Í NEÐRI DEILD, á 56. fundi, 19. ágúst.

Breytingartillögur við frumvarp til fjáraukalaga fyrir 1880 og 1881, eins og það kom frá stjórninni.

1. Við 1. gr. Nefndin: Fyrir «47672 kr. 85 a.» komi: «56372 kr. 85 a».
2. Við 2. gr. 1. lið. Nefndin: Eptir «til gufuskipsferða» komi: «(endurveiting)».
3. Við 2. gr. 2. lið. Grímur Thomsen: Í staðinn fyrir: «1480» komi; «440 kr.», og í samlagningunni fyrir «13784,50» komi: «12744,50».
4. Við 3. gr. Nefndin: Fyrir «fjárlaganna . . . fjárhagstímabilið» komi: «fjárlaganna veitast til landsbókasafnsins 4000 kr. og til forngripasafnsins 500 kr., samtals 4500 kr. fyrir fjárhagstímabilið».
5. Við 4. gr. Grímur Thomsen: 4. grein falli burt.
6. Nefndin: Milli 5. og 6. greinar bætist ný grein svo látandi, sem verður 6. gr.: «Sem viðbót við fje það, sem samkvæmt 18. gr. fjárlaganna hefur verið varið til gagnfræðaskólans á Möðruvöllum veitast 700 kr. til vísindalegra áhalda og 5500 kr. til byggingar leikfimis- og geymsluhúss».
7. Við 6. gr. Grímur Thomsen: 6. gr. falli burt og breytist greinatalan og upphæðin í 1. gr. samkvæmt þessu.
8. Við 6. gr. Nefndin: 6. gr. verði 7. gr., og fyrir: «25000 kr.» komi: «allt að 23000 kr., og til húsbúnaðar allt að 5000 kr.»

Landshöfðinginn: Hin háttvirta nefnd hefur tekið svo undir frumvarpið til fjáraukalaga fyrir árin 1880 og 1881, að jeg verð að byrja með því, að kunna henni mínar beztu þakkir fyrir góðar undirtektir hennar.

Það er snertir 3. gr. skal jeg geta þess, að útvegað er efni í bókahyllur handa bókasafninu, og þær að helmingi smíðaðar eptir undangenginni *licitation*, þó að ekki enn þá allar sjeu settar upp vegna nanmleika tímans, frá því að alþingishúsið var fullgjört og þangað til þingið tók til starfa í því, 1. dag júlímánaðar þ. á. Það er ætlazt til, að hinar bókahyllurnar, ásamt með borðum og því um líku, verði smíðaðar í haust, svo að húsbúnaðurinn handa bókasafninu verði fullgjörður, ef unnt verður, innan ársloka. Um útvegun á skápum og öðrum nauðsynlegum áhöldum handa forngripasafninu hef jeg afhent hinni háttvirtu fjárlaganefnd áætlun, sem er samin af umsjónarmanni safnsins, Sigurði Vigfússyni, og ætlast hann til, að til þess að útvega hin nauðsynlegu áhöld og setja safnið upp, muni ekki veita af allt að 500 kr. Viðvíkjandi 4. gr. gat jeg þess við 1. umræðu, að hin háttvirta nefnd í rauninni sje stjórninni samdóma um það, að leidd hafi verið nægileg rök að því, að viðbótar þeirrar, er stjórnin leitar samþykkis alþingis til, þurfi við, með því að skírskota til þess, að alþingi 1879 færði gjaldagrein þessa ofan í

6000 kr. En samt sem áður skal jeg eptir tilefni því, er nefndarálitið gefur mjer, leyfa mjer að skýra hinni háttvirtu deild frá því, að jeg þegar í febrúarmánuði þessa árs var búinn af helmingi mínum, 3000 kr., að ávísa 2995 kr., og átti eptir 5 kr., þær er jeg sem stendur enn hef til umráða. Aptur á móti hef jeg verið neyddur til að neita um styrk þennan ekki allfáum beiðendum, er mjer virðast maklegir til að verða aðnjótandi styrksins. Jeg skal taka sem dæmi: Hinn venjulegi styrkur til kennslu málleysingjum innanlands, og var honum í hitt eð fyrra af þessari heiðruðu deild vísað til þessa gjaldliðs; styrkur til ættfræðings Bjarna Guðmundssonar, er efri deildin í hitt eð fyrra mælti sterklega með, og veitti jeg honum í fyrra 100 kr., en hef ekki getað veitt honum slíkan styrk fyrir þetta ár. Einnig hef jeg ekki getað tekið til greina beiðni um styrk til að halda áfram við *Navigations*-skólann í Kaupmannahöfn skipstjóra einum, er vel hafði leyst af hendi á þessu vori próf við þennan skóla. Útgáfu dómasafnsins, innhaldandi dóma landsyfirrjettarins 1879 og 1880, hef jeg að svo stöddu orðið að hætta við. Fornleifafjelagið hefur beiðzt styrks einnig fyrir þetta ár til að gefa út tímarit og halda áfram staðarlegum rannsóknum fornleifafjelagsins, þeim er byrjaðar voru í fyrra með 300 kr. styrk fyrir það ár. Bifliufjelagið hefur fengið hinn ákveðna styrk fyrir 1880, en fyrir þetta ár er ekki fje til til þessa. Ýms önnur bónarbrjef eru komin til mín, en jeg vil leyfa mjer að vona, að þessi skýrsla sje álitin nægileg.

Það er snertir 6. gr., hefur hin háttvirta nefnd tekið það fram, að jeg því miður ekki hafi sjeð mjer fært að semja fullnaðarreikning, og sje reikningur sá, sem jeg hef látið nefndinni í tje, í flestum greinum að eins áætlaður. Jeg játa það, að þetta í sjálfu sjer sje óheppilegt, en það er að mínu áliti auðvitað, að mjer hafi það ekki verið mögulegt, að semja þvílíkan fullnaðarreikning, þar sem byggingarstörfunum ekki var lokið fyr en 30. júní, og yfirsmiðurinn ekki sá sjer fært, að afhenda mjer dagbækur sínar viðvíkjandi öllum greiðslum við bygginguna, er nema fleirum þúsundum töluliðum, fyr en 8 dögum seinna, enda hafa alþingisstörf mín ekki leyft mjer að semja svo umfangsmikinn reikning, sem þessi hlýtur að vera. Það er öðru máli að gegna, þegar spursmál er um, að gefa skýrslu um, hvaða upphæð hafi verið útborguð af landssjóði til byggingarinnar, og er hún samtals hjer um bil . . . 126,000 kr.,
en við þær verður að bæta um 600 —
alls 126,600 kr.,
en frá þeim aptur að draga uppboðsverðið fyrir selda muni, en jeg hef ekki meðtekið uppboðsreikninginn, sem, að svo miklu leyti sem mjer er kunnugt, mun nema hjer um bil . . . . . 3,600 —
eptir er 123,000 —

Þær 600 kr., er jeg gat um nýlega, eru sumpart borgun fyrir efni, sem keypt er í Kaupmannahöfn, og hefur hinn háttvirti formaður fjárlaganefndarinnar, er hefur ráðstafað þessum kaupum, skýrt mjer frá, að þessi útgjöld muni nema hjer um bil 300 kr., og sumpart stendur eptir að fullgjöra herbergi það, er ætlað var dýravernum, en samkvæmt ákvörðun þingsins verður þetta herbergi að fullgjöra sem stofu í bókasafninu; sumpart verður eptir fyrirlagi yfirsmiðsins að mála einu sinni á hausti þakrennurnar og fleira. Að vísu er einn hluti þessa reiknings áætlaður, en hann getur ekki verið öðruvísi, og það er auðsjeð, að það er ómögulegt að semja fullnaðarreikning að svo stöddu. Sundurliðunin í reikningsyfirliti því, er jeg hef látið hinni háttvirtu nefnd í tje, miðaði til þess, að glöggva nefndina á, hvernig stæði á «*Overskridelsen*», með því

að skipta útgjöldunum í undirliði, er ekki geta verið nákvæmir, á meðan fullnaðarreikningurinn ekki er saminn. En jeg fæ ekki betur sjeð, en að fullnaðarreikningsins þurfi heldur ekki með, til þess að alþingið geti veitt sje það, er ræðir um í þessu tilliti, því að það er misskilningur frá hálfu hinna háttvirtu þingmanna, þegar þeir ætla, að þessi fjárveiting sje skilyrðislaus; hún á sjálfsagt að vera bundin því skilyrði, sem allar fjárveitingar bæði í fjárlögum og aukafjárlögum vorum, sem sje, að reikningur verði gjörður af stjórninni og endurskoðaður af yfirskoðunarmönnunum, og samþykktur af alþingi á eptir, samkvæmt 26. grein stjórnarskrárinnar. Fjárveiting sú, er hjer ræðir um, hefur því ekki að innihalda neina kvittun fyrir stjórnina, en stjórnin hefur, þó að lögin verði samþykkt, fulla ábyrgð á því, að reikningsskil sjeu gjörð fyrir brúkun hins veitta fjár. Ekki heldur á mótbára sú, að þar sem ómögulegt hefur verið að semja fullnaðarreikning, sje ólögulegt að veita fjeð, við rök að styðjast, og sjer í lagi á hún ekki við þau að styðjast, að það sje móti *konstitutionel Praxis* yfir höfuð að tala, eða sjer í lagi á móti þeirri, er alþingi hingað til hefur við haft. Það er þvert á móti, og dæmi þau, er við 1. umræðu voru tekin fram til þess að sýna þetta, sanna einmitt hið gagnstæða. Jeg var ekki viðstaddur við byrjun fundar þess, þar sem þessar mótbárur komu fram, og umræðunum var lokið, áður en mjer var skýrt frá, að þær hefðu verið bornar upp. Jeg skal leyfa mjer nú að minna hina háttvirtu þingmenn, er tóku til dæmis aukafjárlögin fyrir árin 1878—79, er samþykkt voru af alþingi í hitt eð fyrra, og úr þeim tóku tvö dæmi, sem sje vitabygginguna og áhöld til húss hins lærða skóla (ofna og rúmföt), á það, að um það voru ekki fullnaðarreikningar lagðir fyrir þingið, og með tilliti til nokkurra hluta þeirra stóð alveg eins á og í þessu tilfelli, að áætlun stjórnarinnar var lögð fyrir þingið. Hinn háttvirti þingmaður Borgfirðinga verður að minnast þess, þar sem hann þá var formaður og framsögumaður fjárlaganefndarinnar, og þar sem hann seinna sem yfirskoðunarmaður landsreikninganna hefur haft tækifæri til aptur að rannsaka þetta spursmál. Það sama má segja um önnur útgjöld við 11. gr. fjárlaganna til læknaskipunarinnar, er veitt voru í hitt eð fyrra með 5. gr. fjáraukalaga þeirra, er getur um, «allt að 3200 kr.» Þau voru einnig áætluð. Það er nú snertir alþingishúsbygginguna, eru allir þingmenn að svo svo miklu leyti, sem jeg hef skilið, á það sáttir, að það hafi verið skylda stjórnarinnar, að halda byggingunni áfram, þegar svo langt var komið, að útsjeð var um það, að hún yrði ekki fullgjörð fyrir sje það, er veitt var í fjárlögunum; jeg að minnsta kosti hef ekki þorað að taka að mjer þá ábyrgð, að ráða frá því, og hefði þetta verið gjört, er sjálfsagt, að kostnaðurinn við bygginguna hefði orðið langt um meiri, auk þess að alþingið enn á þessu augnabliki hefði verið neytt til að láta sjer nægja það skjól, er að mínu áliti ávallt hefur verið alþingi Íslendinga ósamboðið, og jeg held, að allir þingmenn nú sjeu mjer samdóma um það. Stjórnin hefur þannig gjört skyldu sína með því að sjá um, að alþingishúsið yrði fullgjört innan 1. júlí þ. á., en hitt hefur ekki síður beinlínis verið skylda hennar, undir eins og alþingi kom saman, að skýra því frá umframgreiðslu þeirri, er hjer hefur átt sjer stað og beiðast aukafjárveitingar fyrir hana. Þetta hlýtur að vera skylda stjórnarinnar samkvæmt 24. gr. stjórnarskrárinnar. Ekkert gjald má greiða af hendi nema heimild sje til þess í fjárlögum eða fjáraukalögum, og þessi grein gjörir beinlínis ráð fyrir því, að svo geti átt sjer stað, að stjórnin eigi upp á sína ábyrgð að greiða eitthvert gjald, en hún á þá sem fyrst að leita fjáraukaveitingar fyrir

það, og þannig hefur staðið á með tilliti til þinghúsbyggingarinnar. Hitt er allt annað mál, sem jeg tók fram áður, að stjórnin á að gjöra reikningsskil fyrir brúkun þessa fjár eins og annars fjár landssjóðsins, og alþingið á samkvæmt 26. gr. að samþykkja reikninginn með lagaboði. Það er sannarlega nýmæli að bera það á stjórnina, að það sje of snemma, að hún skýri þinginu frá einhverri umframgreiðslu á fjárlögunum, sem hefur verið nauðsynleg, og leiti fjárveitingar í því tilliti, undir eins og hún getur gjört það. Í öðrum *konstitutionellum* löndum mun þingið vissulega draga hlutaðeigandi stjórn til ábyrgðar, ef hún ekki gjörir það, sem stjórnin hefur gjört í þessu tilliti.

Jeg vil nota þetta tækifæri til að þakka hinum háttvirta þingmanni Borgfirðinga fyrir kenninguna, sem hann í dag ljet mjer í tje í málinu um aukafjárlagafrumvarpið fyrir 1878 og 1879, og áminninguna um að varast það, að ganga fjárveitingarvaldi alþingis of nærri, en þó að jeg finni mjer skylt, að þakka honum fyrir kenninguna, held jeg, að hún sje alveg óþörf, þar sem bæði við hitt frumvarpið og við það, er hjer liggur fyrir, einmitt ræðir um, að stjórnin leiti samþykkis alþingis til aukaútborgana þeirra, er hún hefur álitið nauðsynlegar. Stjórnin ætlar ekki með neinu móti að ganga fjárveitingarvaldi þingsins of nærri, en hún vonar þrátt fyrir mótmæli hins háttvirta þingmanns Borgfirðinga, að hún geti náð samkomulagi um þetta mál við alþingið eins og um önnur mál.

Jeg er hinni háttvirtu nefnd samdóma um það, að óheppilega hafi til tekizt, þar sem grunnstæði það var valið, er síðan var þó eigi notað, og til þessa varið hjer um bil 2200 kr. Hinum háttvirtu þingmönnum er það kunnugt, að alþingið skipaði nefnd, er stjórniu skyldi leita álita hjá milli þinga um tilhögun og byggingu hússins. Nefndinni er að nokkru leyti að kenna um það, að svo óheppilega hefur til tekizt, að hið tilvitnaða grunnstæði var valið, er síðan var þó eigi notað, en að nokkru leyti mun það einnig að kenna hinu háttvirta alþingi sjálfu, er, ef jeg svo má segja, þegjandi lagði okkur á herðar að byggja húsið á Arnarhólstúninu; að minnsta kosti höfum vjer nefndarmenn álitið oss bundna við þetta þegjandi skilyrði, þangað til byggingarmeistarinn heimtaði annað byggingarstæði. Jeg ætla ekki að fara lengra út í þetta spursmál, en einungis geta þess, að jeg með tilliti til byggingarstæðisins og við allar umræður um það milli nefndarinnar og mín hef álitið mjer skylt, að fallast á uppástungur *meiri hluta nefndarinnar*. Hefði jeg ekki álitið mig bundinn við hina þegjandi ákvörðun eða «*Forudsætning*», sem jeg vitnaði til áður, þá hefði mjer ekki dottið í hug, að kjósa annað byggingarstæði handa alþingishúsinu en hjer á Austurvelli. að vísu ekki þar sem húsið nú stendur, heldur við einhverja aðra hlið hans.

Um það, er snertir húshúnaðinn, er heldur ekki til fullnaðarreikningur, og þetta mun auðskilið, þar sem nokkur hluti hans er útvegaður eptir tilmælum alþingisforsetanna á sjálfum þingtímanum (gólfábreiður í þingsölunum), en eptir skýrslum þeim, er hinn háttvirti formaður fjárlaganefndarinnar og jeg höfum gefið nefndinni, og sem hún hefur álitið nægilegar, hefur okkur komið saman um það, að þessi útgjöld verði talin allt að 5000 kr., og vona jeg, að hin háttvirta deild einnig fallist á það.

Viðvíkjandi 5 gr. til Möðruvallaskólans skal jeg geta þess, að þar sem búið var með ráðgjafabrjefi að ákveða fyrir þetta ár 500 kr. samtals til bóka og áhalda-kaupa handa skólanum, en þetta eptir tillögum nefndarinnar og forstjóra skólans má álíta ónóg, sjer í lagi til útvegunar á *hinum* nauðsynlegu náttúrufræðislegu áhöldum, hef jeg fallizt á

tillögur nefndarinnar í því tilliti. Einnig má álíta alveg nauðsynlegt, að bæta við skólahúsið geymsluhúsi, og hefur forstjóri skólans lagt það til, að í þessu húsi einnig verði búið til leikfimishús, og sent áætlun um kostnaðinn við byggingu þessa húss, sem vonandi er að verði reist þegar á þessu hausti, ef hið nauðsynlega fje til þess verður veitt.

Loksins skal jeg með tilliti til athugasemdanna við 2. gr. frumvarpsins staflið c, þar sem mjer er falið á hendur að gjöra breytingaruppástungu við frumvarpið, til þess að fá það fje veitt, sem kostnaðinum við að setja þrumuleiði á vitann nemur, geta þess, að jeg vil leyfa mjer við 3. umræðu að stinga upp á, að þessi gjaldliður 9. gr. c 7 verði hækkaður um 150 kr., en jeg skal bæta því við, að í frumvarpinu er prentvilla, þar sem í 2. gr. er talin 10. gr. fjárlaganna í staðinn fyrir 9. gr., og vil jeg biðja hina háttvirtu þingmenn að leiðrjetta þessa prentvillu, eða, ef deildinni virðist það nauðsynlegt, gjöra uppástungu í þá átt við 3. umræðu.

Jón Ólafsson: Eins og jeg gat um við 1. umræðu og sjá má af nefndarálitinu, hefur mig greint á við nefndina viðvíkjandi 6. grein. Því jeg hef álitið það gagnstætt rjettum prinsípum, að þingið veiti nokkra aukafjárveitingu, án þess að fá að sjá fullan reikning fyrir, hvernig fjenu hefur verið varið, úr því þó búið er að brúka það. Hinn hæstvirti landshöfðingi hefur komið með mótbárur móti þessari tillögu minni, og sagt, að eigi sje ísjárvert að veita þessa fjárupphæð, þótt eigi sjeu lagðir fram skýrir reikningar fyrir upphæðinni, með því að stjórnin beri ábyrgð fyrir því, að fjenu sje vel varið, eins þótt reikningurinn sje áætlaður, og að eptir á muni reikningarnir fyrir brúkun fjárins verða rannsakaðir af yfirskoðunarmönnunum og lagðir fyrir þingið 1883 til samþykkis þess. Þetta getur verið hverju orði sannara; en hitt er líka kunnugt, að vjer höfum enn engin ábyrgðarlög, og það mun öllum auðsætt, að það geta orðið snúningar á að koma fram ábyrgð á hendur stjórnarinnar fyrir það, *hvernig* hún hefur brúkað fje, sem henni *hefur verið* veitt, ef hún fer ekki fram yfir upphæðina. Mjer virðist þingið hafa betur töglin og hagldirnar, ef það veitir eigi fjeð á fjárlögum, fyr en skýrir reikningar eru fram komnir, og það sjer, að full nauðsyn ber til. Komi þá fram, að fjenu hafi verið varið um þörf fram, þá er auðveldara að neita um veiting upphæðarinnar, en að krefja til ábyrgðar fyrir það, hversu þeirri upphæð, sem einu sinni hefur verið veitt, er varið. Það liggur alls ekki í tillögu minni, að jeg þykist viss um, að ástæða verði *á sínum tíma* til að neita um þessa veitingu fulla, en mjer þykir að eins of snemmt, að fella nú þegar dóm um það, hvort ástæða hafi til verið að fara fram yfir fjárveiting þingsins 1879, og hve langt fram yfir; jeg ímynda mjer, að þingið líklega veiti 1883 upphæð þessa fulla eða mestalla, en ekki fyr en hún er fast ákveðin og skýrir reikningar liggja fyrir; en nú er ekki hin minnsta ástæða til þess; nú er langt síðan húsinu var lokið og yfirsmiðurinn fór hjer úr bænum, og líklega skilaði hinum hæstvirta landshöfðingja reikningum sínum, og gæti því glöggur reikningur verið kominn, ef áhugi hefði verið nógur. Sjerstaklega er það varhugavert, að borga nú þegar kostnaðinn við grunninn, þessar 2,200 kr., og þingið hefur alls eigi fulla ástæðu til þess, að greiða það af hendi, fyr en skýr rök eru færð fyrir því, að ástæða hafi verið til að byrja á þessum grunni. Hinn hæstvirti landshöfðingi hefur skýrt frá því, að það hafi verið eindreginn vilji þingsins 1879, að húsið skyldi reisa á Arnarhóli, en þessi grunnur var alls eigi grafinn á Arnarhóli. Og hvaða ástæða var til að byrja grunngröptinn, fyr en búið var að ráðfæra sig við nefndina og byggingarmeistarann? Að fara að ráðfæra sig við hana og hann á eptir, er sannlega hið sama, sem að byrgja

brunninn, þá er barnið var dottið ofan í. Jeg verð því að halda fast við ágreiningsatkvæði mitt, meðan hvorki eru komnir fram skýrir reikningar, og sjerstaklega meðan eigi eru komin fram greinileg rök fyrir því, að ástæða hafi verið að byrja á grunngreptinum við bakarastíginn. Jeg vil alls eigi á þessu þingi veita þessar 2,200 kr., og ef það þó verður samþykkt við þessa umræðu, vil jeg til 3. umræðu áskilja mjer breytingartillögu við 6. gr. um, að færa aðalupphæðina niður um það, er þeirri upphæð svarar. Úr því nú að upphæð 6. greinar hefur verið greidd út af landsins fje, og hefur þannig staðið óheimiluð um hríð, virðist ekkert móti því, að hún standi óheimiluð í eina 22 mánuði til.

Grímur Thomsen: Mjer þykir það mjög leitt, að mjer getur ekki samið við hinn hæstvirta landshöfðingja um það, hvað er rjettu sjálfsforræði samboðið, en ekki efast jeg um, að báðir vilji fylgja fram rjettu sjálfsforræði.

Jeg man ekki betur en á þingi 1879 bæði stjórnin um stóra aukafjárveitingu til vitans á Reykjanesi, og þá lagði hinn hæstvirti landshöfðingi fram fullkomlega sundurliðaðan og skýran reikning, hvað aðalupphæðina 9,313 kr. snerti, og eptir þessum sundurliðaða reikningi var þessi aukafjárveiting greidd af hendi. Af þessari upphæð voru það um 1100 kr., sem ætlaðar voru til vegagjörðar frá býlí vitavarðarins og til vitans, og nú er farið fram á 510 kr. aukafjárveiting ofan á aukafjárveitinguna 1879 líka til þessara vegabóta. Þessi vegur fer nú að verða nokkuð dýr fyrir landssjóð; en jeg skal þó ekki tala um það. Nú er til ætlazt, að nokkuð af þessu fje gangi til vegagjörða milli Reykjaness og Hafna, og það á landssjóður líka að kosta, og það er meira. Það eru einmitt Hafnamenn, sem hafa gagn af þessari vegabót. Þeir þurfa að fara lestaferðir til að sækja reka sína þar út á nesið. Jeg kom þangað suður 1879, og sá jeg þá vörður á þessum vegi, sumar nýjar og sumar gamlar og hrundar. Nú þykir Hafnamönnum náttúrlega bera vel í veiði, og verða guðsfegnir, að landssjóður fari að gjöra vegabót fyrir þá, þar sem þeim að rjettu ber sjálfum. Þessu get jeg ekki verið samþykkur, og fyrir því hef jeg stungið upp á því, að í staðinn fyrir 1480 kr. komi 440 kr. Enn fremur er farið fram á það, að veittar sjeu 770 kr. til þess að byggja fjós, hesthús, smiðju, og kaupa smíðatól. Þar virðist mjer vera nokkuð djúpt tekið í árinni. Það mun þó varla þurfa þar á fjósi að halda, fyr en hægt er að hafa þar kú, en jeg fyrir mitt leyti, eptir þeirri þekkingu sem jeg hef þar, efast mikillega um, að hægt sje að rækta þar tún. Og ef það verður ekki, er varla við því að búast, að þessi fjárveiting komi að tilætluðum notum. Það virðist og varla vera ómaksins vert, að byggja þar hesthús, þótt farið sje þangað einu sinni á ári milli jóla og nýárs til þess að skoða vitann. Jeg verð að álita, að eigi beri brýna nauðsyn til þess að byggja þetta fjós og þetta hesthús, fyr en líkindi eru til, að vitavörðurinn geti haft þær heybyrgðir, að hann geti haft hest og kú.

Að því er snertir þessa fjárveiting til alþingishússins, verð jeg að vera á sömu skoðun, sem hinn háttvirti 2. þingmaður Suður-Múlasýslu, að eigi sje tilhlýðilegt að veita þetta fje á fjárlögum þessum, fyr en komnir eru fram sundurliðaðir reikningar, og þeir reikningar geta komið á þingið 1883. Hinn hæstvirti landshöfðingi verður að játa, að í Danmörku eru ekki aukafjárveitingar veittar nema eptir skýrum sundurliðuðum reikningum, og sama átti sjer stað á þingi hjer 1879 við aukafjárveitinguna til vitans á Reykjanesi. Það er ekki meining okkar, að neita fjárveitingu í 6. gr., en okkur virðist ekki liggja á, því að óvíst er, hver afgangur verður fyrir árin 1880 og 1881, og örðugt er að draga óvissa upphæð frá óvissri upphæð. Þetta getur þó eigi verið á móti rjett-

um sjálfsforræðis-meginreglum. Það er enn stuttur tími, sem vjer höfum haft sjálfsforræði. Á fjáraukalögunum fyrir árin 1876 og 77 voru veittar: 11,422 kr. 83 a.; á fjárlögum 1878—79: 1. 41,391 84 a.; 2. 10,782 kr. Á aukafjárlögum núna fyrir 1880 og 81 biður stjórnin um 47,672 kr., en nefndin fer fram á 56,372 kr. Þessar aukafjárveitingar verða til samans 119,969 kr. fyrir þessi fáu ár frá 1876. Þetta fje, þessar 56,372 kr., á nú að veita af viðlagasjóði, þó ómögulegt sje að vita, hver afgangur muni verða, sem var áætlaður 73,100 kr.

Og þó vjer veitum nú þessar 56,000 kr., sem hin háttvirta nefnd fer fram á, getum vjer þá eigi eptir sem áður átt von á aukafjárveiting á eptir fyrir þetta tímabil? Jeg vil enn fremur benda á eitt atriði, án þess þó að jeg vilji brigzla hinum hæstvirta landshöfðingja eða segja honum það til lasts. Í fjárlögunum fyrir árin 1878 og 79 veitti þingið til vitans 14,000 kr., en nú hefur verið bætt svo við, og nú er ætlazt til, að svo verði enn bætt við, að það alls nemi 32,870 kr., eða meira en tvöfalt við það, sem ráð var fyrir gjört. Þetta á eigi að vera kenning, eigi áminning fyrir stjórnina, en það ætti að vera kenning fyrir oss, þegar vjer sjáum, hve mikið meira gengur til ýmissa fyrirtækja, en í fyrstu er til ætlazt.

Eptir skýring þeirri, sem hinn hæstvirti landshöfðingi hefur gefið viðvíkjandi fjárupphæð þeirri, sem til er tekin í 4. gr., þá virðast þær bænarskrár, sem hann gat um, eigi vera svo áríðandi, að eigi megi geyma þær til árslokanna, eða fram yfir nýár. Árið er nú bráðum á enda, og má veita þá fjeð af þeim 12000 kr., sem nú eru veittar fyrir 1882 og 83. Allt öðru máli er að gegna um fjeð í 5. gr; vjer vitum þó, til hvers það er ætlað. En hvað þessa fjárupphæð snertir, sem ætluð er til alþingishússins, þá get jeg ekki sjeð neina ástæðu til að veita hana í þetta sinn, þar sem engir glöggir reikningar eru enn komnir, og sem enginn mun hafa neitt á móti að greiða af hendi, þá er lagðir hafa verið fram glöggir og sundurliðaðir reikningar. Hvað grunninn snertir, sem grafinn var upphaflega, og kostnað þann, sem af því leiddi, þá skal jeg geta þess, að byggingarmeistarinn, sem hjelt svörum uppi fyrir Architectinn (Meldahl), afsagði að byggja húsið þar, sem búið var að taka grunninn, en hann hafði ekkert á móti því, að byggja húsið á Arnarhóli. Jeg skal og lýsa því yfir, að það var satt, sem hinn hæstvirti landshöfðingi sagði, að meiri hluti nefndarinnar samþykkti hússtæðið milli amtmannshússins og húss háyfirdómarans, en hinn háttvirti landshöfðingi ljet upp á sitt eindæmi byrja að grafa grunninn, án þess að spyrja nefndina að, og án þess að bíða úrskurðar byggingarmeistarans um, hvort það ætti að snúa eins og landshöfðingjahúsið eða eins og amtmannshúsið. Samt sem áður vil jeg mæla með því, að veittar verði þessar 2200 kr., því að ætíð er hægra eptir á að finna að, en sjá fyrir fram, hvernig breyta skal. Jeg vil eigi neita greiðslu á annari upphæð frumvarpsins en þessari aukagetu til vitans; hana verð jeg að álíta alveg óþarfa; þessa fjárveitingu til vegabóta frá vitanum og inn í Hafnir álít jeg heldur eigi á rökum byggða. Það, sem veita á til Möðruvallaskólans, álít jeg sjálfsagt, þar sem jeg hef fengið þær upplýsingar, síðan mál þetta var hjer síðast til umræðu, að þegar hefði verið aflað þangað verkefnis, og húsið yrði byggt í haust. En um hinar upphæðirnar verð jeg að álíta hentara og rjettara að bíða, þangað til vjer söfnumst hjer saman á næsta þingi.

Framsögumaður: Það hafa einkum orðið umræður um 4. gr. og 6. gr. og nokkuð um 2. gr. C. 7, einkum frá hálfu hins háttvirta þingmanns Borgfirðinga. Þessi upphæð 1480 kr. skiptist í 3 gjaldliði, og heyrði jeg ekki hinn háttvirta

þingmann Borgfirðinga athuga neitt, nema við 2 síðari liðina, *b.* og *c.* Hvað hesthús og fjós snertir, þá áleit nefndin það mjög nauðsynlegt, því vitavörðurinn þarf að hafa hesta til að sækja vatn, þegar það þrýtur á staðnum, og sömuleiðis til að sækja lækni, ef á liggur. Þess verða menn að gæta, að bæði borgar vitinn sig vel og mjög einsetulegt er að vera þar, og því þurfa menn, og ættu að geta fengið, að hafa nauðsynjar sínar þar, og skilyrðin til þessa eru hestar, kýr og vegurinn. Hvað það snertir, að leggja veginn um aptur, þá veit jeg ekki glöggt, hver nauðsyn kann að vera á því, en jeg álít þó þörf á því, þar eð tilgangurinn getur ekki verið annar en sá, að gjöra veginn svo greiðfæran sem þarf fyrir vitavörðinn að ganga til vitans. Jeg álít, að menn eigi að varast að spara skildinginn, þegar menn eru sannfærðir um, að fyrirtækið er mjög nauðsynlegt, og jeg verð að bera það traust til landshöfðingja, að þetta sje eins og hann hermir.

Hvað snertir þessar 2000 kr. til vísindalegra og verklegra fyrirtækja, sem beðið er um í 4. gr., þá hefur hinn háttvirti landshöfðingi skýrt frá, hve margir hafi beiðzt styrks af þessu fje, og eru að minnsta kosti sumir þess verðir, að þeim verði veittur styrkurinn. Ef þessi grein skyldi falla, vildi jeg mælast til, að hinn háttvirti landshöfðingi kæmi með breytingaratkvæði við 3. umræðu og beiddi um hið allra-nauðsynlegasta. Jeg játa, að á 6. gr. eru meiri vandkvæði. Nefndin tekur fram, að á henni sjeu gallar, en ræður til að samþykkja hana eptir öllum atvikum. Jeg er sannfærður um, að mikið hefur verið sparað í ýmsu við húsgjörðina, og einkum er jeg sannfærður um, að hinn háttvirti sessunautur minn, 1. þingmaður Suður-Múlasýslu, hefur sparað landinu margar þúsundir króna. Sömuleiðis hefur yfirsmiður hússins verið hinn ágætasti og kennt landsmönnum svo mikið, að það verður aldrei metið í krónutali. Þessi upphæð er að eins áætluð, og vil jeg fyrir mitt leyti veita þessa upphæð að minnsta kosti að mestu leyti. Það er mótsögn, að játa, að margir hafi unnið að starfinu með dyggð, sparnaði og kunnáttu, og vilja þó ekki veita fjeð. Það er rjett, að það eru miklar ástæður á móti 4. og 6. gr., en þegar jeg ber þær saman við það, sem jeg nú hef tekið fram, þá vil jeg láta það vega meira. Jeg er ekkert á móti því, að upphæðin sje færð niður í 21,000 kr., af því það tókst mjög óhappalega til með grunnstæði það, sem byrjað var á, og eptir umræðurnar um það er mjer enn ekki ljóst, hverjum þetta val er að kenna Mjer heyrðist hinn hæstvirti landshöfðingi segja, að það hefði verið að nokkru leyti nefndinni að kenna og að nokkru leyti alþingi, sem vísaði þegjandi á Arnarhól. Ef grafið hefði verið á Arnarhól, og síðar reynzt ótiltækilegt stæði þar, þá mundi jeg með ánægju hafa greitt atkvæði mitt með því, að veita þetta fje. En mjer er spurn: hver var sá meiri hluti, sem samþykkti að kasta húsinu niður í þessa gröf, þar sem kýr og hestar fara um dags-daglega? Hver rjeð til að snúa stafninum að götunni og hver hliðinni? Þegar jeg fæ skýringar um þetta, ræð jeg með sjálfum mjer, hvernig jeg greiði atkvæði um breytingartillögu hins háttvirta 2. þingmanns Suður-Múlasýslu.

Landshöfðinginn: Jeg skal leyfa mjer að geta þess, viðvíkjandi spurningu framsögumanns um það, hver hefði ráðið því, að alþingishúsið skyldi standa á Arnarhólstúni, að þegar nefndin og jeg ræddum um það mál, hvar á túninu skyldi byggja, þá stakk einn nefndarmanna upp á Arnarhól, en hinir 3 nefndarmenn mæltu á móti, og jeg einnig. Þá benti jeg á annan stað, en þessi sami nefndarmaður gat ekki á hann fallizt. En til þess að miðla málum, kom okkur saman um, að velja austurhluta túnsins, nálægt þeim stað, sem síðar var áformað að húsið skyldi standa. Nefndin ákvað fáum dögum síðar um þetta, og skýrði byggingarmeist-

aranum frá; þá kom frá honum bending um, að hann áliti þetta byggingarstæði óhentugt, og nefndi til Arnarhól, sem hann þó víst ekki þekkti; stefndi þá nefndin aptur til fundar. Hinn sami nefndarmaður hjelt fram Arnarhól, en hinir gátu ekki á það fallizt. Þá varð að snúa aptur annaðhvort til þess stæðis, er fyrst var valið af nefndinni, eða til þess, er bent var að af mjer, og óskuðu þá 2 nefndarmenn (því *dimensionir* hússins voru komnar), að mælt yrði út þetta stæði. Útmælingin fór fram, og þá afrjeðu 2 af nefndarmönnum, að velja skyldi þetta svæði, er jeg nú var alveg fallinn frá. Til þess nú að miðla málum, stungu 2 nefndarmanna upp á því, að byggja millum amtmannsins og háyfirdómarans. Jeg ætla það sje ekki «*Indiskretion*», þótt jeg nefni þá, að það var þingmaður Borgfirðinga og formaður nefndarinnar, landfógetinn. Jeg gat þess, að af því jeg hefði verið fús á að láta í tje hvern þann hluta af túninu, er kosinu yrði til byggingar, þá hefði jeg aldrei hugsað að heimta álykt af þeim mönnum, er hefðu fengið keypta parta af túninu. Þess vegna hafði jeg ekki hugsað um þetta svæði. Þessir 2 nefndarmenn skoruðu á mig, að fara til háyfirdómarans, og semja við hann um kaupin; þetta gjörði jeg einnig, og kom samningi á við hann um lóðina, og jeg bætti því við, að jeg kvaðst vera fús á, að láta hann fá af túninu það, sem hann vildi, eða svo mikið, sem gæti álitizt góðar skaðabætur fyrir hann. Eptir að jeg hafði skýrt nefndinni frá þessum úrslitum, urðu allir á sama máli um, að velja þetta byggingarstæði. Þannig er það kosið.

Þingmaður Borgfirðinga hefur víst haft rjett að mæla, er hann sagði, að jeg hefði eigi hans samþykkis leitað, þegar byrjað var að grafa fyrir grunnstæðinu, því að okkur hafði samizt um það, að jeg skyldi bera mig saman við formann nefndarinnar um þau atriði, er snertu bygginguna, og það gjörði jeg. Viðvíkjandi því, sem 2. þingmaður Suður-Múlasýslu sagði, að ónauðsynlegt hefði verið að byrja að grafa grunninn svo snemma, þá skal jeg geta þess, að hefði jeg verið spámannlega vaxinn, og hefði jeg vitað fyrir, hvernig veturinn mundi verða 1879, þá hefði jeg ekki látið byrja á því; en aptur á móti, hefði sá vetur orðið eins og hinn síðastliðni, þá mundu allir hafa kunnað mjer þakkir fyrir það, að jeg hefði látið byrja svo snemma, svo að byggingunni yrði lokið innan 1. júlí þ. á. Nú var fastákveðið, að húsið skyldi þarna standa, eu fresta frekari aðgjörðum, þangað til «*conductörinn*» kæmi og kvæði á um, hvernig húsið skyldi snúa. Í maímánuði kom «*conductörinn*», og bað jeg þá formanninn að kalla nefndina saman, svo ráðgazt yrði við yfirsmiðinn, en vel að merkja: það var fast ákveðið um byggingarstæðið. En þar eð «*conductörnum*» líkaði það ekki, fórum við á Arnarhól, en hann vildi ekki ráða til að byggja á Arnarhól, og Meldal hafði falið honum á hendur, að fá byggingarstæðið á Austurvelli. Við sögðum honum, að hann ætti sjálfsagt ekki að velja byggingarstaðinn, heldur byggja húsið á þeim stað, er við hefðum kosið; því það mun öllum ljóst, að yfirsmiðurinn á að eins að segja fyrir um bygginguna, en ekki um byggingarstaðinn. En þegar yfirsmiðurinn vildi ekki fallast á uppástungu eins nefndarmanns viðvíkjandi Arnarhól, þá lagði jeg það til, að byrja á því byggingarstæði, er fyrir löngu var samþykkt, og skyldi yfirsmiður segja, hvernig húsið skyldi snúa, og kvað hann ekki spursmál um það, að húsið ætti að snúa í suður og norður. Þá vildi einn nefndarmanna fara hingað og skoða plássið hjer, en jeg mælti á móti, kvaðst heldur mundu halda fast við þá ákvörðun, sem meiri hluti nefndarinnar hafði samþykkt og jeg fallizt á. En þó fórum við að skoða, hvernig hjer hagað[sic] til. Var þá einn nefndarmaður á móti því, að byggja hjer, en 3 með því, og úrslitin urðu þau, að jeg varð einnig að fallast á tillögur þeirra um það. Þannig er málinu varið, og getur nú hin háttvirta deild dæmt um það.

Jeg ætla því næst að leyfa mjer að

leiðrjetta nokkur orð í ræðu þingmanns Borgfirðinga. Hann hefur sjálfsagt annaðhvort misskilið eða misheyrt orð mín um vitabygginguna. Þar stóð eins á og hjer, að fullnaðarreikningur var ekki til, heldur einungis dagbækur Rothes. Þetta hugði jeg hinum háttvirta þingmanni Borgfirðinga, sem yfirskoðunarmanni, mundi vera fullljóst.

Jeg benti á, að það stæði alveg eins á með vitabygginguna og nú með alþingishúsið. Jeg skal fúslega láta þingmanninum í tje allar dagbækur yfirsmiðsins, eins og dagbækur Rothes, en sökum þing-anna var mjer ekki mögulegt að semja fullnaðarreikning. Hinn háttvirti þingmaður Borgfirðinga óskaði enn fremur að vita, hver afgangurinn yrði. Jeg get ekki sagt honum það; en jeg vil leyfa mjer að spyrja hinn háttvirta þingmann að því: þegar alþingi er fullkunnugt um það, að búið sje að borga út þetta fje, hvaða munur er þá á afganginum, nema á pappírnum, hvort þetta fje er veitt eða ekki?

Þorkell Bjarnason: Þegar um þau mál er að ræða, sem flestum þingmönnum eru meira eða minna óljós, er það nauðsynlegt, að þeir, sem tala, tali rjett og satt. Þingmaður Borgfirðinga sagði, að hann hefði sjálfur verið suður á Reykjanesi 1879, og þá hefðu vörðurnar verið komnar upp á þessum vegi, sem um er að ræða. Jeg tók þessi orð þingmannsins svo, að allur vegurinn hefði þá verið varðaður, og býst við, að fleiri af hinum háttvirtu þingmönnum hafi einnig skilið þau svo. En 1880, eða árið eptir að þingmaður Borgfirðinga var þar, kom jeg suður á Reykjanes, og þá voru enn ekki komnar vörður alstaðar með þessum vegi, og jeg held naumlega með honum hálfum; þingmaðurinn hefur því ekki sjeð rjett. Hver maður, sem farið hefur frá Höfnum út á Reykjanes, hlýtur að sjá, að þörf er á að varða þann veg; það er ómögulegt nokkrum manni að rata hann óvarðaðan á vetrardegi í kafaldsbyljum; en opt getur svo undir borið, að til byggða þurfi að ná í slíkum veðrum fyrir þá, sem við vitann búa. Þingmaður Borgfirðinga sagði, að Hafnamenn hefðu svo mikið gagn af veginum, að þeim lægi næst að varða hann og gjöra við hann; en það get jeg ekki sjeð. Þó brimasamt sje í Höfnum og á Reykjanesi, er hægra fyrir þá að flytja timbur sjóveg en landveg, enda mundi það örðugt að flytja mikinn við landveg, því að í Höfnum er hestafátt. Þá var talað um veginn frá bænum til vitans; hann er alllangur og þó nauðsynlegur vitamanninum, sem dagsdaglega verður að fara hann. Rothe ljet um árið leggja þar niðurgrafinn veg, sem reyndist ónýtur, því hann fylltist í bleytum, og varð því að leggja aptur upphleyptan veg. Þingmaður Borgfirðinga ætlast þó víst ekki til, að hreppsnefndin kosti þann veg, enda mundi jafnfámennur hreppur fá fullnóg af vegagjörðinni suður á Reykjanes, en jeg vona, að jafnvel ekki amtsráðið vilji leggja henni svo þunga byrði á herðar. Þá hafði þingmaður Borgfirðinga móti kostnaði til fjóss og hesthúss á Reykjanesi. En þegar þess er gætt, að á vetrum tekur fyrir vatnsból af frosti, og á sumrin þrýtur vatn af þurrkum, svo að það fæst opt ekki nær en í svo kölluðri Sandvík, þá sjá allir menn, að það er brýn nauðsyn, að hafa þar hest á sumrum. Í vetur varð t. a. m. að brúka snjó og klaka um langan tíma, sem bræddur var, til að fá vatn. Jeg hjelt líka, að þingmaður Borgfirðinga mundi vita, að til þess að rækta tún, þarf áburð, og þó heyskapur sje ekki þar syðra nema sandstör, má þó halda þar kú með korngjöf og nokkrum aðkeyptum töðuhestum. Vörður getur maður sjeð ofsjónum, en naumast fengið töðu án áburðar. Smiðja er svo nauðsynleg hverju heimili, að maður getur sagt, að eigi verði af komizt án hennar, enda er mun ódýrara, að þar sje smíðað á staðnum það, sem þarf, þegar um smáviðgjörðir er að ræða við vitann, en að láta gjöra það inni í Höfnum eða Reykjavík. Þegar alls þessa er gætt, er jeg hef tekið fram, sjá menn, að nauðsynlegt er að leggja veginn og varða hann, og

að nauðsyn er á, að halda hest til að sækja á vatn, þegar svo ber undir, og aðrar nauðsynjar, og svo til þess að fá áburð til að rækta þar tún.

Tryggvi Gunnarsson: Það hafa komið fram ýmsar breytingartillögur við frumvarp þetta, þar á meðal ein við 2. tölulið 2. greinar «til vitans á Reykjanesi», sem fer fram á að færa niður það fje, sem honum er ætlað. Mjer fyrir mitt leyti sýnist nú eigi styrkur þessi vera of mikill, en þó er víst nefndin eigi óláanleg til þess, að færa upphæðina lítið eitt niður, ef hinn háttvirti þingmaður Borgfirðinga getur gefið vissu fyrir því, að vörður verði hlaðnar og vegir lagðir fyrir annað fje en það, sem landssjóðurinn leggur til. En af því að nefndin áleit bæði vörðubyggingarnar og vegalagninguna nauðsynlega, svo vitamaðurinn geti ratað, þó dimmt sje, þá lagði hún það til, að fjeð til þess væri veitt. Viðvíkjandi viðbót þeirri, 2000 kr. til vísindalegra og verklegra fyrirtækja, sem stjórnin hefur farið fram að veitt væri, skal jeg geta þess, að nefndin heldur eigi fast við þessa upphæð; hún fer eptir þeirri skýrslu, sem landshöfðinginn gefur, og lítur á, hversu nauðsynleg fjárveitingin er. Viðvíkjandi 6. gr. hefur verið stungið upp á því, að hún fjelli burtu, og í öðru lagi hefur hinn háttvirti 2. þingmaður Suður-Múlasýslu lagt það til, að færa upphæðina niður, ef hún eigi er felld gjörsamlega. Jeg get eigi verið á sömu skoðun, því jeg sje eigi, að það sje nein hætta að veita þetta fje, því sje það nú veitt að ópörfu, þá verða þeir reikningar, eins og aðrir landsreikningar, lagðir undir dóm endurskoðunarmanna, og koma þeir því næst fyrir hið næsta þing. Það er annars leitt, að það skuli verða mikið þref um þessa þinghúsbyggingu, því hún er svo úr garði gjör, að landinu er að henni hinn mesti sómi, og hún getur alls eigi heitið dýr, því þótt einhverju kunni að hafa verið varið miður hyggilega, þá hefur og á hinn bóginn verið sparlega á haldið í mörgu tilliti, og unnizt mörg þúsund krónur við heppileg innkaup. Jeg get ekki annað en álitið það óhætt að samþykkja greinina. Eigi að koma fram ábyrgð, þá verður því eigi við komið á þessu þingi, heldur á þinginu 1883. Mjer er mál þetta nokkurn veginn kunnugt, því jeg var einn af þeim, sem hlotnaðist sú æra, að vera í þessari byggingarnefnd; fyrir mitt leyti vildi jeg aldrei hafa húsið annarstaðar en á Arnarhóli, en hinn hæstvirti landshöfðingi hefur nú skýrt frá, að hann hafi gjört það eptir tillögum meiri hluta nefndarinnar, að velja grunnstæðið, þar sem það var valið, en aðalatriðið er ekki það, að grafinn var grunnurinn, sem aldrei var brúkaður, því það var eðlileg afleiðing af upphafinu; það var gjört í beztu meiningu að byrja að grafa, áður frost kom í jörðina og hefði getað orðið hið þarfasta og sparnaðarmesta verk, ef húsið hefði síðan verið byggt á þessum stað. Eptir því sem landshöfðingi skýrði frá, þá er skuldin hjá meiri hluta nefndarinnar, að hússtæðið var valið þarna; en þá ber að gæta þess, að hún er að mínu áliti alveg ábyrgðarlaus og var að eins sem ráðaneyti landshöfðingja. Þetta er mín skoðun á þessu máli. Jeg álít hættulaust að veita fjeð, og miklu sæmilegra fyrir þingið, heldur en að hafna veitingunni. Það hefur komið fram í umræðunum um mál þetta, að yfirsmiðurinn við hús þetta, Bald, eigi viðurkenningu skilið fyrir, hve vel hann hefur leyst verk sitt af hendi. En það er eigi nóg, að það sje í orði, heldur ætti það þá einnig að vera á borði, og vil jeg því koma með tillögu í þá átt til 3. umræðu.

Jón Ólafsson: Jeg get hvorki af ræðum hins hæstvirta landshöfðingja nje af ræðu hins háttvirta 1. þingmanns Suður-Múlasýslu sannfærzt um það, að það standi á sama, hvort fjeð sje veitt nú eða næsta ár. Og standi alveg á sama með það, því er þeim þá svo mikið kappsmál að fá það veitt einmitt nú? Ef þingið veitir þetta fje, þá getur enginn haft neitt á móti því, þótt það sje útborgað, því ef þingið veitir það, þá veitir það það eptir þessum reikningum, og viðurkennir

með því, að þeir sjeu á rökum byggðir. Það er eigi mín meining, að vilja spilla fyrir því, að fjeð verði veitt á sínum tíma, ef skýrir reikningar sýna, að þess hefur verið þörf; en slíkt liggur enn ekki fyrir; jeg álít, að þingið eigi ekki að afskera sig frá að geta fengið fullkomnari upplýsingar, áður en það veitir fjeð. Nefndin er náttúrlega ábyrgðarlaus; í því er jeg hinum háttvirta 1. þingmanni Suður-Múlasýslu samdóma, og þess vegna gat hinn hæstvirti landshöfðingi breytt meiningu sinni þrisvar eða fjórum sinnum eptir skoðun minni hlutans um það, hvar húsið skyldi standa. Stjórnin var einnig meiningarlaus í þessu, en hún er ekki þar fyrir ábyrgðarlaus; því þótt landshöfðingi gæti gjört sig ábyrgðarlausan með því, að gjöra sig meiningarlausan og fylgja jafnan annara áliti, þá getur stjórnin þó ekki orðið ábyrgðarlaus, þótt hún gjöri sig meiningarlausa. Jeg vil helzt eigi veita neitt af fje því, sem til er tekið í 6. grein, nú, og í öllu falli eigi meira en 26000 kr. Viðvíkjandi uppástungu þeirri, sem komið hefur fram um það, að veita yfirsmið hússins fje í viðurkenningarskyni fyrir, að hann hefur leyst starfið svo vel af hendi, þá er jeg samdóma þeim mönnum, sem lofa hann fyrir það, hve vel hann hafi leyst starf sitt af hendi, en jeg veit eigi til þess, að það hafi enn komið fyrir, að nokkurt löggjafarþing í heimi hafi «*voterað*» smiðum heiðurslaun fyrir að hafa byggt vel hús. Þökk á hann skilið, en enga peninga, því þegar hann hefur fengið sín ákveðnu daglaun útborguð, þá er hann og landssjóðurinn kvittir.

Grímur Thomsen: Það er illa farið, að hinn hæstvirti landshöfðingi er farinn hjeðan, fyrst verið er að tala um alþingishússtæðið, því hann mun hafa í höndum skýrslu yfir það, sem síðast fram fór í nefndinni, áður en hússtæðið var flutt hingað, og þar mun sjást, hversu atkvæði fjellu um það mál; en jeg veit, að hinn hæstvirti landshöfðingi hefur sagt frá þessu eptir því sem hann man bezt. Jeg skal þá leyfa mjer að svara hinum háttvirta 2. þingmanni Gullbringu- og Kjósarsýslu, og skal reyna að gjöra það svo varlega, að jeg eigi ekki á hættu, að hinn háttvirti þingmaður lögsæki mig fyrir orð mín. Árið 1879 ferðaðist jeg suður á Reykjanes, og þá sá jeg þar sumstaðar nýjar vörður hlaðnar, en sumstaðar gömul vörðubrot, og þessi vörðubrot komu mjer til þess að ætla, að þar hefði áður verið varðað, og með því nú að jeg hef hvergi getað fundið, að vegur þessi væri talinn með fjallvegum, þá hjelt jeg, að hann væri annaðhvort sýsluvegur eða hreppsvegur, og þá væri það Hafnarhrepps eða Gullbringusýslu að gjöra við hann. Þar getur eigi verið spurning um að ryðja, því vegurinn er mestmegnis malarsandur eða þá hraun. En Hafnarmönnum er vegur þessi mjög svo áríðandi, því að þeir eiga illt með að ná til sín rekavið þeim, er kastast þar stundum langt á land upp, er brim eru, á annan hátt, en að flytja hann á hestum. Jeg er alveg samdóma hinum háttvirta 2. þingmanni Suður-Múlasýslu um það, að fjárveitingin til þinghússins sje eigi tímabær, þar sem enn er óákvarðað, hve mikið fje þarf til byggingar þess. En jeg gleymdi áðan að taka það fram viðvíkjandi fjárveitingunni til vegarins umhverfis vitann á Reykjanesi, að áður hefur verið veitt ærið fje til þessa vegar, og nú er beðið um 510 kr. í viðbót, en jeg fæ eigi sjeð, að landið eigi að kosta neitt af þeim vegi, nema þann kafla, er liggur frá bústað vitavarðar til vitans sjálfs, og það kann að vera rjett, að það þurfi að bæta hann upp eða leggja hann að nýju, og því hef jeg ekkert á móti, en veginn milli Reykjaness og Hafna getur eigi komið mála að landssjóður leggi fje til að bæta.

Síðan ljet forseti ganga til atkvæða um hinar einstöku greinar frumvarpsins og breytingaruppástungurnar, og fjell atkvæðagreiðslan þannig:

1. 1. gr. frumvarpsins með breytingaruppástungu nefndarinnar við hana var ekki borin upp til atkvæða að sinni.

2. Viðaukatillaga nefndarinnar við 2. gr. 1. tölulið var samþykkt í einu hljóði.
3. 1. töluliður 2. gr. þannig aukinn samþykktur með 20 atkvæðum.
4. Breytingartillaga Gríms Thomsens við 2. gr. 2. tölulið var felld með 14 atkvæðum gegn 8, og var sökum óglöggraratkvæðagreiðslu við haft nafnakall.

Já sögðu:
Eiríkur Briem,
Benidikt Sveinsson,
Egill Egilsson,
Grímur Thomsen,
Halldór Friðriksson,
Ólafur Pálsson,
Þorlákur Guðmundsson,
Þorsteiun Jónsson,

Nei sögðu:
Arnljótur Ólafsson,
Eiríkur Kúld,
Friðrik Stefánsson,
Guðmundur Einarsson,
Holgeir Clausen,
Jón Jónsson,
Jón Ólafsson,
Lárus Blöndal,
Tryggvi Gunnarsson,
Þórarinn Böðvarsson,
Þórður Magnússon,
Þorkell Bjarnason,
Þorsteinn Thorsteinson,
Þorvarður Kjerulf.

5. 2. töluliður 2. greinar var þar næst óbreyttur borinn upp til atkvæða, en sökum óglöggrar atkvæðagreiðslu varð aptur að við hafa uafnakall; sögðu þá:

Já:
Eiríkur Briem,
Arnljótur Ólafsson,
Benidikt Sveinsson,
Friðrik Stefansson,
Guðmundur Einarsson,
Jón Jónsson,
Jón Ólafsson,
Lárus Blöndal,
Tryggvi Gunnarsson,
Þórarinn Böðvarsson,
Þórður Magnússon,
Þorkell Bjarnason,
Þorsteinn Thorsteinson.
Þorvarður Kjerulf.

Nei:
Egill Egilsson,
Eiríkur Kúld,
Grímur Thomsen,
Halldór Friðriksson,
Holgeir Clausen,
Ólafur Pálsson,
Þorlákur Guðmundsson,
Þorsteinn Jónsson.

Var gjaldliðurinn þannig samþykktur með 14 atkvæðum gegn 8.

6. Breytingartillaga nefndarinnar við 3. gr. var borin upp í tvennu lagi, og var veitingin til landsbókasafnsins samþykkt með 20 atkvæðum, en veitingin til forngripasafnsins samþykkt í einu hljóði. 3. grein frumvarpsins þannig breytt var síðan samþykkt í einu hljóði.
7. 4. gr. frumvarpsins var samþykkt með 13 atkvæðum, og var breytingartillaga Gríms Thomsens þar með fallin.
8. 5. gr. frumvarpsins var samþykkt með 19. atkvæðum.
9. Ný grein nefndarinnar milli 5. og 6. greinar var samþykkt með 13 atkvæðum.
10. Breytingartillaga nefndarinnar við 6. grein var borin upp til atkvæða í tvennu lagi. Var fyrst borið upp, að fyrir 25,000 kr. skyldi koma allt að 23,000 kr., og sökum óglöggrar atkvæðagreiðslu við haft nafnakall; sögðu þá

Já:
Arnljótur Ólafsson,
Guðmundur Einarsson,
Ólafur Pálsson,
Tryggvi Gunnarsson,
Þórarinn Böðvarsson,
Þórður Magnússon,
Þorkell Bjarnason,
Þorsteinn Thorsteinson,
Þorsteinn Jónsson.

Nei:
Eiríkur Briem,
Benidikt Sveinsson,
Egill Egilsson,
Eiríkur Kúld,
Friðrik Stefánsson,
Grímur Thomsen,
Halldór Friðriksson,
Holgeir Clausen,
Jón Jónsson,
Jón Ólafsson,
Lárus Blöndal,
Þorlákur Guðmundsson,
Þorvarður Kjerulf.

Var breytingartillagan þannig felld með 13 atkvæðum gegn 9.

Síðari hluti breytingartillögu þessarar viðvíkjandi húsbúnaði til alþingishússins var sömuleiðis felldur með 13 atkvæðum gegn 9, og var um hann einnig haft nafnakall sökum óglöggrar atkvæðagreiðslu.

Já sögðu:
Arnljótur Ólafsson,
Benidikt Sveinsson,
Friðrik Stefánsson,
Jón Jónsson,
Jón Ólafsson,
Lárus Blöndal,
Þórður Magnússon,
Þorlákur Guðmundsson,
Þorvarður Kjerulf.

Nei sögðu:
Eiríkur Briem,
Egill Egilsson,
Eiríkur Kúld,
Grímur Thomsen,
Guðmundur Einarsson,
Halldór Friðriksson,
Holgeir Clausen,
Ólafur Pálsson,
Tryggvi Gunnarsson,
Þórarinn Böðvarsson,
Þorkell Bjarnason,
Þorsteinn Jónsson,
Þorsteinn Thorsteinson.

11. 6. grein frumvarpsins var því næst borin upp til atkvæða óbreytt, og varð enn að við hafa nafnakall sökum óglöggrar atkvæðagreiðslu; sögðu þá

Já:
Arnljótur Ólafsson,
Eiríkur Kúld,
Guðmundur Einarsson,
Holgeir Clausen,
Lárus Blöndal,
Ólafur Pálsson,
Tryggvi Gunnarsson,
Þórarinn Böðvarsson,
Þórður Magnússon,
Þorkell Bjarnason,
Þorsteinn Jónsson,
Þorsteinn Thorsteinson.

Nei:
Eiríkur Briem,
Benidikt Sveinsson,
Egill Egilsson,
Friðrik Stefánsson,
Grímur Thomsen,
Halldór Friðriksson,
Jón Jónsson,
Jón Ólafsson,
Þorlákur Guðmundsson,
Þorvarður Kjerulf.

Var 6. grein, sem nú verður 7. grein, þannig samþykkt með 12 atkvæðum gegn 10. 1. grein var álitin samþykkt án atkvæðagreiðslu og sömuleiðis fyrirsögnin.

12. Frumvarpinu var vísað til 3. umræðu í einu hljóði.

ÞRIÐJA UMRÆÐA Í NEÐRI DEILD,
á 60. fundi, 22. dag ágústmánaðar.

Frumvarpið, eins og það var samþykkt við 2. umræðu, sjá I. bls. 549.

Breytingartillögur
við frumvarp til fjáraukalaga fyrir árin 1880 og 1881, eins og það var samþykkt við 2. umræðu í neðri deildinni.

1. Við 2. gr. Holgeir Clausen, Eiríkur Kúld, Grímur Thomson, Lárus Blöndal,

Halldór Friðriksson, Þorvarður Kjerulf, E. Egilsson:
Fyrir «1480» komi: «740», og samlagningin breytist eptir því.

2. Við 2. gr. 2. C. 7. Nefndin: Fyrir «1480 kr.» komi: «1200 kr.»
3. Við 2. gr. 2. C. 7. Landshöfðingi: Breytingartillaga við breytingaratkvæði nefndarinnar. Fyrir «1200 kr.» komi: «1350 kr.»
4. Við 2. gr. 2. C. 7. Landshöfðingi: Til vitans á Reykjanesi, í staðinn fyrir «1480 kr.» komi: «1630 kr.»
5. Halldór Friðriksson, Lárus Blöndal, Eiríkur Kúld, Guðmundur Einarsson, Þorvarður Kjerulf, Holgeir Clausen:
Milli 2. og 3. greinar komi svo látandi ný grein, sem þá verður hin 3., og greinatalan á eptir breytist eptir því.
«Sem viðbót við 10. gr. 1. veitast 1125 «kr. handa hjeraðslækni í 7. læknis«hjeraði, Ólafi Sigvaldasyni, fyrir þjón«ustu hans í 5. læknishjeraði frá 1. sept. «1876 til 28. febrúar 1878».
6. Við 4. gr.: Holgeir Clausen, Eiríkur Kúld, Grímur Thomsen, Lárus Blöndal, Halldór Friðriksson, Þorvarður Kjerulf, E. Egilsson:
4. grein falli burt.
7. Við 4. gr. Nefndin: Fyrir «2000 kr.» komi: «1000 kr.»
8. Við 7. gr: Holgeir Clausen, Eiríkur Kúld, Grímur Thomsen, Lárus Blöndal, Halldór Friðriksson, Þorvarður Kjerulf, E. Egilsson:
7. gr. falli burt. Hin samanlagða upphæð í 1. grein, greinatalan og samlagningin breytist eptir þessu.
9. Við 7. gr. Landshöfðingi: Fyrir «25000 kr.» komi: «allt að 23000 kr. og til húsbúnaðar allt að 5000 kr.»
10. Við 7. gr. Nefndin: Við enda greinarinnar bætist «— þar af til húsbúnaðar í alþingissalina 5000 kr.»
11. Við 7. gr. Tryggvi Gunnarsson, Arnljótur Ólafsson, Þorvarður Kjerulf, Þorsteinn Thorsteinson, Halldór Friðriksson, Grímur Thomsen:
Aptan við greinina bætist: «hjer af 500 kr. til F. Balds sem þóknun fyrir forstöðu hans við byggingu alþingishússins».

Landshöfðingi: Jeg hef leyft mjer að bera upp tvö breytingaratkvæði við frumvarpið til fjáraukalaga fyrir árin 1880 og 1881, og skal nú fara fáeinum orðum um þau.

Við 2. umræðu skýrði jeg hinni háttvirtu deild frá því, að jeg samkvæmt fyrirmælunum í athugasemdunum við 2. gr., tölul. 2. C. 7., til vitans á Reykjanesi, ætlaði að stinga upp á, að 150 kr. yrði bætt við, til þess að setja þrumuleiði á vitann, sem má álíta nauðsynlegan, þegar haft er tillit til, bæði hvað kostnaðarsamt «*Fyrapparatet*» sje, og til þess, að vitanum eptir afstöðu sinni á fjallshnúk, og beint við Atlantshafið sje töluverð hætta búin af þrumu og eldingu. Jeg gjöri ráð fyrir, að allir þingmenn sjeu mjer samdóma um þetta og muni fallast á þessa fjárveitingu, sem, hvað kostnaðinn snertir, er að vísu ekki nema áætluð, en sem eptir upplýsingum þeim, er jeg hef getað útvegað má álíta nægilega. Jeg skal í þessu tilliti geta þess, að þrumuleiðirinn myndast af járnstöng með broddi af platínu og kopar, og af galvaníseruðum járnvír, er á að leiða eldinguna í jörð niður, og af málmplötu, sem er endirinn á þrumleiðinum, og á að verða lögð 2—3 álnir niður í jörðina. Platínustöngin kostar 16 kr., þráðurinn 2 kr. fyrir hverja álnarlengd, og jeg gjöri ráð fyrir 36 álnum á 72 kr., og málmplatan 10 kr., samtals 98 kr., og áætlað er til flutnings og vinnulauna samtals 52 kr.

Þó að jeg voni, að hin háttvirta deild samþykki uppbæð þessa málsliðs 1480 kr. óbreytta með viðbót þeirri, er jeg nú gat um, hef jeg samt sem áður, til þess að gjöra það sem í mínu valdi stendur til að útvega

þennan þrumuleiði, til vara borið upp breytingaratkvæði mitt við breytingaratkvæði hinnar háttvirtu nefndar, sem að vísu ekki virðist mjer heppilegt, en sem jeg þó sjálfsagt verð að kjósa heldur en uppástungu hinna háttvirtu 7 þingmanna um, að færa upphæðina ofan í 740 kr. Vegagjörðirnar eru, eins og sjá má af athugasemdunum, sumpart þegar gjörðar, sumpart byrjaðar, og eru að mínu áliti nauðsynlegar, ekki til þess að búa til veg handa Hafnamönnum, til þess að sækja rekavið sinn, heldur til þess að vitamaðurinn geti haft samgöngur við næstu byggð, og skal jeg í því tilliti einnig vísa til athugasemdanna. Ekki síður er honum nauðsynlegt, að hafa hest til að flytja á nauðsynjar sínar, til dæmis vatn, þegar þörf gjörist, og þess vegna mun nauðsynlegt að byggja hesthús; fjós er því miður ekki nauðsynlegt fyrst um sinn, en vonandi, að það verði, og mjög æskilegt, þar sem varla verður lífvænlegt fyrir vitamanninn, þegar til lengdar lætur, ef honum verður ekki mögulegt að hafa eina kú. Þegar byggja skal hesthús, mun það að mínu áliti vera sparnaður, undir eins að búa til í þessu húsi fjós, heldur en að bæta því við að nokkrum árum liðnum. En hvað um það: í þessu augnabliki er fjós ekki nauðsynlegt, heldur að eins hesthús, og ef alalþingið ákveður það, má vel byggja það nokkuð minna og ódýrara, en í athugasemdunum var áætlað fyrir bæði hesthús og fjós. Smiðja mun vera í þarfir vitans, þar sem í henni má við hafa smá-aðgjörðir þær, er nú kosta ekki alllítið, þegar leita á til smiðsins langt í burtu.

Við 7. gr. hef jeg leyft mjer að bera upp til nýrrar atkvæðagreiðslu breytingaruppástungu hinnar háttvirtu nefndar eða meiri hluta hennar í nefndarálitinu, af því að mjer virðist, að hinum háttvirtu þingmönnum hafi við 2. umræðu ekki verið alveg ljóst, að hjer ræðir ekki um að veita stjórninni kvittun fyrir brúkun hennar á þessari upphæð eða nokkrum hluta hennar; stjórnin á þrátt fyrir þessa fjárveiting, ef þingið, sem jeg vona, samþykkir hana, að gjöra reikningsskil fyrir brúkuninni á fjenu, og hefur fulla ábyrgð á henni. Mjer er alveg ómögulegt að skilja, hvernig það getur verið þinginu erfiðara, eins og hinn háttvirti 2. þingmaður Suður-Múlasýslu komst að orði, að koma ábyrgð á hendur stjórninni, ef fjeð er veitt fyrir fram eptir áætluðum reikningi, sem kann að vera ofhár; en vitaskuld er það, að það hefur verið ómögulegt bæði að semja reikninginn vegna naumleika tímans, og að yfirskoða hann, þegar af þeirri ástæðu, að yfirskoðunarmenn fyrir 1880—81 ekki enn þá eru kosnir af þinginu. Ábyrgðin verður sjálfsagt að koma á hendur stjórninni samkvæmt fullnaðarreikningi hennar, þegar búið er að yfirskoða hann, og leita samþykkis alþingis samkvæmt 26. gr. stjórnarskrárinnar; þar getur ekki einu sinni verið að tala um ábyrgð, nema eptir reikningi, og það verður ekki með neinu móti gripið fram fyrir ábyrgðina með fjárveitingunni, sízt þegar hún er byggð á áætlun, því að á þennan hátt verður það einmitt staðfest (*konstateret*), að nákvæma skilagrein skuli gjöra í reikningnum fyrir hvert atriði. Jeg tek það upp aptur: mjer er alveg óskiljanlegt, hvernig hinn háttvirti 2. þingmaður Suður-Múlasýslu hafi hugsað sjer, að eptirlit yfirskoðunarmannanna og alþingis yrði erfiðara, eða erfiðara að koma ábyrgð á hendur stjórninni, þegar alþingið hefur samþykkt einhverja fjárveitingu eptir áætlun stjórnariunar, og það hefur ekki orðið mjer skiljanlegra, jafnvel þótt hinn háttvirti þingmaður Borgfirðinga hafi lýst yfir, að hann í þessu máli sje 2. þingmanni Suður-Múlasýslu alveg samdóma. Að vísu skírskotaði hinn háttvirti þingmaður Borgfirðinga til þess, sem hann kallaði fasta og góða *praxis* í Danmörku, og hann vísar svo optsinnis til þess, sem við gengst í Danmörku, að hann hlýtur að vera mjög fróður um allt hið *konstitutionella* ástand þar; og jeg skal fyrir mitt leyti játa það, að gott sje að hafa tillit til þessa, þar sem bræðraþjóð vor nú um meir en 30 ár hefur

notað hið *konstitutionlla* stjórnarfyrirkomulag, og þess vegna er jeg hinum háttvirta þingmanni Borgfirðinga þakklátur fyrir allar þess konar skýrslur, þegar þær eru áreiðanlegar. Aptur á móti hef jeg ekki álitið mjer skylt, þó að jeg kynni að efast um áreiðanlegleika nokkurra þessara skýrslna, að leiðrjetta þær í hvert skipti, sem þær koma fyrir; en af því að hinn háttvirti þingmaður í þessu máli hefur beinlínis vitnað til mín, þar sem hann komst þannig að orði: «Hinn hæstvirti landshöfðingi verður að játa, að í Danmörku eru ekki aukafjárveitingar veittar nema eptir skýrum sundurliðuðum reikningum», verð jeg þó að svara honum, þó að hann því miður ekki sje viðstaddur, fáeinum orðum, til þess að bæði hann og hin háttvirta deild geti gengið úr skugga um, að jeg kann ómögulega að játa þetta, heldur verð jeg þvert á móti að lýsa því yfir, að þessi kenning hins háttvirta þingmanns sje byggð á misskilningi. Jeg hef, til þess að verða við ósk hins háttvirta þingmanns, gegnumgengið fjáraukaveitinguna fyrir 1876—77, sem jeg hef tekið af handahófi, þar sem jeg ekki hef haft tíma til að fara yfir öll fjáraukalög Dana, og jeg hef fundið, að í frumvarpinu til þessara laga sjeu minnst 25 atriði, þar sem leitað er fjárveitingar eptir áætluu. Hin atriðin eru sumpart eptirveitingar og sumpart ákveðnar upphæðir, t. d. viðbót við laun eða eptirlaun, aðgjörðir, sem búið er að ljúka við, o, s. frv.; það má þess vegna fullyrða, að í Danmörku er það föst venja, að veita aukafjárveitingar eptir áætluðum skýrslum stjórnarinnar, þegar ekki sje mögulegt að leggja fyrir þingið fullnaðarreikning, og það er ekki neinn vafi um það, að stjórnin í Danmörku hefur fulla ábyrgð á brúkun fjárins eptir þessum fjárveitingum. En það mun vera nýmæli, að þingið, þegar stjórnin skýrir frá því, að umframgreiðsla hafi átt sjer stað á einhverjum gjaldlið, færist undan að taka ályktun um hana eða frestar ályktuninni, þangað til að fullnaðarreikningur hefur verið lagður undir aðgjörðir ríkisyfirskoðunarmanna, hvort sem þingið vill samþykkja fjárveitinguna eða ekki. Hjer stendur á alveg á sama hátt; stjórnin hefur skýrt þinginu frá, að umframgreiðsla hefur átt sjer stað á alþingishússbyggingunni, að ekki hafi verið mögulegt vegna naumleika tímans, að semja fullnaðarreikning, en að búið er að ávísa úr landssjóði samtals hjer um bil 26000 kr. fram yfir hina veittu upphæð, og að af þessu má á ætla að 3—4000 kr. verði endurborgað fyrir selt efni og þvíumlíkt; hún áætlar þess vegna umframgreiðsluna allt að 23000 kr., og áskilur sjer að gjöra fullnaðarskil fyrir þessari upphæð eða þeim hluta hennar, er brúkaður verði. Það er sjálfsagt á þingsins valdi, alveg að neita fjárveitingunni eða færa hana niður, ef þingið álítur umframgreiðsluna eða nokkurn póst hennar heimildarlausan; en að neita henni, þó að þingið kannist við, að umframgreiðslan hafi verið nauðsynleg, eingöngu af þeirri ástæðu, að ekki eru færðar sönnur fyrir því, hversu mikilli upphæð hin nauðsynlega umframgreiðsla nemur, þar sem þó liggur fyrir áætlun stjórnarinnar á upphæðinni, og þannig neita fjárveitingunni einungis til þess, að fresta að taka ályktun um hana, þetta virðist mjer bæði alþingi og hverju öðru löggjafarþingi í heiminum ósamboðið.

Jeg vona því, að hin háttvirta deild samþykki breytingaruppástungu mína, og jeg tek það upp aptur, gjöri þingið það, mun það ekki með neinu móti veita því erfiðara, að koma allri ábyrgð á hendur stjórnarinnar, því hún mun hvorki í þessu máli nje öðru færast undan að bera hina fullu ábyrgð fyrir aðgjörðir sínar samkvæmt stjónarskránni, en hún treystir því, að hið háttvirta alþingi heldur ekki færist undan þeirri skyldu, er á því hvílir samkvæmt stjórnarskránni, en hún er vafalaust sú, að kveða á um fjárveitingar, þegar nauðsyulegt er að taka ákvörðun um þær, og ekki fresta um tveggja ára tímabil, að gjöra þessa ákvörðun, hvort sem hún fer í þá átt, að veita eða neita um það fje, sem útheimtist til þess að standa straum af

landssjóðsins útgjöldum. Þeir háttvirtu þingmenn, sem hafa mótmælt fjárveitingunni, hafa allir játað það, að um hinn mesta hluta hennar getur að þeirra áliti ekki orðið spursmál um neitun á fjenu; einn hinna háttvirtu þingmanna hefur lýst yfir vafa sínum viðvíkjandi einni upphæð, semsje 2200 kr. Um þetta atriði gaf jeg þessari háttvirtu deild skýrslu við 2. umræðu, og skal jeg hjer skírskota til hennar, en bæta því við, að yfirskoðunarmennirnir sjálfsagt verða að leita ýtarlegra skýrslna um þetta atriði, og samkvæmt þessu gjöra tillögur sínar við alþingið 1883, þegar samþykkja skal landsreikninginn fyrir yfirstandandi fjárhagstímabil. Það mun þess vegna ekki vera ástæða til, hjer að fara lengra út í þetta spursmál, en jeg skal að eins geta þess, þar sem jeg var neyddur til vegna lasleika að fara frá þinginu við 2. umræðu, áður en hinn háttvirti þingmaður Borgfirðinga svaraði nokkrum orðum þessari skýrslu, að hún var byggð á þeirri skýrslu, sem vjer nefndarmenn rituðum undir 4. maí f. á., og sem prentuð hefur verið í »Ísafold«, og þess vegna má álíta þingmönnunum kunnuga, en að öðru leyti hafði jeg hana við höndina við 2. umræðu, og hef hana einnig nú, svo að ekki er neitt því til fyrirstöðu að lesa hana upp, ef þörf gjörist. Jeg tek það upp aptur, áður en gengið er til atkvæðagreiðslu, að svo er þessu máli varið, eins og nú skal segja: Öllum þingmönnum er það kunnugt, að umframgreiðsla hefur átt sjer stað á alþingishúsbyggingunni, er nemur hjer um bil 23000 kr. Um einn hluta hennar kann hjá nokkrum þingmönnum að vera vafi um það, hvort hann hafi verið á rökum byggður, og nemur hann 2200 kr. Fullnaðarreikningur hefur ekki verið lagður fyrir þingið, af því að ómögulegt hefur verið að semja hann. En stjórnin hefur tilkynnt þinginu, að umframgreiðslan hafi numið hinni umgetnu upphæð, og bætt því við, að hún sjálfsagt áliti sjer skylt, að semja fullnaðarreikninginn með öðrum landsreikningum, og að taka að sjer sömu ábyrgð á honum eins og á þeim. Stjórnin hefur enn fremur látið þinginu í tje allar þær skýrslur, er þingið hefur heimtað viðvíkjandi þessu máli, og er fús á að láta þinginu allar aðrar skýrslur um það í tje, sem yfir höfuð að tala eru til, og loksins hefur stjórnin leitað samkvæmt stjórnarskránni aukafjárveitingar þingsins í þessu tilliti. Jeg vil láta mjer nægja, enn einu sinni að staðfesta (*konstatera*) þetta, og svo fela það á þingsins vald, að skera úr þessu máli; alþingið beri sjálft ábyrgðina á aðgjörðum sínum í því.

Tryggvi Gunnarsson: Af því framsögumaður er ekki á fundi í dag, skal jeg taka að mjer framsöguna, og vil jeg þá skýra frá því, að þegar nefndin hjelt fund, þá voru eigi allir nefndarmenn á eitt sáttir, og voru nokkrir, sem eigi þótti næg ástæða til að víkja frá áliti hennar um 2. og 7. gr., en þó varð sú niðurstaða, að nefndinni þótti rjettara að vægja til við þá háttvirtu þingmenn hjer í deildinni, sem við 2. umræðu mæltu mest í móti greinum þessum, og þess vegna hefur hún gjört breytingaruppástungu, í von um, að þingmenn vildu við hafa sömu aðferð, að slá nokkru af sínum kröfum og mæta nefndinni á miðri nefndinni á miðri leið. Viðvíkjandi 2. gr. þótti nefndinni ástæða til að leggja minna fje til vegagjörðar og til fjóss og hesthúss m. fl. handa vitaverðinum á Reykjanesi, en þó sá hún sjer ekki fært að fara neðar en 1200 kr. Hvað 4. gr. snertir, um viðbót við fje það, sem ætlað er til vísindalegra og verklegra fyrirtækja, þá þótti nefndinni ástæða til, eptir skýrslu þeirri, er hinn hæstvirti landshöfðingi gaf við 2. umræðu, að færa upphæðina úr 200 kr. niður í 1000 kr.; er það mitt á milli þeirra, sem vilja hafa allt, og þeirra, sem vilja láta það ekkert vera. Viðvíkjandi 7. gr. hefur nefndin leyft sjer að ráða til að samþykkt yrði, að veita 25,000 kr. til þinghússbyggingarinnar, en þó þannig, að 5000 kr. væru dregnar frá til húsbúnaðar í alþingissölunum; þetta áleit nefndin að gæti orðið til sátta og miðlunar milli hennar og

þeirra mauna, er komið höfðu fram með mótbárur við 2. umræðu. Þingið 1879 veitti 100,000 kr. til þinghúsbyggingarinnar, og var ætlazt til, að það væri svo ríflega til tekið, að ekki þyrfti að bæta við það, en þó að öðruvísi reyndist, þá er það að flestu leyti ekki hægt að skulda landsstjórnina fyrir það, en miklu fremur byggingameistarann, herra Meldahl; hann gjörði teikninguna og eptir henni varð að fara; þó er honum nokkur vorkunn, því hann er alveg ókunnugur hjer á landi og gat ekki ímyndað sjer, hvað ýmislegt til hússins er miklu dýrara hjer en erlendis; hann hefur að líkindum gengið út frá því, að í útlöndum mætti byggja svo stórt hús fyrir 100,000 kr.; þar að auki er á fyrstu teikningunni ekki gjört ráð fyrir, að höggva til grjótið í húsið eins ferkantað og vandlega, eins og nú er gjört, heldur að eins sljetta yztu kantana á steinunum, sem allir máttu vera misstórir; þetta má enn í dag sjá á teikningunni, en húsið hefur náttúrlega orðið mörg þúsund krónum dýrara fyrir það, að grjótið í öllu húsinu er svo vandlega höggvið, en um leið er það hin mesta prýði. Þar við bætist það, að veturinn var óvanalega harður, svo að vinnan varð miklu dýrari, en ella mundi hafa orðið, og miklu fje var eytt til kolakaupa, til þess að þurrka húsið, og halda því svo hlýju, að mögulegt væri að halda smíðinu áfram. Þetta var ekki gott að sjá fyrir fram, og einkum sýnist mjer, að hinum hæstvirta landshöfðingja sje eigi sök á því gefandi, þó að herra Meldal misreiknaði sig og hefði húsið bæði stærra og prýðilegra, en mátti vera, eptir því fje, sem þingið veitti 1879. En mig furðar ekki á því, þó að menn tali um kostnaðinn við grunninn, sem byrjað var á, en varð eigi að neinu gagni, en þegar á allt er litið, þá vona jeg, að menn sjái, að það hafi verið talsverður fjársparnaður, að hætt var við að hafa alþingishúsið á þeim stað, sem fyrst var til ætlazt, því að flutningur á grjóti og sandi og öllu því, sem frá útlöndum kom, sem var nálægt 400 lestir, hefði orðið mörg þúsund krónum dýrari þangað upp eptir heldur en hingað að Austurvelli, sem húsið stendur nú. Þetta bið jeg deildina að hugsa vel um, áður en gengið er til atkvæða, og jeg vona, að hún sjái, að þingið sleppir ekki neinu af sínum rjetti, þó að það veiti í bráð það fje, sem hjer er farið fram á, því þingið 1883 hefur alveg óbundnar hendur fyrir því, þegar búið er að rannsaka reikningana. Þá kemur breytingaratkvæði landshöfðingjans um þrumuleiði. Það er ekki mikið fje, og er að eins 150 kr. fram yfir það, sem nefndin hefur lagt til, svo hún gjörir ekkert kappsmál úr því. Því næst er breytingaratkvæði 7 þingmanna, og þar á meðal þingmanns Snæfellinga, um að 4. gr. falli í burt, en það get jeg ekki fallizt á. Þá er enn breytingaratkvæði 6 þingmanna, og þar á meðal þingmanns Reykvíkinga, um að hjeraðslækni Ólafi Sigvaldasyni skuli veittar 1125 kr. Jeg vil ekki dæma um, hvort fullkomin lagaheimild er fyrir þessari fjárkröfu, en það er jeg hræddur um, að þetta kunni að draga dilk eptir sig, og að fleiri muni koma á eptir, ef fjeð verður veitt, en samt finn jeg ekki ástæðu til að mæla mikið á móti þessu. Þá kemur breytingaratkvæði frá mjer og fleirum þingmönnum við 7. gr., að forstöðumaðurinn við byggingu alþingishússins, Bald, skuli fá 500 kr. Sumir munu reyndar vera þessu mótfallnir, en jeg vona þó, að flestir fallist á mína skoðun, þegar jeg hef fært rök fyrir henni. Kaup það, sem Bald hefur fengið hjer, er litlu meira en hann hafði áður; ef mig minnir rjett, þá er það 30 kr. meira um mánuðinn, og þó hefur hann verið yfirsmiður og haft ábyrgð, sem hann hafði áður enga. Auk þess hafa allir, sem unnu fram yfir ákveðinn tíma, fengið sjerstakt kaup fyrir þá aukavinnu, en það hefur Bald ekki fengið; en ef allir aðrir eiga borgun fyrir það, þá getur enginn efazt um, að honum beri einnig borgun fyrir það, og fái hann ekki borgunina á þennan hátt, þá mun hann koma með reikning, sem enginn getur skorazt undan að borga, en mjer finnst miklu

rjettara og fallegra, að þessi þóknun komi frá þinginu, en að hann þurfi að krefjast borgunarinnar. Þess má einnig geta, að hvar sem Bald hefur áður unnið í útlöndum, þá hefur hann fengið dálítinn »*duceur*« og þykir mjer því leiðinlegt, að hann fái hann ekki einnig hjer, eða að land vort láti sjer farast miður en öllum öðrum. Þegar jeg fjekk hann til að smíða alþingishúsið, þá var hann ráðsmaður hjá timbursmið nokkrum, og hafði beztu atvinnu, en vegna þess að hann tók að sjer alþingishússbygginguna, þá missti hann þá atvinnu, sem hann hafði áður, og hefur nú ekkert fast að hverfa til, þegar hann kemur til Kaupmannahafnar, sem ekki er gott fyrir hann, þar sem hann er fátækur maður með 6 ungbörn. Jeg vona að menn sjái, að næg ástæða var til þess, að jeg hef komið fram með tillöguna, og hinir háttvirtu þingmenn aðhyllist, að samþykkja hana. Jeg er mikið með því, að spara, þegar það á við, en jeg vil þó miklu heldur, að landið gjöri sjer eigi minnkun með nokkurs konar nurlarahætti, heldur sýni höfðingskap og veglyndi.

Jón Ólafsson. Viðvíkjandi því, sem hinn hæstvirti landshöfðingi sagði út úr orðum mínum og annara þingmanna um daginn, skal jeg geta þess, að jeg hef nú samlagað mig við nefndina um að veita til þinghúsbyggingarinnar 20,000 kr., og auk þess 5000 kr. til húsbúnaðar í þingsölunum. Á þennan hátt má láta kostnaðinn við upphaflega grunngröptinn liggja milli hluta til næsta þings. Jeg get ekki ætlað það rjett vera, að veita meira fje, áður en skýrir reikningar eru lagðir fyrir þingið, og sízt virðist enn ástæða til að veita sjerstaklega þessar 2,200 kr., meðan eigi upplýsist betur það mál. Ef fjeð er veitt í fyllsta mæli nú, sleppir þingið að nokkru leyti hendi sinni af því; en það er hægt að koma í veg fyrir þetta með þessu móti, og mun jeg því greiða atkvæði mitt með þessum breytingum nefndarinnar. Jeg vil minnast fáum orðum á 500 kr. þóknunina til yfirsmiðsins. Hinn virti samþingismaður minn úr Suður-Múlasýslu sagði, að kaup hans hefði verið hjer litlu meira, en hann hefði haft ytra, áður hann kom hingað. Þó kannaðist hann við, að það væri 360 kr. meira um árið. Er það svo lítið? En ef það er of lítið, hvers sök er þá það? Ekki vor sök, heldur sjálfs hans. Hann hefur sett upp kaup þetta, og sætt sig við það. Oss varðar ekkert um það, hvort kaup hans er hærra eða lægra, minna eða meira en áður, ef vjer höfum greitt honum það kaup, sem hann hafði samið um við oss; og þau laun virðast fullkomin og engin ástæða til að bæta við nú á eptir. Ef hann hefur leyst verkið vel af hendi, þá á hann þakkir skilið, og þær geta menn veitt honum prívat, en heiðurslaun af landssjóði virðist mjer engin ástæða til að veita honum. Hinn háttvirti samþingismaður minn sagði, að hann hefði unnið fram yfir tímann. Ef svo er, getur hann gefið oss reikning fyrir því, og skulum vjer fúsir borga hann. Hitt er háskalegra, að fara fyrst að gefa honum heiðurslaun, og eiga svo á hættu, að fá kann ske uppskrúfaðan aukavinnureikning á hálsinn á eptir. Eða hver er það, sem ábyrgist, að Bald komi ekki með reikning á eptir, þegar búið er að veita honum þessi heiðurslaun úr landssjóði, og segi: »Borgið mjer þennan reikning; þessar stundir hef jeg unnið fram yfir þær, sem jeg samdi um og borgaðar eru á fjárlögunum. Þessar 500 kr. eru mín heiðurslaun, þau koma þessu ekki við; gjörið svo vel og borgið mjer þennan reikning. Á honum á jeg heimting«. Hinn háttvirti samþingismaður minn sagði, að það væri alltítt í útlöndum að gefa smiðum »duceur«, sem hann kallaði. Það má vel vera; jeg veit það ekki; jeg er líklega eigi jafnkunnugur erlendis og hann. En það eru þá víst að eins prívatmenn, sem gefa slíka »duceura«; þeir geta gjört við sitt, hvað þeim þóknast. En jeg leyfi mjer að fullyrða, að hið opinbera fáist hvergi í heimi við að gefa »duceur« af almannafje handverksmönnum eða daglaunamönnum, sem hafa unnið fyrir um-

samið kaup. En ef þingmaðurinn getur sýnt mjer það nokkurs staðar í fjárlögum Dana, að nokkrum handverks- eða daglaunamanni hafi nokkurn tíma verið veitt heiðurslaun á þeim fyrir að hafa uppfyllt vinnuskilmála eða staðið fyrir húsbyggingu, þá skal jeg samstundis greiða atkvæði mitt með viðaukatillögu þessari, en heldur ekki fyrri. Jeg skal taka dýpra í árinni: sýni hann mjer það í einhverjum fjárlögum einhverra þjóða, að einhverjum yfirsmið hafi einhvern tíma verið ánafnaður einhver «duceur» á fjárlögum; geti hann það ekki, þá verð jeg að ætla, að það sje ekki eins títt og hann segir.

Halldór Friðriksson: Jeg vil fara fáeinum orðum um viðaukatillögu þá, sem hinn háttvirti framsögumaður kenndi við mig. Þessi maður, Ólafur læknir Sigvaldason, tók sjer bólfestu sem *practiserandi* læknir í Strandasýslu og 2 hreppum af Barðastrandarsýslu. En með lögunum 15. okt. 1875 var landinu skipt í 20 læknisumdæmi, og var honum þá í ágústm. 1876 veitt 7. læknishjeraðið; en því næst var hann skipaður af landshöfðingja til þess, að þjóna 5. læknishjeraðinu líka. Nú munu ýmsir segja: læknar, sem voru skipaðir í gömlu læknishjeruðin, voru skyldir að þjóna þeim, þangað til einhver læknir væri skipaður í þau eptir nýju skiptinguna sem embættismaður. Það er að segja: læknirinn í Ísafjarðarsýslu var skyldur að gegna læknisstörfum einnig í þeim hluta umdæmisins, sem 7. læknishjerað eigi tók yfir, þrátt fyrir það, þótt Barðastrandarsýsla væri gjörð að sjerstöku læknisumdæmi, unz einhver sækti um það. En þegar einn læknir hefur sótt og fengið eitthvert hinna nýju læknishjeraða, er hann eigi skyldugur að taka annað læknisumdæmi fyrir alls ekkert, því að hann hafði aldrei embættismaður í því verið; því að það er ákveðið í hinum almennu launalögum, að þegar embættismaður hefur á hendi 2 jafnlaunuð embætti, bera honum þrír fjórðungar af launum beggja embættanna. En auk þess ber þess að gæta, að Ólafur Sigvaldason var eigi embættismaður, heldur að eins practiserandi læknir, þótt hann fengi styrk úr læknasjóðnum. Þetta er svo ljóst, að það er eigi til neins að neita því, og getur það, að neita Ólafi Sigvaldasyni um hina umbeðnu viðbót, eigi leitt til annars, en baka landsjóðnum kostnað og lækninum líka, með því að neyða hann til þess, að fara í mál við landsjóðinn. Það er því engin ástæða til, að neita lækninum um þau laun, sem honum bera eptir launalögunum. Ef eitthvað væri efasamt eða óljóst í þessu máli, þá væri full ástæða til, að láta dómstólana skera úr, en þar sem þetta er svona ljóst og liggur hverjum manni í augum uppi, er það eigi til neins annars, en til þess að baka óþarfan kostnað.

Um hinar aðrar breytingartillögur skal jeg taka það fram viðvíkjandi 7. gr., að þótt það sje ef til vill siður annarstaðar, að veita óákveðnar upphæðir á aukafjárlögum, þá getur enginn neitað því, að það hlýtur að vera tilgangslítið, að gjöra það hjer, eins og hjer stendur á; og mjer finnst það undarlegt, að þurfa endilega að veita þær upphæðir nú, sem vafi er á hvort segja eigi já eða nei um, einungis af því, að glögga reikninga vantar, en sem engum mun detta í hug að hika við að greiða, þegar nákvæmir og skýrir reikningar eru komnir fram. Jeg vil eigi ganga lengra nú en svo, að auðið verði á næsta þingi að hafa vaðið svo fyrir neðan sig, að eigi þurfi að kalla aptur fje það, sem einu sinni hefur verið veitt. Ekki get jeg heldur verið samdóma öllum þessum fjárveitingum í 3. gr. til vitans á Reykjanesi. Jeg get vel aðhyllzt launaviðbót vitavarðarins, en að veita fje til þess, að byggja fjós og hesthús, það get jeg ekki sjeð að nauðsyn krefji að gjöra að þessu sinni. Hinn hæstvirti landshöfðingi játaði og sjálfur, að eigi væri til þess að hugsa, að hann gæti haft kú nú sem stendur. Jeg sje eigi heldur, á hverju hann á að fóðra þar hest, meðan hann alls enga grasnyt hefur, enda mun hann varla geta haft mikil not af hesti á Reykjanesi að vetrinum til, og þurfi hann hest á sumrin,

mnn honum betra að koma hestinum fyrir annarstaðar yfir veturinn. Jeg get því eigi sjeð, að brýna nauðsyn beri til, að veita þessar 700 kr.

Þá kemur hið 3. atriði, og það er endurbót vegarins. Jeg skal játa það, að það er nauðsynlegt, að gjöra góðan veg milli vitans og húss vitavarðar, en vegurinn inn í Hafnirnar, hann er sannarlega fremur Hafnamönnum til gagns en vitaverði, auk þess sem sá vegur heyrir beinlínis undir hreppavegi, og virðist því full ástæða til, að takmarka þennan vegabótastyrk af hálfu landssjóðs. En jeg verð að vera hinum hæstvirta landshöfðingja samdóma um það, að mjög æskilegt væri, að fá þar þrumuleiði, en jeg ímynda mjer, ef eigi er farið enn að gjöra ráðstafanir að því, að fá hann upp, þá muni vera óhætt, að fresta útborgun fjár þess, sem til hans þarf, þangað til eptir nýárið. Ef því bætt er 400 kr. við vitavörðinn og 540 kr. eru ætlaðar til annara útgjalda við vitann, þá ætla jeg, að það muni nægja, því að eigi ber að leggja fje til annars en vitans sjálfs og vegarins milli vitans og hússins; það er sannarlega eigi annað, sem viðbótar þarf við í ár. Lengra en 1200 kr. get jeg alls eigi farið; mjer virðist nefndin hafa sannarlega verið rík í tiltektum sínum. Að lokum vil jeg minnast fáum orðum á viðaukatillögu þá, sem hinn háttvirti framsögumaður mælti svo vel fram með, og það eru þessar 500 kr. til herra Balds. Jeg verð að telja það sóma þingsins, að sýna þeim manni einhvern sóma, sem allir verða að játa að hefur unnið með mestu alúð og samvizkusemi að því, að þetta hús yrði sem vandaðast og sem bezt úr garði gjört, og jafnframt eigi dýrara en nauðsyn krefði, og það virðist því fremur viðurkvæmilegt, að honum væri sýnd einhver viðurkenning, sem allir aðrir starfamenn við hús þetta hafa þó fengið einhverja þokkabót, og það væri því sannarlega undarlegt, að skilja yfirsmiðinn einan eptir.

Holgeir Clausen: Hinn háttvirti framsögumaður hjelt langa ræðu um það, að ganga inn á frumvarp þetta eins og það er, en jeg get ekki af þeirri ræðu sjeð neina ástæðu til að ganga inn á það, því ræðan var nú svona og svona. En um vitann vitum vjer það, að það getur verið skemmtilegt að eiga hest, fyrir þá, sem það geta, en jeg skil ekki, hvað hann hefur með hest að gjöra. Í Eddystone, sem er viti fyrir sunnan England á bletti, sem er líklega eins stór og salurinn hjerna, þar er enginn hestur, en allt getur þó gengið þar reglulega til. En um Ólaf Sigvaldason má eigi, eins og hinn háttvirti 2. þingmaður Skagfirðinga sagði um daginn, spyrja, hvort hann hafi verið sóttur eða hafi gjört nokkurt gagn, því að hann hefur þó verið skyldugur að gegna, og hefur keypt hesta. Það er þó víst ekki meiningin, að læknirinn eigi að skaffa fólk veikt, til þess að það þurfi að sækja sig.

Grímur Thomsen: Hjer liggja breytingartillögur fyrir þinginu, sem mitt nafn stendur undir ásamt 6 öðrum þingmönnum. Þessar breytingar fara fram á: 1. að færa niður gjöldin til vitans; 2. nema burtu viðbótina við fje það, sem ætlað er til verklegra og vísindalegra fyrirtækja; 3. að eigi sje veitt á þessum aukafjárlögum aukatillagið til alþingishússins. Jeg skal taka það fram um gjöldin til vitans, að það virðist ótilhlýðilegt og óþarft, eins og jeg tók fram við 2. umræðu, að landssjóðurinn beri kostnað af vegi frá vitanum til Hafna; sá vegur blýtur að teljast til hreppavega; en hitt tel jeg sanngjarnt og sjálfsagt, að landssjóður leggi fram fje til að vegurinn frá vitamannsbýlinu til vitans verði bærilegur. Reyndar kemur það fram nú, að fje það, sem til þessa hefur áður verið veitt, hefur veitt verið ófyrirsynju, því nú á að fara að veita það, til þess að leggja veginn um. Það er þegar búið að verja 240 kr. til vegarins, og nú er bætt við 300 kr., þá yrðu þetta 540 kr. Vitavörðurinn hefur nú í laun 800 kr., og þar sem nú á að bæta við hann 400 kr., þá verða þetta samtals 1200 kr., eins og þau laun eru, sem hann nú

hefur eptir fjárlögunnm fyrir 1882 og 1883. Jeg játa það, að staðnrinn er afskekktur og leiðinlegur, en þó held jeg, að eptir stöðu þessa manns og eptir því menntunarstigi, sem hann stendur á, þá sjeu þessar 1200 viðunanleg laun; og ef hann getur grætt út túnblett, þá er það tilvinnandi fyrir hann sjálfan, að byggja sjer skýli yfir kú eða hest, án þess að landssjóður veiti honum fjárstyrk til þess. Jeg vil enn bæta því við um veginn frá vitanum inn í Hafnir, að það er eigi heppilegt, að láta Hafnamenn nota þetta tækifæri til þess að koma þessu gjaldi, sem er hrepps- eða sýslngjald, af sjer á landssjóðinn.

Þá kemur nú 4. grein, sem ræðir um fje það, sem ætlað er til vísindalegra og verklegra fyrirtækja. Það gleður mig, að hin beiðraða nefnd hefur iðrazt, því hún lagði það til við 2. umræðu, að veita þessar 2000 kr. óskertar, en nú er hún svo góð og varfærin, að hún hefur sett þessa upphæð niður um helming, en þó eigi meir, og sýnir hún með því, að eins er ástatt með hana og oss, þá er vjer iðrumst, að oss hættir við að iðrast eigi til fulls. Jeg verð að álíta, að þessi fjárveiting sje alveg ónauðsynleg, og skýrslur þær, sem hinn hæstvirti landshöfðingi gaf oss við 2. umræðu um það, hversu verja ætti fje þessu, virðast mjer eigi vera fullnægjandi, og fjárbeiðslur þær, sem þar koma fram, eigi svo nauðsynlegar, að eigi megi fresta þeim fram yfir nýár 1882. Jeg fæ eigi sjeð, hvers landið missir í, þótt Bjarni Guðmundsson ættfræðingur fái eigi þennan fyrirhugaða styrk fyr en eptir næsta nýár. Árið er nú bráðum á enda, og jeg skil eigi, að nú sje nauðsynleg viðbót, þar sem nú er tvöfalt fje á þessum gjaldlið. Hinn hæstvirti landshöfðingi hefur sýnt, hvað hann getur, ekki einungis þegar hann stjórnar einn, heldur og þegar hann semur áætlanir í sambandi við hið löggefandi vald, þar sem hann hefur getað fengið fjárlaganefndina nú til þess, að tvöfalda upphæðina á þessum gjaldlið. En að bæta nú við hinn hæstvirta landshöfðingja 2000 kr. að óþörfu, get jeg eigi skilið að nokkur maður geti gefið atkvæði sitt fyrir. Jeg get ímyndað mjer, að menn sjeu í nokkrum vafa, þegar menn eigi vita, hvort fjenn er varið til nauðsynlegra eða ónauðsynlegra fyrirtækja, en þegar menn vita, að fjárveitingin er alveg ónauðsynleg, þá get jeg eigi skilið, að nokkrum blandist hugur. Jeg vil heldur veita 1000 kr. en 2000 kr., en jeg vil helzt eigi veita neitt.

Þá kemur nú loksins þessi blessuð 7. grein, kostnaðurinn til alþingishússins. Megnið af þessu fje hefur þegar verið greitt, en það vantar skýra og glögga reikninga, og það lái jeg eigi hinum hæstvirta landshöfðingja. Jeg álít hann — jeg skal sýna, að jeg get látið hann njóta sannmælis — jeg álít hinn hæstvirta landshöfðingja fyrirmynd embættismanna í starfsemi og reglusemi, og þó eru reikningarnir eigi til. Síðan vjer fengum sjálfsforræði, hafa tvenn fjáraukalög verið fyrir hvert tímabil, og jeg sje eigi, hví vjer ættum að gjöra þetta að lærdómsgrein og fastri reglu, þar sem auk þess er óumflýjanlega nauðsynlegt, að þessi upphæð komi fram í aukafjárlögunum 1883, með því að hún er enn þá óákveðin. Það virðist ekkert liggja á, að greiða þetta nú, því sjálfsagt er, að hvert þing verður að veita það fje, sem sannað er með skýrum reikningum að þörf er á. Hjer hefur verið rætt um eina upphæð, sem sumir hafa látið í ljósi efa um hvort væri nauðsynleg, og er það upphæð sú, sem varið var til þess, að grafa hið fyrsta grunnstæði hússins, sem aldrei var notað. Hinn hæstvirti landshöfðingi skýrði frá því um daginn, hvert samkomulag hefði verið milli hans og nefndariunar. Jeg vil eigi bera orð hans aptur; jeg efast eigi um, að hann hefur hermt svo rjett frá þessu, sem hann hefur munað, en þó skal jeg geta þess, að enginn nefndarfundur var haldinn, og nefndin sem nefnd var aldrei spurð um það, hvort byrja skyldi að grafa grunninn þarna. Jeg rengi það eigi, að

hinn hæstvirti landshöfðingi hafi ráðfært sig við þá af nefndarmönnum, sem búsettir vorn í Reykjavík, en það er víst, að grunnurinn var grafinn og undirstöður lagðar af því grjóti, sem yfirsmiðurinn, þegar hann kom, áleit ónýtt til þess. En þótt of mikið fje hafi verið brúkað til þessa, vil jeg þó eigi gjöra hinum hæstvirta landshöfðingja erfiðleika. Það var jeg, sem var allt af á móti hinum hæstvirta landshöfðingja, og opt einn á bandi; það var jeg, sem í orðsins góðu merkingu átti í stríði við hann um það, hvar húsið skyldi standa, því jeg var sá eini, sem allt af vildi láta húsið standa á Arnarhóli. Og síðast heimtaði jeg skýrslu um það, hvað síðast hefði farið fram í nefndinni. Það er honum að kenna, að hússtæðið var eigi valið á Arnarhóli, og hann hafði þá aðalástæðu, sem sjálfsagt margir Reykjavíkurbúar munu vera honum samdóma í, að fyrir þá, sem þyrftu að nota söfnin, væri svo erfitt að ganga inn á Arnarhól. Þetta skal jeg játa. En eins og jeg læt hinn hæstvirta landshöfðingja njóta sannmælis í því, að hann er hinn starfsamasti, reglusamasti og samvizkusamasti embættismaður, eins segi jeg það líka, að það geti fylgzt að, að sá, sem er þessum kostum búinn, geti líka verið einstaklega einþykkur og einráður; jeg segi, að þetta g e t i fylgzt að, en jeg segi ekki þar fyrir, að þetta eigi sjer stað hjá hinum hæstvirta landshöfðingja. Jeg vona, að hin heiðraða deild sjái, að það er engin ástæða til þess, að greiða atkvæði með hinni 7. gr., því þótt hún yrði samþykkt nú, hlýtur stjórnin að semja ný fjáraukalög 1883, því þá vita menn fyrst með vissu, hve miklu fje hefur verið kostað til hússins. Enginn má ætla þinginu það, að það hiki við, að greiða það fje, sem brúkað hefur verið með sparsemi og útsjón til svo stórkostlegs fyrirtækis.

Jón Jónsson: Hinn heiðraði 2. þingmaður Gullbringu- og Kjósarsýslu sýndi fram á það við aðra umræðu þessa máls, að vegurinn milli vitans og Hafna væri hvorki sýslu- nje hreppsvegur, og að Hafnamenn hefðu lítið gagn af honum, og álít jeg, að ekki þurfi að fara fleirum orðum um það. Viðvíkjandi því, sem hinn háttvirti þingmaður Snæfellinga sagði um vitann á Eddystone, vil jeg benda honum á, að þessi viti getur fengið allar nauðsynjar sínar sjóveg, en Reykjanessvitinn getur ekki haft samband við aðrar byggðir öðruvísi en landveg, og þarf þá að fara hálfa þingmannaleið rúma um sandeyðimörk, þar sem lífshætta mesta er að villast frá rjettum vegi, því þá er ekki nema um tvennt að ræða, annaðhvort lendir maður í eyðimörk upp á margar þingmannaleiðir og fullri af hættulegum gjám eða sprungum, eða maður hrapar niður fyrir Hafnabjarg, og munu fáir telja Hafnabjarg betra yfirferðar en Vogastapa, og vita allir, hve hættulegt þar er að ferðast í byl eða náttmyrkri.

Viðvíkjandi endurgjaldi til Ólafs Sigvaldasonar skal jeg geta þess, að jeg álít, að þingið geti ekki að svo komnu rætt eða útkljáð það mál, því engin skýrsla liggur fyrir um það, að hann hafi nokkurn tíma þjónað eða verið settur til að þjóna því læknishjeraði, sem hjer ræðir um. Sje launakrafa þessi ekki alveg ástæðulaus, þarf ekki að óttast, að stjórnin haldi henni ekki fram með fjárlögum eða fjáraukalögum.

Jeg er alveg samdóma hinum háttvirta 2. þingmanni Suður-Múlasýslu um þær 500 kr., sem stungið er upp á að veita yfirsmið alþingishússins. Það hefur víst aldrei komið fyrir, að löggjafarþing hafi samþykkt slíka fjárveiting. Þar að auki er efi á því, hversu vel yfirsmiðurinn hefur leyst starf sitt af hendi. Það hefur þannig verið fundið að því, að grunnurinn undir húsinu sje of lágur — sami galli, sem var á tukthúsinu, sem hinn sami yfirsmiður byggði. Þar að auki mega menn ekki gleyma því, að margir eru óánægðir með, að hús þetta hefur kostað 25,000 kr. meira en til þess var veitt, og að það stendur ekki á Arnarhólstúninu. Þetta er að vísu ekki Bald einum að kenna, heldur mest nefndinni, sem rjeð útlendan ókunnugan mann, sem lítið

ekkert þekkti hjer til, í stað þess að ráða yfirsmið innlendan mann, sem gat takmarkað kostnaðinn, en yfirsmiðurinn er þó ekki alveg saklaus, úr því að hann gaf kost á sjer, og hvað hússtæðið snertir, er það nú orðið fullljóst, að það er mest þingmanni Borgfirðinga næst yfirsmiðnum að kenna, að húsið var fært frá Arnarhóli ofan í kálgarð þingmanns Reykvíkinga, og kálgarður þessi var keyptur við því geypilega verði, sem vjer allir þekkjum.

Varaforseti: Jeg skal ekki halda uppi svörum fyrir nefndina, eða hennar tillögur; formaðurinn hefur gjört það, og hefur enginn beint neinu sjerlegu móti henni, nje hrakið það, sem hinn háttvirti formaður hefur sagt. En jeg ætla að minnast á nokkrar breytingartillögur, sem fram eru komnar, og skal jeg þá fyrst minnast á þá, sem nokkrir þingmenn eru skrifaðir undir með nafninu Holgeir Clausen í broddi fylkingar. Þessi þingmaður gaf formanni nefndarinnar nokkurs konar vitnisburð fyrir ræðu hans, en hvorki gat jeg beyrt neinar ástæður fyrir honum, nje heldur það, að hann hrekti neitt af því, sem hinn háttvirti formaður hafði sagt. Breytingaruppástunga þessi fór fram á að breyta tölunni 1480 kr. í 740 kr., sem sje gjaldinu til vitans. Eins og það er ljóst, að uppástungumenn hafa deilt þessari tölu alveg rjett með 2, eins er það víst, að enn eru engar ástæður færðar fram, er geti gjört þessa breytingu skiljanlega eða aðgengilega. Það hafa margir orðið ásáttir um, að launaviðbót vitavarðarins sje sanngjörn, og það þótti þingmanni Reykvíkinga, en hann gat ekki fallizt á, að veita fje til að byggja hesthús og fjós handa vitaverðinum, og hafði hann það að ástæðu á móti, að vitamaðurinn hefði ekkert gras, en hinn hefur hann aldrei neitað, að vitamaðurinn þurfi nauðsynlega á hesti að halda. Það er auðvitað, að upphæð sú, er ætluð er til þessa, er nokkuð há, en þess ber þá einnig að gæta, að þar suður frá verður ekki úr öðru byggt en grjóti, en aðflutningur á kalki og sandi er mjög örðugur, svo af því leiðir, að allar byggingar verða að tiltölu mjög kostnaðarsamar, og verð jeg að álíta, að nefndin hafi haft rjett tillit til þessa. Þá hafa komið mótbárur móti því, að veita fje til vegagjörðar á milli vitans og Hafna, og færði þingmaður Reykvíkinga þá ástæðu móti þessari fjárveiting, að Hafnamenn þyrftu sjálfir að brúka þennan veg; en þetta er, að svo miklu leyti sem mjer er kunnugt, alveg ástæðulaust. Milli Grindavíkur og Hafna er ómögulegt að nokkrum lifandi manni detti í hug að fara þann veg, nema hann eigi brýnt erindi út á Reykjanesstá. Jeg hef sjálfur verið staddur þar suður frá og ætlaði að skoða vitann, en var ómögulegt að fá fylgdarmann þá leið fyrir því, að vegurinn var lítt fær, auk þess sem það væri afarmikill krókur. Ein breytingaruppástungan er það, að 4. gr. falli alveg burtu. Það er þó öllum kunnugt, að það fje, sem ætlað hefur verið til vísindalegra fyrirtækja, hefur verið sparað. Jeg hef ekki við höndina lista yfir þá, sem hinn hæstvirti landshöfðingi upplýsti þingið um að sótt hefðu um styrkinn, en ekki fengið, en að neita um það fje, sem farið er fram á í 4. gr., get jeg ekki sjeð að ástæða sje til, af því að meira fje hafi verið veitt fyrir næsta fjárhagstímabil til vísindalegra og verklegra fyrirtækja. Loksins er farið fram á í einni breytingartillögunni, að 7. gr. falli burt; með öðrum orðum, að ekkert fje sje veitt upp í þær 23000 kr., sem umframgreiðslan á alþingishússbyggingu þeirri, sem við erum nú staddir í, hefur numið. Jeg get nú ekki sjeð, að fjáraukalög sjeu í þessu tilfelli neitt frábrugðin fjárlögum. Fjárlögin 1879 heimila, að brúka til þessarar byggingar 100000 kr., en fjáraukalögin heimila að veita 20 eða 23,000 kr. í viðbót við þær 100,000 kr., sem fjárlögin veittu 1879; á þessu sje jeg engan mun, og að það geti verið hætta, get jeg heldur ekki sjeð, þar sem það er auðvitað, að stjórnin verður að gjöra grein fyrir þessu fje, eins og því fje, sem veitt var til þinghússbyggingarinnar 1879. Jeg

mun ekki hafa getið þess við 4. gr., að þingmaður Borgfirðinga sagði, að fjárlaganefndin hefði iðrazt, en þó ekki til fulls. Þingmanninum verður sjálfsagt sjaldan að breyta því, sem hann hefur einu sinni gjört. (*Grímur Thomsen:* Jú, opt). En er það þá iðrun? Nei, nefndin hefur sett þessa upphæð niður eptir að hafa fengið betri upplýsingar og nákvæmari skýrslur. Jeg skal ekki fara að rekja það, sem gjörðist á fundum byggingarnefndarinnar, enda var jeg ekki á þeim öllum, og man ekki allt, sem gjörðist á þeim, sem jeg kom á. En þegar jeg kom á 2. fundinn, var mjer sagt, að nú væru menn horfnir frá, að láta húsið standa á Arnarhóli. Jeg stakk þá upp á ýmsum öðrum stöðum, en að öllum þótti nokkuð. Þingmaður Borgfirðinga sagðist í þessu máli alstaðar hafa verið móti hinum hæstvirta landshöfðingja, en það held jeg að sje misminni. Hafi þingmaðurinn ekki verið með landshöfðingja, þá hefur landshöfðinginn verið með þingmanninum í því, að flytja grunninn hingað, þar sem húsið nú stendur. Það hefur svo mikið verið talað um kostnaðinn við að flytja grunninn hingað, sem jeg verð einnig að játa að jeg var alveg mótfallinn, og jeg held, að það hafi orsakazt af áliti byggingarmeistarans á staðnum, en enginn talar um þann mismun, að sleppa eins góðum grunni, sem fjekkst fyrir ekkert, til að taka þennan, sem kaupa varð fyrir ærna peninga.

Eiríkur Kúld: Jeg stend ekki upp til þess að forsvara breytingaratkvæðin; þau hafa fengið sinn dóm hjá sumum, og hann ekki hvað vægastan hjá hinum hæstvirta landshöfðingja. Jeg verð út af ummælum hins hæstvirta landshöfðingja í dag að lýsa því yfir, að meining mín með breytingaratkvæðum þeim, sem jeg hef komið með fram á þingi, hefur aldrei verið sú, að vekja úlfúð milli þings og stjórnar, heldur til þess að leggja mitt til að beina málunum í það horf, er mjer fannst betur fara. Jeg álít, að vjer sjeum sendir hingað til að taka þátt í löggjöf landsins, og því er það, að jeg þykist hafa rjett til að koma með breytingaratkvæði sem þingmaður, og til hvers er að sitja hjer og ræða þessi mál, ef ekki má segja annað en já og amen til alls, sem stjórnin kann að leggja til? hvert er þá löggjafaratkvæði þingsins? Hinn háttvirti varaforseti hefur játað, að ástæða sje fyrir sumum af þessum breytingartillögum, og sýnir það, að þær eigi eru óþarfar, en verði þær felldar, mun jeg fyrir mitt leyti helzt hallast að nefndarinnar tillögum. Þá var það viðaukatillagan, sem 2. þingmaður Skagfirðinga talaði svo mikið móti. Jeg er henni alveg samþykkur af því, að hjeraðslæknirinn er að lögum rjett borinn að krófu sinni. 3. gr. læknalaganna heimilar honum rjett til þess. Um þessar 500 kr. til yfirsmiðsins er jeg í nokkrum efa. Mjer heyrðist á ræðu 1. þingmanns Suður-Múlasýslu, að honum gengi einna mest hjartagæzka til, að halda því fram, og er það mannlegt. En helzta ástæða, sem þingmaðurinn færði annars fram, var sú, að Bald hefði beðið tjón við útborgun þeirra peninga, sem hann borgaði út; er það óheppilegt, að hann skyldi ekki koma með aukareikning fyrir það. Þar á móti bar 2. þingmaður Suður-Múlasýslu það fyrir, að þetta væri svo óvanaleg fjárveiting, og er það alveg satt, en allt um það verður á það að líta, að Bald hefur gjört meira en að byggja húsið, og leysa það starf svo frábærlega vel af hendi, að allir kveða lofsorði á vandvirkni hans og dugnað, enda er jeg alveg móti hinum háttvirta 2. þingmanni Skagfirðinga í því, að nokkur Íslendingur hefði getað leyst verkið svo vel af hendi sem Bald. Bald hefur gjört meira, og við það óbeinlínis unnið hjer mikið gagn, því Íslendingar hafa numið svo mikið af honum í þessari byggingarmennt, að þeir, sem lítið eða ekkert kunnu áður, mega nú heita fullnuma að höggva grjót og laga. Þegar jeg lít á þetta, auk annars, held jeg, að mjer fari eins og hinum háttvirta 1. þingmanni Suður-Múlasýslu, að jeg láti

bjartagæzkuna ráða því, sem á vantar, og greiði atkvæði mitt með því, að Bald fái þessar 500 kr.

Tryggvi Gunnarsson: Það gleður mig, að tillögur nefndarinnar hafa fengið vægan dóm. Að nefndin breytti 2000 kr. til vísindalegra og verklegra fyrirtækja, gjörði hún af því, að hún hafði fengið ýtarlegri skýrslur, sem hún nú studdist við. Nefndin gat ekki álitið ráðlegt, að vísa öllum fjárbænum fram yfir nýár, því þó að fjeð til verklegra og vísindalegra fyrirtækja sje nú hækkað upp í 12000 kr. í næstkomandi fjárlögum, þá er á þessa grein vísað um 4000 kr. af nýjum gjöldum, og eru þá ekki afgangs uema 8000 kr., eins og verið hefur undanfarin ár. Hjer við bætist og eitt, sem aldrei hefur komið fyrir, að nú er gjört ráð fyrir að fara að vinna silfurbergsnámana í Helgustaðafjalli á næsta ári; til þess þarf líka fje; álít jeg því heppilegra að veita 1000 kr. nú, heldur en synja alveg um veitinguna.

Hvað 7. gr. snertir, þá hafa litlar mótbárur komið fram á móti henni, því það hafa helzt verið formspursmál. Allir, sem talað hafa, hafa látið í ljósi, að þeir mundu ekkert hafa í móti að veita fje, þegar búið væri að gjöra reikninginn og rannsaka hann; hvað er þá í móti, að veita einar 20,000 kr.? það er nokkrum þúsund krónum minna, en búið er að út borga, og getur þá sú upphæð verið til vara eða eins og geymd þinginu 1883, ef það vill koma með mótmæli gegn greiðslu á öllu því fje, sem lagt hefur verið til hússins. Þegar landsreikningnum verður lokið við nýár næstkomandi, þá verða þessar 25,000 kr. taldar með eptirstöðvum, ef þær eru ekki veittar nú, og kemur því ekki fram sú rjetta upphæð um eign landssjóðsins; vil jeg því mæla með, að greinin verði samþykkt.

Viðvíkjandi því, sem hinn háttvirti samþingismaður minn spurði, hvort jeg vildi ábyrgjast, að herra Bald kæmi ekki með nýjan reikning, þótt þetta fje væri veitt, þá er jeg fús á að ábyrgjast það. Þar sem hann skoraði á mig, að sýna líka fjárveiting í fjárlögum annara landa, þá þykir mjer það ekki þurfa; það getur vel verið, að slíkt standi þar ekki, því byggingameistarar eru vanir í öðrum löndum að ætla sjer nægilega upphæð af handahófi í þessu skyni, og það hefur prófessor Meldahl gjört hjer, en þessi maður hefur verið svo frómur, að hann hefur ekki reiknað sjer í þessu skyni einn eyri. Jeg vil að síðustu benda á, að þetta fje, 500 kr., er ekki nein gjöf, heldur fje sem hann hefur unnið fyrir og getur með öllum rjetti að mestu leyti gjört reikning fyrir

Grímur Thomsen: Jeg ætla að sundurliða þá upphæð, sem við höfum ætlað til vitans. Hin upphaflega upphæð er, eins og hinn háttvirti varaforseti svo hnyttilega komst að orði, rjett skipt með 2, og verður þá 740 kr. Eptir ástæðunum fyrir stjórnarfrumvarpinu er þegar búið að verja 240 kr. til vegagjörðar, þá ætlum við 200 kr. til launaviðbótar handa vitamanninum; þetta verða 440 kr.; þá eru eptir 300 kr.; helminginn af þeim ætlum við til að bæta veginn, og hinn helminginn 150 kr. til að setja þrumuleiði á vitann. Mig furðar það stórlega, að hinum háttvirta varaforseta skuli vera ókunnugt um, að Hafnamenn geti haft not af veginum; þar sem hann þó hefur gefið út bók um landafræði Íslands og verður því sjálfsagt að álítast vel að sjer í henni. Á Reykjanesi er mikill reki, og rekur þar stórviðu langt upp í sanda, og svo hátt, að ómögulegt er að ná þeim sjóveg, því bæði er þar mjög brimasamt og miklir örðugleikar á að draga trjen til flæðarmáls yfir hraun og stórgrýti. Því hefur og einhver mesti bóndinn í Höfnunum keypt stórt rekasvæði af Staðarkirkju í Grindavík, og flytur hann rekann landveg; einmitt vegna þess hafa og vörður verið hlaðnar, án þess landssjóður hafi lagt fje til þeirra, þótt þær nú sjeu orðnar gamlar og af sjer gengnar, og Hafnamenn því vilji nota tækifærið til að koma því af sjer og á landssjóð, að hlaða vörðurnar upp af nýju, sem einnig eru þessu plássi nauðsynlegar vegna smalamennskunnar, því margir bændur í nánd við Reykjanes

eiga talsvert fje, sem sækir í sandstöriua. Jeg lái ekki hinum hæstvirta landshöfðingja og 2. þingmanni Skagfirðinga, þótt þeir hafi látið koma þessari flugu í munn sjer, að landssjóður ætti að gjöra þetta, en jeg veit, að þeir hverfa skjótt frá því, þegar þeir sannfærast um, að ekki er svo. Aðgjörð á veginum frá býli vitamannsins til vitans virðist mjer sanngjarnt að hvíli á landssjóði. Það er nú reyndar búið að verja miklu fje til þessa vegar, en þó er jeg fús á að bæta nokkru við, eins og jeg sýndi fram á í öndverðri ræðu minni. Þá koma þessar 2000 kr. til vísindalegra og verklegra fyrirtækja. Hinn háttvirti varaforseti sagði, að þetta væru ekki nema smámunir; þingið hefði verið svo óríft á fje í þá stefnu áður, þar sem það hefði sett þessa upphæð niður úr 10,000 kr. niður í 6000 kr., en þess ber að gæta, að þessar 6000 kr. hafa að eins verið veittar til óákveðinna vísindalegra og verklegra fyrirtækja, en þar auk hafa verið veittar stórar upphæðir til ákveðinna fyrirtækja, 10,000 kr. til eflingar búnaði, 15,000 kr. til vegabóta o. s. frv.; eru þetta ekki verkleg fyriririrtæki. Þá hefur þingið veitt fje til bókmenntafjelagsins, kvennaskóla og barnaskóla; eru það ekki vísindaleg fyrirtæki. Það fje, sem veitt er landstjórninni af handahófi til óákveðinna gjalda, ætti að vera sem minnst, og þar fór þingið 1879 einmitt hina rjettu leið. Löggjafarvaldið á sjálf að hafa vit á að veita fje til þess, sem í raun og veru eru þarfleg fyrirtæki. Hvaða fjárveiting er það handa einum manni, eins og nú hefur verið veitt, 200 kr. til að læra »orgelssmíði«? Margar slíkar fjárveitingar eru fremur til þess að gjöra úrlausn en gjöra nokkurt verulegt gagn. Þetta fjárhagstímabil er nú bráðum á enda, og er þetta fje nú hækkað upp í 12000 kr., þá er ekki ólíklegt, að gjöra mætti þeim úrlausn, sem nú er neitað. Þar sem hinn háttvirti landshöfðingi sagði, að það væri föst venja í Danmörku, að veita aukafjárveitingar eptir áætluðum reikningum stjórnarinnar, þá er þetta ekki reglan, og hinn hæstvirti landshöfðingi veit, að jeg hef rjett að mæla í því. Lesi menn ástæðurnar fyrir stjórnarskrá Dana; þar stendur, að aukafjárlög sjeu ætluð til þess, að veita viðbót við þær upphæðir, sem reikuingarnir sýni að hafi verið ónógar; þótt það hafi í einstöku tilfelli komið fyrir, að fje hafi í aukafjárlögum verið veitt eptir áætlun, sjer í lagi til stríðskostnaðar, þá er það alveg sjerstakt, þegar landið og ríkið er í voða. Hinn hæstvirti landshöfðingi vitnaði til ársins 1866 og 67, og er það annað mál, því þá áætluðu þeir fje, af því þeir lifðu í sífelldum ótta fyrir yfirgangi Prússa. Jeg mun fúslega greiða atkvæði mitt fyrir fje því, sem hjer um ræðir, þegar jeg er búinn að sjá fullkominn reikning 1883, og jeg sje, að þörf hefur verið á fjenu, en jeg kann ekki við að hafa tvenn fjáraukalög fyrir hvert fjárhagstímabil.

Þóknun sú, sem stungið er upp á handa yfirsmið Bald, virðist mjer of lítil, því hann hefur bæði leyst verk sitt prýðilega af hendi, og að auk alið upp hjá oss duglega unga menn, og kennt þeim að nota það, sem guð hefur gefið okkur með svo sjerlegu örlæti, nefnilega grjótið. Það er og kunnugt, að honum hefur tekizt á hinum harðasta vetri að halda áfram verki sínu og ljúka við það í tæka tíð, honum og landinu til sóma. Jeg held því, að þetta sje ekki of launað með 500 kr., og hefði gjarnan viljað stinga upp á helmingi hærri upphæð.

Varaforseti: Þar sem hinn háttvirti þingmaður Borgfirðinga sagði, að jeg hefði gefið út landafræði, þá kannast jeg ekki við það, þótt jeg hafi í annari bók meðal annars minnzt á landafræði, en jeg hef heyrt getið um, að hann hafi gefið út ljóðabók, og jeg held, að það sje viðbót við hana, sem hann sagði, að ómögulegt sje, að koma reka við þeim, sem rekur á Reykjanesi, að sjó, en hægt að flytja það á hestum landveg til Hafna. Hvað snertir viðaukatillöguna um endurgjald handa lækni Ólafi Sigvaldasyni, þá skal jeg geta þess, að bænarskrá frá honum hefur legið fyrir fjárlaganefndinni, og verð

jeg að álíta hana sanngjarna, og verð jeg því að verða því meðmæltur, að endurgjaldið sje veitt.

Hvað yfirsmið Bald snertir, þá held jeg, að hann eigi miklu meira skilið en 500 kr., eptir því sem talið er sem ástæður fyrir þessari veitingu, en jeg fyrir mitt leyti álít, að honum beri helzt gjald fyrir, að hann hefur haft umsjón lengri tíma, en um var samið.

Jón Ólafsson: Jeg ætla að leyfa mjer að svara hinum háttvirta 1. þingmanni Suður-Múlasýslu viðvíkjandi breytingaratkvæðinu við 7. gr. Jeg skoraði á hann áður, að svara spurningu minni, en það hefur hann eigi gjört, og hinn háttvirti þingmaður Borgfirðinga gat heldur eigi nefnt nokkurt dæmi til þess, að nokkurstaðar væri nokkrum smið launað í fjárlögum fyrir að hafa byggt vel hús. Ef það er alltítt, að veita smiðum slík verðlaun, þá geta hinir háttvirtu þingmenn líklega nefnt þess dæmi. Hinn háttvirti 1. þingmaður Suður-Múlasýslu kvaðst skyldu ábyrgjast, að Bald eigi mundi senda oss reikning fyrir aukaómak sitt við byggingu hússins, þegar vjer værum búnir að veita honum þessa upphæð sem verðlaun. En hver er ábyrgð hans? Er það ábyrgð í umræðum á alþingi? Það er ekki *juridisk* ábyrgð. Eða vill hann deponera peninga? Jeg skal ekkert hafa á móti því, að manninum sje *borgað* meira, ef hann *á það skilið*, en það á þá að borgast eptir *reikningi*; jeg vil eigi láta þessa veitingu standa í fjáraukalögum. Sú ástæða hins háttvirta 1. þingmanns Suður-Múlasýslu, að Bald hefði haft svo mörg þúsund krónur undir höndum, og eigi fengið einn eyri sem «*Douceur*» fyrir að mistelja, verður ljettvæg, þegar manni er kunnugt um, að Bald hafði aldrei stórar upphæðir í höndum í einu, heldur tók við verkalaunum einungis fyrir eina viku í einu, og það eru eigi meiri peningar, en mjög margir embættismenn og privatmenn mega hafa undir höndum, og fá þó engan «*Douceur*» fyrir að mistelja. Jeg held, að laun hans hafi verið fullboðleg, ef hann hefur haft lík laun og *assessórarnir* við yfirrjettinn (*Halldór Kr. Friðriksson*: Misskilningur, misskilningur!). Þingmaður Reykvíkinga getur talað á eptir. Hann hefur ekki orðið núna sem stendur. Kannske hann vilji líka fá «*Douceur*» fyrir að hafa selt svo dæmalaust ósjerplægnislega ódýrt grunnstæði undir alþingishúsið? Hinn háttvirti þingmaður Reykvíkinga sagði áðan, að vitavörðurinn á Reykjanesi gæti eigi heyjað nálægt vitanum fyrir hest og kú; en getur hann ekki keypt hey? Hann hefur fremur lág laun, er ungur maður og nýgiptur. Þingmaður Reykvíkinga ætlar þó víst ekki að banna þeim hjónunum að aukast og margfaldast; en ef hann á börn, þá er langt að sækja mjólk handa þeim á aðra bæi. Hinn heiðraði þingmaður efast um, að nauðsyn beri til þess, að hafa þar hest. En það hefur verið tekið fram, að þar þryti opt vatn, og ætli það væri þá eigi þægilegra, að hafa hest til þess að sækja vatnið á, en að bera það á bakinu eða í höndunum langa bæjarleið og opt ef til vill í misjöfnu veðri. Hvað vörðunum viðvíkur, þá eru þær nauðsynlegar fyrir vitamanninn, sem opt þarf að sækja til bæja, en varla mjög nauðsynlegar fyrir sveitir þær, er umhverfis liggja, því þótt þeir fari að sækja trje þangað, þá velja þeir varla svo vont veður til þess að fara með trjádrátt, að þeir þurfi að halda á vörðum.

Þorkell Bjarnason: Það hefur verið tekið fram, að ekkert fóður fengist umhverfis vitann. En jeg skal leyfa mjer að geta þess, að í sandinum er sandstör, sem má slá og nota fyrir kúafóður. Hvað veginum viðvíkur, þá er það aðalviðgjörðin að varða hann, og þótt nú að sveitunum umhverfis mætti gjöra að skyldu, að gjöra við veginn, þá mundu þeir aldrei verða skyldaðir til að varða hann, því menn frá þeim fara eigi um hann í þeim veðrum, sem þarf að hafa bliðsjón af vörðum. En vörður þessar eru einmitt byggðar fyrir vitavörð-

inn og fólk hans, sem opt geta þurft að brjótast til byggða í misjöfnu og lítt færu veðri.

Halldór Friðriksson: Það er sannarlega leiðinlegt, þegar eigi er unnt að mæla svo orð, að það sje eigi þegar misskilið og afbakað. Jeg sagði alls eigi, að jeg vildi ráða frá að gjöra nokkurn tíma fjós eða hesthús á Reykjanesi, en mjer finnst þessu ekkert liggja á, því að vitavörðurinn hefur ekkert hey og getur ekkert hey fengið. Hinn 2. þingmaður Suður-Múlasýslu talaði um, að hann gæti keypt hey, en hvaðan á hann að kaupa það? því að það er alkunnugt, að Hafnamenn og Grindavíkurbúar hafi eigi hey aflögu. Geti vitavörðurinn komið upp túnbletti, þá er öðru máli að skipta. Sýni stjórnin, að vitavörður hafi ræktað þennan túnblett, svo að til nokkurs sje að veita fje til að reisa fyrir skýli handa hesti og kú, þá skal jeg sannarlega eigi mæla móti því. 2. þingmaður Suður-Múlasýslu hjelt, að Bald hefði enga ábyrgð haft, og þó hafði hann þá ábyrgð, að hann beið töluvert fjártjón við. En það er eigi þetta, sem um er að ræða, heldur það, hve vel og vandlega og í alla staði prýðilega er frá húsinu gengið, og hve sparlega og hyggilega Bald hefur komið öllu fyrir. Það er allt öðru máli að gegna í útlöndum; þar taka smiðir að sjer venjulega húsgjörðir fyrir einhverja tiltekna uppbæð, en eigi fyrir dagpeninga. Hefði Bald tekið að sjer umsjón á smíði hússins fyrir tiltekna upphæð, þá væri öðru máli að gegna.

Jón Jónsson: Jeg ætla að leyfa mjer að laga fáeina misskilninga. Hinn heiðraði þingmaður Reykvíkinga sagði, að vegurinn milli Reykjaness og Hafna væri varðaður, af því það væri smalavegur, en jeg veit eigi til, að Hafnamenn eigi neitt fjárhús þar fyrir sunnan, og ef þeir eru að leita að fje, þá geta þeir vissulega ekki haldið sjer ávallt við þennan veg. Hitt er víst, að það var hin mesta lífshætta að fara milli vitans og Hafna, áður en vörðurnar komu. Hvað Bald viðvíkur, þá hefur verið talað um, að hann hafi unnið mikið fram yfir hinn ákveðna tíma. Jeg hef nú einmitt búið hjer í næsta húsi, og því opt komið í þetta hús, meðan verið var að byggja það, og jeg hef þó opt orðið var við það, að yfirsmiðurinn var hvergi nálægt jafnvel svo tímum skipti. Enda voru það ekki prælar eða skynlausar skepnur, sem hann var settur yfir, heldur skynsamir menn, sem ekki þyrfti að standa yfir með svipu, til að þeir ynnu það verk, sem fyrir þeim var lagt. Yfirsmiðurinn hefur einnig getað starfað talsvert utan hjá þinghúsvinnunni, því bæði hefur hann í vetur unnið umfangsmikið starf fyrir bæjarstjórn Reykjavíkur, sem honum var borgað með 200 kr., og auk þess hefur hann unnið talsvert fyrir einstaka menn. Þar sem það hefur verið tekið fram, að Bald hafi kennt ungum mönnum steinsmíði, þá fæ jeg eigi skilið, hvernig mönnum kemur til hugar að segja slíkt. Hann er trjesmiður, en eigi steinsmiður, og kann ekkert í steinsmíði sjálfur. Það munu hafa verið hinir útlendu steinhöggvarar og múrarar, sem sögðu til þeim ungu löndum vorum, sem unnu með þeim að þessari byggingu. En það veit jeg, að ef íslenzkur maður hefði staðið fyrir byggingu hússins, þá hefðu fleiri haft gagn af þeirri kennslu, því margir þorðu ekki að bera sig fram við yfirsmiðinn, af því að hann var útlendur maður, og ekki vanur að umgangast íslenzka unglinga.

Eiríkur Kúld: Það má með sanni segja, að Bald á eigi upp á pallborðið hjá hinum háttvirta 2. þingmanni Skagfirðinga, enda beld jeg, að fáir nema hann verði til þess að reyna að spilla fyrir honum, eða gjöra lítið úr verki hans við þetta hús, en bótin er, að honum tekst það eigi. Hann sagði, að Bald hefði eigi kennt mönnum neitt, en því er þá annar blær, annað snið og annar frágangur á húsi þessu,

en öllum öðrum eldri steinhúsum? Hvað vörðubyggingu á Reykjanesi viðvíkur, þá vil jeg leyfa mjer að geta þess, að það er misskilningur hins háttvirta 2. þingmanns Skagfirðinga, að halda, að smalar geti ekki haft gagn af vörðum þessum. Þeir hafa einmitt mikið gagn af þeim, og það er jeg viss um að hinn háttvirti 2. þingmaður Skagfirðinga mundi játa, ef hann væri eða hefði verið smali.

Að umræðunni lokinni var gengið til atkvæða um breytingaruppástungurnar við frumvarpið, og fór atkvæðagreiðslan þannig fram:

1. Breytingaruppástunga 7 þingmanna við við 2. gr. var felld með 14 atkvæðum gegn 9.
2. Breytingaruppástunga landshöfðingja við breytingaruppástungu nefndarinnar við sömu grein var felld með 17 atkvæðum gegn 5.
3. Breytingaruppástunga nefndarinnar við sömu grein var samþykkt með öllum atkvæðum.
4. Síðari breytingaruppástunga landshöfðingja var þar með fallin.
5. Viðaukatillaga 6 þingmanna um nýja grein milli 2. og 3. greinar var samþykkt með 12 atkvæðum.
6. Breytingaruppástunga 7 þingmanna við 4. grein var felld með 15 atkvæðum gegn 5.
7. Breytingaruppástunga nefndarinnar við 4. grein var samþykkt með 21 atkv.
8. Breytingaruppástunga 7 þingmanna við 7. gr. var felld með 13 atkv. gegn 6.
9. Breytingaruppástunga nefndarinnar við sömu grein var samþykkt með 22 atkvæðum.
10. Breytingaruppástunga landshöfðingja við sömu grein var þar með fallin.
11. Viðaukauppástunga 6 þingmanna við sömu grein var samþykkt með 16 atkvæðum gegn 7; var við haft nafnakall og sögðu:

Já:
Eiríkur Briem,
Magnús Andrjesson,
Arnljótur Ólafsson,
Benidikt Sveinsson,
Egill Egilsson,
Eiríkur Kúld,
Grímur Thomsen,
Guðmundur Einarsson,
Halldór Friðriksson,
Holgeir Clausen,
Lárus Blöndal,
Tryggvi Gunnarsson,
Þórarinn Böðvarsson,
Þórður Magnússon,
Þorsteinn Thorsteinson,
Þorvarður Kjerulf.

Nei:
Friðrik Stefánsson,
Jón Jónsson,
Jón Ólafsson,
Ólafur Pálsson,
Þorkell Bjarnason,
Þorlákur Guðmundsson,
Þorsteinn Jónsson.

12. Frumvarpið í heild sinni með áorðnum breytingum var því næst samþykkt með 20 atkvæðum, og kvað forseti, að það mundi verða sent til efri þingdeildarinnar.

FYRSTA UMRÆÐA Í EFRI DEILD
á 44. fundi, 23. ágúst.

Frumvarpið, eins og það var samþykkt við 3. umræðu í neðri deild, sjá I, 577.

Enginn tók til máls, og var frumvarpinu síðan vísað til 2. umræðu með öllum atkvæðum.

ÖNNUR UMRÆÐA Í EFRI DEILD,
á 46. fundi, 24. ágúst.

Með því að hinn lögboðni tími samkvæmt 13. grein þingskapanna ekki var liðinn, frá því að frumvarpið hafði verið til 1. umræðu, bar forseti undir atkvæði, hvort frumvarpið mætti koma til 2. umræðu nú þegar, og kvaðst hafa fengið samþykki landshöfðingja til þess. Var það samþykkt í einu hljóði.

Sighvatur Árnason: Jeg skal ekki vera margorður um þetta mál, en jeg verð þó að hreifa athugasemdum við 6. gr. frumvarpsins. Mjer þykir Möðruvallaskóli vera orðinn þrásækinn um peninga. Það er ekki langt síðan frumvarp var fyrir þinginu, þar sem beðið var um 500 kr. handa honum; síðan kemur nú 6. gr. í þessu frumvarpi og biður um 700 kr., og þar að auki bætast nú þar við í sömu grein 5500 kr. Þetta verður til samans 6700 kr. Jeg get ómögulega sjeð, að nein nauðsyn liggi til grundvallar fyrir því, að fá leikfimishús við skólann. Þingið ætti að fara varlega að slíkum fjárveitingum. Þegar húsið er komið, kemur ný beiðni um einar 6—700 kr. handa leikfimiskennara, það leggur sig sjálft, og svona getur þetta gengið koll af kolli, ný og ný beiðni til landssjóðs, því að í lögum skólans stendur, að allan kostnað við hann skuli greiða úr landssjóði. Jeg get enga nauðsyn sjeð á leikfimi við skóla þennan, og gef því atkvæði mitt móti 6. gr., enda finnst mjer skólinn fullsæmdur af því, sem hann hefur þegar fengið úr landssjóði, og þar að auki er mjer ekki kunnugt, að stjórnin hafi beðið um þann styrk, sem 6. gr. fer fram á að veita. Þó jeg játi, að þessi skólastofnun hafi verið upprunalega nauðsynleg, get jeg ekki verið með þessum einlægu fjárveitingum til hennar. Viðvíkjandi 7. gr. vildi jeg og hreifa því, að það er víst sama, hvort þetta fje til þinghússins er veitt nú eða síðar, að því rekur hvort sem er, að fjeð verður að veita. En viðvíkjandi þeim 500 kr., sem ætlaðar eru yfirsmið alþingishússins herra Bald, þá verð jeg að vera móti þeirri fjárveiting. Landssjóðurinn eða þingið á ekki að hlaupa út í þessa og því líka sálma með fjárveitingar til einstakra manna, sem engin lagaheimild er fyrir; þingið á ekki með að gefa almannafje. Það játa víst allir, sem húsið sjá, að það sje meistaralega af hendi leyst, en það er ekki meira, en manninum var skylt að gjöra fyrir þau laun, sem hann hafði, og verð jeg að álíta, að hann hafi út tekið sín laun, og játa jeg honum um leið því, sem er, að hann hafi leyst verkið vel og vandlega af hendi.

Einar Ásmundsson: Jeg vona, að hinn heiðraði 1. þingmaður Rangæinga hafi tekið eptir því í lögum Möðruvallaskóla, að þar er tekið fram, að leikfimi skuli kenna við skólann. Þetta mætti vera þingmanninum því minnisstæðara, sem hann kvartar yfir, að fleira en eitt frumvarp hafi verið lagt fyrir þingið um þennan skóla. En ef það stendur í lögum skólans, að leikfimi skuli kenna við skólann, verður heldur ekki hjá því komizt að útvega þau áhöld, sem nauðsynleg eru til þess, að þessu verði framfylgt. Við latínuskólann hjer í Reykjavík er sjerstakt leikfimishús, og slík hús þurfa að vera fremur stór og rúmgóð, því að menn þurfa að hreifa sig talsvert í þeim; geta þau því eigi verið mjög ódýr. Mjer heyrðist á 1. þingmanni Rangæinga, að hann áliti leikfimi ónauðsynlega kennslugrein, en það er þó í öllum siðuðum löndum viðurkennt, að hún sje eins nauðsynleg og hver önnur kennslugrein. Jafnvel Grikkir í fornöld skiptu allri menntun í 2 aðalgreinir, menntun andans, og menntun líkamans; og þessa menntun líkamans kölluðu þeir *gymnastik*. Þessa gymnastik, eða leikfimi, þarf að kenna eins hjer á landi og annarstaðar, en til að

geta kennt hana, þarf að hafa hús til þess, enda væri broslegt, að setja lög um, að kenna einhverja námsgrein eða mennt, og gjöra svo ómögulegt, að því yrði fram komið. Mjer er ókunnugt um, hvort sú upphæð, sem nefnd er, kann að vera of há, en jeg verð að gjöra ráð fyrir, að þeir, sem hafa sett hana í fjáraukalög þessi, hvort það hefur verið landshöfðinginn eða aðrir, hafi haft eitthvað fyrir sjer í því, að þetta mundi þurfa. En af því að jeg var fyrir mitt leyti óviðbúinn að heyra þessa mótbáru, hef jeg ekki kynnt mjer nákvæmlega, hvort fjárhæðin gæti ef til vill verið nokkru lægri.

Landshöfðinginn: Jeg skal geta þess, að áætlun þessi hefur verið send mjer frá skólastjóranum við Möðruvallaskóla, en jeg afhenti hana aptur fjárlaganefndinni í neðri deild þingsins, og þannig er þessi liður tekinn upp.

Stefán Eiríksson: Jeg stend nú að eins upp til þess, að skjóta því til hins háttvirta forseta, hvort eigi mætti greiða sjerstaklega atkvæði um þær 500 kr. í 7. gr., sem ætlaðar eru herra Bald, yfirsmið alþingishússins. Mjer finnst honum enginn sómi sýndur með þessum 500 kr. Jeg gæti betur skilið, að honum væri sýndur sómi með því, að veita honum 1000 kr., en þingið getur ekki með sóma sínum verið þekkt fyrir að veita honum þessar 500 kr. í heiðursskyni, og jeg álít, að þingið gjöri sjer vanvirðu með þessari fjárveitingu, og því ætti þingið að fella þessa uppástungu. Jeg get ekki sjeð, að herra Bald sje þjent með þessari veitingu, því vilji menn sýna honum heiður, ætti það að vera á einhvern annan veg. Um 6. gr. er jeg alveg samdóma 1. þingmanni Rangæinga, að Möðruvallaskóli sje orðinn nokkuð dýr, þar sem hann nú með þessari fjárveiting í aukafjárlögunum og því, sem honum er ætlað í fjárlögunum 1882—1883, er kominn upp í 14100 kr., en úr því skólinn er kominn á, verður hann að fá svo mikinn styrk, að hann geti komið að tilætluðum notum. Þó jeg sje annars spar á landsins fje, eins og hinni heiðruðu deild er kunnugt, þá mun jeg þó gefa atkvæði fyrir þessari tillögu til Möðruvallaskólans, einkum af því að skólastjóri hefur óskað þessa fjárstyrks sem nauðsynlegs til áframhalds við menntastofnun þessa.

Sighvatur Árnason: Þó jeg sje einn á bandi, sný jeg ekki aptur með þetta, því að jeg get ekki skilið annað, en leikfimi sje óþörf við skólann, og að öllu því fje, sem til hennar er varið, sje svo gott sem kastað í sjóinn. Íslendingar ættu heldur að taka upp okkar fornu og góðu glímur og knattleiki, sem hvorttveggja er að leggjast í dvala. En meðan þetta er ekkert komið á viðreisnarveg, vil jeg ekkert fje veita til leikfimi við þennan skóla.

Síðan var gengið til atkvæða, og var:

1. gr. frumvarpsins samþykkt í einu hljóði.
2. gr. —»— —»— - — —
3. gr. —»— —»— - — —
4. gr. —»— —»— með 10 atkv.
5. gr. —»— —»— í einu hljóði.
6. gr. —»— —»— með 8 atkv.
7. gr. Um hana var atkvæðagreiðslunni skipt í tvennt, og var fyrri kaflinn, aptur að þóknuninni til Balds yfirsmiðs, samþykkt með 10 atkvæðum, en síðari kaflinn, þóknunin til Balds, felldur með 6 atkvæðum gegn 5.

Síðan var frumvarpinu vísað til 3. umræðu með öllum atkvæðum.

ÞRIÐJA UMRÆÐA Í EFRI DEILD,
á 48. fundi, 25. ágúst.

Frumvarpið, eins og það var samþykkt við 2. umræðu, sjá I. 589.

Breytingartillaga
við frumvarp til fjáraukalaga fyrir árin 1880

og 1881, eins og það var samþykkt við 2. umræðu í efri deild alþingis.

Við 7. gr. Aptan við greina bætist:

«og 500 kr. til F. Balds, sem þóknun fyrir forstöðu hans við bygging alþingishússins».

Benedikt Kristjánsson. Einar Ásmundsson. Magnús Stephensen.

Forseti: leitaði samþykkis deildarinnar til, að frumvarpið mætti koma til umræðu á þessum fundi, þó hinn lögboðni frestur væri ekki liðinn, síðan 2. umræða fór fram, og gat þess, að landshöfðingi hefði að sínu leyti fallizt á það, og veitti þingdeildin samþykki sitt til þess í einu hljóði.

Benidikt Kristjánsson: Af því jeg er einn af þeim, sem hef skrifað undir breytingaratkvæði það, sem hjer liggur fyrir, og fyrir þá sök, að hjer ræðir um gjald, sem landssjóðurinn hefur að minnsta kosti siðferðislega skyldu til að inna af hendi til meistara Balds, þá skal jeg leyfa mjer, að fara fám orðum um þetta efni. Jeg hefi heyrt sagt og það af áreiðilegum manni, að herra Bald hafi orðið fyrir talsverðu fjártjóni í reikningum þeim, sem hann hafði á hendi, og gjörði fyrir verk sitt, og hef jeg heyrt til tekið, að það hafi numið 250 kr. Enn fremur hef jeg heyrt, að hann hafi enga þóknun fengið sem yfirsmiður við byggingu þinghússins, sem hann hafði ástæðu til að gjöra sjer vissa von um, enda mun það altítt annarstaðar, þegar eins stendur á og hjer. En af því þessi maður vill nú ekki fara að gjöra nýja reikningskröfu, þá finnst mjer vel við eiga, að þingið veiti honum þetta fje, sem farið er fram á í breytingartillögunni. Að vísu er fjeð of lítið til þess, að honum sje veitt það eins og í viðurkenningar skyni, en það er ekki of lítið til þess, að gjöra hann skaðlausan fyrir það verk, sem hann hefur unnið að með trúmennsku og dugnaði, og leyst svo prýðilega af hendi, að öllum finnst mikið til um hve vel sje gjört. Jeg efast því ekki um, að þingmenn muni fúsari en í gær, að veita þetta fje, er þeir hafa heyrt þessar ástæður. Jeg þarf vart að benda á það, að jeg er sínkur til fjárins, og mundi ekki hafa greitt atkvæði með þessari fjárveitingu, ef jeg hefði ekki fundið tilknýjandi ástæður til þess.

Stefán Eiríksson: Hinn háttvirti þingmaður Norður-Þingeyinga skýrði nú frá, að helmingurinn af þessum 500 kr. væri nokkurs konar reikningshalli. Jeg skal nú játa það, að jeg þekki ekki neina reikninga herra Balds við þessa byggingu, hvort hann hefur unnið upp á daglaun eða akkorð, en ef hann hefur fengið daglaun, þá skil jeg ekki, hvernig hann hefur getað orðið fyrir skaða, nema ef það skyldi vera af reikningsvillu, sem hann þá ætti að geta fengið lagaða, án þess að þingið hlutaðist til um slíkt. En eins og jeg tók fram í gær, þá get jeg því síður fallizt nú á, að gefa honum 250 kr. sem heiðursþóknun fyrir sína ötulu og vönduðu smíði á þessu þinghúsi; jeg skil ekki í, hvernig uppástungumennirnir geta hugsað sjer þessa fjárveitingu svona lagaða, nema því að eins, að þeir álíti það sóma þingsins; en jeg get hvorki álitið það samboðið sóma þingsins nje manns þess, sem á að njóta þessara peninga, og því vona jeg, að þeir, sem felldu þessa fjárveitingu í gær, geti nú ekki verið með henni, ef þeir vilja vera sjálfum sjer samkvæmir.

Með því að ekki tóku fleiri til máls, ljet forseti ganga til atkvæða, og var viðaukatillaga 3 þingmanna við 7. grein samþykkt með 7 atkvæðum, og frumvarpið í heild sinni með 9 atkvæðum. Þar eð frumvarpið nú, eptir að þessi viðauki var samþykktur við 7. gr. þess, var orðið samhljóða frumvarpi því, sem neðri deildin hafði samþykkt, kvað forseti það verða afgreitt til landshöfðingja sem lög frá alþingi.

III.

Fjáraukalög fyrir árin 1878 og 1879.

Frumvarp til fjáraukalaga fyrir árin 1878 og 1879 frá stjórninni er prentað í fyrri parti alþingistíðindanna bls. 63—65.

FYRSTA UMRÆÐA Í NEÐRI DEILD, á 11. fundi, 6. dag júlímánaðar.

Forseti kvaðst leggja það til, að máli þessu væri vísað til nefndar þeirrar, er kosin var í næsta máli á undan (Frumvarp um samþykkt á landsreikningunum 1878 og 1879), og var það samþykkt án atkvæðagreiðslu.

FRAMHALD FYRSTU UMRÆÐU Í NEÐRI DEILD, á 52. fundi, 17. dag ágústm.

Nefndarálit, sjá I, 456.

Grímur Thomsen: Þó að þetta sje 1. umræða, skal jeg leyfa mjer að gjöra fyrirspurn til hins hæstvirta landshöfðiugja viðvíkjandi 4. gr. Þar er beðið um sem viðbót til flutnings pósta 3460 kr. 50 a., þótt samkvæmt svörum landshöfðingja upp á athugasemdir yfirskoðunarmannanna ekki þurfi nema fyrir

1878:	1430 kr.	14 a.,	og
1879:	1679 —	56 -	
samtals	3109 —	70 -	

en nú er beðið um 3460 kr. 50 a. Hvaðan stafa þá þær 350 kr. 80 a., sem beðið er um fram yfir það, sem hinn hæstvirti landshöfðingi áleit að þyrfti í svörum sínum?

Landshöfðingi: Jeg skal leyfa mjer að áskilja mjer rjett til að svara hinum háttvirta þingmanni Borgfirðinga við 2. umræðu.

Var síðan gengið til atkvæða og málinu vísað til 2. umræðu í einu hljóði.

ÖNNUR UMRÆÐA Í NEÐRI DEILD, á 55. fundi, 19. ágúst

Breytingartillaga við frumvarp til fjáraukalaga fyrir árin 1878 og 1879.

Frá þingmanni Borgfirðinga.

Í 4. gr. Fyrir: «3460 kr. 50 a.»
komi: «3109 kr. 70 a.»

Landshöfðinginn: Við 1. umræðu þessa máls spurði hinn háttvirti þingmaður Borgfirðinga viðvíkjandi 4. gr., hvernig stæði á því, að í þessari grein sje beðið um 3460 kr. 50 a. sem viðbót til flutnings póstum, þótt samkvæmt svörum landshöfðingja upp á athugasemdir yfirskoðunarmanna ekki þurfi nema:

fyrir 1878	: 1430 kr.	14 a.	
— 1879	: 1679 —	56 -	
samtals	3109 —	70 -	

eða 350 kr. 80 a. minni upphæð en það, sem beðið er um. Jeg skal upp á þessa fyrirspurn þingmannsins svara því, að umframgreiðslan til flutnings pósta hafi, eins og sjá má af landsreikningnum og athugagreinum yfirskoðunarmanna, í raun og veru numið 3460 kr. 50 a., og að ekki sje nein ástæða til, að við hafa þá «likvidation», sem yfirskoðunarmennirnir hafa stungið upp á, með því að draga frá útgjöldunum það, sem sparað var á öðrum undirliðum póst-útgjaldanna.

Grímur Thomsen: Mjer virðist, þar sem þessi umframgreiðsla á 4. gr. var eptir samkomulagi á milli yfirskoðunarmannanna og landshöfðingja þannig, að þetta fje yrði jafnað upp á öðrum liðum, þá virðist mjer það vera í sjálfu sjer rjett, að halda því fram.

Það er reyndar satt, sem landshöfð-

inginn segir, að til flutnings pósta munu hafa gengið 3460 kr. 50 a., en aptur á móti var sparað á ýmsum öðrum gjaldliðum viðvíkjandi póststjórninni, og þess vegna sýnist mjer óþarfi, að veita þessar 350 kr. 80 a. fram yfir.

Landshöfðinginn: Jeg skal leyfa mjer að geta þess, að í rauu og veru eru þessi útgjöld þegar veitt, þar sem þau eru þegar komin inn í landsreikninginn fyrir hið umrædda tímabil, og sem nú þegar var samþykktur af hinni heiðruðu deild. Hjer ræðir því ekki um sjerstök útgjöld fyrir sig, heldur um samþykktar-atkvæði á því fje, sem þegar er greitt.

Framsögumaður (Eiríkur Briem): Jeg skal taka það fram, að mjer sýnist miklu eðlilegra, að haga þessari fjárveitingu, eins og gjört er í frumvarpinu. Í athugasemdunum við 4. gr. er þess getið, að eptir því sem póstgöngurnar aukist, þá fari og útgjöldin til flutnings pósta stöðugt vaxandi. Af þessu hafi það orsakazt, að goldið hafi verið fram yfir það, sem veitt var, á árinu 1878: 1430 kr. 14 a., á árinu 1879: 2,030 kr. 35 a. Mjer virðist því full ástæða til að leita aukafjárveitingar um þessa upphæð, eins og gjört er í frumvarpinu, heldur en að upp í þetta sje tekið það, sem sparazt hefur á öðrum gjaldliðum. En það fje, sem þannig hafði sparazt, nemur samtals 350 kr. 80 a. Eins og jeg hef þegar tekið fram, virðist mjer að öllu leyti rjettara, að halda því óbreyttu, sem í frumvarpinu stendur. Stjórnin þarf að leita aukafjárveitingar fyrir því, sem hún hefur farið fram yfir *sjerstaka fjárveiting* í fjárlögunum, áu tillits til þess, að aðrir gjaldliðir hafa eigi unnizt upp.

Halldór Kr. Friðriksson: Eins og þingmönnum er kunnugt, kom á öndverðu þingi bónarbrjef frá Ólafi lækni Sigvaldasyni, þar sem hann beiðist þóknunar fyrir læknisþjónustu í 5. læknishjeraði á árunum 1876—1878. Þetta er svo til komið, að hann fjekk embætti það, sem hann þjónar, árið 1876, en eptir það var hann einnig skipaður læknir í öðru læknisumdæmi. Það virðist auðsætt, að þegar honum var veitt læknisembætti 1876, og honum var síðan gjört að skyldu að þjóna öðru læknishjeraði jafnframt, að hann fái þóknuu þá, er hann beiðist, fyrir þessa þjónustu sína í öðru læknishjeraði, þar sem hann var settur að gegna læknisstörfum. Og þá virðist mjer eðlilegast, að þessi þóknun komi inn á þessi fjáraukalög eða sem viðauki við 5. gr. frumvarpsins. Jeg mun því koma með uppástungu í þá átt til 3. umræðu. Jeg get ekki verið samdóma hinni heiðruðu fjárlaganefnd, er hún ætlar honum bera þessa þóknun, en vísar honum þó til dómstólanna. Það er auðsjáanlega ekki til annars, en að auka bæði landssjóðnum og læknunum óþarfan kostnað.

Jón Jónsson: Jeg skýt því undir álit þingmanna, hvort ekki mundi ástæða til að fresta að veita hjeraðslækni Ólafi Sigvaldasyni launauppbót þá, er spurning er um, þangað til hann sjálfur sækir um hana eða stjórnin biður um hana handa honum. Ef svo væri t. d., að læknirinu hefði aldrei verið sóttur úr þeim hreppum, þar sem bann var settur til að gegna læknisstörfum í, væri það vafasamt, hvort hann gæti heimtað launauppbót fyrir slíka þjónustu, og þannig geta verið fleiri íhugaverð atriði við málið, sem ekki er hægt nú að dæma um, meðan að stjórnin ekki hefur haft tækifæri til að fjalla um málið.

Landshöfðingi: Jeg vildi leyfa mjer að benda hinum háttvirta þingmanni Reykvíkinga á, að mjer virðist breyting hans ekki eiga sem bezt við þetta frumvarp. Því þetta frumvarp ætti að vera samhljóða samþykkt landsreikninganna fyrir þetta sama fjárbagstímabil. En nú er þegar búið að samþykkja landsreikninginn, og hann því dottinn úr sögunni. Mjer virðist því eiga betur við, að þessi þóknun væri tekin upp á aukafjárlögin fyrir árin 1880 og 1881.

Halldór Friðriksson: Jeg fæ ekki betur sjed, ef eitthvað er það í fjáraukalögunum, sem ekki er samþykkt, en að þá breytist reikningarnir. En mjer finnst, að þókuun til Ólafs Sigvaldasonar eigi að taka í þau fjáraukalög, sem ná yfir þann tímann, sem hann þjónaði.

Landshöfðinginn: Jeg álít ekki við eiga, að ræða mál þetta ýtarlegar, á meðan það kemur ekki fram sem breytingartillaga.

Grímur Thomsen: Jeg ætla að leyfa mjer að gjöra dálitla athugasemd við 7. gr. frumvarpsins. Það má reyndar segja um upphæðina á 4. gr., að það megi veita hana. Hitt er meiri vafa bundið, hvort veita eigi upphæð þá, sem fram á er farið í 7. gr. Það kom til umræðu áðan við reikningsmálið, hvernig á þessari umframgreiðslu stendur, og af því jeg álít hana óþarfa, þá vildi jeg gjöra grein fyrir, hvers vegna jeg verð að greiða atkvæði á móti henni. Jeg sagði áðan, að jeg væri á móti of mikilli brúkun á fje landssjóðsins af hálfu stjórnarinnar. Það gladdi mig um daginn, að landshöfðinginn minnti mig á, að vera «*konstitutionel*», og var jafnvel nokkuð harðorður um, að jeg hefði blandað nafni konungs inn í umræðurnar á því þingi, en allt um það, þó jeg haldi, að jeg hafi ekki lagt nafn konungs við hjegóma, þá gladdi það mig, að hann gaf mjer þessa áminningu; því þess varfærnari mun hann vilja sjálfur verða í breytni sinni gagnvart þeim parti löggjafarvaldsins, sem situr hjer á þingi, sem hann er vandlætingasamari við þing og þingmenn, að þeir sjeu ekki of nærgöngulir við stjórnina. En brúkun landshöfðingjans á landsfje er að ætlun minni heldur nærgöngul við fjárveitingarvaldið. Þegar hinn hæstvirti landshöfðingi t. d. fyrst brúkar hið á 15. gr. veitta fje eptir sínum geðþótta, og því næst fram yfir fjárveitingu það, sem hann hefur heitið þingnefnd eða þingi, þá er þessi brúkun á landsfje að ætlun minni ekki *konstitutionel*. Ef landshöfðinginn opinberlega á þingi lofar, að þetta skuli ekki optar koma fyrir, þá get jeg greitt atkvæði með greininni, annars ekki. Þessar umframgreiðslur eru, jeg vil nefna þær: Til Jónasar Helgasonar fyrir að gefa út söngfræði 300 kr; fyrir auðfræði 400 kr.; til stálstungumanns Árna Gíslasonar 200 kr., og til kostnaðar við útgáfu á bæklingi læknis Jónassens um eðli og ástand mannlegs líkama 170 kr.

Með þessu móti koma hjer um bil út þessar 1,472 kr. 50 a., sem áttu að greiðast af veittu fje, en urðu á hakanum. Og nú mun ekki verða hjá því komizt, að veita þessa upphæð. En jeg leyfi mjer að minna á, að þessi umframgreiðsla mun ekki alveg vera «*konstutionel*».

Þar eð eigi tóku fleiri til máls, kvað forseti umræðunni lokið, og ljet síðan ganga til atkvæða:

1. gr. var eigi borin undir atkvæði, með því upphæðin mundi geta breytzt eptir því, hvernig atkvæði fjellu um hinar greinarnar.
2. gr. samþykkt í einu hljóði.
3. gr. 1. C. 5. samþykkt í einu hljóði.
2. C. 8. samþykkt með 21 atkvæði.
4. gr. samþykkt í einu hljóði.
5 gr. 1. B. —»— - — —
2. C. 2. —»— með 20 atkvæðum.
3. C. 4. —»— — 14 —»—
6. gr. —»— — 21 —»—
7. gr. —»— — 15 —»—

Að frumvarpið gengi til 3. umræðu, samþykkt í einu hljóði.

ÞRIÐJA UMRÆÐA Í NEÐRI DEILD,
á 59. fundi, 22. ágúst.

Eptir nokkrar umræður um það, hvort breytingartillögur þær, er komnar voru

fram við landsreikningafrumvarpið, gætu tekizt til greina við fjáraukalögin, af því að sumir álitu, að þær mundu breyta þeim, ef þær næðu fram að ganga, þá varð sú niðurstaða, að þær skyldu eigi ræðast með, og var því næst frumvarpið óbreytt borið undir atkvæði og samþykkt með 14 atkvæðum gegn 1.

Kvað forseti það nú verða sent forseta efri deildar með tilmælum um að leggja það fyrir deildina.

FYRSTA UMRÆÐA Í EFRI DEILD,
á 44. fundi, 23. ágúst.

Frumvarpið, eins og það var samþykkt við 3. umræðu í neðri deild, sjá I, 63—64.

Engar umræður urðu um málið, og var því vísað til 2. umræðu með öllum atkvæðum.

ÖNNUR UMRÆÐA Í EFRI DEILD,
á 46. fundi, 24. ágúst.

Breytingartillaga
við frumvarp til fjáraukalaga fyrir árin 1878 og 1879, eins og það var samþykkt af neðri deildinni.

Við 7. gr.: Fyrir: «1472 kr. 50 a.» komi: «972 kr. 50 a.»

Magnús Stephensen.

Forseti bar undir atkvæði þingdeildarinnar, hvort frumvarpið mætti koma þegar á þessum fundi til 2. umræðu, þó ekki væri liðinn hinn lögboðni frestur frá því það var til 1. umræðu; gat forseti þess, að landshöfðingi hefði að sínu leyti veitt samþykki til þessara afbrigða frá þingsköpunum, og samþykkti deildin það í einu hljóði.

Magnús Stephensen: Eins og jeg gat um við umræðu þess frumvarps, sem nýlega var vísað óbreyttu til 3. umræðu (landsreikningamálið), stendur breytingartillaga sú, sem jeg hef leyft mjer að bera upp við það frumvarp, sem nú er til umræðu, í nánu sambandi við hitt málið og atkvæðagreiðsluna, sem fram er farin um það. Breytingartillagan fer því fram, að færa upphæð þá, sem stjórnin biður um að fá veitta eptir á til vísindalegra og verklegra fyrirtækja fyrir árin 1878 og 1879, niður úr 1472 kr. 50 a. niður í 972 kr. 50 kr., eða niður um sömu 500 krónurnar, sem 8. útgjaldaliður í reikningsfrumvarpinu var færður niður um í neðri deildinni, og þá niðurfærslu hefur efri deildin nú samþykkt. Úr því nú að hin heiðraða deild ekki hefur viljað samþykkja meiri umframgreiðslu á 8. gjaldlið í reikningafrumvapinu en 972 kr. 50a., tel jeg sjálfsagt, að deildin ekki vilji veita meira með þessu frumvarpi, en hina sömu upphæð, eins og breytingaratkvæði mitt fer fram á; enda lítur undarlega út, að nema það burt með annari hendi, sem veitt er með hinni. Jeg gjöri því ráð fyrir, að hinir heiðruðu þingmenn fallist á breytingaratkvæði þetta, til þess að vera sjálfum sjer samkvæmir.

Landshöfðinginn: Jeg er hinum háttvirta 4. konungkjörna þingmanni alveg samdóma um það, að það sje sjálfu sjer samkvæmt, eptir þeirri atkvæðagreiðslu, sem fram fór í hinu málinu, að samþykkja einnig þessa breytingu, og læt jeg mjer í þetta sinn nægja, að mótmæla þessari breytingu; en við 3. umræðu þessa máls mun jeg taka upp aptur breytingartillögur mínar, sem áður voru felldar, og þá einnig taka tillit til 7. greinar frumvarps þessa.

Var síðan gengið til atkvæða og var:
2. gr. frumvarpsins samþykkt í einu hljóði.
3. — — — — — —.
4. — — — — — —.
5. — — — — — —.
6. — — — með 10 atkv.

Breytingartillaga Magnúsar Stephensens við 7. gr. var samþykkt með 9 atkvæðum.

7. gr. þannig breytt var samþykkt með 9 atkvæðum.

1. gr. frumvarpsins með þeirri breytingu, sem leiðir af atkvæðagreiðslunni um 7. gr., var samþykkt með 9 atkvæðum.

Að frumvarpið gengi til 3. umræðu var samþykkt með 10 atkvæðum.

ÞRIÐJA UMRÆÐA Í EFRI DEILD,
á 48. fundi, 25. ágúst.

Frumvarpið, eins og það var samþykkt við 2. umræðu, sjá I, 552.

Breytingaruppástunga
við frumvarp til fjáraukalaga fyrir árin 1878 og 1879, eins og það var samþykkt við 2. umræðu í efri deild.
Frá landshöfðingja.

Við 7. gr: Fyrir: «972 kr. 50 a.» komi: «1472 kr. 50 a.»

Forseti leitaði atkvæða, hvort málið mætti koma til umræðu, þótt afbrigði frá þingsköpunum ættu sjer stað, og var það samþykkt í einu hljóði.

Enginn tók til máls, og ljet forseti því ganga til atkvæða.

Breytingaruppástunga landshöfðingja við 7. gr. var felld með 7 atkvæðum gegn 4.

Frumvarpið óbreytt var samþykkt með 9 atkvæðum, og kvað forseti það mundu verða afgreitt til forseta neðri deildar með tilmælum um, að það verði lagt fyrir þá deild.

EIN UMRÆÐA Í NEÐRI DEILD,
á 67. fundi, 26. ágúst.

Frumvarpið, eins og það var samþykkt við 3. umræðu í efri deild, sjá I, 592.

Engar umræður urðu um málið, og var frumvarpið samþykkt í einu hljóði; kvað forseti það verða afgreitt til landshöfðingja sem lög frá alþingi.

IV.

Landsreikningur 1878 og 1879.

A.

Frumvarp til laga um samþykkt á reikningnum yfir tekjur og útgjöld Íslands á árunum 1878 og 1879.

FYRSTA UMRÆÐA Í NEÐRI DEILD,
á 4. fundi, 6. dag júlímán.

Frumvarpið er prentað í fyrra parti alþingistíðindanna, bls. 89—118.

Forseti: Þar eð þetta frumvarp stendur í svo nánu sambandi við álit yfirskoðunarmanna fyrir árin 1878 og 1879, og hinn hæstvirti landshöfðingi ljet einnig mál þessi fylgjast að, þegar þau vorn lögð fyrir deildina, þá álít jeg, að sama nefndin eigi að meðhöndla bæði samkvæmt 21. gr. þingskapanna, og eptir sömu grein getur ekki verið spursmál um, að fram fari nema 2 umræður, að minnsta kosti ekki um tillögur endurskoðandanna.

Síðan var samþykkt án atkvæðagreiðslu að velja þriggja manna nefnd, og hlutu þessir kosningu:

Arnljótur Ólafsson með 17 atkv.
Eiríkur Briem — 17 —
Jón Ólafsson — 13 —

Forseti kvað síðan málið mundu verða afhent 1. þingmauni Eyfirðinga, þar eð hann væri eldri en 2. þingmaður Húnvetninga, sem hafði jafnmörg atkvæði.

FRAMHALD FYRSTU UMRÆÐU Í NEÐRI DEILD,
á 52. fundi, 17. dag ágústmán.
Nefndarálit I, 449—462.

Urðu þá nokkrar umræður um formið á umræðunum, en að endingu var málinu vísað til annarar umræðu í einu hljóði.

ÖNNUR UMRÆÐA Í NEÐRI DEILD,
á 55. fundi, 19. dag ágústmánaðar.

Framsögumaður (*E. Briem*): Jeg finn ekki ástæðu til að fara mörgum orðum um þetta mál, fyr en jeg heyri álit og ástæður þingmanna. Að eins skal jeg geta þess, að á bls. 7. í 7. er prentvilla; þar stendur «*ef* því» o. s. frv., en á að vera «*að því leyti sem* því» o. s. frv.

Landshöfðinginn: Eins og eðlilegt er, af því að tillögur yfirskoðunarmanna og samþykkt þingsins á landsreikningunum stendur í hinu nánasta sambandi innbyrðis, hefur nefndarálit það, er hin heiðraða nefnd hefur samið í landsreikningamálinu, inni að halda álit nefndarinnar bæði um álit yfirskoðunarmanna og um frumvarpið til laga um samþykkt á reikningum yfir tekjur og útgjöld Íslands á árunum 1878—79, sem lagt hefur verið fyrir hina heiðruðu deild. Þar sem jeg nú ætla að fara fáeinum orðum um nefndarálitið, skal jeg fyrst kunna hinni hæstvirtu nefnd mínar beztu þakkir fyrir góðar undirtektir hennar undir bæði þessi mál. Hafi það, eins og hin háttvirta nefnd kemst að orði, verið gleðiefni fyrir hana, að taka eptir, hvað landshöfðinginn hefur gjört sjer mikið far um, að reikningar þeir, sem hjer ræðir um, yrðu sem bezt úr garði gjörðir, þó hefur þessi viðurkenning frá hálfu hinnar háttvirtu nefndar sannarlega einnig glatt mig, þar sem jeg veit með sjálfum mjer, að jeg í þessu tilliti hef, sem mjer frekast hefur verið unnt, starfað að því, að koma reikningsmáli landsins í gott horf, og verð jeg einnig að kannast við það, að jeg í þessu tilliti hef haft ágæta aðstoð frá hálfu hinna háttvirtu yfirskoðunarmanna. Það er viðvíkur tillögu yfirskoðunarmanna út af 5. athugagr. við reikninginn 1878, skal jeg geta þess, að dráttur sá á sýslureikningum þeim fyrir Snæfellsnessýslu, sem um er að ræða, að mestu leyti orsakaðist af því, að þar urðu sýslumannsskipti í fardögum 1878, svo að samningur reikningsins var kominn undir báðum sýslumönnunum. Tillögurnar við 27. athugagr. B. I., 2., 4., 5. og 6., bls. 114, eru teknar til greina í lagafrumvarpinu í fullri samhljóðan við orð tillagarina, og launin fyrir embætti þau, er þar ræðir um, færð niður um samtals 578 kr. 47 a., sbr. athugasemd bls. 13., en þegar til þess kom, að jeg átti að innheimta hjá hlutaðeigandi embættismönnum þær upphæðir, er þeim voru of greiddar á árinu 1878, hreifðu 2 þeirra mótmælum gegn tillögum yfirskoðunarmanna og brjefi ráðgjafans frá 6. nóv f. á, og voru þessi mótmæli þeirra borin undir úrskurð ráðgjafans, sem í brjefi frá 22. júlí þ. á. hefur úrskurðað, að lagfæra skuli upphæðir þær, sem hjer ræðir um, og uppálagt mjer, að gjöra breytingaruppástungu við frumvarp það, er hjer ræðir um, samkvæmt þessari lagfæringu. En til hennar útheimtist meðal annars, að útvega nákvæmar skýrslur um aukatekjurnar af Gullbringu- og Kjósarsýslu og Reykjavíkurkaupstað fyrir árin 1873—78; en tillögur yfirskoðunarmanna voru byggðar á yfirliti því, er nefndin í skattamálinu hafði samið fyrir árin 1871—75, og þetta hefur verið ómögulegt á þeim 14 daga tíma, sem jeg hef haft til umráða. Jeg sje mjer því ekki fært að svo stöddu, að koma fram ákveðnum breytingaruppástungum um þessar upp-

hæðir, en hef álitið mjer skylt, að taka þetta fram hjer, og að áskilja mjer, að lagfæra þær í landsreikningunum fyrir yfirstandandi ár. Þessi lagfæring mun þá verða lögð fyrir alþingi til úrskurðar við samþykkt á landsreikningunum fyrir árin 1880—81.

Það er anertir tillöguna út af 33. athugagr. 1, skal jeg skírskota til svars míns bls. 103, og bæta því við, að jeg sje nefndinni samdóma um það, að *æskilegt* sje, að slíkur kostnaður ekki eptirleiðis komi fyrir. Jeg verð að viðurkenna, að gleymzt hefur að flytja þær 80 kr., er getur um í 33. athugagr. 3, frá 16. gr. fjárlaganna til 10. gr. C. 8., og jeg er því uppástungu hinnar háttvirtu nefndar viðvíkjandi þessari breytingu alveg samdóma.

Viðvíkjandi tillögunni út af 17. athugagrein 1. við reikninginn 1879 skal jeg geta þess, að jeg hef látið rannsaka þau skjöl, sem hjer eru, um hina gömlu skuld Munkaþverárkirkju, og skal eptir áskorun þeirri, er hjer liggur fyrir, leita ýtarlegri skýrslna um þetta mál, en óvíst er, hvort það muni heppnast, þar sem hlutaðeigandi skuldabrjef að líkindum hafa brunnið með skjalasafni norðuramtsins.

Jeg vona, að tillögunni út af 20. athugagr. um glögg reikningsskil fyrir útistandandi lánum úr styrktarsjóði verði fullnægt af hinni umboðslegu endurskoðun þetta ár, en skal geta þess, að því, sem í þessu tilliti hingað til hefur verið ábótavant, hafi verið út af kornlánum Skagafjarðar- og Eyjafjarðarsýslu. Þessi kornlán hljóta nú að vera endurborguð, en glögg reikningsskil vantar enn þá. Aptur á móti eru nægileg reikningsskil að mínu áliti til viðvíkjandi kornlánsskuldum Snæfellsnessýslu, en það, sem með tilliti til þeirra nú er ábótavant, eru afborganirnar, og á þessu vona jeg að bót verði ráðin með því, að samþykkja frumvarp það, er liggur fyrir hinni heiðruðu deild.

Tillaga út af 30. athugagrein B. II. 3. mun verða tekin til greina við hegningarhússreikninginn eptirleiðis.

Jeg verð að kannast við það, að athugasemdir hinnar hæstvirtu nefndar við tillöguna út af 35. athugagrein, viðvíkjandi umframgreiðslunni til vísindalegra og verklegra fyrirtækja, sjeu á rökum byggðar, og jeg vona, að ekki verði eptirleiðis tilefni til, að slík beiðni um aukafjárveiting komi fram, nema einhverjar öldungis sjerstaklegar kringumstæður gjöri það nauðsynlegt. Jeg skal að öðru leyti geta þess, að þessi mikla umframgreiðsla að nokkru leyti hefur orsakazt af því, að á árinu 1877 voru í raun og veru útborgaðar og í reikningsbók ráðgjafans taldar til útgjalda það ár 900 kr. til bókmenntafjelagsins, en þessu hafði jeg ekki tekið eptir, þegar jeg samdi landsreikninginn 1877, og skal jeg í því tilliti vísa til svara minna upp á athugagreinir yfirskoðunarmanna fyrir það ár, bls. 14.; sbr. Tillögur yfirskoðunarmanna bls 14. Samkvæmt þessum tillögum voru þessar 900 kr. ekki færðar til útgjalda í landsreikningnum fyrir árin 1876—77, er alþingi samþykkti í hitt eð fyrra, og var umframgreiðslan á þeim reikningi á þann hátt ekki talin nema 58 kr. 96 a. í staðinn fyrir 958 kr. 96 a., er í raun og veru voru útborgaðar. Einnig má sjá af fylgiskjali 36 við landsreikninginn 1878 (bls. 54) og fylgiskjali 43 við reikn. 1879 (bls. 180), að á fjárhagstímabilinu hafa komið til útborgunar eptirstöðvar af styrk þeim, er veittur var sjera Þorvaldi Bjarnarsyni til að gefa út *Homilíur*, samtals 800 kr. (550 + 250). Jeg tek þetta fram, ekki til afsökunar fyrir umframgreiðsluna, heldur til að skýra fyrir hinni heiðruðu deild, hvernig það hafi atvikazt, að umframgreiðslan varð svo stór, án þess jeg yrði var við það, þegar jeg við lok þingtímans í hitt eð fyrra ávísaði sje því er getur um í svari mínu upp á þessa athugagrein. Viðvíkjandi tillögunni út af 36. athugagrein 15, um að 80 kr., sem varið hefur verið fyrir eyðublöð undir sjóleiðarbrjef, verði endurborgaðar landsjóði, skal jeg geta

þess, að þessi útgjöld jafnan hafa verið borguð á þessum gjaldlið, þó að vafi kynni að vera á því, hvort þau heyri undir skrifstofukostnað stjórnardeildarinnar, sem borgast úr ríkissjóði. Með afnámi lestagjaldsins eru þessi útgjöld nú alveg horfin, og eins og alþingi í hitt eð fyrra samþykkti slík útgjöld í þeirri von, að þau væru greidd í síðasta skipti, en mjer var ókunnugt um, að búið var 1879 að útvega eyðublöð þau, er hjer ræðir um, eins vona jeg, að hin háttvirta deild nú, þar sem jeg get fullvissað þingið um það, að þessi útgjöld komi aldrei optar fyrir, muni samþykkja, að 80 kr. þær, sem hjer ræðir um, sjeu borgaðar á 16. gr. fjárlaganna, en þessi gjaldliður hefur á fjárhagstímabilinu ekki numið meiru en 7589 kr. og 6 aurum, eða að frádregnum 80 kr. þeim, er fluttar verða til 10. gr. B 3., 7509 kr. 6 a., en veittar voru á þessum gjaldlið samtals 8000 kr. Jeg skal því leyfa mjer að skjóta því til hinnar háttvirtu nefndar, að hún samþykki, og til bins háttvirta forseta, að hann leyfi, að atkvæðagreiðslu við B. b.: «til útgjalda, sem upp á kunna að koma», sje skipt í tvennt, svo að greitt verði atkvæði fyrst um það, að í staðinn fyrir 7589 kr. 6 a. komi: 7429 kr. 6 a., og ef hin háttvirta nefnd og hin háttvirta deild fallast á uppástungu mína, sem jeg leyfi mjer að vona, þar eptir að í staðinn fyrir 7589 kr. 6 a.komi 7509 kr. 6 a.

Viðvíkjandi tillögunni um versúruskrána 1879 skal jeg leyfa mjer sem bezt jeg get að mæla með uppástungu hinnar heiðruðu nefndar, þar sem hún miðar til þess, að gjöra enda á þeim versúruflækjum, sem hafa átt sjer stað hingað til, og sem mjer ekki hefur heppnazt að greiða úr, jafnvel þótt jeg hafi haft meira ómak af þessu eina atriði, en af samningunni á landsreikningunum fyrir árin 1876 og 1877 og fyrir 1878 og 1879 í öllum öðrum atriðum þeirra, og reikningunum í heild sinni. Jeg hef sannarlega ekki látið mjer liggja þetta í ljettu rúmi, en af því að þessar versúrur standa í sambandi við hina undangangandi reikninga, sem jeg hef ekki átt kost á að endurskoða að fullu og öllu, og sem nú sem stendur er lítt mögulegt að endurskoða á ný, hef jeg gjört þá tilraun, sem getur um í brjefi mínu til nefndarinnar 30. júlí þ. á., til þess að semja svo fullkomna versúruskrá, sem mjer hefur verið unnt, samkvæmt tillögum yfirskoðunarmanna út af athugagrein 57.—59. og sem framvegis getur verið undirstaða undir landsreikningum í þessu tilliti, þannig að eptirleiðis verði að gjöra skil samkvæmt henni fyrir versúrum á hverju eptirfarandi fjárhagstímabili. Komi seinna fram breytingar á versúruskránni, er sjálfsagt, að þær verði ekki teknar til greina, nema með samþykki alþingis, sem þá verður að leita í frumvarpi til laga um samþykkt á landsreikningunum fyrir það fjárhagstímabil. Viðvíkjandi tillögu hinnar háttvirtu nefndar við tekjulið 17 í frumvarpinu: «tekjur, er snerta viðlagasjóðinn», að þær eigi að vera 20 aurum minni en í reikningunum er talið, skal jeg geta þess, að á hinum tilvitnaða stað í svari mínu (bls. 228) er að vísu preutvilla eða ritvilla, en hún á ekki við aðalupphæðina 4390 kr. 93 a., er rjettilega er tilfærð, heldur við eptirstöðvarnar, sem eiga að vera 168 kr. 92 aurar í staðinn fyrir 168 kr. 72 aura. Í frumriti því, sem jeg sjálfur hef samið, eru rjettilega tilfærðar 168 kr. 92 aurar, en jeg get ekki sagt, hvort það er ritvilla í eptirritinu eða prentvilla, þar sem það á bls. 228 er talið 168 kr. 72 a., en jeg vil biðja hina háttvirtu nefnd, að leiðrjetta þessa villu, og verður þá tillaga nefndarinnar við frumvarpið tölul. 2 að falla niður.

Það er snertir ölmusurnar við hinn lærða skóla 1878, skal jeg geta þess, að jeg verð að álíta, að jeg hafi leitt full rök í brjefum mínum til yfirskoðunarmanna 17. marz og 1. apríl þ. á., er prentuð eru í yfirlitinu bls. 269—71 og 271—72, að þessu atriði, og skilyrði því, sem hinir háttvirtu yfirskoðunarmenn settu í brjefi 22. marz þ. á., hefur af minni hálfu verið fullnægt, þar sem jeg á 272. bls. kemst svo

að orði: »Skyldu hinir heiðruðu yfirskoðunarmenn« o. s. frv. En þetta tilboð frá minni hálfu hafa hinir heiðruðu yfirskoðunarmenn ekki viljað þiggja. Aptur á móti hef jeg ekki neitt á móti tillögu hinnar háttvirtu nefndar við tölul. 9 viðvíkjandi þessu atriði, að það sje til athugunar við yfirskoðun reikningsins 1880.

Jeg skal fyrir mitt leyti fallast á tillögur hinnar háttvirtu nefndar um það, að aðalupphæð eptirstöðvanna við lok fjárhagstímabilsins sje sem athugasemd bætt aptan við frumvarpið, og yfir höfuð skal jeg geta þess, að jeg get aðhyllzt allar tillögur þær, er hin háttvirta nefnd hefur gjört undir staflið A tölul. 1—10 (bls. 7 í nefndarálitinu).

Loksins skal jeg geta þess, að á 276. bls. er prentvilla, þar sem segir: »þar á móti hefur landshöfðingi ekkert haft með landsreikninginn að sýsla, fyr en frá 1. janúar 1876«, í staðinn fyrir 1875, og vil jeg biðja hina háttvirtu þingmenn að leiðrjetta þessa prentvillu.

Framsögumaður: Viðvíkjandi tillögu yfirskoðunarmannanna út af 26. athugagrein á reikningnum 1878, sem tekin hefur verið til greina í samþykktarfrumvarpinu, þá er það að segja um það, sem hinn hæstvirti landshöfðingi minntist á, að það snertir ekki þetta fjárhagstímabil. Hvað snertir ummæli hins hæstvirta landshöfðingja um athugagreiu 35, um umframgreiðslu á fje því, sem ætlað er til vísindalegra og verklegra fyrirtækja, þá gleður það mig, að hann var nefndinni samdóma í því, að eigi mætti veita fje fram yfir það, sem ákveðið er með fjárlögunum, en á hinn bóginn hefur hann tilgreint sem ástæðu fyrir þeirri umframgreiðslu, sem í þetta sinn hefur átt sjer stað, að nokkuð af fje því, sem varið hefur verið, heyrði til fyrra fjárhagstímabili, svo sem 900 kr. til bókmenntafjelagsins og 800 kr. fyrir útgáfu Homilíubókarinnar, og þetta styður að eins það, sem nefndin hefur lagt til, að þingið í þetta sinn samþykkti þessa aukafjárveitingu. Viðvíkjandi því, sem landshöfðinginn tók fram um tillögu út af 36. athugagrein, um 80 kr. fyrir eyðublöð undir sjóleiðarbrjef, að þar sem búið er að af taka lestagjaldið, mundi þetta ekki koma fyrir framar, þá hafði hann sömu orð um þetta á síðasta þingi. Enn fremur tók hann fram, að sá gjaldliður, sem þetta hefði verið kostað af, hefði eigi verið unninn upp, og þótti honum það vera því fremur ástæða til að hafa eigi á móti því, hverug tjeðum 80 kr. hefur verið varið; en eins og jeg álít, að þingið eigi ekki að neita um aukafjárveitingu, þegar full þörf hefur verið á meira fje, en veitt hefur verið, þannig er heldur eigi ástæða til að binda sig svo við fjárveitinguna, að þingið með tilliti til þess, að hlutaðeigandi gjaldliður eigi er unninn upp, samþykki brúkun á fje, sem eigi er á rökum byggð. Viðvíkjandi tekjulið 17 á frumvarpinu, þá hefur landshöfðingi nú skýrt frá, að prentvilla sje í svari sínu til yfirskoðunarmannanna á bls. 228, þar sem tekjurnar eru samtals taldar 4413 kr. 73 a. Í þessum reikningi landshöfðingjans var tvisvar sinnum bent á 73 a., og þess vegna hjelt nefndin, að það væri rjettara, sem tekið er fram tvisvar sinnum, en hitt, sem að eins var tilfært einu sinni; en þar sem hinn hæstvirti landshöfðingi hefur skýrt frá, að þetta sje þvert á móti, þá er sjálfsagt, að þar að lútandi breytingartillaga nefndarinnar er tekin aptur. Viðvíkjandi tillögunni um, að ölmusurnar verði taldar í hinum samþykktu reikningum, eins og í reikningum þeim, sem fengnir voru endurskoðunarmönnunum, þá hafði hinn hæstvirti landshöfðingi ekki á móti því, eptir því sem mjer skildist, þar eð hann vildi aðhyllast allar hinar almennu tillögur, og þar á meðal einnig það, að þetta atriði biði endurskoðunar á reikningum þessa fjárhagstímabils.

Grímur Thomsen: Hina heiðraða reikninganefnd greinir yfir höfuð mjög lítið á við yfirskoðunarmenn landsreikninganna, en þó eru sum atriði, sem jeg álít að ætti að ræða um, þótt það sje mestmegnis mein-

ingarmunur í brúkun á fje og aukaveitingum. Ef jeg nú fer yfir athugasemdir nefndarinnar í áliti hennar, þá skal jeg leyfa mjer að benda á hið fyrsta atriði, þar sem yfirskoðunarmennina greinir á við nefndina, og það er það, hvort rjett sje, að veita útlendum manni fje til þess, að ferðast fyrir landsfje í öðrum löndum, þótt ferð hans í orði kveðnu eigi að vinna Íslandi eitthvert gagn. En fyrir þessu þingi liggur engin skýrsla um það, hvort ferð þessi hafi orðið Íslandi til nokkurra nota eða engra, og engin bók eða bæklingur staðhæfir, hvern áraugur ferðin hafi haft. Jeg vil fúslega trúa, að svo hafi verið, en meðan jeg eigi þekki skýrslu þá, sem hið danska búnaðarfjelag kann að hafa þessu viðvíkjandi, hef jeg á móti þessari fjárveitingu. Það getur leitt til mjög vafasamra útgjalda og fjárveitinga, ef hver og einn getur fengið fje af upphæð þeirri, sem ætluð er til vísindalegra og verklegra fyrirtækja, jafnskjótt sem honum kemur til hugar að ferðast eitthvað, eða semja einhvern ritling. Það má vel vera, að búfræðingur sá, er ferðaðist til Norvegs, hafi samið einhverja bók um ferð sína, en með því að þessi bók hefur eigi verið lögð fram fyrir þingið, þá hlýt jeg í þessu atriði að vera nefndinni ósamdóma, nema því að eins að hún hafi haft upplýsingar þær og skýringar þessu viðvíkjandi, sem þingið hefur óskað eptir, en eigi getað fengið. Eins er því varið með tillöguna út af 33. athugagrein 1. lið á 2. bls. nefndarálitsins, að því er snertir kostnað við að halda próf í í íslenzku í Kaupmannahöfn, að yfirskoðunarmennirnir fundu að því, að fje þetta væri goldið af landssjóði. Því þótt það sje gjört ráð fyrir því í ástæðum þeim, sem konungsúrskurður 27. maí 1857 um tjeð próf er byggður á, að kostnaðurinn sje tekinn af því fje, sem ætlað er til óvissra útgjalda Íslands, þá verður þess vel að gæta, að þá voru engin óviss útgjöld til fyrir Ísland sjerstaklega. Yfirskoðunarmenn hafa tvisvar gjört þessa athugasemd, en henni hefur enginn gaumur verið gefinn til þessa. Og ef þingið leiðir þetta enn þá fram hjá sjer, þótt yfirskoðunarmenn hafi vakið athygli þess á því, þá verður þetta æfinlega þannig. Á hinni sömu bls. nefndarálitsins er og minnzt á vitann á Reykjanesi, en af því sú upphæð, er þar ræðir um, er svo lítil, skal jeg eigi minnast frekar á hana að sinni. Jeg játa það, að hin heiðraða nefnd hefur rjett að mæla á 3. bls um dómkirkju Reykjavíkur, en framvegis finnst mjer, að sú kirkja, sem hefur fengið fje úr landssjóði bæði að láni og sem gjöf, og sem er vígslukirkja landsins, eigi að komast í hendur landssjóðsins. Eins er og á 3. bls., þar sem hin heiðraða nefnd ræður til þess, að gengið sje eptir, að fjárkláðalánið sje heimtað aptur. Það var breytingartillaga frá mjer um það, að þó rentur eigi yrðu borgaðar, að skuldin þó sjálf yrði endurborguð á löngum tíma, t. d. 28 árum, og það gleður mig, að einmitt einn af hinum háttvirtu nefndarmönnum hefur sett nafn sitt undir þessa breytingartillögu. Viðvíkjandi útlánum úr styrktarsjóði Íslands er aðgætandi, að allar skuldakröfur eru, að því er jeg til veit, enn eigi nógsamlega rannsakaðar; og þó skuldakrafa til Snæfellinga sje nægilega sönnuð og reikningar yfir hana framlagðir fyrir þingið, þá hefur þingið eigi fengið nægan tíma til þess að rannsaka hana. Jeg vil eigi láta umboðsvaldið úrskurða neina reikninga fyr, en þeir eru nægilega endurskoðaðir. Um strandsiglingarnar er það að segja, að það var veitt til þeirra með aukafjárveitingu árið 1879, og þá jafnframt tekið fram, að fjárveiting þessi væri bundin sama skilyrði sem aðrar fjárveitingar, nefnilega því, að skýrir reikningar væru fram lagðir, en þetta skilyrði var eigi uppfyllt, þó það sje engan veginn landsbúðingja að kenna, heldur því, að stjórnin eigi gat gjört betri skil. Þá kemur nú á bls. 4 aukafjárveiting fyrir 236 kr. 68 aura til vitabyggingar á Reykjanesi. Þar greinir mig á við hina heiðruðu nefnd, því þótt það *geti verið*, að þessi umframgreiðsla hafi verið nauðsynleg, þá er það

eitt atriði, sem jafnan verður að hafa tillit til við aukafjárveitingar, og það er sú regla, að veita *aldrei* neinar umframgreiðslur, nema fullsannað sje, að þær sjeu nauðsynlegar. Þegar hinn hæstvirti landshöfðingi árið 1879 kom fram með áætlun yfir kostnað við vitabygginguna, þá var áætlun þessi greinilega sundurliðuð, og þá veitti þingið hana orðalaust, af því það hjelt, að svo væri þeim fjárkröfum fullnægt, en annaðhvort hefur áætluu þessi eigi verið sett nógu hátt, eða illa hefur verið haldið á fjenu. Hjer er gjört ráð fyrir nýjum útgjöldum, sem áður hefur verið veitt fje til. Jeg skal taka til dæmis veginn um Reykjanes. Þessi straumur af fjárveitingum, þótt hann ef til vill sje nauðsynlegur, er viðsjárverður. Landssjóðurinn á eigi að kosta annað af vegi þessum umhverfis vitann, en veginn frá bústað vitavarðar til vitans. Hitt á hreppurinn eða sýslau að kosta, og það því fremur sem á Reykjanesi er mikið rekapláss, og það er alveg nauðsynlegt fyrir bændur að fá þar svo góðan veg, að þeir geti farið eptir honum með dráttarlest. Þessi fjárveiting til vegabóta á Reykjanesi er því tilslökun við sveitarfjelag, sem eigi er á rökum byggð. Þar sem nefndin ræður til þess, að greiða þær 19 kr. og 35 aura, sem hafa verið brúkaðar til vitans umfram fjárveitingu, þá skal jeg geta þess, að ef það er rjett að taka tillit til þess, að upphæðin er lítil, og veita hana fremur fyrir það, þá er auðvelt að fá nóg fje með því að taka stóra upphæð og deila sundur í margar smáar; þá munu þessar mörgu smáu upphæðir verða veittar, *af því* þær eru svo smáar. Á sömu bls. við athugasemd 32 h. get jeg heldur eigi verið nefndinni samdóma. Jeg vil eigi kalla það versúrugjald, sem landssjóðurinn greiðir um of. Versúrugjald er það, sem einn sjóður greiðir út fyrir annan sjóð. Hið einfaldasta er, að þegar greitt hefur verið of mikið af einum gjaldlið, þá á fyrsta eða annan mánuð næsta árs að borga það aptur inn á tekjulið landssjóðsins, og því er eigi hægt að reikna þetta sem versúrugjald, heldur sem ofborgun. Sama er að segja um tölulið 33, B. III. c. 7., að þegar umframgreiðslan er lítil, þykir nefndinni eigi taka því að neita henni. Viðvíkjandi hinni annari tillögu út af sömu athugagrein, um þær 136 kr. 32 a., sem brúkaðar voru til ofnkaupa um fram það, sem veitt var, þá skal jeg eigi segja neitt um það; það getur vel verið, að gömlu ofnarnir hafi verið svo ónýtir, að þeir hafi eigi orðið seldir. Þá kemur nú 35. athugasemd um umframgreiðslu til vísindalegra og verklegra fyrirtækja. Til þeirra voru veittar 10,000 kr., en auk þess vill stjórnin fá 2072 kr. 50 a., og ber því við, að þingið hafi síðar eigi veitt nema 6000 kr. til þessa. En það er alls eigi komið undir upphæðinni, því þegar veittar voru 10,000 kr., brúkaði stjórnin sínar 2000 kr. að auk, og jeg held, að hún muni ávallt brúka meira, en áætlað er, hversu mikið sem það verður, þangað til þingið segir nei. Nefndin viðurkennir hjer, að yfirskoðunarmennirnir hafi á rjettu að standa, þar sem þeir ráða frá fjárveitingu þessari, og segir, að það sje *eindregið* álit sitt, að svo megi eigi fram fara, en svo dregur hún þá ályktun út úr þessu, að hún samþykki aukafjárveitinguna, og ræður frá því, að fallast á álit yfirskoðunarmannanna. Þetta er ósamkvæmni hjá hinni heiðruðu nefnd, nema því að eins að nefndin vilji sýna hið ýtrasta þrek í tilslökunarsemi, og hina ýtrustu frækni í því að hopa á hæl jafnvel fyrir sínum eigin tillögum. Það er satt, að margur biður um þennan styrk, svo mikið þyrfti að veita, ef öllum ætti að gjöra úrlausn, en ef þingið þvertekur fyrir að veita meira en hina ákvörðuðu upphæð, þá hefur stjórnin afsökun, og getur borið alþingi við. Hinn hæstvirti landshöfðingi hefur gjört alveg rjetta athugasemd um þær 1000 kr., sem komu til útgjalda á þessum lið. Svo nauðsynleg sem mörg af þessum fyrirtækjum voru, þá urðu mörg þeirra á hakanum, og þau munu nú verða á hakanum aptur, þrátt fyrir samkomulagið við fjárlaganefndina. Lands-

höfðingi veitir fyrst þær 12000 kr. þeim, sem honum þóknast, og svo *fram yfir fjárveitinguna* þeim, sem hann hefur gefið nefndinni ádrátt um að styrkja, alveg eins og hann hefur áður gjört á fjárhagstímabilinu 1878 og 1879. Nefndin gjörir sama samning við landshöfðingja nú og hún gjörði 1877, að fjenu átti að verja til vísindalegra fyrirtækja, en allt fór út um þúfur þá. Hvaða líkindi befur nefndin til þess, að þau fyrirtæki, sem hún vill styrkja, fari eigi á sama veg og þá, og svo komi sama umframbrúkun 1883. Þá kemur ferðastyrkurinn til sálmabókarnefndarinnar. Þegar jeg gæti að í fjárlögunum, þá stakk stjórnin upp á, að veita 800 kr. til sálmabókarnefndariunar, en fjárlaganefndin strykaði þær út. Nú sje jeg, að þessi nefnd hefur ætlað sálmabókarnefndinni 400 kr. í ferðastyrk, En nefud þessi var eigi kosin af stjórninni, og alþingi 1879 neitaði óbeinlínis styrk til hennar. Fjárlaganefndin vísaði um þetta fje til bifliufjelagsins, sem stóð því næst, að það launaði henni ómak sitt. En nú ræður þessi reikninganefnd til þess, að veita þetta fje; landsstjórnin hafi haft fulla heimild til þess að veita það. En þessum orðum nefndarinnar mótmæli jeg fastlega. Um sjóleiðarbrjefin er enginn ágreiningur milli mín og nefndarinnar. En hvað versúruskránum viðvíkur, þá er jeg þar nefndinni einnig ósamþykkur, og versúruskrárnar eru heldur eigi fullkomlega endurskoðaðar, eins og sjá má af brjefi hins hæstvirta landshöfðingja, þar sem hann segir, að hann hafi eigi sjeð sjer fært að útvega þær skýrslur, sem nauðsynlegar væru til þess að leiðrjetta hínar eldri versúruskrár. En jeg álít, að meðan hinn hæstvirti landshöfðingi eigi hefur fullkomnar skýrslur til þess að lagfæra eptir versúruskrárnar, þá er of snemmt að slá föstu versúrugjaldinu. Það liggur heldur ekkert á. Jeg skal taka það til dæmis, að er jeg tek versúruskrána hjer í skjölunum, þá er ein þeirra, sem hinn hæstvirti landshöfðingi er í vafa um, nefnilega fyrir fram borgun fyrir kollectusjóð Eirichens 600 og nokkrar kr. Sömuleiðis er á 11. bls. lífsábyrgðargjald Þorsteins Jónssonar. Það er löngu afgreitt, en vantar skýrslu um; en ef það væri eigi afgreitt enn, þá ætti að hefja málssókn út úr því. En jeg skil það, að hinn hæstvirti landshöfðingi hefur eigi haft skýrslur um þetta, og því eigi þorað að taka það burtu. Neðst á bls. 12 í tekjuliðnum stendur «borguð laun» fyrir «óborguð laun» 1870—71 54 kr. 87 aurar. Þetta má eigi dragast lengur; annaðhvort á landssjóður þetta fje eða einhver annar, sem verður að leiða sig að því. Það eru einnig nokkrar aðrar upphæðir, sem jeg eigi get verið að nefna, því jeg tók þessar upphæðir fram einungis til þess að sýna, að of snemmt væri að gjöra fullnaðarályktun um þær. Reikningarnir hverfa eigi, þótt þeir bíði þess, að glöggari skýrslur fáist. Jeg samgleðst hinni heiðruðu nefnd fyrir það, að hún fyrir tilstyrk hins hæstvirta landshöfðingja hefur fundið aptur hina margþráðu 20 aura. Viðvíkjandi þeim 8000 kr., sem eru taldar útborgaðar 1878 til ölmusa við lærða skólann, sje jeg, að nefndin þar hefur aðhyllzt skoðun endurskoðunarmanna, og skal jeg taka það fram, að þótt jeg eigi efist um það, að hinn hæstvirti landshöfðingi geti sannað, að svo sje um þetta, sem hann segir, þá gátum við yfirskoðunarmennirnir eigi látið oss nægja, að fá einungis að sjá skólareikningana, því það er ómögulegt að 2,050 kr. sjeu borgaðar svo út úr jarðabókarsjóði, að þess sje eigi getið. Jeg ýmynda mjer, að á versúruskránni 1875 muni finnast þær 2000 kr. sem goldnar voru til skólans um fram þær 8,000 kr., sem gjalda átti. Við heimtuðum að fá að sjá alla landsreikningana fyrir 1875, samkvæmt ályktan þingsins 1879, en það gat okkur eigi veitzt. Jeg skal nú eigi þreyta hina heiðruðu þingdeild lengur.

Landshöfðingi: Út af því, sem hinn háttvirti þingmaður Borgfirðinga talaði um, að engar skýrslur eða rit væru komnar, sem stæðu í sambandi við fjárveiting Feilbergs, þá skal jeg geta þess, að jeg með síðustu

póstferð hef fengið brjef frá stjórn hins konunglega danska *Landhusholdningsselskabs* og stendur þar í, að með þessu brjefi fylgi 100 expl. af riti Feilbergs og riti Sveins Sveinssonar, en þennan böggul bef jeg aldrei fengið. Mjer skyldi hafa verið ánægja að útbýta þessum ritum meðal þingmanna, ef þau hefðu verið komin Þá sagði hinn háttvirti þingmaður Borgfirðinga, að stjórnina hefði hingað til vantað festu gagnvart þeim, sem leita styrks, og skal jeg þá geta þess, að þó stjórnina hafi vantað festu, þá er hún búin að fá hana nú, eins og sjá má á frumvarpi til fjáraukalaga fyrir 1880—81, og skal jeg láta mjer nægja í því efni að segja hinum háttvirta þingmanni, að í lok febrúar þ. á. var jeg búinn að ávísa 2995 kr., en síðan hef jeg haft 5 kr. til umráða, og hef þær enn þá, en hef neitað 10—20 mönnum, sem beðið hafa um styrk, og af því má sjá, að jeg hef fengið þessa festu. Hinum háttvirta þingmanni Borgfirðinga er vorkunn með styrkinn til sálmabókarnefndarinnar, og skal jeg eigi heldur tala um tillögur fjárlaganefndarinnar í hitt eð fyrra, sem gleymdust og aldrei komu til atkvæða á alþingi. Í þeim var stungið upp á að veita eigi styrkinn á fjárlögunum, en vísað á bifliufjelagið. Viðvíkjandi versúruskránni skal jeg geta þess, að þótt jeg hafi leitazt við að taka til greina athugasemdir yfirskoðunarmannanna, þá hefur mjer eigi heppnazt það, sem skyldi, og skal jeg láta það alveg á valdi þingdeildarinnar, hvort hún vill aðhyllast tillögu hins háttvirta þingmanns Borgfirðinga eða nefndarinnar í þessu efni, en verði versúruskráin ekki samþykkt af þinginu, þá virðist mjer, að það verði til þess, að gjöra þetta enn verra, og gefa yfirskoðunarmönnunum ástæðu til athugasemda; en verði hún skoðuð sem undirstaða, þá er það á þingsins valdi, að hafa eptirlit með fjárgreiðslunni, og það álít jeg «practiskt». Viðvíkjandi lífsábyrgðargjaldi fyrir Þorstein Jónsson, þá skal jeg hugga hinn háttvirta þingmann Borgfirðinga með því, að nú er það búið.

Tryggvi Gunnarsson: Jeg vil lýsa því yfir, að jeg er mjög ánægður með nefndarálitið. Mjer finnst landshöfðingi eiga viðurkenningu skilið fyrir umhyggju hans og samvizkusemi við brúkun á fje landsins. Jeg get ekki kallað þrekleysi eða að hopa á hæl, það sem nefndin hefur lagt til, eins og þingmaður Borgfirðinga sagði, heldur heppilega miðlun málanna; því jeg álít hana einmitt mjög sanngjarna. Þótt nefndin hefði barið í borðið og lagt til, að þingið neitaði að veita ýmsar fjárupphæðir, sem til álita geta komið, þá er jeg viss um, að það hefði ekki orðið affarasælla en sú stefna, sem nefndin hefur tekið. Nefndin hefur sagt, að henni líkaði ekki sumt sem bezt, en af því að henni hefur líkað margt annað vel, þá hefur hún ekki viljað halda málinu til streitu, en aptur hefur hún látið þá skoðun sína í ljósi, að sum atriði mættu ekki koma optar fyrir. Þessu hefur hinn hæstvirti landshöfðingi svarað og sagt, að nefndin hafi á rjettu að standa, og einnig lofað því, að slíkt skyldi ekki optar koma fyrir; það loforð verð jeg að álíta fullnægjandi. Jeg get gefið nokkrar upplýsingar viðvíkjandi fje því, sem veitt var handa Feilberg til að ferðast í Noregi, og álít jeg því vel varið. Jeg held, að flestir hjer á landi álíti hentugra að læra í Noregi en í Danmörku. Hið konunglega landbústjórnarfjelag, sem stundum veitir styrk ungum Íslendingum, fjekk Feilberg til að fara til Noregs, til þess að kynna sjer skóla þar, og hvort hentugra væri, að það styrkti unga menn hjeðan til að læra í Noregi, eða Danmörku. Skýrsla hans var svo, að hann áleit miklu hentugra fyrir Íslendinga, að læra í Noregi; verð jeg því að álíta skýrslu hans og ferð heppilega fyrir landið; en hvort maðurinn er danskur eða íslenzkur, álít jeg á sama megi standa, þegar ferðin var til gagns fyrir Ísland. Viðvíkjandi riti því, sem hinn háttvirti landshöfðingi gat um, þá get jeg fullvissað um, að það er engin skýrsla þar í um ferð Feilbergs. Jeg hef verið á fyrirlestrum hans næstliðinn vetur í Kaupmannahöfn; lýsti hann þar mörgu því, er hann sá í Noregi,

og til gagns mátti verða fyrir Ísland; hvatti hann þar mjög til, að Íslendingar væru styrktir til að læra á Stend í Noregi. Jeg vil því ráða til að samþykkja uppástungur nefndarinnar, og veittar sjeu áminnztar 500 kr. Yfir höfuð er jeg nefndinni samþykkur nema í tveim atriðum, þar sem nægar upplýsingar hafa komið um, að breytingar væru nauðsynlegar. Jeg verð og að vera með breytingaratkvæði við 6. tölulið með ívilnun um endurborgun á lánum Borgfirðinga út af fjárkláðanum, því jeg verð að álíta, að þeir hafi orðið mjög hart leiknir í því máli.

Framsögumaður: Hinn háttvirti 1. þingmaður Suður-Múlasýslu hefur svarað þingmanni Borgfirðinga viðvíkjandi fjárveitingunni til *inspectors* Feilbergs. Jeg skal fúslega játa það, að nefndin hafði eigi fyrir sjer skýrslur um ferð hans eða árangurinn af henni, enda má segja líkt um margt annað, sem fje er veitt til; en mjer var persónulega kunnugt þetta mál, og jeg fyrir mitt leyti áleit því fje vel varið, og að það mundi koma landinu til sannarlegs gagns. Skoðanir Feilbergs á búnaði vorum eru þess háttar, að jeg veit, að ráð hans munu verða góð og gagnleg fyrir landið. Um kostnaðinn til að halda próf í íslenzku í Kaupmannahöfn er hinn háttvirti þingmaður Borgfirðinga nefndinni samdóma í aðalefninu. Annars er það eigi í mörgu, sem hann skilur á við nefndina, þótt ræða hans væri löng. Helzt er það, að hann leggur mismunandi áherzlu á ýms atriði. Nefndin viðurkennir það með yfirskoðunarmönnunum, að það sje óeðlilegt, að kostnaður þessi sje greiddur af Íslands fje, en vildi þó að eins í þetta sinn eigi halda fram tillögum þeirra, í því trausti, að það eptir orðum landshöfðingjans kæmi eigi optar fyrir, að þess konar kostnaður sje greiddur af landssjóðnum.

Viðvíkjandi 6. almennu tillögu brá hinn háttvirti þingmaður Borgfirðinga einum eða tveimur nefndarmönnum um ósamkvæmni, þar sem þeir hefðu skrifað undir breytingu hans, að endurborga þetta fjárkláðalán á 28 árum. En þetta er eigi nein mótsögn, því að þótt í tillögunni sje farið fram á að endurborga lánið tafarlaust, þá þarf eigi endilega að gjöra það í peningum, heldur má borga það með skuldabrjefi, sem hljóðar upp á svo eða svo margra ára endurborgun, t. a. m. 28 ár. Aðalatriðið er, að lánið standi eigi lengur sem skyndilán, er landssjóðurinn enga vexti fái af. Viðvíkjandi 7. tillögu út af 30. athugagrein um vitann á Reykjanesi, þá hefur nefndin tekið það fram, að umframgreiðsla þessi hefur orsakazt af ónákvæmum skýrslum frá vitamanninum í hitt eð fyrra, og þar sem þingið 1879 eigi hefur eiginlega bundið sig við hina áætluðu 300 kr. upphæð, heldur veitt þessar 294 kr. 57 a. til þess saman við aðrar upphæðir að setja einhverja heillega tölu-upphæð, þá lýsir sjer í því, að þingið mun hafa gengið að því vísu, að áætlunin væri eigi nákvæm. Hvað vegabót þá svertir, er hann talar um, kemur það ekki þessu við, heldur yfirstandandi fjárhagstímabili. Að nefndin hefur eigi haft á móti þeim 19 kr. 35 a., sem þess utan hefur verið varið til vitans, kemur sumpart til af því, að landshöfðinginn skoðar svo, sem það fje sje heimilað með lögum 12. apríl 1878, og getur verið, að það sje á rökum byggt, og sumpart áleit nefndin, að upphæð þessi væri svo lítil, að eigi svaraði því, að gjöra rekstur út úr henni. Því getur sem sje enginn með rjettu neitað, að það er mikill munur, hvort ágreiningsupphæðirnar eru háar eða lágar, hvort það fje er mikið eða lítið, sem brúkað er um fram það, sem þingið hefur ætlazt til að þyrfti, og þegar umframgreiðslan, eins og hjer á sjer stað, nemur eigi einu sinni $^1/_{1000}$ af upphæðinni, er síður ástæða til að ætla, að fjenu hafi verið varið öðruvísi, en þingið ætlaðist til. Þetta hefur talsverða þýðingu. Viðvíkjandi 35. athugagrein, um gjaldliðinn til vísindalegra og verklegra fyrirtækja, er það engin ósamkvæmni hjá nefndinni, þótt hún segi, að það sje eindregið álit sitt, að landstjórnin

megi ekki á slíkum gjaldliðum fara fram yfir upphæð þá, sem lögin ákveða, nema sjerstakar orsakir gjöri það öldungis nauðsynlegt, en á hinn bóginn leggur það til, að gefið sje eptir í þetta sinn, þegar það í fyrsta sinn kemur fyrir. Það hefur heldur eigi litla þýðingu, að hinn hæstvirti landshöfðingi segist sjálfur vera samdóma nefndinni um þetta, og skyldi það optar koma fyrir, þá er auðvelt fyrir þingið að taka í strenginn, þá er það vill, og þótt það í þetta sinn veiti þetta fje, þá getur það gefið stjórninni bending um, að það gjöri það ef til vill eigi framar. Að því er snertir þessar 400 kr. til ferðastyrks handa endurskoðunarmönnum sálmabókarinnar, þá held jeg, að það sje misskilningur hjá hinum háttvirta þingmanni Borgfirðinga, að alþingi 1879 hafi neitað, að greiða þetta fje, því að þótt það eða nefndin í fjárlögunum þá vildi eigi taka það upp á 10. gr. stafl. C., þá var eigi þar með sagt, að þingið neitaði með öllu, að landstjórnin mætti veita þessar 400 kr., og að það væri nokkur úrskurður um, að eigi mætti veita þær. Þótt endurskoðun sálmabókarinnar megi skoðast sem prívatfyrirtæki, þá getur það heldur eigi verið til fyrirstöðu, því að landssjóður hefur opt veitt styrk til prívatfyrirtækja. Hvað versúruskrána snertir, þótti nefndinni rjettara, að slá fastri einhverri niðurstöðu, sem hægt væri að byggja á, og breytingar þær, sem kynnu að fram koma á þeim, ættu þá að leggjast undir lög og dóm, að svo miklu leyti sem þær væru nokkrum vafa undirorpnar. Hinn hæstvirti landshöfðingi hefur gefið ýmsar upplýsingar um ýms þau einstök atriði, sem hinn háttvirti þingmaður Borgfirðinga tók fram viðvíkjandi því, að versúruskráin væri enn svo ófullkomin, að eigi yrði á henni byggt.

Grímur Thomsen: Hinn háttvirti framsögumaður segir, að nefndin hafi þessa tilhliðrunarsemi af því, að hún treysti því, að þetta komi eigi fyrir optar, og enn fremur, að landshöfðinginn sje samþykkur og hafi fallizt á þetta. Jeg vil benda hinni heiðruðu nefnd á það, að þetta er eigi í fyrsta sinn, að hinn hæstvirti landshöfðingi lofar fögru. Jeg man svo langt, að á þingi 1879, þegar kvartað var um umframgreiðslur, og hann játaði þær sjálfur, lofaði hann, að slíkt skyldi eigi optar koma fyrir. Það var, ef mig minnir rjett, ferðastyrkur til sonar eða sona sjera Halldórs á Hofi til að leita sjer lækninga við augnveiki, þá lofaði hinn hæstvirti landshöfðingi, að það skyldi eigi koma optar fyrir. Jeg hef eigi mikið traust á loforðum umboðsvaldsins viðvíkjandi fjárveitingum, því að vjer sjáum, þótt fjárhagstímabilið sje stutt, þá eru stærri eða minni umframgreiðslur á nær því hverjum gjaldlið. Það er líka allra-sízt að loforðin nægi, þegar skilyrðin eru orðuð svo, að landstjórnin megi eigi fara upp yfir fjárupphæð þá, sem lögin ákveða, *nema einhverjar öldungis sjerstaklegar ástæður gjöri það nauðsynlegt.* En hver sker nú úr, hvort einhver fjárbrúkun er nauðsynleg eða eigi? Ekki gjörir þingið það, ekki nefndin, þegar þingið, þegar nefndin fær ekkert að vita, fyr en allt hefur verið greitt af hendi. Jeg verð því enn að halda því fram, að það er rjett, að setja viss takmörk, vissa fjárupphæð, sem eigi má ganga fram yfir. Vjer verðum að gæta þess, að það er eigi vort eigið fje, heldur fje landsins, sem vjer hjer ráðum yfir. Jeg minnist þess, að hafa opt sjeð skattgreiðendur á manntalsþingum eiga erfitt með, að lúka gjöld sín. Þótt hinn háttvirti 1. þingmaður Suður-Múlasýslu segi, að vjer eigum ekki að vera smámunasamir, þá á það við vort eigið fje, en með landsins fje, leyfi jeg mjer að segja, eigum vjer að vera smámunasamir.

Þar sem hinn háttvirti framsögumaður talar um ferðastyrkinn til sálmabókarnefndarinnar, þá er það auðheyrt, að hann hefur eigi verið á þingi fyr. 1879 kom bænarskrá til fjárlaganefndarinnar, og vísaði hún henni til bifliufjelagsins, og þegar fjárlögin komu inn á þing, tók hvorki landshöfðinginn nje

nokkur þingmaður sjer breytingaratkvæði í þá átt, að það skyldi greiðast af opinberu fje, og þannig hefur þingið þegjandi fallizt á þá tillögu þeirrar fjárlaganefndar; og það, sem þingið eigi vill veita á 10. gr. tölul. C., vill það heldur eigi veita á öðrum gjaldliðum.

Hinn háttvirti framsögumaður sagði, að nefndin hefði viljað byggja versúrurnar á fastri undirstöðu; en vill hann þá eigi heldur byggja á þeirri undirstöðu, sem rjett er, en hinni, sem röng er? En nú gat hinn hæstvirti landshöfðingi um 2 mismunandi undirstöður, og hvers vegna vill þá hinn háttvirti framsögumaður byggja á undirstöðu, áður en hann veit, hvort sú undirstaða er rjett.

Hin háttvirta nefnd hefur í nefndaráliti sínu farið mjög kurteisum orðum um yfirskoðunarmennina; en mjer dettur nú í hug, er sonur nokkur fjekk brjef frá föður sínum, og sagðist hafa fengið mjög vinsamlegt brjef, en enga peninga. Nefndin er óspör á kurteisi við yfirskoðunarmennina, en fer lítið eptir tillögum þeirra. Jeg get ekki sjeð, til hvers þingið velur yfirskoðunarmenn, og tekur þó ekki tillögur þeirra til greina, jafnvel þar sem það verður að játa, að tillögur þeirra sjeu á *góðum rökum byggðar*. Mjer finnst sú meðferð eigi vera hugsunarrjett.

Síðan var gengið til atkvæða, og fjellu þau þannig:

1. almenna tillaga nefndarinnar samþykkt í einu hljóði.
2. almenna tillaga nefndarinnar samþykkt með 20 atkvæðum.
3. almenna tillaga nefndarinnar samþykkt með 21 atkvæði.
4. almenna tillaga nefndarinnar samþykkt með 18 atkvæðum.
5. almenna tillaga nefndarinnar samþykkt með 21 atkvæði.
6. almenna tillaga nefndarinnar samþykkt með 11 atkvæðum gegn 7.
7. almenna tillaga nefndarinnar samþykkt með 18 atkvæðum.
8. almenna tillaga nefndarinnar samþykkt með 21 atkvæði.
9. almenna tillaga nefndarinnar samþykkt með 19 atkvæðum.
10. almenna tillaga nefndarinnar samþykkt með 21 atkvæði.

Í frumvarpi til laga um samþykkt á reikningnum yfir tekjur og útgjöld Íslands á árunum 1878 og 79 var 1.—13. tekjul. samþykktir óbreyttir í einu hljóði.

Breytingaratkvæði nefndarinnar við 14. tekjulið samþykkt í einu hljóði.

14. tekjuliður frumvarpsins þar með fallinn.

15. tekjuliður frumvarpsins samþykktur í einu hljóði.

Breytingaratkvæði við 16. tekjulið tekið aptur.

16.—24. tekjuliðir frumvarpsins óbreyttir samþykktir í einu hljóði.

1., 2. og 3. gjaldliður A. samþykktir í einu hljóði.

Breytingaratkvæði nefndarinnar við 3. gjaldlið B. samþykkt í einu hljóði.

3. gjaldliður B. frumvarpsins þar með fallinn.

3. gjaldliður C. frumvarpsins samþykktur í einu hljóði.

4., 5. og 6. gjaldliður A. samþykktir óbreyttir í einu hljóði.

Breytingaratkvæði nefndarinnar við 6. gjaldlið B. samþykkt með 19 atkvæðum.

6. gjaldliður B. í frumvarpinu þar með fallinn.

6. gjaldliður C. frumvarpsins óbreyttur samþykktur með 20 atkvæðum.

7. og 8. gjaldliður frumvarpsins samþykktir með 20 atkvæðum.

Breytingaratkvæði nefndarinnar við 9. gjaldlið samþykkt með 14 atkvæðum.

9. gjaldliður frumvarpsins þar með fallinn.

10. gjaldliður frumvarpsins samþykktur með 20 atkvæðum.

Breytingaratkvæði nefndarinnar við 11. gjaldlið samþykktur með 19 atkvæðum.

11. gjaldliður frumvarpsins þar með fallinn.
8. breytingaratkvæði nefndarinnar:
Fyrri málsgrein samþykkt með 20 atkvæðum.
Síðari málsgrein samþykkt með 17 atkvæðum.
Viðbót aptan við frumvarpið samþykkt með 19 atkvæðum.
9. breytingaratkvæði nefndarinnar samþykkt með 20 atkvæðum.
Frumvarpinu því næst vísað til 3. umræðu í einu hljóði.

ÞRIÐJA UMRÆÐA Í NEÐRI DEILD,
á 59. fundi, 22. dag ágústm.

Frumvarpið, eins og það var samþykkt við aðra umræðu í neðri deild, sjá I, 494—495.

Breytingartillögur
við frumvarp til laga um samþykkt á landsreikningnum 1878 og 1879, eins og það var samþykkt við 2. umræðu.
Frá landshöfðingja.

1. við II. 9.: í staðinn fyrir: «7429 kr. 6 a.» komi: «7509 kr. 6 a.»
2. við II. 11.: í staðinn fyrir: «116303 kr. 72 a.» komi: «116223 kr. 2 a.»
3. við athugasemdina: orðin: «og 70 pd. af smjöri» falli burt.

Viðaukatillaga
við tillögur nefndarinnar í reikningsmálinu og breytingartillaga við 8. og 9. lið gjaldamegin í reikningsfrumvarpinu.

Upphæðin til vísindalegra og verklegra fyrirtækja (8. liður gjaldamegin í reikningsfrumvarpinu) færist niður um 500 kr. (kostnaðinn við ferð inspektor Feilbergs um Noreg) og upphæðin til óvissra útgjalda, (9. liður gjaldamegin í reikningsfrumvarpinu) færist niður um 100 kr. (kostnaðinn við próf í íslenzku við háskólann í Kaupmannahöfn).

Grímur Thomsen. Jón Ólafsson.
Þorvarður Kjerulf. Benidikt Sveinsson.
Friðrik Stefánsson. Egilsson.
Ólafur Pálsson. Þorlákur Guðmundsson.

Framsögumaður (*Eiríkur Briem*): Það hafa komið fram breytingartillögur við frumvarp þetta hæði frá hinum hæstvirta landshöfðingja, og frá 8 þingmönnum. Breytingartillögur hins hæstvirta landshöfðingja eru 2. Önnur er sú, að gjaldamegin sje 9. liður til óvissra útgjalda færður upp um 80 kr. fyrir sjóleiðarbrjef. Þar hefur nefndin verið samdóma hinum háttvirtu yfirskoðunarmönnum, að þetta heyrði eigi til þeirra sjerstöku málefna, sem landsjóður á að kosta, heldur kæmi það við yfirstjórninni í Kaupmannahöfn. Hin breytingartillaga hins hæstvirta landshöfðingja er, auk þess að afgangurinn verði færður niður um þessar 80 kr., að þar sem tilgreindar eru útistandandi eptirstöðvar af tekjum landssjóðs, þar skuli fellt aptan af 70 pd af smjöri, enda sýnist viðfelldnara að eptirstöðvarnar sjeu allar taldar í krónum, og því vill nefndin fallast á það. Þá koma nú breytingartillögur hinna 8 heiðruðu þingmanna um, að upphæðin til visindalegra og verklegra fyrirtækja verði færð niður um 500 kr., sem sje um styrk þann, er inspektor Feilberg var veittur til þess að ferðast í Noregi. Athugasemdin við þessa grein í aukafjárlögunum minnist á það, að umframgreiðsla sú, sem orðið hefur á þessum gjaldlið, hafi öll verið á fje því, sem landshöfðinginn hefur haft til umráða, og með því að ekkert breytingaratkvæði hefur verið gjört við fjáraukalögin, þá skilst mjer svo, að meining uppástungumannanna sje, að hafa eigi á móti umframgreiðslunni út af fyrir sig, og þess vegna á breytingartillagan að eins við lögin um samþykkt á landsreikningunum; og svo er og um þessar 100 kr. til íslenzka prófsins við háskólann, því þar er eigi um umframgreiðslu að ræða. Nefndin er að því leyti endurskoðunarmönnunum og uppástungumönnunum samdóma, að hún vill eigi yfir höfuð, að veittur sje slíkur styrkur, sem þessi er. Þegar manni er veittur styrkur til að ferðast í öðru landi, þá má venjulega skoða svo að það sje fjárveiting handa manninum sjálfum til þess að auka hans eigin þekkingu, og sem getur orðið hans eigin landi að gagni;

en þessi ferð Feilbergs var einmitt til þess, að hann gæti aflað sjer rjettrar þekkingar á því, hvernig hentugast væri að verja fje því, sem hið konunglega danska búnaðarfjelag ætlaði að styrkja Ísland með, og því, hvernig íslenzkir menn gætu aflað sjer þeirrar kunnáttu í búnaði, sem ætti við á Íslandi; þess vegna fór hann til Noregs, og meiri hluti nefndarinnar þóttist sannfærður um, að ferð hans hefði haft þann árangur, sem yrði Íslandi til gagns. Þar sem hjer er eigi um umframgreiðslu að ræða, heldur um það, hvort brúkun á landsins fje, sem áður var veitt, geti samrýmzt þeim tilgangi, er það var veitt í, þá þyrfti að sýna fram á, að þegar stjórnin veitti fjeð, þá hafi hún eigi getað búizt við, að þetta mundi verða til gagns. Nefndin var á því, að þar sem ferðin var gjörð beinlínis í þeim tilgangi að verða Íslandi til gagns, þá verði stjórnin eigi kölluð til ábyrgðar fyrir þetta atriði. Viðvíkjandi fjenu til prófsins við háskólann var skoðun nefndarmanna lík skoðun uppástungumanna, að þeir vildu eigi, að slíkur kostnaður kæmi fyrir eptirleiðis, og það gladdi mig því, að hinn hæstvirti landshöfðingi var á sama máli, að þessi fjárgreiðsla ætti eigi framar að eiga sjer stað. En á hinn bóginn hafði stjórnin nokkra ástæðu til þessarar fjárveitingar í þetta sinn, að því leyti sem hún auk venjunnar byggist á ástæðunum fyrir konungsúrskurði 27. mai 1857, því þótt svo sje máli varið, eins og hinn háttvirti þingmaður Borgfirðinga tók fram, að þá átti Ísland engan sjerstakan sjóð til óvissra útgjalda, var þó sjerstaklega ætlað fje til Íslands óvissu útgjalda, og þegar fjárhagur Íslands síðan var greindur frá Danmörku, var eigi talað um annað, en að sömu gjöld skyldu hvíla á því, sem áður; þessvegna þótti nefndinni sem stjórnin hefði haft nokkra ástæðu fyrir sjer í þetta sinn. Hinn háttvirti þingmaður Borgfirðinga sagði við 2. umræðu þessa máls, að það hefði verið látið í ljósi á þingi 1879, að slík gjöld mundu eigi koma fyrir optar, en þess ber að gæta, að stjórnin gat eigi 1878 tekið tillit til þess, sem talað var á alþingi 1879, svo að af þessu er eigi ástæða til þess að halda, að ósk þingsins í þessu efni verði eigi tekin til greina eptirleiðis.

Landshöfðingi: Jeg hef leyft mjer að bera undir atkvæðagreiðslu hinnar heiðruðu deildar breytingartillögur mínar við útgjaldabálkinn tölul. 9. viðvíkjandi 80 kr. þeim, sem á árinu 1879 hafa verið borgaðar fyrir eyðublöð undir sjóleiðarbrjef, og sem hin háttvirta nefnd hefur stungið upp á að endurborga skuli landssjóðnum, og hefur hin háttvirta deild við 2. umræðu samþykkt tillögu nefndarinnar. Að vísu ræðir hjer eigi um mikla upphæð, og ef til vill kynni að vera vafi um það, hvort þessi útgjöld eigi að greiða með skrifstofukostnaði stjórnardeildarinnar í Kaupmannahöfn, er borgast úr ríkissjóði, en á hinn bóginn hefur þessi kostnaður frá því að lög 15. apr. 1854 öðluðust gildi, ávallt verið greiddur á gjaldlið þeim, er hjer ræðir um, sem sje með óvissum gjöldum Íslands, og mjer virðist engin ástæða vera til, að breyta út af þessu, þegar nú í síðasta skipti, eptir að búið er að af nema lestagjaldið, þessi kostnaður hefur verið borgaður samkvæmt því, sem föst venja hefur verið fyrir, á 16. gr. fjárlaganna. Öðru máli væri að gegna, ef kostnaðurinn kynni að koma upp á aptur, þá skyldi jeg hafa mælt með því, að leitað yrði úrskurðar ráðgjafans um það, hvort ekki mætti telja þennan kostnað með skrifstofukostnaði stjórnardeildarinnar, en mjer virðist vafasamt, hvort hann rjettilega sje talinn með honum, þar sem hjer ræðir eigi um venjuleg eyðublöð, heldur um sjerstakleg eyðublöð, er útbýtt var sumpart milli hlutaðeigandi embættismanna hjer á landi, sumpart milli verzlunarfulltrúa (*Consular-Agenter*) í útlöndum, sem falið var á hendur, að selja þessi sjóleiðarbrjef fyrir landssjóðsins reikning. Að því sem mjer er kunnugt, verður kostnaðurinn til þvílíkra eyðublaða eigi venjulega skoðaður sem skrifstofukostnaður, heldur verður hann borgaður sjer í lagi á þeim tekjulið, sem hann á við, og þetta virðist mjer alveg

eðlilegt, og sjer í lagi, þegar ræðir um eyðublöð, sem verða seld fyrir reikning landssjóðsins, og á fjárbagstímabili því, sem hjer ræðir um, hafa gefið landssjóðnum 101354 kr. 67 a. tekjur. Þingið vildi í hitt eð fyrra eigi halda þessu atriði til streitu í þeirri von, að það mundi eigi optar koma fyrir, og hafði jeg sjálfur þá von, af því að jeg vissi ekki, að búið var að prenta ný eyðublöð, þau er hjer ræðir um; og mjer virðist þess vegna, að þingið eigi að halda þessari stefnu, þegar sama spurning liggur fyrir til úrgreiðslu, og ekki er annar munur á málum en sá, að í hitt eð fyrra byggði þingið á voninni, en nú á þingið það víst, að þessi útgjöld geta eigi optar komið fyrir; en jeg vona, að hinir háttvirtu þingmenn sjeu mjer samdóma um það, að ekki sje nein ástæða til að svo stöddu að halda þessu máli til streitu.

Þar sem jeg hef leyft mjer að leggja það til, að orðin 70 pnd. af smjöri falli burt, er það komið bæði af því, að mjer virðist þetta smjör eigi eiga vel við í landsreikningunum, og svo af hinu, að smjör þetta var sjálfsagt óborgað af hlutaðeigandi leiguliða, en að mínu áliti ber á landsreikningunum að eins að telja þær tekjur, sem borgaðar eru til gjaldheimtumanna, en ekki þær, sem eptirstöðvar eru hjá hlutaðeigandi gjaldendum; enda eru fleiri eptirstöðvar, auk hinna umgetnu 70 pd. af smjöri, sem leiguliðarnir ekki hafa greitt á reikningsárinu, en sem gjaldheimtumaðurinn á að standa skil á í næsta reikningi sínum, og skal jeg í þessu tilliti vísa til fylgiskjals 14 í landsreikningnum 1879, bls. 145, og má af því sjá, að hjá leiguliðunum í Arnarstapaumboði voru eptirstöðvarnar við lok reikningsársins 78 vættir og 11 fiskar í landskuldum, 30 kr. 70 a. í peningum og 812¼ pd. af smjöri. Þessum eptirstöðvum ber því að bæta við, ef halda skal þessum 70 pd. af smjöri. En að mínu áliti á betur við, að sleppa þeim báðum, af því þær koma ekki til reiknings fyr, en hlutaðeigandi gjaldheimtumaður gjörir landssjóðnum skil fyrir þeim.

Grímur Thomsen: Það er rjett, sem hinn háttvirti framsögumaður sagði, að þessar 600 kr. snerta eigi fjáraukalögin 1878 og 79, því að þær eru greiddar af þeim fjárhelming, sem ráðgjafinn hefur umráð yfir, en eigi af þeim hluta, sem landshöfðingi ræður. Jeg skal leyfa mjer að taka eitt atriði fram um ritling þann, sem hinn hæstvirti landshöfðingi gat um að sjer hefði sendur verið, en eigi væri kominn. Hinn hæstvirti landshöfðingi fer þessum orðum um ferð *Inspectors* Feilbergs og fjárstyrk þann, sem honum var veittur, fer þessum orðum, segi jeg, í svari sínu upp á athugasemdir yfirskoðunarmannanna: «Land-«búnaðarfjelagið áleit nú nauðsynlegt, til «þess að geta haft sem mest gagn af ráðum «Feilbergs í þessu efni, að hann ferðaðist «um nokkurn hluta Noregs, til þess að «kynna sjer, hvernig menn þar, sem búa «við líkt loptslag og landshætti og hjer gjör-«ist, leitast við að efla landbúnað, og ferð «hans til Noregs var þess vegna í raun-inni gjörð í Íslands þarfir». Jeg rengi það ekki, að þetta hafi verið sannfæring landshöfðingjans, en ef ritlingur þessi er skoðaður, sem heitir: «*Inspector P. Feilberg: Bemærkninger om Jordbund og Klima paa Island. Kjöbenh. 1881*», þá er hvergi í þessum ritlingi tekið tillit til landshags í Noregi, heldur ræðir hann um samanburð á jarðvegi Íslands og í Danmörku, og getur því eigi með nokkru móti verið ávöxtur Noregsferðar hans. En jeg sje af bæklingi þessum, að Feilberg hefur samið stærri skýrslur og sent búnaðarfjelaginu, en sem hvorki stjórnin nje alþingi hefur sjeð, því að þær eru ekki prentaðar. Þessi bók hjálpar oss eigi til að kynna oss, hvernig vjer eigum að haga landbúnaði vorum, heldur segir að eins, hver munur sje á jarðvegi hjer og í Danmörku. Bæklingurinn kann að vera góður, en jeg sje eigi neina ástæðu til, að landssjóður beri

kostnað af þeirri ferð, sem enginn ávöxtur af liggur fyrir. Þessi bæklingur minnist ekki einu orði á Noreg. Jeg vil enn bæta við, að þetta landbúnaðarfjelag ytra hefur undir hendi sjóð, «Conferentsraad Hansens Legat», sem meðfram á að verja til búnaðarlegra fyrirtækja, sem gjörð eru í Íslands þarfir, og því er enn minni ástæða til, að seilast i landssjóðinn eptir þessum 500 kr. Þetta landbúnaðarfjelag hefur ekki hingað til látið mikið til sín taka í eflingu búnaðar á Íslandi. Hið helzta, sem það hefur veitt fje til, eru «*præmiur*», svo sem silfurbikarar, og eru þess konar fjárútlát eigi mjög stórvægileg.

Að því er snertir þær 100 kr. fyrir próf í íslenzku við háskólann, segir nefndin, að svo sje ráð fyrir gjört í ástæðum þeim, sem konungsúrskurður 27. maí 1857 er byggður á, að kostnaðurinn við íslenzkuprófið sje greiddur af því fje, sem ætlað er óvissra útgjalda Íslands. En þar af þarf eigi að ljóta, að þessi kostnaður eigi að greiðast af landssjóðnum, því konungsúrskurðurinn var gefinn út, áður en aðgreindur var fjárhagur Íslands og Danmerkur. Enda talar tjeður konungsúrskurður sjálfur hvergi um, að þetta fje eigi að greiðast af fje því, sem lagt var til óvissra útgjalda Íslands. Svo er tiltekið, að þetta próf haldi annaðhvort kennarinn við háskólann eða þá kennarinn hjer við latínuskólann í íslenzku, og fyrir því virðist það eðlilegt, að þegar háskólakennari heldur þetta próf, fái hann sína borgun þar úr ríkissjóði, en þegar íslenzkukennarinn hjer heldur þetta próf, fái hann borgun fyrir það af landssjóðnum hjer. Það getur ekki verið rjett, að landssjóður borgi kennara við háskólann verk þessi, þar sem hann er launaður af ríkissjóði. Það virðist því alls eigi vera rjett af þinginu, að viðurkenna þessa fjárveiting og samþykkja hana. En aptur á móti er jeg samdóma hinum hæstvirta landshöfðingja um þessar 80 kr. fyrir sjóleiðarbrjefin; það er gjald, sem aldrei getur optar fyrir komið, því að nú er lestagjaldið af tekið, og um þessar 80 kr. vil jeg slaka til. En um þær 600 kr. er öðru máli að gegna. Íslenzkupróf við háskólann helzt framvegis við, og framvegis má búast við, að veitt verði útlendum manni fje til að ferðast, og að landssjóður fái að gefa út ferðabók hans; það getur komið fyrir ár eptir ár, ef það er nú samþykkt á þingi. Jeg er eigi hræddur við útgjöld, sem að eins koma einu sinni fyrir, en jeg vil fara varlega, þar sem um þau gjöld er að ræða, sem árlega geta fyrir komið, og með því einu sinni að samþykkja þess konar útgjöld, ef ónauðsynleg og ógagnleg eru, fáum vjer sjálfir stjórninni vor eigin vopn til að vega oss með. Þetta eru þær ástæður, sem vjer uppástungumenn höfum fyrir breytingartillögum vorum.

Framsögumaður: Mjer virðist þingmaður Borgfirðinga ekki gjöra tilhlýðilegan mun á því, hvað hann álitur sje æskilegast að hafa sem reglu framvegis, og svo því, hver ástæða kynni að vera til þess, að neita veitingunni í þetta eina skipti. Þingmaðurinn tók það fram, sem ástæðu móti því, að veita fjeð, að allar skýrslur vantaði um þann hagnað eða not, sem Ísland hafi haft eða geti haft af ferð Feilbergs, en má ekki koma með þessa ástæðu móti flestum öðrum þess konar fjárveitingum. Þar að auki er það kunnugt, að Feilberg hefur haft góð áhrif í þá átt, að íslenzkir ungir námsmenn hafa verið styrktir erlendis, og einnig gefið bendingar um það, hvað bezt gegndi að þeir næmu. Jeg skal ekki bera móti því, sem þingmaður Borgfirðinga sagði, að það gæti verið eðlilegt, að ríkissjóðurinn framvegis borgaði kostnað við próf í íslenzku, þegar það fer fram í Kaupmannahöfn, ef hlutaðeigendur borga hann eigi sjálfir, og mætti þá taka fram, að það skyldi vera regla, sem gilti eptirleiðis, en nefndin hefur í tillögum sínum í þetta sinn byggt á fornri venju, og þar að auki ástæðum fyrir konungsúrskurðinum 1857, þegar hann kom út

Landshöfðingi: Eptir að hinn háttvirti þingmaður Borgfirðinga nú hefur mælt

með breytingartillögu sinni og 7 annara háttvirtra þingmanna við 8. og 9. lið gjaldamegin, skal jeg fara fáeinum orðum um þessar breytingartillögur. Bæði þessi spursmál hafa verið rædd svo ýtarlega við 2. umræðu frumvarpsins, að þau hljóta að vera hinum háttvirtu þingmönnum nægilega ljós.

Við 8. lið frumvarpsins, að því er snertir kostnaðinn við ferð *Inspectors* Feilbergs um Noreg til þess að kynna sjer fyrirkomulag á hinum norsku landbúnaðarskólum, í þeim tilgangi, að segja hinu konunglega danska landbúnaðarfjelagi álit sitt. ekki um það, hvort þessir skólar geti verið fyrirmynd fyrir hina dönsku landbúnaðarskóla, því að um það getur hið danska «*Landhusholdningsselskab*» sjálft dæmt eptir þekkingu sinni á landinu og öðrum kringumstæðum í báðum löndum, heldur eingöngu í þeim tilgangi, að hann gæti sagt fjelaginu álit sitt um það, hvort þessir landbúnaðarskólar geti verið álíka skólum á Íslandi til fyrirmyndar, því að eins og þingmönnum er kunnugt, hefur «*Landhusholdningsselskabet*» tekið sjer *Inspector* Feilberg til ráðaneytis í öllum þeim spursmálum, sem snerta styrk til þess, að efla búnað hjer á landi, og hefur í því skyni látið hann ferðast um Ísland tvö sumur, til að láta hann kynnast búnaðarástandi og landslagi hjer. Ferð Feilbergs um Noreg var því eingöngu gjörð í þarfir Íslands, og hefur hún meðal annars haft þá afleiðingu, að «*Landhusholdningsselskabet*» nú um tvö ár hefur veitt Sveini jarðyrkjumanni Sveinssyni árlegan styrk, 500 kr., til að taka próf við hinn danska «*Landbo*»-háskóla, svo að hann geti orðið fær um að veita forstöðu landbúnaðarskóla hjer á Íslandi, sem vonandi er að komist á innan skamms. Það er þess vegna alveg eðlilegt, að stjórnin eptir tilmælum hins konunglega danska «*Landhusholdningsselskabs*» hafi fallizt á, að greiða þennan ferðastyrk af þessum gjaldlið, 15. gr. fjárlaganna, til vísindalegra og verklegra fyrirtækja, og er þessi gjaldliður einmitt veittur til þess, að stjórnin hafi til umráða nokkurt fje, sem henni er heimilt og skylt að veita, til að styrkja þau fyrirtæki, er eptir sannfæringu hennar miða landinu til hags og framfara. Um það, hvort eitthvert fyrirtæki í raun og veru miði til þess, kunna skoðanir manna sjálfsagt að vera misjafnar, en eins og hin háttvirta nefnd hefur kannazt við, hefur skoðun stjórnarinnar í þessu máli við rök að styðjast, og þó að nefndin lýsi því yfir, að hún sje yfirskoðunarmönnum samdóma um það, að óskandi væri, að slík fjárveiting kæmi ekki optar fyrir handa *útlendum* manni, þá kemst hún samt sem áður að þeirri niðurstöðu, að ráða deildinni til, að sleppa tillögum yfirskoðunarmanna eptir atvikum. Þessa yfirlýsing nefndarinnar skoða jeg sem bending, er gefin er stjórninni, og mun þessi bending sjálfsagt verða tekin til greina við slíkar fjárveitingar eptirleiðis. Hitt er aptur á móti svo ófrjálslynt, þar sem það liggur í hlutarins eðli, að skoðanir manna um þvílík mál hljóta að vera misjafnar, að neita stjórninni um samþykki sitt á þessari veitingu, sem hún hefur veitt, eins og auðvitað er, af þeirri ástæðu, að hún hefur álitið ferð Feilbergs til Noregs, jafnvel þótt hann sje danskur maður, og jafnvel þótt hið konunglega danska «*Landhusholdningsselskab*» hafi kvatt hann til þessarar ferðar, — að vera í þarfir landsins, — að neita um samþykki til þessara útgjalda, virðist mjer vera svo ófrjálslynt, að jeg get ekki ímyndað mjer, að alþingi vilji fylgja hinum háttvirta þingmanni Borgfirðinga og öðrum 7 þingmönnum í þessari tilraun til að vekja ríg milli stjórnarinnar og alþingis.

Hið sama nú segja um 2. lið viðaukatillögunnar viðvíkjandi 100 kr., sem borgaðar eru Konráði prófessor Gíslasyni sem þóknun fyrir að halda próf í íslenzku við háskólann í Kaupmannahöfn. Jeg get með tilliti til þessa atriðis skírskotað til þess, sem jeg hef tekið fram í svari mínu upp á 33. athugasemd yfirskoðunarmanna, og sem prentuð er bls. 103. Próf það, er hjer ræðir um, er háskólanum sjálfum og ætlunar-

verki hans alveg óviðkomandi; en aptur á móti er það fyrirskipað eingöngu í lögum og tilskipunum, sem snerta Ísland. Það var þess vegna með konungsúrskurði 27. maí 1857 ákveðið, bæði að próf það, sem um er að ræða, skuli halda annaðhvort af kennaranum við háskólann í fornmáli voru, eða af kennaranum í íslenzku við hinn lærða skóla í Reykjavík, og að ráðgjafinn skyldi ákveða þóknun þá, er þeim ber fyrir að halda þetta próf, en þessa þóknun skyldi borga samkvæmt tillögum ráðgjafans, sem konungsúrskurðurinn er byggður á, af 4000 rd. þeim, er í fjárlögunum voru veittir hvort árið um sig til Íslands óvissu útgjalda. Jeg býst nú við þeirri mótbáru frá hálfu hins háttvirta þingmanns Borgfirðinga, að það hafi verið allt öðru máli að gegna, meðan þetta fje var veitt úr hinum danska ríkissjóði, en nú eigi landssjóðurinn í hlut; en þetta er misskilningur frá þingmannsins hálfu. Að vísu var mikill munur á fjárhagsástandi Íslands þá og nú, en hann er í því fólginn, að nú er það ekki ríkisþing Dana, er samþykkir fjárveitingu Íslands, heldur er það alþingi Íslendinga. Þessi munur er að vísu hinn þýðingarmesti, en hann hefur engin áhrif á það, hvað eigi að skoða sjerstaklegar tekjur og útgjöld Íslands. Að svo miklu leyti sem ekki er komin breyting á þær með stjórnarskránni og seinni lögum, eru þær alveg hinar sömu nú og áður. Þetta á einnig við gjaldlið þann, er hjer ræðir um, óviss gjöld. Í fjárlögum Dana voru þau kölluð: «óviss gjöld, sem upp á kunna að koma handa Íslandi», og í fjárlögum vorum eru þau kölluð: «óviss gjöld, sem upp á kunna að koma»; en í þeim er þessum útgjöldum skipt í tvennt, sem sje: 15. gr., til vísindalegra og verklegra fyrirtækja, og 16. gr., óviss útgjöld; en þessi útgjöld eru alveg sama eðlis nú og áður; enda hafa yfirskoðunarmennirnir sjálfir tekið það fram í athugasemdum sínum við landsreikninginn bæði 1876 og 1879, með því að vísa til athugasemda við frumvarp til fjárlaga fyrir 1876 og 1877; Alþingistíðindi bls. 41—42 (sbr. athugas. 1879, bls. 215), sem hafa inni að halda reglur eða bendingar um það, hver útgjöld skuli telja með óvissum útgjöldum landsins. Reyndar hafa hinir háttvirtu yfirskoðunarmenn að eins citerað einstöku orð úr þessum athugasemdum, en til þess að ráða nauðsynlega bót á þessu, hef jeg leyft mjer í svari mínu, að citera hina tilvitnuðu grein í heild sinni, og er hún prentuð bls. 242. Eins og kostnaður sá, er hjer ræðir um, alla- jafna hefur verið útborgaður á þessum gjaldlið, eins á hann vafalaust heima á honum, og stjórnin hefur í konungsúrskurði 27. maí 1857 fulla heimild til, að borga þennan kostnað einmitt með óvissum gjöldum landssjóðsins. Hitt er annað mál, að þó ekki hafi verið álitið sanngjarnt, að leggja Konráði Gíslasyni þessa skyldu á herðar án sjerstaklegrar þóknunar, af því að hann var skipaður í embættið, áður en þetta próf, sem er háskólanum alveg óviðkomandi, var fyrirskipað með konungsúrskurði 27. maí 1857, þá má vel gjöra eptirmanni hans við embættamannaskipti að skyldu, að takast starf þetta á hendur borgunarlaust, og jeg skal fyrir mitt leyti mæla með, að svo verði gjört.

Tryggvi Gunnarsson: Eins og jeg gat um þegar við 2. umræðu þessa máls, hef jeg eigi sjaldan sótt um styrk handa ungum Íslendingum, sem hafa verið á búnaðarskóla á Stend í Noregi til landbúnaðarfjelagsins í Danmörku; en jafnan hef jeg fengið það svar: «Látið þjer mennina koma hingað, og læra hjer í Danmörku». En eptir að Feilberg hafði ferðazt til Noregs og gefið skýrslu, að Íslendingum væri hentugra að læra í Noregi, er langt um hægra fyrir þá, að fá styrkinn til að vera í Noregi. Það tvennt er aðalatriði í þessu máli, að Ísland á tilkall til fjár hjá búnaðarfjelaginu danska,

og annað það, að það er oss áríðandi, að fjeð komi landinu að sem beztum notum. Hvort þessu er komið til leiðar með dönskum eða íslenzkum manni, finnst mjer koma alveg í sama stað niður. Jeg vil næstum segja, að það er betra, að það er danskur maður, sem hið danska búnaðarfjelag trúir, eða hefur traust á, heldur en það sje Íslendingur, sem það hefði ekki haft traust til. Jeg greiði þess vegna atkvæði með því, að þessar 500 kr. verði veittar, því jeg álít, að þeim krónum hafi verið vel varið. Þó neitað sje um að veita þær, þá þykir mjer líklegt, að landshöfðinginn eða ráðgjafinn sjeu ekki fúsir á að greiða fjeð úr eigin vasa sem náttúrlegt er; þeir leitast því við að fá það hjá landbúnaðarfjelaginu, en fjelagið aptur tekur það af þeim styrk, sem hinir ungu Íslendingar hefðu getað gjört sjer von um að verða aðnjótandi, svo það hvort sem er verður borgað af Íslands fje. Hvað eyðublöðin snertir, þá er ósanngjarnt, að greiða ekki það fje, sakir þess, að stjórnin var skyldug til að hafa þau til, og hefur líklega verið nýbúin að láta prenta þau, þegar lögin um siglingaleyfið og aftöku lestagjaldsins komu út 1879.

Holgeir Clausen: Hjer er um það að ræða, að veitt hefur verið fje, meira en alþingi hefur gefið heimild til. Eptir minni sannfæringu er þetta í sjálfu sjer rangt; en þó jeg hafi lengi verið í Danmörku og fengið ást á henni sem öðru fósturlandi mínu, er þó svo mikið íslenzkt blóð í mjer, að jeg kæri mig ekki um þá óvild stjórnarinnar, sem jeg kann að baka mjer með því, að greiða mitt atkvæði, ef jeg eptir sannfæringu minni greiði það rjett.

Landshöfðinginn: Hinn háttvirti þingmaður Snæfellinga hefur misskilið mig undarlega; þegar jeg talaði um rig milli þings og stjórnar, meinti jeg, eins og auðvitað er, hina *íslenzku* stjórn, en ekki neina aðra stjórn.

Grímur Thomsen: Hvað snertir ferð *Inspectors* Feilbergs, þá verð jeg að álíta hana öldungis óþarfa fyrir Íslendinga, þar sem Íslendingar hafa nú í mörg ár verið á búnaðarskólum í Noregi, og hafa þeir því átt mjög hægt með að gjöra samanburð milli Íslands og Noregs, og ekki þurft að fara til útlendra manna til þess. Mjer þykir það mjög furðu gegna, að hinum hæstvirta landshöfðingja skuli koma það svo á óvart, að jeg sem yfirskoðunarmaður haldi fram þeim sömu skoðunum, og jeg hef haft áður skriflega, og segja, að jeg sje að reyna *að vekja ósamlyndi milli stjórnar oy þings.* Það er nú í annað skipti, sem hann ber mjer slíkt á brýn. Þetta er sama og segja: þingið á að segja já og amen til alls, sem stjórnin gjörir, því annars kemur upp ósamlyndi milli þings og stjórnar. Jeg vona, að hinn háttvirti landshöfðingi sjái, að þetta eru ekki þær röksemdir, sem á að brúka. Ef stjórnin tekur það illa upp, að þingið segi, að reikningar hennar sjeu ekki á rökum byggðir, og þingið færir rök fyrir því, þá er ekki til neins fyrir þingið að hafa neina yfirskoðunarmenn.

Hvað snertir þessar 100 kr. þóknun fyrir að halda próf í íslenzku við háskólann, þá er í konungsúrskurðinum að eins tekið fram, að stjórnin skuli sjá um, að þetta ómak verði borgað, en ekki að þetta fje skuli greiðast úr landssjóði hjer. Það gladdi mig að heyra, að hinn háttvirti framsögumaður var á sama máli um það, að þegar kennarinn í íslenzku við skólann hjer prófaði, skyldi það goldið úr landssjóði, en þegar kennarinn við háskólann gjörði það, skyldi það goldið úr ríkissjóði, og þótt menn haldi slíku fram, getur það ekki kallazt nein viðleitni til að vekja deilur milli stjórnar og þings, enda hefur mjer aldrei dottið það í hug.

Framsögumaður: Jeg vil benda á, að það er munur á, hvort þingið mundi vilja nú *veita* þá upphæð, sem hjer um ræðir, til þess, sem hún hefur verið brúkuð til, eða hvort þingið, eptir að stjórnin hefur varið

þannig því fje, sem henni hefur verið fengið til að ráðstafa, geti fylgt því fram, að stjórnin ekki hafi haft heimild til að verja því þannig, þótt þingið álíti, að því hafi verið óheppilega varið.

Landshöfðingi: Út af hinum almennu athugasemdum hins háttvirta þingmanns Borgfirðinga viðvíkjandi landshöfðingja og yfirskoðunarmönnum, þá skal jeg geta þess, að öll ágreiningsatriði verða að koma undir úrskurð alþingis, og þegar nefndin er búin að segja álit sitt um þessi ágreiningsatriði, og þegar deildin er búin að samþykkja tillögur nefndarinnar, virðist ástæðulaust, að þá sje enn ágreiningur milli yfirskoðunarmanna og landshöfðingja, en ef yfirskoðunarmennirnir halda skoðunum sínum fram sem kappsmáli, þá er það annað mál; en jeg verð að segja það, að slíkt við gengst eigi í öðrum löndum, svo mjer sje kunnugt, en hjer er öðru máli að gegna, þar sem yfirskoðunarmaðurinn er leiðtogi deildarinnar eða kemur fram sem slíkur, og gjörir þetta spursmál að kappsmáli, og hef jeg þá ástæðu til að benda á, hvort rjett sje að vekja ósamlyndi milli stjórnar og þings með þessu.

Jón Ólafsson: Jeg álít mjög eðlilegt, að þeir, sem álíta athugasemdir yfirskoðunarmannanna rjettar, gjöri þetta að kappsmáli, og jeg get því ekki álitið ofanísetningu hins hæstvirta landshöfðingja til þingmanns Borgfirðinga á rökum byggða. Hvað snertir þóknunina fyrir próf í íslenzku við háskólann, þá er það hvergi boðið í nokkrum lögum, að það skuli borga úr landssjóði hjer. Hinn hæstvirti landshöfðingi sagði, að próf þetta væri óviðkomandi ætlunarverki háskólans, það væri að eins fyrir skipað í *íslenzkum* lögum (þar með meinar hann lög, er eigi snerta konungsríkið í heild sinni, heldur Ísland eitt), og eigi því kostnaðurinn eðlilega að borgast af landssjóði. En þetta mun hvorttveggja vera gagnstætt því, er hinn hæstvirti landshöfðingi sagði. Er það ekki eitt aðal-ætlunarverk háskólans, að gjöra embættismannaefni hæf til að takast embætti á hendur í ríkinu? Og þó að lög þau, sem gjöra kunnáttu í íslenzku að skilyrði fyrir því, að geta orðið hjer embættismaður, verði, ef til vill, að skoðast sem íslenzk lög, þá er konungsúrskurður sá, sem skipar háskólakennaranum í norðurlandamálum að halda þetta íslenzka próf, ekki að skoða sem sjerstaklega íslenzkt lagaboð, heldur sem lagaboð, er varðar allt ríkið; væri hann að eins íslenzkt lagaboð, þá gæti hann ekki verið bindandi fyrir kennarann við háskólann í Kaupmannahöfn, því sá háskóli heyrir ekki undir sjerstaklega íslenzka löggjöf. Svo er og á hitt að líta: í hverra þarfir eru próf þessi? Sannarlega *ekki* í *Íslands* þarfir, því það þrífst fullkomlega án danskra embættismanna. Meðan meir en næg embættismannaefni eru til meðal landsins eigin barna, er engin ástæða til fyrir Ísland að «taka brauðið barnanna og kasta því fyrir hundana», svo að jeg brúki ritningarorð. Ef nokkrum er þægð í þessu prófi, þá er það Dönum, því að það styður að því, að forsorga hjer nokkra af þeirra embættislausu kandídötum. Ef hinni dönsku stjórn þykir þetta því áríðandi, þá ætti það að borgast af ríkissjóði, eða þá af þeim, sem undir prófið ganga; þeirra er þægðin, en okkar engin, að danskir embættismenn komi hingað, eins og nú er komið, þar sem við höfum nóga menn til að skipa í embættin, og þurfum ekki að sækja embættismenn til annara þjóða.

Landshöfðinginn: Jeg er í nokkrum vandræðum með að svara hinum háttvirta 2. þingmanni Suður-Múlasýslu, því að nú er hann á móti því, sem hann hefur samþykkt í nefndinni. Jeg get því ekki annað en vísað til þess, sem jeg áður hef sagt.

Jón Ólafsson: Það mun opt koma fyrir, að menn eru ekki á sama máli í nefndum, en vilja þó ekki láta ágreinings-

atkvæðið verða til þess að kljúfa nefndina, en kjósa heldur að koma fram með breytingaratkvæði. Jeg hef náttúrlega verið á sama máli í nefndinni, sem jeg er enn á, og því er ekkert undarlegt, þó jeg hafi skrifað undir þetta breytingaratkvæði.

Benidikt Sveinsson: Hinn háttvirti framsögumaður tók fram, að það væri mikill munur á því, hvort þingið veitti þetta fje í fjárlögum, eða það samþykkti fjárveitinguna, eptir að búið er að brúka það, því þá sje miklu sjálfsagðara að veita það. Þetta er ískyggileg kenning og getur verið agn fyrir stjórnina til að brúka fje heimildarlaust. Setningin hljóðar nefnilega svo: þegar stjórnin er búin að brúka fjeð, þá er ekki ástæða til fyrir þingið að neita að samþykkja fjárbrúkunina eptir á. Ef þessi kenning nær festu, þá getur hún verið mjög hættuleg fyrir fjárforræði landsins. Viðvíkjandi því, er hinn bæstvirti landshöfðingi sagði, að mótbárur móti þessum fjárveitingum væru til að vekja rig milli stjórnar og alþingis, þá er það mesta hvöt fyrir mig til að greiða atkvæði á móti öllum fjárveitingum, sem eigi eru á nægri heimild byggðar, því jeg byggi á því, að rjettlætið skapi friðinn í þessu sem öðru.

Framsögumaður: Hinn háttvirti 2. þingmaður Norður-Múlasýslu hlýtur að vita það, að eigi er nákvæmlega ákveðið með lögum, hversu verja skuli því fje, sem stjórninni er fengið til úthlutunar; svo er og um það fje, sem veitt er til vísindalegra og verklegra fyrirtækja, að það er eigi nákvæmar ákveðið, en að víst sje, að það sje brúkað til þess, sem búast má við að miði til vísindalegra og verklegra fyrirtækja á Íslandi, og sje það áreiðanlegt, þá get jeg ekki betur sjeð, en að stjórnin hafi haft heimild til þess, þótt mönnum eptir á þyki minni not að því, en æskilegt væri.

Benidikt Sveinsson: Jeg er öldungis hissa á hinum háttvirta framsögumanni. Það er þó auðsjeð, að ef stjórnin hefur haft heimild til þessarar fjárveitingar, þá þarf hún ekki að biðja um neina frekari heimild frá þingsins hálfu. Jeg get ekki heldur talið mig það barn, að jeg álíti, að nauðsynlegt hafi verið að fá mann með ærnum kostnaði til að gefa upplýsingu um, hvort betra væri að læra á búnaðarskólum í Noregi eða í Danmörku. Jeg ímynda mjer nefnilega, að hver og einn, sem hefur nokkra þekkingu á Norvegi, Íslandi og Danmörku, hljóti að vita fyrirfram, að búnaður og allt, sem að honum lýtur, hjer er líkari því, sem er í Noregi en í Danmörku, og þess vegna hefur líka fjöldi manna farið hjeðan til Noregs til að læra þar búfræði á seinni árum, en ekki til Danmerkur. Þegar jeg var í Kaupmannahöfn fyrrum, fjekk jeg upplýsingu um það, að hið svo nefnda, að mig minnir, Hansens Legat væri ætlað Íslandi, Grænlandi og Færeyjum, og hið konunglega landbústjórnarfjelag hefur þetta fje til umráða, og getur því sjálft greitt hið umtalaða fje, því hluti sá, sem Íslandi ber, getur endurborgað það með tímanum, þó það nemi meiru en tiltölulegum hluta Íslands af legatinu í svipinn.

Framsögumaður: Hjer er ekki um það að ræða, hvort fjárveitingin hafi verið nauðsynleg, heldur að eins um það, hvort stjórnin hafi haft heimild til hennar eða ekki, því frumvarp það, sem hjer er um að ræða, er um samþykkt á landsreikningnum, en ekki um aukafjárveitingu, eins og þingmaðurinn virðist ætla.

Jón Jónsson: Hjer er ekki spurning um fjáraukalög, heldur ekki um að gjöra ábyrgð gildandi gegn stjórninni, en að eins um það, hvort þau 2 útgjöld, er ræðir um, hafi verið samkvæm veitingu alþingis til vísindalegra fyrirtækja. Vjer getum ekki samþykkt tillögu nefndarinnar, án þess um leið að veita stjórninni heimild til eptirleiðis að verja fje því, sem vjer veitum til

vísindalegra fyrirtækja á líkan hátt og hjer hefur átt sjer stað. Jeg er nú samdóma hinum háttvirta þingmanni Borgfirðinga um, að gjöldin sjeu ekki samkvæm fjárveitingu alþingis, og því verð jeg að fallast á breytingaruppástunguna.

Með því að fleiri óskuðu ekki að taka til máls, þá sagði forseti, að umræðunum væri lokið, og var því næst gengið til atkvæða og var:

1. Breytingaratkvæði 8 þingmanna við 8. tölulið samþykkt með 10 atkvæðum gegn 6.
2. Breytingaratkvæði sömu þingmanna við 9. tölulið samþykkt með 11 atkvæðum gegn 3.
3. Breytingartillaga landshöfðingja við 9. tölulið samþykkt með 12 atkv. gegn 5.
4. Tillaga við athugasemdina samþykkt með 16 atkvæðum gegn 1.
5. Frumvarpið með áorðnum breytingum samþykkt í einu hljóði.

Einnig voru athugasemdirnar við landsreikningana samþykktar í einu hljóði.

FYRSTA UMRÆÐA Í EFRI DEILD,
á 44. fundi, 23. ágúst.

Frumvarpið, eins og það var samþykkt við 3. umræðu í neðri þingdeildinni, sjá I, 545—546.

Engar umræður urðu um málið, og var því vísað til 2. umræðu með öllum atkvæðum.

ÖNNUR UMRÆÐA Í EFRI DEILD,
á 46. fundi, 24. ágúst.

Breytingartillögur
við frumvarp til laga um samþykkt á landsreikningnum 1878 og 1879, eins og það var samþykkt við 3. umræðu í neðri deildinni.
Frá landshöfðingja.

Við II, 8. Fyrir: «10972 kr. 50 a.» komi: 11472 kr. 50 a.

Við II, 9. Fyrir: «7409 kr. 6 a.» komi: 7509 kr. 6 a.

Við II, 11. Fyrir: «116823 kr. 72 a.» komi: 116223 kr. 72 a.

Með því að eigi var liðinn hinn lögboðni tími, frá því að frumvarpið hafði verið til fyrstu umræðu, leitaði forseti samþykkis deildarinnar til, að málið kæmi nú þegar til 2. umræðu, og gat þess, að landshöfðingi hefði að sínu leyti samþykkt það. Deildin veitti samþykki sitt til þessara afbrigða frá þingsköpunum í einu hljóði.

Landshöfðinginn: Jeg hef leyft mjer að bera upp tvær breytingartillögur við frumvarp til laga um samþykkt á landsreikningunum 1878 og 1879, sem hjer liggur fyrir, og er önnur þeirra við tölul. 8 á útgjaldabálknum, til vísindalegra og verklegra fyrirtækja, og hin við 9. tölulið, óviss útgjöld. Þriðja breytingin er bein afleiðing af atkvæðagreiðslunni um hinar tvær, því það verður sjálfsagt að reikna afganginn út eptir því. Gjaldliðurinn til vísindalegra og verklegra fyrirtækja er, eins og þingmönnum er kunnugt, veittur til þess, að stjórnin hafi til umráða fje það, er ákveðið verður í fjárlögunum fyrir hvert fjárhagstímabil, til þess að styrkja með þau fyrirtæki vísindalegs og verklegs eðlis, er ekki hefur verið veittur styrkur til á sjerstökum Kontoer á fjárlögunum. Brúkun þessa fjár er þannig samkvæmt fjárlögunum komin undir álitum stjórnarinnar og henni veitt heimild til með því að styðja að þeim fyrirtækjum, er að hennar áliti eru vísindalegs eða verklegs eðlis og landinu í hag. Það liggur í hlutarins eðli, að skoðanir manna kynnu að vera misjafnar um það, hvort eitthvert fyrirtæki miði til þessa eða ekki, en það hlýtur eigi að síður að vera góð og föst regla, að ef um þvílíkt atriði ágreiningur verður milli stjórnarinnar og alþingis, þá eigi frá báðum hliðum að við hafa frjálslyndi og tilslökunarsemi.

Jeg skal taka til dæmis, að þó að stjórnin kynni að finna að einhverri fjárveitingu í fjárlögunum, að hún sje ekki á rökum byggð, þá á stjórnin þó, eptir minni meiningu, ekki að leggja það til, að fjárlögin verði ekki staðfest af konunginum, og það dæmi, sem hjer liggur fyrir, er að svo miklu leyti jeg fæ sjeð, alveg álíks eðlis, þar sem hjer ræðir um samþykkt á útgjöldum, er að áliti stjórnarinnar hafa miðað til hagnaðar fyrir landið; en neðri deild þingsins hefur verið á þeirri skoðun, að þetta álit stjórnarinnar sje ekki á rökum byggt. Eins og stjórnin að minni hyggju á að sjá um, að ekki verði synjað um staðfesting á fjárlögunum í hinu fyrst nefnda tilfelli, eins á alþingi heldur ekki, að synja um samþykkt á landsreikningnum, þegar svo stendur á, sem hjer ræðir um. Þessi skoðun er og samkvæm því, sem hinir háttvirtu yfirskoðunarmenn hafa lýst yfir 1877 í athugagreinum sínum bls. 26. Þar játa yfirskoðunarmenn sjálfir, að stjórnin hafi *frjálsar hendur* og að henni eru ekki settar aðrar reglur, en að hún veiti fjeð til þess fyrirtækis, er miði landinu til gagns og fari ekki fram yfir þá upphæð, sem veitt er. Það er nú snertir þær 500 kr., er hjer ræðir um til útgjalda, þá stendur svo á þeim, sem nú skal greina. Þingmönnum er kunnugt, að hið konunglega danska «Landhusholdningsselskab» optsinnis hefur stutt að efling búnaðar hjer á landi, með því að veita fje til þvílíkra fyrirtækja, t. d. vatnsveitinga o. fl. En af því fjelaginu var ókunnugt um landslag og búnaðarhætti hjerlendis, af rjeð það að senda Inspector Feilberg tvö sumur hingað til þess að kanna allt það, sem að því lýtur, og hefur Feilberg á þessum ferðum sínum meðal annars samið áætlun þá um Staðarbyggðarmýrar, er seinna hefur verið gjörður framskurður á; þessar hinar stórkostlegustu jarðabætur, er hingað til hafa verið framkvæmdar hjer á landi, eru þannig gjörðar samkvæmt tillögum hans. «Landhusholdningsselskabet» kaus þar eptir Feilberg til ráðaneytis í öllum búnaðarmálum þeim, er snerta Ísland og leitað er til fjelagsins um styrk til, og stakk 1878 upp á því við ráðgjafa Íslands, hvort hann vildi fyrir Íslands hönd taka þátt í kostnaði við ferð Feilbergs um Noreg, til þess að kanna landbúnaðarskóla þá, er margir landsmenn leita til, er sækja einnig um styrk frá fjelaginu, og til þess að segja fjelaginu álit sitt um það, hvort þessir skólar gætu verið til fyrirmyndar álíkum skólum á Íslandi, sem vonandi er innan skamms komist á stofn. Aptur á móti var það engan veginn tilgangur þessarar ferðar, að rannsaka, hvort þessir norsku skólar geti verið Dönum til fyrirmyndar, því um það hefur fjelagið nægilegar skýrslur, eptir þekkingu sinni á báðum löndum, Danmörku og Noregi. Ferð Feilbergs um Noreg var þannig eingöngu í þarfir Íslands, og virtist því ráðgjafanum ekki nein ástæða til, að synja um hlutteknigu þá í þessari ferð, sem hjer ræðir um og hefur kostað 500 kr., því ráðgjafinn varð að vera á þeirri skoðun, að ferðin mundi verða Íslandi í hag, og þess vegna veitti hann þessar optnefndu 500 kr. á gjaldlið þeim, er með fjárlögunum er ákveðinn til vísindalegra og verklegra fyrirtækja og sem stjórninni eru falin umráð yfir, eptir því sem stjórnin álítur á rökum byggt. Yfirskoðunarmenn gjörðu athugasemd við þessa fjárveitingu, en nefnd sú, sem neðri deildin setti í reikningsmálið, lagði það til, að sleppa tillögunni, eptir atvikum, og fjellst neðri deildin við 2. umræðu á þessa uppástungu, en við 3. umræðu breytti deildin atkvæðagreiðslu sinni, og þannig hafa þessar 500 kr. verið felldar úr frumvarpinu. Hin helzta ástæða til þessa var sú, að yfirskoðunarmönnum hefur þótt það óviðkunnanlegt, að veita af landsins fje útlendum manni styrk til þess að ferðast í öðru landi, og að enn þá hafi ekki sjezt neinn árangur af ferðinni. Jafnvel þótt að æskilegt sje, að þvílíkur styrkur verði einungis veittur landsmönnum, og þetta

alla-jafna viðgangist, má þó gjöra undantekning frá þessari reglu, en skyldi þingið ákveða, að eptirleiðis megi ekki gjöra undantekning frá henni, þá mun stjórnin sjálfsagt taka þessa bendingu til greina. En jeg tek það upp aptur: jeg álít það bæði ófrjálslynt og órjett, að neita um samþykki á þeirri undantekning, sem þegar er gjörð, og gjörð í þeim tilgangi, að styrkurinn kæmi Íslandi í hag. Hitt er heldur ekki á rökum byggt, að enginn árangur hafi sjezt af ferðinni Íslandi í hag, því hún hefur að minnsta kosti haft þann árangur, að «Landhusholdningselskabet» hefur um 2 ár veitt Sveini Sveinssyni styrk til að taka próf við Landboháskólann í Kaupmannahöfn, til þess að hann verði fær um að verða forstöðumaður eins þeirra búnaðarskóla, er ætlazt er til að stofna hjer í landinu.

Það er snertir breytinguna á 9. tölnl., þá er það ágreiningur viðvíkjandi 100 kr., er á árinu 1878 hafa verið borgaðar Konráði Gíslasyni, prófessóri við háskólann í Kaupmannahöfn, fyrir að halda próf í íslenzku, það sem fyrirskipað er í konungsúrskurði 27. maí 1857. Samkvæmt þessum úrskurði er próf þetta, sem er háskólanum og ætlunarverki hans alveg óviðkomandi, en fyrirskipað í lögum og tilskipunum, er eingöngu snerta Ísland, falið kennaranum í fornmáli voru við háskólann á hendur, en ráðgjafinn skyldi ákveða þóknun þá, er honum bæri fyrir að halda þetta próf, og þessi þóknun skyldi samkvæmt tillögum þeim, er konungsúrskurðurinn er byggður á, borga af þeim 4000 rd., er í fjárlögunum voru veittir hvort árið um sig til óvissra útgjalda handa Íslandi. Að vísu hefur seinna sú breyting komizt á, að þetta fje verði ekki veitt úr ríkissjóði Dana, heldur úr landssjóði, en að öðru leyti er engin breyting orðin á þessu gjaldi, en eins og þá, verða og nú talin með óvissum gjöldum landsins bin sömu gjöld; samt er gjaldliðnum í fjárlögum vorum skipt í tvennt, sem sje til vísindalegra og verklegra fyrirtækja, 15. gr. fjárlaganna, og til óvissra útgjalda, sem upp á kunna að koma, 16. gr. fjárlaganna, og á þessum gjaldlið hafa þessi útgjöld hingað til ávallt verið talin. Stjórnin hefur þess vegna að hennar áliti haft fullkomna heimild til að borga þessa þóknun, sem hjer ræðir um, til prófessors Konráðs Gíslasonar, og var það, þegar konungsúrskurðurinn 27. maí 1857 var gefinn, álitið órjettlátt og ósanngjarnt, að leggja þessa skyldu, er — jeg tek það upp aptur — bæði er háskólanum og hans ætlunarverki óviðkomandi, Konráði prófessor Gíslasyni á herðar án sjerstaklegrar þóknunar, af því að hann var skipaður í embætti sitt, áður en konungsúrskurðurinn var gefinn. Aptur á móti virðist mjer vera ástæða til við embættismannaskipti að leitast við, að þessi skylda verði lögð á eptirmann hans endurgjaldslaust, og jeg skal sem bezt jeg get mæla fram með því, að svo verði. En eins og það er ósanngjarnt, að neita Konráði Gíslasyni, á meðan hann er í embættisstöðu sinni, um þessa þóknun, eins hefur stjórnin haft fulla heimild til að telja þetta gjald með óvissum gjöldum Íslands samkvæmt konungsúrskurði 27. maí 1857, og samkvæmt «praxis» þeirri, er hingað til hefur verið fylgt um þetta gjald, og hafa yfirskoðunarmenn sjálfir sterklega tekið það fram, að með tilliti til þessara gjalda verði sjerlega að breyta eptir því, sem hingað til hafi verið föst venja fyrir, (sbr. athgr. yfirskoðunarmannanna, bls. 215, og svar landshöfðingja bls. 242).

Jeg vona því fastlega, að hin háttvirta deild samþykki breytingartillögur mínar við þessa tvo töluliði, og jeg legg hina mestu áherzlu á það vegna þess, að jeg er sannfærður um, að rjettlæti og sanngirni mæla með þeim.

Magnús Stephensen: Af því jeg, sem annar af yfirskoðunarmönnum, mun hafa

gefið nokkurt tilefni til þeirra breytinga, sem gjörðar voru við frumvarp þetta í neðri deildinni, álít jeg mjer skylt að færa nokkrar ástæður fyrir því, og gjöra þingmönnum kunnugt, hvers vegna yfirskoðunarmenn komu fram með þessar sínar tillögur. Hinn hæstvirti landshöfðingi gat þess fyrst og fremst, að bera mætti saman stöðu stjórnarinnar til fjárlaganna og stöðu þingsins til þess frumvarps, sem hjer er til umræðu. Jeg get ekki kannazt við, að þessi samanburður, eins og hinn hæstvirti landshöfðingi setti hann fram í ræðu sinni, hafi við rök að styðjast. Það er allt annað mál með fjárlögin, en frumvörp stjórnarinnar, sem fyrir þingið eru lögð. Þegar fjárlögin koma frá þinginu, þá eru það lög; stjórnin hefur því ekki nema um tvennt að velja, annaðhvort að samþykkja þau eða hafna þeim. Breytt þeim getur hún ekki. En þegar stjórnin leggur frumvarp fyrir þingið, þá hefur það sjálfsagt fulla heimild til að gjöra þær breytingar á frumvarpinu, sem því þykir við eiga, og það vill gjöra. Jeg skal kannazt við, að það er nokkuð öðru máli að gegna um landsreikninginn en önnur lagafrumvörp, en á hinn bóginn get jeg þó ekki kannazt við það, að atkvæði þingsins hafi minna svigrúm eða minna gildi um þetta frumvarp, en um önnur frumvörp, því þá sje jeg ekki, til hvers væri að leggja það fyrir þingið. Neðri deildin hefur ekki hafnað frumvarpi stjórnarinnar um samþykkt á landsreikningnum, heldur að eins gjört 2 litlar breytingar á því, og það er þó allt annað, en ef stjórnin færi að hafna fjárlögum, sem þingið hefði samþykkt, af því henni þætti einhver fjárveiting ekki á nægum rökum byggð. Hinn hæstvirti landshöfðingi las upp kafla úr athugasemdum yfirskoðunarmannanna frá 1877, og var í þessum kafla játað, að stjórnin hefði talsvert frjálsar hendur með að útbýta fje því, er veitt er til visindalegra og verklegra fyrirtækja, en jafnframt eru þar teknar fram tvær takmarkanir, er veiting á þessu fje ætti að vera bundin við: *að* fjeð væri veitt til vísindalegra og verklegra fyrirtækja, er í raun og veru miði Íslandi til gagns, og *að* stjórnin fari ekki út yfir það fje, sem henni er veitt til umráða í þessu skyni. Hvorugt skilyrðið er til staðar við þessa fjárveitingu, að upphæð 500 kr., sem neðri deild þingsins hefur neitað að samþykkja á 8. tölulið. Að því er snertir hið síðara skilyrðið, þá ber frumvarpið til fjáraukalaga fyrir árin 1878 og 1879 nægilega með sjer, að stjórnin hefur farið langt út yfir fjárveitinguna til vísindalegra og verklegra fyrirtækja, og að því er kemur til fyrra atriðisins, að fjárveitingin hafi miðað til sannra framfara fyrir landið, þá skal jeg fara nokkrum orðum um, hvernig þessum 500 kr. hefur verið varið. Eins og landshöfðinginn tók fram, er þetta fje veitt «Inspektor» Feilberg til að ferðast um Noreg. Þessi maður ferðaðist hjer um landið sumarið 1877, og fjekk til þess 500 kr. úr landssjóði, og var ekkert að því fundið, hvorki af yfirskoðunarmönnum eða þingi. En árið eptir, 1878, kemur aptur 500 kr. fjárveiting sem ferðastyrkur til sama manns, og nú er það ekki til þess að ferðast á Íslandi, heldur til þess að ferðast í *Noregi*. Það er kunnugt, að menn eru ekki enn farnir að sjá mikinn árangur af ferð Feilbergs hjer á landi, nema það, sem landshöfðinginn tók fram í ræðu sinni, að hann hefði gjört áætlun um framskurð á Staðarbyggðarmýrunum, en þess hef jeg aldrei fyr heyrt getið. Skýrsla mun raunar hafa komið frá honum til búnaðarfjelagsins danska, en sem almenningur hjer veit víst ekkert um. Allt um það hefur ekkert verið haft á móti þeim styrk, sem hann fjekk til þess að ferðast hjer. En um ferð hans í Noregi er öðru máli að gegna. Þess hefur verið látið við getið, að Feilberg væri ráðanautur búnaðarfjelagsins í Danmörku

um fjárveitingar til búnaðarlegra fyrirtækja hjer á landi, og því hafi ferð hans til Noregs verið í Íslands þarfir, til þess að hann gæti borið saman búnaðarástandið norðantil á Noregi og hjer á landi, og svo í annan stað til þess, að hann kynnti sjer búnaðarskóla í Noregi, og gæti lagt ráð á, hvernig ætti að haga þeim hjer í líkingu við norsku skólana. Landshöfðinginn gat þess, að fjelagið hefði optsinnis veitt styrk hingað til eflingar búnaði, en hann gat þess ekki, hvers vegna það veitti þennan styrk. Menn skyldu ætla, að það væri af eintómu örlæti og velvild, og jeg skal ekki neita því, að það hafi verið með fram af velvild. En hins verð jeg jafnframt að láta við getið, að landið hefur fullkomna heimting á að fá nokkurn fjárstyrk hjá fjelaginu. Danskur embættismaður konferenzraad Hansen, er dó seint á næstliðinni öld, gaf 6000 rdl. til þess að styrkja þörf fyrirtæki viðvíkjandi búnaði á Grænlandi, Íslandi, Færeyjum og Finnmörk, og skyldi verja rentunum af peningunum 5 eða 10 ár í röð til hvers af þessum fjórum löndum. Jeg skal ekkert segja um það, hvort búnaðarfjelagið, sem með konungsúrskurði 7. apríl 1802 var falið á hendur að stjórna nefndum gjafasjóði, hefur lagt fram meiri styrk til Íslands, en svarar rentunum af þessu fje, að þeim hluta, sem Ísland á tiltölu til, en jeg leyfi mjer, að efast um það að svo stöddu.

Nú skyldu menn halda, að komið hefði rögg á búnaðarfjelagið danska til að styrkja búnaðinn á Íslandi, er Feilberg var sendur fyrst til Ísland og síðan til Noregs, en það er eptirtektavert og jafnvel kátlegt, að einmitt síðan 1877 hefur ekki verið veittur neinn styrkur af fjelaginu til eflingar búnaði hjer á landi. Reyndar gat landshöfðinginn þess, að fjelagið hefði styrkt Svein Sveinsson á «Landbo»-háskólanum í Kaupmannahöfn. En það sýnist svo, sem hann sje lagztur hjer frá, því ekkert hefur af honum heyrzt, síðan hann fór frá Staðarbyggðarmýrunum, nema það sem hann sótti nú um rentulaust lán um 10 ár til þingsins, til þess að kaupa bújörð fyrir vestan.

Ef það hefði sjezt einhver árangur af þessum 1000 kr., sem Feilberg hefur fengið, þá mundi þingið ekkert hafa haft móti því, að veita þessar 500 kr. eptir á, því eptir á yrði að veita þær, eins og nú liggur í málinu. En þegar er að ræða um að styrkja útlendan mann, sem ferðast í öðru landi, þá ættu menn að minnsta kosti að sjá einhvern árangur af því af hálfu fjelagsins. En nú eru þegar liðin 3 ár, og hefur ekkert enn komið í ljós. Jeg minntist á það áðan, að Feilberg hefði gefið búnaðarfjelaginu skýrslu, er hann kom frá Íslandi árið 1877. Jeg hef sjeð skýrslu þessa, sem ekki er gefin út fyrir almenning, heldur prentuð handa búnaðarfjelaginu og meðlimum þess («konfidentielt»), en jeg hef ekki lesið bana nákvæmlega, en eptir því sem mig minnir, leggur Feilberg það þar til, að búnaðarfjelagið skuli ekki veita fje til búnaðarstarfa á Íslandi, en að eins styrkja Svein Sveinsson til náms á búnaðarháskólanum í Kaupmannahöfn, líklega eptir því sem hinn hæstvirti landshöfðingi sagði, til þess að hann gæti orðið forstöðumaður búnaðarskóla hjer á landi. Ef árangurinn af ferð Feilbergs hjer á Íslandi er ekki annar en þessi, veit jeg ekki, við hverju landið má búast af ferðum hans um Norveg. Jeg efast nm, að það sje samkvæmt fyrirmælunum í gjafabrjefi konferenzráðs Hansens, að vöxtum þess fjár, er hann gaf, sje varið til búnaðarskóla; enda eru nú þær ákvarðanir gjörðar, að landið leggi sjálft fje til búnaðarskóla-stofnunar. Vilji hið danska landbúnaðarfjelag halda áfram að veita hið tiltölulega fje, sem Íslandi ber, getum við að því leyti verið ánægðir; en mjer þykir líklegt, að Ísland vilji vera laust við að styrkja ráðgjafa fjelagsins til að ferðast í öðrum löndum.

Hinn hæstvirti landshöfðingi hefur skýrt frá, hvernig standi á þessum 100 kr., sem neðri deildin hefur fellt úr 10. gjaldlið, óvissum útgjöldum. Það vakti fyrir yfirskoðunarmönnum, að kennarinn í Íslenzku við

háskólann væri skyldur að halda prófið, úr því að það er honnm falið, en eigi hann aptur á móti að fá sjerstaka þóknun fyrir það, þá ætti sú þóknun að koma frá þeim, sem biður hann að halda prófið yfir sjer, en engan veginn úr landssjóði. Það getur verið spursmál, hvort Íslandi er það að nokkru leyti í hag, að þetta próf sje haldið, svo að útlendir menn geti orðið embættismenn hjer á landi; um það skal jeg ekkert segja, en jeg verð að halda því föstu, að það geti ekki átt við, að Ísland borgi dönskum embættismanni fyrir embættisverk, sem hann gjörir sem embættismaður í Danmörku fyrir danskan mann; það verður að vera Íslandi óviðkomandi. Seinna á dagsskránni kemur fyrir annað mál, sem jeg hef leyft mjer að gjöra breytingaratkvæði við, og stendur það í sambandi við þennan 9. tölulið.

Landshöfðinginn: Jeg get út af ræðu hins háttvirta 4. konungkjörna skírskotað til þess, er jeg áður sagði. Jeg skoða málið svo, að þegar yfirskoðunarmenn hafa gjört athugasemdir við landsreikningana, og landshöfðinginn hefur svarað þeim athugasemdum, þá verði tillögur þeirra lagðar undir úrskurð alþingis; er málið þannig útrætt milli yfirskoðunarmanna og landshöfðingja, þegar það er komið fyrir alþingi. Jeg skal því ekki svara hinum háttvirta yfirskoðunarmanni, heldur skírskota til svara minna, er prentuð eru í yfirlitinu, og að öðru leyti halda því föstu, sem jeg hef áður sýnt fram á, að ferð «Inspektors» Feilbergs hafi miðað einungis til gagns Íslandi. Jeg skal heldur ekki fara laugt út í það hvort hið danska «Landhusholdningsselskab» hafi varið öllu því fje í þarfir Íslands, sem Íslandi tiltölulega bar, um það get jeg ekki sagt, en hitt get jeg sagt, að fjelagið hefur það orð á sjer hjá öllum, sem til þess þekkja — og jeg vona, að hinn heiðraði 4. konungkjörni játi það einnig — að það gjöri skil hverjum einum, og ímynda jeg mjer því, að hinn háttvirti 4. konungkjörni geti átt vist, að fjenn hafi verið og verði rjettilega varið. Hinn háttvirti 4. konungkjörni gat þess, að dæmi það, er jeg tók um fjárlögin og önnur lög, hefði ekki átt alls kostar vel við. Hann sagði, að fjárlögin kæmu sem lög frá alþingi, og mætti þeim ekki breyta. En þetta er alveg sama tilfelli, sem hjer liggur fyrir. Samþykkt á reikningnum skal veita með lagaboði; en sjálfsagt má þó neita um samþykkt á reikningnum. Eins er það, ef eitthvert það lagaboð kemur frá alþingi, sem stjórnin álítur að ísjárvert sje að veita samþykki, þá getur hún ráðið frá, að staðfesta þessi lög. Dæmið á því mjög vel við. Hinn háttvirti 4. konungkjörni tók enn fremur fram, að í athugagreinum yfirskoðunarmanna, þeim er jeg las upp áðan, hefðu þau skilyrði verið tekin fram, að fjenu væri varið í þarfir Íslands, og að umframgreiðsla hefði ekki átt sjer stað. Jeg tók þetta sjálfur fram, þegar jeg las upp athugasemdirnar, og jeg vissi vel, að umframgreiðsla hafði átt sjer stað. En í neðri deild þingsins eru einmitt þessar 500 kr. felldar burt á útgjaldaliðnum, en þetta gjald, þessar 500 kr. voru útborgaðar áður en nokkur umframgreiðsla hafði átt sjer stað. Hinum háttvirta 4. konungkjörna þingmanni hlýtur að vera það kunnugt sem yfirskoðunarmanni, að 1700 kr. hafa verið borgaðar á tímabilinu 1878—1879, sem veittar voru af stjórninni 1877, og þess vegna er það, að þessi umframgreiðsla hefur hjer átt sjer stað. Jeg segi þetta ekki til afsökunar umframgreiðslunni, heldur til þess, að þingmenn geti sjeð, hvernig á henni stendur.

Þá minntist hinn háttvirti 4. konungkjörni þingmaður á þær 100 kr., sem Konráð prófessor Gíslason fær fyrir að halda próf í íslensku. Það er sjálfsagt, að Konráð Gíslason er danskur embættismaður, eins og þingmaðurinn sagði; en þar sem hann mótmælir því, að þessi borgun fyrir próf í íslenzku eigi að greiðast úr landssjóði, skal jeg láta mjer nægja, að skírskota til orða minna áðan, er jeg leiddi rök að því, að þessi fjárupphæð samkvæmt konungsúrskurði 27. maí 1857 ætti að borgast af

þeim 4000 rd., sem veittir voru til óvissra útgjalda Íslands. Jeg skal svo ekki orðlengja frekar um þetta mál, sem hlýtur að vera hinum heiðruðu þingmönnum ljóst; en jeg skal taka það upp aptur, að þar sem ráðgjafinn hefur ávísað þessu fje, hefur hann, að mínu áliti, haft fulla heimild til þess, og þegar svo stendur á, sem hjer segir, er ósanngjarnt, þinginu ósamboðið og órjett, að neita um samþykki á veitingu þessarar fjárupphæðar.

Var síðan gengið til atkvæða, og var:

Tekjukaflinn allur samþykktur í einu hljóði.

Gjaldakaflinn, 1.—7. töluliður samþykktur í einu hljóði.

Breytingartillaga landshöfðingja við 8. tölulið felld með 7 atkvæðum móti 3.

8. töluliður óbreyttur samþykktur með 10 atkvæðum.

Breytingartillaga landshöfðingja við 9. tölulið felld með 7 atkvæðum móti 4.

9. töluliður frumvarpsins óbreyttur samþykktur með 7 atkvæðum.

10. töluliður samþykktur með 9 atkvæðum.

Breytingartillaga landshöfðingja við 11. tölulið var fallin við atkvæðagreiðsluna um 8. og 9. tölulið.

11. töluliður var samþykktur með 9 atkvæðum.

Niðurlag frumvarpsins var samþykkt með 8 atkvæðum

Að frumvarpið skyldi ganga til 3. umræðu, var samþykkt með 10 atkvæðum.

ÞRIÐJA UMRÆÐA Í EFRI DEILD,
á 48. fundi, 25. ágúst.

Breytingaruppástunga við frumvarp til laga um samþykkt á landsreikningnum 1878 og 1879, eins og það var samþykkt við 2. umræðu í efri deild.

Frá landshöfðingja.

Við II, 8. Í staðinn fyrir: «10972 kr. 50 a.» komi: «11472 kr. 50 a.»

Við II, 9. Í staðinn fyrir: «7409 kr. 6 a.» komi: «7509 kr. 6 a.»

Við II, 11. Í staðinn fyrir: «116823 kr. 72 a.» komi: «116223 kr. 72 a.»

Forseti leitaði atkvæða þingdeildarinnar um, hvort frumvarpið mætti koma til umræðu á þessum fundi, þó að hinn lögboðni frestur frá 2. umræðu væri ekki liðinn, og samþykkti þingdeildin það í einu hljóði. Landshöfðingi hafði þegar samþykkt þessi afbrigði frá þingsköpunum að sínu leyti.

Landshöfðinginn: Þetta mál var rætt svo ýtarlega í gær, og breytingartillögur mínar þá felldar, en samt hef jeg leyft mjer að bera þær upp aptur, og skal jeg nú skýra frá, hvers vegna jeg hafi gjört þetta, en að öðru leyti skal jeg ekki orðlengja um þær, en skírskota til orða minna í gær, sem voru, að minni ætlun, nægileg til að sýna það og sanna, að breytingartillögurnar eru byggðar á rjettlæti og sanngirni. Þingmönnum er það kunnugt, að jeg, hin síðustu 16 ár hafi viljað með veikum kröptum starfa að því, að koma á samkomulagi milli stjórnarinnar og alþingis, en sporna móti sundurlyndi, sem er Íslandi til óhags; og það er eingöngu í þeim tilgangi, að jeg hef borið upp breytingartillögurnar tvisvar. Jeg vil biðja bina háttvirtu þingmenn, að skoða huga sinn enn einu sinni, áður en gengið er til endilegra atkvæða, því þetta frumvarp kynni að valda ósamlyndi, sem jeg vildi koma í veg fyrir, og sem flestir þingmenn munu mjer samdóma um að eigi að varast. Þess vegna er jeg ekki vonlaus um, að þingdeildin gefi góðan gaum að þessari áskorun minni, og jeg skal bæta því við, að mjer þykir eðlilegt og líklegt, svo framarlega sem þetta frumvarp verður samþykkt óbreytt, eins og það nú liggur fyrir, þá muni það ekki ná löggildingu, því neitun sú, er hjer ræðir um, er eptir minni sannfæringu ekki á góðum eða gildum rökum byggð.

Jeg vil því að endingu biðja þingmenn að hafa tillit til orða minna og yfirvega með sjálfum sjer, hvort það sje rjett, að hafna þessum breytingum og eiga það á hættu, að frumvarpið verði ekki lögleitt, eða hvort

það ekki er betra, þegar nú að samþykkja breytingartillögur, er eptir minni sannfæringu munu verða samþykktar, ef málinu — sem jeg vil vona og óska að ekki komi fyrir — verður vísað til dómstólanna. Að svo mæltu skal jeg fela málið hinni báttvirtu deild.

Þar eð enginn bað sjer hljóðs, kvað forseti umræðunni lokið, og ljet ganga til atkvæða, er fjellu þannig:

Breytingartillaga landshöfðingja við II, 8. felld með 7 atkvæðum móti 4.

Breytingartillaga landshöfðingja við II, 9. felld með 7 atkvæðum móti 4.

Breytingartillaga landshöfðingja við II, 11. þar með fallin.

Frumvarpið óbreytt í heild sinni var samþykkt með 8 atkvæðum, og kvað forseti það verða afgreitt til landshöfðingja sem lög frá alþingi.

B.

Álit yfirskoðunarmanna.

Á 4. fundi neðri deildar, 6. dag júlímán. var kosin 3 manna nefnd til að íhuga tillögur yfirskoðunarmanna landsreikninganna fyrir árin 1878 og 1879, og voru nefndarmenn hinir sömu sem í næsta máli á undan, sjá bls. 204.

FYRRI UMRÆÐA Í NEÐRI DEILD,
á 55. fundi, 19. dag ágústmán.

Nefndarálit, sjá I, 449—455.

Sjá 2. umræðu um frumvarp til laga um samþykkt á landsreikningnum fyrir árin 1878 og 1879.

SÍÐARI UMRÆÐA Í NEÐRI DEILD,
á 59. fundi, 22. dag ágústmán.

Almennar athugasemdir viðvíkjandi landsreikningunum 1878—79, eins og þær voru samþykktar við fyrri umræðu, sjá I. 491—492.

Sjá 3. umræðu um frumvarp til laga um samþykkt á landsreikningnum fyrir árin 1878 og 1879.

Voru athugasemdirnar síðan sendar til efri deildarinnar.

EIN UMRÆÐA Í EFRI DEILD,
á 48. fundi, 25. dag ágústmán.

Almennar tillögur viðvíkjandi landsreikningunum 1878—79, eins og þær voru samþykktar við síðari umræðu í neðri deild, sjá I, 549—550.

Enginn tók til máls, og bar því forseti tillögurnar upp til atkvæða, og fjell atkvæðagreiðslan þannig:

1. liður samþykktur í einu hljóði.
2. — —•— - — —
3. — —•— - — —
4. — —•— með 10 atkvæðum.
5. — —•— — 10 —•—
6. — —•— — 10 —•—
7. — —•— í einu hljóði.
8. — —•— - — —
9. — —•— - — —
10. — —•— - — —

Tillögurnar allar í heild sinni samþykktar í einu hljóði.

Forseti kvað þær mundu verða afgreiddar til landshöfðingja sem ályktun frá alþingi.

V.

Víxilmál.

A.

Frumvarp til laga um víxilbrjef fyrir Ísland, frá stjórninni, er prentað í fyrra parti alþingistíðindanna, bls. 161—202.

FYRSTA UMRÆÐA Í EFRI DEILD,
á 3. fundi, 6. dag júlím.

Landshöfðingi: Frumvarp það, sem hjer liggur fyrir, miðar til þess, að innleiða hjer á landi sams konar rjettarbót, sem með lögum 7. maí 1880 var lögtekin í Danmörku, og sem í öllum aðal-atriðum er sambljóða víxlbrjefalögum í Noregi og Svíþjóð samkvæmt samningi milli þessara þjóða. Lagafrumvarp þetta hefur vafalaust verulega rjettarbót inni að halda, og er mjög æskilegt, að lög um þetta efni nái gildi, enda þótt víxlbrjef sjeu, enn sem komið er, lítið notuð hjer á landi. Á þessu stigi málsins skal jeg svo ekki fara fleirum orðum um frumvarpið, en að eins leyfa mjer að skírskota til athugasemdanna við það. Mál þetta er svo yfirgripsmikið, að jeg tel víst, að nefnd verði sett í það.

Einar Ásmundsson: Jeg ímynda mjer, að engum blandist hugur um, að frumvarp þetta hafi verulega og nauðsyulega rjettarbót inni að halda, og að engin ástæða sje til að breyta því, það er að segja, að því er efnið snertir; en vegna þess, að lítið hefur verið rætt eða ritað um þetta efni á vorri tungu, þá er hætt við, að málið á frumvarpinu sje ekki sem bezt. Af þessari ástæðu leyfi jeg mjer að leggja það til, að nefnd verði sett í málið.

Forseti: Er þá meining þingmannsins, sem síðast talaði, að láta málið nú þegar ganga til 2. umræðu eða fresta 1. umræðu.

Einar Ásmundsson: Jeg óska ekki fyrir mitt leyti, að 1. umræðu verði frestað, heldur að málinu verði vísað til 2. umræðu.

Sighvatur Árnason: Mín meining er, að í málum, sem þingdeildinni finnast liggja svo fyrir, að ekki muni þurfa verulegra breytinga við, sje óþarft að fresta 1. umræðu, öðru máli er að gegna, þó að 1. umræðu sje frestað í flóknum málum, sem virðast þurfa breytinga við, og sem hætt er við að miklar umræður muni verða um, því að því meira sem eitt mál er rætt, því skýrara verður það að öllum jafnaði. Jeg fyrir mitt leyti er á því, að vísa þessu máli til 2. umræðu, og legg til, að sett verði 5 manna nefnd.

Forseti bar því næst upp til atkvæða, hvort málið skyldi ganga til 2. umræðu, og var það samþykkt í einu hljóði.

Síðan var samþykkt, að 5 manna nefnd skyldi setja í málið og voru í hana kosnir:

Einar Ásmundsson með 10 atkvæðum
Magnús Stephensen — 10 —»—
Árni Thorsteinson — 9 —»—
Benidikt Kristjánsson — 9 —»—

Þá höfðu þeir Sighvatur Árnason og Skúli Þorvarðarson 6 atkvæði hvor, en eptir hlutkesti varð
Sighvatur Árnason hinn 5. nefndarmaður.

Í nefndinni var kosinn formaður Árni Thorsteinson, og skrifari og framsögumaður Magnús Stephensen.

ÖNNUR UMRÆÐA Í EFRI DEILd,
á 20. fundi, 28. dag júlímán.
Nefndarálit, sjá I, 209—222.

Framsögumaður (*Magnús Stephensen*): Hinum heiðruðu deildarmönnum er kunnugt af nefndarálitinu, að nefndin var á því, að æskilegt væri, að frumvarp þetta yrði að lögum óbreytt, eins og það kom frá stjórninni, að efninu til. Í ástæðunum fyrir stjórnarfrumvarpinu er þess getið, að lög þessi eigi að koma fyrir víxllög þau, sem með kanselíbrjefi 17. marz 1827 voru sögð gildandi hjer um víxla; en þessum lögum hefur lítið verið beitt hjer á landi, ekki af því, að þau þættu óhentug, heldur af því, að víxlar eru hjer ótíðkanlegir manna á meðal,

og mjer er óhætt að fullyrða, að hjer innanlands hafi þeir ekki sjezt; en það hefur komið fyrir, að þeir hafa gengið milli manna hjer á landi og manna erlendis. Það er líka eðlilegt eptir því sem verzlun til hagar hjer; víxlar eru mest tíðkaðir í verzlun, en verzlunin er hjer útlend, og þau verzlunarviðskipti, sem menn hjer á landi eiga sín í milli, eru ekki annað en vöruskipti, og þar komast víxlar ekki að. Úr því svo er, kynni að sýnast óþarft að hafa víxillög, en nefndin leit ekki þannig á málið; hún áleit, að úr því að víxlarnir eru mest brúkaðir við útlendinga, þá væri nauðsynlegt, að þessi merkilegu lög væru, að því er Ísland snertir, samkvæm víxillögum þeirra þjóða, sem Íslendingar eiga mest verzlunarviðskipti við, og sem eru byggð á langri reynslu í þeim löndum, þar sem verzlunin hefur blómgazt um langan aldur. Nefndin treysti því, að ef víxlar færu að tíðkast hjer á landi, þá gæti það gefið tilefni til þess, að verzlunarviðskipti yrðu hjer tíðari og fjörugri, þar eð, ef víxlar eru hafðir, hægra er fyrir menn að útvega sjer vörur, þó að þeir hafi ekki peninga milli handa. Það er frumvarpið sjálft snertir, þá er það í mörgu líkt víxillöguuum frá 18. maí 1825, en er í mörgum greinum frjálslegra; þannig eru hjer ekki sett eins mörg skilyrði í víxilviðskiptum eins og áður. Í frumvarpinu er gjörður munur á tvenns konar víxlum, á trasseruðum víxlum, eða víxlum, sem gefnir eru út á hendur öðrum manni, og eigin víxlum, sem kveða á borgun af hendi útgefandans sjálfs; en fyrirmæli laganna eru hjer um bil hin sömu um báðar þessar víxiltegundir; aptur á móti eru þeir ólíkir í framkvæmdinni, þar sem trasseraðir víxlar eru hvað líkastir ávísunum, hinum einustu viðskiptabrjefum, sem tíðkast hjer, en eigin víxlar líkjast mest rentulausum skuldabrjefum, sem hljóða upp á borgun eptir stuttan tíma. Það einkennilega við víxlana er sá sterki rjettur, sem víxillinn gefur á móti þeim, sem skyldur er til að borga, og sem gjörir það að verkum, að víxillinn er svo gott sem peningar, en ávísanir gefa ekki þennan sterka rjett. Það er æskilegt fyrir Ísland, að brjef sjeu til, sem geti bætt úr peningaskortinum, og það er vonandi, að frumvarp þetta geti stuðlað til þess. Um efnið er lítið að ræða, en viðvíkjandi forminu skal jeg geta þess, að nefndin fann sjer skylt að laga málið, og sumstaðar var ekki laust við, að útleggingin væri ekki alls kostar rjett; þess vegna bjó nefndin til alveg nýja þýðing á frumvarpinu, en gjörði sjer far um, að hún væri samhljóða frumtextanum, og ef svo skyldi líta út, að einhver breyting væri frá því, þá er það á móti nefndarinnar vilja.

Landshöfðingi: Þar eð nefndin hefur aðhyllzt frumvarp þetta óbreytt í öllum atriðum að efninu til, og þar eð jeg er nefndinni samdóma um athugasemdir hennar við nefndarálitið, þá skal jeg á þessu stigi málsins eigi orðlengja þetta mál, en að eins tjá nefndinni mínar beztu þakkir fyrir þær undirtektir, sem hún hefur veitt málinu.

Jeg fellst alveg á þessa nýju þýðingu nefndarinnar og álít hana nauðsynlega, og jeg skal játa, að sumar orðabreytingarnar eiga mjög vel við, þó að aptur á hinn bóginn megi ef til vill finna að sumum. En að svo stöddu skal jeg ekki fara fleirum orðum um málið.

Þá var gengið til atkvæða um hinar einstöku greinir frumvarpsins, og fjell atkvæðagreiðslan þannig:

1. grein í frumvarpi nefndarinnar samþykkt í einu hljóði; við það var 1. gr. stjórnarfrumvarpsins fallin.
2. grein í frumvarpi nefndarinnar samþykkt í einu hljóði; var þá tilsvarandi grein í stjórnarfrumvarpinu þar með fallin.
3. grein í frumvarpi nefndarinnar samþykkt í einu hljóði; 3. gr. í stjórnarfrumvarpinu þar með fallin.
4. grein í frumvarpi nefndarinnar samþykkt í einu hljóði; 4. gr. í stjórnarfrumvarpinu þar með fallin.
5. grein í frumvarpi nefndarinnar samþykkt í einu hljóði; 5. gr. stjórnarfrumvarpsins þar með fallin.

6. grein í frumvarpi nefndarinnar samþykkt í einu hljóði; 6. gr. stjórnarfrumvarpsins þar með fallin.

7. grein í frumvarpi nefndarinnar samþykkt í einu hljóði; 7. gr. stjórnarfrumvarpsins þar með fallinn.

Fyrirsögn 1. kapitula áleizt samþykkt án atkvæða.

8. grein í frumvarpi nefndarinnar samþykkt í einu hljóði.

Fyrirsögn 2. kapítula áleizt samþykkt án atkvæða.

9., 10., 11., 12., 13., 14., 15. og 16. gr. í frumvarpi nefndarinnar, hver um sig, samþykktar í einu hljóði.

Tilsvarandi greinir stjórnarfrumvarpsins þar með fallnar.

Fyrirsögn 3. kapitula áleizt samþykkt án atkvæða.

17., 18., 19. og 20. gr. í frumvarpi stjórnarinnar, hver um sig, samþykktar í einu hljóði.

Tilsvarandi greinir stjórnarfrumvarpsins þar með fallnar.

Fyrirsögn 4. kapítula áleizt samþykkt án atkvæða.

21., 22., 23. og 24. gr. í frumvarpi uefndarinnar, hver um sig, samþykktar í einu hljóði.

Tilsvarandi greinir stjórnarfrumvarpsins þar með fallnar.

Fyrirsögn 5. kapítula áleizt samþykkt án atkvæða.

25., 26., 27., 28., 29. og 30. gr. í nefndarfrumvarpinu, hver um sig, samþykktar í einu hljóði.

Tilsvarandi greinir stjórnarfrumvarpsins þar með fallnar.

Fyrirsögn 6. kapítula áleizt samþykkt án atkvæða.

31., 32., 33., 34., 35., 36., 37., 38., 39. og 40. gr. í frumvarpi nefndarinnar, hver um sig, samþykktar í einu hljóði.

Tilsvarandi greinir stjórnarfrumvarpsins þar með fallnar.

Fyrirsögu 7. kapítula áleizt samþykkt án atkvæða.

41., 42., 43., 44., 45., 46., 47., 48., 49., 50., 51., 52., 53., 54. og 55. grein í frumvarpi nefndarinnar samþykktar í einu hljóði, hver um sig.

Tilsvarandi greinir stjórnarfrumvarpsins þar með fallnar.

Fyrirsögn 8. kapítula áleizt samþykkt án atkvæða.

56., 57., 58., 59., 60., 61., 62., 63., 64. og 65. gr. í frumvarpi nefndarinnar, hver um sig, samþykktar í einu hljóði.

Tilsvarandi greinir stjórnarfrumvarpsins þar með fallnar.

Fyrirsögn 9. kapítula áleizt samþykkt án atkvæða.

66., 67., 68., 69., 70., 71. og 72. gr. í frumvarpi nefndarinnar, hver um sig, samþykktar í einu hljóði.

Tilsvarandi greinir stjórnarfrumvarpsins þar með fallnar.

Fyrirsögn 10. kapítula áleizt samþykkt án atkvæða.

73., 74., 75. og 76. gr. í frumvarpi nefndarinnar, hver um sig, samþykktar í einu hljóði.

Tilsvarandi greinir stjórnarfrumvarpsins þar með fallnar.

Fyrirsögn 11. kapítula áleizt samþykkt áu atkvæða.

77., 78., 79. og 80. gr. í frumvarpi nefndarinnar, hver um sig, samþykktar í einu hljóði.

Tilsvarandi greinir stjórnarfrumvarpsins þar með fallnar.

Fyrirsögn 12. kapítula áleizt samþykkt án atkvæða.

81., 82. og 83. gr. í frumvarpi nefndarinnar, hver um sig, samþykktar í einu hljóði.

Tilsvarandi greinir stjórnarfrumvarpsins þar með fallnar.

Fyrirsögn 13. kapítula áleizt samþykkt án atkvæða.

84., 85. og 86. gr. í frumvarpi nefndarinnar, hver um sig, samþykktar í einu hljóði.

Tilsvarandi greinir stjórnarfrumvarpsins þar með fallnar.

Fyrirsögn 14. kapítula áleizt samþykkt án atkvæða.

87., 88., 89., 90., 91., 92., 93. og 94. gr. í frumvarpi nefndarinnar, hver um sig, samþykktar í einu hljóði.

Tilsvarandi greinir stjórnarfrumvarpsins þar með fallnar.

Fyrirsögn 15. kapítula áleizt samþykkt án atkvæða.

95. gr. í frumvarpi nefndarinnar samþykkt í einu hljóði.

Tilsvarandi grein stjórnarfrumvarpsins þar með fallin.

Fyrirsögn 2. kafla áleizt samþykkt án atkvæða.

96. gr. í frumvarpi nefndarinnar samþykkt í einn hljóði.

Tilsvarandi grein í stjórnarfrumvarpinu þar með fallin.

Fyrirsögn frumvarps nefndarinnar áleizt samþykkt án atkvæða, og við það var fyrirsögn stjórnarfrumvarpsins fallin.

Síðan var málinu vísað til 3. umræðu í einu hljóði.

ÞRIÐJA UMRÆÐA Í EFRI DEILD,
á 22. fundi, 30. dag júlímán.

Frumvarpið, eins og það var samþykkt við 2. umræðu, sjá I, 210—222.

Með því að enginn tók til máls, bar forseti frumvarpið upp til atkvæða, og var það samþykkt í einu hljóði; kvað forseti það nú verða afgreitt til neðri deildarinnar.

FYRSTA UMRÆÐA Í NEÐRI DEILD,
á 38. fundi, 8. dag ágústmán.

Frumvarpið, eins og það var samþykkt við 3. umræðu í efri deild, sjá I, 385—399.

Benidikt Sveinsson: Jeg vil að eins geta þess, að jeg er alveg samdóma hinni heiðruðu efri deild í því, að það sje rjettarbót í lögum þessum, og sjer í lagi að landið við þau geti komizt í verzlunarsamgöngur og verzlunarsambönd við aðrar þjóðir. Jeg vil eigi hafa neinar málalengingar, enda eru þær óparfar með öllu. Jeg vil að eins óska þess, að málið gangi sem fyrst til 2. umræðu.

Umræðunni lokið.

Var síðan málinu vísað til 2. umræðu með 22 atkvæðum.

ÖNNUR UMRÆÐA Í NEÐRI DEILD,
á 44. fundi, 12. dag ágústmán.

Benidikt Sveinsson: Þar er engar breytingar eru fram komnar, þá held jeg mjer til þess, er jeg sagði við 1. umræðu þessa máls, og mun greiða atkvæði með frumvarpinu af þeim ástæðum, sem jeg þá gjörði grein fyrir.

Fleiri báðu sjer eigi hljóðs og kvaðst forseti mundu lesa upp hvern kapítula og láta greiða atkvæði um hann, ef þingmenn væru því ekki mótfallinn.

Enginn mælti í móti.

1. kapit. samþ. með 21 atkvæði.
2. —— — í einu hljóði.
3. —— — - — ——
4. —— — - — ——
5. —— — - — ——
6. —— — - — ——
7. —— — - — ——
8. —— — - — ——
9. —— — - — ——
10. —— — - — ——
11. —— — - — ——
12. —— — - — ——
13. —— — - — ——
14. —— — - — ——
15. —— — - — ——

II. kafli — - — ——

Að frumvarpið gengi til 3. umræðu, var samþykkt í einu hljóði.

ÞRIÐJA UMRÆÐA Í NEÐRI DEILD,
á 48. fundi, 15. dag ágústmán.

Enginn tók til máls, og bar forseti frumvarpið því upp til atkvæða, og var það samþykkt í einu hljóði; kvað forseti það verða afgreitt til landshöfðingja sem *lög frá alþingi*.

B.

Frumvarp til laga um víxlbrjefamál og víxlbrjefaafsagnir, frá stjórninni; sjá fyrri part alþingistíðindanna, bls. 203—208.

FYRSTA UMRÆÐA Í EFRI DEILD,
á 3. fundi, 6. dag júlímánaðar.

Stefán Eiríksson: Þar eð mál það, sem hjer liggur fyrir, stendur í svo nánu sambandi við frumvarpið næst á undan, vil jeg leggja það til, að því verði vísað til nefndar þeirrar, sem þegar var kosin. Mjer finnst sjerstök nefnd vera með öllu óþörf, þar frumvörp þau, sem hjer ræðir um, eru að efninu til líks eðlis.

Einar Ásmundsson: Jeg er með öllu samdóma þingmanni Austur-Skaptfellinga um, að vísa máli þessu til nefndarinnar, sem þegar er kosin, þótt frumvarp þetta að öllum líkindum þurfi meira eptirlits við og sje enn athugaverðara, það er að segja: eigi að eins að orðfærinu, heldur og að efninu, því vel mætti hugsast, að stjórninni hafi ekki tekizt sem bezt í ýmsum atriðum þess, t. a. m. í því, að ákveða þannig lagaðan rjettargangsmáta, sem hjer á landi á bezt við. En með því jeg er enn eigi gagnkunnur frumvarpinu, skal jeg að eins styðja að því, að því verði vísað til víxlbrjefa-nefndarinnar, sem hefur bezt tök á, að kynna sjer bæði málin í sameiningu.

Forseti bar þá undir atkvæði, hvort málinu skyldi vísað til 2. umræðu, og var það samþykkt; sömuleiðis var samþykkt, að því skyldi vísað til nefndar þeirrar, sem kosin var í víxlbrjefamálinu.

ÖNNUR UMRÆÐA Í EFRI DEILD,
á 20. fundi, 22. dag júlímán.
Nefndarálit, sjá I, bls. 231—233.

Framsögumaður (Magnús Stephensen): Jeg get að öllu leyti vísað til nefndarálitsins um þetta mál, sem jeg vona að hinir háttvirtu þingmenn hafi fyrir sjer, og til þess, sem jeg tók fram áðan um víxilbrjefin fyrir Ísland, því þetta frumvarp er nauðsynlegt framhald af víxilbrjefafrumvarpinu, þar sem það innibindur í sjer reglurnar fyrir því, hvernig maður eigi að ná rjetti sínum eptir víxilbrjefalögunum. Þessar rjettarfarsreglur finnast í þessu frumvarpi, og eru þar einnig talin upp hin helztu rjettarmeðul, sem mönnum eru veitt til þess að geta náð sem fyrst og vissast rjetti sínum í þessu efni. Aðalbreytingin, sem verður á tilsk. 18. maí 1825, ef þetta frumvarp verður að lögum, er sú, að þar sem manni eptir tilskipuninni frá 18 maí 1825 veittist hægur aðgangur að því, að fá skuldunaut sinn settan í varðhald, þá verður slíkt ekki gjört eptir þessu frumvarpi. Þetta er samkvæmt dönskum lögum, sem hafa af numið varðhald í skuldamálum. Það getur verið vafasamt, hvað hjer hefur verið gildandi í þessu efni, en eptir þessum lögum, sem nú er verið að semja, getur sá, sem á víxilskuld hjá öðrum, eigi sett þenban skuldunaut sinn í varðhald, og er þetta veruleg framför að því er snertir frelsi þeirra, sem ekki borga skuldir sínar, annaðhvort af því þeir geta það ekki, þó þeir fegnir vildu, eða af öðrum orsökum.

Jón Pjetursson: Um leið og jeg get þess, að mjer líkar frumvarpið vel yfir höfuð að tala, skal jeg þó leyfa mjer, að gjöra eina athugasemd. Í 3. gr. stendur: Eigi er sækjandi skyldur að setja trygging fyrir sakir slíkra varna, en hinn stefndi . . . . . sem fyrir mælt í Þ. L. I. bókar 21. kap. Hjer er þannig vitnað í dönsk lög, sem jeg ekki álít alveg rjett. Það er eðlilegt, að í dönskum lögum sje vitnað í dönsk lög, en þegar ræða er um rjettarfar í einkamálum hjer á landi, eins og hjer er gjört, er rjettara, að vitna í norsku lög, þar eð þau gilda hjer í því efni. Jeg vildi því gjöra þá athugasemd, hvort ekki væri rjettara, að breyta þessu þannig, að skírskotað væri til norsku laga en ekki danskra laga. Ef þessu mætti breyta hjer, þá mun sama að segja um tilvitnuna í 7. gr., sem þá ætti að vera: N. L. 1—6—21, og í 6. gr. ætti að standa N. L. 1—5—8,

þar sem ákveðin er 200 kr. sekt, ef dómsagnarfrestur er látinn hjá líða. Í dönskn og norsku lögum er svo ákveðið, að sektirnar skuli ganga til nánasta spítala, en mjer virðist, að hjer mætti setja: varðar það 200 kr. sektum í landssjóð.

Framsögumaður: Jeg hef ekkert á móti þeirri athugasemd hins háttvirta 3. konungkjörna þingmanns, að rjettara sje að skírskota hjer til norsku laga, því það eru eiginlega þau, sem eru lögleidd hjer í rjettarfarsmálum. En það hefur opt viðgengizt, þegar skírskotað er til laganna, að þá er annaðhvort sett tómt L. eða þá D. L. Jeg hef því ekkert á móti því, að hinn 3. konungkjörni þingmaður komi með breytingu í þessa átt til 3. umræðu við 3., 6. og 7. gr. Þar á móti virðist mjer óþarft, að breyta orðunum í 6. gr.: «varðar sektum, *sem þar segir*», í fyrsta lagi af því, að ekki er fremur ástæða til þess, að ákveða, að sektirnar skuli renna í landssjóð í víxilmálum en í öðrum málum, og í öðru lagi af því, að þótt 1—5—8 í norsku lögum ákveði, að sektirnar skuli renna til nánasta spítala, þá er það nú sama, sem að þær renni í landssjóð. Spítalar eru nú fallnir undir læknasjóðinn, en læknasjóðurinn er runninn saman við landssjóð. Jeg ímynda mjer, að nefndin geti vel komið sjer saman við hinn háttvirta 3. konungkjörna þingmann að breyta D. L. í tilsvarandi kap. í N. L.

Síðan bar forseti hinar einstöku greinar nefndarfrumvarpsins upp til atkvæða, og var hver þeirra fyrir sig samþykkt í einu hljóði, og voru þannig hinar tilsvarandi greinar stjórnarfrumvarpsins fallnar.

Fyrirsögn nefndarfrumvarpsins áleizt samþykkt án atkvæða.

Frumvarpinu þannig breyttu var því næst vísað til 3. umræðu í einu hljóði.

ÞRIÐJA UMRÆÐA Í EFRI DEILD,
á 22. fundi, 30. dag júlímán.

Frumvarpið, eins og það var samþykkt við 2. umræðu, sjá I, 231—233.

Breytingaruppástungur
við frumvárp til laga um víxilmál og víxilafsagnir. Frá hinum 3. konungkjörna þingmanni og nefndinni.

1. Við 3. gr. niðurlagið. Í stað orðanna: «D. L. 1. bókar 21. kap.» komi: «N. L. 1. bókar 19. kap.»
2. Við 6. gr. Í stað orðanna: «D. L. 1—5—8» komi: «N. L. 1—5—8».
3. Við 7. gr. Í stað orðanna: «D. L. 1—6—23.» komi: «N. L. 1—6 21».

Framsögumaður (*Magnús Stephensen*): Eins og deildinni er kunnugt, kom fram uppástunga frá einum þingmanni, þegar mál þetta var hjer síðast til umræðu, um, að þar sem í frumvarpinu er skírskotað til dönsku laga, þá skyldi því breyta í tilsvarandi greinir og kapítula norsku laga, vegna þess að þau eru eiginlega lögleidd hjer í öllum einkamálum, að því er rjettarfar snertir. Þessi breytingaruppástnnga fer því fram á að setja inn greinir og kapítula hinna norsku laga í staðinn fyrir tilsvarandi greinir og kapítula hinna dönsku laga. Jeg vona, að þingmönnum blandist ekki hugur um að aðhyllast þessa breytingu, því að hún fer fram á að koma frumvarpinu í betra samræmi við núgildandi rjettarfarsreglur, en þær, sem strangt tekið eru í nefndarfrumvarpinu sjálfu.

Þá var gengið til atkvæða, og

1. Breytingaruppástungan við 3. gr. samþykkt í einu hljóði.
2. Breytingaruppástungan við 6. gr. samþykkt í einu hljóði.
3. Breytingaruppástungan við 7. gr. samþykkt í einu hljóði,
4. Frumvarpið með áorðnum breytingum samþykkt í einu hljóði.

Kvað forseti frumvarpið nú mundu verða sent neðri deild.

FYRSTA UMRÆÐA Í NEÐRI DEILD,
á 38. fundi, 8. dag ágústmán.

Frumvarpið, eins og það var samþykkt við 3. umræðu í efri deild, sjá I, 289—290.

Með því að enginn tók til máls, ljet forseti ganga til atkvæða um það, hvort frumvarpið skyldi ganga til 2. umræðu, og var það samþykkt með 22 atkvæðum.

ÖNNUR UMRÆÐA Í NEÐRI DEILD, á 44. fundi 12. dag ágústmán.

Þorsteinn Thorsteinson: Þetta frumvarp er svo skylt hinu frumvarpinu, að þau eru eins og óaðskiljanlegar systur, og er svo vel úr garði gjört frá efri deildinni, að engin breytingaratkvæði þurfa við það.

Fleiri óskuðu eigi að taka til máls, og bar þá forseti frumvarpið undir atkvæði og voru hinar einstöku greinir þess samþykktar með 16 atkvæðum; því næst ljet forseti þingmenn greiða atkvæði um, hvort frumvarpið skyldi ganga til 3. umræðu, og var það samþykkt í einu hljóði.

ÞRIÐJA UMRÆÐA Í NEÐRI DEILD, á 48. fundi, 15. dag ágústmán.

Frumvarpið var umræðulaust samþykkt í einu hljóði, og kvað forseti það verða afgreitt til landshöfðingja sem *lög frá alþingi*.

VI.

Útflutningsgjald.

Frumvarp til laga um útflutningsgjald á fiski og lýsi, frá stjórninni. sjá fyrri part alþingistíðindanna, bls. 583—587.

FYRSTA UMRÆÐA Í NEÐRI DEILD, á 4. fundi, 6. dag júnímán.

Landshöfðinginn: Spítalagjaid af sjávarafla hefur valdið mikilli óánægju, og eins og jeg gat um, þegar frumvarp þetta var lagt fram fyrir þessa heiðruðu deild, eru margir annmarkar gjaldi þessu samfara. Jeg skal enn fremur leyfa mjer, að bæta því við, að þingið 1877 samþykkti frumvarp til laga um fiskiveiðar þegna Danakonungs þeirra, er ekki eru búsettir á Íslandi, þá er þeir veiða í landhelgi frá skipi, en þetta frumvarp náði ekki staðfestingu, svo að spítalagjaldið nær ekki til þeirra. Annar annmarki er sá, að innheimta á spítalagjaldinu hefur verið svo miklum örðugleikum bundin, að vart mun þriðjungur af gjaldinu hafa komið til skila. Í þriðja lagi er það, að spítalagjaldið hvílir ekki að eins á þeim afla, sem er verzlunarvara, heldur og á þeim, sem neytt er í landinu sjálfu. Hjá þessu má komast með frumvarpi því, sem hjer ræðir um, ef það nær fram að ganga. Jeg skal sjerstaklega geta þess, að það eru nýmæli í þessu frumvarpi, þar sem stungið er upp á útflutningsgjaldi af laxi, sem áður hefur verið undanþeginn þessu gjaldi, en með því hann nú er orðinn töluverð útflutningsvara, þá virðist útflutningsgjaldið einnig mega ná til hans. Jeg skal á þessu stigi málsins ekki fara út í einstakar greinir þess, því að það mun nægur tími til þess við 2. og 3. umræðu.

Halldór Kr. Friðriksson: Þetta mál hefur sannarlega verið vandræðamál, og nú er komin fram spá mín, að spítalalöggjöfin mundi eigi eiga langan aldur, og að margir þeirra, sem þá sátu á þingi, er löggjöf þessi var samin mundu þá enn sitja á þingi, er

hún yrði af numin. Allur þorri manna hefur verið næsta óánægður með spítalagjaldið, þar eð það hefur eigi að eins verið mjög örðugt að fylgja fyrirmælum tilskipunarinnar, heldur einnig mjög svo örðugt fyrir þann, sem vill vera samvizkusamur, að fá hina rjettu tölu á fiski þeim, er aflazt hefur, svo það er ekki að furða, þó að gjaldið hafi reynzt minna, en það átti að vera. Jeg verð að láta þá skoðun mína í ljósi, að mjer er alls ekki vel við útflutningsgjald, og virðist mjer, að bezt væri, að komast hjá því svo sem unnt er.

Viðvíkjandi frumvarpi því, sem hjer liggur fyrir, þá eru tvö aðalatriði, er koma til skoðunar. Fyrst og fremst liggur það í augum uppi, að sjávarbóndanum eða aflamanninum getur alls eigi verið um þetta gjald, því að það leggst þó á hann að síðustu, og það meira heldur en í landssjóð kemur, og þegar einnig þess er gætt, að útflutningsgjaldið er mjög mikið, t. a. m. af fiski c. 20,000 kr., mun það varla verða neinum kærkomið. Í öðru lagi er það, að þótt menn hafi hingað til látið sjer lynda, að taka tolla af vörum eptir annara sögusögn, t. a. m. toll af tóbaki, vínföngum og öðru fleira, þá er full ástæða til, að gjalda varhuga við, að leggja á þá tolla, sem freista í þá átt, að dregið sje undan af framtalinu, þar sem þó nauðsyn ber til, að það sje sem sannast og rjettast.

En þar eð jeg býst við, að málið muni koma í nefnd, þá er nægur tími til, að ræða það nákvæmar síðar.

Landshöfðinginn: Jeg ætla að geyma, að svara hinum háttvirta þingmanni Reykvíkinga, unz 1. umræðu verður haldið áfram.

Arnljótur Ólafsson stakk upp á, að setja skyldi 5 manna nefnd í málið, en Grímur Thomsen 3 manna. Var samþykkt með miklum atkvæðamun, að setja skyldi 5 manna nefnd, og hlutu þessir flest atkvæði:

Þórður Magnússon	18 atkvæði.
Eiríkur Kúld	16 —»—
Benidikt Sveinsson	14 —»—
Egill Egilsson	14 —»—
Þórarinn Böðvarsson	12 atkvæði.

Ljet forseti síðan afhenda málið 2. þingmanni Ísfirðinga, er flest atkvæði hafði fengið.

Í nefndinni var Þórarinn Böðvarsson kosinn formaður, og Eiríkur Kúld skrifari og framsögumaður.

FRAMHALD FYRSTU UMRÆÐU Í NEÐRI DEILD,

á 15. fundi, 20. dag júlímánaðar.

Nefndarálit, sjá I, 119—120.

Framsögumaður (*Eiríkur Kúld*): Jeg vona, að þingmenn hafi fyrir sjer nefndarálitið og sjái þær breytingar, sem nefndin hefur gjört við frumvarp stjórnarinnar. Aðalbreytingin er sú, að okkur fannst útflutningsgjaldið of hátt og þess vegna höfum, við fært það niður úr 50 aurum í 30 aura nema á síld, og miðuðum einkum við það, að þeir, sem mest nota síldarveiðina hjer á landi, hafa hjer fæstir nokkur gjöld til landssjóðs. Það getur verið, að þingmönnum virðist undarlegt, að við ekki skyldum miða útflutningsgjaldið við verðupphæð á vörunum, en það þótti okkur ekki eins praktiskt. Að öðru leyti skal jeg ekki fjölyrða um málið að sinni, heldur bíða átekta og heyra fyrst undirtektir manna í því.

Landshöfðinginn: Jeg er hinni háttvirtu nefnd þakklátur fyrir góðar undirtektir hennar í málinu, þar sem hún hefur aðhyllzt frumvarpið í öllum aðalatriðum þess. Við þessa umræðu má samkvæmt þingsköpunum ekki ræða hinar einstöku greinir frumvarpsins, og því verð jeg að fresta umræðu um niðurfærslu þá, sem stungið er upp á á útflutningsgjaldinu á flestum töluliðum frumvarpsins, sem sje frá 50 aur. til 30 aur., til 2. umræðu; en samt sem áður skal jeg á þessu stigi málsins leyfa mjer að láta þá skoðun mína í ljósi, að ekki sje nægileg ástæða til að ákveða útflutningsgjaldið lægra en hjer um bil 1% af verði hinna útfluttu verzlunarvara; en 50 aura af hverju skpd. af saltfiski eða hertum fiski

nemur ekki meira en hjer um bil 1% af söluverðinu. Ekki heldur finnst mjer ástæða sú, að landssjóðnum muni aukast talsvert meiri tekjur, en sem nemi spítalagjaldinu, nægileg til þess, að færa gjaldið niður í 30 aura, ef gjaldið að öðru leyti ekki verður í sjálfu sjer þungbærara en spítalagjaldið hefur verið, og þetta ætla jeg eigi sjer ekki stað eptir frumvarpinu.

Jeg skal taka til dæmis spítalagjaldið af saltfiski, af því þetta hlýtur að vera hinn langmesti hluti af útflutningsvörum þeim, er hjer ræðir um. Samkvæmt 1. gr. tilsk. 12. febr. 1872 er spítalagjaldið af alls konar fiski, sem er verkaður sem saltfiskur, ½ álin, sem borgast í peningum eptir meðalverði á fiski í verðlagsskrá hvers árs, af hverju tólfræðu hundraði. Setjum nú, að hvert skpd. samsvari 150 fiskum, þá gjörir þetta spitalagjald eptir meðaltölu verðlagsskránna fyrir hin síðustu 5 ár, þ. e.: frá 1876—77 til 1880—81, í þeim umdæmum landsins, sem meira en ⅔ af öllum saltfiski landsins verður útfluttur frá, sem sje Gullbringu- og Kjósarsýslu með kaupstaðnum Reykjavík og Ísafjarðarsýslu, hjer um bil 40 a. af hverju skpd., því meðalverð verðlagsskrárinnar á fiski fyrir þessi umdæmi hefur í þau 5 ár, er jeg gat um, verið rúmir 60 a. al. (61 1/6—60 a.); en sá hluti af sjávaraflanum, er eptir tilsk. 1872 er gjaldskyldur og sem ætlaður er til neyzlu í landinu sjálfu, en sem eptir frumvarpinu eptirleiðis verður undanþeginn gjaldinu, hefur að minni ætlun numið í minnsta lagi 20% af aflanum, en þá verður spítalagjaldið, ef rjettilega er sagt til um það og gjört skil fyrir því samkvæmt tilskip. 12. febrúar 1872, hin sama upphæð, er hjer er stungið upp á, 50 a. af hverju skpdi.

Jeg bið hina háttvirtu þingmenn að taka þessar athugasemdir mínar til íhugunar. þegar við 2. umræðu skal ræða upphæð útflutningsgjaldsins. Það er ekki tilgangur þessa frumvarps að hækka spítalagjaldið, heldur breyta því á sem haganlegastan hátt, en það er að mínu áliti ekki nein ástæða til að lækka gjaldið, sem í raun og veru ekki getur verið gjaldendunum þungbært, þar sem það ekki nemur meira en 1% af söluverðinu, og sjer í lagi virðist mjer ekki nein ástæða til þess, að lækka gjaldið vegna þess, að tekjur landssjóðsins muni aukast, þegar betra fyrirkomulag kemst á með innheimtingu gjaldsins.

Tryggvi Gunnarsson: Þegar hjer fyrir tveim dögum lá fyrir frumvarp um, að leggja toll á kaffi og fleira, þá tók jeg það fram, að það væri varasamt að leggja mikla tolla á verzlunarvörur, meðan ekkert nákvæmt eptirlit væri með tollgreiðslunni, og menn yrðu að eiga þetta eingöngu undir drengskap kaupmanna, og í öðru lagi, þegar þingið hefði tekið þá stefnu, að löggilda alla þá staði, sem beðið væri um, þá yrði eptirlitið enn örðugra. Þar að auki er eðlilegra að leggja toll á innflutta vöru en útflutta. Fyrir utan það, sem sá mun optast vera tilgangurinn með tolla, að útvega fje til landsþarfa, þá er tollur á innfluttri vöru optast byggður annaðhvort á því, að vernda einhvern iðnað í landinu, eða til þess að varna allt of miklum innflutningi á ónauðsynja- eða skaðlegum vörum, en hjer í þessu máli er ekki um slíkt að tala; engum þykir of mikið aflað eða útflutt af fiski og lýsi, eða þess vegna vert að leggja gjald á þann atvinnuveg. Jeg mundi því vera alveg á móti þessu frumvarpi, ef jeg sæi ráð til að innheimta hið svo nefnda spítalagjald; en jeg sje það ekki, og þess vegna verð jeg að vera með frumvarpinu. Það, sem jeg mest hef á móti þessu frumvarpi, er það einkum, að gjaldið er ekki ákveðið eptir neinum vissum mælikvarða. Hinn eini mögulegi mælikvarði er sá, að miða gjaldið við verðupphæðina á vörunum, sem hefur verið að meðaltali næstliðin 5 eða 10 ár; sje ekki tekinn fastur mælikvarði, þá verður allt gjaldið að eins af handahófi. Nefndin leggur ⅖ pörtum meiri toll á þá vörutegund, sem er ⅖ pörtum minna verð en önnur vörutegund; hið vanalega verðlag á lýsi mun vera 30 —

40 kr. tunnan, en á síld 15 til 20 kr. tunnan, en nefndin leggur 30 aura á lýsistunnuna, og 50 a. á síldartunnuna; hjer er því gjaldið lagt á bara af handahófi. Jeg vil því áskilja mjer breytingaratkvæði í þá stefnu, að jafna gjaldið betur eptir verðuppbæð á vörunum. En einkum þarf að laga 9. gr.; þar stendur: »Spítalagjaldið skal heimt saman í síðasta skipti í fardögum 1882 af afla þeim, er fengizt hefur á árinu 1881«. Það mun mega telja það víst, að ekkert af þeim fiski, sem aflast eptir ágústmánaðarlok, verði þurrkað og flutt út úr landinu, allt svo liggur allur sá fiskur, sem aflast yfir haustið og fram að nýári, og verður ekki fluttur utan fyrri en sumarið 1882, en þá á að gjalda toll af honum; en ef greiða á spítalagjald af þeim fiski, sem aflast til nýárs, þá verða greidd tvenn gjöld af þeim fiski, sem aflast frá ágústlokum til nýárs. Um einstakar greinir frumvarpsins skal jeg ekki tala, því það liggur ekki fyrir hjer við 1. umræðu, heldur verður það að bíða 2. umræðu.

Jón Ólafsson: Jeg skal játa það, að jeg er í rauninni mótfallinn öllu útflutningsgjaldi, en eins og hinn hæstvirti landshöfðingi tók fram, er hjer ekki um neitt nýtt gjald að ræða, heldur að eins það, að koma gömlu gjaldi svo fyrir, að það komi rjettlegar og hagkvæmar niður en áður hefur verið. Jeg skal geta þess, að á hjeraðsfundi í því kjördæmi, sem jeg er úr, var einmitt óskað eptir þessari sömu breytingu, sem stjórnarfrumvarpið fer fram á, því allir framtaksmenn, sem sjálfir telja rjett fram, óska eptir, að öll kurl komi til grafar, og mundi því gjaldið ekki verða óvinsælt. Hinn hæstvirti landshöfðingi tók fram, að það væri ekki tilgangur frumvarpsins að hækka gjaldið, heldur að eins breyta því á hagkvæmari hátt, en mjer finnst, að það yrði þó til þess að hækka það og margfalda, ef stjórnarfrumvarpið kæmist að; jafnvel nefndarálitið bætir alls ekki að fullu úr þessu. Landshöfðingi gjörði ráð fyrir, að í skippund færu 150 fiskar; það ætla jeg of í lagt, það getur verið bæði meira og minna; af stórum þorski þarf ekki meira en 60, en af smáum ef til vill 180, og að meðaltali ætla jeg að það verði 110—120, og þá yrði gjaldið svipað því, sem áður var, nefnilega: ½ al. meðalverðs á fiski, ef það væri sett 25 a., en ekki 50 a., og þess vegna vildi jeg leyfa mjer að leggja það til, að gjaldið yrði sett niður úr 50 a. í 25 a. Ef nú hefur ekki verið goldinn nema einn þriðjungur af spítalagjaldinu, eins og hefur verið, mundu tekjurnar þrefaldast. Jeg vil sjer í lagi taka fram eitt atriði í nefndarálitinu, að það er mjög óheppilegt og órjettlátt, að gjalda meira af einni síldartunna en 1 skippund af fiski, þar sem síldartunnan er í helmingi minna verði en eitt skippund af fiski. Hæsta verð á síld mun vera hjer um bil 30 kr. fyrir tunnuna, en 60 kr. fyrir skippundið af fiskinum hæsta verð. Jeg vil því áskilja mjer breytingaratkvæði í þá stefnu, að gjaldið af síldartunnu og fiskskippundi verði jafnt (því síldin verður samt helmingi harðara úti), og sömuleiðis að allt gjaldið verði sett niður úr 50 a. í 25 a. Hjer er og enginn munur gjörður á þorski og ísu, en á því er þó allt að helmingsmunur, hvers virði skippundið er af því. Eitt hefur nefndinni gleymzt, og undrar mig það ekki svo mjög, þegar jeg að gæti, hverjir í nefndinni voru; allir vita, að til var spítalagjald af fugli, og í stað þess hefði mátt setja útflutningsgjald af dúni; það er nógu dýr vara til að þola dálítinn toll. En mig furðar ekki svo mjög á því, þótt þeim hafi gleymzt það, þar sem flestir nefndarmenn eru varpeigendur.

Halldór Kr. Friðriksson: Jeg get ekki verið nefndinni eins þakklátur og hinn hæstvirti landshöfðingi fyrir meðferð hennar á þessu máli; hefði hún stungað upp á, að hafna frumvarpinu, skyldi jeg hafa verið henni þakklátur. Jeg hef hjer áður á þingi sýnt fram á, hve mikla örðugleika spítalagjaldið hefði í för með sjer, og mikla galla eptir því sem löggjöfin nú er, og er nú komin fram spá mín 1871, að ýmsir þeir, sem sömdu þá löggjöf, sem nú er gildandi, mundu sitja á þingmannabekkjunum, er

henni skyldi breyta. Allir tollar á útfluttum vörum eru óeðlilegir og ósanngjarnir, og það er ekki einungis sá tollur, sem lagður er á, er landsbúar greiða, heldur verður tollurinn talsvert hærri, en sá sem landssjóður fær, því að kaupmenn munu þó vilja fá og verða að fá borgaðan kostnað sinn við tollgreiðsluna og leigu af þeim peningum, sem þeir verða að leggja út fyrir fram, til að borga með tollinn. Það leiðir og af öllum þessum tollum, að innflutta varan verður dýrari og útflutta varan ódýrari. Jeg skal játa, að það er eðlilegt, að sjávarbóndinn gjaldi líka af sínum atvinnuveg, eins og sveitabóndinn af sínum, en það er skylda löggjafarvaldsins að sjá um, að álag þetta sje hið vægasta, sem orðið getur, og ekki hærra en brýn nauðsyn krefur. Það leiðir og af þessu, að því meiri og fleiri sem tollarnir eru, því nauðsynlegra verður nákvæmt eptirlit með tollgreiðslunni, og með því komið hafa umkvartanir eða rjettara sagt frjettir um, að tollgjaldið mundi ekki vera goldið af öllu því, sem toll á af að gjalda, þegar þó eigi er að ræða um nema toll á tveimur vörum, þá má nærri geta, hversu miklu meiri freistnin muni verða, þegar tollarnir fjölga; því að freistnin verður eðlilega minni, þegar lagt er á fátt en þegar lagt er á margt, og því nauðsynlegra verður eptirlitið, ef tollarnir fjölga, en það mundi verða svo dýrt, að landssjóður fengi ekki helming af því, sem hann annars fengi, og þá gyldu landsbúar eigi til landssjóðs, heldur til einstakra manna, kaupmanna og tollheimtumanna. Hvort heldur er gjald af útfluttri eða innfluttri vöru, þá leggst gjaldið á landsbúa sjálfa og verður þeim örðugt. Jeg skal eigi ræða um hinar einstöku greinir frumvarpsins, en með því að jeg býst við, að frumvarp þetta nái fram að ganga, þá vil jeg áskilja mjer breytingaratkvæði við gjaldið, og það ekki einungis við einn liðinn, heldur við þá alla.

Framsögumaður: Það gladdi mig, að heyra hinar góðu undirtektir hins hæstvirta landshöfðingja undir aðgjörðir nefndarinnar, þótt hann væri ekki alveg samþykkur breytingum þeim, sem hún hefur gjört á útflutningsgjaldsupphæðinni. Ýmsir þingmenn hafa farið út í og rætt einstakar greinar, en það álít jeg ekki eiga við, meðan málið er enn til 1. umræðu. Að því er mjer skildist, vildi 1. þingmaður Suður-Múlasýslu fara eptir verði og erfiðleikum að afla fisksins; en jeg tók það fram áður, að nefndin ætlaði það væri ópraktiskt. Að því er snertir athugasemdir hans við 9. gr., þá mun mega, ef deildinni sýnist, laga það með breytingaratkvæðum til 2. umræðu. 2. þingmanni Suður-Múlasýslu þóttu 150 fiskar í skippund allt of mikið í lagt, en jeg get sagt honum það (og jeg vona, að einhver þingmaður verði til að flytja honum orð mín, þar eð hann er ekki við), að meðaltalið sje eigi 110—120 fiskar, eins og hann sagði; jeg hef sjeð allt að 200 fara í skippundið, og það jafnvel af *austlenzkum fiski*. Hann tók fram, að annað gjald ætti að vera af ísu, en þorski, en ástæða hans fyrir því var harðla ljettvæg, og munar slíkt minnstu, því hann tók það fram, að fiskurinn væri fremur lagður í salt en ísan, sem veiðist mest að haustinu, þar sem hann þekkir til, en þá eru meiri líkindi til, að sú ísa, sem aflað er að haustinu, sje hert og verði þannig sveitavara, og af henni kemur þá ekki útflutningsgjald. Hann vildi leggja útflutningsgjald á dún, en það kemur ekki þessu máli við, og liggur ekki fyrir; hann getur komið með sjerstakt frumvarp til þess, en ef hann gjörir það, þá getur hann eins lagt útflutningsgjald á ull, tólg o. s. frv.

Hinn heiðraði sessunautur minn, þingmaður Reykvíkinga, siglir einn á báti í þessu máli. Hann lastar spítalagjaldið, en þó vill hann hafna öllu því, sem stjórnin, landshöfðinginn og nefndin hefur aðhyllzt. Hann er einn af hinum miklu framfaramönnum landsins, en hann gætir þess ekki, að vjer því að eins getum eflt framfarirnar, að vjer höfum eitthvað til að gjöra það með, og að »auðurinn er afl þeirra hluta sem gjöra skal«. Hann hefur komið með stór-

kostlega uppástungu í þessu tilliti, þar sem hann fer fram á að lána einum manni stórfje til að stofna búnaðarskóla, en hann mun finna, að til þess að geta það, má fje landssjóðsins eigi fara minnkandi. Hann fann sjer það til, að tollurinn lægi einungis á sjávarbóndanum; en jeg vil gjöra þá athugasemd við það, að hann liggur *ekki* á sjávarbóndanum *einum*. (*Halldór Kr. Friðrikson:* Jú). Nei, það er ekki satt. Það er ekki sjávarbóndinn einn, sem sjóinn sækir. Bændur til sveita gjöra það líka, þeir senda vinnumenn sína til róðrar, bæði á Suðurlandi og Norðurlandi, og jafnvel Austurlandi líka, svo að bændur taka tilhlýðilegan þátt í þessum tolli, sem er svo mikil grýla í augum þingmanns Reykvíkinga. Hann var hræddur um, að eptirlitið yrði torsótt. Þetta var nefndinni alls ekki ókunnugt, en hún hugði það yrði ekki fremur en um aðra tolla. Þess konar mótbárur eru lítilsverðar, og skal jeg ekki heldur eyða fleirum orðum að þeim að þessu sinni.

Holgeir Clausen: Í vissu tilliti er jeg ekki á móti frumvarpinu, eða eins og landshöfðinginn vildi, að gefa 1% í útflutningsgjald, en það er of mikið fyrir síld. (*Margir:* Má laga með breytingaratkvæði). Nú! Nú! Það er þó ekki meiningin, að reka þessa menn burtu, sem geta kennt okkur að veiða síldina. En það er annað atriði, sem kemur niður í bágan stað, því það er allmerkilegt, að allir eru hræddir og skjálfandi, þegar minnzt er á dúninn. Þar sem dúnn er, eða varp, er svo heilagur staður, að jeg þori ekki að líta við, þegar jeg geng fram hjá. Ef Íslendingar fá nokkurn tíma herskip, þá vil jeg óska þeir ættu ekki í ófriði um varptímann, því þá mega þeir ekki skjóta. Því má ekki leggja eins á ull og tólg? Þetta er að eins byrjun á útflutningsgjaldi, það kemur seinna á allt. Þetta frumvarp fer að þeim mönnum, sem minnzt mega sín, því hjer mun fara eins og nú tíðkast, að bændur draga undan af tíundinni. Gjaldið er kannske nokkuð hátt, það verður víst meira en 1%. Yfir höfuð verð jeg að vera á móti frumvarpinu.

Varaforseti: Jeg ætla ekki að fara út í einstakar greinir þessa frumvarps, heldur að eins fara fáum orðum um málið yfir höfuð. Engum getur dulizt tilgangur stjórnarfrumvarpsins, sá, að af nema þá tilskipun, sem hefur verið óvinsælust allra tilskipana (*Benidikt Sveinsson*: Nei). Ef hinn háttvirti þingmaður segir nei, og ef hann tekur tillit til almenningsviljans — eins og hann þykist gjöra í sumum málum — þá skal jeg fræða hann um það, að á þeim hjeraðsfundi, sem jeg var á, var það eindreginn vilji allra fundarmanna, að af nema þessa tilsk. 12. febr. 1872, og leggja á þá skatta, sem væru rjettir og eðlilegir, ef skatta þyrfti á að leggja. Ef saga málsins er rakin, þá var þetta gjald, eða skattur, sem í fyrstu var ætlað til að við halda holdsveikum aumingjum, er einkum áttu heima í og nálægt fiskiverum landsins; var það að því leyti eðlilegt, að leggja gjald á sjávaraflann. Síðan hefur spítalasjóðurinn verið dreginn inn í landssjóð, og gjald þetta, sem lagt var á í sjerstöku augnamiði, gjört að skatti, sem rennur í landssjóð. Við þetta hefur almenningur unað mjög illa allt til þessa dags.

Þetta er saga málsins, en eðli þess er það, að skip er tíundað, og af því goldið í landssjóð eins og hverju öðru tíundarhundraði. Kýrin er líka tíunduð, og jeg geng út frá því sem sjálfsögðu, að bæði skipið og kýrin sje rjett lagt í tíund; sje það ekki, þá þarf að breyta því. En sje nú skipið rjett lagt í tíund eins og kýrin og hvert annað tíundar-hundrað, þá sje jeg ekki betur, en að eins rjett sje að telja pottana, sem kýrin mjólkar, og gjalda sjerstakan toll af þeim, eins og að telja fiskana, sem á skipið aflast, og gjalda af þeim. Atvinnuskattur er þetta ekki; þess ber einnig sannarlega að gæta, að sjávaraflinn er stopull og borg-

ar opt og mörgum sinnum ekki það, sem til hans er kostað. Eptir frumvarpinu á þó eins að gjalda skatt þennan, þó aflinn sje svo lítill, að hann ekki borgi sig. Jeg segi þetta í tilliti til þess, að þótt jeg fallist á frumvarp stjórnarinnar, þá álít jeg, að gjald þetta eigi að vera sem vægilegast. Útflutningsgjald er nýtt gjald; það er að því leyti nýr skattur, sem stungið er upp á að leggja á með frumvarpi þessu, en það er hyggilegt að fara varlega, þegar nýir skattar eru lagðir á. Þess ber og að gæta, að skattur þessi kemur í stað þess skatts, sem hefur verið óvinsælastur allra. Það er því sannarlega varúðarvert, að ganga langt í þessu efni, því þetta er ný aðferð, að leggja skatta á útflutningsvöru, og verður því að vera svo, að landsmenn finni sem minnst til þess. Eptir rjettum reglum ætti helzt að leggja útflutningsgjald á þær vörur, sem menn vilja að ekki flytjist út úr landinu, en þetta gildir ekki um fiskinn, því af honum er mikið aflað, og meira en svo, að þess verði alls neytt í landinu. Fiskurinn er aðalkaupstaðarvara mörg hundruð búanda og sú eina kaupstaðarvara margra. Margir fátæklingar lifa eingöngu á afla, verða að lifa með skylduómögum á 1—2 skp. af saltfiski um árið. Þetta er dagsanna. Jeg segi þetta einungis til þess, að menn sjái, hve nauðsynlegt og áríðandi það er, að gjaldið sje sem lægst. Með tilliti til þess, sem hinn hæstvirti landshöfðingi sagði um niðurfærsluna á tollinum, þá skal jeg geta þess, að nefndin dreifði tollinum af fiski á sundmaga og gotu, og ætlaðist þannig til, að hann gæti orðið eins mikill til samans, þótt hann væri færður niður á fiski. Annar galli hefur og verið tekinn fram af 2. þingmanni Suður-Múlasýslu, sá, að enn sje nýr tollur lagður á, er kaupmenn eigi að greiða, og er það enn ný ástæða til þess að hafa hann lágan. Kaupmenn greiða nú þegar af hendi $^1/_3$ af öllum gjöldum til landssjóðs; þetta er ísjárvert og mjög tilfinnanlegt fyrir þá, og þykir þeim í þessu tilliti miður beitt sanngirni við sig, og er það eðlilegt, að þeir fyrir þá sök leiðist til að gjöra sig vel skaðlausa. Frá þessu sjónarmiði álít jeg enn ástæðu til að hafa útflutningsgjaldið sem lægst.

Grímur Thomsen: Mig minnir hinn háttvirti þingmaður Reykvíkinga byrjaði ræðu sína með því, að útflutningsgjald væri móti rjettum gagnfræðisreglum; það mun rjett, að það sje að minnsta kosti ekki eptir rjettum fjárhagsreglum. En það mun samt eiga sjer stað í öðrum löndum, sem lengra eru komin en við, t. a. m. í Vesturheimi, og fyrir skemmstu í Danmörku eptir tilsk. 1. maí 1838. «Sú vara, sem borgast af, verður dýrri fyrir landsmenn en vera þarf», sagði hann; það getur verið, en sama á sjer stað um fiskinn, sem spítalagjaldið hvílir á; hann er dýrari fyrir það og gefur minna af sjer en áður. Og ef gjaldið þykir of hátt sett, þá er jeg ekkert á móti, að breytt sje þannig, að fiskur teljist eins og áður. Hvorki í frumvarpinu nje í nefndarálitinu er gjörður munur á saltfiski og hertum fiski, sem er þó misjafnt dýr, og hefur stundum munað svo, að harðfiskur hefur verið 20—30 kr. dýrari skpd. en saltfiskur. Þó lítið sje flutt út af harðfiski í samanburði við saltfiskinn, þá er samt rjett og eðlilegt að gjöra mun á hverju skippundi af saltfiski og harðfiski. Hinn háttvirti landshöfðingi sagði, að 50 aurar af hverju skippundi mundi vera einn af hundraði, og mun það rjett, ef hann eingöngu heldur sjer til verðs á góðum söltuðum þorski; en þegar allt kemur saman: ísa, þorskur og þyrsklingur, þá mun meðalverðið ekki meira en 35 kr. skippuudið. Nefndin hefur sett gjald af laxi 30 aura af 100 pd.; það er í lægsta lagi í samanburði við verð það, sem á laxinum er, þegar hann er reyktur. Pundið af söltuðum og reyktum laxi hefur selzt á 70

aura; því virðist 30 aur. af 100 pd. of lágt; jeg vildi það væri fært nokkuð upp. Loks er jeg samþykkur 1. þingmanni Suður-Múlasýslu um, að tollurinn af síld sje of hár, því það mun rjett, sem hann sagði, að síldartunnan seljist ekki meira en 15—20 kr. Hafi stjórnin í sínu frumvarpi, og nefndin eptir henni, haft það fyrir augum, að veiðin er sjer í lagi í höndum útlendra, þá er ekki ástæða til að fylgja þeirri reglu, því við vonum, að sá tími komi, að Íslendingar fái smámsaman sjálfir mikinn hluta síldarveiðarinnar í hendur. Mjer virðist rjett að leggja tollinn á eptir gangverði hverrar vörutegundar og láta það vera 1 %. Nefndin hefur bætt við tveimur vörutegundum, sundmaga og gotu, og hefur hún lagt 30 aura á 100 pund af sundmaga; er það mjög lágt, því 100 pd. af honum seljast fyrir 90 kr. En af hrognunum er tollurinn aptur of hár, þar sem tunnan mun varla fara fram yfir 20 kr. og opt nokkuð fyrir neðan það verð. Mun því nauðsynlegt að koma með breytingartillögu við þetta fyrir næstu umræðu, og vona jeg, að nefndin sje mjer samdóma um það atriði. Jeg skal leyfa mjer að gjöra þá athugasemd, þó að skýrslur þær, sem jeg hef fyrir mjer, sjeu ekki sem áreiðanlegastar, þá hlýtur landssjóði að bætast mjög mikið í tekjunum við þessa breytingu. Komi öll kurl til grafar, koma inn, eptir því sem jeg hef lauslega reiknað, hjer um 50,000 kr. á ári í landssjóðinn, en spítalagjaldið gaf af sjer einar 7,000 kr. árlega; þetta hygg jeg gott búsílag og þörfum þjent, því þó að jeg sje ekki spámaður — eins og þingmaður Reykvíkinga — þá mun sú raun á verða, að bráðum ber að því, að menn þurfa talsverðan tekjubæti (til að hanga í jafnvægi). Þá vakir sú spurning fyrir, hvort fiskurinn muni ekki falla í verði; en jeg þykist sannfærður um, að landsbúar fái eins mikið fyrir vörurnar, þrátt fyrir þetta gjald. Lítum á spítalagjaldið. Jeg hef sjálfur verið útvegsbóndi og veit, að maður fjekk ekki æfinlega inn hjá sjómönnum það, sem þeim bar að gjalda. Jeg segi frá mínu sjónarmiði, þar sem jeg hef um tíma haft á hendi að fara yfir reikninga landsins, þá fagna jeg hverjum skynsamlegum tekjuauka og er stjórninni þakklátur fyrir þessa breytingu á gjaldinu; ætti jeg 3 eða 4 atkvæði, þá skyldi jeg greiða þau öll með frumvarpinu.

Þorlákur Guðmundsson: Jeg er yfir höfuð að tala því mótfallinn, að setja toll á útflutta innlenda vöru, en aptur á móti verð jeg að álita hjer, að nauðsyn brjóti lög, og kringumstæður hugsun, einkum þar sem um er að gjöra, að af nema hið svo kallaða spítalagjald, sem ætíð hefur verið óvinsælt og óviðráðanlegt. En þó finnst mjer nefndarálit þetta vera í sumum greinum ósanngjarnt. Það er reyndar satt, sem hinn háttvirti framsögumaður sagði, að gjald þetta eða tollur kemur ekki niður á sjávarbóndann einn, heldur og á sveitabóndann, því að margir þeirra gjöra út menn sína til sjóar. En á hinn bóginn finnst mjer nefndin hafa fylgt ónákvæmri aðferð, er hún setti toll þennan. Það er hverjum manni augljóst, að kostnaðurinn er ekki jafn fyrir seljanda á saltfiski og hörðum fiski. Kostnaður á hörðum fiski er hjer um bil þriðjungi minni, og auk þess er hann í miklu hærra verði, þar sem skippundið af honum er selt allt að 80—90 kr., en af saltfiski ekki nema 50—60 kr. Hvað sundmagann snertir, þá er hann nú sem stendur í mjög háu verði, þar sem gefið er fyrir hvert pund 90 a., og jafngilda þannig eins og nú stendur 100 pund einu skippundi af harðfiski; en það er ekki sagt, að hann verði allt af svona dýr, og má vel vera, að hann falli í verði, og í öllu falli er það valtara en verð á saltfiski og hörðum fiski. Þar sem í nefndarálitinu er talað um hrognin, þá kastar þar tólfunum, og verð jeg að álíta það alveg ranglátt, að leggja jafnan toll á tunnu af hrognum

og tunnu af lýsi eða skippund af fiski, þar sem tunnan af hrognum gengur hæst 24 kr. með trje og ½ tunnu af salti. En tunnan af lýsi nær hálfu meira. Þetta nær alls engri átt, en það má vel lagast með breytingaratkvæðum. Þingmaður Reykvíkinga sagði, að þessi tollur mundi fæla menn frá að afla, en það væri lág hugsun, og eins og ef að sveitamaðurinn segði sem svo: já, jeg vil ekki eiga skepnur, svo jeg ekki þurfi að gjalda af fjenu, en hins vegar á tollurinn ekki að ofþyngja mönnum, eins og hinn háttvirti 2. þingmaður Suður-Múlasýslu tók fram. Hvað síldina áhrærir, mun það heldur eigi vera tilgangurinn, að fæla menn frá að stunda síldarveiði hjer við land, og lofa landsbúum að taka framförum í þeirri kunnáttu. Og jeg mun sameina mig við hinn háttvirta 2. þingmann Suður-Múlasýslu um breytingartillögur um að lagfæra þetta atriði. Þar sem hinn háttvirti varaforseti mælti, og bar saman skip og kú, afla og mjólk, þá er þess að gæta, að kýr er venjulegast eins hátt tíundað, hvort sem hún mjólkar mikið eða lítið, en enginn getur lagt toll á afla þann, sem aldrei kemur á land, enda er þetta það eina gjald, sem tómthúsmenn gjalda til landssjóðs.

Framsögumaður: Sumar af athugasemdum þeim, sem gjörðar hafa verið við nefndarálit þetta, eru svo lagaðar, að jeg þarf ekki að svara þeim á þessu stigi málsins. En viðvíkjandi ræðu hins háttvirta þingmanns Snæfellinga skal jeg leyfa mjer að geta þess, að hjer er eigi um að ræða dún, ull, tólg, kjöt eða tíundarsvik bænda í sveit. Jeg skal vera hinum háttvirta þingmanni Borgfirðinga þakklátur fyrir hans góða vilja, þar sem hann sagðist mundu greiða atkvæði með þessu nefndaráliti, og óskaði, að hann þá hefði fengið atkvæði, og það þrátt fyrir athugasemdir þær, sem hann hefur gjört við nefndarálitið. Jeg skal fúslega játa, að ýmislegt kann að vera athugavert við nefndarálit þetta, og sumum þykir, sem nefndinni hafi verið nokkuð mislagðar hendur. En þess ber að gæta viðvíkjandi harðfiski og saltfiski, sem nefndin hefur lagt jafnan toll á, að þótt skippundið af harðfiski sje dýrara, þá fara langtum fleiri fiskar í það. Það þurfa langt um fleiri fiskar til að útgjöra 1 skippund af harðfiski en af saltfiski. Það vakti líka fyrir nefndinni erfiðleikinn á að innheimta toll þennan og eptirlitið á honum. Viðvíkjandi reikningi hins hæstvirta landshöfðingja, þá ber þess að gæta, að hann hefur reiknað 1% eptir 50 aura gjaldinu en ekki eptir 30 aura, sem nefndin hafði fyrir augum, og bætti hún því við ýmsum fleiri vörutegundum, en þeim sem taldar eru í frumvarpinu. Nokkrir þingmenn, þar á meðal hinn háttvirti 2 þingmaður Suður-Múlasýslu hefur hneykslazt á síldartollinum, en honum ber að gæta þess, að nefndin hefur miðað við lagartunnu, sem er nokkru stærri en síldartunna Norðmanna. Hinum háttvirta þingmanni Borgfirðinga reiknaðist svo til, að tollar þessir mundu nema 50,000 kr. á ári, en spítalagjaldið næmi eigi árlega nema 7,000 kr. rúmum; hinn háttvirti þingmaður hefur víst ekki gáð að, að spítalagjaldið nemur fyrir næstliðið ár 25,000 kr. Hinn háttvirti 1. þingmaður Árnesinga hneykslaðist á sundmagagjaldinu og hrognunum; jeg skal fúslega játa, að gjaldið er sett nokkuð hátt á hrognum, en jeg álít betra, að engin hrogn sjeu flutt út úr landinu, tel meiri hagnað, að þau sjeu notuð í landinu sjálfu, og hið sama er að segja um sundmagann; það er sú nauðsynjavara, sem landið sjálft gjörði bezt í að hafa handa sjálfu sjer.

Benidikt Sveinsson: Jeg finn ekki ástæðu til að fara mörgum orðum um mótbárur þær, sem komið hafa fram viðvíkjandi almennum reglum fyrir tollum á útfluttri vöru. Ekki ætla jeg heldur að svara hinum háttvirta þingmanni Reykvíkinga mörgu, að eins vildi jeg geta þess, að mjer þætti

gaman að sjá það frumvarp, sem *hann* áliti samið eptir *rjettum* almennum grundvallarreglum fyrir tolla-álögum á útflutningsvörum, ef þessar vörur ættu að flytjast út úr kjördæmi hans, eða yfir höfuð ætti að lenda á sjávarmanninum, en ekki sveitabóndanum. Jeg er að öðru leyti hinum háttvirta 1. þingmanni Suður-Múlasýslu að mestu leyti samdóma um undirstöðuatriði fyrir rjettum tolllögum. Jeg álít, að eptir hans grundvallarskoðunum sje einmitt rjett, að leggja nokkurn toll á útfluttan fisk, því jeg álít, að útflutningur á fiski sje orðinn helzt of mikill víða hjer á landi. Að minnsta kosti veit jeg það, að í Þingeyjarsýslu eru almennar umkvartanir um það, að erfitt sje að fá fisk keyptan til búþarfa, einmitt fyrir sakir þess, að allur fiskur er lagður inn í kaupstaðinn. (*Þorlákur Guðmundsson*: «Hjer er eins»). Önnur aðalmótbára mót nefndaráliti þessu er sú, að ekki sje tekið tillit til dýrleika hverrar vörutegundar fyrir sig. Jeg skal játa, að þessi mótbára er í fljótu bragði á rökum byggð, enda bjóst og nefndin sjálf við henni, en hún hefur *í raun rjettri* gjört við þessu, þótt það sje á nokkuru annan bátt, en tekið hefur verið fram hjer í þingsalnum. Hún hefur sem sje í fyrsta máta *fært niður* gjaldið af sumum vörutegundum og *bætt við* öðrum nýjum, fjölgað þeim tegundum, sem greiða skal toll af, og enn fremur hefur hún miðað 30 aura gjaldið við ódýrustu vöruna. Hún ljet sjer hugfast, að tollurinn skyldi með öðrum orðum vera sanngjarn, miðaður við ódýrustu vöruna, en treystist eigi til að elta jöfnuðinn og sanngirnina lengra, enda sá nefndin og, að líkur, já, miklu meiri ójöfnuður, en það sem eptir er, á sjer stað í mörgum atriðum, t. d. í skattalögunum, þar sem 1 hndr. í sauðfje er látið hafa jafnt gjaldþol alstaðar á landinu. Lausafjárhundrað er látið hafa sama gjaldþol á Jökuldal og undir Eyjafjöllum, en þó er það sjálfsagt þrefalt arðmeira á Jökuldal. Sama er að segja um gagn af kúm, að það fer mjög eptir landslagi, og er því misjafnt; hver munur er og ekki á beztu kú og lökustu kú, þó hún sje tíundarbær. Menn verða að gæta að því, að *fullkomnum* jöfnuði verður aldrei náð í slíkum efnum, sem þessum, og elti menn hann um of, komast menn í ógöngur, vafninga og torfærur, og svo var og fyrir nefndinni, að hún treystist eigi til að ná honum og vildi ekki elta hlutföllin nákvæmar, en hún gjörði. Nú er það og eitt, að opt, jeg held sem optast, þá eru það sömu mennirnir, sem hafa fleiri af þeim vörum, sem frumvarpið ræðir um. Enginn maður veiðir fisk, án þess að í honum sje lýsi, eða þá lýsi án samsvarandi fisks. Þar að auki er það mikið til í sjálfsvald sett hverjum einum, hvað hann hefur af hverri tegund, hvort hann t. a. m herðir mikið eða lítið eða saltar mikið eða lítið af fiskiafla sínum. Jeg veit að minnsta kosti, að sólin og vindurinn í Þingeyjarsýslu skín og blæs eins á fisk, sem á að herða, og þann, sem saltaður er. Það get jeg sagt hinum háttvirta 2. þingmanni Suður-Múlasýslu, sem er að grípa fram í orð mín. Hvort maður því setur tollana misjafnt, t. d. 10 a. á eina tegundina, 20 á aðra, 30 á þriðju, það gefur sömu gjaldhæð, eins og sett væri 20 a. á hverja, því að $10 + 20 + 30 = 60$, og $20 + 20 + 20$ eru líka $= 60$. Jeg er annars fyrir mitt leyti ekkert mótfallinn því, að þessu væri breytt, ef það væri betra, en vildi skýra fyrir þinginu, að ekki er svo mikill munur á stefnu nefndarinnar og breytingum þeim, sem hinir heiðruðu þingmenn hafa stungið upp á til að bæta nefndarfrumvarpið, eins og menn ætla. Útflutningsgjald á fugli átti eigi við, en þar á móti átti það við, að nema úr lögum ákvarðanirnar um spítalagjaldið af fugli í sambandi við hin lögin, og þetta hefur nefndin gjört. Hinir heiðruðu þingmenn geta komið fram með sjerstaklegt frumvarp um gjald af fugli,

ef þeir vilja, en ákvörðun um það í þessu frumvarpi átti ekki við.

Þorkell Bjarnason: Jeg skal að eins leyfa mjer að gjöra nokkrar stuttar athugasemdir við ræðu hins háttvirta þingmanns Borgfirðinga; honum þótti tollur af laxi eigi settur nógu hátt í samanburði við toll á öðrum vörutegundum. Það má vera, að svo sýnist í fljótu bragði, en ef vjer gætum betur að, þá er kominn skattur á lax áður. Við ábúðarskattinn komst einnig skattur á lax, því að við jarðamatið er tekið tillit til hlunninda jarðanna, og jarðir hækkaðar í verði fyrir þau, og þannig settur skattur á arð hlunninda-anna. Ef laxveiðin eigi er talin með í dýrleika jarðarinnar, og ábúðarskatturinn nær ekki þeim hlunnindum, þá fellur á stundum á laxinn tekjuskattur, t. d. hjá embættismönnum. Mín skoðun hefur jafnan verið sú, að sjávarbóndi hafi eigi greitt að tiltölu meiri gjöld en sveitabóndinn, og að spítalagjaldið hafi eigi verið úr hófi hátt, en þegar þess er gætt, hversu spítalagjaldið hefur illa goldizt, og hversu erfitt hefur verið að heimta það inn, þá er full ástæða til að af nema það, því að öll þau lög eru skaðleg, sem freista til undandráttar. Þar sem hinum háttvirta þingmanni Borgfirðinga taldist svo til, að þetta nýja gjald mundi nema 50,000 kr. á ári, en spítalagjaldið hefði ekki verið nema 7,000 kr., þá virðist þessi útflutningstollur of hár, því margir sjávarmenn eru bláfátækir, sjávarútvegur kostar mikið og arðurinn einatt stopull. Jeg hallast því að skoðunum þeirra heiðruðu þingmanna, sem vilja færa gjaldið niður, og ætla jeg því að sameina mig við hinn háttvirta 2. þingmann Suður-Múlasyslu með breytingaratkvæði í þessa stefnu.

Jón Ólafsson sagði, að framsögumaður hefði gjört mikið úr mun á síldartunnu og lagartunnu. Lagartunnan væri 120 pt., síldartunnan 108 pt., svo að munurinn væri einir 12 pt. Jeg miðaði við verðið á síldinni erlendis, en tók ekki tillit til kostnaðarins. Þar á móti taldi jeg fiskverðið, eins og fiskur borgaðist hjer í landi; en hjer kostar síldartunnan ekki yfir 10—14 kr. með trje. Það kostaði þó meira að flytja síldartunnuna en skp. af fiski, sökum þess hún rúmaðist ver í skipi. Hann skírskotaði til ræðu 2. þingmanns Norður-Múlasýslu, og kvað mundu örðugt að gjöra þann mun á gangverði, sem hann vildi, á vörunum í hverri veiðistöðu; það mundi verða eins misjafnt og jarðarhundruðin, sem alstaðar væru lögð jafnt í tíund, og hvað það snerti, að sami maður hefði að jafnaði fleiri tegundir, þá vildi hann spyrja, hvort sá, sem aflaði ísu og fengi lýsi, aflaði líka síld, eða sá, sem drægi fisk, fengi líka lax. Hann hefði engan mun viljað gjöra á harðfiski og saltfiski, því það mundi hverjum einum innan handar að gjöra hvort sem hann vildi, að herða eða selta fiskinn, því sólin skini jafnt á hvorntveggja; það gæti verið svo um sólina í Þingeyjarsýslu; en hún væri þá, eins og Hornafjarðarmáninn, öðruvísi en annarstaðar á landinu; það væri þó aðgætandi, að harðfiskur þyrfti skjótan þurrk, þar sem saltfiskinn mætti geyma í salti jafnvel allan veturinn, og svo hefði það reynzt á Austurlandi, að eitt árið hefði verið hægt að herða allan fisk, en hitt árið kanske ekki neitt. Sjer þætti undarlegt, ef öðruvísi hagaði til í Þingeyjarsýslu. En líklega hefði þingmaðurinn aldrei verkað fisk, og væri honum óhætt að trúa sjer og öðrum, sem betur hefðu vit á þessu. Þó ósanngirni ætti sjer stað í álögum, t. d. af því jafnt væri lagt á hvert hundrað í föstu eða lausu, þótt hundruðin væru misdýr í ýmsum hjeruðum, þá væri það ekki ástæða til þess, að reyna eigi að ná sanngirni, þar sem þess væri kostur.

Enginn tollur væri lagður á fuglinn, og væri hjer þó mikil fuglatekja, t. a. m. í Vestmannaeyjum, á Breiðafirði, í Drangey

og víðar. Þótt gjald þetta hefði verið lítið, þá mundi það einkum hafa komið af því, að svo mikið hefði verið undan dregið. Hann vildi láta leggja eitthvert gjald á annaðhvort dún eða fiður eða hvorttveggja, svo tekjur gætu fengizt af honum. Hvað laxveiðina snertir, vildi hann svara 2. þingmanni Gullbringusýslu því, að þegar jarðir væru metnar til dýrleika, mundi eins tekið tillit til útræðis, trjáreka og allra annara hlunninda eins vel og til laxveiði, og væri því eigi af þeirri orsök ástæða til að færa niður tollinn af laxi. Þingmanni Barðstrendinga hefði þótt það geipilega reiknað hjá þingmanni Borgfirðinga, að tollurinn mundi nema 40—50,000 kr., en eptir því sem sjer hefði reiknazt, væri það alveg rjett. Eitt vildi hann þó leiðrjetta hjá þingmanni Borgfirðinga. Sá heiðraði þingmaður sagði mikið af útflutningstollum í Vesturheimi; en þetta er svo fjarstætt, að í stjórnarskrá Bandaríkjanna er einmitt svo fyrir mælt, að aldrei megi um aldur eða æfi leggja útflutningstoll á neina vöru.

Grímur Thomsen: Jeg sný mjer þá fyrst að þingmanninum, sem niður settist; það er auðvitað, að hann hefur farið meir um Vesturheim en jeg, en það er mjer þó kunnugt, að um tíma var þar lagður útflutningstollur á gull (*Jón Ólafsson*: Nei, enginn *tollur!*). En við skulum koma til Danmerkur, þar var útflutningstollur lagður á ull, tólg, hesta, o. s. frv. og gilti í þessu efni tilsk. af 1. maí 1838 til 1863, er þessu var breytt. Höfðu þeir aðflutningstollinn sumpart til þess að varna því, að vörurnar flyttust út úr landinu, og sumpart til þess, að auka tekjur. En jeg stóð einkum upp út af litlum ágreiningi milli mín og þingmanns Barðstrendinga. Hann fræddi oss á því, að engin ósanngirni væri að leggja jafnmikið á saltfisk og harðfisk, því að meira færi í skippundið af hörðum en söltum fiski. Mun hann geta frætt mig á því, hvað saltið er dýrt? og sjálfur tekið til greina að 4—6 krónur í salti bætast ofan á hvert skippund af saltfiski, en að harðfiskurinn er laus við þennan áhæti (*Lárus Blöndal*: Þó lestagjaldið væri af numið). Þá mun jeg svara þingmanninum því, að salt lækkaði til muna í verði hjer um slóðir í fyrra, eptir að það var af numið. Framsögumaður sagði um sildina, að hjer væri reiknað eptir lagartunnu; en rjettara mun að reikna eptir síldartunnu (108 pottum). Þannig er reiknað norðanlands, og þaðan er hún helzt flutt, lítið að sunnan, og virðist því rjettast að brúka þessa tunnutegund fyrir tolleiningu, ef jeg mætti svo að orði kveða, því á þann hátt, eða í þessum umbúðum er varan einkum flutt út. Loks fann framsögumaður að því, að tölurnar væru ekki rjettar hjá mjer, þar sem um spítalagjaldið er að ræða. Jeg fór eptir stjórnarfrumvarpinu fyrir 1878 og 79 með athugasemdunum. Jeg skal játa, að það hefði átt að muna meiru, en jeg hef enga vissu fyrir, að það teljist betur á árinu 1881; jeg verð að halda mig við stjórnarfrumvarpið, og þar er á ætlað, að spítalagjaldið verði einungis 7,000 kr. Jeg hygg það rjett, að í þessu frumvarpi sje mikil bót og mikill tekjuauki.

Varaforseti: Mjer virðist breytt móti þingsköpunum, þar sem rætt er um einstakar greinir málsins, eins og það væri við 2. umræðu. En úr því svo er komið, má jeg spyrja þá, sem álasa nefndinni fyrir það, að hún hefur ekki tekið tillit til verðlags á vörunum, hvort þeir viti, hvaða verð muni verða á vörunum framvegis, þó þeir geti kannske vitað það á þessu ári, sem yfir stendur. Nefndin varð að álíta, að engan veginn væri rjett að fara eptir verðhæðinni einni, heldur yrði einnig að hafa tillit til þess, hvort rjett væri að flytja vöruna út úr landinu, og margs fleira.

Forseti: Jeg skal játa það, að umræðurnar hafa farið of langt bæði í þessu máli og fleirum við fyrstu umræðu, og

hefur varaforseti gjört sig sekan í því eigi síður en aðrir. Mjer er óljúft að þurfa að hepta málfrelsið, en jeg vildi óska, að þingmenn reyndu að skirrast við því, svo sem unnt er, að lengja umræðurnar um of, einkum í þeim málum, sem litlu varða.

Benedikt Sveinsson: Hinn heiðraði 2. þingmaður Suður-Múlasýslu hefur fundið ástæðu til bæði að *misherma* orð mín og að *misskilja* orð mín. Honum þótti tollurinn á síld of hár í samanburði við fisk. (*Jón Ólafsson*: Nei). Jú; en það er aðgætandi, að hjer kemur til greina *hlutfallið milli arðsins og tilkostnaðarins í hverri veiði sem er*, því ef menn auðgast á síldarveiðinni fyrir tiltölulega minni tilkostnað en við aðrar fiskiveiðar, þá er rjett að láta tollinn fara eptir því; og nú vita allir menn, að síldarveiðin er einhver mesta gullnáma hjer á landi: það skiptir hundraða, það skiptir þúsunda, já margra tuga þúsunda króna arði, sem menn ausa upp úr sjónum á örstuttum tíma, og á þessu byggist eðlilega hlutfallsmunurinn á tollupphæðinni, miðað við hinar aðrar svo langtum arðminni aflategundir. Jeg sagði, að það væri *mestmegnis* í sjálfs-vald sett, hvort menn vildu herða eða selta fiskinn. Þetta er hægt að sanna af reynslunni. Það eru þannig einungis 5 ár, síðan *Norðlendingar* fóru að salta fisk sinn til að flytja út saltfisk. Var það *sólin* þá eða *sólarleysið*, sem olli því, að þeir gjörðu það ekki fyrri? Ef til vill er þessu nokkuð öðruvísi varið á Austurlandi, en ýkjalangt er ekki síðan, að *Austfirðingar* fóru að flytja út saltfisk, en sól, vindur og sólskin mun vera álíka hjá þeim á seinni tímum sem fyrri. Í *Vestmannaeyjum* var í mínu ungdæmi enginn fiskur saltaður og því enginn saltfiskur fluttur út. Í *Vestur-Skaptafellssýslu* er enginn fiskur saltaður eða útfluttur, og er þó beztur aflinn þar á góu og seinni part vetrar, einmitt þá, er 2. þingmaður Suður-Múlasýslu mun ekki staðhæfa, að sólskin, þurrkur og vindar sjeu hvað mestir og beztir. Hjer ræðir ekki um fugl í þessu frumvarpi, af því það á ekki við. Hvernig gat nefndinni dottið í hug að fara að smokka slíku ósamkynja inn í það? Vildu menn leggja gjald á fuglinn, yrði það að vera allt annað gjald en útflutningsgjald, og að öðru leyti allt öðruvísi lagað en nú er, því fugl er ekki fluttur út, og hinn gildandi gjaldmáti er óhafandi.

Samþykkt í einu hljóði, að frumvarpið gengi til 2. umræðu.

Forseti: Jeg leyfi mjer að skora á þingmenn að koma með breytingaratkvæði sín þegar í dag.

ÖNNUR UMRÆÐA Í NEÐRI DEILD,
á 22. fundi, 26. dag júlímán.

Breytingaruppástungur
við frumvarp til laga um útflutningsgjald á fiski og lýsi.

1. gr. Friðrik Stefánsson og Jón Jónsson:
Við 1. málslið bætist: «Sömuleiðis skal greiða útflutningsgjald af fiðri og dún».
— Nefndin: Síðari málsgrein: Í stað orðanna: «skipið fer» — — «er lokið» komi: «skipið fer þaðan, hvort heldur til annara fiskistöðva hjer eða alveg burt frá landinu, eptir að veiðiskapnum er lokið, á hverjum stað sem er».

2. gr. 1. tölul.
a. H. Kr. Friðriksson, Þorlákur Guðmundsson og Jón Ólafsson, að í staðinn fyrir:
«af hverju skippd. af saltfiski 50 a» komi: «af hverjum 100 pund. af saltfiski . . . . . 8-»
b. Ólafur Pálsson, Grímur Thomsen, Þorsteinn Jónsson og Jón Ólafsson:
«af 100 pnd. af saltfiski . 10-»
c. Tryggvi Gunnarsson og Jón Ólafsson:
«af 100 pd. af saltfiski . . 12-»
d. Nefndin:

«af hverju skpd. af saltfiski eða hertum fiski . . . . . 10 -»

e. H. Kr. Friðriksson og 2 aðrir þingmenn:
«af hverjum 100 pd. af hertum fiski . . . . . 10 »

f. Ólafur Pálsson og fleiri:
«af hverjum 100 pnd. af hertum fiski . . . . . 15 -»

g. Tryggvi Gunnarsson, og Jón Ólafsson:
«af hverjum 100 pnd. af hertum fiski . . . . . 20 -»

2. tölul.

a. Nefndin: «af fiski, sem flyzt út saltaður, nýr eða hálfhertur, af hverjum 150 fiskum . . 30 -»

b. H. Kr. Friðriksson og 2 aðrir þingmenn:
«af fiski, sem flyzt út óþurrkaður, af hverri tunnu . . 10 -»

c. Ólafur Pálsson og fleiri:
«af hverjum 100 fiskum, sem flytjast út hálfhertir . . 10 -»

d. Tryggvi Gunnarsson og Jón Ólafsson:
«af fiski, sem flyzt út hálfhertur, saltaður eða nýr, af hverjum 100 fiskum . . . 20 -»

Nýr tölul. Eptir 2. lið komi nýr liður:

a. Tr. Gunnarsson og Jón Ólafsson:
«af hverjum 100 pd. af sundmaga . . . . . 50 -»

b. Nefndin og 7 þingmenn:
«af hverjum 100 pd. af sundmaga . . . . . 30 -»

Nýr liður a. Nefndin:
«af hverri tunnu af hrognum 30 -»

b. 9 þingmenn:
«af hverri tunnu af hrognum 15 -»

3. tölul. frumvarpsins:

a. H. Kr. Friðriksson og 2 aðrir þingmenn:
«af síld, af hverri tunnu (108 pottar) eða jafnvægi hennar 15 -»

b. 6 þingmenn:
«af síldartunnu (108 pottar), í hverjum umbúðum sem hún flyzt . . . . . 25 -»

4. tölul. frumvarpsins:

a. H. Kr. Friðriksson og 2 aðrir þingmenn:
«af hverri tunnu af lýsi . 20 -»

b. Nefndin, Ólafur Pálsson og fl.:
«af hverri tunnu lýsis . . 30 -»

c. Tryggvi Gunnarsson og Jón Ólafsson:
«af hverri tunnu lýsis . . 40 -

4. tölul. frumvarpsins:

a. Nefndin, H. Kr. Friðriksson og fleiri:
«af laxi, hvort heldur söltuðum, reyktum eða niðursoðnum, af hverjum 100 pd. . . . 30 -»

b. Ólafur Pálsson og fleiri:
«af hverri tunnu af laxi, nýjum, söltuðum eða niðursoðnum 40 -»

c. Tryggvi Gunnarsson og Jón Ólafsson:
«af laxi ýmislega verkuðum, af 100 pundum . . . . . 50 »

Nýr liður (6. tölul.):

a. H. Kr. Friðriksson og 2 aðrir þingmenn:
«af öðrum fiski niðursoðnum, af hverjum 100 pd. . . . 15 -»

b. Nefndin:
«af niðursoðnum fiski, af hverjum 100 pd. . . . . 15 -»

c. Friðrik Stefánsson og Jón Jónsson:
«við 1. gr., eins og hún er orðuð hjá nefndinni, bætist þessum nýju atriðum:
8. af hverjum 100 pundum af æðardún . . . . 60 -»
9. af hverjum 100 pundum af fuglafiðri . . . . 40 -»

3. gr. frumvarpsins:
Nefndin:

1. Í fyrstu málsgrein, að á milli orðanna: «leggur af stað frá» og «eða» bætist inn í: «hvort heldur til annara veiðistaða hjer».

2. Í sömu málsgrein, að orðin: «til utanferðar» falli burt.
3. Við enda sömu greinar bætist: «annaðhvort í peningum eða ávísunum á verzlunarbús í Kaupmannahöfn, er gjaldheimtumaður tekur gilt».

9. gr. frumvarpsins:
Tryggvi Gunnarsson og Jón Ólafsson:
Í staðinn fyrir: «á árinu 1881» komi: «til loka ágústmánaðar 1881».

Framsögumaður (Eiríkur Kúld): Það hafa komið fram margar breytingaruppástungur viðvíkjandi frumvarpi þessu. Þær fara allar í líka stefnu og eru ekki framkomnar í því skyni, að fella frumvarpið, því engin uppástunga liggur fyrir um að fella það. Hvað sýnir þetta? Það, að menn eru óánægðir með spítalagjaldið og vilja heldur leggja á útflutningsgjald, þó að marga greini á við nefndina um upphæð þess í einstökum greinum. Jeg skil ekki, hvers vegna menn hafa viljað lækka gjaldið svo mjög, fram yfir það, sem nefndin gjörði. Þó eru ekki allir, sem vilja það, því t. a. m. við 2. gr. c eru lagðir 12 aurar á hver 100 pund af saltfiski, þar sem nefndin leggur 30 aura á hver 320 pund, eða rúma 10 aura á 100 pundin. Hjer er því gjaldið hækkað og eins á herta fiskinum. Þetta kann að hafa við sanngirni að styðjast, þegar farið er eptir verði vörutegundanna. En nefndin vildi ekki flokka þetta svo nákvæmlega, sökum þess að þá yrði eptirlitið örðugra. Þar á móti eru sumir, sem vilja færa gjaldið úr hófi niður, t. a. m. þingmaður Reykvíkinga og 2. þingmaður Suður-Múlasýslu. Hvað hinn síðarnefnda snertir, þá skal jeg játa það, að það er í fyrsta sinn, sem jeg hef sjeð nafn sama þingmanns undir ólíkum breytingaratkvæðum í sama máli, en jeg þykist skilja þingmanninn, að hann hefur viljað hafa gjaldið sem allra lægst. Fyrir kaupmenn getur gjaldið orðið á stundum tilfinnanlegt, en það leggst aptur á þá, sem áttu vöruna í fyrstu. Annars held jeg, að uppástungumenn hafi verið hræddir um, að tekjur landssjóðsins mundu of mjög aukast, því ella mundi það ekki hafa verið svo mikil gryla í augum þeirra; landssjóðurinn hefur þó nóg með sitt fje að gjöra, ef hann á að geta hjálpað nytsamlegum fyrirtækjum, eins og þörf er á. Jeg skal ekki fara nákvæmlega út í flokkaskipun hinna heiðruðu uppástnngumanna. Þó skal jeg geta þess, að jeg get ekki fellt mig við að leggja 50 aura á sumt, en lækka síldargjaldið svo mikið. Við 5. tölulið c, um laxgjaldið, verð jeg að segja, að uppástungumenn hafa verið óheppnir í tillögum sínum, þar sem þeir færa gjaldið upp í 50 aura en setja aptur á hinn bóginn síldina niður í 15 aura. Jeg verð að segja það og lýsa því hátíðlega yfir, að þegar þess er gætt, að þeir eru innlendir, sem veiða laxinn, en hinir, sem síldina veiða, eru útlendir og hafa ekki veiðirjett, nema þeir sjeu bjer búfastir, þá skil jeg ekki, hvers vegna þeir vilja ljetta svona mikið á þeim, sem minni heimild hafa til veiðanna hjer, en aptur íþyngja hinum, sem hafa og eiga fullan rjett. Jeg tek það upp aptur, jeg álít þeir hafi ekki rjett til að veiða hjer (*Jón Ólafsson: Jú*). Eru þeir hjer búsettir? Hvað gjalda þeir til sveitar, prests og kirkju? (*Jón Ólafsson: Því skal jeg svara síðar*). Jeg vil heldur tillögur nefndarinnar í þessu máli en nokkra af breytingaruppástungunum.

Egill Egilsson: Við 1. umræðu þessa máls heyrðist mjer á þingmanni Reykvíkinga, að hann vildi helzt hafna frumvarpinu alveg. Taldi hann það sem ástæðu, að kaupmenn mundu ekki geta borgað þennan 30 aura toll. Jeg skil ekki þennan reikning þingmannsins, því hann man þó, að gjald liggur á fiski enn, sem sje spítalagjaldið, og hver hefur eiginlega borgað það, annar en kaupmaðurinn? Bóndinn þurfti að borga það í peningum, og sótti þá til kaupmannsins síns, og má honum nú ekki vera hið sama, að greiða þá fyrir hóndann beinlínis til tolltakarans? önnur er ekki breytingin Kaupmenn hafa ekki kvartað undan því gjaldi, og er því engin ástæða til

að þeir kvarti meir undan þessu. En ef þeim þykir það of tilfinnanlegt, t. d. að fá 1 skpd. af fiski upp í gamla sknld, af því þeir þyrftu að borga 30 aura toll af 50 kr., sem þeir þó taka aptur hjá hóndanum, þá verður bóndinn að hafa önnur ráð með að verða af með sinn fisk, sem mun sannarlega verða honum ljett. Haun sagði einnig, að ef undandráttur yrði á gjaldinu, yrði örðugra en áður að hafa eptirlit með því. Þetta hygg jeg alveg rangt. Nú á kaupmaður að greiða tollinn, og þarf eigi annað en fara til fógeta eða sýslumanns til þess að sjá farmskrár skipa, til þess að fá vissu sína, en áður varð að elta uppi hvern formann, útgjörðarmann og enda háseta, og það um langa leið, ef til vill norður í Húnavatnssýslu, vestur á firði og austur undir Eyjafjöll. Þessar mótbárur eru því harðla ljettvægar og að minni meiningu vanhugsaðar. Hinn 2. þingmaður Suður-Múlasýslu var svo spaugslegur, þegar hann sagði við fyrstu umræðu, að maður gæti sjeð á undirskriptunum, að ekki væri furða, þó nefndin ekki vildi aðbyllast uppástunguna um útflutningsgjaldið af fiðri og dún. Jeg veit, við hverja í nefndinni hann átti, því ekki er það nema jeg og annar nefndarmaður, sem eiga þetta hjá honum. En jeg verð að lýsa því yfir, að jeg var sá eini í nefndinni, sem ekki vildi fella burtu hina gömlu tilskipun um spítalagjald af fugli, en hinir voru allir á því að gjöra það. Jeg ljet þó til leiðast, móti því að þeir lofuðu að koma með nýtt frumvarp til laga um gjald af fugli, eða um útflutningsgjald af dún og fiðri. Mjer finnst ósanngjarnt, að láta þá sleppa, sem eiga þessa vöru; þeir hafa sloppið of lengi og jafnan illa verið gengið eptir þessu spítalagjaldi af fugli, og hefði stjórnin skoðað betur málið, mundi hún ekki hafa reiknað þær tekjur svo lítilsvirði, að ekki væri þeim sinnandi, því það er tolltakendum einum að kenna, að þær hafa verið svo litlar, en ekki því, að stofninn væri ekki allstór, af hverjum gjöld þau áttu að greiðast. Jeg var sjálfur lengi hreppstjóri fyrir vestan og veit, hvernig þetta gengur. Í Helgafells- og Bjarnarhafnarsóknum er allmikil kofnatekja, og var spítalagjaldið boðið þar upp á manntalsþingum ár hvert; hafði það jafnan verið selt á 4 rdl. eða 8 kr., en þegar jeg hafði kynnt mjer kofnatekjuna í þessum sóknum, hikaði jeg mjer ekki við að bjóða 30 kr. í spítalahlutina þar, og hefur það síðan við haldizt, og svona er það alstaðar og enda verra sumstaðar. Má því sjá, að ekki hefur fengizt meira en áttundi partur og minna af þeim gjöldum. En jeg hafði stóran áhata á þessum kaupum. Fiður og dúnn fæst með litlum kostnaði, og þegar dúnn er frá 10—20 kr. pundið, eins og næg dæmi eru til, og maður þarf einungis að gefa 1 kr. fyrir hirðingu og hreinsun á hverju pundi, þá virðist mjer fullkomlega eins sanngjarnt, að leggja 60 aura á hver 10 pd. af dún, eins og 30 anra á skippundið af saltfiski. Hvað fiður snertir, mun gjaldið nokkuð lágt eptir verðlaginu, en hjer er um lítinn útflutning að gjöra, þar sem fiður er mest selt manna á milli innan lands. Mjer liggur því í ljettu rúmi um það.

Jeg sje eptir atkvæðaskránni, að þó breytingarnar sjeu margar, þá kemur allt í sama stað niður, og sýnir það, að nefndarinnar 30 aurar verður rjettasta hlutfallið. Sumir hafa með skökkum reikningi hækkað það, sem þeir vildu lækka. Af hertum fiski eru 50 aurar lagðir á skippundið; ekki er það lækkun. Þá er eitt ágreiningsatkvæði við 2. tölul. b. frá þingmanni Reykvíkinga, þar sem á að reikna óþurrkaðan fisk í tunnum; jeg veit ekki, hvað mikið fer í tunnuna, og jeg efast um, að þingmaðurinn viti það sjálfur. Jeg held því fram, að nefndin hafi farið meðalveginn. Hrogn hafa þeir sett niður um helming; jeg vildi heldur þeir hefðu fjórfaldað upphæðina, því tollurinn ætti að vera svo hár, að þau væru engin út flutt; það er betra, að þau væru kyrr í landinu, það er að segja, fiskurinn ekki veiddur fyr en þau hefðu sinn eðlilega gang, en sú rjettnefnda gota er engin vara, og ætti í stað útflutnings að vera brúkuð til niðurburðar

fyrir fisk. Jeg skil ekki, að 1. þingmaður Suður-Múlasýsln, sem er svo mikill kaupmaður, skuli hafa hækkað gjald af lýsi, en ekki af fiskinum. Jeg álít, að nefndin hafi farið mjög sanngjarnlega í að leggja 30 aura á 100 pd. af niðursoðnum fiski, þótt sumir vilji hafa það einungis 15 aura, því 1 pd. af honnm er selt ávallt að 1 kr., einkum þegar þeir ekki vilja hafa meira en 30 aura af laxi.

Jeg skal ekki elta lengur þessar breytingartillögur, en að endingu geta þess, að ef dúnn og fiður kemst inn í frumvarpið, verður að breyta um fyrirsögnina, og áskil jeg mjer breytingaratkvæði í þá átt, ef til kemur. Jeg vona, að þessu yfirveguðu, að þingmenn aðhyllist þær tollálögur, sem nefndin hefur sett, því þær munu verða sanngjarnastar og rjettlátastar.

Jón Ólafsson: Hinn háttvirti framsögumaður spurði okkur, sem vildum lækka tollinn, hvort okkur sýndist landssjóður fá of mikið. Nei, það er eigi svo, en við viljum ekki leggja ofmiklar álögur á landsmenn; okkur virðist ekki hagur landssjóðs standa svo nú, að nauðsyn beri til að hafa tollinn svona háan, og það virðist hinni háttvirtu nefnd líka, því að hún hefur lækkað hann úr því, sem frumvarp stjórnarinnar fer fram á. Þannig er nefndin á sama máli og við, en við förum dálitlu lengra. Jeg hef orðið var við töluverðan misskilning hjá ymsum þingmönnum, og meðal þeirra er hinn háttvirti framsögumaður, á síldarveiði Norðmanna hjer við land. Þeir ímynda sjer nefnilega, að Norðmenn sjen lausir við öll gjöld hjer á landi, en þessu er ekki svo farið. Jeg skal taka til í Reyðarfjarðarhreppi, þar sem jeg á heima eru 5 Norðmenn búsettir, sem stunda síldarveiði, og þessir menn greiddu einir $^1/_3$ part af öllum gjöldum til sveitar, og munu þau hafa verið alls, að mig minnir, um 7000 fiska. Af þeirri síld, sem veidd er hjer við land, veiðast um $^9/_{10}$ partar á Austfjörðum, og enginn fær þar að stunda veiðina án þess að fullnægja þeim skilyrðum, sem sett eru um búsetu, og gjalda þeir til allra stjetta eins og aðrir landsmenn. Er það því rjett, að leggja hærri skatta á þessi búsettu menn, sem orðnir eru landar okkar, en á aðra innlenda menn, af þeirri ástæðu, að þeir eru fæddir erlendis? Eptir sömu reglu mætti leggja þyngri tekjuskatt af atvinnu á þá embættismenn, sem hafa embætti hjer á landi, en eru fæddir erlendis, en á hjer fædda embættismenn. Nei! ef menn vilja hindra það, að of margir Norðmenn taki sjer hjer bólfestu, þá væri miklu rjettara að herða skilyrðin fyrir búsetningarrjettinum, en ekki álögurnar, eptir að þeir eru orðnir búsettir hjer. Þess verður varla mjög langt að bíða, áður en Íslendingar taka sjálfir almennt að stunda síldarveiðina; þeir eru þegar byrjaðir á því, og vona jeg, að sú byrjun verði mjór mikils vísir, og með því að leggja nú ósanngjarnlega báan toll á síldina, sköðum við því oss sjálfa mest og bindum oss sjálfum byrði á herðar. Spitalagjaldið af síld þeirri, sem síðastliðið ár aflaðist hjer við land, mun nema 25,000 kr., en allt síptalagjaldið af öðrum afla er vant að vera 7000 kr. Eigum vjer þá að leitast við að út rýma þeim mönnum og fæla þá burt bjeðan, sem greiða þetta afarháa gjald í landsins sjóð? Þessi atvinnuvegur er að sönnu góður og uppgripamikill, þegar hann heppnast, en hann er mjög stopull. Hjer fyrir þingið hefur komið frumvarp um að af nema ábúðarskatt og færa niður lausafjárskatt, ef þessi bæði frumvörp fengju framgang, þá er gjörsamlega raskað öllu jafnvægi milli álaganna á landbúnaði og sjávarútveg, og þá tekur nú að þyngjast drjúgum á sjávaraflanum. Að endingu vil jeg þakka hinum háttvirta þingmanni Mýramanna fyrir það, að hann er mjer samdóma um, að sanngjarnt sje að leggja toll á dún og fiður, og það gleður mig, að hann er ekki á þeirri skoðun, að því eigi að sleppa gjörsamlega.

Tryggvi Gunnarsson: Það hafa komið allmörg breytingaratkvæði fram við frumvarp þetta; jeg hef skrifað nafn mitt undir eitt af þeim. Mjer þykir það vera hið bezta, enda segir máltækið: «Hverjum þykir sinn fugl fagur». Ástæðurnar fyrir því, að mjer

þykir mitt bezt, eru þær: að það er byggt á föstum grundvelli, en flest af hinum eru tekin úr lausu lopti. Breytingartillögur mínar eru teknar eptir 5 ára meðalverði hverrar vörutegundar, og vona jeg að flestir verði á þeirri skoðun, að rjettara sje að láta tollupphæðina byggjast á þessum grundvelli, heldur en að setja jafnhátt gjald á allar vörutegundirnar, hvað sem verðinu líður, eins og frumvarpið fer fram á, með 50 a. gjaldi af öllu, og nefndin með 30 a. gjaldi af hverri tegund. Það er ekki næg ástæða til að hafa gjaldið jafnhátt, að greiðendur eigi þá hægra með að muna, hve hár tollurinn er, eins og sagt hefur verið hjer í salnum. Jeg skal með fáum orðum leyfa mjer að sýna fram á, hvernig jeg hef fengið út tollupphæð þá, er á breytingartillögunni er tilfærð. Meðalverð á skpd. af saltfiski er um 39 kr., þegar talin er stór og smár fiskur og ísa, en til þess svarar þá 0,12 tollur á 100 pd. Harðfisks skpd. er í meira verði, og eptir meðalverði hans ætti tollurinn að vera á hverjum 100 pd. 22 a., en jeg hef ekki sett það hærra en 20 aur. Tunna af smásíld selst 12, 14 til 15 kr., en af stórsíld 20, 24 til 30 kr.; yfir höfuð er meira af stórri síld, sem hjeðan flyzt. Eptir meðalverðinu ætti tollurinn að vera 20 a., en af því að við síldarveiði er fljóttekinn ágóði, var jeg með því að setja hann 25 a. Við tolla-álögur þessar ber að gæta þess, ekki hvort landssjóður fái of mikið eða of lítið, heldur hins, að jafnrjetti sje á gjöldum milli sjávarbóndans og sveitabóndans, að hvorugur greiði tiltölulega meira en hinn í landsins þarfir. En þegar að gætt er, hve mikil gjöld og skattar hvíla á búpeningi landbóndans, hygg jeg, að flestir verði á sama máli um það, að hann hafi meira að svara tiltölulega en sjávarbóndinn. Að þingmaður Mýramanna gat ekki skilið, á hvaða jöfnuði 40 a. tollurinn á lýsistunnunni væri byggður, frá því hef jeg skýrt áður, að það er í hlutföllum við aðrar vörutegundirnar og á meiri rökum byggt en 30 a. tollur nefndarinnar og 50 a. tollur frumvarpsins. Að endingu vil jeg biðja hinn háttvirta forseta gæta þess, að breytingaratkvæði mitt við niðurlag 9. gr. frumvarpsins hefur ekki verið tekið með á atkvæðaskrána. Jeg gjörði það breytingaratkvæði til þess, að koma í veg fyrir, að goldin yrði bæði spítalagjald og útflutningstollur af hinum sama fiskiafla, sem fæst á tímabilinu frá 1. sept. til 31. desember, ef frumvarpið nær fram að ganga.

Halldór Kr. Friðriksson: Jeg skal fúslega játa, að jeg var ekki meðmæltur frumvarpi þessu við fyrstu umræðu þess, og og jeg er frumvarpinu ekki meðmæltur enn, en jeg hef gjört breytingartillögur við það af þeim ástæðum, að jeg vildi laga ýmislegt í því, með því að jeg þóttist sjá það af undirtektum hinnar heiðruðu deildar, að það mundi fá framgang. En það er sannarlega eigi hollt, að hafa það fyrir ástæðu fyrir sköttum á landsbúa til landssjóðs, að landssjóðurinn hjálpi aptur landsbúum. Jeg er hræddur um, að Íslendingar muni segja eins og Haraldur konungur Sigurðarson sagði við Brand hinn örva, er hann hafði látið Þormóð Arnórsson heimta af honum fyrst öxi hans, því næst skykkju hans, og að síðustu kyrtil hans, og Brandur hafði sprett af kirtlinum annari erminni: «honum þykir jeg hafa eina hönd að taka á móti». Jeg get ekki sjeð, hvaða hagur er í því fólginn, að leggja skatta og tolla á landsbúa, nema nauðsyn krefji, og það á eigi að leggja skatta á landsbúa, nema því að eins, að landssjóður þurfi þeirra við til þeirra hluta, sem almenning varða. Jeg vil miklu heldur styðja að því, að ljetta sköttum á landsbúum. Það er eigi rjett hermt hjá hinum heiðraða þingmanni Mýramanna, að jeg hafi verið á móti tollinum, af því að kaupmenn gætu ekki greitt hann; en jeg sagði, að það gjörði kaupmönnum örðugra fyrir, og því fleiri óbeinlínis skattar sem yrðu álagðir, því örðugra yrði eptirlitið og því meiri yrði kostnaðurinn, og því minna bæri landssjóður úr býtum. En aðalástæðan fyrir því, að jeg hef á móti toll-

um, sem kaupmenn eiga að svara, er sú, að kaupmenn verða að leggja hann hærri á landsbúa, en landssjóðurinn fær, með öðrum orðum: landssjóðurinn fær eigi alla þá tollupphæð, sem landsmenn verða að greiða. Auk þess er það, að því fleiri sem tollar eru, því hættara er við, að greiðendur leiti undanbragða, og því nauðsynlegra er eptirirlit. En það eptirlit kostar mikið, svo að landssjóðurinn getur ekki sjálfur haft nær því allan arðinn af tollunum. Þetta segi jeg eigi fremur á móti tolli þeim, sem hjer ræðir um, heldur en á móti öllum tollum. Jeg játa fúslega, að miklir gallar eru á spítalagjaldinu eins og það er, og örðugt að koma því svo fyrir, að landssjóði yrði hægra og ljettara fyrir og greiðslan betri, en mín skoðun er enn sú, að það sje þó auðið. Jeg skal ekki fara mörgum orðum um breytingartillögur mínar, en tilgangur minn með þeim var sá, að tollurinn yrði svo ljettur sem auðið væri, en landssjóður fengi þó nokkru meira en nú upp úr spítalagjaldinu. Það er mjög varhugavert, að leggja meiri skatt á þennan atvinnuveg, því að hann er hvorttveggja miklum kostnaði bundinn og mjög stopull. Og það er mín ætlun, að eigi mundi reynast svo, sem hinn heiðraði 1. þingmaður Suður-Múlasýslu sagði, að gjöld sjávarbóndans væru minni en gjöld sveitabóndans, ef allt væri reiknað. Breytingartillögur mínar fara sem næst því, sem nefndin hefur gjört, nema hvað nefndin hefur tollinn jafnan á öllum tegundum, hvort þær eru 100 eða 200 kr. virði. Jeg segi ekki, að mjer hafi tekizt að ná fullum jöfnuði, en mjer kemur að miklu leyti saman við hinn heiðraða 1. þingmann Suður-Múlasýslu, nema hvað tollurinn er víðast hvar lægri eptir mínum breytingum en hans, því að mjer finnst full ástæða til að lækka hann, þar sem landssjóður fær samt svo miklu meira en áður. Hinum heiðraða þingmanni Mýramanna þótti of lítið gjald af niðursoðnum fiski, en jeg er ekki á sömu skoðun; menn verða að gæta þess, að 1 pd. af ísu er ekki í fjörunni 1 kr. virði, heldur þá fyrst, er kostað hefur verið svo eða svo miklu til tilbúningsins. Að því er síldina snertir, er jeg á sömu skoðun og hinn heiðraði 2. þingmaður Suður-Múlasýslu. Norðmenn, sem síldina veiða, hafa sömu rjettindi og sömu gjöld sem landsbúar sjálfir; þeir eru þegnar Danakonungs, og hafa svarið honum hollustueið. Vjer þurfum og vel að gæta þess, að spilla ekki fyrir þessum atvinnuvegi, meðan hann er í byrjun; vjer verðum að varast að tálma honum með ósanngjörnum álögum, varast að gjöra nokkuð, sem tálmað getur því, að hann þróist. Vjer verðum að vona, að Íslendingar læri af Norðmönnum veiðina; jeg vona, að þeir verði svo eptirtektasamir, að þeir sjái með augunum og heyri með eyrunnm. Af þessum ástæðum er jeg á móti háum tolli á síld. Jeg vona, að hin heiðraða deild skilji skoðun mína um þetta mál, en að öðru leyti verður hún að ráða því sjálf, hvernig hún greiðir atkvæði um hverja einstaka grein frumvarpsins.

Landshöfðingi: Þegar ræða skal hinar einstöku greinir frumvarpsins, skal jeg geta þess, að jeg fyrir mitt leyti get fallizt á breytingaruppástungur hinnar heiðruðu nefndar við 1. og 3. gr. Við 1. umræðu virtist mjer svo, sem hinir heiðruðu þingmenn væru á þeirri skoðun, að upphæð útflutningsgjaldsins væri ákveðin sem næst 1 af hundraði af söluverði útflutningsvörunnar, og get jeg fyrir mitt leyti aðhyllzt þessa aðalreglu, sem bæði er sanngjörn og að mestu leyti í samræmi við tilgang frumvarpsins, sem sje hvorki að hækka eða lækka að mun spítalagjaldið, heldur að koma betra fyrirkomulagi á það, þannig að betri skil verði gjörð landssjóði, og að meiri jöfnuður komist á milli gjaldandanna. Uppástungur hinna heiðruðu þingmanna eru að vísu margar og ólíkar, en þetta kemur sjálfsagt af því, að hver hefur fylgt sinni reikningsaðferð. Jeg skal ekki ræða hinar einstöku greinir frumvarpsins, en jeg bið hina heiðruðu þingmenn, að hafa þessa aðalreglu hugfasta, þegar þeir greiða atkvæði um hinar einstöku breytingaruppástungur.

Að útlendingar setjist hjer að og verði

þegnar konungs, er samkvæmt tilskipun 13. júni 1787 skilyrði fyrir því, að þeir megi fiska innan landhelgi; hefur hinn heiðraði 2. þingmaður Suður-Múlasýslu því haft rjett að mæla, að Norðmenn, er stunda síldarveiði á Austfjörðum, eigi að greiða öll gjöld til sveitar og landssjóðs, sem annars hvíla á öðrum innbúum þar.

Varaforseti: Hinn hæstvirti landshöfðingi lýsti því yfir, að það hefði hvorki verið tilgangur frumvarpsins að hækka eða lækka spítalagjaldið, og væri það gott, ef spítalagjaldið hefði verið sanngjarnt gjald, en við 1. umræðu þykist jeg hafa leitt rök að því, að það hafi verið eitthvert hið ósanngjarnasta og óeðlilegasta gjald, og undir eins eitt hið óvinsælasta gjald, sem á hefur verið lagt. En jeg skal ekki fara fleirum orðum um það, heldur snúa mjer að breytingartillögunum. Það er þegar eptirtektavert, hversu margar þessar breytingartillögur eru nálægt, 26, og sýnir þetta ljósan vott þess, að hjer hefur verið örðugt að sjá hið sanna og rjetta. Nefndin treysti sjer ekki til að finna neina algilda reglu til að fara eptir, og engum hinna heiðruðu þingmanna hefur tekizt að benda nefndinni á slíka reglu. Nefndin tók því það ráð, að halda sjer við sem einfaldastar tölur, og vildi einnig reyna að hafa þær sem fæstar, því að hver nýr gjaldliður er nýr broddur, sem stingur gjaldandann. Nefndin má vera uppástungumönnum að því leyti þakklát, að þeir fara í rauninni ekki langt frá nefndinni, því að í raun rjettri vilja hjer allir hið sama. Mjer heyrðist á 1. þingmanni Suður-Múlasýslu, að honum þætti sín breytingaruppástunga bera langt af öllum hinum, og óneitanlega hefur það mikið til síns máls, að leggja gjaldið á eptir verðinu; en einnig það er þó viðsjált, því að enginn getur vitað, hvernig verðið verður um ókominn tíma. Enda dugar ekki að miða gjaldið við verðið eitt; það verður á margt að líta, bæði kostnað við að afla vörunnar, hvað missanleg eða ómissanleg varan er í landinu o. s. frv.

Aðalbreytingin, sem farið hefur verið fram á, er á síldargjaldinu, og hefur hún fengið góða talsmenn í þingmanni Reykvíkinga og 2. þingmanni Suður-Múlasýslu, og skyldi maður ætla, að það mál hefði við eitthvað að styðjast, sem þessir tveir þingmenn eru á sama bandi í. En er virkilega ástæða til að halda, að Norðmenn bætti að fiska síld, þó lagðir væru 50 aurar á tunnuna? Er ástæða til að halda, að menn, sem græða mörg hundruð þúsundir á sínum atvinnuvegi, hætti við hann, þó þeir þyrftu að borga af honum nokkur þúsund krónur? 2. þingmann Suður-Múlasýslu tók það svo sárt, að Norðmenn yrðu harðara úti en landsmenn sjálfir; en það getur ekki tekið mig mjög sárt, þó útlendingar, sem opt fiska í vanþakklæti landsmanna, og að mörgu leyti geta verið til óþæginda, þó þeir, segi jeg, verði dálítið harðara úti. Það er og mögulegt, að af slíkum útlendingum leiði beinlínis kostnað fyrir landið, t. a. m. stofnun nýs læknishjeraðs, því að opt geta sóttir komið upp, þar sem svo margir eru saman komnir í fiskiverum, og útlendir sjúkdómar flutzt inn í landið. Þegar um síldarveiði er að ræða, verður að líta á, að hún er sú languppgripamesta veiði hjer á landi, ef hún heppnast, þó kostnaðurinn að vísu sje nokkur. Berum saman fyrirhöfn við sjávarafla hjer við sjávarsíðuna, þar sem duglegur maður er allt árið að afla sjer 2—3 skpd. af saltfiski, eða tökum til dæmis sveitamann, sem fer fótgangandi norðan úr landi um þorra og kemur aptur í fardögum; hann hefur á öllum þessum tíma og með allri þessari fyrirhöfn fengið 1—2 skpd. af saltfiski, í mörgum árum. Jeg mæli því fastlega fram með því, að þetta 50 aura gjald af síldartunnunni verði ekki sett niður. Yfir höfuð verður vinsælast bæði greiðendum gjaldsins og kaupmönnum, sem innheimta það, að gjaldið sje sem óbrotnast; kaupmenn leggja því meira á vöruna fyrir gjaldinu, sem þeir hafa meira fyrir að innheimta það. Tillögur nefndarinnar eru þær einföldustu reglur að fara eptir, og því verður happadrjúgast að fylgja henni sem mest.

Holgeir Clausen: Jeg get vel skilið,

að stjórnin vilji heldur hafa útflutningsgjald, sem maður fær, en spítalagjald, sem maður ekki fær. Það er og sjálfsagt, að kaupmenn, sem verða að greiða útflutningsgjald í peningum, að þeir verði að fá þóknun fyrir það, en að þeir taki það tvöfalt, þekki jeg ekki. Varaforseti sagði, að kaupmenn væru innheimtumenn, en þeir eru útborgunarmenn eptir minni meiningu. Þingmaður Barðstrendinga sagði, að Norðmenn hefðu engan rjett til þeirrar síldar, sem þeir hafa sjálfir veitt; það er eins og um rjett manna til selsins á Breiðafirði. Jeg fylgi hjer þeim uppástungum, sem fara fram á að borga minnst gjald. Menn verða að gá að því, að fiskurinn kostar mikið, frá því hann fiskast, þangað til hann er orðinn að verzlunarvöru. Sumir hafa stungið upp á að borga meira af harðfiski en saltfiski, en það skil jeg ekki að sje rjett. Harðfiskinn getum við ekki hert nema vissan tíma af árinu, og verðum stundum að herða vegna saltleysis. Jeg sje enga ástæðu til að hlífa dúneigendum við því að borga nokkuð hátt útflutningsgjald, því að þeir eru flestir efnamenn, sem standa sig við að gjalda talsvert mikið. Niðursoðinn fiskur veit jeg ekki til að sje hjer nein útflutningsvara, en að fara nú strax að leggja útflutningsgjald á hann, gæti orðið til þess að fæla menn frá að byrja á því að sjóða fisk niður og flytja út. En útflutningsgjaldi af laxi hef jeg ekki móti.

Guðmundur Einarsson: Hjer liggja nú fyrir margar breytingaruppástungur við frumvarpið, en það er að eins ein af þeim, sem jeg ætla mjer að fara um nokkrum orðum; það er uppástungan um, að leggja útflutningsgjald á dún og fiður. Allir vita, að jarðir þær, sem nokkur dúntekja er á, voru svo hátt virtar 1861, að á þeim liggur þungur ábúðarskattur; ef skattur bætist þar við, þá tvöfaldast skatturinn, og er það ósanngjarnt, að setja skatt á dún og fiður, meðan jarðamatið er þannig. Enn fremur er jeg mjög á máli hins háttvirta 1. þingmanns Suður-Múlasýslu, að landbúnaðurinn sje miklu kostnaðarmeiri en sjávaratvinna, og sjávaraflinn miklu arðmeiri, þegar hann heppnast (*Einhver*: en pestin?); jeg er nú einlægt á því, að pestin sje mönnum að kenna; það er ekki annað en búa gætilega og laga sig eptir eðli skepnanna.

Jón Ólafsson: Hinn háttvirti varaforseti tók það fram, að verðið væri ekki neinn fastur mælikvarði, þótt margar breytingartillögur færu fram á að leggja tollinn á eptir verðinu á vörunum, því menn hefðu enga vissu fyrir, að tiltalan, sem nú er á verði hinna ýmsu vörutegunda, mundi haldast óbreytt. Hvaða vissu hafa menn þá fremur fyrir því, að það, að leggja jafnt á allar þessar tegundir, eins og nefndin álítur nú rjettlátt, verði rjettlátt eptir nokkur ár. En skyldi tiltalan breytast, þá væri ætíð hægt að breyta lögunum; lög geta hvort sem er ekki varað um aldur og æfi; þau verða að sníðast eptir þeim og þeim tímum. Þó þótti mjer tólfunum kasta, er þingmenn vilja sumir leggja hátt á sumar vörutegundir af því, að menn eigi að jeta þær heima í landinu sjálfu, en ekki flytja þær út. Ef við ættum að gjörast fjárhaldsmenn landsmanna og segja þeim fyrir, hvað þeir eigi að borða heima, og hvað þeir eigi að selja, þá gætum við eins vel sagt þeim, hvað þeir ættu að skamta hvern dag vikunnar, hvað í dag og hvað á morgun. Þær breytingartillögur, sem leggja verðið til grundvallar, þær einar eru á föstum grundvelli byggðar og ekki teknar úr lausu lopti. Hann sagði og, að menn, sem græddu hundrað þúsundum saman, mundu ekkert kæra sig, þótt á þá væri lagt talsvert gjald. En ef þeir nú tapa eins miklu annað árið og þeir græddu hitt, ætli gjaldið verði þá ekki tilfinnanlegt? Þeir, sem fyrst byrjuðu á síldarveiði, urðu fleiri en einn gjaldþrota. Menn mega ekki láta sjer hlæða svo mjög í augum, þótt þeir græði annað árið, þeir tapa kannske hitt. Hinn háttvirti varaforseti sagði þessir síldveiðimenn væru hjer í «óþakklæti og ónotum» við alla landsbúa. Þetta hef jeg aldrei heyrt fyrri, og jeg veit ekki betur, en þeir

hafi í alla staði komið vel fram. Jeg lýsi hjer yfir því, og mjer er bezt kunnugt um það allra þingmanna, að Norðmenn eiga allt annan vitnisburð skilið og eru vel þokkaðir af öllum, sem kynnast þeim. Hvað viðvíkur því, að jeg sagði, að um 8 þúsundir manna mundu stunda sjó, þá hefur hinn háttvirti varaforseti misskilið mig. Jeg sagði ekki á einum firði, heldur kring um allt Ísland. Það er og alveg rjett að taka tillit til kostnaðarins, eins og hinn háttvirti þingmaður Snæfellinga benti á; setjum, að 3 hafskip með 24 mönnum afli frá maí til nóvember 1600 tunnur af síld; nú er tunnan 10—12 kr. virði og kemur þá á mann 666 kr.; aptur væru 4 menn á bát og öfluðu 10 skippund af fiski, jeg gjöri skippundið 50 kr., sem ekki er of hátt; þá fengi hver 500 kr. Þeir fá að vísu meira, sem síldina veiða, en hverju kosta þeir nú til hverjir um sig? Við fiskiveiðarnar hafa menn bát, og línu eða handfæri, en við síldarveiðina hafa menn stór hafskip, skip og nætur, sem kosta 10—20 þusundir króna. Menn mega ekki einlægt líta á «brutto»-hæðina, heldur líka á «netto»-hæðina. Það hefur og verið sagt, að það sje lagt eins mikið á sjávarútveg og landbúnað; annar þingmaður neitaði því, en jeg skal reyna að sanna það. Tíund af föstu og lausu fje og ábúðarskattur mun vera um 50,000 kr., og er þó þar í falin bátatíund og skipa. Nú hefur spítalagjald landsmanna venjulega verið um 7000 kr.; en svo er almennt talið af hagfróðum mönnum og samkvæmt skýrslum um atvinnuvegi bjer á landi, að hjer stundi $^1/_7$ landsbúa sjó, en $^6/_7$ landbúnað, og með því 7 sinnum 7 eru 49, þá er auðsætt, að hlutfallið hefur verið nærri sanni; en verði frumvarp þetta lög, þá munu koma minnst 30—40,000 kr. í landssjóð af sjávarútvegnum, og liggur þá miklu þyngra á honum að tiltölu, en landbúnaðinum. En þótt menn nú vildu draga síldarveiðina frá, þá yrði gjaldið af fiski eingöngu yfir 20 þúsundir. Á hverjum yrði gjaldið þá hærra, sjávarbóndanum eða sveitabóndanum? (*Lárus Blöndal*: En búnaðarskólagjaldið og sýslusjóðsgjaldið?) Búnaðarskólar eru einungis fyrir landbúnað en ekki fyrir sjávarútveg, og því er ekki sanngjarnt, að sjávarbændur gjaldi til þeirra. Hvað sýslusjóðsgjaldinu við víkur, þá veit jeg ekki betur en því sje jafnað niður með aukaútsvörum eða tekið af hreppssjóði; svo hefur að minnsta kosti sýslumaður minn skipað mjer að gjöra, er jeg var oddviti í hreppi, og fá þá sjávarbændur að borga fullkomlega sinn skerf af því. Þar sem talað var um það órjettlæti, að leggja toll á blessaðan dúninn, af því að tillit hefði verið haft til dúnhlunninda, er jarðir hefðu metnar verið, og væri því þegar goldið af honum í ábúðarskattinum, þá vil jeg spyrja: eru ekki bátar tíundaðir? og þó vilja menn leggja toll á hvert skippund af fiski, og skyldi ekki hafa verið haft tillit til þess við jarðamatið, hvort jörðin lá við útræði eða var í aflaplássi? Þar að auk eru allir þessir dúneigendur auðugir menn og manna bezt færir um að gjalda, og tollurinn lítill eptir verðinu. Jeg vona, að allir þeir, sem ekki ofþyngja kjósendum sínum, muni greiða atkvæði með því, að gjaldið verði sem lægst, úr því landssjóður ekki beinlínis þarfnast fyrir allt þetta fje.

Benidikt Sveinsson: Það hafa komið fram sterkar mótbárur móti nefndinni fyrir það, að hún hafi ekki miðað tollupphæðina við *gangverð* vörutegundanna, en allir geta sjeð, að gangverðið getur breytzt í það óendanlega, og að sá eini rjetti mælikvarði fyrir tollupphæðinni er hlutfallið milli arðs og tilkostnaðar. Sú veiðin, sem er arðsömust, hefur auðsjáanlega mest gjaldþolið. Slíkar og þvílíkar mótbárur hafa því engin áhrif á mitt atkvæði, nje hrekja stefnu nefndarinnar. En það er sjerstaklega eitt atriði viðvíkjandi síldarveiði Norðmanna, sem jeg vildi taka fram. Jeg *neita* því algjörlega, að Norðmenn þeir, sem hjer um ræðir, sjeu í eiginlegum skilningi búsettir hjer (*Grímur Thomsen*: Rjett). (*Jón Ólafsson*: Landshöfðingi staðfestir). Nei! Landshöfðinginn getur ekki, og hefur sjálfsagt ekki gefið

út neina staðfestingu í því tilliti. Það eru *lögin* um búsetu, sem hjer ein geta skorið úr. Eptir því, sem jeg þekki til, má fullyrða, að flestir af Norðmönnum, ef eigi allir, hafa hingað til haft Ísland fyrir selstöðu og fjeþúfu, hvað síldarveiðina snertir. Þeir tildra sjer upp skúrum og timburkofum, eru í þeim á sumrin um veiðitímann, en á haustin fara þeir til Noregs með allan aflann og gróðann, og sitja þar á vetrum *heima* hjá sjer í *Noregi;* þar er *búseta* þeirra. Er þetta að vera búsettur á Íslandi? Kannske það eigi að heita svo, að þeir sjeu líka orðnir *kjósendur* til alþingis á Austurlandi, og að hinn háttvirti 2. þingmaður Suður-Múlasýslu sje að berjast fyrir því, að leggja ekki of hátt gjald á þessa kjósendur sína? En jeg *neita* því, að þeir sjeu einu sinni búsettir í kjördæmi hans, enda er engin veruleg sönnun komin fram fyrir því, að svo sje, og það sjá allir, að ástæða þingmannsins um staðfestingu landshöfðingja, sem engin er í þessu tilliti, er ekki fullnægjandi. En hitt skal jeg játa, að full ástæða væri til, að stofnað yrði sjerstakt læknisumdæmi á Seyðisfirði, þar sem svo margir Norðmenn sækja að til veiðiskapar. Þó vjer aldrei vildum gjöra það sakir Norðmanna, sem vjer þó ættum að gjöra fyrir margra hluta sakir, þá ættum vjer þó ekki að gleyma svo sjálfum oss, að líta ekki á það, að mjög hætt er við, að útlendir sjúkdómar flytjist inn í landið með þessum aragrúa af útlendingum. Ef þeir búsettu sig hjer í laganna skilningi, og það yrði hvöt fyrir þá til þessa, að síldargjaldið er svo hátt, þá er ætíð tími til að lækka það. En hitt er víst, að vjer eigum að gjöra mun á verulega búsettum mönnum og selstöðumönnum hjer.

Framsögumaður: Mjer eru umræðurnar minnisstæðar síðan í gær, og skal jeg því ekki lengja þær mjög nú, enda tók 2. þingmaður Norður-Múlasýslu af mjer ómak með að svara nokkru, en jeg skal bæta því við, að þó 2. þingmaður Suður-Múlasýslu tæki fram, að Norðmenn gyldu öll gjöld þar eystra, þá mun það ekki vera alstaðar, og ekki mun svo vera á Ísafirði. Hann er einn af þeim, sem álítur, að nefndin hafi farið skakka leið með að flokka ekki útflutningsgjaldið eptir verðhæð á vörum þeim, er gjaldið hvílir á, *en eins og hinn* háttvirti varaforseti tók fram, breytist þetta árlega (*Benidikt Sveinsson:* Með hverri póstskipsferð.), og þá yrði eins nauðsynlegt, að breyta lögunum á hverju ári Hann tók það og fram, að betra væri að hafa gjaldið óbrotnara. Hinum háttvirta þingmanni Reykvíkinga þótti og spítalagjaldið hjer áður óhafandi, af því það væri svo margbrotið, enda hefur og reynslan sýnt, að hann hefur haft rjett, þar sem að eins hafa goldizt 7000 í staðinn fyrir 18000. Þetta sýnir, að nefndin hefur farið hina rjettu leið. Það er satt, sem hinn háttvirti varaforseti tók fram, að hjer er ekki um það að ræða, að auka tekjur landssjóðsins, eða nýtt tollmál, heldur er lagt fyrir þingið til álita, hvort ekki mætti takast að ná inn spítalagjaldinu á hentugri hátt og betur en áður. Þar sem hinn háttvirti þingmaður Snæfellinga vissi ekki, hvort nokkuð væri flutt út af niðursoðnum fiski, þá skal jeg fræða hann á því, að árið 1879 var af niðursoðnum fiski flutt út 20,000 pund fyrir utan niðursoðinn lax. Hinn háttvirti þingmaður Mýramanna aðhylltist breytingartillöguna frá þingmönnum Skagfirðinga um útflutningsgjald af æðardún, en eins og hann tók fram, mun mjög lítið vera útflutt af fiðri, en hvað snertir dúninn, skírskota jeg til þess, sem þingmaður Dalamanna sagði í þá stefnu; *en* það verð jeg að segja, að kostnaðurinn er meiri en 1 kr. á pund, ef að gætt er, hve mikið útheimtist til að hirða dúninn. Setjum t. d. á Breiðaflóa að maður þyrfti 4 menn á bát tvisvar í viku allt vorið til að stunda varpið og síðan láta hreinsa dúninn, og hefði svo upp úr öllu saman 20—30 pund; hvað skyldi kostnaðurinn þá verða á pundið. Þá er stytting 9. gr. um spítalagjald af fuglatekju; jeg áleit þetta smámuni, 250 kr., og því bezt að sleppa því. Viðvíkjandi

gjaldinu á Vesturlandi, þá hefur það mikið batnað og er honum mikið að þakka í Helgafellssveit. En með því í opnu brjefi 26. maí 1824 er tiltekið af *tolltækum* fugli, greindi menn á um, hvað væri tolltækur fugl, og var því sumstaðar tollurinn misjafnlega greiddur.

Með því að ekki tóku fleiri til máls, sagði forseti umræðunum lokið, og ljet ganga til atkvæða. Fjell atkvæðagreiðslan þannig:

1. Breytingartillaga Jóns Jónssonar og Friðriks Stefánssonar við 1. grein var felld með 13 atkvæðum gegn 7.
2. Breytingartillaga nefndarinnar við 1. gr. var samþykkt með 20 atkvæðum.
3. 1. grein þannig breytt samþykkt í einu hljóði.
4. 2. gr. 1. tölul. a. Breytingartillaga Halldórs Friðrikssonar og 2 annara þingmanna felld með 16 atkvæðum gegn 5.
5. 2. gr. 1. tölul. b. Breytingartillaga Ólafs Pálssonar o. fl. felld með 12 atkvæðum gegn 8.
6. 2. gr. 1. tölul. c. Breytingartillaga Tryggva Gunnarssonar og Jóns Ólafssonar felld með 13 atkvæðum gegn 6.
7. 2. gr. 1. tölul. d. Breytingartillaga nefndarinnar samþykkt með 12 atkvæðum gegn 9.
8. 2. gr. 1. tölul. e. Breytingartillaga Halldórs Friðrikssonar o. fl.;
9. 2. gr. 1. tölul. f. Breytingartillaga Ólafs Pálssonar o. fl., og
10. 2. gr. 1. tölul. g. Breytingartillaga Tryggva Gunnarssonar og Jóns Ólafssonar voru þar með fallnar.
11. 2. gr. 2. tölul. a. Breytingartillaga nefndarinnar felld með 12 atkvæðum gegn 9.
12. 2. gr. 2. tölul. b. Breytingartillaga Halldórs Friðrikssonar og fl. felld með 13 atkvæðum gegn 2.
13. 2. gr. 2. tölul. c. Breytingartillaga Ólafs Pálssonar og fl. felld með 13 atkvæðum gegn 5.
14. 2. gr. 2. tölul. d. Breytingartillaga Tryggva Gunnarssonar og Jóns Ólafssonar samþykkt með 15 atkvæðum gegn 2.
15. 2. gr., nýr tölul., a. Viðaukatillaga Tryggva Gunnarssonar og Jóns Ólafssonar felld með 13 atkvæðum gegn 6.
16. 2. gr., nýr tölul., b. Viðaukatillaga nefndarinnar og 7 þingmanna samþykkt með 18 atkvæðum.
17. 2. gr., nýr tölul., a. Viðaukatillaga nefndarinnar felld með 14 atkvæðum gegn 8.
    b. Viðaukatillaga 9 þingmanna samþykkt með 15 atkvæðum.
18. 2. gr. 3. tölul. a. Breytingartillaga Halldórs Friðrikssonar og 2 annara þingmanna felld með 15 atkvæðum gegn 4.
19. 2. gr. 3. tölul. b. Breytingartillaga 6 þingmanna samþykkt með 12 atkvæðum gegn 11.
20. 2. gr. 4. tölul. a. Breytingartillaga Halldórs Friðrikssonar og 2 annara þingmanna felld með 15 atkvæðum gegn 4.
21. 2. gr. 4. tölul. b. Breytingartillaga nefndarinnar, Ólafs Pálssonar og fl. samþykkt með 17 atkvæðum.
22. 2. gr. 4. tölul. c. Breytingartillaga Tryggva Gunnarssonar og Jóns Ólafssonar þar með fallin.
23. 2. gr. 5. tölul. a. Breytingartillaga nefndarinnar, Halldórs Friðrikssonar og fleiri samþykkt með 13 atkvæðum.
24. 2. gr. 5. tölul. b. Breytingartillaga Ólafs Pálssonar og fl., og
25. 2. gr. 5. tölul. c. Breytingartillaga Tryggva Gunnarssonar og Jóns Ólafssonar þar með fallnar.
26. 2. gr., nýr tölul., a. Viðaukatillaga Halldórs Friðrikssonar og 2 annara þingmanna felld með 14 atkvæðum gegn 7.

27. 2. gr., nýr tölul., b. Viðaukatillaga nefndarinnar samþykkt með 13 atkvæðum gegn 5.
28. 2. gr. Viðaukatillögur Jóns Jónssonar og Friðriks Stefánssonar við 2. gr.
    a. felld með 12 atkvæðum gegn 11 að viðböfðu nafnakalli sökum óglöggrar atkvæðagreiðslu.

Já sögðu:
Arnljótur Ólafsson,
Benidikt Sveinsson,
Egill Egilsson,
Friðrik Stefánsson,
Holgeir Clausen,
Jón Jónsson,
Jón Ólafsson,
Þórarinn Böðvarsson,
Þórður Magnússon,
Þorkell Bjarnason,
Þorvarður Kjerulf.

Nei sögðu:
Eiríkur Briem,
Magnús Andrjesson,
Eiríkur Kúld,
Grímur Thomsen,
Guðmundur Einarsson,
Halldór Friðriksson,
Lárus Blöndal,
Ólafur Pálsson,
Tryggvi Gunnarsson,
Þorlákur Guðmundsson,
Þorsteinn Jónsson,
Þorsteinn Thorsteinsson.

    b. Síðari viðaukatillagan var felld með 14 atkvæðum gegn 6.
29. 2. gr. frumvarpsins með áorðnum breytingum var samþykkt með 19 atkvæðum gegn 2.
30. 1. breytingartillaga nefndarinnar við 3. grein samþykkt með 22 atkvæðum.
31. 2. breytingartillaga nefndarinnar við sömu grein samþykkt með 14 atkv.
33. 3. breytingartillaga nefndarinnar við sömu grein samþykkt með 17 atkv.
34. 3. gr. frumvarpsins þannig breytt samþykkt með 20 atkvæðum.
35. 4. gr. frumvarpsins óbreytt samþykkt með 21 atkvæði.
36. 5. gr. frumvarpsins óbreytt samþykkt með 21 atkvæði.
37. 6. gr. frumvarpsins óbreytt samþykkt með 19 atkvæðum.
38. 7. gr. frumvarpsins óbreytt samþykkt með 20 atkvæðum.
39. 8. gr. frumvarpsins:
    1. liður samþykktur með 22 atkvæðum.
    2. — —— — 16 —— gegn 5.
40. Breytingartillaga Tryggva Gunnarssonar og Jóns Ólafssonar við 9. gr. samþykkt með 17 atkvæðum.
41. 9. gr. 1. liður þannig breyttur samþykktur með 20 atkvæðum.
    2. liður samþykktur með 12 atkvæðum gegn 9.
42. 10. gr. frumvarpsins óbreytt samþykkt með 21 atkvæði.
43. Með 21 atkvæði var samþykkt, að frumvarpið gengi til 3. umræðu.

ÞRIÐJA UMRÆÐA Í NEÐRI DEILD,
á 28. fundi, 30. dag júlímánaðar.

Frumvarpið, eins og það var samþykkt við 2. umræðu, sjá I, 237—239.

Breytingartillögur
við frumvarp til laga um útflutningsgjald á fiski og lýsi, eins og það var samþykkt við 2. umræðu í neðri deildinni.

1. Við fyrirsögn frumvarpsins:
   Nefndin: Eptir orðin: «fiski og lýsi» bætist «og fl.»
2. Við 2. gr. 1. tölulið:
   Tryggvi Gunnarsson, Guðmundur Einarsson, Eiríkur Briem, Þorkell Bjarnason, Þorsteinn Thorsteinsson, Jón Ólafsson, Þorvarður Kjerulf: Fyrir: «320 pd. 30 aur.» komi: «100 pd. 10 aur.»

3. Við 2. gr. 5. tölulið:
   Nefndin: Í staðinn fyrir «25», komi: «30».
4. Við 2. gr. 8. tölulið:
   Tryggvi Gunnarsson og 6 þingmenn aðrir, sömu og áður:
   Töluliðurinn falli burt, eða komi í staðinn: «af öllum fiski niðursoðnum öðrum en laxi, af hverjum 100 pd. 10 aur.»
5. Við 8. grein:
   Friðrik Stefánsson, Arnljótur Ólafsson, Þorvarður Kjerulf, Jón Jónsson, Holgeir Clausen, Jón Ólafsson:
   Niðurlag greinarinnar: «Af útflutningsgjaldinu -- — 2 af hundraði» fellur niður.
6. Við 8. grein:
   Tryggvi Gunnarsson og 6 þingmenn aðrir, sömu og áður:
   Fyrir: «2 af hundraði» komi: «1 af hundraði».

Framsögumaður (Eiríkur Kúld): Jeg finn ekki ástæðu til að tala margt að sinni, því að breytingartillögur eru fáar komnar fram við nefndarálitið. Jeg skal þó nefna sjerstaklega breytingartillögu nefndarinnar, sem fer fram á að bæta við í fyrirsögninni: «o. fl.» á eptir orðunum: «fiski og lýsi». Þessi viðbót er nauðsynleg og eðlileg, þar sem svo mörgu hefur verið bætt inn í, svo sem sundmaga og hrognum o. fl. Enn fremur að í 2. gr. 5. tölulið komi 30 í stað 25. Þetta þótti nefndinni og sanngjörn breyting, og vil jeg til stuðnings þessari breytingu skírskota til umræðanna við 2. umræðu þessa máls, þar sem gjörð var fullkomin grein fyrir því, að 25 aura gjald væri tiltölulega allt of lágt. Nefndin var á þeirri skoðun, að 50 aurar hefði ekki verið of hátt gjald, en vill þó lempa sig eptir skoðunum manna og gjöra sig ánægða með 30 aura, eins og er á flestu hinu. Breytingartillögu 7 þingmanna um 2. gr. 1. tölulið get jeg vel fellt mig við, svo hann get jeg farið fljótt yfir. En breytingartillögu sömu þingmanna við 8. tölulið sömu greinar get jeg þar á móti með engu móti fellt mig við. Menn hafa hjer haft fyrir augum, að útflutningur af niðursoðnum fiski sje svo lítill, að það nemi engu, að leggja gjald á hann; en við 2. umræðu hef jeg sýnt fram á, að það er þó ekki svo lítið, að vert sje að ganga fram bjá því. 1879 var útflutt af niðursoðnum fiski öðrum en laxi 20,000 pund Að síðustu er það breytingartillaga sömu 7 þingmanna við 8. gr., sem jeg vildi minnast á, og svo breytingartillaga 6 þingmanna við sömu grein, sem fer fram á að fella burt þessa *lítilfjörlegu* þóknun, sem sýslumönnum er ætluð fyrir innheimtu. Jeg get hugsað mjer eina ástæðu fyrir þessari annars óskiljanlega smámunalegu uppástungu, þó að uppástungumenn hafi ekki borið hana fram, og hún er sú, að sýslumönnum sje ekki vandara um að innheimta þetta gjald borgunarlaust en spítalagjaldið, sem þetta gjald kemur í staðinn fyrir. En hver ósanngirni að væri í því, að láta sýslumenn og bæjarfógeta ekki fá neina þóknun fyrir þá innheimtu, eins og þeir hafa 2 af hundraði fyrir innheimtu af tóbaks- og ölfangatolli, sjá allir menn, sem vilja líta með sanngirni á það. Mjer liggur við að segja, að það sje grútarlegt, að vilja fella það burtu, og litlu betri er uppástunga hinna heiðruðu 7 þingmanna, að lækka það ofan í 1 af hundraði. Jeg vil láta heimta það af embættismönnum, að þeir sjeu árvakrir í köllun sinni, en svo vil jeg ekki, að þeir sjeu sviptir því, sem þeim með sanngirni getur borið.

Tryggvi Gunnarsson: Hjer er ein breytingartillaga, sem jeg hef skrifað nafn mitt undir. Hinn háttvirti framsögumaður kvaðst geta fallizt á breytinguna á 2. gr. 1. tölulið, og vona jeg, að það sje nóg meðmæli með henni, svo jeg þurfi ekki að tala

fyrir henni, enda er það engin veruleg efnisbreyting. Breytingartillöguna við sömu grein 8. tölulið þótti okkur nauðsyn að gjöra sakir þess, að engin ástæða virðist vera til þess, að taka hærra útflutningsgjald af niðursoðnum fiski heldur en saltfiski, nema með svo felldu móti, að mönnum væri annt um að koma í veg fyrir, að niðursuða kæmist á hjer á landi, en því gjöri jeg ekki ráð fyrir, heldur því gagnstæða, og er þá bein afleiðing þar af, að samþykkja breytingartillögu mína. Breytingartillöguna við 8. gr. um 1 % í innheimtulaun skal jeg ekki gjöra að kappsmáli; okkur var kunnugt um aðra uppástungu, sem fór fram á að fella alla þessa þóknun burt, og komum við því með þessa breytingartillögu til miðlunar, til að komast þó hjá því, að innheimtan væri endurgjaldslaus, því að það þótti okkur ekki sanngjarnt; jeg hef ekkert í móti að greiða atkvæði með 2%.

Jón Ólafsson: Jeg stend upp eingöngu vegna breytingartillögu þeirrar, sem fer fram á að hækka útflutningsgjald af síldinni, því sú tillaga er eitt hið mesta og bersýnilegasta órjettlæti, er jeg hef sjeð koma fram hjer á þinginu. Jeg er viss um, að þeir þingmanna, sem hafa samið þessa breytingartillögu, og þeir, sem kunna að greiða atkvæði með henni, gjöra það af ókunnugleika. Það er að vísu satt, að síldin er uppgripamikill afli, en þess ber einnig að gæta, hversu stopull afli það er. Hann getur misheppnazt svo, að það verði helber skaði, og hann að mun. Það er með síldar-árin eins og kýrnar hans Faraós, að þau mögru upp jeta þau feitu. Síldin er í raun og veru 10—12 kr. virði tunnan hjer á landi, og tjáir ekki að miða við það, þó tunnan komin til Noregs kosti 20 kr. Þegar síldinni er mokað uppí tunnur hjer og söltuð og þær svo fluttar til Noregs, sígur svo saman í tunnunum á leiðinni, að þegar þær eru þar komnar, vantar í þær og verður að fylla þær upp, allt að því um þriðjung; tunnutöluna, sem út er flutt, má því færa niður um ¼ til ⅓, þegar síldin er seld í Noregi, það er að segja: úr 120--150 tunnum, sem út eru fluttar, verða að eins 90—100, þegar búið er að fylla upp í Noregi. Enn fremur er flutningsgjald fyrir hverja tunnu hjeðan út 2 kr., og vona jeg, að menn sjái, þegar þeir reikna þetta út, að það er ekki fjarri lagi, sem jeg sagði, að hæsta verð mundi verða um 12 kr., því við 12 kr. legg jeg ⅓ fyrir uppfylling eða ábætinum á tunnurnar, það eru 18 kr., 2 kr. til fyrir flutninginn gjöra 20 kr., sem befur síðustu árin verið meðalverð ytra. Jeg sje, að 1. þingmaður Ísfirðinga biður um orðið, og veit jeg, að hann er mjög meðmæltur þessum háa útflutningstolli af síldinni. Hann segist reyndar sjálfur vera síldarveiðandi og síldareigandi, en það mun vera í smáum stýl, að minnsta kosti mun hann ekki flytja mörg þúsund tunnur út. Jeg hef áður sýnt fram á, að Norðmenn, sem veiða síld við Austurland, eru búsettir hjer á landi, og hefur landshöfðingi sannað það mál mitt, og leyfi jeg mjer að skora á hinn hæstvirta landshöfðingja, að greina frá, hvort jeg hafi misskilið hann. Jeg vil heldur ekki ímynda mjer, að þingdeildin vilji hækka þetta gjald af því, að veiðendurnir sjeu útlendingar, þótt jeg hafi heyrt það á sumum; hækkunin mundi ganga jafnt yfir landsmenn sjálfa, sem nú hafa þegar byrjað á síldarveiðinni, og mun það fara vaxandi. Hversu stopull þessi afli er, má og sjá á því, að fjelag það frá Mandal, er fyrstu árin rak hjer veiðar, varð gjaldþrota, þó það fengi mikla veiði sum ár. Og hefur það opt sýnt sig í Noregi, hve stopull atvinnuvegur þessi er, því í slæmum árum fara jafnan margir síldveiðamenn hrönnum saman á höfuðið. Eptir minni meiningu er allur þessi útflutningstollur nógu hár, en tiltölulega allt of hár á síldinni, þótt ekki sje nema 25 aurar, hvað þá ef hærra væri; að rjettu hlutfalli ætti hann ekki að vera hærri en 10 aurar af tunnunni í samanburði við verðið á saltfiski og tollinum á honum.

Þorsteinn Thorsteinsson: 2. þingmaður Suður-Múlasýslu befur nú haldið langa ræðu, til að fræða okkur um síldarveiði; hann er fróður

í þeim efnum sjálfur sem öðrú; svo heyrist það að minnsta kosti á sjálfum honum. Þingmaðurinn vjek því að mjer, að jeg ætti síldarveiði, og er það satt; en þó hún sje ekki stór, ímynda jeg mjer, að hún hafi gefið mjer eins mikla þekkingu á síldarveiði og þeir menn hafa, sem standa á landi og horfa á, og enda þó þeir einhvern tíma hafi farið út í skip til að skoða þar síld að gamni sínu. Þar að auki hef jeg mikið átt við síld, áður en jeg fór að taka þátt í síldarveiði, og þekki nokkuð til þeirra hluta. Jeg get því upplýst um, að það er alls ekki rjett, sem hinn heiðraði 2. þingmaður Suður-Múlasýslu bar bjer fram, að síldin sjatni svo í tunnunum, að ekki verði þær nema hálffullar, þegar til Noregs kemur, ef síldin er almennilega lögð niður. Jeg álít reynsluna í þessu sem öðru þann bezta skóla. Síld Ísfirðinga, sem þingmaðurinn minntist á, var send í þeirri von, að geta fengið eitthvað fyrir hana; en hún var orðin skemmd, áður en hún fór á stað. Það hefur verið talað mikið um það, hvort Norðmenn sjeu hjer búsettir menn, og skal jeg ekki eyða mörgum orðum að því, en jeg held, að þeim mætti líkja við farfugla, sem eru hjer, þegar þeim þykir gott að vera, en fara heim til sín til betri staða, þegar þeim þykir sjer ekki líða hjer nógu vel, en þetta geta þeir, sem í raun og veru eru búsettir hjer, ekki gjört. Jeg álít ósannað af hinum háttvirta þingmanni enn, að 30 aurar sjeu of hátt útflutningsgjald af síldartunnunni, þó jeg annars vilji gjarnan trúa því, sem hann sagði um sína kunnáttu í síldarveiði; jeg trúi mönnum ávallt vel, þegar þeir segja mjer um kunnáttu sína sjálfir. Hinn heiðraði þingmaður talaði enn fremur um, að síldarfjelag hefði orðið gjaldþrota, en hvað vill það segja? Geta ekki allir orðið gjaldþrota? Jafnvel bankar geta orðið gjaldþrota, og hversu opt hafa ekki menn, sem hafa að erfðum fengið stórfje, orðið gjaldþrota, en jeg vona þingmaðurinn játi, að það sje þó venjulega talið gott, að fá stórfje að erfðum, eða finnst honum það nokkur ástæða til að leggja ekki skatta á? Það yrðu með því móti fáir skattar á lagðir. Þar að auki varð þetta fjelag, sem hann nefndi, aldrei gjaldþrota; annar eigandinn vildi verða af með það og seldi það við vægu verði. Jeg mæli fastlega með, að gjaldið verði hækkað upp í 30 aura, ekki af því, að jeg vilji íþyngja Norðmönnum, og heldur ekki af því, að jeg vilji íþyngja sjálfum mjer, og get jeg þó óhætt sagt, að þegar jeg flyt út 1 skpd. af fiski, flyt jeg að minnsta kosti út 12 tunnur af síld, heldur af því, sem jeg áður hef tekið fram, að síldin er svo fljóttekinn afli, að hún í tilliti til verðsins þolir miklu meiri álögur en nokkur önnur vörutegund. Jeg var með því, að lækka innheimtulaunin úr 2 af hundraði niður í 1 af hundraði af þeim orsökum, að jeg var hræddur um, að menn mundu ekki fallast á 2. gr. c., og vildi því heldur, að sýslumenn fengju 1 pr C., heldur en ekki neitt, því að «verður er verkamaðurinn launa sinna», en min sannfæring er, að 2% sje alls ekki of mikið, og að það sje alveg rangt, ekkert að láta þá hafa fyrir þetta aukastarf, enda má maður búast við, að þeirra eptirlit verði betra, ef þeir sjálfir fá borgun fyrir erfiði sitt. Jeg veit vel, að það kann að hljóma vel í eyrum sumra kjósanda, að draga allt af embættismönnum, en þetta skal sannarlega ekki leiða mig til að breyta sannfæringu minni, og eptir henni eingöngu mun jeg svo vel í þessu sem öðru greiða atkvæði, enda er jeg svo heppinn í þessu tilliti, að mínir kjósendur eru svo heiðvirðir og sanngjarnir, að þeir eflaust vilja láta alla hafa nokkuð fyrir sitt.

Framsögumaður: Jeg er þakklátur hinum háttvirta 1. þingmanni Ísfirðinga fyrir hans rjettu og sönnu skýringar. Þar sem 2. þingmaður Suður-Múlasýslu talaði um ranglæti þingsins, þá getur hann ekki meint það til þingdeildarinnar, meðan hún er ekki búin að samþykkja breytingartillöguna, og mun það því meint til mín og meðnefndarmanna minna, en jeg verð að frá-

biðja okkur slíkt; við gjörðum það með fastri sannfæringu um, að við þræddum hina rjettu leið í því að leggja ekki minna á síld en aðrar vörur. Það er og eitt, sem er og hvöt til að vera ekki allt of linur í kröfum við þessa Norðmenn, sem hann sjálfur segir að svo mikill fjöldi sje af þar eystra, og það er, að það er mjög hætt við, að með svo mörgum útlendingum kunni að flytjast inn erlendir kvillar og sjúkdómar, svo nauðsyn yrði einmitt vegna þessara útlendu síldarveiðarmanna að stofna þar nýtt læknishjerað, og það mundi þó kosta landssjóðinn töluvert. Hann sagði og, að ekkert væri á móti því að setja gjaldið lágt nú; það væri æfinlega hægt að hækka það; er ekki eins hægt að lækka það, ef það er sett hátt nú? Mikið af síld er brúkað til beitu, og ekki verður útflutningsgjald af henni, en af þeim hluta hennar mun þó mest gagn fyrir landsmenn.

Benidikt Sveinsson: Jeg skal einungis bæta því við það, sem hinn háttvirti framsögumaður og 1. þingmaður Ísfirðinga tóku fram, að mjer er ekki kunnugt, að Norðmenn þeir sjeu í raun rjettri búsettir hjer, sem hjer ræðir um. Jeg þykist vita, að landshöfðingi hefur gjarnan leyft þeim að veiða innan fiskhelgi með *því skilyrði*, að þeir væru hjer búsettir, en hitt spursmálið, að þeir *væru* búsettir, hefur hann sjálfsagt ekki afgjört, og á ímyndunum hans eða annara verður ekki byggt í þessu efni, og því held jeg fast fram, að jeg kalla þá ekki búsetta, þótt þeir búi hjer í timburkofum á sumrin, en fari svo með allan ágóðann á haustin til Noregs og skilji eptir tóma kofana, nema hvað þeir fá kanske einhvern karl eða kerlingu, strák eða stelpu til að hirða þau á veturna og allan þann tíma, sem þeir eru heima í Noregi. Ef þeir nú á hinn hóginn væru búsettir hjer, í þessa orðs rjetta skilningi, þá lifðu þeir einmitt undir sömu lögum og landsmenn sjálfir, því þetta gjald er ekki fremur lagt á Norðmenn en Íslendinga sjálfa, og í hverju er svo ranglæti það falið, sem hinn háttvirti þingmaður er að tala um?

Jón Ólafsson: Jeg skal leyfa mjer að skora á hinn hæstvirta landshöfðingja að skýra frá, hvort hann ekki hafi játað við síðustu umræðu þessa máls, að jeg hefði rjett að mæla í því, að Norðmenn, sem hjer eru að veiðum, vinni konungi vorum þegnskapareið og búsetji sig hjer að lögum. Jeg hef talað við sýslumennina í hlutaðeigandi hjeruðum fyrir austan í vor, og kváðust þeir mundu meina öllum að fiska síld þar, nema þeir væru búsettir hjer, og það árið um í kring. Og jeg hef frjett síðau, að nokkrir hafa orðið að snúa aptur svo búnir til Noregs, sem ekki fengu að veiða, af því þeir vildu ekki fullnægja skilyrðunum fyrir búsetu. Þetta er mjer kunnugt, og sje það ókunnugt mínum háttvirta sessunaut, 2. þingmanni Norður-Múlasýslu, þá á hann að trúa okkur, sem kunnugri erum og vitum betur en hann. Ef hinn háttvirti þingmaður Barðstrendinga trúir hvorki mjer, yfirvöldunum nje landshöfðingja, þá get jeg ekki gefið svo torveldum Tómási trúna, en að eins sagt honum satt. Þar sem hann talaði um ranglæti það, sem jeg hefði eiguað sjer og fleirum, þá skal jeg geta þess, að þingmaðurinn ætti að vita, að til er bæði súbjektívt og objektívt ranglæti, þ. e. viljandi og óviljandi ranglæti. Hann getur gjört það, sem í sjálfu sjer er rangt, án þess að hann sje sjer þess meðvitandi eða ætli sjer að gjöra rangt.

Hinn háttvirti 1. þingmaður Ísfirðinga var svo fjörugur í sinni snjöllu(!) og löngu ræðu, að jeg hjelt, að hann mundi reglulega kollhlaupa sig; nei, nei, hann gjörði ekki nema að reka dálítið í vörðurnar, og komst í nokkur vandræði. Hann þóttist kunnugur síldarveiði; en öll hans ræða sýndi skýrt og ómótmælanlega, hve gjörsamlega ókunnugur hann er síldarveiði og síldarverkun, þar sem hann talaði um, að Norðmenn á Ísafirði af vandræðum hefðu orðið að skúfla síldinni í tunnurnar, og hefðu gengið að því vísu, að hún mundi ónýtast að nokkru eða öllu leyti. En þetta er ekki svo. Það er almennt, ekki hjer að eins, heldur og í ver-

stöðum í Noregi, að skúfla síldinni, og það þarf alls ekki að saka hana, ef tunnurnar ern slegnar upp og saltað um og bætt á þær á eptir, og það var það, sem olli síldarmönnum af Ísafirði tjóns í fyrra, að þeir forsómuðn að salta um, er til Noregs kom, en seudu síldina óumpakkaða til Hamborgar. Það var konsúll Eide í Stafangri, sem átti þessa síld. Fólksfæð veldur því, að menn verða að skúfla síldinni í tunnurnar á veiðistöðunum, og jeg get sagt honum það, að það eru ekki nema örfáir af þeim, sem veiða síld hjer, sem kverka hana hjer og salta hana um. En þegar svona er skúflað í tunnurnar, þá verður að bæta svo miklu á hverja tunnu, að nemur allt að $^1/_4$ til $^1/_3$. Þar sem hann sagði, að síldarveiðamennirnir frá Mandal hefðu ekki orðið gjaldþrota, — þá er það ekki rjett hermt; enda mun hann ekki geta neitað því, að gjaldþrot eru ekki eins tíð í neinum atvinnuvegi í Noregi sem síldarveiði. Þó annar maðurinn, sem var í síldarfjelaginu, væri efnaður, þá var ekki aleiga hans í fjelaginu og *fjelagið* varð gjaldþrota, en reyndar átti annar hluttakandi þess fje utan fjelags, en það kemur ekki þessu við, og hinn, sem með honum var, var fátækur, og hann fór alveg á höfuðið. Menn hafa líkt Norðmönnum þessum við farfugla og látið þá gjalda þess, en um daginn vildu sömu menn friða líka farfugla, þegar frumvarpið um rjettindi búsettra kaupmanna lá fyrir deildinni. Ekki er að tala um samkvæmnina! Þingmaður Barðstrendinga sagði, að mikið af síld væri haft til beitu og ekki kæmi neitt útflutningsgjald á hana. Á jeg ekki að þakka honum, þó hann ekki leggi útflutningsgjald á það, sem aldrei er útflutt? En þessi síld er ekki nema eins og vatnsdropi að reikna á móti þeirri síld, sem út flyzt. Hann sagði og, að það væri hægt að lækka gjaldið seinna, þó það væri sett of hátt nú. Það er nú seint að byrgja brunninn, þegar barnið er dottið ofan i. Það er seint að fara að ljetta of þungum og órjettlátum sköttum af atvinnuveginum, þegar búið er að drepa atvinnuveginn með þeim í fæðingunni. Hitt er hægra, að hækka skattana, þegar menn sjá, að atvinnuvegurinn blessast og gefur svo mikið af sjer, að hann sje fær um að bera þyngri gjöld. Þetta vona jeg að hinir aðrir 22 þingmenn skilji, þó að hinn háttvirti þingmaður Barðstrendinga skilji það ef til vill ekki.

Landshöfðingi: Samkvæmt áskorun 2 hinna háttvirtu þingmanna, 2. þingmanns Norður-Múlasýslu og 2. þingmanns Suður-Múlasýslu, þá skal jeg leyfa mjer að geta þess, eins og jeg tók fram við 2. umræðu, að það er beinlínis skilyrði fyrir því, að Norðmenn megi fiska hjer í landhelgi, að þeir sjeu búsettir í landinu, samkvæmt tilsk. 13. júlí 1787, og vinni hollustn-eið, og munu sýslumenn sjá um, að þeir fullnægi þessum skilyrðum. Þótt þeir kunni að hafa farið nokkuð í kring um lögin í fyrra eða gjört tilraunir til þess, þá ímynda jeg mjer, að engin ástæða sje til að halda, að þeim líðist slíkt framvegis, án þess að lögunum verði beitt á móti þeim.

Varaforseti: Jeg álít það mjög óheppilegt, að af nema þá þóknun, sem frumvarpið fer fram á fyrir gjaldheimtuna, og vona, að enginn þingmaður veiti því atkvæði sitt. Þingið hefur einu sinni samþykkt 2% fyrir að heimta inn tóbaks- og vínfanga-toll. Það er því rjettvísara, að þeir fengju það eins fyrir að heimta þetta gjald. Hinn háttvirti 1. þingmaður Suður-Múlasýslu hafði það fyrir ástæðu, að sýslumenn hefðu áður átt að heimta inn spítalagjaldið, og þar eð þetta kæmi í staðinn fyrir það, væri ekki þörf á sjerstakri borgun. En því er ekki saman að jafna, því þessari innheimtu fylgir mikil ábyrgð. Hinn mikli talsmaður síldarinnar, hinn háttvirti 2. þingmaður Suður-Múlasýslu, brá nefndinni bæði um ókunnugleik og ranglæti, og verð jeg að mótmæla því hvorutveggja. Jeg þekki bæði síldarveiði og þorskveiði, og hef jafnvel sjálfur tekið þátt í þeim báðum, og er síldarveiðin margfalt ábatameiri. Þar sem hann fræddi menn um, að gangverð á síldartunnunni væri 12 kr., þá veit jeg ekki

til, að síldartunna hafi nokkurn tíma verið seld fyrir minna en 16 kr. hjer á landi. Þar sem hann talaði um, að síldarveiði gjörði stundum skaða, þá kann það satt að vera, en hvaða sjávarafli er það, sem ekki gjörir *stundum* skaða? Því ætli Norðmenn, sem veiða síld hjer, fjölgi þá ár frá ári, ef þeir hafa skaða af því? Nei, það mun vafalaust vera hinn uppgripamesti og arðsamasti atvinnuvegur hjer á landi, og mjer finnst fyllsta ástæða til að hafa gjaldið meira en 30 aura, og þótt verðið sje lægra á síldartunnunni en skippundinu af saltfiskinum, þá verður tunnufjöldinn, sem útflutt verður af henni, að verða margfaldur við skippundafjölda þann, sem útfluttur er af fiskinum, eins og hinn háttvirti 1. þingmaður Ísfirðinga tók fram, þó að tilkostnaður sje hinn sami.

Þorsteinn Thorsteinson: 2. þingmaður Suður-Múlasýslu var mikið að tala um skemmdir á síld, en sýndi um leið, að hann annaðhvort hafði misskilið eða misheyrt orð mín. Þingmaðurinn verður að venja sig á að heyra rjett, til að geta svarað rjett. En jeg legg ekki mikla áherzlu á þetta. Að öðru leyti finnst mjer hann í hinni löngu ræðu sinni eingöngu vilja benda þingmönnum á, að hann væri mikið kunnugur síld og síldarveiðum. Þetta hef jeg ekki dregið efa á, en jeg verð að álíta, að sannanir þær, sem frá honum eru komnar um þetta efni, sjeu allt annað en sannfærandi, og jeg tel það víst, að þótt útflutningsgjaldið nú — sem útlit er til — einasta verði sett 25 aura, þá muni ekki mörg ár að bíða, þar til það verði enn hækkað.

Halldór Friðriksson: Jeg skal ekki vera langorður. Það hefur mikið verið talað um Norðmenn og síldarveiðar þeirra. En jeg sje ekki ástæðu til að leggja meira gjald á þá sökum þess, að þeir sjeu útleudir. Lögin skylda þá til að vera hjer búsettir, og það eru sýslumennirnir, sem eiga að sjá um, að lögunum sje hlýtt, en þingið ekki.

Í öðru lagi er það, að síldarveiðar hjer við land eru nokkurs konar nýgjörvingar, þó allmargir hafi áður kunnað að afla síld til beitu, þá megum við kunna Norðmönnum þakkir fyrir, að þeir hafa kennt okkur þessa veiðiaðferð og sýnt okkur fram á þann mikla arð, sem síldarveiðin gefur í aðra hönd. Í þriðja lagi leggst á allan annan fisk einungis ½ til 1 prC., en hjer lagt á 3 prC. Þetta finnst mjer vel í lagt, og minna mætti nægja, en hafa toll þrefalt meiri á síldinni en öllum öðrum fiski. Jeg held fast við það, að hækka ekki þetta gjald fram úr því, sem komið er; það er sannarlega nóg, að leggja 25 aura á tunnuna. Jeg vona, að þingmenn hangi ekki of mikið í því, þó að sumir kalli þessa menn farfugla og þess konar, og á hinn bóginn vona jeg þeir gæti sanngirni við þessa menn, þótt eigi sjeu þeir innlendir.

Að fella burtu 2 af hundraði í innheimtulaun handa sýslumönnum, er svo ósanngjarnt og litilfjörlegt, sem nokkuð getur verið. Sýslumenn hafa sannarlega nóg að gjöra og næga fyrirhöfn fyrir því, að innheimta tollinn, og þetta litla afnám mun vart gjöra miklu meir en borga kostnaðinn, sem tollheimtan hefur í för með sjer fyrir þá. Ábyrgð bætist mikil við þá, og auk þess mun það ekki hvetja þá til árvekni, að innheimta þetta gjald, þegar þeir eiga að gjöra það fyrir ekki neitt.

Jón Jónsson: Það hafa margir látið óánægju sína í ljósi yfir breytingaratkvæði því, sem jeg hef skrifað undir ásamt öðrum þingmönnum. Þessar mótbárur koma frá mönnum, sem ef til vill eru kunnugri en jeg. Þeir hafa ef til vill verið optar sýslumenn, optar bæjarfógetar, heldur en jeg, og það eru ef til vill meiri líkindi fyrir, að þeir verði einhvern tíma lögreglustjórar, en að jeg verði það. En þó svo sje, verð jeg samt að vera á móti því, sem þeir hafa sagt. Jeg get ekki verið hinum heiðraða varaforseta og þingmanni Reykvíkinga samdóma um það, að innheimta á vín- og tóbakstolli baki sýslumönnum mikinn kostnað og mikla fyrirhöfn. Sýslumenn eru sem sje skyldir til að skoða eða láta skoða vöruskrár og önnur skjöl skipanna, er hingað koma, hvort sem þau eigi að greiða toll

eða ekki; þetta er þeim á herðar lagt, til þess að hafa eptirlit með, að skýrslur kaupmanna um að- og út-fluttar vörur sjeu rjettar; en þá er ekki mikið ómakið, um leið að draga út úr vöruskránum, hvað mikið er innflutt af víni, tóbaki o. s. frv. Sýslumaður sjálfur hefur þar að auki víða alls ekkert fyrir eptirlitinu með að- og útflutninga á vörum og tollheimtunni. Hann felur þetta umboðsmönnum síuum, sem annaðhvort eru hreppstjórar eða verzlunarþjónar. Jeg vil vera með til að útvega þessum umboðsmönnum einhver laun, en jeg efast mikið um, að þeir nú fái frá sýslumönnum tollheimtugjaldið allt eða mikinn part af því, og það þótt sýslumenn komi aldrei nærri skipaafgreiðslunum. Væri fróðlegt að heyra skýrslu hins háttvirta 1. þingmanns Húnavatnssýslu um þetta, að því er snertir Blönduós og Skagaströnd; ef til vill gæti hann þá um leið skýrt oss frá, hvernig tollheimtunni er varið á Borðeyri. Sömuleiðis gæti 2. þingmaður Norður-Múlasýslu skýrt oss frá tollheimtunni á Húsavík, Kópaskersvog, Raufarhöfn og Þórshöfn. Hann getur varla sjálfur fengizt við tollheimtuna á meir en einni af þessum höfnum. Sýslumaðurinn á Seyðisfirði hefur enga tollheimtu sjálfur á Vopnafirði, eins og sjá má af brjefi landshöfðingja frá 20. október 1880 (stjórnartíðindi B. 167). Í Skaptafellssýslu hefur sýslumaður búið á Kirkjubæ á Síðu, og má geta nærri, hvort hann ekki hafi þurft að fela umboðsmanni sínum á Papós allt eptirlit með tollheimtunni þar. Í Árnessýslu sat sýslumaðurinn þangað til nýlega á Kiðjabergi og gat því ekki sjálfur annazt um tollana á Eyrarbakka. En jeg skal nú ekki elta sýslurnar lengur. Jeg vona það sje orðið ljóst, að sýslumenn hafa ekki eins mikið fyrir tollheimtunni, sem vinir og venzlamonn þeirra vilja telja oss trú um. Annað atriðið er það, að þeir nú innheimta spítalagjaldið fyrir ekki neitt. Varaforseti sagði, að það hefði verið minna ómak að innheimta spítalagjaldið. Hann þekkir það ef til vill betur en jeg, og hefur kannske innheimt meira af því en jeg; en jeg hef samt innheimt nokkuð, og jeg segi fyrir mig, að jeg vil heldur fara yfir 10 vöruskrár og innheimta samkvæmt þeim tollgjald, en fara yfir helmingi færri aflaskrár frá hreppstjórum og reikna út samkvæmt þeim spítalagjald. Hver sýslumaður, sem hefur haft mikið spítalagjald að innheimta, mun feginn vilja borga talsverða upphæð í landssjóð fyrir að losna við það ómak, þó hann fái útflutningstoll í staðinn.

Benidikt Sveinsson: Jeg bugði ekki, að það mundi spinnast svona mikið úr jafnlitlu efni, en 2. þingmaður Skagfirðinga er laginn á að spinna þráð (*Lárus Blöndal*: Já, bláþræði). En jeg vil að eins benda þingmönnum á, hvað liggur í *þeirri ástæðu* hans, að «*vegna þess sýslumaðurinn er langt frá, á hann ekkert innheimtugjald að fá*» eða þóknun fyrir ábyrgð þá, sem hann gagnvart landssjóðnum hefur á eptirlitinu og innheimtu tollsins. Þetta segir nú hinn háttvirti þingmaður Skagfirðinga, og á þessu byggir hann. Vegna þess sýslumaðurinn í Þingeyjarsýslu er á Húsavík, á hann ekkert að fá, fyrir að fara sjálfur eða þá sjá um, að tollurinn sje innheimtur, eins og hann gjöri það sjálfur, og ber ábyrgð á því fyrir landssjóði, margar þingmannaleiðir í fjarska, norður á Kópaskeri, norður á Raufarhöfn, norður á Þórshöfn á Langanesi, og *af því* sýslumaður Húnvetninga býr langt burtu frá tolltekjustöðunum í Húnaþingi, þá gildir hið sama lögmál þingmannsins; hann á einmitt *þess vegna* ekkert að fá. Þó maður setti sem svo, að sýslumanni væri skipað að hafa umsjóu og ábyrgð á tolltekju fyrir landssjóð *uppi í tunglinu*, já, þá mundi hinn háttvirti, sjálfum sjer samkvæmi 2. þingmaður Skagfirðinga segja: já, þá á hann ekkert að fá!

Jeg ætlaði jafnframt að þakka 1. þingmanni Suður-Múlasýslu fyrir það, að hann hefur gjörzt *forustusauður* fyrir breytingaratkvæðinu, sem stingur upp á þeim meðalvegi, að láta sýslumenn fá fyrir innbeimtu gjaldsins *einn* af hundraði. Hann hefur

sjálfsagt ætlað að vega með innheimtuafdrættinum dálítið upp í skarðið fyrir landssjóðinn, sem hann hjó honum fyrir skemmstu með máli, sem vjer allir þekkjum, lánsstofnuninni góðu. En! jeg er viss um, að enginn sýslumaður hefur þá kotkarlasál, að hann sje svo lítilþægur, að hann vilji eigi miklu fremur innheimta gjaldið fyrir alls ekkert sem rangláta skyldukvöð, heldur en fá *einn* af hundraði fyrir svo mikla ábyrgð og ómak. Jeg vona því, að þingdeildin annaðhvort kasti öllu innheimtugjaldi, eins og þingmaður Skagfirðinga vill vera láta, eða þá láti frumvarpið standa óbreytt um þessa 2 af hundraði.

Lárus Blöndal: Jeg ætlaði ekki að tala í þessu máli, en gandreið hins háttvirta 2. þingmanns Skagfirðinga kring um land allt, neyðir mig til þess að standa upp. Hinn háttvirti þingmaður sagði, að því fjær sem sýslumenn byggju einhverjum verzlunarstað, því hægri væri innheimta þeirra á tollinum, og þess vegna væri því síður ástæða til að láta þá hafa innheimtulaun, þar sem umboðsmenn þeirra sæju um innheimtuna, og sýslumenn þyrftu aldrei hennar vegna að koma á verzlunarstaðina. En þetta er alveg öfugt og gagnstætt hinu rjetta, eins og hinn háttvirti 2. þingmaður í Norður-Múlasýslu tók fram í ræðu sinni.

Hinn háttvirti 2. þingmaður Skagfirðinga ætti þó að vita, að þessir umboðsmenn sýslumanna við tollheimtuna eru skipaðir *upp á ábyrgð sýslumanns*, en ekki upp á eigin ábyrgð, og tollheimtuábyrgðin er engan veginn svo ljettvæg eða þýðingarlítil. Sjerhver skyldurækinn og vandvirkur sýslumaður mun finna sjer skylt, að hafa nákvæmt eptiriit með tollheimtu umboðsmanna sinna, og slíkt eptirlit hlýtur opt og tíðum að hafa talsvert ómak og kostnað í för með sjer, einmitt þegar sýslumaður býr fjarri verzlunarstaðnum. Jeg get fullvissað hinn háttvirta 2. þingmann Skagfirðinga um, að jeg fyrir mitt leyti finn mjer skylt og álít nauðsynlegt, að líta nákvæmlega eptir öllum tollskjölum í minni sýslu og að lesa þau ofan í kjölinn, þegar jeg fæ þau frá umboðsmanni mínum. Hvað sjerstaklega snertir laun þau fyrir innheimtu á útflutningsgjaldi af fiski og lýsi, sem hjer er um að ræða, þá hygg jeg, að hver sanngjarn og hlutdrægnislaus maður hljóti að viðurkenna, að sýslumenn sjeu vel að þeim komnir; og þó jeg segi það, vona jeg, að hin háttvirta þingdeild játi, að jeg tala hjer ekki mínu máli persónulega, með því lítil líkindi eru til, að fiskur eða lýsi að nokkrum mun verði flutt úr Húnavatnssýslu; nei! það er um málefnið sjálft, principið, að jeg tala. Tollheimtuábyrgð sýslumanna er sannarlega ekki eins lítilsvirði, eins og hinn háttvirti 2. þingmaður Skagfirðinga má ske álítur, og þess vegna er það ósanngjart og jafnvel lítilmannlegt að vera að narta í þessi lítilfjörlegu innheimtulaun, eða að vilja fella þau burt.

Yfir höfuð virðist ræða hins háttvirta 2. þingmanns Skagfirðinga, — eins og annars fleiri ræður hans — bera það með sjer, að honum þykir velfarnan lands og lýða meðal annars komin undir því, að gjöra embættismennina sem auðvirðilegasta og óþokkasælasta í augum alþýðu.

Jón Jónsson: Jeg bið um orðið til að bera af mjer áburð þingmanns Húnvetninga. Jeg hef aldrei sagt neitt í þá átt, að gjöra, embættismenn alla óþokkaða eða óvinsæla hjá alþýðu. Vinsældir embættismanna ern komnar undir röggsemi þeirra og skyldurækni, og svo er guði fyrir þakkandi, að vjer höfum á þessu landi og höfum haft marga skyldurækna og góða embættismenn; en það hafa einnig verið sumir, sem hafa hugsað meira um, að fá hvert verk sitt vel borgað en að leysa það vel af hendi. Föðurlandsást þeirra er innifalin í því, að mjólka og mjólka sem mest úr landssjóði. (Hróp og köll, hringdur niður). Slíka menn þarf jeg ekki að gjöra óþokkaða. Þeir dæma sig sjálfir.

Lárus Blöndal: Jeg vildi að eins leyfa mjer að spyrja hinn háttvirta 2. þingmann Skagfirðinga að, hvort hann hefði væmt við

þeim 2000 kr., sem hann átti að fá hjerna um árið úr landssjóði sem heiðurslaun fyrir frammistöðu sína í fjárkláðamálinu.

Þá höfðu 6 þingmenn beðið umræðunum hætt, og var það samþykkt.

Því næst var gengið til atkvæða, og fjell atkvæðagreiðslan þannig:

Breytingartillaga 7 þingmanna við 2. gr. 1. tölul. samþykkt með 15 atkvæðum.

Breytingartillaga nefndarinnar við 2. gr. 5. tölul. felld með 12 atkvæðum gegn 6.

Breytingartillaga 7 þingmanna við 2. gr. 8. tölul. samþykkt með 12 atkvæðum gegn 1.

Breytingartillaga 6 þingmanna við 8. gr. felld með 18 atkvæðum gegn 2.

Breytingartillaga 7 þingmanna við 8. gr. felld með 14 atkvæðum gegn 5.

Breytingartillaga nefndarinnar við fyrirsögnina samþykkt án atkvæðagreiðslu.

Frumvarpið þannig orðað samþykkt með 19 atkvæðum.

Kvað forseti það mundu verða sent forseta efri deildarinnar með tilmælum um, að leggja það fyrir þá deild.

FYRSTA UMRÆÐA Í EFRI DEILD,
á 24. fundi, 2. dag ágústmán.

Frumvarpið eins og það var samþykkt við 3. umræðu í neðri deild, sjá I, 291—292.

Þar eð enginn tók til máls, bar forseti undir atkvæði, hvort málið skyldi ganga til 2. umræðu, og var það samþykkt í einu hljóði.

ÖNNUR UMRÆÐA Í EFRI DEILD,
á 26. fundi, 4. dag ágústmán.

Engiu umræða varð um málið, og bar því forseti upp til atkvæða hinar sjerstöku greinar frumvarpsins, og var þá

1., 2., 3., 4., 5., 6., 7., 8. og 9. gr. hver um sig samþykkt í einu hljóði.

10. gr. samþykkt með 10 atkvæðum.

Fyrirsögn frumvarpsins áleizt samþykkt án atkvæða.

Var málinu því næst vísað til 3. umræðu í einu hljóði.

ÞRIÐJA UMRÆÐA Í EFRI DEILD,
á 28. fundi, 6. dag ágústmán.

Enginn tók til máls, og bar því forseti frumvarpið upp til atkvæða, og var það samþykkt í einu hljóði,

Forseti kvað frumvarpið verða afgreitt til landshöfðingja sem lög frá alþingi.

VII.

Laun hreppstjóra.

Frumvarp til laga um borgun handa hreppstjórum og öðrum sem hafðir eru til að framja rjettargjörðir.

Frá stjórninni.

Frumvarpið er prentað í fyrri parti alþingistíðindanna, bls. 601—606.

FYRSTA UMRÆÐA Í EFRI DEILD,
á 3. fundi, 6. dag júlímánaðar.

Landshöfðingi: Það hefur fleirum sinnum komið til tals á þinginu, að brýna nauðsyn bæri til að bæta laun hreppstjóra,

en málið hefur aldrei komizt svo langt, að lög um það hafi verið samþykkt; skoðanir manna hafa verið mjög misjafnar með tilliti til þess, hvernig launin skulu goldin. Sumir hafa viljað veita hreppstjórum föst laun úr landssjóði; aptur hafa aðrir viljað láta gjalda nokkurn part, t. a. m. helming launanna, úr landssjóði, en hinn úr hlutaðeigandi sveitarsjóði eða amtsjafnaðarsjóði. En hverri reglunni sem fylgt verður, þá verður það allt af talsverður kostnaður fyrir landssjóð. Frumvarp þetta miðar aptur á móti til, að koma tekjum hreppstjóra í betra og rjettara horf, með því að breyta aukatekjureglugjörðinni frá 10. september 1830. VIII kap., 63—75. gr., og ákveða hreppstjórum laun fyrir rjettargjörðir, er þeir eiga að framkvæma. Á þessu stigi málsins skal jeg að eins taka það fram, að tilgangurinn með þessu frumvarpi er sá, að þessi borgun til hreppstjóranna verði samkvæm tímanum, á þann hátt, að hækka borgunina fyrir hverja einstaka rjettargjörð, en einkum með því að veita þeim sömu borgun í opinberum og gjafsóknarmálum sem í öðrum málum. Af því breyting þessi hefur verulega þýðingu, efast jeg ekki um, að málið verði tekið til meðferðar og nefnd sett í það.

Stefán Eiríksson: Jeg get ekki verið alveg samdóma landshöfðingja um það, að mál þetta bæti verulega kjör hreppstjóra, því þó nefnd verði sett í málinu, þá er jeg ekki viss um, að henni takist, að laga allar þær misfellur, sem á frumvarpinu eru. Því það eru eflaust margar greinar, sem þurfa lagfæringar við. Jeg vil taka til dæmis, þar sem talað er um borgun fyrir uppskriptar- og virðingargjörðir. Þar er ákveðin borgun 3 kr. fyrir hvern dag, sem hreppstjórarnir starfa að uppskriptinni. Það er t. a. m. ósanngjarnt í tilliti til eiganda búanna, að 3. kr. sjeu teknar í uppskriptarlaun af þeim búum, sem að eins hlypu eptir virðingu upp á 50—100 kr., eins og það líka væri ósanngjarnt, að hreppstjórinn fengi ekki nema 3. kr. af búi, sem hlypi til 1000. Þessir og fleiri gallar þurfa að lagast. Og því þarf að setja nefnd til að íhuga frumvarpið, ef gagn á að verða að því.

Benidikt Kristjánsson: Jeg gjöri ráð fyrir, að nefnd verði kosin í þessu máli, og býst við, að þessu frumvarpi verði eins og hinum vísað til 2. umræðu. Þess vegna ætla jeg með nokkrum orðum að láta skoðun mína í ljósi um það, svo nefnd sú, er kosin yrði í málinu, gæti tekið hana til athugunar. Jeg er alveg samdóma þingmanni Austur-Skaptfellinga um, að með frumvarpi þessu sje engin veruleg bót ráðin á launum hreppstjóra. Aukatekjurnar eru víðast mjög misjafnlega goldnar, og þykir hreppstjórum opt ekki tilvinnandi, að krefja menn um þær. Jeg þekki mörg dæmi þess, að hreppstjórar vilja heldur vera án þeirra, en að þurfa að vera að ganga eptir þeim. Það er almenn skoðun, að minnsta kosti sumstaðar á landinu, að æskilegt væri, að aukatekjurnar væru afnumdar, en hreppstjórum aptur launað beinlínis úr landssjóði. Hreppstjórar vinna eigi að eins fyrir einstaka menn, heldur og fyrir landið allt. Mjer fyrir mitt leyti finnst því brotaminnst, að þeim verði veitt hæfileg laun úr landssjóði. Bændur leggja hvert sem er sje fram til landssjóðs, og kemur þá allt í sama stað niður. Enda er, að minni ætlun, rjettast og hreppstjórum hagfelldast, að þeir fái laun sín úr landssjóði, því margir þeirra fara á mis við þá borgun, er þeim ber. Því þó margir álíti sjálfsagt að borga þeim, þá eru aptur aðrir, sem láta það ógjört, þótt þeir geti, og enn aðrir eru svo bágstaddir, að þeir geta ekki goldið, og nenna þá hreppstjórar opt ekki að krefja slíka menn. Annars er mál þetta umfangslítið, og álít jeg því nóg, að í það verði skipuð þriggja manna nefnd.

Ásgeir Einarsson: Jeg gjöri ráð fyrir, að þótt frumvarp þetta sje ekki stórt, þá verði það ekki rætt fullkomlega í þetta sinn. En með því að láta nú í ljósi skoðanir sínar um frumvarpið í heild sinni, gæti það orðið til þess, að gefa hinni fyrirhuguðu nefnd nauðsynlegar upplýsingar og bendingar. Það hafa komið fram ýmsar skoðanir um það,

hvernig gjalda skuli hreppstjórum laun sín. Á almennum fundi, sem haldinn var í Húnavatnssýsslu rjett áður en jeg fór að heiman, kom fram sú skoðun, að sanngjarnt væri, að aukatekjureglugjörð fyrir hreppstjóra væri samin, að því er snerti borgun fyrir þau störf, er þeir ynnu, t. a. m. úttektir jarða og uppskriptir við bú, aptur væri rjett, að hreppstjórar fengju nokkra þóknun af landssjóði fyrir ritstörf heima á heimilum sínum í þarfir þess opinbera, en sú síðari uppástunga var felld. Jeg get þessa að eins í því skyni, að gefa nefndinni bendingu um, hvernig mál þetta var skoðað á áminnztum fundi.

Einar Ásmundsson: Þar eð þingmenn deildarinnar eru farnir að skýra frá þeim skoðunum, sem komið hafa fram í kjördæmum þeirra á þessu máli, þá skal jeg og geta um skoðanir manna í mínu kjördæmi. Eptir því sem jeg þekki bezt til, hafa komið fram tvær stefnur. Önnur stefnan fer í þá átt, að hreppstjórar fái sjerstök laun hjá þeim, sem nota þá til að gjöra einhver embættisverk, og er það samhljóða þessu frumvarpi stjórnarinnar. Hin stefnan fer í þá átt, að veita þeim laun að nokkru leyti úr landssjóði; þeir, sem lengst fóru í þá stefnu á fundi í mínu kjördæmi, vildu að eins fara því fram, að landssjóður veitti þeim þóknun sem formönnum í skattanefndum og fyrir ýms önnur ritstörf t. a. m. samning á skýrslum o. s. frv. Starf hreppstjóranna fer, yfir höfuð, auðsjáanlega eptir stærð hreppanna, og því álít jeg rjettast, að laun þeirra sjeu miðuð við stærð hreppanna, og að þeir fái nokkra þóknun úr landssjóði eptir fólksfjölda þeirra, eða búandatölu. Þessa hef jeg að eins getið til þess, að hin fyrirhugaða nefnd geti þekkt skoðanir mínar á málinu.

Sighvatur Árnason: Það eru yfir höfuð tvær stefnur, sem komið hafa fram í þessu máli, eins og búið er að taka fram. Jeg skal og leyfa mjer að taka það fram, að í Rangárvallasýslu, á almennum sýslufundi, sem nýlega var haldinn, varð sú samhljóða ályktun, að veita skuli hreppstjórum þóknun bæði úr landssjóði og sveitarsjóði, að helmingi úr hvorum. Líka voru nokkrir á því, að hækka aukatekjurnar á líkan hátt og tekið er fram í stjórnarfrumvarpinu. Jeg hef að eins getið þessa málinu til skýringar og nefndinni til stuðnings í tilliti til skoðunar á málinu í mínu kjördæmi.

Forseti bar því næst undir atkvæði, hvort málið skyldi ganga til 2. umræðu, og var það samþykkt. Sömuleiðis var samþykkt þriggja manna nefnd, og í hana kosnir:

Sighvatur Árnason með 8 atkvæðum.
Stefán Eiríksson — 7 — —
Einar Ásmundsson — 6 — —

Í nefndinni var Sighvatur Árnason kosinn formaður og framsögumaður, og Einar Ásmundsson skrifari.

ÖNNUR UMRÆÐA Í EFRI DEILD,
á 11. fundi, 18. dag júlímánaðar.
Nefndarálit, sjá I, 83—85.

Framsögumaður (*Sighvatur Árnason*): Eins og nefndarálitið sýnir, hefur nefndin gjört mjög litlar breytingar við frumvarp stjórnarinnar. Nefndin hefur svo að segja einungis gjört einstöku orðabreytingar, þar sem henni virtist betur fara. Jeg þarf því ekki að fara mörgum orðum um þessar smábreytingar. Jeg skal strax taka það fram, að, eins og þingmenn fljótt munu sjá, þá er stafvilla í nefndarálitinu undir 3. tölulið, þar sem stendur: «nefnd» í staðinn fyrir «nefnt». Þegar þar í móti kemur til 4. töluliðs, athugasemdarinnar við 5. gr., þá er þar efnisbreyting að eins. Nefndinni fannst eðlilegt, að þeir $^2/_6$ eða $^1/_3$, sem hefur gengið til sýslumanns og hreppstjóra fyrir uppboð á óskila fje, gangi hjer eptir til hreppstjóra einungis, því eins og kunnugt er, ganga eigi nema $^2/_3$ af þessu fje til sveitarsjóðs, heldur en að skipta þessu lítilræði í tvennt, sem þá munaði hvorugan neitt, hvorki landssjóð nje hreppstjóra. Að því er snertir 7. tölulið 7. gr., þá er þar tekin upp ný ákvörðun eða viðauki, sem nefndinni fannst þörf á og fara betur, af því að svo getur að borið, að báðir hreppstjórarnir hafi tekið við hreppstjórninni

undir eins. Þar sem því í frumvarpi stjórnarinnar er ákveðið, að sá hreppstjóranna, «sem lengst hafi verið hreppstjóri», skuli hafa starfann á hendi, fannst nefndinni ráðlegra að bæta þessu við, «eða hinn eldri, ef báðir hafa jafnlengi verið». Á nefndarálitinu sjest enn fremur, að nefndin ræður til, að bætt sje við frumvarpið nýrri grein, sem sje 1. grein, og tilfærir um leið ástæður sínar fyrir þessari grein. Þó nefndin álíti, að breytingar þær á nú gildandi lögum, sem frumvarpið gjörir á borgun fyrir aukaverk þau, sem nefnd eru, sjeu ekki óaðgengilegar út af fyrir sig eptir kringumstæðum, og hún geti því fallizt á þær, þá finnst henni þó í alla staði sanngjarnt og nauðsynlegt, að hreppstjórar fái á parti þóknun úr landssjóði fyrir skriptir, ómak og tímatafir, sem á þeim hvíla fyrir aukaverk þau, sem frumvarpið ræðir um, þar sem þeir sjeu sá liður landsstjórnarinnar, sem á að undirbúa hinn aðallega og áreiðanlega grundvöll undir hin almennu gjöld til landssjóðs. Skal jeg svo ekki fara fleirum orðum um aðgjörðir nefndarinnar að sinni, fyr en jeg heyri undirtektir manna. Að síðustu skal jeg geta þess, að jeg hef gjört mjer nokkra reikningslega hugmynd um gjöld þau, sem eptir hinni nýju grein (1. gr.) nefndarinnar leggjast á landssjóð. Hún er nú máske ekki sem glöggust, en jeg skal geta þess, að hún er byggð á kunnugleik mínum á þremur sýslum sunnanlands, þ. e. Árnessýslu, Rangárvallasýslu og Vestur-Skaptafellssýslu. Eptir búandatölu þessara sýslna vildi mjer reiknast, að $^1/_7$ hluti þeirra byggi á jörðum og jarðarpörtum undir 5 hundruðum. Á öllu landinu mun láta nærri að sjeu 7—8000 búendur, og yrði þá þessi fjárupphæð nálægt einu þúsundi lægri, en búandatalan, eða 6—7000 kr.

Landshöfðingi: Jeg finn mjer skylt að þakka nefndinni fyrir það, að hún hefur tekið svo vel í þetta mál, og ráðið deildinni til að fallast á frumvarpið yfir höfuð að tala. Flestar breytingar nefndarinnar eru að eins orðabreytingar, en þó er ein aðalbreyting, þar sem nefndin leggur það til, að bætt sje við frumvarpið nýrri ákvörðun, sem sje 1. gr. Orðabreytingar þær, sem nefndin hefur tilfært á atkvæðaskránni undir tölulið 2., 3., 5., 6. og 7., get jeg fallizt á. Það, sem tilfært er undir 4. tölulið, er ekki orðabreyting, heldur að nokkru leyti efnisbreyting, eins og framsögumaðnr tók fram, þar sem farið er fram á, að $^1/_4$ breytist í $^1/_8$, en móti þessari breytingu nefndarinnar skal jeg heldur ekki vera, þar sem hún ekki hækkar gjald það, sem ákveðið er í 71. gr. aukatekjureglugjörðarinnar, því eptir henni er gjaldið $^1/_6$ til hreppstjóra og $^1/_6$ til sýslumanns eður landssjóðs. Þar á móti er allt öðru máli að gegna með 1. gr. nefndarinnar, því hún er að mínu áliti ísjárverð, þar sem hreppstjórum eru veitt föst laun úr landssjóði og honum íþyngt með því. Kostnaðaraukinn mun ekki verða svo lítill, og jeg held, að reikningur framsögumanns sje ekki á rökum byggður. Hreppstjórarnir eru í öllu verulegu «communale» sýslunarmenn eða starfsmenn. Því þó að nefndin taki það fram, að hreppstjórar sjeu ómissanlegur liður landsstjórnarinnar, sem á að undir búa hinn aðallega og áreiðanlega grundvöll undir hin almennu gjöld til landssjóðs, sömuleiðis til prests og kirkju, fátækra og ýmissa annara þarfa, þá eru þessi störf hreppstjóra samt fyrst og fremst störf í þarfir sveitarinnar, þó skýrslur þeirra einnig liggi til grundvallar fyrir skýrslum landssjóðs og sjeu hafðar við innheimtu á skuldum landssjóðsins. Hinar vandasömustu skýrslur hreppstjóra, skýrslur þeirra um framtal lausafjártíundar, eru og ómissandi í þarfir sveitarinnar, þar sem á þeim eru byggð amtsjafnaðarsjóðsgjaldið, gjöld til prests og kirkju, fátækra o. s. frv. Þó skýrslur hreppstjóra um lausafjárskattinu 14. des. 1877 sjeu í þarfir landssjóðs, þá mun það ekki auka mjög ómak hreppstjóra, þar sem þeir ekki þurfa að gefa nema eitt eptirrit. Það mun óhætt að sleppa að tala um skýrslur um spítalagjald, því þær munu eigi koma fyrir optar, þar sem frumvarp um afnumning spítalagjalds-

ins er nú komið fyrir þingið, og öll líkindi til, að það muni verða samþykkt af þinginu. Skýrslur um hundahald og verkfæra menn eru einungis í þarfir sveitarinnar. Skýrslur um verðlag hafa nokkra þýðingu fyrir tekjur landssjóðsins, en þó meiri fyrir sveitirnar. Búnaðartöflurnar, sem eru gjörðar í statistisku augnamiði, eru eins í þarfir sveitarinnar eins og alls landsins. Að því er snertir störf hreppstjóra í skattanefndum, sbr. lög 14. des. 1877, þá játa jeg, að þau eigi eingöngu við tekjur landssjóðs, en aptur á móti eru þau ekki landssjóðsins vegna, heldur vegna gjaldandanna. Hreppstjórinn er formaður í niðurjöfnunarnefndinni. Þessi störf hans eru umfangsmikil í fyrstu. En í hvert sinn, sem endurtaka skal niðurjöfnunina, er starfið í raun og veru eigi annað, en endurskoðun undangangandi niðurjöfnunar, og getur eigi tekið langan tíma. Störf hreppstjóranna sem lögreglustjóra miða að vísu til heilla fyrir allt landið, en næst og sjer í lagi eru þau í þarfir sveitarinnar og fyrir hennar hönd, þar sem lögreglustjórarnir eiga að sjá um, að öll góð regla við haldist í sveitinni. Þar sem alþingi 1877 samdi lög, er ljettu af landssjóði launum handa lögregluþjónunum í Reykjavíkurbæ, þá hefur það líka berlega aðhyllzt þessa skoðun.

Jeg hef ekki tekið þetta fram af því, að jeg sje mótfallinn, að hreppstjórum sje útveguð nokkur þóknun fyrir þessi störf sín. Frumvarpið sjálft hefur verulega launahækkun inni að halda, þar sem það hækkar borgunina fyrir hvert einstakt verk, og sjer í lagi með því, að ákveða hreppstjórum borgun fyrir öll opinber störf og í öllum gjafsóknarmálum, en jeg hef gjört þessar athugasemdir til þess, að vekja athygli deildarinnar á því, hvort ekki væri rjettast, ef hún álítur nauðsynlegt, að hreppstjórum sje veitt föst laun, að skylda amtsjafnaðarsjóðina eða sýslusjóðina til að greiða nokkurn part þessara launa. t. a. m. helminginn, en aptur hlífa landssjóðnum. Mætti þá koma með breytingu í þessa stefnu við 3. umræðu.

Aðalbreyting nefndarinnar, 1. gr., fer fram á, að til hreppstjóra í hverjum hreppi skuli ár hvert greiða af landssjóði þóknun, er nemi 1 kr. fyrir hvern búandi mann innan hrepps, sem býr á jörð eða jarðarparti, er metinn sje til dýrleika eigi minna en 5 hundruð eptir gildandi jarðamati, og skal jeg geta þess, að jeg álít, að þessi breyting sje yfir höfuð mjög vel tilfallin. En aptur getur verið spurning um, hvort takmarka skuli við 5 eða 10 hundraða jarðir. Framsögumaður tók fram, að það mundu vera nálægt því 1000 bændur, sem þessi gjöld ættu við. Jeg skal í þetta sinni ekki segja neitt um þennan reikning, en jeg efast um, að hann sje rjettur. Jeg skal að eins geta þess, að árið 1879 voru bændur á jörðum og jarðapörtum, eigi minni en 5 hndr. eptir gildandi jarðamati, 5818 á öllu landinu, en 3550 á jörðum, eigi minni en 10 hndr. Að síðustu skal jeg taka það fram, að komist deildin að þeirri niðurstöðu, að samþykkja 1. gr. nefndarinnar, þá virðist mjer rjettast, að fjárupphæð þessari sje skipt milli sveitarsjóða og landssjóðs.

Árni Thorsteinson: Jeg þarf ekki að vera langorður, þar sem landshöfðingi er búinn að taka fram það helzta, sem jeg hafði að athuga við nefndarálitið. Nefndin hefur farið fram á, að draga undir frumvarp þetta spursmálið um laun hreppstjóra. Jeg fæ eigi betur sjeð, en að það sje eigi alveg rjett, að störf hreppstjóra sjeu að langmestu í þarfir hinna einstöku og með fram í þarfir sveitafjelaganna. En jeg álít það aðaltilgang frumvarpsins, að ákveða hreppstjórum þóknun fyrir störf þeirra í þarfir einstakra manna, en ekki eiga við, að blanda þar inn í hinu almenna spursmáli um, hvað og að hve miklu leyti landssjóðurinn sje skyldur að launa þeim, fremur en að þeim í frumvarpinu er áskilin borgun fyrir ýmisleg störf, svo sem fyrir að vera rjettarvitni o. s. frv. í lögskipuðum málum og hafa á hendi ýmislegt undir rekstri sakamála. Ef landssjóðurinn álízt skyldur til þess að launa

hreppstjórum sjerstaklega, þá finnst mjer haganlegast að sjá fyrst, hvað miklar þær tekjur verða, sem þeir eiga að fá fyrir þau einstöku störf, sem eru tilnefnd í frumvarpinu. Það er ekki svo að skilja, að jeg vilji ekki, að hreppstjórar fái sanngjörn laun. En jeg verð að vera samdóma landshöfðingja um það, að flest störf hreppstjóra eru beinlínis í þarfir einstakra manna og sveitafjelaganna, og því álít jeg rjettast, að þeir fái borgun hjá hinum einstöku, er þeir starfa fyrir, eða úr sveitasjóðunum, þegar þeir starfa fyrir sveitafjelögin. Þannig er sveitin beinlínis skyld að borga hreppstjórum fyrir störf þeirra sem lögregluþjóna, því þau eru beinlínis í þarfir sveitarinnar, eptir því sem á fyrri þingum er álitið rjett að vera. En um leið og jeg tek þetta fram, skal jeg geta þess, að ef hreppstjórar eiga að fá föst laun, þá getur verið mikið spursmál um, hvort jarðarhnndruðin sjeu sá rjetti grundvöllur til að byggja launin á. Mjer fyrir mitt leyti finnst miklu æskilegra, að þau sjeu byggð á einhverju öðru, en svo breytilegri upphæð, sem jarðarhundruðin eru. Þegar þau eru lögð til grundvallar, verður á hverju ári að gefa skýrslu um það, áður en launin eru gefin. En þessi athugasemd hefur þó ekki mikla þýðingu, nema í framkvæmdinni. Hinn munurinn hefur meiri þýðingu, sem kemur fram við ábúð á sveitajörðum og ábúð á sjávarjörðum, því í sveitum fengju hreppstjórar eptir frumvarpinu meiri laun, en hreppstjórar við sjó, þar sem tómthúsmenn eru margir, en jarðarábúðin lítil að hundraðatali. Jeg fyrir mitt leyti kynni betur við, að gengið væri út frá fólksfjöldanum í hreppunum til þess að veita hreppstjórunum fast ákveðið gjald úr landssjóði, svo að þeir vissu, að hverju þeir ættu að ganga, en laun þeirra væru ekki sífellt breytingu undirorpin, og þeir fengju árlega einni krónu meira eða minna. Jeg get eigi fallizt á, að draga undir þetta frumvarp almenna launaákvörðun hreppstjóra, en álít, að það málefni ætti að sæta sjerstakri meðferð út af fyrir sig. Viðvíkjandi breytingaiappástungum við hinar einstöku greinar frumvarpsins skal jeg taka fram, að því er snertir þóknun þá, sem hreppstjórum er ákveðin í 6. og 7. gr., þá hefði jeg þó kunnað betur við, að hún hefði verið öðruvísi ákveðin. Í 6. gr. stendur: «Þegar hreppstjóri fyrir hönd sýslumanns stendur fyrir uppskriptar- og virðingargjörðum til leiðbeiningar við skipti eða uppboð, fær hann fyrir þetta verk sitt 3 kr. fyrir hvern dag, sem gjörðin stendur yfir». Þetta gjald: 3 kr. fyrir hvern dag, og þar við bætist 2 kr. eptir 7. gr., getur verið heldur lítil borgun, ef um auðug bú er að ræða, en aptur ef til vill of hátt, ef öreigabú á í hlut. Jeg fyrir mitt leyti álít rjettara, að gengið væri út frá borgun fyrir hvert einstakt starf. Því, hvernig á að fara að, þegar fleiri bú eru skrifuð upp á dag? Hvernig á þá að skipta þessum 3 krónum? Það verður eigi nema með því að taka fjárhæð hvers einstaks bús og jafna svo niður þessum 3 kr. eptir hlutfalli milli búanna. Jeg vildi því heldur og álít rjettara, að ákveða hreppstjórum borgun fyrir hvert einstakt starf, en dagborgun, eins og gjört er í 6. gr. Að því er 7. gr. snertir, þá finnst mjer, að 2 kr. til úttektarmanna fyrir hvern dag, sem úttektin stendur yfir, sje heldur lítið. Hjer finnst mjer líka hefði átt betur við, að ákveða úttektarmönnum vissa borgun fyrir hvert einstakt starf. Mig furðar annars á því, að nefndin skuli ekki hafa gjört 7. gr. að meira íhugunarefni, einkum með því að gæta þess, á hverri skoðun þessi deild var fyrir tveimur árum í þessu efni. Þá fjellst deildin á, að hver úttektarmaður fengi 4 kr. fyrir hverja úttekt (landbúnaðarlögin), eða helmingi meiri borgun fyrir hverja úttekt, en nú fyrir hvern dag, og er þetta ekki svo lítill munur. Þar var úttektarmönnum líka ákveðin borgun fyrir eptirrit af gjörðum sínum.

Framsögumaður: Jeg verð að játa, að mjer þykir bæði landshöfðingi og hinn 5. konungkjörni þingmaður leggja of mikla áherzlu á störf hreppstjóra í þarfir sveitarinnar gagnvart störfum þeirra í þarfir landssjóðsins, og of mikla áherzlu á þessa þóknun úr landssjóði, sem þeir kalla laun, en sem jeg ekki álít svo ríflega, að jeg geti nefnt hana því nafni, því þar sem þeir þó hafa játað, að hreppstjórar væru að nokkru leyti þjónar landssjóðsins, þá getur þingið varla verið þekkt fyrir, að hafa þessa þóknun minni. Jeg þykist nú þekkja nokkuð til þess, hvað mikið hreppstjórar starfa í þarfir landssjóðsins, og hvað mikið beinlínis í þarfir sveitanna; það er sannarlega lítilræði á móti hinu öllu. Skýrslur þær, sem fátækra útsvarið byggist á, eru í sveitar þarfir, en jeg held það sje fátt annað, því flestar aðrar skýrslur þeirra eru beinlínis í landssjóðsins þarfir. Og svo er það allt annað mál, þó nefndin vilji hlífa sveitarsjóðunum við að borga fyrir verk sín, sem bæði eru minni en hin, og sjóðir þeir hafa mikið að bera. En svo framarlega sem menn álíta þessi störf í þarfir landssjóðsins nokkurs verð, þá finnst mjer þessi borgun, sem nefndin hefur ákveðið, ekki geta minni verið fyrir þau út af fyrir sig. Jeg skal svara hinum 5. konungkjörna þingmanni því viðvíkjandi mótmælum hans gegn dagborguninni í 6. gr., að honum hlýtur að vera kunnugt eins og mjer um ákvörðun aukatekjureglugjörðarinnar frá 10. septbr. 1830, um borgun handa hreppstjórum, að hún miðar dagborgunina við 8 stundir, og maður verður að ganga að því vísu, að því yrði samvizkusamlega fylgt. Gæti 5. konungkjörni annars komið með breytingaruppástungur, sem jeg gæti fellt mig betur við, þá væri það mikið gott. Þar sem þingmaðurinn talaði um 7. gr. frumvarpsins, þá þótti honum hálf kynlegt, að nefndin skyldi ekki hafa athugað ákvörðun landbúnaðarlaganna í hitt eð fyrra um 4 kr. borgun fyrir hverja úttekt, sem deildin þá fjellst á. Jeg kannast mikið vel við þessa 4 króna ákvörðun deildarinnar 1879, en jeg skal taka það fram, að mjer finnst þessi borgun of há. Jeg skal taka til dæmis, ef hreppstjóri tekur út tvær jarðir á dag, þá fær hann 8 kr.; þetta þótti mjer of hátt; þegar litið er á, að opt eiga fátækir í hlut, þá yrði það ósanngjarnt að borga 8 kr. til beggja úttektarmanna fyrir hálfan dag. Þó jeg væri kunnugur þessari ákvörðun í hitt eð fyrra, þá gat jeg vel verið þekktur fyrir, að vera meðnefndarmönnum mínum samdóma í því, að lækka þetta gjald. Landshöfðingi efast um áreiðanleik reikningshugmyndar minnar, og skal jeg ekkert hafa á móti, að það kunni mega, þó mjer fyndist hann nokkuð misskilja mig í því atriði. Hann hefur sjálfur miklu áreiðanlegri grundvöll að byggja sinn reikning á, en jeg, því mig vantar skýrslur, sem til þess þarf. Samt held jeg fjárupphæðin verði ekki tilfinnanleg fyrir landssjóð; því hún mun ekki fara mikið fram úr 6,000 kr. En þó nú þessi mótmæli hafi komið fram gegn nefndarálitinu, þá vona jeg þó, að það fái samþykki deildarinnar.

Jón Pjetursson: Mjer fellur nefndarálitið yfir höfuð vel í geð. En jeg verð að vera samdóma landshöfðingja um það, að ekki eigi við að launa hreppstjórum úr landssjóði, heldur finnst mjer, að launa ætti þeim úr sýslusjóðunum, því starfi þeirra við kemur mest sveitamálefnum. Jeg álít með öllu rjett, að þeir fái laun, þótt þeir fái borgun fyrir ýms verk sín, og að lagaboð þetta þá hljóði um hvorttveggja. Ef farið er eptir því, hvað margir búa á 5 hundraða jörðum og jarðarpörtum, þá verða víst hjer um bil 60 kr. að meðaltali laun hvers hrepps. Áður fyr var það venja, þegar jeg var sýslumaður, að þegar góður hreppstjóri var búinn að útenda sína tíð,

sem sje 3 ár, þá beiddu hreppsmenn hann að halda hreppstjórninni áfram, ef þeim líkaði vel við hann, og buðu honnm með á-nægju 20—30 rd. úr hreppssjóðnum, ef hann vildi vera kyrr; þannig vildu menn þá launa hreppstjórunum úr sveitarsjóðunum. Mjer fyndist því bezt eiga við, eins og jeg sagði, að gefa hreppstjórum föst laun úr sýslusjóði, og mundi jeg fúslega aðhyllast breytingaratkvæði í þá stefnu.

Benidikt Kristjánsson: Við 1. umræðu þessa máls skýrði jeg frá því, að kjósendur mínir hefðu farið því eindregið fram, að hreppstjórum yrði launað úr landssjóði. Nú er komið frá stjórninni frumvarp um að rýmka aukatekjur hreppstjóra. En nefndin, sem sett var til að íhuga málið, hefur farið eins og að skoða til veðurs, og álitið hollast, að velja meðalveginn milli þessara tveggja gagnstæðu stefna. Enda álít jeg það alls ekki hyggilegt, að ganga fram hjá stefnu, sem er almenn á landinu, og svo er um þá stefnu, sem jeg benti á við 1 umræðu málsins, nefnilega þá, að launa úr landssjóði. Og eins og nokkrir hafa látið í ljósi, að ekki ætti við að tala um laun úr landssjóði, þar sem hreppstjórar væru eigi þjónar landssjóðsins, heldur sveitafjelaganna, þá álít jeg eins anðvelt, að líta svo á, sem þeir sjeu þjónar landsstjórnarinnar einungis, og að því eigi að launa þeim úr landssjóði. Fyrir hvað eru goldnir skattar og tollar í landssjóð? Er það eigi til þess, að þegnarnir sjeu verndaðir í löglegum rjetti sínum og þeim hjálpað til að ná honum; og til þessa hjálpa einmitt hreppstjórarnir; það er skylda þeirra, að sjá um, að þegnarnir nái rjetti sínum, og að hann verði tryggður. Jeg get ekki sjeð, að neinn munur sje á þeim og sýslumönnum í þessu tilliti, þar sem þeir eru lögreglustjórar. Hvers vegna mætti þá ekki eins tala um, að launa sýslumönnum og dómurum, og jafnvel öðrum embættismönnum, með aukatekjum einum? Þó jeg líti nú svona á þetta mál, þá vil jeg þó ekki vera á móti nefndinni, sem í þessu efni hefur miðlað málum, og farið meðalveginn. Jeg get ekki sjeð neitt óviðurkvæmilegt við 1. gr. nefndarinnar, þar sem launin eru ákveðin úr landssjóði. Því jeg álít alveg ómögulegt að segja, að hreppstjórar sjeu eingöngu þjónar sveitarinnar. Starf þeirra er orðið allt annað nú, eptir að sveitarstjórnarlögin komu út, en áður. Nú verður ekki litið svo á, að störf þeirra sjeu eingöngu í þarfir sveitanna. Það er að vísu satt, að skýrslur þeirra um tölu verkfærra manna eru í þarfir sveitarinnar, að því er til hreppavega og sýsluvega kemur, og í öðru lagi, þá hafa sveitarstjórnirnar leiðbeiningu af skýrslum hreppstjóra um það, hver tíund bænda sje, en án þessara skýrslna getur landsstjórnin heldur ómögulega verið. Búnaðartöflurnar, sem eru hinn erfiðasti starfi fyrir hreppstjóra, eru fyrir landsstjórnina, og sjer í lagi fyrir löggjafarvaldið, sem nauðsynlega þarf að vita, hvort búnaðarhættirnir, fjármegnið o. s. frv. fer vaxandi eða þverrandi, og hvernig því sje háttað. Yfir höfuð má varla ætlast til þess, að sveitarstjórnirnar fari að borga fyrir hin litlu störf hreppstjóra í sínar þarfir, ef landssjóðurinn ekki vill borga neitt fyrir hin miklu störf þeirra í hans þarfir.

Síðan var gengið til atkvæða, og fjell atkvæðagreiðslan þannig:

1. 1. gr. nefndarinnar, ný grein, samþykkt með 7 atkvæðum.
2. Breytingartillaga nefndarinnar við 1. gr. frumvarpsins samþykkt án atkvæða sem orðabreyting.
3. 2. breytingartillaga nefndarinnar við sömu grein áleizt einnig samþykkt án atkvæða, sem orðabreyting.
4. 1. grein frumvarpsins, sem nú verður 2. gr., með áorðnum breytingum, samþykkt í einu hljóði.

5. 2. gr. frumvarpsins, nú 3. grein, samþykkt í einu hljóði.
6. 3. gr. frumvarpsins, nú 4. grein, samþykkt í einu hljóði.
7. 4. gr. frumvarpsins, nú 5. gr., samþykkt í einu hljóði.
8. Breytingartillaga nefndarinnar við 5. gr. frumvarpsins samþykkt í einu hljóði.
9. 5. gr. frumvarpsins, nú 6. gr., með áorðinni breytingu, samþykkt i einu hljóði.
10. Breytingartillaga nefndarinnar við 6. gr. frumvarpsins samþykkt án atkvæða sem orðabreyting.
11. 6. gr. frumvarpsins, nú 7. gr., með áorðinni breytingu, samþykkt með 10 atkvæðum.
12. Orðabreyting nefndarinnar við 7. gr. samþykkt án atkvæða.
13. Önnur breyting nefndarinnar við sömu gr. samþykkt í eiuu hljóði.
14. 7. gr. frumvarpsins með áorðnum breytingum samþykkt í einu hljóði sem 8. gr.
15. 8. gr. frumvarpsins, nú 9. grein, samþykkt í einu hljóði.
16. 9. gr. frumvarpsins, nú 10. gr., samþykkt í einu hljóði.
17. 10. gr. frumvarpsins, nú 11. gr., samþykkt í einu hljóði.
18. 11. gr. frumvarpsins, nú 12. gr., samþykkt í einu hljóði.
19. 12. gr. frumvarpsins, nú 13. gr., samþykkt í einu hljóði.
20. 13. gr. frumvarpsins, nú 14. gr., samþykkt í einu hljóði.
21. 14. gr. frumvarpsins, nú 15. gr., samþykkt í einu hljóði.

Fyrirsögn frumvarpsins áleizt samþykkt án atkvæða.

Var málinu því næst vísað til 3. umræðu í einu hljóði.

ÞRIÐJA UMRÆÐA Í EFRI DEILD,
á 15. fundi, 22. dag júlímánaðar.

Frumvarpið, eins og það var samþykkt við 2. umræðu, sjá I, 139—142.

Breytingartillögur við frumvarpið, eins og það var samþykkt við 2. umræðu:

a.

Breytingartillaga
frá landshöfðingja.

Frumvarpsins 1 gr.: Orðin 1. kr. málslið: «af landssjóði» falli burt.

Í stað orðanna í 2. málslið: «af tekjum landssjóðsins» komi: «Að hálfu leyti af tekjum landssjóðsins og að hálfu leyti af tekjum amtsjafnaðarsjóðsins».

b.

Breytingaratkvæði
frá Árna Thorsteinson, Jóni Pjeturssyni og Ásgeiri Einarssyni.

Frumvarpsins 7. grein. Í stað: «3 kr. — gjörðin stendur yfir» komi: «fyrir fjárhæð gjörðarinnar

allt að	200 kr.		1 kr.
yfir	200 kr.	— 600 —	2 —
—	600 —	— 1200 —	3 —
—	1200 —		5 —».

Í stað: «og þar að auki» komi: «þar að auki ber honum».

Í stað síðustu málsgreinar komi:

«Þegar hreppstjóri annars fyrir hönd sýslumanns stendur fyrir öðrum skoðunar- eða virðingargjörðum eða er hafður við áreiðar eða aðrar slíkar gjörðir, fær hann sömu borgun, ef að starfið miðar að því að fá fjárhæð ákveðna með mati, en að öðrum kosti 3 kr.

8. gr. Fyrsta málsgrein orðist þannig:

«Úttektarmaður hver skal hafa 3 kr. fyrir úttekt hverja, en hálfu minna, ef þurrabúð er tekin út sjerstaklega, og eigi jörð sú, er hún fylgir».

Önnur málsgrein:

«Þóknunin telst eptir — aukatekjureglugjörðinni» falli burt.

c.

Breytingartillaga
frá nefndinni.

Fyrirsögn frumvarpsins sje orðuð á þessa leið:

Frumvarp
til laga um borgun til hreppstjóra og annara, sem gjöra rjettarverk.

Framsögumaður (*Sighvatur Árnason*): Jeg skal strax taka það fram, að í frumvarpinu, eins og það var samþykkt við 2. umræðu, eru 3 töluvillur. Í 4. gr. frumvarpsins er vitnað til 2. gr. í staðinn fyrir 3. gr., í 7. gr. er í niðurlagi fyrra kaflans vitnað til 2. gr. í staðinn fyrir til 3. gr., og í 8. gr. er sama töluvilla í þriðju línu seinni kaflans. Fleiri prentvillur hef jeg ekki orðið var við. Við hinar fyrri umræður þessa máls hefur mikið verið þráttað um verkahring hreppstjóra eða um það, í hvers þarfir þeir ynnu meir, sveitarinnar eða landssjóðs. Jeg hef líka áður lýst minni meiningu í þessu efni. Mín skoðun og meðnefndarmanna minna er sú, að þeir vinni miklu meira í þarfir landssjóðs en sveitar. Jeg skal svo geta þess, að þar sem nefndin ekki stakk upp á neinni þóknun til hreppstjóra úr sveitarsjóði, þá leiddi það af því, að nefndin áleit, að eins og hreppsnefndir og oddvitar þeirra vinna borgunarlaust í þarfir sveitanna, eins gætu hreppstjórar gjört hið sama. Þar á móti er allt öðru máli að gegna um landssjóðinn. Landssjóðurinn sem persóna getur ekki verið þekktur fyrir að borga ekkert fyrir störf í sínar þarfir, nje heldur getur hann verið þekktur fyrir að borga hreppstjórum minna, en nefndin hefur stungið upp á. Mjer er ekki kunnugt, að nokkur einn einasti maður á öllu landinu vinni borgunarlaust fyrir landssjóð, nema hreppstjórar einir. Jeg get þessa út af breytingartillögu landshöfðingja. Jeg lái honum samt engan veginn, þó honum detti í hug, að vilja láta sveitarsjóðina borga sinn skerf til hreppstjóra; það þarf ekki annað en að líta á hina nýútkomnu reglugjörð fyrir hreppstjóra, því það er auðvitað, að þessi hálfa þóknun, sem landshöfðingi stingur upp á úr jafnaðarsjóði, yrði þeim hreppstjóra dýrkeypt, sem er svo ósporlatur, að fullnægja þessum reglum í öllu tilliti. Það er sjálfsagt, að landshöfðingi hefur ekki ætlazt til, að þær yrðu dauður bókstafur. Setjum svo, eptir breytingartillögu landshöfðingja, að væri hreppur með 50 búendum á jörðum og jarðarpörtum, sem metnir væru til dýrleika 5 hundruð eða meira, þá fær hreppstjóri 50 kr., nefnilega 25 kr. úr amtsjafnaðarsjóði og 25 kr. úr landssjóði. Eptir þessu væri synd að segja, að landssjóður gyldi verkamönnum sínum sómasamlega, þó svo eigi þó að vera í raun og veru og hafi verið viðkvæði á undanförnum þingum. Jeg man svo langt, að sagt var hjer á þinginu, að landssjóðnum bæri að borga sómasamlega sínum mönnum. Þegar maður virðir fyrir sjer laun embættismanna og þessar 25 kr. til hreppstjórans, má maður ekki segja, að hjer sje farið í manngreinarálit, en svo mikið er óhætt að segja, að mikið djúp sje staðfest milli hins hæsta þjóns landssjóðsins og hins lægsta, nefnilega hreppstjórans, í launalegu tilliti. Að því er snertir breytingaratkvæði hinna þriggja þingmanna, þá hefur nefndin ekki svo mikið á móti hinum tveimur fyrstu atriðum, breytingunum við 7. gr. frumvarpsins. Breytingar þessar raska að vísu þeim grundvelli frumvarpsins, að miða við dagsverk, og þegar litið er til ýmissa annara laga, t. a. m. læknalaganna og annara, þá er þar og miðað við daga, en ekki við annað. En þrátt fyrir þetta er nefndin ekki svo mjög mótfallin þessum breytingum, enda hafa þær nokkuð fyrir sjer í eðli sínu. Þar á móti er meiri orsök til að vera mótfallinn breytingunni á 8. gr. Þar er stungið upp á 3 kr. til hreppstjóra fyrir hverja úttekt; en þetta er engan veginn sanngjarnt gagnvart þeim mönnum, sem hlut eiga að jörðunum. Jeg hef verið hreppstjóri í mörg ár, og hef haft þá reynslu, að það kemur mörgum sinnum fyrir, að hreppstjóri tekur út 2 eða 3 smábýli á dag, og ber þá hreppstjórinn 9 kr. úr býtum, sem jeg veit að ekki verða vinsæl daglaun. Að minnsta kosti veit jeg mörg dæmi til þess, að tvær jarðir hafa verið teknar út á dag, þá fær hreppstjóri þó 6 kr., sem getur verið mjög ósanngjarnt, þar sem fátækir menn eiga opt hlut að málum. Jeg verð því fyrir mitt leyti og nefndina að vera þessari breyting hinna

þriggja þingmanna við 8. gr. mótfallinn. Skal jeg svo ekki fara fleirum orðum um aðgjörðir nefndarinnar, fyr en jeg heyri undirtektir manna.

Stefán Eiríksson: Jeg hef nú ekki ástæðu til að halda langa ræðu í þetta sinn. Framsögumaður hefur rækilega haldið svörum uppi fyrir nefndina. Jeg skal þá fyrst leyfa mjer að þakka deildinni fyrir það, hvað vel hún hefur tekið undir þetta mál og breytingar nefndarinnar. Ef þingdeildarmenn eru á því á annað borð, að hlynna að hreppstjórum í launalegu tilliti, þá vona jeg, að þeir láti frumvarpið fá framgang nú við 3. umræðu, úr því það fjekk svo góðan byr við næstu umræðu. Við 2. umræðu þessa máls var mikið talað um, hvort hreppstjórar hefðu meiri störf á hendi fyrir hreppana eða fyrir landssjóð. Það má að vísu lengi þrætast á um það, án þess að komast í því efni til fastrar niðurstöðu. Jeg held það sje ekkert efamál, að hreppstjórar vinna meira í þarfir landssjóðs einkum síðan hin nýja reglugjörð fyrir hreppstjóra kom út. Það eru sannarlega ekki svo lítil störf, sem ganga í að semja búnaðarskýrslur, tíundarlista dauðralista, skattaskrár og gjaldaskrár o. s. frv., sem allt er þó í þarfir landssjóðs, fyrir utan þau ótölulegu brjef, sem ganga milli hreppstjóra og annara embættismanna. Til þessa alls þurfa þeir að hafa töluverð pappírskaup m. m., í og væri að minnsta kosti ekki ofgjört, þó þeir fengju dálitla þóknun fyrir hann. Að því er snertir breytingar hinna þriggja háttvirtu þingmanna við 7. gr., þá get jeg fyrir mitt leyti fallizt á þær. Mjer finnst sú ákvörðun kannske eðlilegri, en sú sem tiltekin er í 7. gr. frumvarpsins, með tilliti til uppskriptanna. Þar á móti er öðru máli að gegna með breytingu þessara sömu þingmanna við 8. gr. Mjer finnst, eins og líka framsögumaður tók fram, nokkuð viðurhlutamikið, að leggja hreppstjórum 3 kr. fyrir hvert býli, sem þeir taka út. Jeg veit, að hinum hæstvirta landshöfðingja hefur ekki gengið nema gott til með breytingartillögu sinni, þar sem ákveðið er, að greiða skuli hreppstjórum að hálfu leyti af tekjum landssjóðsins og að hálfu leyti af tekjum amtsjafnaðarsjóðsins. En sem sagt, eins og jeg hef tekið fram, álít jeg, að hreppstjórar vinni mest í þarfir landssjóðsins, og því eigi þessi litla borgun, sem nefndin hefur tiltekið í 1. gr., að borgast þeim úr landssjóði, því að borga hreppstjórum af jafnaðarsjóði álít jeg hið sama og leggja gjöld á hreppsbúa til handa þeim. Jeg vona því, að deildin samþykki 1. gr., eins og hún var samþykkt við 2. umræðu.

Landshöfðingi: Jeg leyfði mjer við 2. umræðu þessa máls, að leiða rök að þeirri breytingartillögu minni, sem nú stendur á atkvæðaskránni, og skal jeg því ekki taka upp aptur ástæður mínar fyrir henni. Jeg skal taka það fram, að þar sem hreppstjórar eru fyrst og fremst starfsmenn sveitanna, þó þeir vinni nokkuð í þarfir landssjóðs, þar sem skýrslur þeirra í þarfir sveitarinnar eru lagðar til grundvallar fyrir gjöldum til landssjóðs, þá fæ jeg ekki betur sjeð, en að það sje sanngjarnt, að sveitarsjóður taki nokkurn þátt í borguninni til þeirra. Jeg vona því, að hin heiðraða deild aðhyllist breytingartillögu mína, sem stefnir í þessa átt, en jeg skal leyfa mjer að benda á prentvillu í atkvæðaskránni. Þar stendur: «Orðin 1 kr. málslið», en á að vera: «Orðin í 1. málslið» o. s. frv. Þar sem framsögumaður tók fram, að það væri ósanngjarnt, að leggja nokkra þóknun til hreppstjóra úr sveitarsjóði, þá tók hann dæmi af hreppi með 50 búendum á jörðum og jarðarpörtum, sem metnir væru til dýrleika eigi minna en 5 hundruð, og þótti honum þá 25 kr. borgun úr landssjóði heldur smásmuglegt gjald. En jeg skal leyfa mjer að benda hinum háttvirta framsögumanni á, að honum yfirsjest í þessu efni. Því að einmitt með frumvarpi stjórnarinnar leggst mikill kostnaður á landssjóð, (sbr. 12. gr. frumvarpsins). Jeg tek það upp aptur, að það er verulegur kostnaður, sem 12. gr. frumvarpsins hefur í för með sjer fyrir landssjóðinn, þar sem

hún ábyrgist hreppstjórum laun úr landssjóði í opinberum málum og gjafsóknarmálum. Jeg bið því deildina að íhuga, hvort landssjóður þá ekki hefur tekið verulegan þátt í þóknuninni til hreppstjóra. Skal jeg svo ekki orðlengja meira þetta mál, en að eins taka það fram, að mjer stendur á litlu, hvort breyting hinna háttvirtu þriggja þingmanna við 7. gr. verður samþykkt eða ekki; þó virðist 7. gr. frumvarpsins hreppstjórum meira í hag, en breytingaratkvæði þeirra

Árni Thorsteinson: Jeg verð nú að dansa nauðugur með, að því er snertir laun hreppstjóra. Jeg hef alls ekki móti því, að þeir fái laun, en er því fremur hlynntur. Þar á móti vil jeg ekki taka hin almennu laun hreppstjóra inn undir lögin um aukatekjur þeirra. Það, sem hjer er nú orðið spursmál um, er það, hvaða laun hreppstjórar skuli hafa, og hvaðan skuli taka þau. Meiri hluti þingdeildarmanna og nefndin vill taka þau úr landssjóði. Við 2. umræðu málsins tók jeg það fram, að mælikvarðinn fyrir launununm, 1 kr. fyrir hvern búanda á jörðum eða jarðarpörtum, sem metnar væru eigi minna en 5 hundruð, væri ekki heppilegur, og þyrfti því að finna annan mælikvarða, og benti jeg um leið á þann mælikvarða, sem jeg áleit heppilegri. Jeg skal geta þess, að eins og landshöfðingi tók fram, þá er í frumvarpi stjórnarinnar fjöldi af ákvörðunum, sem einmitt tryggja hreppstjórunum þóknun fyrir ýms störf í þarfir landssjóðsins, t. a. m. borgun fyrir eiginlegar rjettargjörðir, sem heyra undir dómstólana, störf í sakamálum o. fl. Jeg verð því heldur að vera með breytingartillögu landshöfðingja, því hún lætur hinn rjetta grundvöll öllu fremur koma fram, svo að hreppstjórar fá líka þóknun úr sveitarsjóði fyrir störf þeirra í þarfir sveitarinnar. En, þó að nú þingið fylgdi tillögu landshöfðingja, þá er það þó ekki í samkvæmni við gjörðir þess áður í líku máli eins og þessu, þegar ákveðið var að ljetta launum lögregluþjónanna í Reykjavík af landssjóði. Þá vísaði þingið lögregluþjónunum í Reykjavík á sveitarsjóð, og gjörði Reykjavík að skyldu að launa þeim. Þó nú breytingartillaga landsböfðingja ekki fylgi því fram, sem þá var samþykkt, þá álít jeg þó betra að fallast á hana. Það gladdi mig, að nefndin fjellst á breytingar vorar við 7. gr., þó hún áliti það ekki miklu varða, hvort þær yrðu samþykktar eða ekki. Framsögumaður áleit, að 3 kr. á dag til hreppstjóra fyrir virðingargjörðir væri nægilegt gjald, ef þeir stæðu fyrir fleiri gjörðum á dag, og ósanngjörn borgun, ef fátæklingar ættu í hlut, sem varla ættu fyrir útför sinni, en aptur væri borgunin of lítil, ef búið væri fleiri hundruð krónur. Það er hreppstjórunum meiri hagur, ef farið er eptir breytingaratkvæði okkar, sem er sniðið eptir aukatekjureglugjörðinni að upphæðinni til, en borgunin hækkuð. Jeg ætla þó ekki að gjöra breytingaratkvæðið að neinu kappsmáli, en borgunin verður sanngjarnari, ef það verður tekið. Að breytingaratkvæði vort við 8. gr. fjekk ekki eins góðan byr hjá nefndinni, eins og breytingin við 7. gr., kemur mjer nokkuð óvart. Á þinginu 1879 í landbúnaðarfrumvarpinu var álitin sanngjörn borgun 4 kr. fyrir hvern úttektarmann. Vjer höfum þó ekki stungið nema upp á 3 kr. fyrir úttekt hverja, en þetta þykir framsögumanni allt of há borgun, einkum þegar fleiri úttektir fara fram á dag. Mig minnir framsögumaður sjálfur væri í nefndinni árið 1879, og gjörði engan ágreining út af 4 króna ákvörðuninni fyrir hverja úttekt. Mjer er því næst að halda, að honum þyki þetta ekki eins mikið, eins og hann lætur. Þegar tvær jarðir eru teknar út á dag, segir hann, að borgunin, 6 kr., sje of há, en jeg bið hann að gæta að því, að hjer borgar fráfarandi helminginn, 3 kr., og viðtakandi hinn helminginn, og verður borgunin þá alls ekki ósanngjörn. Þar sem flutningsmaður lagði svo mikla áherzlu á ósanngirni þá, sem fátæklingar yrðu fyrir við þessa ákvörðun, þá get jeg ekki sjeð, hvers vegna hún er svo fjárska-

lega mikil. Það er aðgætandi, að það er einmitt átumeinið í búnaði vorum, að menn á stundum svo að segja að gamni sínu, eða án þess að aðrir finni ástæðu til þess, eru að flytja sig frá einni jörð á aðra. Jeg verð að minnsta kosti að vona, að flutningsmaður sjái, að oss er vorkunn, þó vjer til tækjum 3 kr. fyrir hverja úttekt, þar sem 4 kr. ekki þótti of há borgun á þingi 1879. Jeg læt samt vera, þó nefndin ekki fallist á þessa breyting vora, ef hún hefði þá gjört þá breyting, að borga skyldi fyrir hvert einstakt starf. En það álít jeg óviðkunnanlegt að ákveða dagborgun, þar sem úttektir vara lengri og skemmri tíma. Jeg vona því að endingu, að deildin fallist á breytingaratkvæði vort, hinna þriggja þingmanna.

Framsögumaður: Jeg held, að hinn 5. konungkjörni þingmaðar hafi misskilið sumt, er jeg talaði áðan. Jeg skal fyrst minnast á niðurlag ræðu hans, þar sem hann sagði, að jeg áliti það ósanngjarnt, að hreppstjórar fengju 6 kr. fyrir tvær úttektir á dag. Þetta álít jeg alls ekki of hátt, þegar litið er einungis á launaleysi hreppstjóra yfir höfuð, en að það væri ósanngjarnt gagnvart þeim, sem á hlut að jörðunum, að taka 3 kr. fyrir hvert smábýli báðu megin. Það ímynda jeg mjer líka að fleirum þyki. En jeg skal fúslega játa, að, ef jeg ímyndaði mjer, að breytingaratkvæðið, með því að verða að lögum, hefði þá verkun, að smábýlin hyrfu, þá skyldi jeg ekki vera því mótfallinn. Því jeg er sannfærður um, að þau ala fátæktina í landinu. Viðvíkjandi þessari sömu breyting skal jeg biðja uppástungumenn að gæta að því, að með því að ákveða svona borgun fyrir hvert einstakt verk, gæti orðið freisting fyrir hreppstjóra að flaustra af verkinu, og fengist þá með því minni trygging fyrir, að verkið væri vel af hendi leyst. Því allir eru undir syndina seldir. En til þess, að verk yrði illa af hendi leyst, ættu lögin sízt að gefa tilefni. Vil jeg svo ekki tefja fyrir þinginu með því að fara fleirum orðum um málið.

Árni Thorsteinson: Jeg skal að eins leyfa mjer að gjöra eina athugasemd við ræðu framsögumanns. Þar sem hann sagði, að þessi ákvörðun, 3 kr. fyrir hvert starf, gæti orðið freisting fyrir hreppstjóra til að flaustra verkinu, og ekki fengist trygging fyrir, að það væri vel af hendi leyst, þá skal jeg taka fram, að þegar jeg var sýslumaður, varð jeg aldrei var við neitt flaustur af hreppstjóra hálfu, þótt þeir fyrir sýslumanns hönd stæðu fyrir ýmsum gjörðum, og þó var þeim launað á líkan hátt, eins og hjer er gjört ráð fyrir, nefnilega eptir aukatekjureglugjörðinni. Enda má taka það fram, að uppskriptar- og virðingargjörðir munu varla nokkurs staðar fara fram með jafnmikilli nákvæmni sem hjer á landi.

Einar Ásmundsson: Jeg hef nú ekki miklu hjer við að bæta, því bæði framsögumaður og hinn meðnefndarmaður minn hafa haldið svörum uppi fyrir nefndina. Mjer sýnist hjer ekki vera nema um tvö atriði að ræða, 1. hvort launa skuli af landssjóði eingöngu eða landssjóði og sveitarsjóði, og 2 hvort miða skuli launin við hvert einstakt starf, tímann eða fjárhag þess, sem hlut á að máli. Þessi ágreiningur er vissulega ekki svo stórkostlegur, að verja þurfi mörgum tímum til að halda neinar dómadagsræður út af honum. Mál þetta er hreint og beint launamál, og á síðustu tímum hefur mikið verið ritað og rætt um laun manna, áður hinna hálaunuðu, nú hinna láglaunuðu. Jeg hef nú fengið orð fyrir, að jeg ekki segi ámæli fyrir, að hafa stutt að því, að embættismenn fengju sómasamleg laun fyrir störf sín. En jeg get nú ekki fallizt á, að jeg eigi nein ámæli skilið, því jeg hef að eins hlynnt að því, að hver embættismaður fengi sanngjarnlega fyrir verk sín, og jeg vil líka, að «einum og sjerhverjum sje goldið eptir hans verkum».

Hjer er nú að ræða um laun 170 manna úr landssjóði, og launin handa öllum þessum fjölda til samans nema *ekki meira* en 7000 kr., eða hjer um bil eins og einn embættismaður fær um árið að skrifstofukostnaði meðtöldum. Mjer þykir því nokkuð smá-

munalegt að fást um launin, og jeg get ekki neitað því, að það kemur mjer hálfundarlega fyrir, að einmitt hálaunaðir embættismenn skuli vera á móti því, að hreppstjórar fái þetta litla gjald úr landssjóði. Jeg get ekki fellt mig við, að neinn rígur þurfi að vera milli embættismanna og bænda. Jeg held því verði ekki neitað, að það sje lítilsvert fyrir landssjóðinn, hvort hann geldur þessum 170 hreppstjórum þessa litlu þóknun, sem hjer ræðir um, samtals öllum að eins 7000 kr., eða eingöngu helminginn, og sveitarsjóðir hinn hlutann. Mjer hefði þótt viðkunnanlegra, að landshöfðingi hefði stungið upp á, að sveitasjóðir borguðu að öllu leyti, úr því hann álítur þessi þóknun eigi helzt ekki að takast úr landssjóði. Hinn 5. konungkjörni ætlaði að benda á ósamkvæmni hjá þinginu, ef það veitti hreppstjórum laun úr landssjóði, þar sem það 1877 vísaði lögregluþjónunum í Reykjavík úr þeirri skjóðu og í Reykjavíkur-skjóðuna. En jeg sje enga ósamkvæmni í þessu, því jeg álít, að mikill munur sje á störfum hreppstjóra og lögregluþjóna þessara í landssjóðsins þarfir. Störf hreppstjóra eru talsvert yfirgripsmeiri, Jeg held, að lögregluþjónar hafi helzt engar skýrslur á samvizkunni (Margir: Jú, jú!); þær eru þó víst ekki margar eða margbrotnar. Hreppstjórar eru víst miklu fremur þjónar landssjóðsins, en lögregluþjónarnir í Reykjavík, jafnvel þó jeg játi, að allir sjeu þjónar landsins og þjóðfjelagsins yfir höfuð. Störf hreppstjóra eru langtum yfirgripsmeiri, þeir halda meðal annars tvisvar þing á hverju ári, og það er kunnugra en frá þurfi að segja, hvað margbrotin störf þeim eru ætluð. Jeg vona, að þingið samþykki þær tillögur nefndarinnar, að hreppstjórum veitist laun úr landssjóði, því jeg kann bezt við, að ef þeir ekki fá þau beinlínis úr landssjóði, þá fái þeir ekkert. Þar sem 5. konungkjörni heldur því fram, að borgun til hreppstjóra eigi fremur að fara eptir fjárupphæð búa og annara hluta en tímanum, sem til gjörðanna gengur, þá get jeg ekki verið á sama máli, einmitt af því, að jeg vil, að «einum og sjerhverjum sje goldið eptir hans verkum». Tíminn verður eptir því, sem verkið er mikið. Fyrirhöfnin getur verið hin sama við smábú eins og stórbú, og ef fyrirhöfnin er hin sama, þá eiga launin að vera hin sömu. Sum bú geta verið svo skuldug, að þau eiga í raun og veru ekkert; og er opt hin mesta fyrirhöfn við uppskript og viðingu á slíkum búum, þar sem svo stendur á, að öll skuldaskipti eru í óreglu. Aptur getur verið stórt bú, þar sem allt er í reglu, og er þá fyrirhöfnin miklu minni; það sjá allir, að ekki er sanngjarnt, að stóra búið, sem skemur er verið að skrifa upp, borgi miklu meira, þegar þannig er ástatt, heldur en hið litla, sem bakar þó hreppstjóranum miklu meiri fyrirhöfn. Jeg er ekki vanur að raupa mikið af sjálfum mjer, en jeg held jeg verði nú að raupa af því, að jeg hef verið hreppstjóri nokkur ár, og því ætti jeg að vera fullt eins kunnugur störfum hreppstjóra af reynslunni eins og 5. konungkjörni.

Jón Pjetursson: Jeg hef ávallt verið á þeirri meiningu, að hreppstjórar, auk þess að þeir fengju borgun fyrir aukaverk, skyldu einnig fá föst laun. Jeg er nú frá eldri tímum, en jeg man, að þegar jeg var sýslumaður, þá þótti sveitarmönnum ekki mikið fyrir að gjalda hreppstjórum sínum laun, ef þeir voru duglegir, og þá ættu menn eins nú að vilja gjalda hreppstjórunum úr sveitarsjóði; það er mín meining, að landssjóður eigi ekki að gjalda þeim launin; þeir gjöra að vísu margt í þarfir landssjóðsins, en þeir gjöra meira í þarfir sveitarinnar sjálfrar. Jeg gat þess við 2. umræðu, að jeg mundi koma með breytingartillögu um, að hreppstjórum væru veitt laun úr landssjóði, en þegar til kom, gat jeg engan deildarmann fengið til þess að vera með mjer, svo að jeg varð að hætta við það. Nú er komin fram uppástunga frá landshöfðingja um, að hreppstjórunum veitist helmingur launanna úr landssjóði og hinn helmingurinn úr amtsjafnaðarsjóði; þetta finnst mjer svo rjettlátt, sem orðið getur, og gef

jeg því breytingaratkvæði mitt fullkomið atkvæði. Launin eru, ef til vill, of lágt til tekin, en það gjörir það ekki ranglátt, að helmingurinn er greiddur úr landssjóði og helmingurinn úr sveitarsjóði. Jeg þarf ekki að tala um breytingaratkvæði það, sem jeg og tveir aðrir standa undir; hinn 5. konungkjörni þingmaður hjelt svo svörum uppi fyrir því, að jeg get engu þar við bætt. Breytingaratkvæðið við 8. gr., að hver úttektarmaður skuli hafa 3 kr. fyrir hverja úttekt sýnist mjer langt um eðlilegra, heldur en miða við dagatal. Jeg veit ekki heldur, hvort hreppstjórar gætu tekið út miklu meir en eina jörð á dag, ef þeir vönduðu það, en eins og nú er, þá eru úttektir hreppstjóra fullkomið flaustursverk; þeir taka að eins út húsin, án þess að hirða hokkuð um nokkra garða eða önnur mannvirki, og ekki dettur þeim í hug, að gá að túnum, hvort þau hafa batnað eða ekki, heldur en þau sjeu ekki til; þeir hlaupa að eins í húsin, eins og jörðunum fylgi ekkert nema hús. Jeg kann ekki vel við breytinguna frá nefndinni á fyrirsögninni: «Frumvarp til laga um borgun til hreppstjóra og annara, sem gjöra rjettarverk»; það gæti þá eins átt við sýslumenn; þeir gjöra þó rjettarverk; jeg held rjettara væri, að orða fyrirsögnina: «frumvarp til laga um borgun til hreppstjóra og annara, sem hafðir eru til að gjöra rjettarverk», eins og gjört er í frumvarpinu.

Ásgeir Einarsson: Mjer fannst vera búið að tala nógu mikið í þessu máli, svo að jeg hjelt, að jeg þyrfti ekki að standa upp. En þegar hinn 3. konungkjörni þingmaður kom með það, að hreppsmenn mundu með ánægju gjalda hreppstjórum sínum, þá sá jeg mjer nauðugan einn kost; jeg held, að það hefði átt betur við, að hann hefði sagt þetta, áður en hreppsnefndirnar komu, en nú á það ekki við. Jeg man, hvernig þingið tók undir að borga fyrir fermingu barna af hreppssjóði; jeg ímynda mjer, að þeir væru ekki svo örlátir núna, að þeir fari að borga hreppstjórunum laun fyrir það, sem þeir gjöra fyrir yfirmenn sína, þegar þeir borga þeim full dagkaup fyrir það, sem þeir gjöra í þeirra þarfir í hreppnum. Það hefur verið talað um, að gjalda launin að nokkru úr landssjóði, að nokkru úr sýslusjóði, að nokkru úr amtssjóði og að nokkru úr öllum mögulegum sjóðum, en jeg veit ekki, hvað sú skipting á að þýða, nema það sje til þess að gjöra skattalögin enn þá margbrotnari en þau eru. Framsögumaður gat um, að ef hreppstjórar fengju lítil laun, þá mundi það koma þeim til hroðvirkni (*Sighvatur Árnason*: Misskilningur); jeg get þó ekki skilið þingmanninn öðruvísi en eptir orðunum, sem hann talar; en hvað sem nú er um það, þá vildi jeg spyrja hann, hvort það gæti ekki verið full freisting fyrir hreppstjórana að draga verkið, ef þeim eru borguð daglaun; ef þeir eru óráðvandir í verunni, þá ímynda jeg mjer, að svo sje. Yfir höfuð að tala er ómögulegt að semja þau lög, sem ekki verði á einhvern hátt farið í kring um, ef menn vilja gefa sig til þess.

Landshöfðingi: Jeg ætla að eins að tala fáein orð út af einu orði í ræðu þingmanns Eyfirðinga. Hann gat þess, að hjer hefðu verið haldnar dómadags-ræður; jeg veit ekki, við hvað hann hefur átt; mjer finnst, að umræðurnar hafi farið svo fram, að þetta orð geti ekki átt við; hafi dómadags-ræður verið haldnar, þá hefur það verið ræða þingmanns Eyfirðinga; því að hvað á þessi ónauðsynlegi humbusláttur um hálaunaða embættismenn að þýða? hvað kemur hann þessu máli við? Eða getur þingmaðurinn fullvissað mig um, að 1. gr. frumvarpsins, eins og hún nú er, verði samþykkt af neðri deildinni? Mín uppástunga miðar til þess að miðla málum; við 2. umræðu fjellst jeg á hugsun nefndarinnar í þessu atriði, og tilgangur minn er ekki annar en að miðla málum.

Þar eð ekki fleiri tóku til máls, var gengið til atkvæða, og fjellu atkvæði þannig:

1. Breytingartillögur landshöfðingja við 1. grein felldar með 6 atkvæðum gegn 5.

2. Breytingartillaga 3 þingmanna við 1. málslið í 7. gr. samþykkt með 6 atkv. gegn 5.
3. Breytingaratkvæði 3 þingmanna við síðustu málsgrein í 7. grein samþykkt með 6 atkvæðum.
4. Orðabreyting 3 þingmanna við 7. grein samþykkt án atkvæða.
5. Breytingaratkvæði 3 þingmanna við 1. málsgrein í 8. gr. felld með 6 atkvæðum gegn 5 að viðhöfðu nafnakalli sökum óljósrar atkvæðagreiðslu, þannig, að

Já sögðu:
Magnús Stephensen,
Árni Thorsteinson,
Ásgeir Einarsson,
Jón Pjetursson,
Sigurður Melsteð.

Nei sögðu:
Benidikt Kristjánsson,
Einar Ásmundsson,
Pjetur Pjetursson,
Sighvatur Árnason,
Skúli Þorvarðarson,
Stefán Eiríksson.

6. Breytingaratkvæði 3 þingmanna við 2. málsgrein í 8. gr tekið aptur.
7. Breytingartillaga nefndarinnar við fyrirsögn frumvarpsins samþykkt með 9 atkvæðum.
8. Frumvarpið allt með áorðnum breytingum samþykkt í einu hljóði,

og kvað forseti það nú mundu verða sent forseta neðri deildar, og hann beðinn að leggja það fyrir deildina.

FYRSTA UMRÆÐA Í NEÐRI DEILD,
á 25. fundi, 28. dag júlímánaðar.

Frumvarpið, eins og það var samþykkt við 3. umræðu í efri deild, sjá I, 154—157.

Varaforseti: Hversu mörg mál sem eptir eru, og hversu naumur sem tíminn er, verð jeg þó að stinga upp á, að þessu máli sje sleppt alveg, eða þá tekið til alvarlegrar íhugunar. Frumvarpið, eins og það kom frá stjórninni, var miklum mun aðgengilegra en þetta. Það byggir á rjettum grundvelli, en þetta frumvarp efri deildarinnar get jeg ekki fallizt á sakir þess, að þessi föstu laun, sem ákveðin eru, koma mjög misjafnt niður, svo að enginn jöfnuður er á. Til þess að tefja ekki umræðurnar og af því að jeg álít, að málið þurfi mikilla bóta, leyfi jeg mjer að stinga upp á nefnd, og mun 5 manna nefnd vera hæfilegt.

Nefnd felld með 15 atkvæðum gegn 5.

Landshöfðingi: Lagafrumvarpi því, er hjer liggur fyrir og sem samþykkt hefur verið af efri deild þingsins, hefur, eins og hinn háttvirti varaforseti tók fram, verið breytt á þann hátt, að ákveðin er í 1. gr. frumvarpsins föst þóknun úr landssjóði handa hreppstjórum, er nemi 1 kr. fyrir hvern búandi mann innan hrepps, sem býr á jörð eða jarðarparti, er metinn sje til dýrleika ekki minna en 5 hndr. eptir gildandi jarðamati. En frumvarpið, eins og það var lagt fyrir þingið af stjórnarinnar hálfu, var byggt á þeirri aðalreglu, að bæta kjör hreppstjóranna eingöngu með því, að hækka aukatekjur þær, er þeim bera samkvæmt reglugjörð 10. septbr. 1830, sjer í lagi með því, að veita þeim hina sömu borgun í opinberum málum og gjafsóknarmálum, og ákveðin er fyrir störf þeirra í einkamálum, en aptur á móti ekki að leggja þeim föst laun eða þóknun úr landssjóði, og með því íþyngja honum.

Jeg efast nú ekki um það, að hin nýja 1. gr. þyki nokkrum af hinum háttvirtu þingmönnum veruleg bót á frumvarpinu, en öðrum ef til vill verulegur annmarki; en jeg skal þegar á þessu stigi málsins leyfa mjer að geta þess, að jeg, til að gjöra áætlun um, hversu mikill kostnaður þessi verði samkvæmt frumvarpinu, hef útvegað mjer skýrslu um

tölu allra búanda á landinu, þeirra er búa á jörðum eða jarðarpörtum, er metnir eru til dýrleika ekki minna en 5 hundruð eptir gildandi jarðamati, og er niðurstaðan sú, að tala þeirra var 1879: 5,818. Við 3. umræðu í efri deildinni gjörði jeg tilraun til að fá breytt þessari 1. gr. á þann hátt, að helmingiun af upphæðinni skyldi borga úr sveitarsjóði (amtsjafnaðarsjóði), þar sem hreppstjórarnir í raun og veru eru «communale» Bestillingsmænd, er starfa í þágu sveitarinnar, jafnvel þó þeir einnig hafi störf, er þeir vinna fyrir hið opinbera, en þá hinn helminginn úr landssjóði, því að þeir vinna einnig fyrir hann. En þessi breytingaruppástunga mín fjell með 6 atkvæðum móti 5.

Þórður Magnússon. Jeg er þakklátur hinni heiðruðu efri deild fyrir þær umbætur, sem hún hefur gjört í frumvarpinu. Það lítur undarlega út á okkar tímum, þegar talað er um frelsi eins í stóru sem smáu, að skipa mönnum að vinna að opinberum málum kauplaust eða kauplítið, að minnsta kosti, eins og verið hefur með hreppstjóra. Það er hryggilegt að sjá einyrkjann tekinn úr vinnu sinni, þegar hann er að vinna fyrir konu og börnum, og skipa honum að fara að gegna því starfi í opinberar þarfir, sem hann fær enga þóknun fyrir. Úr því, sem áður var, hefur frumvarp þetta bætt að nokkru, en þó ekki sem skyldi. Jeg hef það mest á móti frumvarpinu, eins og það er, að það verður ekkert jafnrjetti. Við sjó er eins mikið að starfa og í sveit, þarf jafnvel talsvert meiri lögreglu með, en þeir hreppstjórar munu þó fá um helmingi minni laun. Það hefur verið svo, að hreppstjórar hafa verið í hendi sýslumanna eins og rakka r í höndum smaladrengs. Sýslumaðurinn suýr hreppstjóranum kring um sig og sendir hann óblíðið, en geldur ekki annað fyrir en sneipu eins og smalinn rakkanum, ef það líkar ekki, sem hann hefur gjört, en munurinn er þó nokkur; hann er nefnilega sá, að annaðhvort fæðir smalinn sjálfur eða húsbóndi hans rakkann, en hreppstjórann fæðir hvorki sýslumaður eða landsstjórn. Það er annars undarlegt, að þegar talað er um þóknun til alþýðumanna fyrir þeirra starfa, þá er eins og verið sje að að fara með óhæfu, en allt öðru máli er að gegna um embættismennina. Hreppstjórarnir eru þó lögreglumenn, og þurfa eins og aðrir að fá borgun fyrir sína snúninga. Jeg vildi því stinga upp á, að launin verði hækkuð, eða að minnsta kosti, að meira jafnrjetti komist á.

Mjer hefur dottið í hug, að jafna þessu krónu-gjaldi niður á þá, sem kosningarrjett hafa; þeir eru að tiltölu fleiri við sjóinn, og mundi það eptir minni meiningu jafna mikið þann ójöfnuð, sem í frumvarpinu liggur. Geti jeg fengið menn með mjer til að koma fram með þessa breytingaruppástungu, eða breytingaruppástungu, sem fer í líka átt, mun jeg koma fram með hana, en annars mun jeg sleppa því.

Guðmundur Einarsson: Þrátt fyrir bendingar hins hæstvirta landshöfðingja og mótmæli hins háttvirta varaforseta verð jeg að vera á sama máli og hinn háttvirti þingmaður, sem síðast talaði. Það er bæði nauðsyn og skylda, að landssjóðurinn borgi hreppstjórum fyrir ómak sitt í þarfir landsstjórnarinnar. Þetta er þó það minnsta, sem mögulegt er að fara fram á, ef að er gætt öllum þeim snúningum og öllu því ómaki, sem þeir sífellt hafa, en nú nýlega búið að svipta þá þeirri litlu þóknun, sem þeir höfðu, að vera fríir við þegnskyldugjöld, og þó hefur hin nýja reglugjörð fyrir hreppstjóra lagt þeim nýjar skyldur á herðar, vandamiklar og margbrotnar. Jeg veit það, að hreppsnefndaroddvitar vilja fá þóknun fyrir störf sín, og það er sanngjarnt, en þá þóknun ættu þeir að fá úr sveitarsjóði, því að verksvið þeirra er bundið við sveitina sjálfa, en hreppstjórarnir, sem hafa sem hreppstjórar flest á hendi, sem ekki kemur beinlínis sveitinni við, þeir eiga að fá sína þóknun úr landssjóðnum. En jeg vil áskilja mjer til næstu umræðu breytingaratkvæði í þá átt, að þeir verði, um leið og þeir fá

þessa þóknun, skyldaðir til að verða hreppsnefndaroddvitar, svo lengi sem hreppsbúar og hreppsnefnd óskar. Jeg get ekki fellt mig við það, sem í 6. gr. stendur, að sýslumenn skuli halda önnur uppboð. Mjer finnst það óheppilegt, því að sýslumaður getur verið veikur, eða þá verið að einhverju öðru embættisverki, og því neyddur til að setja hreppstjóra í sinn stað, og jeg vil því, að hreppstjórunum geti veitzt heimild til að halda uppboðið. Jeg mun og áskilja mjer breytingaratkvæði við þetta við 2. umræðu. Mjer finnst og smásmuglegt að binda þetta við 200 kr. Það þætti nánasarlegt af bónda í sveit, og hvað þá heldur af landssjóðnum; slíkt hlýtur að vekja óánægju, að hnitmiða þannig niður, og skera við nögl sjer þóknanir þær, sem vinnumönnum valdstjórnarinnar eru veittar.

Grímur Thomsen: Jeg ætla að sýna það, að jeg tek áminningar hins háttvirta forseta til greina, og ætla að verða fáorður um þetta mál. Jeg álít strax nokkra bót ráðna á kjörum hreppstjóra, ef þetta frumvarp nær fram að ganga, og önnur bót er það, að þessi þóknun á að greiðast úr landssjóði, því að það mundi verða óvinsælt, ef greiða ætti úr sveitarsjóði. En jeg vil biðja hina heiðruðu deild að forláta mjer, þótt mjer detti í hug, að eins og sumum húsum fylgir opt sami sjúkdómur, eins og til dæmis spítölum fylgir sótt sú, sem kölluð er spítalasótt, eins er hjer allt of opt á þingi breytingasótt. Vjer tefjum fyrir málunum með þessum eilífu breytingartillögum, og ef farið er að gjöra breytingu við þetta frumvarp, er jeg hræddur um, að það verði til þess að fella það. Jeg held vjer gjörðum rjettara, annaðhvort að fella það alveg nú þegar eða samþykkja það breytingalaust.

Friðrik Stefánsson: Þá er jeg leit frumvarp það, sem stjórnin lagði fyrir þingið um laun hreppstjóra, sá jeg, að í því var einhver lítilfjörleg viðleitni, að bæta úr göml-

um og nýjum órjetti, sem hreppstjórar hafa orðið fyrir, og því er mjög varlega farið af stjórninni, af því bændur eiga hjer hlut að máli. Jeg verð að taka undir með hinum heiðraða 1. þingmanni Ísfirðinga og hinum heiðraða þingmanni Dalamanna, að hreppstjórum sje mikið á herðar lagt, og það beinlínis í þjónustu landsstjórnarinnar, og því verð jeg að vera á allt öðru máli en hinn hæstvirti landshöfðingi, sem vildi láta amtsjafnaðarsjóð borga þeim að hálfu á móti landssjóði, því að taka nokkuð af launum þeirra úr amtsjafnaðarsjóði er sama sem að bæta nýjum gjöldum á bændur, fram yfir þau, sem nú eru, sem ekki er fært, enda getur ekki spursmál verið um það, að laun hreppstjóra, hvort þau eru meiri eða minni, hljóta að greiðast úr landssjóði, fyrst störf hreppstjóranna eru eingöngu í þarfir landsstjórnarinnar að aukaverkum frátöldum, sem líka borgast á annan hátt. Þó efri deild hafi að því leyti bætt stjórnarfrumvarpið, get jeg eigi talið það beppilegt, að miða þetta 1 krónugjald, sem landssjóður á að greiða, fyrir þá, er búa á 5 hundruðum eða meiru. Vjer vitum, að margir eru húsráðendur, sem ekki hafa svo stóran jarðarhluta, sjer í lagi við sjó, enda eru þar líka margir tómthúsmenn, svo hreppstjórar í sjávarhreppum hafa minni þóknun, en þeim ber í samanburði við hinar sveitirnar, sem menn hafa fleiri jarðarhundruð til ábýlis, og yfir höfuð verða þessi laun svo lág, að þau verða til jafnaðar bjer um það hálfa, eptir skyldum þeim, sem hreppstjórum eru lagðar á herðar, og einkum eptir þessu nýja instrúxi þeirra, sem mjer virðist að mörgu óhafandi, er þessi þóknun, þessi ábúðarskattur, jeg leyfi mjer að nefna það svo, allt of lág; það mætti ekki vera öllu minna en meðal vinnumanns-kaup til jafnaðar, og þá ætti að sameina hreppstjóra og oddvita störf, en það liggur ekki fyrir að þessu sinni. Sjeu breytingaratkvæði gjörð við frumvarp þetta,

þá fellur það, en jeg er svo djarfur fyrir hönd bænda, að mjer þykir litlu varða, hvort frumvarp þetta fellur eða ekki; svo er það óaðgengilegt að mínu áliti. Gætum þess, að salur sá, sem vjer sitjum hjer í, hann er reistur fyrir fjárframlög bændanna, sem með atkvæði sínu og fyllsta trausti hafa gefið oss umboð sitt, til að tala máli sínu og þjóðarinnar. Vjer vitum, að forfeður vorir fóru vel með umboð, og vildu heldur ekki lúra undir álögum. Gætum að jafnrjetti þeim, sem tíminn heimtar, sem vjer lifum á. Gætum og þess, að Ísland er bændanna land, fremur öllum öðrum löndum, þar sem tæp 200 af landsbúum eru embættismenn, og það að prestum og sýslumönnum meðtöldum, sem flestir lifa og búa með bændum, því hjer er engin kaupmanna- nje iðnaðarmanna-stjett, og engir aðalsmenn, sem í öllum öðrum löndum, í öllum þeim menntaða heimi. Það væri því hart í þessu bændanna landi, ef menn af helzta flokki bændanna væru teknir frá atvinnu sinni, og sigað hringinn í kring í þjónustu landsstjórnarinnar fyrir næstum enga borgun, því eptir þeirri rjettlætistilfinningu, sem jeg hef, álít jeg bændur alls ekki skylda að taka á móti hreppstjórninni, fremur en þeim vel líkar, meðan þeir eru launalausir, og svo munu margir aðrir líta á það, en verði frumvarpið að lögum, verða þeir skyldir að taka á móti hreppstjórninni, þó launin verði ekki til fjár metin.

Þorlákur Guðmundsson: Stjórnarfrumvarpið hafði sárlitla rjettarbót; það var einungis að vísa hreppstjórum á sinn eiginn vasa, en hin háttvirta efri deild hefur bætt frumvarpið, þó hún hafi haldið þræði þess, en farið í breytingum sínum sem skemmst. Jeg verð að telja það lága hugsun, að hafa á móti því, að þóknun þessi sje goldin úr landssjóði, því hreppstjórar eru í mörgu hans þjónar. Bændur mundu varla fúsir á að greiða hreppstjórum úr sveitarsjóði, því enginn hreppur hirðir um, hvort hreppstjóri er nokkur eða enginn, þar sem hann starfar minnst sem hreppstjóri í hreppsbúa eigin þarfir. Hinn háttvirti varaforseti talaði fyrstur á móti, og varð það niðurstaðan hjá honum, að 1. gr. væri ekki góð. Mig furðar á því, að hann, sem hefur baldið með öllum frumvörpum þeim, sem komið hafa hjer fyrir þingið um að bæta kjör presta, og sjálfur kom með frumvarp um laun prófasta, skuli vera móti frumvarpi þessu, sem hefur inni að halda talsverða rjettarbót. Margir hreppstjórar eyða meiri tíma og leggja meira í sölurnar en prófastar til að gegna embætti sínu. Jeg vil ekki vera eins stórhuga og hinn háttvirti 1. þingmaður Skagfirðinga; jeg vil, að bændur gangi á undan með góðu eptirdæmi og hafi ekki krófur sínar of háar; bændur hafa svo opt, bæði jeg og aðrir, farið svo mörgum orðum um launahæð embættismannanna. Það er sennilegt, að bændur ekki geti unað því lengur, að þeir sjeu brúkaðir í þarfir hins opinbera og almenna fyrir ekki neitt, en þeim ber líka að stilla hóflega kröfum sínum. Jeg vil ekki gjöra breytingar á frumvarpi þessu; hinn háttvirti forseti hefur satt að mæla, að ekki ber að lengja umræður um of, og hinn háttvirti þingmaður Borgfirðinga hefur heppilega líkt þessari breytingalöngun þingmanna við sótt. Ef farið er nú að gjöra við það breytingar, verður það að líkindum til þess að fella það, og þá eru bændur þó ver farnir, því að frumvarpið hefur, eins og það liggur fyrir, talsverða rjettarbót, frá því sem ekkert er.

Varaforseti: Jeg stend upp til þess að reka af mjer ámæli. Hinn háttvirti 1. þingmaður Árnesinga hefur skilið orð mín svo, sem jeg vilji ekki bæta kjör hreppstjóra, en það var engan veginn meining mín; orð mín voru þau, að jeg áleit ekki heppilegt að bæta kjör þeirra á þann hátt, sem farið er fram á í 1. gr. Sú ákvörðun er ekki byggð á neinum eðlilegum grundvelli og verður því nær handahóf, enda ómögulegt fyrir þingið að vita að svo stöddu, hve miklu hún nemur fyrir hvern eiustakan hreppstjóra

en fyrir marga mun það nema sára- litlu. En skoðun mín er, að þeir eigi eins og aðrir menn að fá borgun, fyllstu borgun fyrir öll sín störf, og jeg er að því leyti óánægður með frumvarpið, að mjer þykir borgunin vera of lítil. Þar sem hinn háttvirti 1. þingmaður Árnesinga minntist á frumvarp mitt um laun prófasta, þá ber honum að gæta þess, að þar var eigi farið fram á að hækka laun þeirra, heldur að láta þá borga, sem borga eiga að rjettu lagi; það er að ljetta borgun til prófasta af kirkjunum, sem margar hverjar hafa ekkert að missa og óeðlilega eru látnar borga prófastunum öll störf þeirra, en láta landssjóðinn greiða þóknun þá, sem þarf að greiða þeim; því meðan þjóðkirkjan er sameinuð ríkinu, er það vafalaus skylda landssjóðsins. Um hækkun á launum prófasta var alls eigi talað.

Arnljótur Ólafsson: Mjer er mál þetta ekki kappsmál, og jeg álít ekki hreppstjóra öfundsverða, þótt þeir fái 40 kr. úr landssjóði. En jeg vil biðja hina háttvirtu deild að gá að afleiðingunum, ef stjórnin skyldi samþykkja frumvarpið. Hvað ætli prestar segi á næsta þingi, ef farið er að launa úr landssjóði ofan fyrir þá? Ef það er orðinn straumur tímans, að hlaupa svona í landssjóðinn, ef tappinn er tekinn úr, ef lokið er tekið af, hver vill þá ábyrgjast, hvar straumurinn hættir? Jeg er efablandinn um, hvort stjórnin getur samþykkt 1. gr., og ef hún skyldi standa frumvarpinu fyrir samþykki, væri það hreppstjórum grikkur. Jeg get ekki betur sjeð, en að þeim sjeu veitt sæmileg starfalaun, þar sem þeir eiga að fá 50 a. fyrir hverja hálfa mílu vegar, og við hliðina á þessum 3 kr. á dag í fæðispeninga. Hvað hafa sýslunefndarmenn í fæðispeninga? hvað amtsráðsmenn? Ætli þeir komi ekki á eptir biðjandi? Yfir höfuð ber að gá að frumvarpinu í sambandi við laun líkt settra manna. 6. gr. gefur hreppstjórunum rjett til að halda uppboð, sem ekki fara fram úr 200 kr. Fyrir því þarf sýslumaður ekki að gjöra grein fyrir uppboðum þeim, sem ekki nema 200 kr. Jeg fyrir mitt leyti aðhyllist frumvarp þetta, nema 1. gr. Mjer þykir kynlegt, enda alveg óreglulegt, að gjalda hreppstjórum af landssjóði. Það getur hver skilið, eins og hann vill, en það er ekki af öfund, heldur af því, að mjer þykir ísjárvert að koma þeim á landssjóð, af því jeg er hræddur um, að sýslunefndarmenn, amtsráðsmenn og sáttanefndarmenn o. s. frv. komi þá á eptir.

Þegar hjer var komið umræðunum, skýrði forseti frá, að 9 þingmenn hefðu óskað, að umræðunum væri hætt, en þeir voru þessir:

Benidikt Sveinsson,
Jón Ólafsson,
Jón Jónsson,
Þórarinn Böðvarsson,
Þorkell Bjarnason,
Grímur Thomsen,
Ólafur Pálsson,
Holgeir Clausen,
Þorvarður Kjerulf.

Var það samþykkt, að umræðunum skyldi hætta.

Ljet þá forseti ganga til atkvæða, og var samþykkt með 21 atkv., að málið skyldi ganga til 2. umræðu.

ÖNNUR UMRÆÐA Í NEÐRI DEILD,
á 29. fundi, 1. dag ágústmánaðar.

Breytingar- og viðaukatillögur við frumvarp til laga um borgun til hreppstjóra og annara, sem gjöra rjettarverk, eins og það var samþykkt við 3. umræðu í efri deild.

Frá þingmanni Dalamanna.

1. Við fyrstu málsgrein í 1. gr. Orðin: «sem býr -- jarðamati» falli burt; í staðinn komi: «sem tíundar 1 hndr. lausafjár eða meira».
2. Við enda sömu málsgreinar bætist: «en jafnframt skal hreppstjóri skyldur til að vera í hreppsnefnd og hafa oddvitastörf á hendi svo lengi sem hreppsbúar

og hreppsnefndarmenn kjósa hann til þeirra starfa.»

3. Við fyrri málsgrein 6. gr. Orðin: «þó því að eins — 200 kr.» falli burt; í staðinn komi: «farí upphæð uppboðsins eigi fram úr 200 kr.; nemi uppboðsandvirðið meiru, falla uppboðslaun þau, sem fram yfir eru. til landssjóðs. Nú stendur uppboð lengur yfir en 1 dag, og greiðir þá hlutaðeigandi sýslumaður hreppstjóra 3 kr. í daglaun fyrir hvern hinna daganna, sem uppboðið stendur yfir».
4. Síðari málsgrein 6. gr. falli burt, en í staðinn komi: «Af andvirði þess óskilapenings (nauta, sauðfjár eða hrossa), sem hreppstjóri hefur selt á lögmætu uppboðsþingi, og enginn finnst eigandi að, eptir að sölunni hefur verið löglega lýst, og ákveðinn gjaldgreiðslufrestur er útrunninn, greiðist honum ¼ uppboðsandvirðisins fyrir uppboð og skil fyrir andvirði hins selda».
5. Í enda 14. gr. eptir: «63.—75. gr.» til enda, komi: «og sömuleiðis það í 5. og 10. gr. tilsk. um sveitastjórn 4. maí 1872, sem 1. gr. laga þessara kemur í bága við, er úr gildi numið».

Guðmundur Einarsson: Með því jeg hef komið fram með breytingartillögur við þetta mál, skal jeg í stuttu máli leyfa mjer að skýra frá skoðun minni á málinu til þess jafnframt að stytta umræðurnar. Breytingin við 1. málslið 1. greinar er komin fram til þess að gjöra jöfnuðinn meiri á launum hreppstjóra í samanburði við störf þeirra, því eptir því sem frumvarpið fer fram á að gjaldið fari eptir jarðarhundruðum, þá mundi það verða mjög rýrt í sjávarsveitunum, og hreppstjórar í þeim sveitum mundu því verða mjög svo undir, ef gjaldið væri bundið við 5 hundraða- jarðarábúð. Um viðbæti þessarar greinar vakti fyrir mjer sú viðurkenning, að oddvitar eiga að fá laun, og mundi það því valda þeim óánægju, ef hreppstjórar skyldu fá laun en þeir engin. Þess vegna vildi jeg sameina störf þeirra, eins og hjer er farið fram á, þó með þeim fyrirvara, að það væri að ósk hlutaðeiganda.

Fyrri málsliður 6. gr. virtist mjer óheppilega orðaður, þar sem hann *skyldar* sýslumann *sjálfan* til þess að halda uppboðið, hvernig sem á stendur. Sýslumaðurinn getur orðið veikur og margt fleira fyrir komið, svo honum verður eigi unnt að halda ákveðið uppboð. Þetta er ekki efnisbreyting, heldur orðabreyting, til batnaðar að mjer finnst. Jeg skal reyndar játa það, að þessi orðabreyting getur orðið einstaka sinnum að dálitlum halla fyrir landssjóðinn, en mikill verður hann varla.

Um síðari hluta 6. greinar er það að segja, að mig furðar stórlega á því, að efri deildin skuli hafa sett úrelta og nú óhafandi ákvörðun úr aukatekjureglugjörðinni frá 10. sept. 1830 inn í frumvarpið, sem valdið hefur svo miklum og margföldum ágreiningi, og á hjer alls ekki lengur við. Tilgangur breytingaratkvæðisins er því sá, að laga þetta eptir því, sem nú á við og hentast er. Þar sem efri deildin hefur sett uppboðslaunin upp í ⅓ andvirðisins, þá er það ofhátt, og því hef jeg fært þau niður. Breytingin við 14. gr. er einungis til skýringar og breytir efninu að engu leyti.

Sje hin háttvirta deild þeirrar skoðunar, að frumvarpið nái ekki fram að ganga, ef þessar breytingar skyldu komast að, þá eru mjer þær ekki svo fastar í hendi, að jeg vilji halda þeim fram, ef þær verða til þess, að frumvarpið verði fellt.

Landshöfðingi: Breytingaruppástunga hins háttvirta þingmanns Dalamanna undir 1. tölulið mun sjálfsagt auka kostnað landssjóðsins, þó að jeg sem stendur ekki geti sagt, um hve mikla upphæð, þar sem jeg ekki hef haft tækifæri til að útvega mjer nákvæmar skýrslur um tölu búandi manna þeirra, sem tíunda eitt hundrað lausafjár eða meir, en jeg gizka á, að tala þeirra sje ekki minna en 7—8000 í öllu landinu, en þá

mun þessi breyting auka kostnað landssjóðins um 1—2000 kr. árlega.

2. töluliður í breytingum hans virðist mjer að nokkru leyti að grípa fram fyrir kosningarrjett þann, er sveitartilskip. 4. maí 1872 heimilar bæði hreppsbúinn og hreppsnefndarmönnum, en samþykki þingið samt sem áður þessa breytingu, mun jeg fyrir mitt leyti ekki hafa neitt á móti henni.

Þar sem 6. gr. frumvarpsins ákveður, hvernig skuli skilja orð auktekjuareglugjörðar 10. september 1830, 11. gr., «lítilfjörlegar auktionir», hefur tilgangurinn sjer í lagi verið sá, að landssjóðurinn skuli ekki missa neins af tekjum þeim, sem honum bera, þar sem aukatekjurnar samkvæmt lögum 14. desenber 1877 nú renna í landssjóð; aptur á móti hefur það ekki verið meiningin, að banna sýslumönnum, þegar þeir hafa sjerstaklegt forfall, að gefa annaðhvort hreppstjóranum eða öðrum sínum fullmektugum umboð til að halda uppboð. En af því breytingaruppástungan undir 3. tölulið virðist mjer að gefa næga tryggingu bæði fyrir landssjóðinn og einnig fyrir því, að sýslumenn ekki að nauðsynjalausu feli öðrum að framkvæma þau embættisverk, er lögin leggja þeim á herðar, ætla jeg ekki að mæla móti þessari breytingaruppástungu.

Eiríkur Kúld: Það er ein athugasemd, er jeg vildi gjöra við 3. gr., þar sem svo stendur: «Þurfi stefnuvottar o. s. frv. að ferðast meir en 1 mílu á landi eða ½ mílu á sjó», þá finnst mjer megi skilja þessi orð svo, sem þeir fái enga borgun, ef þeir fara ekki fulla mílu. Aukatekjureglugjörðin hefur sömu ákvörðun, en «praxis» hefur þó ávallt verið sú, að þeir hafa fengið borgun, þegar þeir hafa farið 1 mílu; jeg vil því helzt fella burt þessi orð: «meir en». Að öðru leyti hallast jeg að breytingaratkvæði þingmanns Dalamanna við 2. málsgrein 1. gr.; því það að hreppstjórar gjörðust oddvitar, ef laun fengjust þeim til handa, var tekið fram í uppástungum frá fundunum í mínu kjördæmi; enda vita allir, að oddvitar hafa eins mikil störf á hendi og hreppstjórar, og hafa alls ekkert í staðinn, þar sem þó hreppstjórar hafa þó nokkur smáhlunnindi í aukatekjum þeirra. Jeg verð og að vera hinum sama þingmanni samdóma um 4. tölul. í breytingartillögum hans, viðvíkjandi uppboði á óskilakindum, því sú grein í frumvarpinu er í því tilliti ófær.

Benidikt Sveinsson: Jeg hefði margt og mikið um þetta mál að tala, ef tími væri til. Þingdeildin mun viðurkenna, að það mál, sem hjer ræðir um, er sannarlega rjettlætisverk, sem fyrir löngu hefði átt að vera gjört, því það er hreinn og beinn vansi fyrir stjórn og þjóð, hvernig farið hefur með hreppstjórana hingað til. Árið 1845 var málið þegar borið upp um laun hreppstjóra, og stóð ávallt við og við á dagskrá alþingis eptir það. Var ýmist vísað til fjárframlaga á ríkissjóðinn eða á almenningsfje, eða þá á sveitarsjóðinn. Niðurstaðan var sú, að ekkert rak nje gekk, og hreppstjórar eru ólaunaðir enn í dag. Þar á móti hafa hreppstjórar verið að minni hyggju alveg ólöglega sviptir þeim hlunnindum og rjettindum, sem þeir voru einu sinni búnir að fá. Það voru sem sje ekki alllítil hlunnindi, sem hreppstjórunum voru veitt með «Instruxinu» frá 24. nóvember 1809, þar sem þeir voru lausir við öll gjöld bæði til konungs, til fátækra, til jafnaðarsjóðs o. s. frv., og yfir höfuð allar þær skyldur, er menn kalla persónulegar lögskyldur. En með konungsbrjefi, að mig minnir 1819, var þetta rýrt til muna, þar sem öll þessi hlunnindi voru afnumin, nema þeir þurftu ekki að gjalda skatt, gjaftoll, lögmannstoll, eða konungstíund, en skattalögin nýju tóku og þetta loksins alveg af þeim, svo nú hafa þeir alls ekkert fyrir starfa sinn, og er hann þó ekki all-lítill. Jeg veit menn telja það til, að hreppstjórar sjeu nú líka ordnir lausir við ærinn starfa, og að verksvið þeirra sje svo mikið minnkað við sveitarstjórnarlögin nýju 4. maí 1872, en af þessu flýtur að eins það, að það er nú landssjóður einn, sem án alls efa á að launa þeim, því það er auð-

sætt hverjum manni, að þeir eingöngu standa í þjónustu landsstjórnarinnar, og á hinn bóginn eru störf þeirra, sem lögreglu- og rjettarþjóna, margfalt fleiri en áður við vaxandi margbreytni og þarfir þjóðfjelags vors. Sjálfsagt geta menn sagt, að sum verk þeirra eru þannig löguð, að þau eru fyrir sveitina, en þetta er alveg óverulegt atriði, eins og til að mynda *endurrit* af ýmsum skýrslum handa hreppsnefndunum; embættaskýrslur hreppstjóranna eru yfir höfuð allar fyrir landsstjórnina og landssjóð, sem nauðsynlegur grundvöllur til að byggja á og innheimta eptir tekjur hans. Því er það mín aðalskoðun, og hún er án efa rjett, að þeir ættu að fá laun úr landssjóði, og ekki annarstaðar að. Þetta er rjett skoðað engin byrði fyrir landið í beild sinni, það er að eins eðlilegur gangur málsins. Því þótt hreppstjórar fái laun úr landssjóði, leggst gjald þetta eigi að síður á alþýðuna eða gjaldþegnana, eins og það væri úr sveitarsjóði, og munurinn er einungis sá, að í staðinn fyrir, að hver sveit borgi sínum hreppstjóra eptir hinni þungbæru og hötuðu niðurjöfnun eptir efnum og ástandi, þá leggjast laun þeirra á alla gjaldstofna landsins úr hinum almenna landssjóði, og verða þannig bæði rjettlátari og ljettbærari. Jeg get ekki sjeð, hvers vegna þingið álítur óeðlilegt, að hreppstjórar fái laun úr þeim sjóði, sem allir gjaldendur gjalda til. Í prinsípinu er jeg aptur á móti frumvarpinu að því leyti, sem hreppstjórar eiga að hafa laun af aukatekjum. Því allar aukatekjur eru óeðlilegar og ranglátar; þær eru leifar frá einveldistímunum. Eigi að síður er jeg með þessu frumvarpi, því betra er að fá einhverja bót á ráðna, þótt eigi sje sem bezt, en eyða málinu. Því er mjer næst skapi að fallast á það, eins og það liggur fyrir, því ella mun það varla ná fram að ganga á þessu þingi. (Margir: «rjett»). Breytingartillögurnar eru reyndar sumar góðar, en sumar eru, jeg leyfi mjer að segja það, óhafandi. Hinum háttvirta þingmanni Dalamanna kann að þykja það hart, en jeg ætla að reyna að leiða rök að því. Jeg skal taka til dæmis, þar sem eptir 3. tölulið í hans breytingartillögum sýslumenn eiga að gjalda hreppstjórum 3 kr. í uppboðslaun, þegar þeir sjálfir eru hindraðir frá að halda uppboðið sökum embættisanna eða annara atvika. Hverju sætir þetta? Það er beinlínis að taka úr vasa sýslumannsins þrjár krónur af hans eigin launum. Nú þyki mjer þingmaður Dalamanna ætla að fara að verða nærgöngull rjetti manna. Það er auðvitað ekki hæfileg ákvörðun í frumvarpinu sjálfu, að skylda sýslumenn til að halda sjálfir öll uppboð, sem nema yfir 200 kr., en sú er bót í máli, að slík ákvörðun upphefur sjálfa sig sem ómöguleg, en breytingartillaga þingmanns Dalamanna, hún er óheyrilegt ranglæti, sem alstaðar og undir öllum kringumstæðum er ætlazt til að komist fram. Þingmaður Dalamanna mun sannfærast um þetta, þegar hann gætir betur að, og sjer, að þessi tillaga sæmir ekki jafnsanngjörnum og eins rjettlátum manni, sem hann er og vill annars vera. Jeg skal svo ekki orðlengja um málið; jeg legg til, að það verði samþykkt, eins og það er, án breytinga í þetta sinn, sem bráðabyrgðar-fyrirkomulag þessa máls, og sting jeg jafnframt upp á, að ekki sje um það rætt meira, en vísað þegar til 3. umræðu.

Guðmundur Einarsson: Jeg get ekki fundið þá ósanngirni, sem hinn háttvirti 2. þingmaður Norður-Múlasýslu talaði um, því mjer finnst það vera skylda sýslumanna, að fá menn upp á sinn reikning og kostnað til að framkvæma þau verk, sem þeir í rauninni eiga að gjöra sjálfir, en geta ekki einhverra hluta vegna gjört. Jeg vildi gjöra mitt til í þessu efni, en legg það að öðru leyti á vald þingdeildarinnar, hvað hún gjörir í þá stefnu.

Var þá gengið til atkvæða, og fjell atkvæðagreiðsla þannig:

1. Breytingartillaga Guðmundar Einarssonar við 1. gr. 1. málslið felld með 13 atkvæðum gegn 4.
2. Viðaukatillaga hins sama við sömu málsgrein felld með 12 atkvæðum gegn 4.

3. 1. gr. frumvarpsins óbreytt samþykkt með 16 atkvæðum.
4. 2. gr. frumvarpsins samþykkt með 21 atkvæði.
5. 3. gr. frumvarpsins samþykkt í einu hljóði.
6. 4. gr. frumvarpsins samþykkt í einu hljóði.
7. 5. gr. frumvarpsins samþykkt í einu hljóði.
8. Breytingartillaga Guðmundar Einarssonar við 6. gr. 1. málslið felld með 11 atkvæðum gegn 7.
9. Breytingartillaga sama við 2. málsgrein sömu greinar felld.
10. 6. gr. frumvarpsins, fyrri málsliður, samþykktur óbreyttur með 19 atkvæðum.
11. 6. gr., 2. málsliður, samþykktur óbreyttur með 13 atkvæðum gegn 5.
12. 7. gr. frumvarpsins samþykkt með 18 atkvæðum.
13. 8., 9., 10., 11.. 12. og 13. gr. frumvarpsins samþykktar hver um sig með 17 atkvæðum.
14. Breytingartillaga Guðmundar Einarssonar við niðurlag 14. greinar felld.
15. 14. gr. frumvarpsins óbreytt samþykkt með 17 atkvæðum.
16. 15. gr. frumvarpsins óbreytt samþykkt með 17 atkvæðum.
17. Að frumvarpið gengi til 3. umræðu, samþykkt með 17 atkvæðum.

ÞRIÐJA UMRÆÐA Í NEÐRI DEILD,

á 32. fundi, 3. dag ágústmánaðar.

Breytingartillaga

við frumvarp til laga um borgun til hreppstjóra og annara, sem gjöra rjettarverk, eins og það var samþykkt við 2. umræðu í neðri deild.

Við 6. gr. Að seinni liðurinn falli burt.

Eiríkur Briem. Þorlákur Guðmundsson. Guðmundur Einarsson. Eiríkur Kúld. Þorsteinn Thorsteinson. Lárus Blöndal.

Eiríkur Briem: Jeg er einn þeirra 6 þingmanna, sem hef skrifað undir breyting artillögu, sem fer fram á, að seinni máls grein 6. gr. þessa frumvarps falli burtu, og gjörði jeg það af því, að mjer þótti ekki ástæða til, að hreppstjórar hefðu aðra borgun af andvirði óskilafjár en uppboðslaunin, því að önnur fyrirhöfn við það er komin á hendur hreppsnefndarinnar, og ætti nokkrum að greiðast 1/3 af uppboðsupphæðinni, væri sanngjarnara, að það gjald rynni til hreppsnefndarinnar, sem hefur alla fyrirhöfnina nema uppboðið sjálft.

Þórður Magnússon: Við 1. umræðu þessa máls lagði jeg áherzlu á, að gjöra þyrfti breytingaruppástungu við þetta frumvarp, og ráðgjörði jeg að koma fram með það, ef jeg gæti fengið aðra í fylgi með mjer. En síðan hef jeg kynnt mjer hugsun ýmissa þingmanna í þessu efni, og hafa þeir álitið, að málinu yrði eigi framgengt með verulegum breytingum; vil jeg því ekki halda breytingaratkvæðinu til streitu, þar eð mjer er mest um það hugað, að málið komist áfram, enda þótt jeg af annari hálfu sje mjög ósamþykkur þeim mikla mun, sem verður á launum hreppstjóra í sjóplássum, og þeirra sem eru hreppstjórar í sveit.

Grímur Thomsen: Jeg skal að eins gjöra stutta formlega athugasemd. Jeg er því ekki vanur, að sjá *fullkomin* lagafrumvörp koma frá þingi, og minnist jeg í því efni orða merks þingmanns, sem sagði, að þó ekki væri auðið að ná því *bezta*, vildi hann þó gjöra sig ánægðan, ef hann gæti fengið það *næst bezta*. Hjer virðist spursmálið vera: Er bót í þessu frumvarpi eins og það er? Eða er ekki bót í því? Það er nú mín skoðun, að bót sje í að fá þessi lög, og því greiði jeg atkvæði mitt með frumvarpinu óbreyttu með þeim göllum, sem á því eru; því að galla hefur það talsverða. Tíminn er orðinn svo naumur, að þeir sem vilja koma málinu áfram, verða að varast, að gjöra nokkuð í því, sem getur tafið fyrir því, og þeir þingmenn, sem eru á mínu máli um það, að hreppstjórar eigi að fá einhverja þóknun fyrir sín margbreyttu störf, ættu að

gjöra hið sama og jeg, þó að þeir einnig finni galla á frumvarpinu. Jeg er og viss um, að margir aðrir en jeg eru þeirrar skoðunar, að þessir menn, sem eru teknir frá vinnu sinni, frá orfinu eða frá því að stunda sjó, eigi að fá fyrirhöfn sína endurgoldua. Hinir, sem ekki finna neina nauðsyn til þess, geta gjört breytingar við frumvarpið í þeirri von og vissu, að það minnsta kosti geti orðið til þess að eyðileggja málið á þessu þingi.

Þorlákur Guðmundsson: Þegar maður lítur á seinni part 6. gr. frumvarpsins, finnst mjer spursmál, hvort sú ákvörðun er til bóta fyrir hreppstjóra; mjer finnst mikið spursmál, hvort ekki er beinlínis gengið of nærri rjetti þeirra með þessu. Jeg ímynda mjer, að hreppstjórar þakki fyrir, að eiga að fóðra óskilafje fram yfir nýár, enda eru það hreppsnefndirnar, eptir nú gildandi reglum, sem hafa alla umsjón með óskilafje. Það er einungis hreppstjórans hlutverk, að halda uppboð á óskilum, sjálfsagt uppá þann máta að þeir fái eins og að undanförnu venjuleg uppboðslaun. Jeg er viss um, að þó þessi breyting verði gjörð hjer við frumvarpið, gengur það eigi að síður fram í efri deild, því hún mun sjá, að þessi breyting er eðlileg.

Arnljótur Ólafsson: Jeg heyri það, að deildin er mjög áfjáð í, að koma þessum lögum fram, eins og þau eru, svo jeg býst við, að það sje til lítils fyrir mig að reyna að gjöra nokkra breytingu við þau. Það er stundum svo, að þegar menn hafa tekið eitthvað í sig, halda þeir því fram í þrábeit, án þess að líta til hægri eða vinstri, og þannig heyrist mjer menn gjöra með 1. gr. frumvarpsins. Nú er það aðgætandi, að hreppstjórar hafa engin laun haft, þegar þeir höfðu fátækrastörfin á hendi, þegar hver sá, er slík mál hafði að kæra, kom heim til þeirra, og þeir urðu að veita mönnum móttöku eins og samboðið er íslenzkri gestrisni. En nú síðan öllu þessu starfi, göngum, vegaumsjón og mörgu öðru er af þeim ljett, nú, segi jeg, á að fara að launa þeim úr landssjóði. Mjer dettur ekki annað í hug, en að hreppstjórar eigi að fá borgun fyrir starfa sinn; en í þessu frumvarpi, eins og öllum vorum launalögum frá þeim efsta embættismanni til hins neðsta, kemur sá ójöfnuður fram, sem jeg með engu móti get fellt mig við. Þeir, sem hafa á hendi störf binna almennu sveitarmálefna, eiga ekkert að hafa fyrir sína miklu og margbreyttu fyrirhöfn og fjárábyrgð; en hreppstjórarnir eiga að hafa laun úr landssjóði, og fyrir hvað eiga þeir að hafa þessi laun? Fyrir það eingöngu að skrifa nokkrar skýrslur. Það er ekki ólíklegt, að ástæðan til þess, að þeir eigi að fá laun fyrir skýrsluritun, sje sú, að skýrslurnar eiga á eptir að ganga til sýslumanns. Við getum verið vissir um, að fari þessu svona fram, verður ekki langt að bíða þess, að raddir heyrist annarstaðar frá, frá lögregluþjónum í Reykjavík, frá gjaldkerum sveitarnefnda o. s. frv. Jeg verð því enn að mæla með því, að 1. gr. frumvarpsins falli burtu, með því að landssjóði sje hlíft við að borga þessar 8000 kr., einkanlega vegna eptirkastanna. Enda er í frumvarpinu að öðru leyti fullkomlega sjeð fyrir hreppstjórunum. Jeg bendi sjerstaklega á 4. gr. frumvarpsins. Seinni málsgreinina vil jeg og fella niður, og sje jeg ekkert því til fyrirstöðu, að hin heiðraða efri deild samþykki frumvarpið þannig breytt, og þá er málinu borgið.

Grímur Thomsen: Það er ekki ólíklegt, að tillögur hins heiðraða 1. þingmanns Eyfirðinga um 1. gr. frumvarpsins sjeu sjerstaklega af því sprottnar, að hann er fjárlaganefndarmaður, og líklega framsögumaður; og þykist jeg vita, að hann, eins og hann sagði, sje á því, að hreppstjórar eigi að fá endurgjald vinnu sinnar, en jeg bendi honum aptur á það, sem jeg hef áður tekið fram, að eigi að launa þeim úr hreppssjóði, verður það til að rýra álit þeirra í hreppnum, og er því miður heppilegt.

Benidikt Sveinsson: Jeg verð að segja það, að mjer líkar frumvarp þetta að mörgu leyti að vísu mjög illa; það kátlega er að mig

og hinn heiðraða 1. þingmann Eyfirðinga greinir á um það, að jeg er alveg samþykkur því, sem hann hefur á móti og vill fella burt úr frumvarpinu, og það er einmitt ákvörðunin í 1. gr. frumvarpsins um það, að hreppstjórar skuli fá laun úr landssjóði, því þaðan og hvergi annarstaðar eiga þeir að fá laun sín að rjettu lagi. Núna í þessu augnabliki varð fyrir mjer bænarskrá til konungs, sem hinn heiðraði þingmaður hefur sjálfur samið og skrifað undir, og þessi bænarskrá fer einmitt fram á, að biðja um laun handa hreppstjórum á Íslandi, úr ríkissjóði, sem er einmitt það sama sem nú úr landssjóði. Bænarskráin er skrifuð 14. ágúst 1863, og það, sem þá var rjett í þessu efni, verður að vera rjett enn. Jeg játa það fúslega, að það er órjettlátt, að fátækrastjórar skuli ekki fá nein laun fyrir starfa sinn, en þar af má ekki draga svolátandi ályktun: Af því að fátækrastjórum er gjört rangt til, leiðir nauðsynlega, að hreppstjórum skal einnig gjört rangt til. Þar að auki ber þess að gæta, að hreppsstjórinn vinnur fyrir *landssjóð*, en hreppsnefndin vinnur fyrir hreppinn, og á því að hafa laun sín úr sveitarsjóði. Eigi að síður fellst jeg á frumvarpið, eins og það er, og er alveg á sama máli og þingmaður Borgfirðinga um það, að breytingartillögurnar eyði málinu alveg á þessu þingi; einkanlega leyfi jeg mjer að benda hinni heiðruðu deild á, að breytingartillaga 2. þingmanns Húnvetninga er mjög skaðleg fyrir málið, sem er þó betur komið til *bráðabyrgða*, en ástand það sem sem nú er. Seinna getur það tekið algjörlegum bótum.

Jón Ólafsson: Mig hendir bjer það, sem mig annars hendir sjaldan, að verða að vera á mótsettri skoðun við báða mína heiðruðu sessunauta, 2. þingmann Norður-Múlasýslu og 1. þingmann Skagfirðinga, og skal jeg bráðum víkja að því. En fyrst vil jeg svara hinum heiðraða þingmanni Borgfirðinga, sem ætlaði, að hinn heiðraði 1. þingmaður Eyfirðinga hlyti að vera móti öllum gjöldum úr landssjóði, af því að hann væri framsögumaður í fjárlaganefndinni; jeg er nú líka í fjárlaganefndinni, og get því einnig tekið þetta til mín. Jeg þykist nú alveg viss um, að 1. þingmaður Eyfirðinga muni ekki vera móti þarflegri greiðslu úr landssjóði *af því*, að hann er framsögumaður fjárlaganefndarinnar. Jeg er viss um, að hinn háttvirti þingmaður Borgfirðinga, sem á fyrri þingum hefur setið í fjárlaganefnd, hafi varla fylgt þessari reglu þá; hann er vafalaust of samvizkusamur til þess. Hinn heiðraði 2. þingmaður Norður-Múlasýslu sagði, að hreppstjórum skyldi borgað úr landssjóði, af því að þeir ynnu fyrir landið allt; því er þeim þá ekki að öllu leyti borgað úr landssjóði? Frumvarpið gjörir þó ráð fyrir, að hreppsbúar skuli borga þeim nokkuð (sjá 1. gr. frumvarpsins): hver búandi maður skal borga 1 kr. Og þó krónan gangi í hendur sýslumanns, og kallað sje, að hún komi til hreppstjóra úr landssjóði, þá sjer hver maður, að það er ekki nema forms-sök, því gjaldið er 1 kr. frá hverjum hreppsbónda. Það er og sanngjarnt, því að þeir vinna eins mikið fyrir hreppinn. Þeir, sem mest hafa störfin, ættu og að hafa mesta borgunina. Samkvæmt hreppstjórareglugjörðinni hafa hreppstjórar nú harðla lítinn starfa á hendi í samanburði við það, sem þeir höfðu 1863, þegar 1. þingmaður Eyfirðinga skrifaði undir bænarskrá um laun handa þeim; svo nú er allt öðru máli að gegna. Jeg vil hvorki launa oddvitum nje hreppstjórum úr landssjóði. Það væri ekki nema sjálfu sjer samkvæmt, þó þeim væru þá einnig veitt eptirlaun, því allir, sem laun hafa úr landssjóði, fá og þaðan eptirlaun; en þá væri fyrst komið lagið á, ef annarhvor bóndi á landinu hefði eptirlaun; en sú yrði þó nauðsynleg afleiðingin. Hefði von nokkur verið til þess, að breytingaratkvæði hefði getað drepið málið, skyldi jeg með ánægju hafa komið með nokkur til að stytta því stundir; því að nái það fram að ganga, kemur múgur og margmenni með launabænir til landssjóðsins og endirinn verður, að annarhvor

bóndi í landinu verður á eptirlaunum úr sjálfs síns vasa, landssjóðnum!

Eiríkur Kúld: Jeg er einn af þeim mönnum, sem er hlynntur þessu máli, en jeg get ekki aðhyllzt skoðanir þeirra manna, sem segja, að störf þeirra sjeu svo lítil, að ekki sje ástæða til að að launa hreppstjórum. Það er mikið satt, áður höfðu þeir meiri störf, og nú er ljett á þeim fátækramálum, en þá höfðu þeir líka óbeinlínis laun, að því leyti sem þeir voru lausir undan ýmsum sköttum, en nú er búið að svipta þá þessu litla, sem þeir höfðu. Það getur enda verið hættulegt að vera svona nánasarlegur við hreppstjórana, ef vjer gætum að, hversu miklum tima og peningum þetta mál hefur eytt á þingum og getur enn þá framvegis eytt, ef nú verður ekki bót á ráðin. Hjer er og önnur bætta. Það hlýtur að vera eðlileg afleiðing af því, að hreppstjóri er launalaus, að hver vill fleygja þeim starfa frá sjer hið fyrsta hann getur, því að enginn mun vilja hafa á hendi eins mörg og fyrirhafnarmikil störf fyrir aldeilis ekki neitt. Þetta getur svo gengið koll af kolli, að menn fleygi því frá sjer, og farið svo á endanum, að enginn fáist, sem fær er um, því að ekki er það víst, að í öllum hreppum sje nóg völ á þeim mönnum, sem færir eru um þann starfa. Hreppstjórnartíminn er 3 ár, og þá er hreppstjórinn orðinn æfður í störfum síuum, og ef hann svo fleygir því frá sjer, tekur annar við óvanur og vankunnandi í þeim sökum, og þess vegna er mesta þörf á að launa, til þess að geta haft góða hreppstjóra. Jeg get heldur ekki verið þeim mönnum samdóma, sem segja, að breytingar á frumvarpi þessu hljóti að verða til að fella það. Þessi breytingartillaga, sem hjer er komin, er alveg nauðsynleg. Það er hlægilegt að setja þau lög, sem aldrei koma til framkvæmda. Það var óheppilegt, að breytingartillaga hins háttvirta þingmanns Dalamanna var felld við síðustu umræðu, því að hún fór fram á, að hreppstjórarnir yrðu oddvitar hreppsnefndarinnar, og þá hefði hinn háttvirti 2. þingmaður Suður-Múlasýslu fellt sig betur við frumvarpið.

Jeg greiði atkvæði mitt með frumvarpi þessu, hvort sem það verður með breytingu þessari eða ekki, til þess að sýna það, að það er sannarlega ranglátt, að bæta ekki úr ósanngirni þeirri, sem nú tíðkast við hreppstjórana.

Halldór Friðriksson: Jeg er sannfærður um, að ef frumvarp þetta verður að lögum, dregur það mikinn dilk á eptir sjer. Þingmenn geta verið sannfærðir um það, að það biður ekki lengur en til næsta þings, að bænir koma frá fleirum um laun, sem þykjast eiga eins mikinn rjett á því og hreppstjórarnir. Annað atriðið er það, að hjer er farið fram á bæði að launa þeim úr landssjóði og borga þeim vel hvert viðvik, sem þeir gjöra. Mjer finnst það alveg nóg, að greiða þeim góða borgun fyrir hvert verk, án þess þar á ofan að fara að launa þeim úr landssjóði. En það er þó eitt, sem ef til vill hvetti mig til að greiða atkvæði mitt með frumvarpi þessu, sem jeg þó gjöri ekki, og það er það, að ef þetta yrði að lögum, þá mundi hin heiðraða deild taka aptur þá ákvörðun sína um að greiða eigi lögregluþjónunum í Reykjavík laun af landssjóðnum. Því að jeg get ekki búizt við, að hin heiðraða deild vilji beita þeirri ósamkvæmni, og jafnvel því ranglæti, að launa eigi þeim lögregluþjónum á sama hátt og öðrum lögregluþjónum landsins.

Þorlákur Guðmundsson: Jeg vildi óska, að þeir menn, sem eru svona mikið á móti launum handa hreppstjórum, vildu sameina sig um, að af taka með lagaboði embættisstarfa hreppstjóranna, því á þann hátt væru þeir bezt eða rjettast launaðir; á hinn bóginn, ef það gæti átt sjer stað, að embættismenn landsins, hverjir sem væru, ynnu fyrir lítið eða ekkert, þá skyldi jeg greiða atkvæði á móti frumvarpinu; en þetta mun nú ekki þykja hentugt, enda þó hitt þyki hentugt, að láta hreppstjórana vinna fyrir ekki neitt.

Jón Ólafsson: Jeg vil leyfa mjer að

leiðrjetta eitt í hiuni snjöllu og skarpvitru ræðu hins háttvirta þingmanns Barðstrendinga; það voru fleiri en fátækramál, sem ljett hefur verið á hreppstjórunum. Jeg er samdóma hinum háttvirta þingmanni Reykvíkinga um það, að margir muni koma á eptir og biðja um laun, og hreppstjórar munu sjálfir koma á næstu þingum og biðja um meira, meira. Hvernig fór með prestana? Var ekki talað um 1879, að þeir mundu verða rólegir, eptir að lögin um skipun prestakalla voru komin? En nú á þingi hafa fram komið að minnsta kosti ein 13 frumvörp, er fara fram á að bæta kjör þeirra, og hljóða öll upp á þetta sama: meira, meira. Það mun sannast hjer sem optar, að þar sem kisa smeygir inn höfðinu, þar kemur hún öllum skrokknum. Það stendur á sama, hvaðan launin koma, úr hvaða sjóði, því að þau koma þó ætíð úr vösum gjaldanda.

Benidikt Sveinsson: Jeg er alveg hissa á hinum háttvirta sessunaut mínum, hvernig honum fórust orð. Jeg tek t. d. 1. málsgrein 2. gr. Hvernig tekur sig út kenning hans um, að hreppstjórar skuli engin laun hafa, gagnvart öllum hinum *fögru frelsiskenningum hans?* Eptir því sem frelsið vex, vex þörfin á störfum. En hvernig vill hann á frjálsu landi skylda menn til starfa launalaust? Slíkar kenningar geta verið góðar og gildar í Rússlandi, en hjer eiga þær ekki við. Ef þessi óttalegi heiður á að vera nóg laun, þá samsvarar sjálfsagt meiri heiður æðri embættisstöðu, og ætti því einnig þar því heldur að geta komið í staðinn fyrir embættislaun, og því kemur allt svo fram sú setning, að því hærri sem staðan er, því síður skal launa embættismanninum. Lagleg er setningin! En jeg get nú sagt þingmanninum, að skynsamir menn efast mjög um það, að menn verði skyldaðir til að vera hreppstjórar launalaust. Það vakir sú skynsamlega skoðun hjá þjóðinni, að það eru hrein ólög, að skylda menn til að vinna launalaust. Enn fremur sagði hinn heiðraði sessunautur minn, að einu gilti, úr hvaða sjóði launin kæmu. Þetta er líka spánýr setning! Eptir þeirri reglu gæti hreppsnefnd beðið um aukaútsvar af landssjóði, og landssjóðurinn aptur sínar tekjur úr sveitarsjóði! Já, nú fer jeg ekki að skilja þingmanninn. Jeg er hræddur um, að þingmaðurinn tali hjer ekki með sömu skarpskyggni og aðgætni, sem hann talar í öðrum þingmálum.

Lárus Blöndal: Jeg skal lýsa yfir því, að eptir minni skoðun er grundvöllur frumvarpsins rjettur, að lanna hreppstjórum úr landssjóði, því að þeir eru eingöngu eða miklu fremur þjónar landstjórnarinnar, en þjónar hlutaðeigandi sveitarfjelaga. Það er hlægilegt, að hafa það fyrir ástæðu móti frumvarpi þessu, að það mundi, ef það næði lagagildi, draga þann dilk eptir sjer, að sveitarnefndir eða hreppsnefndir kæmu á eptir og heimtuðu laun úr landssjóði. Því það er auðsætt, að ef hreppsnefndum yrðu ákveðin laun, þá ættu þau eðlilega að greiðast úr hlutaðeigandi sveitarsjóðum, en alls eigi úr landssjóði. Borgun sú fyrir aukaverk, sem hreppstjórar fá samkvæmt frumvarpinu, er ekki nema lítilfjörleg þóknun fyrir verkfall það kostnað og fyrirhöfn, sem aukaverkið hefur í för með sjer fyrir þá. Það þekkja allir, að ef vjer þurfum að taka daglaunamann, t. a. m. til moldarverka eða annars, þá er þeim goldið 2 til 3 kr. á dag, auk fæðis. Þess vegna verða menn vel að gá að því, að þessi borgun fyrir aukaverk hreppstjóra er í raun rjettri engin *laun* heldur *endurgjald* fyrir *verkfall* og *kostnað*, sem aukaverkið hlýtur að baka þeim. Það er satt, að nú hefur verið ljett ýmsum störfum af hreppstjórunum, svo sem fátækramálum, fjallskilum og fleira. En á hinn bóginn ber að gæta þess, að nú gjalda þeir öll opinber gjöld, svo sem ábúðarskatt, tekjuskatt o. s. frv., sem þeir áður voru lausir við, eins og þeir nú mega gjöra fjallskil. Jeg óska og vona, að hin háttvirta deild láti þetta mál fá framgang, enda væri það hálfgjörð minnkun, ef svo yrði ekki, þar sem það hefur verið svo opt og svo lengi á prjónunum hjer á þinginn. Jeg er ekki hræddur við þá grýlu, sem hinn

háttvirti þingmaður Reykvíkinga kom fram með, að lögregluþjónarnir í Reykjavík vildu líka hafa laun úr landssjóði, því bæði eru grýlur þessar ekki margar, og svo mundi jeg á sínum tíma greiða atkvæði mitt með því, að þeim yrði launað eptir sömu reglum, sem öðrum lögregluþjónum landsins.

Arnljótur Ólafsson: Einmitt af því jeg vil, að hreppstjórar eins og allir aðrir menn fái tilhlýðileg laun fyrir störf, er jeg að nokkru leyti með frumvarpinu, en á því er sá galli, sem jeg er hræddur um að stríði á móti öllum launareglum í hverju landi, sem er. Að hreppstjórar sjeu þjónar landssjóðsins, eins og hinn háttvirti 1. þingmaður Húnvetninga sagði, og eigi því að fá laun úr honum, er ekki á rökum byggt. Þeir eru lögregluþjónar en eigi landssjóðsþjónar; eru þá allir, eða rjettara sagt, er nokkur einn lögregluþjónn launaður úr ríkissjóði í öðrum löndum? Hið síðara ætla jeg að sje auðsætt. Hví ættu þá hreppstjórar að fá laun úr landssjóði sem lögregluþjónar. Þótt jeg 1863 skrifaði undir bænarskrána til stjórnarinnar, þá er það eigi hvöt, heldur miklu fremur aðvörun fyrir mig að gjöra slíkt nú, því þá var sá endir á, að stjórnin gat ekki fallizt á hana fyrir þá sök, að slíkt væri móti þeirri alkunnu reglu, að lögregluþjónar væru launaðir úr ríkissjóði. Skilyrðið fyrir því, að menn geti fengið laun úr ríkissjóði, er það, að menn hafi tekið lögskipað próf, eða sýnt, að þeir sjeu færir um að takast þann starfa á hendur, er þeim er ætlaður, en hreppstjórarnir taka ekkert próf, og því er rangt að setja þá á launabekk úr landssjóði. Hvað snertir það, sem hinn 1. þingmaður Húnvetninga sagði, að hreppstjórar væru lausir við fjallskil, þá er það ekki rjett. Mín meining er sú, að hvorki oddviti sveitarnefnda, gjaldkeri, hreppstjóri nje hreppsnefndir eigi að fá laun úr landssjóði, vegna þess að þeir ekkert próf hafa tekið, og starfi þeirra er annaðhvort sveitamál eða lögregluþjónusta. Jeg neyðist því til að greiða atkvæði á móti frumvarpinu.

Lárus Blöndal: Út af ræðu hins háttvirta 1. þingmanns Eyfirðinga skal jeg benda honum á, að í fjárlögum Dana eru árlega ætlaðar margar þúsundir sem «Tilskud til Politiet». Það er því ekki rjett, að lögreglustjórninni, politiinu, sjeu ekki goldin laun úr ríkissjóði. (*Arnljótur Ólafsson:* pólitiþjónum er ekki goldið úr ríkissjóði). Hvað gangnaskilum hreppstjóra við víkur, þá sagði jeg, að þeir hefðu verið lausir við þau áður, en að þeir væru það ekki nú. Hinn háttvirti 1. þingmaður Eyfirðinga vill láta hreppstjóra taka próf, til þess þeir geti haft aðgang til launa úr landssjóði; jeg skal vera manna fúsastur til að styðja að því, ef hann vill koma því á, að á Möðruvallaskólanum, sem jeg veit að þingmaðurinn vill að sje sem víðáttumestur, og að hann fái sem mestan vöxt og viðgang, verði kennd einhver hreppstjórnarspeki. Annars er það merkilegt, að það er eins og menn sjeu að leita lúsa, til að vita hvað hreppstjórar hafi að gjöra, rjett eins og enginn þekkti hreppstjórareglugjörðina nýju.

Varaforseti: Jeg lýsti því yfir við fyrstu umræðu þessa máls, að jeg væri á móti 1. gr., en vildi þar á móti, að hreppstjórar fengju ákveðna borgun fyrir hvert starf, er þeir leysa af hendi, og hana sem ríflegasta, og svo, að þeir væru fullsæmdir af. Samkvæmt frumvarpinu koma laun hreppstjóranna mjög misjafnt niður, svo misjafnt, að í sumum hreppum mundu laun sumra hreppstjóra eigi nema meiru en 7 kr. Það er til bóta að ákveða, eins og gjört er í frumvarpinu, sömu laun fyrir opinber mál og einkamál, eins og frumvarpið að mörgu leyti er til bóta, og því mæli jeg með því, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt einkum vegna þess, að nái það ekki samþykki hjer í deildinni, eins og það er, má óttast að frumvarpið falli, og hreppstjórar megi búa við hin sömu kjör, sem þeir hafa haft. En það er ljóst og viðurkennt af öllum, að á þá er lögð þung byrði án endurgjalds. Hinn heiðraði

2. þingmaður Suður-Múlasýslu bar kvíðboga fyrir því, að fleiri kæmu þegar á næsta þingi og heimtuðu laun, eins og hann kvað farið hafa með prestana, en jeg vil í því efni benda hinum heiðraða þingmanni á, að það, sem þingið hefur bætt við laun presta í ár, er að eins til þess að fullnægja því, sem á er kveðið í seinustu launalögum presta.

Því næst var gengið til atkvæða, og var:

Breytingartillaga frá 6 þingmönnum samþykkt með 12 atkvæðum móti 2.

Frumvarpið í heild sinni með áorðinni breytingu samþykkt með 15 atkvæðum móti 5.

Kvaðst forseti mundu senda það forseta efri deildarinnar, til þess að leggja það að nýju fyrir deildina.

EIN UMRÆÐA í EFRI DEILD,
á 30. fundi, 8. dag ágústmánaðar.

Frumvarpið, eins og það var samþykkt við 3. umræðu í neðri deild, sjá I, 362—365.

Nefndarálit I, 407.

Framsögumaður (*Sighvatur Árnason*): Jeg álít, að eigi sje þörf á að fara mörgum orðum um þetta mál að sinni, með því að neðri deild alþingis hefur fallizt á frumvarpið að öllu leyti, að undanteknu því, að hún hefur fellt burtu seinni lið 6. greinar frumvarpsins, þar sem til var greint um uppboðslaun til hreppstjóranna af óskilafjenaði. Nefndinni þótti ekki ástæða til að hafa á móti þessari breytingu, sem heldur ekki er stórvægileg, því að hreppstjórarnir hafa þó sjöttung þess uppboðs, eins og verið hefur, og landssjóður einn sjöttung, og ræður nefndin því hinni heiðruðu deild til þess, að fallast á frumvarpið óbreytt, eins og það nú er.

Síðan var frumvarpið borið undir atkvæði deildarinnar, og var það samþykkt með 9 atkvæðum.

Forseti kvað málið mundu verða afgreitt til landshöfðingja sem lög frá alþingi.

VIII.

Þjóðjarðasala.

Frumvarp til laga um, að stjórninni veitist heimild til að selja nokkrar þjóðjarðir, frá stjórninni, er prentað í fyrri parti alþingistíðindanna, bls. 607—608.

FYRSTA UMRÆÐA Í EFRI DEILD,
á 4. fundi, 7. dag júlímán.

Landshöfðingi: Frumvarp það, sem hjer liggur fyrir, er til 1. umræðu og miðar til þess, að stjórninni veitist heimild til að selja 4 þjóðjarðir í Kirkjubæjar- og Þykkvabæjarklausturs umboði; frumvarpið er búið til samkvæmt ályktun alþingis, sem samþykkt var í hitt eð fyrra. Jeg skal geta þess, að eptir það, er frumvarpið var prentað, hafa komið til mín álíka bænarskrár frá 22 leiðuliðum, nefnilega frá 5 leiguliðum í

Skagafjarðarsýslu, 12 leiguliðum í Húnavatnsþingi, 1 leiguliða í Eyjafjarðarsýslu, 1 leiguliða í Þingeyjarsýslu og 3 leiguliðum í Suður-Múlasýslu, og fara öll þessi bónarbrjef fram á, að leiguliðarnir fái keyptar þjóðjarðir þær, er þeir búa á; þar að auki hefur til mín komið bónarbrjef frá Stefáni sýslumanni Bjarnarsyni um kaup á spítalajörðinni Kaldaðarnesi í Árnessýslu, og fylgja því skýrslur frá leiguliða þeim, sem á jörðinni býr; en öll þessi bónarbrjef komu svo seint til mín, að eigi var hægt að taka tillit til þeirra í frumvarpinu. Jeg leyfi mjer því að afhenda hinum heiðraða forseta deildarinnar öll þessi bónarbrjef og þar til heyrandi skýrslur, og skora á hann, að hann afhendi þau nefnd þeirri, sem jeg efast ekki um að deildin muni kjósa til þess að taka þetta mál til yfirvegunar. Jeg skal geta þess, að auk þessara 4 jarða, sem getur um í frumvarpinu, eru þjóðjarðir þær, sem bónarbrjef hafa komið um: Kaldaðarnes í Árnesssýslu; þær 5 þjóðjarðir í Skagafjarðarsýslu eru: Hjaltastaðir, Páfastaðir, Hafsteinsstaðir, Litlagröf eg Heiði, sem allar eru klausturjarðir frá Reynistaðarklaustri; þær 12 þjóðjarðir í Húnavatnssýslu eru: Gröf, Hrísakot, Miðhóp, Sveinsstaðir, Kornsá, Brúsastaðir, Kringla, Orrastaðir, Grund, Hagi, Umsvalir og Miðhús, sem allar heyra undir Þingeyra klausturs-umboð; enn fremur Arnarnes í Möðruvallaklausturs-umboði, Þórðarstaðir í Munkaþverárklausturs-umboði, og Vattarnes, Höfðahús og Nes í Skriðuklausturs-umboði. Það eru 3 höfuðatriði, sem að mínu áliti á að taka tillit til, þegar í fyrsta skipti á að selja þjóðjarðir: 1. að jarðir landssjóðsins verði eigi öðrum seldar en leiguliðunum, 2. að þær verði eigi seldar minna en fyrir fullt verð, og 3. að nokkur hluti af kaupverðinu verði gjörður að föstu afgjaldi, sem hvíli á jörðunni. Jeg geng út frá því, að þingmenn sjeu mjer samdóma um tvö hin fyrst nefndu atriði, og jeg vona, að þeir eptir nákvæma yfirvegun, verði mjer einnig samdóma um þriðja atriðið, sem jeg tók fram. Hin helzta mótbára, sem venjulega hefur komið fram gegn þjóðjarðasölu, er sú, að þar sem þjóðjarðirnar eru einn af beztu tekjustofnum landssjóðsins, — þær gefa af sjer árlega um 30,000 kr. að frádregnum öllum kostnaði, — þá má búast við, að ef jarðirnar verða seldar, og kaupverðið greitt í reiðupeningum, þá munu tekjur landssjóðsins rýrna í hlutfalli við það, sem verðið á landaurum árlega fer hækkandi. Jeg skal játa það, að mótbára þessi er á rökum byggð, og því mæli jeg með því, að kaupandanum verði gjört að skyldu að greiða árlega í landssjóð nokkurn hluta kaupverðsins, t. a. m. helminginn, í landaurum eptir meðalverði allra meðalverða. Þessi gjaldmáti er kaupanda hagkvæmur, þar eð hann samsvarar arði þeim, sem hlutaðeigandi jarðeign gefur af sjer.

Einar Ásmundsson: Það er ef til vill mörgum kunnugt, að jeg hef ekki manna minnst mælt með þjóðjarðasölu á undanfarandi þingum. Jeg hef allt af álitið, að það væri betra bæði fyrir landið og landssjóðinn, að selja jarðir sínar við og við góðum leiguliðum, sem hafa setið þær vel, ef þeir óska þess. Þetta mál hefur áður verið borið upp á þinginu tvisvar sinnum, en hefur í bæði skiptin fallið; nú er hjer komið frumvarp frá stjórninni um sölu þjóðjarða, og sje jeg, að skoðun stjórnarinnar er ekki fráleit skoðun þeirri, sem jeg hef um þetta mál. Jeg vil ekki láta ausa jörðunum út til allra, til hvers sem hafa vill, eins og gjört var við stólsjarðirnar fyrrum, en jeg vil að eins láta selja smátt og smátt góðum leiguliðum, sem líklegt er að fara muni vel með jarðirnar, og þar sem líkindi eru til, að þær muni ganga í erfðir og verði þannig optast sjálfseignir. Jeg er samþykkur ástæðum frumvarpsins, í öllum helztu aðalatriðum, og einnig er jeg samdóma landshöfðingja um það, að jarðirnar sjeu góð eign og notasæll tekjustofn, en kostnaðarsamur er hann þó. Ef mig minnir rjett, þá eru í fjárlagafrumvarpinu, sem nú liggur fyrir þinginu, áætlaðar tekjur af fasteignum landsins hjer um bil 35,000 kr. á

ári, en útgjöld eru þá líka áætluð 17,500 kr. til þess að verja og bæta úr sandfoki á landssjóðs-jarðirnar í Skaptafellssýslu; þetta finnst mjer vera kostnaðarsamt. Jeg veit, að þingið, sem hefur með fje landsins að sýsla, hefur hingað til allt af verið fastara á jörðum en peningum, af því margir þingmenn hafa haldið, að jarðirnar væru arðmeiri tekjustofn heldur en peningar; en það er athugandi, að peninga má ávaxta jafnvel betur en jarðeignir. Menn hafa komið með þá mótbáru gegn þjóðjarðasölu yfir höfuð, að við hana mundi rýrna eign landsins, því að þá mundu menn eyða fremur peningunum, en aptur mundu menn ekki eyða eins miklu, ef jarðirnar væru ekki seldar; en þetta er ekki svo mikils verð viðbára, ef vel er athugað. Menn þekkja vel, hvernig til hagar í öðrum löndum. Þar safna menn ekki ár frá ári peningum í viðlagasjóði, heldur hugsa menn meira um að verja öllum tekjunum til einhverra fyrirtækja, er þarfleg virðast, og meira að segja, menn verja einmitt meira til þeirra, en tekjunum svarar, og taka óspart lán í þessu skyni. Ísland er ef til vill hið eina land í heiminum, sem jafnt og stöðugt hugsar mest um að safna peningum í sjóð, en minna um það, að verja peningunum til uytsamlegra framkvæmda. Ef menn nú hverfa frá þessari reglu, þá munu menn að vísu grípa til andvirðis þjóðjarðanna; en þó ekkert sje selt af þeim, þá geta menn allt að einu komizt að sama takmarki, með því að taka lán, og þetta sýnist mjer koma í sama stað niður. Fjárveitingarvaldið getur eytt eins mikln fje, þó þjóðjarðirnar sjeu ekki seldar, eins og þó þær sjeu seldar. Jeg vona annars, að þingið gefi góðan gaum að máli þessu, en af því málið er svo mjög athugavert, þá legg jeg það til, að nefnd verði sett og ætla jeg, að 3 manna nefnd muni nægja, getur hún þá síðar fengið bætt við fleirum mönnum, ef þurfa þykir; en það, sem einkum ríður á, er, að í nefndinni sitji þeir menn, sem kunnugastir eru þjóðjörðum þeim, sem nú er beðið um til kaups.

Forseti: Af því að svo mörg fylgiskjöl við frumvarpið hafa komið frá landshöfðingja, gjöri jeg ráð fyrir, að nefnd sú, sem kosin verður, kunni að koma með nýjar uppástungur, sem í rauninni sjeu nýtt frumvarp. Jeg ætla því rjettast, að 1. umræðu sje frestað, til þess að hinn nýi hluti frumvarpsins geti og fengið þrjár umræður.

Var þá gengið til atkvæða og 3 manna nefnd samþykkt og í hana kosnir:

Árni Thorsteinson með 7 atkvæðum.
Ásgeir Einarsson — 6 —»—
Stefán Eiríksson — 6 —»—

Að því búnu var samþykkt að fresta 1. umræðu, og málið ásamt bænarskrám þeim um jarðakaup, er landshöfðingi hafði fengið forseta í hendur, afhent hinum 5. konungkjörna þingmanni, sem hafði flest atkvæði.

Í nefndinni var Árni Thorsteinson kosinn formaður og framsögumaður og Ásgeir Einarsson skrifari.

FRAMHALD FYRSTU UMRÆÐU Í EFRI DEILD,

á 12. fundi, 19. dag júlímánaðar.

Nefndarálit, sjá I, 86—88.

Framsögumaður (Árni Thorsteinson): Hjer er fram komin breytingartillaga frá 2. þingmanni Eyfirðinga, er hefur inni að halda sölu á þjóðjörðinni Arnarnesi í Eyjafjarðarsýslu fyrir 3200 kr.; uppástunga þessi hefur verið til sýnis deildarmönnum í lögboðinn tíma, og er því jafngild eins og hún hefði verið tekin upp í frumvarpið. Jeg skal nú leyfa mjer að koma fram með þær upplýsingar, er nefndin hefur aflað sjer viðvíkjandi þessari jörð, svo að grein sje gjörð fyrir málavöxtum, eptir sem frekast er unnt. Eptir skýringu landshöfðingja við umræðurnar um sölu þessarar þjóðjarðar árið 1879 var leigumálinn þessi, og er enn hinn sami:

landskuld 180 ál. og leigur 60 ál. eða alls 240 ál., sem eptir verðlagsskránni 1879 svöruðu leigu af 3180 króna höfuðstóli, en af því verðlagsskráin er lægri nú en 1879, má álíta, að jörðin avari til 2500 kr. eptir leigumála, og mismunar þetta eigi allmikla, eptir því sem verðlagsskrárnar falla eða hækka. Jörð þessa óskar ábúandinn að fá keypta fyrir sanngjarnt verð, og hefur hann eigi tilgreint það nákvæmar. Hreppsnefndin hefur metið jörðina á 2000–2500 kr., og tekur fram, að hún geti af sjer 200 hesta af útheyi, túnið sje 8 dagsláttur, og geti af sjer að eins 110 hesta af töðu. Sýslunefndin álítur hana 3000 kr. virði. Álit umboðsmannsins hefur eigi verið útvegað, og því er nefndinni eigi orðið kunnugt um það, þótt svo hefði átt að vera eptir auglýsingu 15. nóv. 1879. Allt fyrir það er það kunnugt, að umboðsmaðurinn ljet það í ljósi 1879 (sbr. Alþ.tíð. 1879. II, 885), að sitt álit væri, að jörðina Árnarnes mætti selja fyrir allt að 3600 kr. Þar eð þetta er 1. umræða, er eigi hægt að fara út í hin sjerstöku atriði frumvarpsins, og leiði jeg það því hjá mjer, fyr en að ummæli annara gjöra það nauðsynlegt. Að síðustu skal jeg geta þess, að þó nefndin ráði til að fella frumvarpið, þá hefur hún samt orðið ásátt um, að varna því eigi frá því, að koma til 2. umræðu, heldur miklu fremur greiða atkvæði með því, til þess að þingmenn geti gjört sjer málið ljóst, og borið fram síðar, ef þeir hafa eitthvað að athuga um sjerstakleg atriði.

Landshöfðingi: Þar eð þetta er framhald 1. umræðu um þetta mál, skal jeg sleppa að tala um breytingaruppástungu þingmanns Eyfirðinga. Við byrjun 1. umræðu um þetta frumvarp, sem fer fram á, að stjórninni veitist heimild til að selja 4 þjóðjarðir, tók jeg það fram, að mjer hefðu seinna borizt margar bænarskrár um kaup á þjóðjörðum, en að þessar bænarskrár hefðu komið of seint til þess, að geta komizt undir frumvarpið. Á þeim sama fundi lagði jeg og fram allar þessar bænarskrár, sem til mín voru komnar, og gjörði ráð fyrir, að deildin tæki þær til meðferðar samkvæmt ályktun beggja deildanna á alþingi 1879. Þessi ályktun ákveður, hverjar skýrslur skuli útvega frá kaupanda, og uppáleggur landshöfðingja að leggja þær fram fyrir þingið. En í ályktun þingsins er ekkert talað um, hvernig skuli rannsaka þessar skýrslur eða skilmála fyrir kaupunum. Mjer sýndist því sjálfsagt, að þingið setti nefnd til að rannsaka þau og íhuga, hvort þingið skuli skyldi taka boði kaupanda, eða eins og nú, að stjórnin semdi lagafrumvarp, er færi fram á, að gefa stjórninni heimild til að selja vissar þjóðjarðir, sem ábúendur óskuðu að kaupa. Þingið setti nú nefnd til að íhuga þetta frumvarp stjórnarinnar; þessari nefnd voru afhentar þær bænarskrár, sem seinna komu, til þess að þingið gæti gjört breytingar við bænarskrárnar. Jeg held, að jeg, með því að afhenda þinginu þessar bænaskrár, hafi farið eptir ályktun þingsins 1879, og að þingið hafi, með því að skipa nefnd, falið henni á hendur að yfirvega allar bænarskrárnar ásamt frumvarpinu, til þess að nefndin geti íhugað öll tilboðin og gjört ásamt þingmönnum og landshöfðingja þær uppástungur og breytingar á þeim, sem eðlilegar og nauðsynlegar þættu. Nefndin hefur nú verið annarar skoðunar, eins og sjest á nefndarálitinu, þar sem svo er að orði kveðið: «Þar eð ekkert frumvarp er lagt fyrir þingið um, að selja þessar jarðir, og nefndin ekki finnur ástæðu til þess að semja slíkt frumvarp og leggja það fram sjerstaklega til meðferðar, er þó ekki gæti orðið samfara því frumvarpi, sem nú er fyrir, leiðir hún hjá sjer, að skýra frá rannsóknum sínum í þessu efni» o. s. frv. Jeg fæ eigi betur sjeð, en að þessi skoðun nefndarinnar komi í bága við ályktun alþingis 1879. Jeg skal

því skora á hina háttvirtu nefnd að leggja það til við deildina, að fresta enn 1. umræðu, til þess að nefndin fái tíma til að íhuga bænarskrárnar og skýra frá rannsóknum sínum á þeim og komið fram með tillögur sínar. Skyldi nefndin eigi finna ástæðu til, að taka þessa áskorun til greina, þá leyfi jeg mjer, að skjóta því til forseta, hvort hann ekki vill bera það undir atkvæði deildarinnar, hvort ekki beri í þessu efni að fara eptir ályktun alþingis 1879. En ef 1. umræðu ekki verður frestað nokkuð enn, vona jeg, að málinu verði vísað til 2. umræðu, svo að mjer gefist kostur á að koma með breytingaratkvæði við frumvarpið og tala ýtarlegar um málið. Skal jeg svo ekki fara lengra út í nefndarálitið, en geta þess, að þar sem nefndin lætur í ljósi, að hún sje eindregið á því, »að það ekki verði rjettlætt, að láta jarðirnar falar ábúendunum einum, heldur verði að selja þær þeim, sem mest býður, hver svo sem hlut á að máli«, þá virðist nefndin komast í mótsögn við ályktun alþingis í hitt eð fyrra. Þar sem nefndin enn fremur í álíti sínu telur það nauðsynlegt, »að skorað sje á þá, sem fala jarðirnar, að lýsa því yfir, hvort þeir vilji ganga að því verði, sem matið er á jörðinni, og það ætti að gjöra, áður en leitað er samþykkis með lögum til að selja jörðina, annars sje það tilgangslaust, að semja slík lög«, þá verð jeg þvert á móti að álíta það alveg eðlilegt, að kaupendur gjöri fyrst sitt tilboð, og eigandinn, landssjóðurinn eða löggjafarvaldið fyrir hans hönd, síðan skeri úr, hvort og að hve miklu leyti það vill ganga að boði kaupandans og gefi síðan stjórninni heimild til að selja þær með þessum skilmálum, en að stjórnin síðan skjóti því til leiguliðans, hvort hann vill ganga að hinum settu kostum. Það er því engan veginn tilgangslaust, að semja slík lög, þar sem ályktun þingsins 1879 gefur ábúendunum von um, að fá keyptar ábýlisjarðir sínar, ef þeir vilja ganga að þeim skilmálum, sem alþingi setur.

Einar Ásmundsson: Jeg skal leiða hjá mjer að minnast á starf nefndarinnar, einkum þar sem landshöfðingi hefur farið þar um rjettum og sanngjörnum orðum, sem jeg hlýt að vera samdóma. Heldur ekki skal jeg fara út í einstök atriði málsins, þar sem þetta er 1. umræða, og um breytingartillögu mína skal jeg af sömu orsök heldur ekki tala nú, en geyma það til 2. umræðu. Þar á móti skal jeg leyfa mjer að fara nokkrum orðum um þetta mál í heild sinni. Frumvarpið, sem hjer liggur fyrir, fer að áliti mínu í rjetta og eðlilega stefnu. Stjórnin og þjóðin er samdóma um, að rjett sje og haganlegt, að gefa leiguliðum, einkum góðum og gömlum leiguliðum, kost á, að fá ábýlisjarðir sínar til kaups. Jeg veit ekki, hvað getur verið sterkari hvöt fyrir leiguliða til að sitja vel ábýlisjarðir sínar, en einmitt vonin um, að geta með tímanum fengið þessar jarðir sjálfum sjer eða börnum sínum til eignar. Og hvað er meira áríðandi fyrir land og lýð en að bæta búnaðinn, og að jarðirnar í landinu sjeu sem bezt setnar? Er ekki landbúnaðurinn grundvöllur undir velmegun landsins og blóma þess? Jú vissulega; því ekkert getur eins og hann eflt og aukið velmegun lands vors og barna þess, því er það sjálfsagt einna nauðsynlegast allra hluta, að hlynna að honum fyrst og fremst, bæði beinlínis og óbeinlínis, þar á meðal í þá stefnu, að sem flestir bændur geti átt sjálfir jarðir sínar, eða orðið óðalsbændur. Þingið og stjórnin gjörir því eflaust rjett í því, að gefa góðum ábúendum kost á, að eignast ábýlisjarðir sínar, en engan veginn er jeg fyrir það á því, að kasta jörðunum öllum í einu út til hvers, sem vera skal, og sem vill og getur keypt þær, eins og farið var með stólsjarðirnar forðum, heldur smátt og smátt eptir atvikum. Af því, að láta bændur eignast ábýlisjarðir sínar, hefur landið ákaflega mikinn hag, en landssjóður

sannarlega engan óhag, enda er það gjörsamlega öfug skoðun, sem einatt kemur í ljós, að miða allt við landssjóðinn, en ekki við landið sjálft; því vegni landinu vel, þá þarf ekki að kvíða fyrir, að landssjóðurinn standi sig ekki allvel. Mörgum hættir mjög við, að skoða landið sem dilk eða aukapinkil við landssjóðinn, og láta sjer allt um það hugað, að safna í landssjóð tunnu gulls á tunnu gulls ofan með álögum og sköttum, en spara að verja fjenu til lands-þarfa, svo menn geti sagt, að hann sje troðfullur; þá þykir vel að verið og nóg fengið, hvað sem landinu sjálfu líður. En landið getur auðveldlega verið í órækt og eymd, þó landssjóðurinn sje fullur, þar sem aptur á móti aldrei þarf að kvíða því, að landssjóðurinn verði neitt illa staddur, ef landinu sjálfu líður vel. Það er auðsjeð, hvað þessi stefna, sem jeg minntist á, er ramskökk og öfug. Það þarf eigi að tala um, hve eðlilegt það er, að hver og einn, sem stundar einhvern atvinnuveg, eigi sjálfur það, sem til þess þarf, bóndinn jörð sína, kaupmaðurinn sölubúð sína, sjómaðurinn skip sitt, smiðurinn smiðju sína o. s. frv. En hitt er óeðlilegt og óhagkvæmt, að landið eða þjóðfjelagið fáist beinlínis við atvinnuvegi, sem nær liggur að einstakir menn stundi, hvort sem það er búskapur, verzlun, sjósókn, smíðar, eða hvað annað, og það er ekki einu sinni hentugt eða hyggilegt, að landssjóður eigi, til að leigja út, hluti, sem á þarf að halda, til að stunda atvinnu, hvorki smiðjur nje verzlunarbús, báta nje jarðir o. s. frv. Dæmin sýna þetta ljóslega. Það vantaði eigi, að stjórnin ætti hjer sölubúðir á árunum og ræki verzlun, enda hefur verzlunin víst sjaldan verið aumari, en í þá tíð. Landssjóðurinn átti líka, þangað til fyrir skemmstu, prentsmiðju, sem hann víst ekki hefur haft mikinn hag af, heldur hefur miklu meiri hagur að henni orðið, síðan einstakur maður eignaðist hana, og þó landssjóðurinn ætti ótal smiðjur, þá mundi það varla miða til þess, að iðnaður kæmist upp og blómgaðist í landinu Það er sannarlega undarlegt, að menn geta ekki sjeð, að það er lakara, að stjórnin, sem hefur við allt öðru að snúast, fáist við að stunda, þó eigi sje nema eina grein búnaðarins, og hafi undir sjer mörg hundruð jarðir og mylkar ær svo mörgum þúsundum skiptir, en að einstakir menn eigi þetta. Enda er það almanna-rómur, að lakast sje setið á jörðum landssjóðsins, með fáum undantekningum. Þetta er líka eðlilegt, því einstakur bóndi getur betur litið eptir jörðum, sem hann á, jafnvel þó haun búi eigi á þeim sjálfur, en leigi þær öðrum bændum, heldur en stjórnin, sem ekki getur sjálf verið alstaðar til að lita eptir, og verður að sjá allt með annara augum. Skal jeg svo ekki fara fleirum orðum um þetta mál, þó jeg gæti sagt miklu meira því til stuðnings. Jeg er samdóma landshöfðingja um, að láta nefndina aptur taka við málinu til þess að íhuga það og rannsaka tilboð kaupandanna og koma með tillögur sínar um, hvort rjett sje að selja jarðirnar eptir því, sem þeir bjóðast til að gefa fyrir þær. En leysi nefndin ekki þetta verk sitt af hendi, þá hefur hún ekki gjört annað, en að halda skjölum málsins fyrir þinginu, svo að það gat ekki fengið að kynna sjer þau.

Framsögumaður: Mig furðar á þeim harða dómi, sem nefndin hefur orðið fyrir, þar sem hún þó hefur gengið beinan veg eptir því, sem henni var fyrir lagt. Nefndin var sett einungis til að íhuga frumvarp það, er stjórnin lagði fyrir þingið um sölu fjögra þjóðjarða. Landshöfðingi notar tækifærið til að leggja fram nokkrar bænaskrár í sömu stefnu og afhendir þær forseta; forseti afhendir aptur nefndinni skjölin; nefndin tók skjölin, af því henni voru fengin þau. Nefndin áleit sjer ekki skylt að gjöra neinar uppástungur, að því er þessar bænarskrár snerti, því hún gat ekki álitið þær sem frumvörp, er sjer væri falið á hendur að yfirvega og segja álit sitt um, og nefndin fann eigi heldur neina ástæðu til að semja neitt slíkt frumvarp. Hún hafði að vísu rjett til þess, að leggja fram frumvarp um sölu þessara jarða, en engan annan rjett en þann, sem

hver einstakur þingmaður hefur, og sem enginn verður krafinn til reiknings um hvort hann notar eða ekki. Mig furðar stórlega á skilningi landshöfðingja í þessu efni. Það lítur svo út, þótt undarlegt sje, sem þeir menn, er þessu halda fram, viti ekki, til hvers alþingi er komið saman. Á löggjafarþingum erum vjer komnir saman til þess, að semja lög, og gjöra út um þau mál, sem eptir rjettum þingsköpum eru komin inn á þing. En það er ekki ætlunarverk þingsins að segja álit um önnur málefni. Þing vort er eigi lengur ráðgefandi. Í nefndarálitinu sjest, hver sje sannfæring mín um almenna þjóðjarðasölu, og því má eigi búast við, að jeg tæki bænarskrárnar að mjer, og byggi til úr þeim frumvarp; hinir aðrir nefndarmenn fundu ekki heldur ástæðu til þessa. Mjer getur aldrei komið til hugar, og það eigi þótt að mjer ætti að þröngva til þess, að koma fram með frumvarp, sem væri á móti sannfæringu minni, og gefa svo atkvæði á móti minni eigin uppástungu, til þess, eins og vera ber, að fylgja sannfæringu minni. Það hlýtur því að vera bert, að þeir menn, sem álasa nefndinni, misskilja stöðu nefndarinnar og alla málavöxtu. Hjer vantar alveg frumvarp eða uppástungu frá stjórn eða þingmanni úr deildinni um, að nefndin taki þessar bænarskrár að sjer, og búi til frumvarp um sölu þeirra jarða, sem þar ræðir um, án tillits til þess, hvort það er sannfæring nefndarinnar, að þjóðjarðasalan sje æskileg; þá fyrst, þegar landshöfðingi eða þingmaður hefur gjört frumvarp eða uppástungu í þessa átt, getur nefndin leyst þetta verk af hendi, en fyr ekki. Nefndin hefur, eins og deildin veit, tekið við frumvarpi um sölu fjögra þjóðjarða, og þegar breytingaruppástunga þingmanns Eyfirðinga bætist við, þá eru jarðirnar 5, og um þessar jarðir hefur nefndin skýrt frá áliti sínu. Hver þingmaður getur komið fram með frumvarp um það, sem hann álítur að eigi að verða að lögum, og ef þeir hefðu notað þennan rjett, hefði nefndin haft rjett og skyldu að segja álit sitt. Dómur þingmanns Eyfirðinga um nefndina er óskiljanlega harður, þar sem hann segir, að nefndin hafi eigi gjört annað, en halda inni skjölum fyrir þingmönnum. Hann talar ekki um það, að skjöl þessi komu frá landshöfðingja til forseta með þeim ummælum, sem hvorki náðu lengra eða skemur, en hann legði þau fram. Þessi skjöl voru síðan fengin nefndinni ummælalaust, og það skal vera mjer sönn ánægja, að skila þeim aptur við fyrsta tækifæri, svo eigi verði sagt, að skjölunum sje haldið inni, og nefndinni álasað. Um leið og nefndin þannig kvittar fyrir áfellisdóm þann, sem hún hefur fengið, skal jeg geta þess, að jeg fyrir hönd nefndarinnar skal leggja það til, að 1. umræðu verði enn frestað, svo sem 4 daga, til þess að þingmenn gætu íhugað málið, og einstakir menn komið fram með frumvörp um þjóðjarðasölu, ef þeir fyndu ástæðu til þess.

Landshöfðingi: Jeg skal að eins skírskota til þess, sem jeg hef áður tekið fram, og ítreka það. Við byrjun 1. umræðu lagði jeg skjölin fram fyrir deildina með þessum orðum: «Jeg hef þá æru, að afhenda forseta þessar bænarskrár um þjóðjarðasölu, með tilmælum um, að hann leggi þær fyrir nefnd þá, sem hin háttvirta deild setti til að íhuga þetta mikilsvarðandi mál». Þessi skjöl voru nauðsynleg fylgiskjöl við frumvarp stjórnarinnar og afhent nefndinni sem fylgiskjöl við það. Það var alls ekki meining mín, að hún gjörði aðrar uppástungur viðvíkjandi bænarskrám þessum, en þær, sem voru samkvæmar sannfæring hennar. En henni bar að skýra frá áliti sínu um hverja jörð fyrir sig, og benda þinginu á, hvort aðgengilegt mundi vera eða ekki, að selja hverja jörð fyrir sig eptir þeim tilboðum, sem hver leiguliði um sig hafði gjört. Þetta vantar í nefndarálitið, og því fellst jeg á uppástungu þingmanns Eyfirðinga um, að málinu sje aptur vísað til nefndarinnar, og 1. umræðu frestað.

Magnús Stephensen: Jeg skal að eins vekja athygli deildarinnar á 27. gr. þing-

skapanna; þar stendur: «Hvorug þingdeildin má taka við neinu málefni, nema einhver þingdeildarmanna taki það að sjer til flutnings (38. gr. stjórnarskrárinnar)». «Hjer með eru taldar bænarskrár, kærur o. s. frv.» «Sje þess konar málefni stýlað til þingsins í heild sinni, skal það afhenda þeirri deildinni, er sá þingmaður á sæti í, sem hefur tekið það að sjer til flutnings. Sjerhvert málefni skal, eptir að forseti hefur skýrt frá því, afhent nefnd þeirri, sem sá, er tekið hefur málefnið að sjer til flutnings, heimtar að það sje fengið, svo framarlega sem slík nefnd er sett». Nú er mjer spurn: Hver er sá þingmaður hjer í deildinni, sem tekið hefur þessar bænarskrár að sjer til flutnings? Það hefur enginn gjört. Þess vegna hefur deildin í heild sinni samkvæmt þingsköpunum engan myndugleika til að taka þær til meðferðar, og því síður til að vísa þeim til nefndar þeirrar, sem sett var til að íhuga frumvarp stjórnarinnar um sölu nokkurra þjóðjarða, til þess að hún láti uppi álit sitt um þær.

Forseti: Eptir áskorun landshöfðingja afhenti jeg nefndinni bænarskrárnar, sem fylgiskjöl með stjórnarfrumvarpinu.

Síðan var borið undir atkvæði, hvort málinu skyldi vísað aptur til nefndarinnar, en það var fellt með 6 atkvæðum móti 3. En að fresta enn 1. umræðu um nokkra daga, var samþykkt með atkvæðafjölda.

FRAMHALD FYRSTU UMRÆÐU Í EFRI DEILD,

á 17. fundi, 25. dag júlímán.

Framsögumaður (Árni Thorsteinson): Jeg skal ekki fara mörgum orðum um þetta mál í þetta sinn, en að eins nota tækifærið til að leiðrjetta missögn, sem varð hjá mjer við síðustu umræðu þessa máls. Jeg gat þess, að álit umboðsmannsins yfir Arnarnesi hefði eigi verið útvegað, og því væri nefndinni eigi kunnugt um það, þótt svo hefði átt að vera eptir auglýsingu 15. nóvbr. 1879, og var þetta alveg rjett mælt. En þar sem jeg sagði, að umboðsmaðurinn yfir Arnarnesi hefði tekið það fram á þinginu 1879, að álit sitt væri, að jörðina Arnarnes mætti selja fyrir allt að 3600 kr., þá er hjer dálítil missögn, því að jörðin Árnarnes lá ekki undir umboð þess þingmanns, sem talaði þessi orð, er jeg vitnaði til, en hann var umboðsmaður að jörðunum þar rjett hjá; þessa leiðrjetting mína bið jeg hina háttvirtu þingdeildarmenn að taka til greina, um leið og jeg get þess, að þessi þingmaður, sem jeg vitnaði til, er gagnkunnugur greindri jörð, og álit hans því mikilsvirði. Fleirum orðum skal jeg svo ekki fara um málið að sinni, nema mjer verði gefið tilefni til þess.

Sighvatur Árnason: Um leið og jeg læt þá skoðun mína í ljósi, að bezt sje að fara varlega í sölu þjóðjarðanna fyrst um sinn, skal jeg þó geta þess, að mjer virðist óeðlilegt, að neita þeim manni um kaup á þjóðjörð, sem maður veit að hefur allan hug og vilja á, að kaupa hana undir sitt eigið bú. Fyrir þessari skoðun minni skal jeg til greina þrjár ástæður, og þær verulegar. Sú fyrsta er, að jeg álít, að sjálfsábúðin sje í raun og veru skilyrði fyrir því, að jörðin verði bætt. Önnur sú, að undir eins og búnaðurinn eflist og tekur framförum í landinu, undir eins eflist sjálft land vort og tekur framförum. Þriðja ástæðan er að vísu sjerstök ástæða, nefnilega að jarðir liggi sem mest í innanhrepps-eign, sem ekki er lítið í varið, á móts við það, að jarðargjöldin gangi út úr hreppnum og veiki þannig krapta hans. Það er mikill munur, þar sem jarðir liggja undir sjálfan hreppinn eða aðra menn hingað og þangað. Jeg fyrir mitt leyti vil ekki, að þjóðjarðir sjeu fyrst um sinn seldar öðrum en þeim, sem fala þær undir sjálfsábúð, enda horfa þeir menn, sem fala jarðirnar undir sjálfsábúð, síður í að gefa fyrir þær fullt verð, en þeir, sem fala jarðirnar einungis til þess, að leigja þær öðrum, og hafa í huga að fá þær með góðu verði, til að græða á þeim með okurafgjaldi. Það er að vísu ljóst, þegar þess er gætt, hvað þjóðjarðirnar gefa af sjer nú

sem stendur, að það er talsverður hagur fyrir landssjóðinn að selja þær með því verði, sem telja má víst að fáist fyrir þær, ef maður gæti treyst því, að alþingið fari vel og gætilega með íje landssjóðsins. En hvað söluna snertir, vil jeg taka það fram, að ef þinginu virðist verð einhverrar jarðar of lágt sett, þá virðist mjer ísjárvert fyrir þingmenn hjer að fara að breyta því og hækka verðið, því til þess þarf nákvæman kunnugleika á jörðinni. Þess vegna vil jeg heldur, að þingið hafni sölunni í það skiptið, þangað til menn gætu kynnt sjer jörðina vandlega. Þessa get jeg um þetta mál í heild sinni, en vil ekki tala um hin einstöku atriði málsins á þessu stigi þess.

Framsögumaður: Jeg fæ ekki skilið, að viðaukatillaga sú, sem fyrst var lögð fram í dag, hafi verið lögð fram nógu snemma. Að minnsta kosti skil jeg ekki, að hún hafi getað verið til þessarar fyrstu umræðu í dag (sbr. 11. gr. þingskapanna). Af því jeg álít hana ekki reglulega framlagða, verð jeg að stinga upp á því, að annaðhvort sje þessari 1. umræðu frestað enn einu sinni, eða þá, að tillagan verði skoðuð sem geymd, og svo komið með hana til 2. umræðu. Jeg skoða þessa viðaukatillögu helzt sem alveg nýtt atriði við frumvarpið eða nýtt frumvarp.

Einar Ásmundsson: Mjer sýnist ekkert á móti því, þó tillagan hafi verið lögð fram nú, því hún kemur hvort sem er ekki til mála fyr en við 2. umræðu.

Forseti: Jeg álít, að skoðun þingmanns Eyfirðinga í þessu efni sje alveg rjett. Það er ekki leyfilegt, að ræða um hin einstöku atriði neins frumvarps við 1. umræðu, heldur á þá að eins að taka tillit til hins almenna í frumvarpinu. Jeg álít því, að þessi viðaukatillaga geti á löglegan hátt komið fram við 2. umræðu, þar sem henni er nógu snemma útbýtt; því jeg verð að álíta, að það sje eins hentugt, að henni var útbýtt í dag, eins og ef það hefði ekki verið gjört fyr en einum degi áður en hún átti að koma til umræðu, sem ekki gat orðið í dag, heldur við 2. umræðu málsins.

Framsögumaður: Eptir minni skoðun er þetta nýtt frumvarp, sem verður að vera samfara hinu upprunalega frumvarpi.

Forseti: Jeg finn ekki ástæðu til að frá vísa þessari breytingartillögu nú, en það er á deildarinnar valdi að aðhyllast hana eða hafna henni á sínum tíma.

Því næst bar forseti undir atkvæði, hvort frumvarpið skyldi ganga til 2. umræðu, og var það samþykkt með 7 atkvæðum.

ÖNNUR UMRÆÐA Í EFRI DEILD,
á 19. fundi, 27. dag júlímán.

Breytingar- og viðaukatillögur, sjá framhald 2. umræðu.

Landshöfðingi: Við fyrstu umræðu þessa máls, sem hjer liggur fyrir, gat jeg þess, að frumvarp stjórnarinnar hefði verið samið samkvæmt ályktun þeirri, sem samþykkt var á alþingi 1879 um skýrslur þær, er fylgja skyldu bænarskrám frá leiguliðum á jarðagóssi landssjóðsins um það, að fá til kaups ábýlisjarðir sínar. Þessar skýrslur skyldi leggja fyrir alþingi ásamt tilboði þeirra leiguliða, er vildu fá ábýlisjarðir sínar til kaups. Jeg skal líka leyfa mjer að skírskota til athugasemdanna við frumvarpið, þar sem tekin eru fram þau skilyrði, sem stjórnin álítur nauðsynleg fyrir sölu þjóðeignanna: 1. að engin jörð verði seld öðrum en leiguliðunum; 2. að engin jörð verði seld fyrir minna, en fullt verð, og 3. að nokkur hluti af kaupverðinu verði gjörður að föstu afgjaldi, sem hvíli á jörðinni. Jeg skal taka það fram, að jeg er á þeirri skoðun, að þegar þessum skilyrðum er fullnægt, þá sje fyrst ástæða til að selja þá jörð, sem um er að ræða. Undir 1. umræðu tók jeg það fram, að nefndin hefði tekið að sjer, að íhuga þetta mál innan 2. umræðu, og að æskilegt hefði verið, að nefndin hefði sagt álit sitt um þessar jarðir innan 2. um-

ræðu, bæði um það, hvort ástæður væru til að selja hverja jörð fyrir sig, og um það, hvert vera mundi hið hæfilega söluverð hverrar jarðar fyrir sig. Nú liggur frumvarpið fyrir með 8 breytingaruppástungum frá ýmsum þingmönnum, sem tekið hafa hinar einstöku jarðir að sjer, borið þær upp og til tekið það verð, sem þeir álitu hæfilegt á jörðunum. Hin heiðraða deild getur því að vísu rætt mál þetta uú, eins og það liggur fyrir. En jeg verð að álíta, að til þess, að málið hæði í heild sinni og í hinum einstöku atriðum þess geti orðið öllum þingdeildarmönnum svo ljóst, sem æskilegt er, þá sje nauðsynlegt, að nefndin taki málið að sjer aptur og segi álit sitt um hverja jörð fyrir sig. Fyrir því leyfi jeg mjer, að skora á framsögumann nefndarinnar, að segja, hvort hann ekki er fús á, að nefndin taki málið aptur að sjer á þessu stigi þess.

Framsögumaður (Árni Thorsteinson): Jeg skal svara þessari áskorun landshöfðingjans í fám orðum. Nefndin finnur það sjálfsagt skyldu sína, að búa sem bezt um þetta mál, með því að safna saman og flokka þeim upplýsingum, sem fengizt hafa og fengizt geta um hverja jörð fyrir sig, en að þessum starfa gengur hún ekki fyr, en henni er falið þetta verk á hendur af deildinni. Fyr er nefndinni ekki mögulegt að taka málið að sjer. Þegar nefndin fyrst var kosin, þá var verkefni hennar ekki annað, en að rannsaka stjórnarfrumvarpið. Meira lá ekki fyrir, en síðan hafa ýmsir viðaukar verið að koma smátt og smátt. Nú virðist þeir loks allir vera komnir, og er það á deildarinnar valdi, hvort hún nú felur nefndinni að taka einnig þessa viðauka til íhugunar. Nefndin hefur sýnt, til hvaða niðurstöðu hún hefur komizt við rannsókn þeirra jarða, er henni upphaflega var falið að íhuga og segja álit sitt um. Meðan enginn stakk upp á, að fleiri jarðir væru seldar, þá gat ekki verið nein ástæða fyrir nefndina, að fara að koma fram með upplýsingar um fleiri jarðir en þær, sem nefndar voru í frumvarpinu. En, sem sagt, það er nú á deildarinnar valdi, að fela nefndinni, að leita upplýsinga um þær jarðir, sem nú hafa verið bornar upp til sölu.

Sighvatur Árnason: Jeg skal enn á ný endurtaka það, sem jeg tók fram við 1. umræðu þessa máls, að það er mín alvarleg og einlæg tillaga, að farið sje varlega í sölu þjóðjarða fyrst um sinn, og að ekki sje nein jörð seld öðrum en þeim, sem fala þær undir eigin ábúð, og að hver jörð sje seld fyrir hæfilegt verð. Um þær jarðir, sem menn eru í vafa um hvort sjeu rjett metnar, ræð jeg þinginu mikla fremur til að hafna þegar sölu á; að hækka verðið eða lækka, þarf glöggan kunnugleika til, en láta söluna þá heldur bíða, þangað til nákvæmari upplýsinga verður leitað. Að svo mæltu skal jeg snúa mjer að frumvarpinu sjálfu. Að því er snertir jörðina:

Vík, í Dyrhólahreppi, þá ímynda jeg mjer, eptir minni þekkingu á þessari jörð, að hún sje nokkuð hæfilega metin á 7,370 kr. Þetta söluverð er að minnsta kosti ekki of lágt. Því þó jörðin sje í áliti, þá er hún landlítil, en aptur ýmislegt annað, sem mælir með henni, svo sem fiungatekja og reki, þó hann sje nú reyndar ekki mikill. Jörðin er að fornu metin 24 hndr., en í jarðabókinni 1861 46 hndr., eins og kunnugt er. En af því engin breytingartillaga hefur komið fram viðvíkjandi þessari jörð, skal jeg ekki fara fleirum orðum um hana.

Þverá í Kleifahreppi á Síðu í Skaptafellssýslu. Jörð þessi er talin fremur góð beitarjörð, en svo að segja slægjulaus. Jörð þessi er nú eins að dýrleika, að heita má, sem hún var að fornu, enda er sennilegt, að hún ekki hafi hækkað, þar eð hún varð fyrir miklu áfalli við eldgosið 1783. Þá var það, að hinn svokallaði Þverárdalur á landi jarðarinnar fór að mestu af. Við söluverðið, 1,727 kr. í frumvarpinu, hefur þingmaður Austur-Skaptfellinga komið með breytingaratkvæði, sem hækkar verðið upp í 2,027 kr. Á hve grunduðum kunnugleika

þessi breyting er byggð, skal jeg ekki segja, en jeg vil benda þingmanninum á, að það er varlega gjörandi að breyta verðinu, eða hækka það, nema hækkunin sje byggð á verulegum kunnugleika á jörðinni. Sje það ekki, þá vil jeg heldur ráða til að hafna sölunni.

Hlíð í Leiðvallahreppi. Mjer er það kunnugt, að jörð þessi er ekki landmikil, en hefur góð tún og slægjur fremur góðar. Jeg er á þeirri skoðun, að jörð þessi sje fremur of lágt sett en hitt í frumvarpinu, án þess jeg þó þori að setja söluverðið hærra, af því mig brestur nægan kunnugleika til þess, þó mig hins vegar gruni, að verðið sje lágt; því þingið verður vel að gæta að því, að einblína ekki á hag landssjóðsins, heldur lita líka með sanngirni á hina hliðina. Þá kemur 4. jörðin:

Bólhraun með tilheyrandi reka. Þetta er eyðijörð fyrir Mýrdalssandi, og eru hennar lítil not sem stendur, og eigi lítur heldur út fyrir, að hennar verði mikil not framvegis, því hún liggur undir sandblástrum og Kötluhlaupum, þegar minnst varir. Þar sem því nefndin segir í áliti sínu: «Eigi sjest það heldur, að leigjandi þessi hafi í áformi að byggja jörðina upp að nýju», þá lýsa þessi orð hreinum ókunnugleik á jörðinni. Því það dettur engum í hug, sem til þekkir, að sú jörð geti byggzt aptur. Þar sem bezt er, eru að eins snapir fyrir sauðkindur í landinu, og lítill melskurður, sem eru þær einu landsnytjar. Í rekann er þar á móti nokkuð varið. Fjaran er 1200 faðma löng og rekasæl, og álít jeg afgjaldið af rekanum of lágt sett á 15 kr. 50 a. Jörðin, með fjörunni, er að fornu hjáleiga frá Þykkvabæjarklaustri, og talin í jarðabókinni 1861 3 hndr. að dýrleika; en mjer er eigi kunnugt um, hvað hún er talin að fornu mati.

Sje nú þetta verð jarðanna liðað í sundur, þá sjer maður, að eptir því, sem venja er til, þegar jarðir eru seldar, að hundraðið kostar um 100 kr., en að eptir því verði, sem sett er í frumvarpinu á jarðir þessar, verður hvert hundrað:

í jörðinni Vík . . 160 kr.
- — Þverá . 130 —
- — Hlíð . . 138 —
- — Bólhraunum 260 — fyrir utan fjörurekann.

Jeg vona, að hin háttvirta deild hneykslist ekki á því, að jeg nefni eyðijörð þessa Bólhraun en ekki Bolhraun, eins og gjört er í frumvarpinu og jarðabókinni, því svo er venja að nefna hana þar eystra. Jeg er enn í vafa um, að gefa atkvæði mitt fyrir sölunni á jörðinni Hlíð og Bólhrauni vegna rekans.

Síðan skal jeg snúa mjer að viðaukatillögu minni viðvíkjandi sölu spítalaeignarinnar Kaldaðarness í Árnessýslu með 7 tilgreindum hjáleigum og 2 kirkjujörðum. Af skýrslunum, sem fylgja málinu, má sjá, að leigumálinn er metinn 356 kr., sem svarar til 9000 kr. kaupverðs, en, eptir áætlaðri áhöfn á allri torfunni og áætluðum leigumála í skjölunum, er leigumálinn 503 kr., sem svarar til 12500 kr. kaupverðs; mismunurinn er þá 3500 kr. Leigan yrði þá 140 kr., sem græddist árlega á að selja jörðina. Í tillögu minni er stungið upp á 15000 kr. söluverði, og þá svarar hækkunin til árlegs arðs 240 kr. Þegar nú þessar 15000 kr. eru liðaðar niður á öll hundruð torfunnar, þá sjest, hvað mikið kemur á hvert hundrað, þegar miðað er við venjulega sölu upp og ofan, um 100 kr. Kaldaðarnesstorfan öll með kirkjujörðunum er metin að fornu um 70 hndr. eptir því sem mjer er kunnugt. Ef þá miðað er við, að torfan öll væri 70 hundr., þá vill kaupverðið verða á hvert hundrað 214 krónur, og þá hálfu meira en jeg hef vanizt að flestar jarðir seljast fyrir. En ef farið er eptir nú gildandi mati, 113 hndr., þá verður kaupverðið á hverju hundraði 141 kr., og þegar þetta er svona skoðað, þá sjest hvar lendir. Ef torfan er skoðuð, þá er það að segja, að hún er landljett og landlítil, en hefur fjarska-miklar slægjur, þar sem yfirborðið er slægjuland, og það gott, tún lítil. Ínytjar eru litlar enn, og þori jeg ekki að segja, hvort þær standa til bóta. Við þetta söluverð mitt,

15000 kr., er nú fram komið breytingaratkvæði frá þingmanni Austur-Skaptfellinga, sem fer fram á, að hækka verðið um 5000 kr., eða setja það upp í 20000 kr. En jeg álít, að þessi breytingaruppástunga sje byggð í lausu lopti, og sje til þess, eins og menn segja, «að setja stólinn fyrir dyrnar», og jeg get ekki skilið, að þessi breyting sje byggð á þeim kunnugleika, sem er nauðsynlegt skilyrði fyrir að leggja út í að breyta þeim tölum, sem fram eru komnar. Ef þessi þingmaður getur gefið betri skýringar viðvíkjandi þessum jörðum, þá er það mikið gott, því aldrei er of vandlega hugað, hvorki með þetta nje annað.

Einar Ásmundsson: Eins og jeg tók fram á dögunum við 1. umræðu, þá hefði jeg álitið æskilegt, að nefndin, sem skipuð var í þessu máli, hefði samið yfirlit, eins yfir þessar jarðir, sem á hinum ýmsu breytingartillögum standa, eins og yfir hinar 4 jarðir frumvarps stjórnarinnar. En þar sem nefndin hefur álitið, að þetta væri ekki ætlunarverk sitt, þá get jeg fyrir mitt leyti ekki verið að knýja á hana hjeðan af. Mál þetta var framlagt hjer í deildinni 2. júlí, nefnd skipuð í því á 4. fundi, 7. júlí, álit nefndarinnar var fyrst framlagt 16. júlí, og nú er í dag 27. júlí. Þetta mál er þannig ekki komið lengra enn, og vegna naumleika tímans sje jeg því engin ráð, að fara þess á leit, að nefndin taki nú þetta mál aptur til ýtarlegri rannsóknar. Jeg sje því ekki annað ráð, en að menn verði að bjarga sjer sjálfir fram úr þessu, jafnvel þótt jeg verði að játa, að bæði jeg og aðrir muni hafa mikið fyrir að átta sig á þessu máli, svo hver jörð verði hæfilega og sanngjarnlega metin. Jeg álít ekki til neins, að jeg fari að láta skoðun mína í ljósi um jarðirnar í sjálfu frumvarpinu; þeir hafa þegar gjört það, sem betur þekkja til, þó eigi geti þeim komið saman um söluverð jarðanna. Jeg fyrir mitt leyti eptir þeim kunnugleika, sem jeg hef aflað mjer á jörðum þessum, verð heldur að hallast að breytingaruppástungu þingmanns Austur-Skaptfellinga, að því er snertir jarðirnar Þverá og Hlíð. Hvað snertir eyðijörðina Bolhraun með fjörunni, þá eru þau tormerki á að selja þessa jörð, að jeg treysti mjer ekki til, að mæla með sölu hennar. En að því er snertir jarðirnar á breytingartillögum mínum, þá er þar sjerstaklega ein jörð, sem jeg vil gjöra að umtalsefni, nefnilega Arnarnes í Eyjafjarðarsýslu. Jeg hef borið jörð þessa á bænarörmunum fram fyrir tvö undangangandi þing, en þinginu hefur enn eigi þóknazt að selja hana fyrir það verð, sem jeg hef stungið upp á, sem er 3,200 kr., og borið það fyrir, að nauðsynlegar skýrslur vantaði frá umboðsmanni, sýslunefnd og jafnvel hreppsnefnd. Nú eru þessar skýrslur fengnar; að vísu komu þær nokkuð seint frá umboðsmanni, en jeg vona, að hinn hæstvirti forseti beri það með mjer, að þær hafi verið lagðar fram mönnum til sýnis nokkra daga. Hvað segja nú allar þessar skýrslur? þær koma allar heim við það, sem jeg hef áður tekið fram um jörðina, og gjöra sannarlega ekki meira úr söluverði hennar. Skýrslum sýslunefndarinnar, hreppsnefndarinnar og umboðsmannsins ber öllum saman um, að jörðin sje harðbalajörð, tún þýft og þurrt, fóðri 3—4 kýr, jörðin gefi af sjer 200 hesta af útheyi í meðalári; svo eru taldir ýmsir ókostir, sem jeg gjöri ekki mikið úr. Aptur er talið gott útræði, en reki því nær enginn; mun hann vera leigður sjer í lagi og boðinn upp á manntalsþingum; nemur eptirgjaldið um árið ekki nema 2—3 fiskum; því, eins og kunnugt er, rekur nú orðið því nær ekkert við Eyjafjörð. Þá kemur öllum þessum skýrslum saman um, að jörðin sje hæfilega metin á 2500 kr. eða bjer um bil 100 kr. hvert hndr., því jörðin er talin 25½ hndr. að dýrleika; hreppsnefndin segir jafnvel í sínum skýrslum jörðina hæfilega metna 2000—2500 kr. Vona jeg nú, að þingmenn sjái, að jeg bef bæði að undanförnu og nú ekki metið jörð þessa lægra, en hún í raun og veru er verð. Jeg get líka fullvissað hina háttvirtu þingmenn um, að þetta er það hæsta verð, sem nokkur gæti gefið. En jeg bef af tekið að bera það fram fyrir þingið

að ábúandi fengi jörðina til kaups, nema tiltekið væri hið hæsta verð, sem að mínu áliti með engu móti getur verið meira en 3200 kr. Vona jeg nú, að þingmenn sjái á þessum fáu skýringum, sem jeg hef gefið, að jeg hef ekki farið fram á, að hafa af landssjóði með of lágu söluverði. Ef nokkur á að fá jörð þessa keypta, þá vona jeg, að hið háttvirta þing unni leiguliða þessum, sem setið hefur á jörðunni vel og lengi, kaups á henni fyrir það verð, sem jeg nú, þrátt fyrir hans þakk, eins og menn segja, hef á hana sett. Frá mjer er og komin önnur viðaukatillaga um sölu nokkurra jarða í Húnavatnssýslu. En jeg skal játa, að jeg get ekki skýrt nógu vandlega frá, hvernig jarðir þessar eru, eða hvort verð þeirra er of lágt, of hátt eða hæfilega sett. En það er eina bótin, að hjer er maður við hliðina á mjer, þingmaður Strandamanna, sem betur þekkir til, og ef hann vildi standa upp, þá treysti jeg honum manna bezt til að skýra frá þessum jörðum. Jeg skal svo ekki teíja tímann með því að fara fleirum orðum um þessar jarðir, en jeg vona, að nokkrar þeirra að minnsta kosti sjeu svo hátt settar, að talsmál geti verið, að selja þær með því verði.

Stefán Eiríksson: Það er nú verið að tala um að selja ekki færri en 23 þjóðjarðir, og ef öll kotin á Kaldaðarnesi eru talin með, þá verða þær 32. En með því mig brestur kunnugleika til að dæma um, hvort söluverð allra þessara jarða er hæfilega sett, skal jeg ekki teíja menn með langri ræðu. Þó vildi jeg fara nokkrum orðum um jarðirnar í Skaptafellssýslum, þar sem jeg er kunnugastur. Fyrst skal jeg þó geta þess, að eins og þingmönnum yfir höfuð, og einkum meðnefndarmönnum mínum er kunnugt, þá er jeg á þeirri skoðun, að yfir höfuð sje engin nauðsyn fyrir hendi að vera að selja þjóðjarðirnar, enda getur þingið, að minni ætluu, ekki gjört út um sölu allra þessara jarða. Það er athugavert, að ekki er hægt að gjöra út um þetta, fyr en menn vita, hvað leiguliðarnir sjálfir vilja gefa fyrir jarðirnar. Af skjölum þeim, sem fram hafa komið, sjest ekki, að neinn einasti leiguliði hafi til tekið, fyrir hvaða verð hann vildi kaupa jörð þá, er hann falar, en jeg get þó ekki ætlað, að þingmenn hjer í salnum sjeu færari um, að setja verð á jarðirnar, en ábúendurnir sjálfir, sem búið hafa á jörðunum í mörg ár. Sú skoðun hefur komið fram hjer á þingi, að æskilegt væri, að selja þjóðjarðirnar, því þá fjölguðu sjálfseignarbændurnir á landinu, og þeir yrðu fyrir það færari að borga há gjöld til landssjóðs. Það getur nú verið, að sjálfseignarbændur verði strax færir um að leggja stórfje til landssjóðs, ef þeir fá ábýli sín keypt, en jeg held, að reynslan sanni hið gagnstæða. Að minnsta kosti held jeg það hafi sýnt sig, að flestir þeir, sem á stólsjörðunum hafa setið um langan aldur *sem* sjálfseignarbændur, hafi ekki verið færari, en leiguliðar, að leggja til landssjóðs. Jeg álít þess vegna, að engin þörf sje nú, að vera að selja eignir landssjóðsins; jeg sje ekki, að hann hafi nú neina þörf þeirra peninga. Enda vil jeg fyrir mitt leyti heldur eiga jarðarskikana til viðhalds landsjóði, en skuldabrjef hingað og þangað, sem geta farizt fyrir ófyrirsjáanlegum tilfellum; það mun reynast miklu farsælli undirstaða. Þetta er mín aðalskoðun á þessu máli. Meðnefndarmenn mínir vita, að jeg hef verið á þeirri skoðnn, að þó ástæða geti verið til að selja einstöku jörð, þá sje of langt farið, ef menn vilja fara að selja allar þessar jarðir, án þess menn geti haft nægilega vissu um, hvert sje þeirra sama verð.

1. þingmaður Rangæinga talaði mikið um jarðirnar í Skaptafellssýslum og um breytingaratkvæði mitt við frumvarpið, sem hann hjelt að varla mundi á kunnugleika byggt. Við erum nú að vísu hvorugur vel kunnugur í Vestur-Skaptafellssýslu, en þó held jeg kunnugleiki hans á jörðunum þar sje ekki betri en minn. Hann lýsti Vík fyrir þingdeildarmönnum líkt, og umboðsmaðurinn hefur gjört, og talaði hann um, að þar væri lundatekja nokkur, en það held

jeg sje ekki rjett hermt, en þar á móti er mjer kunnugt, að þar er talsverð bjargfuglatekja. Við jörð þessa hef jeg ekki komið fram með neina breytingu, og þarf jeg því ekki að tala frekar um hana, en jeg skal geta þess, að jeg álít söluverðið á Vík fullhátt sett, og er óvíst, að þeir, sem falað hafa jörðina, gangi að kaupunum með þeim skilmálum, sem settir eru í frumvarpi stjórnarinnar. En með frumvarpiuu er stjórninni að eins gefin heimild til, að selja jarðirnar, og stjórnin bendir á í ástæðum frumvarpsins, hverjir söluskilmálarnir verði, eða að minnsta kosti skil jeg frumvarpið svo. Söluskilmálarnir eru þá þannig, að ábúandinn fær að eins hálfa jörðina keypta; hinn helmingurinn á að kaupast fyrir æfilangt árgjald; þetta álít jeg sem engin kaup nema að nafninu til, enda mun enginn kaupa með þessum skildaga. Af því jeg er á þeirri skoðun, að vjer þingmenn hljótum að skoða oss sem umsjónarmenn landssjóðsins, og megum því ekki fleygja eignum hans út fyrir lítið verð, þá hef jeg leyft mjer að koma fram með breytingaruppástungu við söluverðið á Þverá, Hlíð og Bólhrauni. Þverá er góð landbeitarjörð, og mun söluverð hennar, eins og jeg hef breytt því, ekki of hátt sett. Hlíð er að mínu áliti of lágt sett í frumvarpinu, og því hef jeg leyft mjer að hækka söluverð hennar. Hlíð er góð jörð talin, á mikinn og kjarngóðan afrjett, góð túu, miklar og góðar slægjur, landrými viðunandi og framfleytir töluverðum peningi. Eyðijörðin Bólhraun í Álptaveri er að mínu áliti of lágt sett í frumvarpinu. Verð það, sem jeg hef sett á jörðina, er miðað við verð, sem umboðsmaðurinn sjálfur hefur sett á hana með fjörunni. Fjaran er ærið löng og rekasæl, og hún er, ef til vill, ein kaupandi fyrir 1400 kr. Breytingartillögu mína við verðið á Kaldaðarnesi skal jeg ekki verja svo fast. Verðið getur verið ofhátt eða oflágt sett eptir atvikum. En eptir mínum kunnugleika er verð mitt ekki of hátt. Þetta sjest bezt, þegar miðað er við söluna á Laugardælum, sem seldar voru fyrir 12000 kr. Þeim fylgja þó ekki nema 2 kot, en Kaldaðarnesi 7 kot og 2 kirkjujarðir, svo jeg held, að Kaldaðarnestorfan geti vel svarað til 20000 kr. kaupverðs eptir þessum samanburði. Það hefur nú legið fyrir þinginu lýsing á Kaldaðarnesi, en það er eins og dregið úr lýsingunni að sumu leyti, að minnsta kosti er ekki talað þar neitt um eggvarpið, sem þar er sagt að sje nú dálítið, og sem gæti má ske orðið með tímanum töluvert, ef vel væri á haldið, svo jeg held nú, að þingmaður Rangæinga sje eptir allt saman í engu kunnugri þessari jörð, en jeg, og standi alls ekki nær hinu hæfilega verði með sínar 15,000 kr., en jeg með mínar 20,000 kr. Jeg verð annars að segja, að mig furðar stórlega á því, hvað 1. þingmaður Rangæinga er fastur á því, að selja jarðir landssjóðsins ódýrt, en þegar talað er um, að kaupa eitthvert býli banda landssjóðnum sjálfum, þá er eins og bæði hann og aðrir viti ekki, hvað hátt þeir eiga að skrúfa upp jarðirnar. Þetta sýndi sig bezt, þegar þingið keypti $^3/_4$ af Helgustöðum fyrir 16,000 kr. En nú þegar ræða er um að selja Kaldaðarnesið, stóra og góða jörð, fyrir landssjóðinn, þá má ekki nefna meira en 15,000 kr. Það er eitthvað skrítið í því, að sprengja jarðir upp fyrir landssjóðnum, þegar hann vill kaupa, eins og t. a. m. Hvítanesið, sem landssjóðurinn átti fyrir náð að fá keypt fyrir 10,000 kr., en aptur á bina síðuna að gjöra sjer far um, að hafa verðið sem lægst á þeim jörðum, sem landssjóður selur. Jeg sje ekki betur, en að vjer þingmenn sjeum skyldir að sjá um, að landssjóðurinn hafi ekki skaða á sölu jarðanna, en til þess þarf að minni skoðun betri og nákvæmari undirbúning en nú er fyrir hendi. Til hvers er að vera að búa til lög um sölu jarða, ef söluskilmálar og annað fæla menn frá kaupunum?

Landshöfðingi: Þar sem hinir háttvirtu flutningsmenn hafa byrjað að leiða rök að breytingaratkvæðum sínum, þá skal jeg leyfa mjer að gjöra nokkrar athugasemdir við söluverð jarða þeirra, sem þeir hafa

stungið upp á. Þingmaður Skaptfellinga hefur stungið upp á að hækka söluverð Þverár frá 1,727 kr. upp í 2027 kr., söluverð Hlíðar frá 1,960 kr. upp í 2360 kr., og Bolhrauns frá 1,240 kr. upp í 1,400 kr. Í athugasemdunum við stjórnarfrumvarpið er gjörð grein fyrir því, eptir hverju er farið við útreikninginn á söluverði jarða þeirra, sem í frumvarpinu eru nefndar, og það er farið eptir hinum sama mælikvarða við útreikning söluverðsins á Vík sem við hinar þrjár jarðir, sem uppástungumaður hefur gjört breyting á; söluverðið er byggt á eptirgjaldinu, sem sjest af skýrslum amtsráðsins, sem lagðar voru fyrir alþingi 1879, og sem sýslunefndir, hreppsnefndir og umboðsmenn höfðu stungið upp á. Í skýrslunum, sem nú fylgdu þessum þrem jörðum, var ekkert nýtt atriði komið fram, sem gæfi ástæðu til að breyta söluverðinu. En þar sem þingmaður Skaptfellinga og þingmaður Rangæinga hafa komið fram með þetta, og þeir eru báðir kunnugir jörðunum, þá skal jeg ekki að svo stöddu mótmæla breytiugaruppástungunni. Viðvíkjandi því, sem stendur í nefndarálitinu um jörðina Vík, að helmingasalan til árgjalds og kaupverðs verði þannig fyrir ábúendur, að árgjaldið verði 170 kr. 66 a., en þeir greiði nú af allri jörðinni 152 kr. 32 a. í afgjald, þá skal jeg geta þess, að þetta er rjett hermt, en það er eðlileg afleiðing af því, að jörðin er leigð með of lágum byggingarskilmálum, og það má ekki selja hana eptir því, heldur eptir því sem amtsráðið í tillögum sínum 1879 álítur hana hæfilega leigða fyrir, en tillögur amtsráðsins eru að hækka leigurnar frá 320 ál. upp í 580 ál. Það er snertir spítalajörðina Kaldaðarnes, þá hefur þingmaður Rangæinga stungið upp á 15,000 kr., en þingmaður Skaptfellinga hefur hækkað það söluverð upp í 20,000 kr. Það er nú fyrst og fremst sá annmarki á, að það er ekki leiguliðinn sjálfur, sem falar þessa jörð, heldur sýslumaðurinn í Árnessýslu fyrir hans hönd; en það er ekki svo þýðingarmikið, ef þingið samþykkir, að stjórnin megi selja jörðina ábúandanum. Svo skal jeg leyfa mjer að geta þess, að í brjefi frá amtsráðinu, dags. 12. þ. m., er mjer skýrt svo frá, að landskuldina megi óhætt hækka um 60 álnir á heimajörðinni; eptir því verður afgjaldið 600 ál. í landsskuld og 470 ál. í leigur, eða samtals, að frádreginni prestsmötu 120 ál., 950 ál. afgjald; þetta gjörir eptir meðalverði verðlagsskránna eptir 5 síðustu árin, sem telja má 57⅙ a., 543 kr. 40 a. árlegt afgjald, sem svarar til 13,585 kr. höfuðstóls. Þingmaður Eyfirðinga hefur borið upp breytingartillögu viðvíkjandi 12 jörðum í Húnavatnssýslu, sem ábúendurnir hafa falað og sýslunefndin mælir með; hann hefur fylgt söluverði því á jörðunum, sem sýslunefndin hefur stungið upp á. En jeg skal leið athuga deildarinnar að því, að sýslunefndin hefur fært það söluverð niður, sem umboðsmaður álítur hæfilegt; þannig hefur umboðsmaður álitið hæfilegt söluverð á Gröf 2500 kr., en sýslunefndin 2000 kr.; Miðhóp: umboðsmaður 5000 kr., sýslunefnd 4500 kr.; Sveinsstaðir: umboðsmaður 3000 kr., sýslunefnd 2700 kr.; Kornsá: umboðsmaður 5400 kr., sýslunefnd 4800 kr.; Brúsastaðir: umboðsmaður 3000 kr., sýslunefnd 2700 kr.; Kringla: umboðsmaður 1800 kr., sýslunefnd 1650 kr.; Orrastaðir: umboðsmaður 3000 kr., sýslunefnd 2800 kr.; Hagi: umboðsmaður 2400 kr., sýslunefnd 2350 kr.; Umsvalir: umboðsmaður 1200 kr., sýslunefnd 900 kr.; aptur hefur sýslunefndin hækkað söluverðið á Grund frá 4000 kr., sem umboðsmaður áleit hæfilegt, upp í 4500 kr., og að eins á tveimur jörðum hefur sýslunefndinni og umboðsmanni borið saman. Hjer þurfa nákvæmari upplýsingar en nú liggja fyrir, til þess að deildin geti skorið úr, hvað rjett er, og þess vegna var það, að jeg benti áður á, að æskilegt væri, að nefndin tæki að sjer að segja álit sitt um hverja jörð; þá fyrst gæti málið orðið rætt. Þingmaður Eyfirðinga hefur stungið upp á að selja Arnarnes fyrir 3,200 kr., og er það ekki í fyrsta skipti; það var samþykkt af neðri deildinni 1879, að selja jörðina fyrir

það verð, sem til tekið er nú, og jeg er ekki á móti því. En jeg skal að eins geta þess, að afgjaldið er 180 ál. í landskuld og 60 ál. í leigur, án reka; þetta svarar til 3,216 kr. höfuðstóls eptir meðalverði hin síðustu 5 ár $18^{76}/_{77}$—$18^{80}/_{81}$; þetta munar nú litlu frá því, sem boðið er, en það er aðgætandi, að hjer er reki ekki talinn með, og þó að hann sje ekki mikill, þá ímynda jeg mjer þó, að jörðina megi naumast selja fyrir 3,300 kr., en jeg skal ekki vera fastur á því. Þingmaður Norður-Þingeyinga hefur enn ekki leitt rök að breytingaruppástungum sínum, en hann gjörir það sjálfsagt seinna; hann hefur gjört uppástungur um 6 jarðir, og eru þær þessar: 1. Hjaltastaðir fyrir 5500 kr.; umboðsmaður hefur virt þessa jörð 6,200 kr., og sýslunefnd hefur mælt með 6,000 kr.; þá er of lágt 5,500 kr. hjá þingmanninum. 2. Páfastaðir 2,500 kr.; umboðsmaður virti jörðina á 3,000 kr. og sýslunefndin á 2800 kr.; þar er líka of lágt hjá þingmanninum. 3. Hafsteinsstaðir fyrir 2,500 kr.; umboðsmaður álítur 3,000 kr. og sýslunefndin 2,800 kr. hæfilegt. 4. Heiði fyrir 4,500 kr., en umboðsmaður mælir með 5,000 kr. og sýslunefndin sömuleiðis. 5. Gröf fyrir 1,500 kr., umboðsmaður 1,800 kr. og sýslunefnd 1,750 kr. Jeg vona, að deildin verði ekki þingmanninum samdóma um söluverðið á þessum 5 jörðum, en greiði heldur atkvæði með áliti umboðsmanns eða sýslunefndar. Það er Þórðarstaði snertir, þá hefur amtsráðið í skýrslum sínum, 1879 lagt það til, að leigumálinn við næstu leiguliðaskipti verði hækkaður frá 80 ál. upp í 120 ál., og samsvarar það 1,608 kr., en þingmaðurinn vill láta selja bana fyrir 1,200 kr., eða þá í makaskiptum. Jeg hef ekki nægar upplýsingar til þess, að jeg að svo stöddu geti sagt um þessi makaskipti. Loks skal jeg geta þess, að auk þeirra 19 jarða, sem þingmenn hafa stungið upp á, þá eru 3 jarðir í Suður-Múlasýslu, sem enginn þingmanna hefur enn tekið að sjer, og nýlega er komin bænarskrá frá 1 leiguliða í Ísafjarðarsýslu og 1 leiguliða í Vestur-Skaptafellssýslu. Jeg skal svo ekki orðlengja þetta meir, en jeg tek það upp aptur, að jeg álít það mjög æskilegt og jafnvel nauðsynlegt, að nefndinni sje gefinn kostur á að skýra ljóslega fyrir deildinni frá áliti sínu um hinar einstöku jarðir og söluverð það, sem farið er fram á í breytingaruppástungunum.

Benidikt Kristjánsson: Hinni heiðruðu deild er kunnugt, að engar af þeim jörðum, sem standa í þeim breytingartillögum, sem jeg er skrifaður fyrir, eru frá mínu kjördæmi; en vegna atvika hef jeg tekið mjer á hendur að flytja fram beiðni um kaup á þeim; en úr því jeg hef tekið það að mjer, þá skal jeg gjöra deildinni grein fyrir, hvernig jeg skoða stöðu mína í þessu máli, og hvernig uppástungunni um verðlag jarðanna víkur við. Jeg skal þá fyrst minnast á Þórðarstaði í Hálshrepp. Ábúandinn hefur óskað að fá þessa jörð keypta í makaskiptum á móti annari jörð, en, eins og hann skýrir sjálfur frá, þá hefur hann ekki getað vegna harðinda og vetrarríkis borið þetta mál undir sýslunefndina; þetta er að vísu formgalli eptir þingsályktuninni 1879, en jeg skil ályktunina svo, að hún sje reglur fyrir umboðsvaldið, þegar um kaup á þjóðjörðum er beðið, og á hinn bóginn leiðbeining fyrir þá, sem kaupa vilja, hvernig þeir eigi að leita kaupanna, en engan veginn að þingið hafi með ályktuninni skuldbundið sig til að selja ekki, nema öllum þessum reglum væri stranglega fylgt; þess vegna álít jeg, að kaup á þessari jörð geti komið til álita þingdeildarmanna. Jeg skal ekki bera á móti því, að verðið, sem sett er í viðaukatillögunni, samsvari ekki leigumálanum; en þessi uppástunga er heldur ekki nema til vara, ef jörðin fæst ekki í makaskiptum fyrir aðra jörð. Eptir skýrslum hreppsnefndarinnar og umboðsmannsins eru þessar tvær jarðir mjög líkar; það er tekið fram, að Þórðarstaðir vanti heyskap á við Bakka, en aptur hafi Þórðarstaðir skógbetra land en Bakki. Jeg fyrir mitt leyti álít meinlegra, að heyskap vanti en landgæði, þar sem um gott land er að gjöra á báðum jörðunum, eins og hjer á sjer stað; en jeg

skal ekki fara út í það mál, en geng að eins út frá því, að þær sjeu jafnar að verðlagi. Ekki beldur sjest það á skýrslunum, að Bakki sje undirorpinn meiri áföllum eða að hann muni byggjast ver, en Þórðarstaðir. Aðalástæðan fyrir, að ábúandinn hefur beiðzt sölunnar, er sú, að hann ekki að eins hefur búið á jörðinni allan sinn búskap, heldur er þar fæddur og uppalinn, því á hann að takast til greina sem verðugur til þess að fá jörðina keypta samkvæmt þingsályktuninni 1879. Enn er önnur ástæða sú, að skógur allmikill er í landi jarðarinnar, en hann var dæmdur frá jörðunni fyrir 30—40 árum; þennan skóg hefur ábúandinn síðar keypt, og þetta er sjerstök ástæða fyrir, að hann fái jörðina keypta. Það er að vísu satt, að verð það, sem sett er til vara, samsvarar ekki því verði, sem til er tekið í skýrslunum, og jeg tók eptir því, þegar jeg samdi viðaukatillöguna, en jeg áleit, að mjer bæri eigi að taka það til greina, heldur verð það, sem ábúandinn sjálfur býður; ef það verð er sett á jörðina, þá er ábúandinn skuldbundinn til að kaupa hana; en ef hjer er að eins farið fram á, að stjórninni veitist leyfi til að selja jörðina, og leiguliðinn ekki væri skuldbundinn til að kaupa, ef þingið setur hærra verð, en hann hefur boðið, þá er jeg því vel samþykkur, að verðið verði fært upp, og þingið segi: »Þú fær jörðina ekki fyrir minna en þetta«, þá er ábúandanum í sjálfsvald sett, hvort hann vill kaupa eða kaupa ekki. Jeg lít svo á, að hverja breytingartillögu megi álíta sem sjerstakt frumvarp, og því megi koma með breytingartillögu við hverja einstaka jörð við þriðju umræðu málsins, og þá verði hver einstakur liður borinn upp fyrir sig, en ekki frumvarpið í heild sinni; við 3. umræðu má því hækka verðið á hverri jörð með breytingartillögum, og það mun jeg, ef til vill, gjöra við Þórðarstaði. Jeg á nú bágara með að tala um hinar jarðirnar, sem í viðaukatillögum mínum standa; jeg þekki þær ekki nema af skýrslunum; landshöfðingi gat þess, að í tillögunum væri tekið lægra verð en í skýrslunum stendur, en það er af sömu ástæðu, sem jeg gat um við Þórðarstaði; jeg vildi ekki til taka svona í fyrstu hærra verð, en leiguliðarnir sjálfir hafa boðið, þó að jeg vissi, að beinast væri að fara eptir sýslunefndarmatinu. Það yrði árangurslaust fyrir mig, að fara að skýra frá hverri jörð; jeg hef ekki getað fengið nákvæmari þekkingu á þeim, en hver þingmaður hefur getað fengið af skjölum þeim, sem lögð hafa verið fram á lestrarsalinn. Jeg hef nú skýrt frá breytingartillögum mínum sem bezt jeg get, og jeg vona, að þingmenn leyfi þeim að komast til 3. umræðu. En jeg vil leggja það til, að nefndin taki allar þessar einstöku breytingartillögur til íhugunar, ef tími er til, og málið dregst ekki svo, að það fyrir þá sök fái ekki framgang á þessu þingi.

Sighvatur Árnason: Jeg ætla að eins að minnast á það, sem landshöfðingi sagði um Kaldaðarnestorfuna, að umsækjandi væri ekki leiguliði á jörðunni. Jeg skal játa það satt að vera, en það gjörir að mínu áliti ekkert til, úr því maður er viss um, að umsækjandi er einlægur í því, að ætla sjer að búa á jörðunni, og jeg veit um það, að hann ætlar sjer ekki að hafa neina aðra jörð í útvegum, fyr en hann veit, að þingið synjar honum kaups á þessari jörð. En það er jafnóvíst um allar jarðir, sem seldar eru, hvort þær verða sjálfseign eða í sjálfsábúð um aldur og æfi; því það er heldur ekki handvíst, að sjálfsábúð eða sjálfseign verði áfram, þó að leiguliði kaupi jörðina, því margt getur komið í veginn því til tálmunar; fyrir því er það sama, hvort sá, sem kaupa vill, situr á jörðinni eða er einráðinn í því að flytja á hana. Þingmaður Skaptfellinga vjek því að mjer, að jeg mundi ókunnugur í Vestur-Skaptafellssýslu; jeg skal játa það, að jeg er ekki vel knnnugur þar, og jeg skal ekki vega saman kunnugleika okkar, þó að jeg þykist vita, að hann sje ekki nógu kunnugur til að meta jarðir þar. Hann bar mjer á brýn, að jeg vildi færa jarðirnar niður úr

þeirra rjetta verði, en jeg vona, að enginn annara þingmanna hafi tekið orð mín svo, að jeg vildi selja jarðirnar minna en sanngjarnt er eptir gæðum þeirra. Dæmið, sem hann tók, er óheppilegt. Laugardælir er ferjustaður og ferjan gefur af sjer leigu, sem svarar til um 6000 kr. höfuðstóls, og jörðin hefur þar hjá dúntekju og laxveiði; þá getur jörðin ekki sagzt dýr, þó að hún hafi verið seld fyrir 11000 kr.; fyrir því er þessi hans samanburður á litlum rökum byggður. Sama er að segja um Helgustaði, að jeg held, að þingmanninn vanti reynslu til þess að sanna, hvort það kaup er landinu í hag eða óhag; það verður ekki fyr um það sagt, fyr en farið er að yrkja námann, og menn sjá, hver árangur verður af því. Að lyktum skal jeg geta þess, það er Kaldaðarnes snertir, þá er það sjerstaklega einn ókostur við jörðina, sem mjer gleymdist að geta um áðan, og það eru vetrarhlaup úr Ölfusá, sem opt geta valdið tjóni, einkum skepnum, og leitt af sjer ýmsan óhag; um kosti jarðarinnar talaði jeg áðan.

Framsögumaður: Jeg ætla að byrja á því, að bera af nefndinni það, sem hinn háttvirti þingmaður Eyfirðinga bar á hana ranglega. Hann sagði, að nefndin hafi verið lengi við starfa sinn. Jeg er viss um, að þingmaðurinn verður fyrstur til að játa, að það er ekki svo, þegar hann íhugar, að nefndin var sett hinn 7. júlí, að nefndarálitið kom fram 14. júlí, sama daginn og nefndin hafði lokið við starfa sinn, og jeg veit, að honum er fullkunnugt, að á þessum tíma voru haldnir fundir á hverju kveldi í annari nefnd, sem jeg var í, og að aðrir meðnefndarmenn mínir höfðu einnig öðrum nefndarstörfum að gegna, og gat því nefndin ekki varið öllum tíma til þess að starfa að þessu frumvarpi; fyrir því er það ekki sanngjarnt, að bera nefndinni það á brýn, að hún hafi verið lengi eða hægfara við starfa sinn, og þó að hún hafi haldið nokkrum skjölum þessa daga, þá er hverjum þingmanni, sem hefur vilja á að kynna sjer þau, velkomið að fá þau. Mjer getur ekki komið saman við landshöfðingja um þann skilning, sem hann leggur í auglýsinguna frá 17. nóv. 1879; hann og stjórnarfrumvarpið gengur út frá, að ábúendurnir að eins fái jarðirnar keyptar, en engir aðrir, en þetta liggur ekki í auglýsingunni; það er að eins talað um, að ábúandinn skuli bera sig upp við sýslumann, og svo skuli það setjast undir álit sýslunefndar og umboðsmanns, hvaða verð sje hæfilegt, en það er ekki með einu orði bent á, að ábúandanum einum skuli veitast kostur á að fá jörðina keypta. Jeg gjöri þessa athugasemd að eins til að láta skoðun mína í ljósi um þetta, en jeg hef talsverða, ef ekki fulla sönnun fyrir, að sú skoðun sje rjett, einkum þegar jeg lít á þær skoðanir, sem komu fram á alþingi 1879 við umræðurnar um frumvarp til þjóðjarða-sölu. Þá var með frumvarpinu einnig felld sú ákvörðun þess, að selja að eins ábúendum jarðir þeirra. Jeg tek auglýsinguna því, eins og hún liggur fyrir, og eptir henni á jörðin að seljast hverjum sem hafa vill, en hún er ekki föl, nema því að eins að ábúandinn biðji um hana. Það, sem einkum hefur knúð mig til að koma með þessa mína skoðun, er sú þoka, sem hvílir yfir öllu því, sem hjer liggur fyrir, að það sýnist lítt mögulegt að finna hinn sauna mælikvarða fyrir verði jarðanna.

Í ástæðunum fyrir frumvarpi stjórnarinnar stendur, að svo sje ráð fyrir gjört, að nokkur hluti, t. d. helmingur kaupverðsins, sje gjörður að föstu árgjaldi, sem hvíli á jörðinni. Jeg ímynda mjer, að hinir heiðruðu flutningsmenn breytingartillaganna um sölu jarða hafi gjört sjer grein fyrir þessu, og að sama mundi verða gjört frá stjórnarinnar hálfu með þessar jarðir, eins og hinar 4, sem í stjórnarfrumvarpinu standa. Nefndin hefur áður tekið það fram, að ekki sje sönnun komin fyrir því, að ábúendurnir vilji gefa þetta verð fyrir jarðirnar; landshöfðingi áleit, að þess þyrfti ekki, og það má nú svo vera, ef menn vilja hafa það svo; en jeg vil benda á það, að það getur rekið að því, að alþingi gefi þá lög, sem sjeu að eins til á pappírnum, en

sem ekki verða notuð og allt af eru gildandi, þangað til þau, ef til vill, seinna flækjast fyrir fótum manna og jarðirnar verði seldar án atkvæðis þings þess, sem þá er; þess vegna vil jeg ráða flutningsmönnum til að gjöra breytingaratkvæði við stjórnarfrumvarpið á þá leið, að ef jarðirnar ekki verða seldar innan tiltekins tíma, þá skuli lögin þar með úr gildi numin. Þetta er hið almenna um málið, sem jeg vildi taka fram. Það hefur verið talið því til gildis, að ábúendur einir skyldu fá jarðir keyptar, að við það efldist sjálfsábúð í landinu; þetta er rjett, en þá er ekki úr vegi að gæta að því, að hve miklum mun hún muni aukast. Landssjóðsjarðirnar eru rúm 8000 hdr., og þær jarðir, sem eru í sjálfseign, munu vera 60000 hdr.; en hvað mörg hdr. af þessum 60000 hdr. eru í reglulegri sjálfsábúð? Jeg játa það, að jeg er því ókunnugur, en jeg hef heyrt kunnugri menn mjer segja, að það kynnu að vera 10000 hndr., eða í hæsta lagi 15000 hdr. Með því nú að selja þessi 8000 hdr., sem landssjóðurinn á, þá jykjum vjer sjálfsábúðina að sama skapi eða í hæsta lagi um 2000 hdr., en jeg er alveg óviss um, að landið ynni nokkuð verulegt við það í búnaðarlegu tilliti, því að þeir, sem keyptu jarðir til þess að leigja þær út aptur, mundu ekki verða eins góðir og vægir landsetum sínum, eins og landssjóðurinn hefur verið; þar að auki getur fjöldi manna nú fengið þessi rúm 8000 hndr. til ábúðar með vægum skilmálum, og er það allmörgum mjög notalegt, af því að frumbýlinginn skortir að jafnaði nægt fje til að reisa bú, svo í lagi sje, og þarf því að fá sem bezta kosti. Æfilangur ábúðarrjettur er og höllur hverjum þeim, sem ekki getur keypt jörð sína. Jeg skal ekki vera langorður um frumvarp stjórnarinnar og þær 4 jarðir, sem þar eru til teknar, en skírskota að eins í því tilliti til nefndarálitsins. Ef jeg tek nú hinar aðrar jarðir fyrir, sem beiðzt er sölu á, þá skal jeg byrja á Kaldaðarnesi. Ef gengið er út frá, eins og í frumvarpi stjórnarinnar, að jarðirnar verði að eins seldar ábúendunum, þá er það vankvæði við sölu þessarar jarðar, að sá, sem falað hefur, er ekki ábúandi; að vísu hefur hann fengið vilyrði hjá hinum núverandi ábúanda fyrir því, að hann muni geta fengið jörðina til ábúðar, og jafnvel látið þinglýsa því, en nú á hann eptir að semja við eigandann um ábúð á jörðinni. Flutningsmaður Kaldaðarness hefur fullvissað deildina um, að hann mundi flytja á jörðina, og jeg skal alls ekki efast um, að hann muni gjöra það; en þessari jörð er svo varið, að hún getur ekki í heild sinni orðið sjálfsábúð, þó að seld sje; jörðinni fylgja 9 hjáleigur, og þeir bændur, sem á þessum hjáleigum búa, verða allt af landsetar og hafa ekki gagn af því, ef jörðin öll er seld einum manni. Það einkennilega við skýrsluna um þessa jörð er, að kaupsbeiðandinn hefur sjálfur samið hana; skýrslan hefur svo verið lögð fyrir sýslunefndina, og hún látið það álit sitt í ljósi, að hún muni vera nærri sanni, en treystist eigi að upp kveða fullan dóm um hana, nema skoðunarmenn sjeu settir til að álíta jörðina. Þetta sýnir, að sýsluuefndin sjálf hefur ekki treyst sjer til að ákveða neitt fast verð eða mat á jörðinni. Taki menn nú skýrsluna sjálfa, þá sjest, að hún er næsta ófullkomin. Eptir byggingarbrjefi jarðarinnar, þá eiga að gjaldast af henni 5 hndr. í afgjald, en þegar kaupsbeiðandinn fer að lýsa hinu núverandi afgjaldi, þá lýsir hann því í krónutali; hann segir, að landskuld sje 228 kr. og 3 hndr. stór og 20 ál. í leigur, reiknar svo út í krónur og metur smjörið 54 a. pnd. eptir meðalverði allra meðalverða, en reyndar reiknast mjer, að það eigi að vera um 61 a.; það er með öðrum orðum: það er ómögulegt að finna hinn sanna leigumála eptir þessu, og þannig er skýrslan ónóg, enda segir sýslunefndin ekki annað, en að hún sje nærri sanni, en það þurfi að skoða jörðina. Það er snertir Húnavatnssýslujarðirnar, þá hefur landshöfðingi tekið fram mismuninn, sem er á verði jarðanna eptir uppástungu flutningsmanns og umboðsmanns; það munar á öllum

jörðunum 2,500 kr., sem flutningsmaður stingur upp á minna; sýslunefndin og umboðsmaður geta beldur ekki komið sjer saman um verðið, og sjálfur getur flutningsmaðurinn ekki sagt, hvað er of hátt og hvað er of lágt, og hvað eigum við þá að segja, sem ekkert vitum og ekkert þekkjum til? þar verður maður að leiða hest sinn frá. Jeg skal ekki tefja þingmenn lengi, en að eins taka fram, hverníg fer, ef borið er saman verð á hinum einstöku jörðum. Jeg skal þá fyrst taka Umsvali og Haga til samanburðar. Umsvali vill flutningsmaður láta selja fyrir 900 kr. en umboðsmaður fyrir 1200 kr.; þar er afgjaldið 60 ál. í landskuld og 20 ál. í leigur, eða samtals 80 ál., Afgjaldið af Haga er 1. hndr. stórt í landskuld og 40 ál. í leigur eða samtals 160 ál., það er að segja; það er helmingi meira afgjald af Haga en Umsvölum, en þó vill flutningsmaður selja Umsvali fyrir einar 900 kr., en Haga fyrir 2350 kr.; er það sanngjarnt? Þá fer umboðsmaður þó nær í augum ókunnugra manna, þar sem hann vill selja Umsvali fyrir 1200 kr., en Haga fyrir 2400 kr. Hinn heiðraði flutningsmaður, sem þekkir betur til í Húnavatnssýslu, getur gjört slíka uppástungu, en mjer óar, er jeg sje hana. En þetta er ekki einstakt dæmi. Eptir Sveinsstaði eru borgaðar 200 ál. eptir meðalverði í landskuld og leigur, og vill flutningsmaður selja þá fyrir 2700 kr., en Grund vill hann þó selja fyrir 4500 kr., þar sem er þó hjer um bil sama eptirgjald. Það er nauðsynlegt, að gjöra sjer þetta ljóst, svo að maður þurfi ekki að ganga alveg í blindni að þessu Nokkuð líkt er með tilliti til jarðanna í Skagafjarðarsýslu, og það er óskiljanlegt, hvernig á að fara að greiða atkvæði fyrir jarðasölu, þegar allt er svona eins og það er. Við verðum að gá að því, að við erum ekki hjer komnir til þess að selja jarðir að óþörfu til hvers, sem falar; við eigum að ábyrgjast jarðirnar sem arf, sem við höfum tekið á móti til umráða og til að gæta fyrir aldna og óborna, en við höfum ekki tekið við þeim sem eyðslueyri. Ef jarðirnar eru seldar, eiga þær að seljast með hæsta verði, sem fengizt getur, og þá á að geyma og varðveita innstæðuna, og þetta ættu deildarmenn að láta sjer vera umhugað um að hugsa um. Jeg skal bæta nokkru við um Arnarnes. Eptir skýrslunum, sem fram hafa komið, er þar duglegur maður, sem lengi hefur búið á jörðinni, og sem ef til vill fremur öllum öðrum ætti að takast til greina. En þó er það nokkuð kynlegt, að sýslunefndin metur jörð þessa 2000 kr. virði, umboðsmaður 2500 kr. virði, en landshöfðingi segir, að hún ætti að geta gefið af sjer leigu sem samsvaraði 3200 kr. höfuðstól. Svo er það og einkennilegt við þennan ábúanda, eins og alla hina, að hann lætur ekki í ljósi, hvað hann vill gefa fyrir jörðina, og að, eptir því sem þingmaður Eyfirðinga sagði, þá er honum um og ó að kaupa hana fyrir 3200 kr., og þó sagði gagnkunnugur maður árið 1879, þegar talað var um þessa sölu, að vel væri gefandi 3600 kr. fyrir jörðina. Um Þórðarstaði skal jeg ekki vera langorður; jarðirnar, sem stungið er upp á að hafa skipti á, sýnast að vera mjög líkar í öllu, og 20 ál. afgjald meira af jörðinni, sem boðin er í skiptum. En jeg tek það fram, að æskilegt væri, að breytingaruppástungan væri borin upp í tvennu lagi, svo að sæist, hvort menn heldur vildu hafa makaskipti á jörðunum eða selja Þórðarstaði fyrir 1200 kr. Það er sama óvissan um verðið á þessari jörð, sem um hinar. Loks er það eitt atriði enn, sem jeg þarf að minnast á; þegar jeg geng út frá skilningi landshöfðingja á auglýsingunni 17. nóv. 1879, þá er það mjög áríðandi, að engir aðrir en ábúendur í einstöku tilfellum fái jarðirnar keyptar. Um Kaldaðarnes hef jeg talað, en viðvíkjandi hinum öðrum jörðum, þá sjest ekki betur eptir upplýsingum þeim, sem fram eru komnar, en að Sigurlaug nokkur sje ábúandi á Hrísakoti, en Jón Jónsson heitir sá, sem falar jörðina til kaups, en það getur samt vel verið, að hann sje sá sanni ábúandi, þó að hjer sje ekki fyrir hendi vissa um það. Á Haga er Þór-

arinn Þorleifsson ábúandi, en Jóhannes Ólafsson sá, sem falar. Á Miðhúsum hefur Helgi Helgason, sem þar er ábúandi, eptirgefið Magnúsi Steingrímssyni ábúðarrjett. Ef á að fylgja því, að selja ábúendunum einum, þá verða menn að vita, hver er hinn sanni og rjetti ábúandi. Þingmaður Norður-Þingeyinga hefur ekki viljað setja jarðirnar hærra en hann gjörði, en jeg vona, að hann hækki þær undir 3. umræðu, svo að þær geti komizt í það verð, sem samsvarar leigunum. Þó að nefndin ekki hafi látið í ljósi álit sitt um hinar einstöku jarðir, þá hef jeg þó skýrt frá mörgum atriðum og sýnt, að málið er mjög vafasamt. Mjer hefur ekki fundizt verðið sanngjarnt eða í samræmi hvert við annað á hinum einstöku jörðum, en hvernig sem þessu er varið, þá getur þing og stjórn ekki selt jarðir minna, en þær ganga manna á meðal í kaupum og sölum.

Forseti: Jeg skal geta þess í tilefni af því, sem þingmaður Norður-Þingeyinga minntist á um atkvæðagreiðsluna á frumvarpinu við 3. umræðu, að þá verða ekki bornar upp einstakar greinir, heldur frumvarpið í heild sinni; en hann getur engu að síður komið fram með viðauka- og breytingaratkvæði við einstakar greinir, sem þá verða borin upp fyrir sig, en að bera upp einstakar greinir frumvarpsins við 3. umræðu, er bæði óþarft og líka á móti þingsköpunum.

Því næst bar forseti, eptir áskorun þingmanns Norður-Þingeyinga, undir atkvæði, hvort vísa skyldi málinu ásamt öllum breytingaruppástungunum til nefndarinnar, og var það samþykkt með 6 atkvæðum gegn 5, að viðhöfðu nafnakalli sakir óglöggrar atkvæðagreiðslu, þannig að

Já sögðu:
Benidikt Kristjánsson,
Ásgeir Einarsson,
Einar Ásmundsson,
Jón Pjetursson,
Pjetur Pjetursson,
Sighvatur Árnason.

Nei sögðu:
Magnús Stephensen.
Árni Thorsteinson,
Sigurður Melsteð,
Skúli Þorvarðarson,
Stefán Eiríksson.

FRAMHALD ANNARAR UMRÆÐU Í EFRI DEILD,

á 29. fundi, 8. dag ágústmán.

Framhald af nefndaráliti, sjá I, 355—361.

Breytingar- og viðaukauppástungur
við frumvarp til laga um, að stjórninni veitist heimild til að selja nokkrar þjóðjarðir, eins og það kom frá stjórninni.

1. Nefudin: Orðið «ábúendum» í stjórnarfrumvarpinu falli burt.
2. Sighvatur Árnason, Skúli Þorvarðarson, og Benidikt Kristjánsson: Á eptir orðið «ábúendum» bætist inn í: «eða öðrum til eigin ábúðar».
3. Einar Ásmundsson: Orðin: «sem heyra undir Kirkjubæjar- og Þykkvabæjarklausturs umboð» verði felld úr.
4. Stefán Eiríksson: Við 2. tölulið: Fyrir: «1727 kr.» komi: «2027 kr.»
5. Sami: Við 3. tölulið: Fyrir: «1960 kr.» komi: «2360 kr.»
6. Sami: Við 4. tölulið: Fyrir: «1240 kr.» komi: «1400 kr.»
7. Einar Ásmundsson: Neðan við 4. tölulið í frumvarpinu sje bætt: «5. Arnarnes í Eyjafjarðarsýslu fyrir 3200 kr.»
8. Sami: Inn í frumvarpið sje bætt þessum töluliðum:
   6. Gröf á Vatnsnesi í Húnavatnssýslu fyrir . . . . 2000 kr.
   7. Hrísakot í sömu sýslu fyrir 900 —
   8. Miðhóp - — — — 4500 —
   9. Sveinsstaðir i sömu sýslu fyrir 2700 —
   10. Kornsá í sömu sýslu fyrir 4800 —

11. Brúsastaðir í sömu sýslu fyrir 2700 —
12. Kringla í sömu sýslu — 1650 —
13. Orrastaðir í sömu sýslu fyrir 2800 —
14. Grund í Svínadal í sömu sýslu fyrir 4500 —
15. Hagi í sömu sýslu fyrir 2350 —
16. Umsvalir í sömu sýslu fyrir 900 —
17. Miðhús í sömu sýslu fyrir 1600 —

9. Sighvatur Árnason: Að við frumvarpsgreinina sje bætt:
»7. Spítalaeignin Kaldaðarnes í Árnessýslu með hjáleigunum:
a. Höskuldsstöðum,
b. Mosastöðum,
c. Magnúsfjósum,
d. Valdastöðum,
e. Móakoti,
f. Hreiðurborg,
g. Miðhúsum,
og með Kaldaðarneskirkjujörðunum:
a. Kálfhaga,
b. Lambastöðum,
fyrir 15000 kr.«
10. Stefán Eiríksson: Breytingaratkvæði við viðaukatillögu Sighvatar Árnasonar:
Í staðinn fyrir: »15000 kr.« komi: »20000 kr.«
11. Benidikt Kristjánsson: Aptan við frumvarpið bætist:
»Hjaltastaði með hjáleigum í Akrahrepp fyrir 5500 kr.
Pálastaði í Staðarhrepp fyrir 2500 —
Hafsteinsstaði í Staðarhrepp fyrir 2500 —
Heiði með Breiðstöðum í Sauðárhrepp fyrir 4500« —
12. Sami: Aptan við frumvarpið bætist:
»Litla-Grof í Staðarhreppi fyrir 1500 kr.«
13. Sami: Á eptir frumvarpsgreininni komi: »Þórðarstaðir í Hálshrepp, Munkaþverárklaustursjörð, fyrir jörðina Bakka í Hálshrepp í makaskiptum, eða 1200 kr«.
14. Nefndin: a. Stjórnarfrumvarpið með viðaukauppástungum verði 1. gr.
b. Að jarðirnar verði tilgreindar með framhaldandi tölum.
15. Sama: Við frumvarpið bætist:
a. 2. grein (ný) (sjá nefndarálitið I, 359).
b. 3. grein (ný) (sjá sama stað).
c. 4. grein (ný) (sjá sama atað).

Framsögumaður (Árni Thorsteinson): Það er ekki hægt að taka allt fram nú þegar viðvíkjandi þessu máli, enda mun mjer gefast tækifæri til þessa síðar undir umræðum þess. Jeg skal því að eins leyfa mjer að fara nokkrum almennum orðum um málið í heild sinni. Nefndinni var falið á hendur að segja álit sitt um og gefa ýtarlegar upplýsingar viðvíkjandi þeim breytingaruppástungum, sem fram hafa komið við frumvarp stjórnarinnar, og hefur nefndinn án tillits til eigin skoðana reynt að upplýsa þetta mál. Nefndin hefur þannig safnað saman í eina heild þeim skýrslum, sem til eru, og til þess að gefa hverjum einstökum þingmanni glöggvara yfirlit yfir matsverð jarðanna, hefur hún samið fylgiskjal, sem sýnir á flestum jörðunum 1. fornan og nýjan dýrleika, sem ef til vill, gæti gefið ástæðu til hugleiðinga; 2. leigumála jarðanna, eptir jarðabók 1760 og Árna Magnússyni, sem nefndin áleit væri til fróðleiks og til að gefa ýmsum þingmönnum kost á samanburði við hinn nýja eða nú verandi leigumála, sem einnig er tilgreindur; 3. nöfn ábúanda, sem er tekið fram, ekki vegna þeirra, sem vilja, að jarðirnar sjeu boðnar almenningi til sölu, heldur vegna þeirra, sem að eins vilja selja ábúendunum jarðirnar, til þess að þeir geti sjeð nöfn þeirra, og hve lengi þeir hafi búið á jörðunum: Nöfn ábúandanna eru tekin frá fardögum 1880, en þeir geta, ef til vill, hafa breytzt í fardögum 1881. Nefndinni þótti einnig rjett, að tilgreina, frá hvaða ári byggingarbrjefin eru, því ef selja á ábúendunum jarðirnar, þá er sök sjer, að láta þá ganga fyrir, sem lengst hafa búið á þeim

og bezt. Auk þessa hefur nefndin tilgreint á fylgiskjalinu, hvernig jörð er föluð til kaups; það mat, sem finna má út eptir afgjaldi úr ýmsum hreppaskýrslum frá 1878, enn fremur mat umboðsmanna og sýslunefnda, þegar jarðirnr hafa verið falaðar, verð jarðanna eptir afgjaldi því, er amtsráðin lögðu til um 1878, og verð jarðanna eptir núverandi afgjaldi. Allt þetta tók nefndin fram mönnum til glöggvunar á kaupverðinu. Í ýmsum af bænarskjölunum er boðið sanngjarnt kaupverð, að eins í þremur tiltekið. Viðvíkjandi jörðinni Arnarnesi í Eyjafjarðarsýslu skal jeg geta þess, að sýslunefndin skýrir frá, að henni sje kunnugt, að ábúandinn sje ekki ófús á að gefa allt að 3,200 kr.; en samt sem áður vildum við ekki taka þetta upp í fylgiskjalið, af því sú yfirlýsing hefur ekki sjezt frá ábúandanum sjálfum. Viðvíkjandi mati jarðanna höfum vjer reiknað afgjaldið eptir meðalverði verðlagsskrárinnar í 5 síðustu árin, o: 1877—1882, og haft þennan mælikvarða einnig við mat amtsráðanna og hreppsnefnda; en hreppsnefndirnar og amtsráðin hafa ekki sjálf sett þatta mat, heldur er það hið sama, sem maður getur fundið að sje á jörðunum eptir leigumála þeim, sem þeir álíta hæfilegan. Jeg skal leyfa mjer að gela þess strax, að þar sem ullarverðið er í fylgiskjalinu talið 83 a., þá hefur þar fallið burt brotið $^1/_{10}$, og á ullarverðið því að vera 83,1. Þetta vona jeg, að hinir heiðruðu deildarmeun leiðrjetti og gefi ekki að sök. Þar sem á fylgiskjalinu er bætt við Sveinsstaði 71 kr. 50 a., þá er það reiknað af $^1/_3$ hluta jarðarinnar Ranhóla, og er þess getið, að byggingu Sveinsstaða fylgi $^1/_3$ hluti Ranhóla, sem því mætti selja með Sveinsstöðum. Þess skal enn fremur getið, að annaðhvort hefur misprentazt eða misritazt, þar sem afgjaldið af heimajörðinni Kaldaðarnesi er talið 1,80 hndr., í staðinn fyrir, að það á að vera 1 hndr. stórt og og 80 ál. að auk = 2,00. Það skal jeg leyfa mjer að taka fram, og leggja mikla áherzlu á, að þar sem nú er í fyrsta sinn um það að ræða, að selja þjóðjarðir, þá verða menn að gjöra sjer allt far um að finna þá aðferð, sem stöðugt verður farið eptir framvegis við sölu þjóðjarðanna. Því ef sá verður endirinn á, að nokkrar þeirra jarða, sem nú er um að ræða, verða seldar, þá má eiga það víst, að framvegis muni koma bænarskrá á bænarskrá ofan fyrir þingið um sölu á þjóðjörðum. Þess vegna verður að vanda sig að finna þann mælikvarða fyrir sölunni, sem eptir verði farið, eigi að eins nú, heldur framvegis. Því það væri t. a m. mjög óheppilegt og þingi og stjórn ósamboðið, að ákveða nú, að einungis skuli þjóðjarðirnar seldar ábúendum þeirrra, en ekki öðrum, en næsta þing tæki aptur þá ákvörðun, að selja mætti jarðir þessar hverjum, sem hæst byði á opinberu uppboði.

Jeg ætla mjer ekki að svo komnu, að fara að tala um, hvort rjett sje, að selja þjóðjarðir yfir höfuð eða ekki, en áskil mjer rjett til að fara um þetta efni nokkrum orðum síðar, ef þörf gjörist. En það eru ýms önnur atriði, sem jeg vildi leyfa mjer að taka fram. Söluverð *Þverár* hefur verið hækkað með breytingaratkvæði upp úr1727 kr. í 2,027, og *Hlíðar* í Leirvallahreppi úr 1,960 kr. í 2,360 kr. Bolhraun með rekafjörunni hefur og verið hækkað úr 1,240 kr. upp í 1400 kr. Viðvíkjandi þessari jörð skal jeg enn á ný taka það fram, að mjer og nefndinni hefur þótt vafasamt, hvort selja ætti rekann með jörðunni, þar sem hann er kirkjueign, en vjer getum ómögulega ráðið til, að selja kirkjufjörur með landseignum. Að því er Kaldaðarnes snertir, þá hefur uppástungumanni þótt það hæfilega metið á 15,000 kr., en við þetta söluverð er komið breytingaratkvæði, sem færir verðið upp í 20,000 kr. En um þessa jörð skal jeg ekki tala sjerstaklega, en að eins skírskota til nefndarálitsins. Viðvíkjandi jörðunum í Húnavatnssýslu skal jeg vera fáorður í þetta sinn, en að eins geta þess, að nauðsyn virðist að rannsaka, hvernig sölunni á Sveinsstöðum eigi að vera háttað. Eptir skýrslunum um þessa jörð er

hinn núverandi leigumáli: landskuld 1,65 hnd. og leiga 0,60 hnd.; þar af er leigumálinn á heimajörðinni, Sveinsstöðum, 1. hndr. stórt og 60 ál. að auk, en hitt er þá leigumálinn á Ranhól. En í skýrslunum finnst hvergi, hvort ⅓ hluti af Ranhól eigi að vera með í kaupinu, og sá af nefndarmönnum, sem kunnugastur var þessari jörð, áleit ómögulegt að skipta Ranhól upp, en jeg get ekki neitt um þetta sagt, því mjer er það ókunnugt, og vil því ráða deildinni frá að telja Ranhól með, ef Sveinsstaðir verða seldir, og fyrst þessi óvissa er með Ranhól, þá álít jeg rjettast að telja afgjaldsverð Sveinsstaða 3,432 kr., en ekki bæta við þeim 71 kr. 50 a. af Ranhól. Skal jeg svo ekki fara fleirum orðum um jarðirnar í Húnavatnssýslu. Að því er snertir jarðirnar í Skagafjarðarsýslu, þá skal jeg leyfa mjer að gjöra nokkrar athugasemdir við eina jörð þar, sem sje *Heiði*. Því svo framarlega sem um sölu þjóðjarða er að ræða, þá verður að koma því svo fyrir, að engin vanheimild sje á jörðunum, en ábúandinn á Heiði hefur gjört það að skilyrðum fyrir kaupunum, að hann fengi hana með sömu landamerkjum, sem tengdafaðir hans hafði haft hana. Jeg álít, að það sje sjálfsagt, að selja jarðirnar skilyrðislaust, en ekki að selja þær með skilyrðum og liggja svo í landaþrætum á eptir. Um Arnarnes í Eyjafjarðarsýslu hefur verið rætt mikið áður við hinar aðrar umræður þessa máls, og skal jeg ekki lengja umræðurnar um það. Hvað snertir viðaukatillöguna um Þórðarstaði í Hálshrepp, þá mun rjettast að bera hana upp í tvennu lagi, þannig að fyrra atriðið verði fyrst borið upp, sem sje «Þórðarstaðir í Hálshrepp, Munkaþverárklaustursjörð, fyrir jörðina Bakka í Hálshrepp, í makaskiptum». Því verði þetta samþykkt, þá má álíta endann: «eða 1200 kr.», fallinn, en verði fyrri hlutinn ekki samþykktur, þá má bera endann undir atkvæði, Jeg mætti kannske um leið ítreka það, viðvíkjandi þessum makaskiptum á Þórðarstöðum og Bakka í Hálshrepp, að Bakki gjörir 20 áln. meira afgjald, en Þórðarstaðir. Jeg er nú búinn að rekja feril málsins, eptir því sem næst mun við eiga. Viðvíkjandi tölunum, þá ætla jeg, að þær geti gefið tilefni til margra hugleiðinga.

Meiri hluti nefndarinnar er á móti almennri þjóðjarðasölu eða þjóðjarðasölu yfir höfuð, án þess þó að vera því mótfallinn, að einstakar jarðir verði seldar, ef það sjest, að það er landssjóðnum í hag. *Minni* hluti nefndarinnar álítur, að jarðirnar eigi einungis að selja í sjálfsábúð, en það finnst okkur hinum nefndarmönnunum ógjörlegt, að ætla sjer að ná því takmarki til langframa, enda þótt að ábúandi kaupi jörðina með fyrstu. Einn nefndarmaðurinn hafði þannig breytt skoðun sinni í þessu efni, og gat nú því miður ekki fylgt okkur hinum. Jeg vil óska honum þess, og vona, að það komi ekki fyrir hann optar, að hann þurfi að skipta meiningu sinni um þetta atriði. En jeg veit, að einmitt þessi nefndarmaður er sá maður, sem ekki vill selja jörð fyrir minna en með góðu móti fæst fyrir hana, og þó sízt vill láta ábúandann fá jörð sína keypta nema fyrir hæfilegt verð, og því að eins, að hann hafi setið jörðina vel og sómasamlega. Meiri hluti nefndarinnar ræður deildinni frá, að samþykkja stjórnarfrumvarpið og breytingartillögurnar, sem við það eru framkomnar, bæði af því hann er ekki mikið fyrir þjóðjarðasölu yfir höfuð, en einkum vegna þeirra ákvarðana stjórnarfrumvarpsins, sem teknar eru fram í athugasemdunum, þar sem því er farið fram, að sem næst helmingur jarðanna sje seldur gegn ævarandi árgjaldi. Þetta ræður nefndin deildinni alveg frá að samþykkja. Nefndin þykist vita, að það, sem hefur komið stjórninni til að setja þessa ákvörðun, er að landssjóðurinn geti sjeð sjer borgið við hækkandi og lækkandi verðlagsskrá, og meðfram til þess, að stjórnin geti sloppið hjá nákvæmara eptirliti. Þetta lítur glæsilega út og því verður kann ske ekki neitað, að það sje nokkuð í þessu. Almenningur mun tæplega geta fellt sig við þessa söluaðferð. Nefndin ræður deildinni frá að samþykkja þetta, en ræð-

ur mikln fremur til sölu hreinnar og beinnar, eða þá fremur móti ævarandi árgjaldi að öllu leyti, heldur en að hálfu, þó að nefndin ekki sje mikið fyrir það. Jeg fyrir mitt leyti væri ekki ótilleiðanlegur til að fallast á, að jarðirnar væru seldar gegn ævarandi árgjaldi, ef kaupendur sjálfir óskuðu þess strax, og kaupin gjörast. Jeg er alls ekki á móti því, að kaupendunum væri gefið svo mikið frelsi, að þeir mættu gjöra hvort sem þeir vildu, en ef þeir óskuðu að fá jarðir gegn ævarandi árgjaldi, þá vil jeg, að þeim sje gjört að skyldu, að segja til þess strax. Nefndin gjörði samt enga breytingaruppástungu þessu viðvíkjandi, en jeg skal geta þess, að jeg mundi hlynntur breytingaruppástungu í þá átt, að kaupendurnir gætu, ef þeir vildu, fengið þessi hlunnindi. Að endingu skal jeg leyfa mjer að fara fáum orðum um það, hvort rjett sje að selja ábúendunum einum jarðirnar eða ekki. Frá ábúandanna hlið skoðað er þetta sjálfsagt æskilegt, en jeg get ómögulega sjeð, að við ábúðina hafa stofnazt neinn sjerlegur rjettur fyrir ábúandann til að fá ábúðarjörðina keypta. En ef menn álíta, að selja skuli ábúendunum einum jörðina, þá vona jeg, að menn sjeu á því, að selja jarðirnar þeim ábúendum einum, sem hafa verðleik til að fá þær, eða eptir langa og góða ábúð. Til þess að þeir menn, sem eru á því, að selja jarðirnar ábúendunum einum, geti sjeð, hve lengi hver þeirra hefur búið á jörðinni, hefur nefndin tilfært á fylgiskjalinu árið, þegar byggingarbrjefið var gjört. En jeg verð að álíta, að deildin taki ekki mest tillit til þess, sem er æskilegt fyrir ábúendurna, heldur til þess, sem er í þarfir landssjóðsins. Að minnsta kosti álít jeg, ef svo færi nú, það með öllu ófært, að selja jarðirnar hverjum þeim ábúanda, sem hafa vill, heldur álít þó skárra, þegar um ábúendur er að ræða, þá að selja þeim því að eins ábýlisjarðir sínar, að þeir hafi unnið til þess með því að sitja jörðina vel og lengi. Þeim er ívilnað af góðsemi, en hinir verðskulda ekkert. Þegar vjer rennum augunum yfir yfirlit nefndarinnar, þá sjest, að verðsetningin er öll á reiki; til þess að sjá það, þarf ekki að rekja tölurnar nákvæmlega fyrir sjer. Nefndin hefði getað tekið annan mælikvarða fyrir söluna og farið eptir hinum nýja dýrleika á jörðunum, til að sýna, hve mikið verð yrði á hverju hundraði, en þetta hefði orðið of umfangsmikið. Jeg tek fram að endingu, að ekki sje hægt fyrir þingið, að ábyrgjast aðra sölu á þjóðjörðunum, en þá, sem nær til allra, er kaupa vilja og bjóða mest, en ekki þá sölu, sem nær að eins til ábúandanna. Skal jeg svo ekki fara fleirum orðum um málið, en ímynda mjer kann ske, að jeg finni ástæðu til þess síðar, er jeg hef heyrt umræður manna.

Landshöfðingi: Nefndin hefur í álitsframhaldinu til vara borið upp þá uppástungu við frumvarpið — en principaliter ræður meiri hluti nefndarinnar frá að samþykkja það, eins og það nú er lagað — að bætt sje við það 3 nýjum greinum, semsje 1., að jarðirnar skuli bjóða fram á lögmætu uppboði, en ábúendunum áskilinn forkaupsrjettur, samkvæmt tilsk. 18. júní 1723; 2., að í frumvarpinu sjeu tilteknir fastákveðnir borgunarskilmálar á kaupverðinu; og 3. að takmarka skuli gildi laganna við fjárhagstímabilið. Af þessum uppástungum get jeg fyrir mitt leyti fallizt á hina síðustu, semsje tölulið 5, um hina nýju 4. gr., en aptur á móti skal jeg leyfa mjer að mæla á móti hinum nýju 2. og 3. gr. Jeg verð að álíta þá stefnu, sem ályktun alþingis frá í hitt eð fyrra fer í, að selja þjóðjarðirnar ábúendunum einum, hina rjettu að svo stöddu. Öðru máli væri að gegna, ef alþingi samþykkti almenna sölu á öllum þjóðjörðum, eða með öðrum orðum, ef þjóðjarðasalan skyldi fara fram eingöngu af «finansielle» ástæðum, því þá mundi vera eðlilegt að við hafa opinbert uppboð til þess, að hið sanna söluverð geti fundizt. En þingsályktunin er byggð á hinni gagnstæðu skoðun, og er í samhljóðun við lífsábúð þá, er ávallt hefur viðgengizt með þjóðjörðunum,

og þessari lífsábúð má, að mínu áliti, ekki raska. Enda gjöri jeg ráð fyrir, að öll tilboð, þau er komin eru fram frá ábúendunum um kaup á ábúðarjörðum sínum, verði apturkölluð af hlutaðeigendum, ef jarðirnar skal bjóða fram við opinbert uppboð, og að svo miklu leyti virðist mjer hin háttvirta nefnd vera í mótsögn við sjálfa sig, þar sem hún telur það móti frumvarpinu, að eigi sje nein vissa fyrir því, að ábúendurnir gangi að því söluverði, sem ákveðið verður í lagafrumvarpinu, og þess vegna vill fresta þessu, þangað til skýrsla sje fengin um þetta atriði. Jeg hef áður svarað þessari mótbáru, og skal hjer skírskota til þess, sem jeg í því tilliti hef tekið fram. En jeg skal í tilefni af varauppástungu hinnar háttvirtu nefndar, þeirri er hjer ræðir um, um uppboð á jörðunum, bæta því við, að þó að opinbert uppboð að öllum jafnaði sje bið áreiðanlegasta mat á öllum eignum, ef allir lysthafendur standa jafnt að kaupinu, þá vantar einmitt þennan jafnrjett, sem er nauðsynlegt skilyrði fyrir áreiðanlegleika uppboðsins, ef annar bjóðandi er ábúandi á jörðinni, en hinn ekki. Þegar svo stendur á, má vel hugsa sjer tvennt, annaðhvort að ábúandinn sje svo vinsæll í sveit sinni, að ekki neinn annar bjóði í jörðina, eða þá, að ábúandinn með forkaupsrjetti sínum, sem nefndin stingur upp á, ekki bjóði neitt sjálfur í jörðina, en í báðum þessum tilfellum er auðsjeð, að uppboðið getur ekki náð tilgangi sínum. Jeg álít þess vegna sölumáta þann, sem 2. gr. nefndarinnar stingur upp á, alveg óaðgengilegan frá landssjóðsins hálfu, þegar ræðir um jarðir, sem eru í ábúð, og einnig óaðgengilegan frá sjónarmiði ábúandans, sem með byggingarbrjefi sínu hefur, samkvæmt hinum gildandi ákvörðunum, fengið tryggingu fyrir því, að hann megi halda jörðinni æfilangt. Ef ábúðarjarðir skal bjóða fram við opinbert uppboð, má, að mínu áliti, ekki bjóða þær fram nema með því skilyrði, að ábúðarrjettur hlutaðeigandi leiguliða sje í öllu óskertur, en þá sjá allir, að uppboðið getur ekki orðið landssjóðnum í hag, því þetta skilyrði mun sjálfsagt hafa veruleg áhrif á söluverðið.

Það er snertir hina nýju 3. gr., skal jeg fyrst geta þess, að ekki er nauðsynlegt í lögunum sjálfum að tiltaka borgunarmátann á kaupverðinu, heldur mun það eiga betur við, að fela það umboðsvaldinu, að semja við kaupandann um hann, eins og frumvarpið fer fram á, því þá hefur stjórnin alla ábyrgð á öllum aðgjörðum sínum í þessu tilliti, og þá mun bezt verða sjeð um þarfir landssjóðsins, þar sem allar aðgjörðir hennar í þessu máli og í öðrum eru háðar eptirliti löggjafarvaldsins. Lögin eiga eingöngu að veita stjórninni heimild til að selja hlutaðeigandi jörð, og að ákveða söluverðið, en stjórnin á, þegar hún hefur fengið þessa heimild, að semja við kaupandann um hina aðra skilmála, og á hún í þessu tilliti að gæta þarfa landssjóðsins, seljandans, sem mest má verða, og af því að hún á að gjöra þetta upp á sína eigin ábyrgð, má ekki binda hendur hennar meira, en hlutarins eðli heimtar, semsje við ákvörðun söluverðsins. Sje það meira í hag landssjóðsins, að ákveða kaupverðið að nokkru leyti í landaurum eða meðalverði þeirra, þá er það skylda stjórnarinnar og alþingis, að fá þessu framgengt, því þau eiga í sameiningu að gæta þarfa landssjóðsins, og að leitast við það, með því að semja við kaupandann, en honum má sjálfsagt fela að gæta sinna þarfa, án þess að alþingi skipti sjer af að gjörast hans fjárhaldsmaður. Lögin eiga ekki að skipa fyrir, að selja skuli hlutaðeigandi jörð, heldur einungis að veita heimild til þess, en þau þröngva heldur ekki neinum ábúanda til þess að kaupa jörðina; honum er alveg frjálst, hvort hann vill eða vill ekki ganga að því söluverði, sem lögin

ákveða, og sem þau eiga að ákveða, jeg tek það upp aptur, eingöngu með tilliti til hags landssjóðsins. En þar sem nú svo stendur á, er það eðlilegt, að lögin ákveði söluverðið heldur hátt, sjer í lagi þegar ekki er mögulegt, eptir þeim skýrslum, er liggja fyrir, og alþingi í hitt eð fyrra áleit nauðsynlegar og nægilegar, að finna hið sanna söluverð, því vjer getum átt víst, að enginn gangi að hærra söluverði, en lögin ákveða, en á hinn bóginn er ekki nein vissa fyrir því, að hann borgi ekki meira, en hann sjálfur fyrir fram býðst til, og jafnvel þó að hann bæti því við, að hann gefi ekki einum eyri meira. Hinir háttvirtu þingmenn þekkja þetta frá hinu daglega lífi; og hvers vegna skyldu menn við þjóðjarðasölu fara öðruvísi að, en við öll önnur kaup og sölu?

Það má því, að mínu áliti, ákveða söluverðið ríflega við hverja jörð, og að öllum jafnaði hærra, en kaupandinn býðst til; og jeg skal bæta því við, að óhætt muni vera að ákveða kaupverðið eptir hæsta mati, því er liggur fyrir, hvort sem hreppsnefndir, sýslunefndir, amtsráð eða umboðsmaður hefur metið. Jeg skal þess vegna við 3. umræðu leyfa mjer að gjöra uppástungu um að hækka söluverðið fyrir allar þær jarðir, þar sem þetta atriði, að mínu áliti, ekki hefur verið nægilega tekið til greina.

Það er snertir yfirlit það, sem hin háttvirta nefnd hefur samið, og sem gefur góða leiðbeiningu við atkvæðagreiðsluna um hinar einstöku jarðir, skal jeg geta þess, að nefndin hefur reiknað afgjaldið í peninga eptir verðlagsskrá síðustu 5 ár, 1877—1882, en í bendingum þeim, er jeg í byrjun þessarar umræðu gaf með tilliti til nokkurra þessara jarða, hafði jeg reiknað eptir verðlagsskrá fyrir árin 1876—1881, og held jeg, að munurinn á milli mín og nefndarinnar sje í því fólginn. Við lýsingu nefndarinnar á spítalaeigninni Kaldaðarnesi skal jeg taka það upp aptur, sem jeg gat um við byrjun þessarar umræðu, að amtsráðið fyrir suðuramtið í brjefi frá 12. f. m. hefur lagt það til, að afgjaldið af heimajörðinni sje hækkað um 60 ál. landskuld og 20. ál. leigu, sem eptir útreikningi nefndarinnar gjörir 46 kr. 64 a., sem svarar til höfuðstóls 1166 kr.; sje þessari upphæð bætt við 12871 kr., verður það samtals 14037 kr.; en sje afgjaldið af heimajörðinni, eins og nefndin bendir á, talið of lágt með 180 ál., verður söluverðið samtals 15393 kr.

Hvað viðvíkur breytingartillögu hinna 3 háttvirtu þingmanna, að eptir orðin «ábúendum» bætist inn í «eða öðrum til eigin ábúðar», skal jeg fyrst geta þess, að örðugt muni veita, eða ómögulegt, að fá tryggingu fyrir því, að hlutaðeigandi kaupi og haldi jörðinni til eigin ábúðar, því það getur sjálfsagt ekki verið meining hinna háttvirtu uppástungumanna, að skilja þennan viðauka um það, að hann hafi jörðina í eigin ábúð um eitt ár eða, ef til vill, skemmri tíma; og að öðru leyti skal jeg taka það upp aptur, að jeg ætti að mótmæla sölu á þjóðjörðum þeim, sem eru í ábúð, eða þar sem ábúandinn óskar að halda áfram ábúð þeirri, er honum með byggingarbrjefinu hefur verið byggð ævilangt, öðrum en ábúendunum. Jeg álít þess vegna, að þessi breytingartillaga sje óaðgengileg, eins og hún er orðuð, og ef þingið ályktar, að jarðir skuli seldar öðrum en ábúendunum, verður að minnsta kosti að bæta við, að ábúðarrjettur leiguliða sje óskertur.

Sighvatur Árnason: Jeg get að miklu og mörgu leyti tekið undir með hinum hæstvirta landshöfðingja, að því er snertir skoðun hans á sölu þjóðjarðanna en fyrst og fremst er jeg honum samdóma í því, að menn haldi sjer við það, að selja ábúendunum einum jarðirnar. En þar sem hinn hæstvirti landshöfðingi minntist á breytingartillögu okkar þriggja þingmanna um, að eptir orðið «ábúendum» bætist inn í «eða öðrum til eigin ábúðar», þá get jeg ekki verið honum alveg samdóma. Mjer finnst það nokkuð það sama, hvort sá, sem falar jörðina til kaups, er einmitt þá ábú-

andi á jörðinni, eða það er sá maður, sem ætlar sjer að flytja tafarlaust á jörðina, ef hann fær hana keypta, og taka hana undir sjálfsábúð. Fyrir ábúðinni framvegis er eins óviss trygging fyrir því, hvort kaupandinn er ábúandi á jörðinni, þegar hann fær hana keypta, eða sá, sem sækir um, að fá jörðina keypta, með skýlausu loforði um að hafa hana til eigin ábúðar. Viðvíkjandi Kaldaðarnesi skal jeg geta þess, að út af því, sem sagt var við fyrri umræðu málsins, að óvíst væri, hvort umsækjandinn ætlaði sjer að flytja að Kaldaðarnesi, vil jeg mælast til að mega lesa upp brjef, sem mjer hefur borizt nýlega frá umsækjanda Kaldaðarnessins, sem gefur trygging fyrir því, að hann hefur falað þessa jörð og ætlar sjer tafarlaust að flytja á hana og hafa hana til eigin ábúðar. Brjefið er þannig:

«Þar eð það mun ein af ástæðunum gegn því að selja mjer Kaldaðarnesið, að jeg ætli mjer ekki að flytja að jörðinni og búa þar, þá lýsi jeg því hjer með yfir, að ástæða þessi er ósönn, því komi það fyrir, að jeg fái *vissu* um kaupin, verður strax í næsta mánuði byrjað á hússmíðinni og henni haldið áfram í haust, til þess jeg geti flutt mig í það nú á þessu hausti, því allt er fengið til hússins og smiðir líka.

Enn fremur vil jeg fastlega óska þess, að frumvarpinu til laga um sölu á Kaldaðarnesiuu sje breytt þannig, að í staðinn fyrir orðin: «til leiguliðans» sje sett «til sýslumanns Stefáns Bjarnarsonar», því þó jeg hafi fengið hjá landshöfðingja húsmennskuleyfi á Kaldaðarnesi, og þó jeg hafi fengið hjá þeim eiginlega leiguliða ábúanda- rjettindin mjer afhent, er jeg samt ekki reglulegur leiguliði, svo lengi sem jeg ekki er kominn þangað.

Jeg óska því fastlega eptir, að umboðsstjórninni gefist leyfi til að *selja Stefáni Bjarnarsyni sýslumanni* Kaldaðarnesið, og bið jeg yður, herra þingmaður, sem flutningsmaður málsins, að koma því til leiðar, að þessu verði breytt, svo vissa sje fyrir, *að mjer megi selja*».

Staddur i Reykjavík, 31. júlí 1881.

Stefán Bjarnarson».

Þannig sjest á brjefi þessu, að það er fastur ásetningur þess, sem falað hefur Kaldaðarnesið, að flytja þangað, og get jeg ekki betur sjeð, en að þar sem slík vissa er fyrir því, að falandinn taki jörðina til ábúðar, þá er sama, hvort jörðin er seld þeim, sem er á jörðunni, eða þeim, sem ætlar eindregið að flytja á jörðina og taka hana til eigin ábúðar, þó hann ekki hafi búið á henni áður. Jeg vil bæta því við, að sá, sem nú sækir um, að fá þessa jörð keypta, er eptir kunnugra manna sögusögn álitinn að vera búmaður. En í seinni tíð, að minnsta kosti, hafa ekki verið búmenn á Kaldaðarnesi, enda sýnir Kaldaðarnestorfan það, sem er mjög niður nídd, svo það væri sannarlega ekki óráð, að bæta sem fyrst úr skák með þetta. Þar sem hinn hæstvirti landshöfðingi tók það fram viðvíkjandi 3. tölulið, eða hinni nýju 2. gr. nefndarinnar, sem ákveður, að jarðir þessar skuli bjóða fram á lögmætu uppboði, að nefndin væri hjer í mótsögn við sjálfa sig, þá er jeg honum alveg samdóma um, að svo sje, þar sem nefndin vill fella burt orðið «ábúendunum» í stjórnarfrumvarpinu, og gefa með því alveg lausan tauminn, þvert í móti því að vilja hafna allri þjóðjarðasölu. Þá verður farið að selja þjóðjarðirnar af handahófi, en slíka ákvörðun vil jeg ekki setja fyrri, en seldar verða allar þjóðjarðir, án tillits til þess, hvort sá, er kaupa vill, er ábúandi eða ekki, og get jeg tekið undir með minni hluta nefndarinnar, að jarðirnar sjeu allra-sízt seldar við opinbert uppboð, á meðan fastir ábúendur eru á þeim, og þá ekki fyr en við ábúandaskipti. Annað er það enn fremur, sem er á móti því, að selja þjóðjarðirnar á opinberu uppboði, að þá getur það sannazt, að «höggur sá, er hlífa skyldi»; það getur verið duglegur ábúandi sem vill kaupa jörðina, og sem hefur stórum bætt hana, og fyrir það sama verður kappboð um hana, og ábúandinn ef til vill bolaður frá kaupinu, og ætti landssjóður ekki að stuðla að því, heldur hinu, að sá hinn sami fengi jörðina, en í stað þess, er trassanum með þessu helzt gefið tækifæri til að

ná jörðinni ef hann vill. Því um niðurníddar jarðir sækja fáir, og er þetta sterk ástæða á móti sölu þjóðjarðanna á opinberu uppboði, á meðan ekki er farið lengra út í söluna en undir eigin ábúð, sem jeg fyrir mitt leyti vil binda hana við. Þegar jeg sný mjer sjerstaklega að þeim jörðum, sem um er að ræða, þá hef jeg þegar áður sagt álit mitt um jarðirnar í Skaptafellssýslum, sem mjer eru helzt kunnar, en jeg skal að eins bæta því við, að jeg get fellt mig við breytingaratkvæðið við *Illið*. Að því er hinar aðrar jarðir snertir, þá hallast jeg að skýrslum þeim, sem um þær hafa fram komið, þó þannig, að jeg er samdóma landshöfðingja um, að rjett sje að taka hið hæsta mat, sem er í þeim. Eptir því, sem jeg hef komizt næst, er skýrsla nefndarinnar greinileg og góð. Það eru að eins þrjár jarðir: Hrísakot, Grund og Arnarnes, sem ekki eru hærra metnar af umboðsmanni, hreppsnefnd eða sýslunefnd, en hjer stendur í frumvarpinu; hinar allar eru lægra settar. Jeg álít, eins og jeg hef optlega tekið fram áður, ísjárvert að breyta söluverðinu til hækkunar á einhverri jörð frá áliti kunnugra manna, nema það sje byggt á nákvæmum kunnugleika. Að byggja hækkun söluverðsins í lausu lopti, álít jeg ísjárvert og alls ekki eiga við, eins og hjer á sjer stað um Kaldaðarnesið. Þannig álít jeg breytingaruppástungu þingmanns Austur-Skaptfellinga við Kaldaðarnes byggða í lausu lopti. En jeg veit, að menn vilja ekki gjöra landssjóðnum skaða. Menn verða líka að gæta þess, að skaða ekki einstaka menn með því að okra á þeim, því menn verða að gæta að því, að óvíst er, hvort landssjóður bíður meiri skaða við það, að selja vægilega, heldur en það, að skaða einstaka menn með of háu verði, því það, sem skaðar landsmenn, skaðar landssjóð.

Við 1. umræðu þessa máls var ekki svo lítið gjört úr ýmsum ínytjum á Kaldaðarnesi, og hef jeg síðan spurt mig fyrir um það, og hefur maður, sem er máli þessu alveg óviðkomandi, en gagnkunnugur jörðinni, sagt mjer, að þar væri engin laxveiði og engin eggjatekja, enda væri slíkt ómögulegt, því Ölfusá rynni fram með Ölfusi, en ekki Kaldaðarnes megin, því þar væru eintómir eyrarflákar, sem áin flæðir opt og tíðum yfir, og flýtur af sjálfu sjer, að laxveiði eða varpi verður ekki við komið á slíkum stöðum, því til laxveiðar verða að vera brýr, klappir eða nes fram í vatnið. Skal jeg svo ekki fara fleirum orðum um málið að sinni.

Landshöfðingi: Jeg skal út af orðum hins háttvirta 1. þingmanns Rangæinga um Kaldaðarnes einungis leyfa mjer að taka það fram, að athugasemdir mínar um orð breytingartillögu hinna 3 þingmanna: «til eigin ábúðar», áttu ekki sjerstaklega við Kaldaðarnes. Jeg er þvert á móti samdóma hinum háttvirta þingmanni um það, að ef alþingi samþykkir að selja Kaldaðarnes, þá eigi að selja það sýslumanninum í Árnessýslu, sem hefur óskað að fá það keypt, og ætlar sjer að flytja þangað, og byrja þar sjálfsábúð, ef hann fær jörðina. En að hinu leytinu átti jeg þó eins við þessa jörð eins og aðrar jarðir, þar sem jeg tók það fram, að ef selja ætti þjóðjarðirnar öðrum, en ábúendunum, þá yrði að bæta því við, að rjettur ábúandans skyldi vera óskertur, og á þessi bending við allar þjóðjarðir, og því eins við Kaldaðarnes. En einmitt nú sýndi hinn háttvirti framsögumaður mjer skjal, undirskrifað af ábúandanum á laugardaginn var, þar sem hann mótmælti samþykki sínu til að selja jörðina af hendi, þar sem það ekki hafi verið notað í tæka tíð. En jeg skal nú ekki fara lengra út í það mál, en taka það fram, að einmitt dæmi hins háttvirta þingmanns Rangæinga sýnir, að nauðsynlegt sje, að binda söluna við það, að rjettur ábúandans sje óskertur.

Framsögumaður: Jeg ætlaði mjer ekki að svo stöddu að taka til máls, af því að

jeg hugði, að fleiri mundu tala, en gjört hafa, sjerstaklega um uppástungur þær, sem þeir hafa komið fram með um sölu á þjóðjörðum; en það hefur nú ekki orðið. Jeg ætla að leyfa mjer að svara hinum hæstvirta landshöfðingja fáeinum orðum. Það er löng leið, sem liggur á milli skilnings landshöfðingja á þingsályktuninni 1879 og skilnings þess, sem jeg hef á henni. Landshöfðingi og stjórnin skilja þingsályktunina svo, að ábúendum einum skuli þjóðjarðirnar seljast. Jeg get ómögulega fundið, að með þingsályktuninni sje ábúendunum gefinn þessi rjettur. Í þingsályktuninni er að eins sagt, að þegar ábúandi vill fá jörð sína keypta, þá skuli hann leita þangað og þangað, leita álits þeirra og þeirra, og senda landshöfðingja svo skýrslur, sem hann á svo að leggja fyrir alþingi, en það er ekki með einu einasta orði sagt, að ábúandinn *einn* skuli fá jörðina til kaups, og fyrir því hef jeg enga ástæðu til að halda, að þann skilning skuli leggja í þingsályktunina. En jeg álít, eptir þessum rýmri skilningi, sem jeg legg í hana, að enga jörð megi selja nema því að eins, að ábúandinn fali hana sjálfur. En ef ábúandinn vill sjálfur kaupa jörðina, þá verður hann að finna sig í að borga það verð, sem aðrir vilja gefa. Það styrkir mig líka í þessari minni skoðun, að 1879 kom fram frumvarp í neðri deildinni, sem komst hingað upp í efri deildina, og innihjelt einu sinni á leið sinni einnig þá ákvörðun, að ábúendunum einum skuli seljast þjóðjarðir, en þetta frumvarp var fellt. Þá er nú að eins eptir þingsályktunin og auglýsing landshöfðingja, sem er byggð á henni, og hún til tekur ekki, að ábúendunum einum skuli selja, og sú ákvörðun, að ábúendurnir einir skuli gjöra samning við þing og stjórn um jarðakaup, og þar megi ekki fleiri koma að, hefur aldrei verið samþykkt. Landshöfðingi tók rjettilega fram, að nauðsynlegt væri við sölu þjóðjarða, að gæta þess, að rjettur ábúanda hjeldist óskertur, því að lífsábúðin væri ævarandi. Þetta er alveg rjett. Það er sjálfsagt, að æfilöng lífsábúð verður að haldast, og þann samning má ekki rjúfa með sölunni, en þeir, sem kaupa, og ekki eru ábúendur, kaupa í þeirri vissu von, að sú ábúð losni fyrir einhverjar sakir, annaðhvort að þeir fái afsal ábúandans fyrir jörðinni, eða þegar hann fer frá, svo að þeir geti tekið jörðina. Landshöfðingi talaði um, að nefndin hefði leitað tryggingar fyrir því, með uppástungum sínum, að ábúandinn gæti ekki fengið jörðina keypta, heldur sá, sem mest byði í hana. En ábúandinn hefur forkaupsrjett, og ef hann býður sig strax fram að vilja kaupa jörðina fyrir hæsta verð, sem boðið er, þá fær hann hana. Að ábúandinn heldur ekki geti fengið jörðina fyrir gjafverð, er auðsætt, því hið minnsta verð, sem stjórnin má ganga að, verður ákveðið með lögum. Það er illa farið, að nefndin skuli ekki hafa unnið hylli landshöfðingja með varauppástungum sínum, ef spursmál væri um, að selja þjóðjarðir. Hann áleit, að það væri of nærgöngult af alþingi að ákveða smámunalega uppboðsskilmála. En nefndin hefur ekki getað gengið annan veg en þennan, til þess að geta fellt það, sem tekið var fram í ástæðum frumvarpsins, og þær eru ekki bornar undir atkvæði. Það hefði ef til vill verið kurteisara að segja «má ákveða», þar sem nefndin hefur gjört það að reglu. Þeirri reglu, að til taka söluskilmálana, þegar fasteignir eru seldar, er fylgt í Danmörku, þar sem allmikið af fasteignum er selt, og víðar, svo að jeg get ekki betur sjeð, en að þessi ákvörðun megi standa. Það var ekki meining nefndarinnar, að ætla sjer að tæla deildina til þess að gjörast fjárhaldsmenn landsins; þetta eru ekki nema vanalegir uppboðsskilmálar, sem settir eru, til þess að hver og einn viti, að hverju hann á að ganga, en sje ekki í neinni óvissu. Það er Kaldaðarnes snertir, þá hefur nefndinni rjett áðan borizt skjal frá ábúandanum á Kaldaðarnesi, sem inniheldur ýmislegt, sem jeg ekki vil gjöra að umtalsefni, en leyfi mjer að afhenda forseta skjalið. Ábúandinn kannast við, að haustið 1879 hafi hann með

sjerstökum atvikum afsalað ábúð til þess manns, sem falar jörðina, frá því í fardögum 1880; en ábúandinn situr enn, og það getur því orðið meiri eða minni ágreiningur um, hvort sá, sem falar, hefur ábúðarrjett eða ekki. Ábúandinn hefur ekki rjett til að segja: nú yfirlæt jeg þessum jörðina! þá verður eigandinn að hafa atkvæði með. Jeg vil selja Kaldaðarnesið hverjum, sem hæst býður, en þeim, sem falar, ekki fremur en öðrum.

Af fylgiskjalinu má sjá, hver mismunurinn er á afgjaldsverði jarðanna, ef reiknað er eptir meðalverði hinna 5 síðustu ára. Ef farið er eptir hundraðatali, þá verður í Gröf hundraðið 98 kr., Umsvölum hundraðið 99 kr., Miðhúsum hndr. 98 kr., og Þórðarstöðum hndr. 95 kr. Þessar jarðir eru seldar minna en almennt söluverð, 100 kr. hvert hundrað. Þá eru Sveinsstaðir næst 101—102 kr. hvert hndr., Heiði 105 kr. hndr. og Litla-Gröf rúm 105 kr. hndr. Þá Miðhóp er 165 kr. hndr.; Páfastaðir 106 kr. hndr. Við Hjaltastaði er það merkilegt, að í henni, sem er dýrasta og bezta jörðin í Skagafirði, er hndr. ekki nema 87 kr. 70a.; Hafsteinsstaðir 117 kr. hndr., Arnarnes 125½ kr. hndr., og Kringla, Orrastaðir, Brúsastaðir, Grund, Kornsá allar með 130—140 kr. fyrir hvert hndr. Jeg tek það sjerstaklega fram um Hjaltastaði, að eptir hundraðatalinu er hún altof lágt sett. Jeg skal svo ekki taka frekara fram um einstakar jarðir, umræðurnar hafa ekki gefið mjer tilefni til þess.

Stefán Eiríksson: Jeg sje ekki ástæðu til að mæla með nefndarálitinu eða niðurlagsatriðum þess, því að framsögumaður hefur svarað öllum mótbárum, sem fram hafa komið gegn því. Landshöfðingi gat ekki fallizt á niðurlagsatriðin, sem nefndin hefur stungið upp á, undir tölulið 3. og 4. Það getur líka vel verið, að það sje skakkt af alþingi, að ákveða söluskilmála yfir höfuð, en jeg vil taka það fram, að í þessu tilfelli finnst mjer ekkert því til fyrirstöðu, að teknir sjeu skilmálarnir fram, því að jeg er viss um, að ef ráðgjafinn setur þá söluskilmála, sem teknir eru fram í ástæðum stjórnarfrumvarpsins, þá leggur að minni hyggju enginn ábúandi út í það, að kaupa nokkra af jörðum landssjóðsins. Jeg skal ekki og þarf ekki að mæla með breytingaruppástungum þeim, sem jeg hef komið fram með; þau hafa legið svo lengi fyrir þingmönnum, að þau ættu að vera orðin þeim kunn. Jeg hef gjört þær eptir beztu samvizku, bæði hvað landssjóð snertir, og eins í tilliti til ábúandanna, að þeir gætu náð í jarðirnar, ef þeim er kappsmál um það, og þó að jeg sje ekki jörðunum í Vestur-Skaptafellssýslu svo kunnur sem skyldi, þá er jeg þó nokkuð kunnugur þeim, og það er mín skoðun, að þó að Hlíð sje seld fyrir 2360 kr. og Þverá fyrir 2027 kr., þá sje það þolanlegt verð. Ef deildin vill hlynna að kaupunum, þá álít jeg bezt að láta frumvarpið fara niður í neðri deild með þessum upphæðum, sem jeg hef stungið upp á; þar er maður, sem er jörðunum vel kunnugur, og hann getur þá fært verðið upp eða niður eptir því, sem honum þykir sanngjarnt. En sjeu jarðir þessar felldar hjer, komast þær ekki í neðri deildina til þess þingmanns, sem mjer er færari að dæma um hið sanna verð þeirra. Það er Bólbraun snertir, þá studdist jeg þar við mat umboðsmannsins, og jeg vil segja, að það sje ekki of mikið fyrir fjöruna eina, því reki er opt mikill fyrir Meðallands- og Álptaversströndum, og þó sumir hafi hreift því, að fjöruna megi ekki selja með, af því það sje kirkjufjara, þá hefur þó stjórnin álitið, að ekkert væri því til fyrirstöðu að selja hana með Bólhrauni. Mjer skildist á 1. þingmanni Rangæinga, sem honum þætti jeg harður í breytingum mínum við Kaldaðarnesið. Það getur vel verið, og jeg skal ekki svara honum neinu í þá átt, en jeg álít, að hann geti ekkert betur um það dæmt, en jeg; kunnugleiki okkar er víst líkur um Kaldaðarnestorfuna; þingmenn Árnesinga eru líklega kunnugri þar, en við báðir, og það má þá laga það, þegar það kemur niður í neðri deildina. Þessi tillaga mín, að jörðin sje seld fyrir 20,000 kr., er byggð að eins á gripastól þeim, sem framfærist á jörðinni,

eins og tekið er fram í nefndarálitinu, hvað sem veiðinni líður, sem sagt er að megi hafa þar nokkra. Það hefur verið tekið fram, að Ölfusá skemmdi jörðina í vatnagangi; en hún sópar þó líklega ekki hrauninu burt, svo að það getur ekki verið mikið land, sem skemmist, því að hraunið hamlar; og jeg held, að það sje ekki nema gott, þó að dálítið skvettist uppá land jarðarinnar; það gjörir landið ekki nema betra og frjóvsamara, að vatn flæði eptir engi og haga á ýmsum tímum. Eptir skýrslum Árna Magnússonar færir Kaldaðarnestorfan fram 173 stórgripi og um 427 sauðfjár, en eptir skýrslum kaupanda fram færir hún 158 stórgripi og 1340 fjár; það er þá 15 stórgripum færra en hjá Árna Magnússyni, en 950 fjár fleira, sem fram fæst á jörðinni nú heldur en á dögum Árna Magnússonar, 1702—1714, svo að ásetningin er fullt eins mikil nú sem fyrri, ef ekki meiri, og þetta sýnir ljóslega, að jörðin gengur ekki mikið af sjer, eins og þingmaður Rangæinga hefur þó verið að predika. Jeg hef byggt breytingaruppástunguna á þessum mikla gripastofni, og jeg held, að það sje ekki of gefið fyrir jörðina, þó hún sje keypt fyrir 20,000 kr., að minnsta kosti þekki jeg ekki neina jörð, sem fram færir annan eins gripastól.

Sighvatur Árnason: Jeg skal að eins geta þess viðvíkjandi þessari fallegu ræðu, sem á að vera komin í ljós frá ábúandanum, sem framsögumaður talaði um, að ef hún er eins falleg og ábúðin á Kaldaðarnesi er og hefur verið að undanförnu, þá er það góðra gjalda vert. En hafi þessi fallega ræða nokkurt gildi á móti loforði því, sem ábúandinn hefur veitt Stefáni sýslumanni, þá nýtur ábúandinn ábúðar eptir sem áður. En vera kann, að hjer liggi fiskur undir steini; það getur verið, að hann ætli sjálfur nú að verða umsækjandi; ef svo er, þá yfirlæt jeg deildinni að ráða í, hvernig á því muni standa. En hvernig sem því er nú varið, þá vonast jeg til, að deildin samþykki þá sölu, sem hjer liggur fyrir, fyrst að svo sómasamlegt boð er fram komið, sem Stefán sýslumaður býður; því að það er aðgætandi, að ábúandinn heldur sínum rjetti til ábúðar, svo lengi sem hann vill og stendur í skilum, ef þessi hans mótbára hefur nokkurt gildi. En vitanlega skiptir ekki til hins verra, ef sýslumaðurinn kemst að jörðunni, því ábúðin mun ekki eiga úr háum söðli að detta, sem stendur. Jeg hika mjer ekki við jafnt eptir sem áður, að gefa atkvæði með Kaldaðarnes sölunni, þó að þessi fallega ræða ábúandans sje fram komin, og einkum þegar jeg ekki hef heyrt hana.

Ásgeir Einarsson: Jeg hef nú ekki staðið fyr upp til þess að gjöra grein fyrir ágreiningsatkvæði mínu í þessu máli. Mig greindi þegar í fyrstu á við nefndina, en hún fór að hliðra dálítið til, þegar jeg kom með ágreiningsatkvæði mitt. En eitt atriði var það, sem við gátum aldrei komið okkur saman um, og það var það, að jarðirnar væru boðnar upp við opinbert uppboð nú þegar, því að jeg þóttist sjá, eins og landshöfðingi líka befur tekið fram, að það mundi verða öðrum hvorum til skaða, landssjóðnum eða ábúandanum. Jeg get ímyndað mjer, að þegar ábúandinn er látinn sitja við hæsta boð, og hann sjer, að hann ekki verður hrakinn burtu, þá get jeg ekki skilið, að nokkur heilvita maður bjóði svo bátt, að verðið gangi yfir leigumála jarðarinnar, þar sem svo mikill skortur er á peningum í landinu. Jeg skal líka setja það dæmi, að einhver vill nú ná jörð til ábúðar, sem hefur efni til að nota jörðina, þá hugsar hann með sjer, að hann skuli reyna að koma ábúandanum burtu; og það mun í flestum tilfellum vera mögulegt, því að byggingarbrjefin eru vanalega svo úr garði gjörð, að það er annaðhvort lítt mögulegt að uppfylla þau, eða það verður að breyta út af þeim í einhverju, svo að sá, sem vill bafa sig til þess að koma einhverjum ábúanda burt af jörð, getur optast nær haft eitthvað til að hengja hattinn í. Jeg veit til dæmis, að í einu byggingarbrjefi stóð óútstrykað, að ábúandanum var gjört að skyldu, að bera þang á túnið, og þó var ekkert þangblað

þar í kring fyr en í tveggja mílna fjarlægð, og þess konar skyldu gætu menn, ef vildu, haft fyrir áhengingarsök. Jeg veit líka annað dæmi, að í byggingarbrjefi eins manns stóð, að hann skyldi hlaða túngarð; en svo fjekk hann hygginn búmann og spurði hann, hvað hann ætti að gjöra til þess að bæta jörðina; hann rjeð honum heldur til að grafa skurð í kring um túnið, heldur en hlaða túngarð. Þetta gjörði ábúandinn með munnlegu leyfi umboðsmannsins. En nú urðu umboðsmannaskipti, og litlu síðar kom upp sundurþykkja milli ábúandans og hins nýja umboðsmanns, og af því leiddi, að umboðsmaðurinn tók að klaga ábúandann og stefna honum, fyrir að hann ekki hefði hlaðið túngarð, eins og honum væri gjört að skyldu í byggingarbrjefinu, heldur hefði gjört aðrar jarðabætur, en líka var ábúandi klagaður fyrir ólöglegt hrísrif, og sannaðist, að hann hafði rifið í slóða til að vinna á túninu. Þetta sýnir, hversu hægt veitir að koma burtu lítilsigldum landseta, þó að hann sitji jörð sína eins vel eins og sumir aðrir; það er höfðað mál á móti honum kannske fyrir litlar sem engar sakir, og svo verður hann að fara. Þessar varauppástungur meiri hluta nefndarinnar yfir höfuð að tala geta ekki verið tryggilegar, og allra sízt vil jeg láta gjöra þetta að reglu fyrir þjóðjarðasölu, þegar á að ákveða mælikvarða fyrir henni í fyrsta sinn. Jeg vil ekki vera fastur á einstrengingslegum skilmálum, en ef maður er neyddur til þess, þá verða einhverjir skilmálar að vera. Það er enn einn galli, að umsækjendur hafa ekki látið í ljósi, að hverju þeir vildu ganga, svo að þegar þingið er búið að ákveða þetta verð og þessa skilmála, þá geta ábúendurnir sagt, þegar til þeirra kemur: «Nei, þakka þjer fyrir, jeg vil ekki kaupa með þessu skilyrði», og þá eru allar aðgjörðir alþingis í þessa stefnu til ónýtis. Þess vegna álít jeg, að það sje hið bezta ráð, til þess að vita, að hverju ábúendurnir vilja ganga, sem sýslumaðurinn í Húnavatnssýslu gjörði. Það voru 20 ábúendur þar í sýslu, sem föluðu jarðir sínar, en svo þegar sýslunefndin var búin að kveða upp álit sitt um söluverð jarðanna, þá ljet sýslumaður auglýsa álit sýslunefndarinnar, og þá gengu 8 eða 9 ábúendur frá, sem ekki vildu ganga að því mati. Einn ljet í ljósi, að sjer þætti jörðin, sem hann bjó á, of dýr, en honum var ráðið til að halda áfram, því að menn sögðu, að það væri ekki að vita, hvað alþingi gjörði við það. En svo hefur síðan komið bænarskrá til þingsins frá öðrum manni, sem þótti jörðin ekki dýr, heldur ódýr, og vildi jafnvel gefa 100 kr. meira fyrir hana, en sýslunefndin hafði stungið upp á. Jeg álít það enga synd fyrir alþingi, að gefa stjórninni heimild til að selja þeim mönnum, sem gefið hafa skýlaus loforð fyrir að kaupa jarðirnar, og þessi maður er ungur og efnilegur, og þó að hann búi ekki nema á sjötta parti jarðarinnar með móður sinni, þá er líklegt, að þar verði sjálfsábúð með tímanum, en miklu ólíklegra, ef hinum yrði selt. Jeg vona, að deildin fari varlega í þjóðjarðasöluna nú í byrjun, meðan menn eru ekki vanir að undirbúa slíkt, og ekki er til nema alþingisályktunin frá 1879, sem sumir ef til vill hafa misskilið; og það er ekki hentugt, að flana að þjóðjarðasölunni svona fyrst, því að það er þó eitthvað hæft í málshættinum: «skaðinn gjörir mann hygginn, en ekki ríkan». Jeg held menn hefðu gott af að minnast þjóðjarðasölunnar gömlu, sem mörgum er minnisstæð; þeir urðu ekki allir ábúendur til eilífðar, sem þá keyptu, og ekki hefur það enn sjest, að jörðunum hafi farið svo fjarskalega fram, þó að ætlazt væri til þess; en það er nú reyndar ekki nýtt undir sólunni, að margt fer öðruvísi, en ætlað er. Jeg ætla, að það væri affarasælast, að kunnugir menn legðu til, hverjar jarðir landssjóðnum væri skaði í að selja og hverjar til hags, þá mætti byrja með nokkrar, sem minnstur vafi væri á, og sjá svo, hvernig brygði við. Ef menn mega svo vonast eptir að fá jarðir keyptar, þá fer áhuginn á að gjöra jörðunum til góða vaxandi, og landssjóðurinn losast, ef jarðirnar eru seldar, þá við $^1/_6$ í um-

boðslann, og það er ekki svo lítill hagur, og ef jarðirnar svo batna, þá getur landssjóðurinn fengið töluverðan hagnað við það, að tekjuskatturinn og lausafjárskatturinn eykst. Fyrir því finnst mjer ekki ófært, að selja þær jarðir, sem minnstur vafi leikur á. Það hefur verið tekið fram, að ekki mætti gnýja á ábúendunum með sölunni; en góður húsbóndi leigir allt af jörð sína sanngjarnlega, en þegar ábúandinn er búinn að kaupa hana, þá get jeg ekki sjeð, að landsdrottinn þurfi að vera fjárhaldsmaður hans, og ekki heldur, að þingið fyrir landssjóðsins hönd þurfi að vera fjárhaldsmaður ábúandanna, þegar þeir kaupa ábýli sín óneyddir. Landshöfðingi gjörði lítið úr því, að teknir væru fram söluskilmálarnir, en í stjórnarfrumvarpinu eru þeir teknir fram og það einmitt eptir bendingum landshöfðingja. Við höfum líka dæmin deginum ljósari, og sjáum af þeim, hvað hlotizt hefur af því, að þeir hafa ekki verið teknir fram. Við þurfum ekki að fara lengra en hjerna upp að Elliðaánum. Það er annað mál, hvort þeir skilmálar, sem nefndin hefur komið með, eru hentugir eða ekki, og ef einhver getur komið með aðra, sem eru hentugri og vafaminni, þá er nefndin fús á að fallast á þá, en að binda söluna við þá skilmála, sem teknir eru fram í stjórnarfrumvarpinu, er sama sem að segja: þið fáið enga jörð. Jeg er viss um, að engum dettur í hug að kaupa jörð með þeim skilmála, að nokkur hluti kaupverðsins sje gjörður að föstu afgjaldi, sem hvíli á jörðinni. Menn vilja annaðhvort eiga jörðina hreint og beint eða alls ekki, nema hún sje í veði fyrir einhverju, sem ábúandinn hefur þurft til að bæta hana með. Það er því mín meining, að þeir, sem kunnugastir eru, komi sjer saman um söluverðið og taki að sjer að upplýsa eptir töflunum, hvaða jarðakaup sjeu aðgengileg og hver ekki, því að eigi hver einstakur, sem ekkert ef til vill þekkir til, að fara að segja álit sitt, þá verður ekkert úr neinu, og enginn kemur sjer saman við annan. Hvernig var ekki með Miðhóp? Á síðasta þingi, o: 1879, kom fram uppástunga um að selja þessa jörð fyrir 3400 kr., en nú kemur frá sýslunefndinni 4500 kr. mat, og jafnvel umboðsmaður segir hana ekki of selda fyrir 5000 kr. Hvað ætla hefði nú verið sagt við alþingi, ef það hefði samþykkt í hitt eð fyrra að selja hana fyrir 3400 kr. En jeg vil nú segja það, að þessi jörð er hæst metin af öllum jörðum í Húnavatnssýslu, sem beðið hefur verið um. Jeg vil líka benda deildinni á það, að í áliti sýslunefndarinnar er mælzt til, að jörð þessi sje ekki seld, þar eð hún sje ætluð fyrir læknissetur; en læknirinn, sem nú er í Húnavatnssýslu, er búinn að kaupa sjer aðra jörð og situr þar víst, meðan hann er í Húnavatnssýslu, en hann verður nú ekki eldri en gamall, heldur en aðrir menn, og annar kemur eptir hann, svo að jeg er í nokkrum vafa um, hvort að það ætti að leggja gildi í þessi mótmæli sýslunefndarinnar; jeg veit líka, að læknirinn þarf ekki endilega að vera bundinn við þessa jörð, því að þó að hún sje hjer um bil í miðri sýslunni, þá eru þó fleiri jarðir hentugar til læknisseturs. En hvað sem um það er, þá er jörðin svo hátt metin, að mjer hefði ekki dottið í hug að meta hana svo hátt. Ekkjan, sem býr á jörðinni, er gömul og hefur syni sína duglega hjá sjer, og einn er mjög efnilegur og efnagóður bóndi, svo að það er ekki útlit fyrir annað, en að þar verði sjálfsábúð lengi; þess vegna get jeg með engri jörð mælt eins fast fram sem með þessari. Jeg ætla að minnast lítið eitt á Sveinsstaði, úr því að það hefur verið talað um þá. Það er satt, að verðið er lægra en afgjaldinu samsvarar, en engu að síður er jeg með því, að þeir verði seldir ábúandanum, þegar mál það væri betur undirbúið. Faðir þess, sem nú býr þar, hafði gjört það stórvirki, að láta búa til vatnsveitingaskurð, sem var 2 mannhæðir á dýpt; en svo vildi það óhapp til, að það rann möl og grjót ofan í skurðinn, og nú hefur sonurinn látið hreinsa hann með

ærnum kostnaði, skorið fram engjarnar og umgirt þær með flóðgörðnm og ef hann ekki hefði gjört þetta, þá hefði jörðin orðið óbyggileg innan fárra ára. Þess vegna finnst mjer, að ef nokkur ábúandi á að njóta þess, að hann hefur gjört jörð til góða, þá verðskuldi þessi ábúandi að fá jörðina keypta. Úr Ranhólapartinum gjöri jeg lítið; það er kot milli Vatnsdalshóla, Hólabaks og Sveinsstaða, sem ómögulegt er að verja og ómögulegt að skipta; en það kann að hækka verð Sveinsstaða dálítið, af því að þar er góð beit, en ekkert annað. Að öðru leyti skal jeg geta þess, að jeg hef grun um, að ábúandinn hafi ekki búizt við að fá jörðina fyrir svona lágt verð, en það má þá hækka það í neðri deildinni. Jeg skal mæla með sölunni á Kornsá, en jeg álít, að hún sje í lægra lagi metin, eptir því sem nú stendur; en það er aðgætandi, að þar er ónotað land, sem líklega aldrei verður notað af leiguliða, og ekki þá nema með miklum kostnaði; ef neðri deildinni þykir það verð of lágt sett, þá getur bún breytt því; en jeg fyrir mitt leyti vil ekki breyta sýslunefndaráliti, heldur miklu fremur fella jarðirnar þá algjörlega. Með Orrastöðum vil jeg mæla, vegna þess að þar er snildarlegur ábúnaður, túnin hafa verið bætt, tjörn skorin fram, og slægjur því batnað og aukizt. Verðið sýnist mjer viðunanlegt, og þó að hún sje ef til vill nokkuð dýrt sett, þá er enginn skaði að því. Grund er jeg ekki persónlega kunnugur, en jeg veit, að það er væn jörð; það lá við, að ábúandinn gengi frá kaupunum, af því að honum þótti hún of dýr; ábúandinn er ungur og efnilegur maður, en jörðin held jeg þurfi umbóta við. Um hinar Húnavatnssýslujarðirnar skal jeg ekki tala, fyr en jeg heyri mótmæli koma fram gegn þeim. Jörðunum í Skagafjarðarsýslu er jeg ókunnugur. Heiði þekki jeg ekki að öðru en því, að jeg hef riðið þar fram hjá og sá, að þar var fallegt tún, umgirt að nokkru. Hvað landamerkjunum við víkur, þá fellst jeg alveg á skoðun framsögumanns, því að þó að tengdafaðir ábúandans segði, að þessi og þessi sjeu landamerkin, þá er ekki sagt, að það sje komin svo lögleg hefð á þau, að ekki megi færa sannanir á móti. Og hvernig fer, ef landamerkjanefndin dæmir land af jörðinni? Það er búið að lýsa því yfir, að landssjóðurinn hafi selt ábúandanum jörðina skilyrðalaust, og þá verður landssjóðurinn að bæta skaðann. Reyndar þyrfti það nú ekki að vera tilfinnanlegt fyrir landssjóðinn, því að það gæti þá gengið yfir á hina jörðina, sem liggur að, og sem landssjóður á. En samt sem áður held jeg sje bezt að láta þessa jörð bíða fyrst um sinn.

Með því að ekki tóku fleiri til máls, sagði forseti þessari umræðu lokið og bar upp til atkvæða frumvarpið með viðaukatillögum og breytingartillögum, sem við það höfðu verið gjörðar. Atkvæðagreiðslan fjell þannig.

1. Breytingaruppástunga nefndarinnar, að orðið «ábúendum» í stjórnarfrumvarpiuu falli burt, samþykkt með 6 atkvæðum.
2. Breytingartillaga 3 þingmanna, að á eptir orðið «ábúendum» bætist inn í: «eða öðrum til eigin ábúðar», áleizt þar við fallin.
3. 1. töluliður frumvarpsins samþykktur með 7 atkvæðum.
4. Um breytingaratkvæði Stefáns Eiríkssonar við 2. tölulið var sökum óglöggrar atkvæðagreiðslu við haft nafnakall, og sögðu

Já:
Magnús Stephensen,
Einar Ásmundsson.
Jón Pjetursson,
Pjetur Pjetursson,
Sigurður Melsteð,
Stefán Eiríksson.

Nei:
Benidikt Kristjánsson,

Árni Thorsteinson,
Ásgeir Einarsson,
Sighvatnr Árnason,
Skúli Þorvarðarson.

Var breytingartillagan þannig samþykkt með 6 atkvæðum móti 5.

5. 2. tölulíður þannig breyttur samþykktur með 7 atkvæðum.
6. Breytingartillaga Stefáns Eiríkssonar við 3. tölulið samþykkt með 8 atkvæðum.
7. 3. tölulíður þannig breyttur samþykktur með 7 atkvæðum.
8. Breytingartillaga Stefáns Eiríkssonar við 4. tölulið samþykkt með 6 atkvæðum.
9. 4. tölulíður þannig breyttur felldur með 7 atkvæðum.
10. Viðaukatillaga Einars Ásmundssonar: Arnarnes, samþykkt með 8 atkvæðum.
11. Viðaukatillaga hins sama;
    6. Gröf, fellt með 7 atkvæðum móti 4.
    7. Hrísakot, samþykkt með 6 atkv.
    8. Miðhóp, samþykkt með 6 atkv.
    9. Sveinsstaðir, fellt með 7 atkvæðum móti 4.
    10. Kornsá, samþykkt með 7 atkvæðum.
    11. Brúsastaðir, fellt með 6 atkvæðum móti 5.
    12. Kringla, samþykkt með 6 atkv.
    13. Orrastaðir, — — 6 —
    14. Grund, — — 6 —
    15. Hagi, — — 6 —
    16. Umsvalir, fellt með 6 atkvæðum móti 4.
    17. Miðhús, um þennan tölulið var sökum óglöggrar atkvæðagreiðslu viðhaft nafnakall, og sögðu:

Já:
Benidikt Kristjánsson,
Einar Ásmundsson,
Sighvatur Árnason,
Skúli Þorvarðarson.

Nei:
Magnús Stephensen,
Árni Thorsteinson,
Ásgeir Einarsson,
Jón Pjetursson,
Pjetur Pjetursson,
Sigurður Melsteð,
Stefán Eiríksson.

Var 17. tölulíður þannig felldur með 7 atkvæðum á móti 4.

12. Breytingartillaga Stefáns Eiríkssonar við viðaukatillögu Sighvats Árnasonar um Kaldaðarnes var samþykkt með 6 atkv.
13. Viðaukatillaga um Kaldaðarnes með áorðinni breytingu samþykkt með 6 atkvæðum.
14. Viðaukatillaga Benidikts Kristjánssonar.
    a. Hjaltastaðir, fellt með 7 atkvæðum móti 4.
    b. Páfastaðir, fellt með 6 atkvæðum móti 5.
    c. Hafsteinsstaðir, fellt með 7 atkvæðum móti 4.
    d. Heiði með Breiðstöðum, samþykkt með 6 atkvæðum.
15. Viðaukaatkvæði sama þingmanns um Litlu-Gröf fellt með 7 atkvæðum móti 4.
16. Viðaukauppástunga sama þingmanns um Þórðarstaði; fyrri hlutinn, um jarðaskiptin, samþykktur með 6 atkvæðum; síðari hlutinn: «eða 1200 kr.», felldur með 7 atkvæðum.
17. Forseti kvaðst álíta, að orðin í stjórnarfrumvarpinu: «sem heyra undir Kirkjubæjar- og Þykkvabæjarklausturs umboð», væru fallin við atkvæðagreiðsluna á undan, sbr. breytingaruppástungu Einars Ásmundssonar, og sömuleiðis, að uppástunga nefndarinnar um, «að jarðirnar verði tilgreindar með framhaldandi tölum», væri samþykkt með atkvæðagreiðslunni.
18. Frumvarpsgreinin með breytingum og viðaukum í heild sinni samþykkt með 9 atkvæðum.
19. Ný grein nefndarinnar (2. grein) samþykkt með 6 atkvæðum.
20. Við það varð frumvarpsgreinin með viðaukum 1. grein frumvarpsins.
21. 3. grein nefndarinnar (ný grein) samþykkt með 8 atkvæðum.

22. 4. grein nefndarinnar (ný grein) samþykkt með 8 atkvæðum.
23. Fyrirsögn frumvarpsins áleizt samþykkt án atkvæða.
24. Að frumvarpið gengi til 3. umræðu, var samþykkt í einu hljóði.

ÞRIÐJA UMRÆÐA Í EFRI DEILD,
á 22. fundi, 10. dag ágústmán.

Frumvarpið, eins og það var samþykkt við 2. umræðu, sjá I, 401—402.

Breytingar- og viðaukauppástungur
við frumvarp til laga, um að stjórninni veitist heimild til að selja nokkrar þjóðjarðir, eins og það var samþykkt við 2. umræðu í efri deild[1].

1. Árni Thorsteinson, Stefán Eiríksson, Skúli Þorvarðarson, Ásgeir Einarsson: Við 1. gr.: Eptir: «þjóðjarðir» komi: «í hið minnsta».
2. Hinir sömu: Við 1. gr. 8. tölulið: Í stað: «1650» komi: «1716».
3. Ásgeir Einarsson, Benidikt Kristjánsson, Einar Ásmundsson: Við 1. gr. 11. tölulið: Töluliðurinn breytist þannig: Í staðinn fyrir: «2350» komi «2450».
4. Sighvatur Árnason, Einar Ásmundsson, Skúli Þorvarðarson: Við 1. gr. við Kaldaðarnes; í staðinn fyrir: «20000 kr.» komi: «17000 kr.»
5. Benidikt Kristjánsson, Ásgeir Einarsson, Einar Ásmundsson: Eptir 13. tölulið 1. gr. bætist:
   14. Hjaltastaðir í Skagafjarðarsýslu með 2 hjáleigum fyrir 6000 kr.
   15. Páfastaðir í sömu sýslu fyrir 2800 —
   16. Hafsteinsstaðir í sömu sýslu fyrir . . . . . 2800 kr.
   17. Litla-Gröf í sömu sýslu fyrir 1750 —
   Við það verður tölul. 14. í frumvarpinu 18. töluliður.
6. Hinir sömu: Við 2. gr.: 2. gr. falli burt.

Forseti: Þar eð ýmsum breytingartillögum við þetta frumvarp hefur verið út býtt fyrst nú á fundinum, skal jeg leyfa mjer að leita samþykkis hinnar háttvirtu deildar til þess, að þær megi koma til umræðu, og vona jeg, af því mál þetta er svo mikilsvert, að deildin líti frjálslega á það, og leyfi breytingartillögunum að komast að.

Var það síðan samþykkt í einu hljóði, að breytingartillögurnar mættu koma til umræðu á fundinum.

Framsögumaður (*Árni Thorsteinson*): Við málið í þeirri lögun, sem það nú er í, er ekki margt að athuga. Jeg skal þó leyfa mjer að fara nokkrum orðum um breytingar þær, sem fram hafa komið síðan á seinasta fundi. Fyrst skal jeg þá vikja að breytingaratkvæði nefndarinnar og eins þingmanns að auki um, að eptir orðið «þjóðjarðir» komi: «í hið minnsta». Þessi viðbót er ef til vill ekki nauðsynleg, því ákvæði hennar liggja sjálfsagt í frumvarpinu, en jeg sje þó ekki neitt á móti því, að þessum orðum sje bætt inn í til skýringar, og vona því, að deildin verði ekki á móti því. Nefndin hefur ekki komið með neinar sjerstakar breytingar við einstakar jarðir, nema við Kringlu. Þetta var sú eina jörð, sem ekki náði afgjaldsverðinu, sem er 1716 kr., en söluverðið varð 1650 kr., mismunurinn verður 66 kr. Nefndinni þótti betra, úr því salan var samþykkt, að gefa deildinni kost á, að færa söluverðið upp um þessar 66 kr. eða í 1716 kr., einkum vegna þess, að það er sjálfu sjer samkvæmara. Nú er komin breytingartillaga frá 3 þingmönnum um, að færa söluverð Kaldaðarness úr 20000 kr. niður 17000 kr.; enn fremur er stungið upp á því, að Hagi sje færður úr 2350 kr.

1) Í frumvarpinu eins og það er prentað í 1. parti alþingistíðindanna 401. bls. eru þessar prentvillur.
1, í fyrirsögninni: „3. umræða“ fyrir: „2. umræða“.
2, - 1. gr. 8. tölulið: „1716“ fyrir „1650“.
3, - — 11. —— „2450“ — „2350“.
4, - — 12. —— „17000“ — „20000“.

í 2450 kr., Hjaltastaðir úr 5500 kr. upp í 6000 kr., Páfastaðir úr 2500 kr. upp í 2800 kr., Hafsteinsstaðir úr 2500 kr. í 2800 kr., Litla-Gröf úr 1500 kr. í 1750 kr. Þegar maður sjer þessar breytingar, og að nöfn uppástungumanna sjálfra standa undir breytingaratkvæðunum, þá verð jeg að álíta, að í því liggi, að þeir álíti, að það geti borið sig, að selja jarðirnar hærra, en þeir upphaflega hafa stungið upp á, og jeg skal leyfa mjer að ganga spori lengra, og taka það fram, að í hækkuninni liggur eitt atriði enn, nefnilega sönnun fyrir því, hve hæpið það er, að vera að verðleggja jarðirnar bjer á þinginu, en aptur mikla betra, að reyna uppboð á jörðunum til tryggingar fyrir verðsetningunni. Ef nú fer að nálgast uppboð með eins konar yfirboðum á þinginu, þar sem menn nú vilja selja jörðina fyrir þetta og seinna fyrir hitt söluverðið, þá get jeg ekki betur sjeð, en að ástæða sje til, að hagga ekki við 2. gr. Jeg get ekki sjeð, að það sje neinn skaði, þó 2. gr. standi, því hún inniheldur trygging fyrir því, að fá svo góða vissu sem unnt má vera um, hve mikils virði jörðin er, og að öllum rjetti ábúanda sje borgið, með því ábúandanum er geymdur forkaupsrjettur eptir gildandi lögum. Í greininni er enn fremur, til þess að hlynna að þessum rjetti, ákveðið, að ábúandi skuli innan 2 mánaða frá uppboðsdegi hafa sagt til þess, að hann gangi að kaupunum, en það getur verið, að sumum þyki þessi tími of stuttur, og ef svo er, þá er jeg fús að ganga inn á, að hann sje lengdur, því það var meining nefndarinnar, að hann væri nógu langur, til þess að ábúandinn fengi sem mest ráðrúm. Því næst skal jeg bera breytingaratkvæðin saman við afgjaldsverðið, sem menn helzt geta fest sig við. Kaldaðarnes er sett með breytingartillögunni langt fyrir ofan virðingarverðið, Hagi sömuleiðis fyrir ofan, Hjaltastaðir sömuleiðis fyrir ofan, Páfastaðir sömuleiðis, Hafsteinsstaðir líka, en sem næst afgjaldsverðinu, og Litla-Gröf er sett fyrir ofan afgjaldsverðið. Haldi menn sjer við þennan mælikvarða, þá er nefndin ekki á móti breytingaratkvæðunum, eins og nú er komið. Annað mál er það, hvað einstakir þingmenn eptir sjerstökum kunnugleika á jörðunum álíta hæfilegt verð, en frá því almenna sjónarmiði, sem nefndin hefur tekið sjer, hef jeg ekki frekara að athuga. Viðvíkjandi fyrstu jörðinni, Haga, þá mun liggja fyrir yfirlýsing frá ábúandanum, að hann vilji gefa 2450 kr. fyrir jörðina. Skal jeg svo ekki tala frekar um málið að sinni, en einungis leyfa mjer að ítreka það, að jeg álít tryggilegast að halda 2. gr., og jeg skal geta þess, að ef hún verður felld, þá missist mitt atkvæði fyrir þjóðjarðasölunni.

Ásgeir Einarsson: Jeg hef ekki miklu að bæta við ræðu hins háttvirta framsögumanns; hann hefur bæði haft mikið fyrir þessu máli, og skýrt það mjög vel. Hann gat þess viðvíkjandi hinum nýju breytingaruppástungum, að fyrst forgöngumenn hefðu skrifað undir sumar þeirra, sem fóru fram á að hækka söluverðið, hefðu þeir með því kannazt við, að það gæti borið sig, að þær yrðu seldar hærra, en þeir upprunalega stungu upp á; sömuleiðis hefur hann skýrt frá yfirlýsing þess manns, er falað hefur Haga. Jeg skýrði líka frá því á dögunum, hvernig hefði komið til með söluverðið við Haga. Það er nefnilega ungur og efnilegur maður, sem hefur búið á 1/6 af Haga með móður sinni; þegar hann heyrði, að leiguliðanum þætti jörðin of hátt metin, sagði hann, að hún væri þvert á móti. Síðar sendi hann mjer bænarskrá til þingsins, dags. 16. júní 1881, þar sem hann býðst til að kaupa jörðina fyrir það verð, sem jeg hef stungið upp á. Jeg álít því, að alþingi eigi að taka þetta söluverð til greina, úr því hann bauðst til að kaupa jörðina fyrir það, svona alveg upp úr þurru og óneyddur, en alls ekki hafna því. Hvað viðvíkur jörðunum í Skagafjarðarsýslu, sem jeg hef sett nafn mitt undir, þá er það um þessar jarðir að segja, að þær hafa allar verið settar niður í frumvarpinu undir virðingarverð sýslunefndarinnar, sem jeg

álít ísjárvert að gjöra, en þegar menn voru á því, að setja þær upp aptur, þá vildi jeg gjarnan vera með í því. Hvað viðvíkur jörðunum sjerstaklega, þá er það einungis um Heiði, sem jeg vil taka það fram, út af landamerkjaskilmálunum, sem ábúandinn hefur áskilið við kaupið, að ef stjórnin samþykkir söluna, þá ætti hún að fara varlega í að selja bæði þessa og aðrar jarðir með slíkum skilmálum.

Hvað viðvíkur 2. gr., sem framsögumaður heldur svo mikið með, þá er nú einmitt svo, að þessi grein hefur valdið aðalágreiningnum milli okkar, minni hlutans og meiri hlutans. Hvað þessar jarðir snertir, þá álít jeg uppboðið óþarft og ekki nema fyrirhöfn eina, því jeg ímynda mjer, að enginn muni bjóða yfir það söluverð, sem hjer er til tekið. En skyldi uppboðið vera nauðsynlegt, þá kann jeg þó betur við ákvörðun 2. greinar, en þá skoðun nefndarinnar, sem tekin er fram í hinu fyrra áliti hennar um, að gjöra uppboðið að almennri reglu við sölu allra þjóðjarða yfir höfuð. Ef 2. gr. yrði samþykkt, þá gæti það orðið til þess, að eins og jeg gat um á dögunum, að einhver illa innrættur maður kæmi fram og byði hærra fyrir jörðina, en hún kanske væri verð, einungis til þess að flæma ábúandann burtu, en það er auðvitað, að ekki er til neins að bjóða minna á uppboðinu, en nemur því söluverði, sem þingið setur, því stjórninni er ekki gefin heimild til að selja neina jörð lægra verði. Skal jeg svo ekki fara fleiri orðum um þessa grein, þeir geta fallizt á hana, sem eru sannfærðir um, að hún sje til bóta; jeg fyrir mitt leyti fylgi minni sannfæringu.

Sighvatur Árnason: Jeg ætlaði mjer ekki að tala meira í þessu máli, en jeg þegar hef gjört, en bæði af því, að jeg á hjer breytingaratkvæði með öðrum fleiri þingmönnum, og af því orð framsögumanns voru fremur töluð til mín en annara, þá skal jeg leyfa mjer að svara honum með fáeinum orðum og gjöra grein fyrir breytingu minni. Þegar um sölu jarðarinnar Kaldaðarness var að ræða á síðasta fundi, þá lágu ekki fyrir nema tvær tölur um söluverð hennar, það er að segja: 15000 kr. og 20000 kr.; og af því jeg gat vel ímyndað mjer, eins og líka kom fram, að deildinni þætti 15000 kr. of lágt verð, þá var nauðugur einn kostur, að menn hölluðust að hinu verðinu, 20000 kr., þó mönnum hafi ef til vill þótt það of hátt. Einmitt vegna þessa var það, að jeg leyfði mjer að stinga upp á 17000 kr., í von um, að mönnum þætti það nóg verð eptir þeim upplýsingum, sem fengizt hafa um jörðina. Jeg skal leyfa mjer að bæta því við, að síðan málið var til 2. umræðu, hef jeg átt tal við gagnkunnugan mann og hinn áreiðanlegasta mann, verzlunarstjórann á Eyrarbakka, og hann sagði mjer, að 20000 kr. væri allt of mikið verð fyrir Kaldaðarnestorfuna; þess vegna vona jeg, að menn sjái, ef menn vilja gæta sanns, að þetta er allt of mikið verð, þó jeg alls ekki vilji draga hvorki úr þessari jörð eða annari. Því mjer finnst, að eins og það er sjálfsögð skylda vor, að gæta landssjóðsins gagns, eins er það oss óverðugt, að okra á einstökum mönnum. Viðvíkjandi því, að framsögumanni þótti undarlegt, að sjá nafn mitt á breytingaruppástungunni, þá verð jeg að segja, að mig furðar á því, að honum skuli geta þótt slíkt undarlegt, því jeg ætla, að það sje ekki eins dæmi, að menn breyti frá því, sem fyrst er stungið upp á, þegar annað er orðið ofan á, sem maður getur ekki fallizt á. Þó jeg álíti, og sje sannfærður um, að mín fyrri uppástunga hafi verið rjettari, þá vildi jeg þó heldur velja þennan veg, að stinga upp á 17000 kr., heldur en hinn veginn, sem varð ofan á við aðra umræðu, til þess að missa ekki af málinu, því það er almennt, að af tvennu illu tekur maður það skárra.

Benidikt Kristjánsson: Af því nú er meðal annars að ræða um söluverð á jörðum, sem jeg er flutningsmaður að, þá skal jeg leyfa mjer að fara fáeinum orðum um það, að jeg hef leyft mjer að vera með í

því, að breyta söluverði þessara jarða. Af því jeg þekkti ekki vel til í upphafi, þá áleit jeg mjer skylt, að setja ekki meira verð á jarðirnar, en ábúendurnir höfðu boðið, en mjer gat bins vegar ekki dulizt, að deildin mundi ekki samþykkja þetta söluverð, eins og líka raun varð á. Verðið, sem til tekið er í viðaukatillögunum, er sama verðið, sem sýslunefndin setti, og get jeg ekki betur sjeð, en að þingið eigi helzt að binda sig við það samkvæmt ályktun alþingis 1879; en jeg hikaði því síður við að hækka þetta söluverð, sem jeg áleit, að leiguliðarnir væru alls ekki skuldbundnir til að kaupa jarðirnar, þó stjórninni væri veitt heimild til að selja þær, heldur gætu þeir gengið frá kaupunum, ef þeim þætti verðið of hátt. Að því er snertir 2. gr. í áliti nefndarinnar, sem samþykkt var við 2. umræðu, þá hef jeg einn með öðrum stungið upp á því, að hún yrði felld úr. Þessi grein fer fram á annað fyrirkomulag, en það, sem ályktun alþingis 1879 gjörir ráð fyrir. Jeg skal reyndar játa, að þingið er ekki skuldbundið að fylgja sama fyrirkomulagi, sem samþykkt var á alþingi 1879, en það fyrirkomulag, sem þessi grein fer fram á, á hjer heldur alls ekki við, og þess vegna er þessi uppástunga alls ekki aðgengileg. Hjer er talað um, að bjóða jarðirnar upp, og læt jeg það vera, ef uppboðsverðið væri þá fastur mælikvarði, en jeg er viss um, að uppboðsverðið verður komið undir teningskasti, og landssjóðurinn fengi minna fyrir jörðina en annars. En ef þingið setur fyrst matið á jörðunum sem hæst og fer síðan að láta sprengja jörðina upp úr því á uppboði, þá gjörir löggjafinn sig sekan í prangi, sem honum er ósamboðið. Að öðru leyti finn jeg ekki ástæðu til að tala fleira viðvíkjandi viðaukatillögunni.

Pjetur Pjetursson: Jeg skal ekki fjölyrða um þetta mál, en að eins láta það í ljósi, að jeg mun gefa atkvæði mitt fyrir breytingaruppástungu hins háttvirta 1. þingmanns Rangæinga og tveggja annara háttvirtra þingmanna við söluverð Kaldaðarness, því jeg álít, að 20,000 kr. sje allt of hátt verð, og miði einungis til þess, að bola hvern þann frá, sem óskar að kaupa jörðina. 17,000 kr. gefa af sjer í rentu 680 kr., sem er tvöfalt meira, en afgjaldið af jörðinni er nú. Svo mun jeg líka af þeim kunnugleika, sem jeg hef á Hjaltastöðum, gefa atkvæði mitt fyrir því 6,000 kr. söluverði, sem stungið hefur verið upp á, og álít jeg það alls ekki of mikið verð fyrir svo góða jörð. Að öðru leyti mun jeg gefa atkvæði mitt eptir því, sem mjer dettur í hug.

Framsögumaður: Jeg ætla að byrja á því, að þakka hinum háttvirta þingmanni Strandamanna fyrir það, hve vel hann tók undir 2. greinina. Hann er gamall maður og reyndur, og hefur sjeð meira, en vjer flestir. Hann hefur sjeð, að á uppboðum fer ýmislega, og þess vegna er hann á móti uppboðum. En hann meinar ekki þennan dóm á uppboðum eins hart, eins og hann lætur í veðri vaka. Hann kvaðst vera á móti uppboðunum, af því enginn mundi bjóða meira, en hið tiltekna söluverð væri, en hann tók þó fram og það rjettilega, að það gæti komið fyrir, að einhver byði meira, og það er einmitt það, sem jeg legg áherzlu á, og jeg er viss um, að hann gjörir það líka, því jeg veit, að hann vill ekki, ef hjá því verður komizt með góðu móti, fleygja burt jörðum landsins fyrir minna, en fyrir þær getur fengizt. En það, sem einkum fældi hann frá því í þetta skipti, að aðhyllast 2. gr., var það, að ef hún yrði samþykkt, þá gæti ef til vill einhver boðið meira í jörð, en ábúandinn, einungis til þess, að flæma hann burtu. Hjer kemur fram þessi hjartagæzka, sem allir þekkja að á heima í svo ríkum mæli hjá hinum háttvirta þingmanni En ef allt fer fram eptir lögunum, þá verður enginn flæmdur burtu nema fyrir löglegar sakir. Jeg get vel ímyndað mjer, að menn kaupi stundum eitthvað fyrir meira, en það rentar sig fyrir, af því menn kaupa í einhverjum sjerstökum tilgangi. Hinn háttvirti þingmaður Strandamanna er í raun og veru með greininni, en ekki móti henni.

Hinn háttvirti þingmaður Rangæinga fann til þess, að jeg renndi huganum að hækkun hans á söluverði Kaldaðarness, þarsem hann hafði hækkað hið upphaflega verð sitt, 15000 kr. upp í 17000 kr. Já, vissulega finn jeg eitthvað í þessu, sem jeg ekki kann við. Hann sagði, að hann hefði ekki haft um annað að velja, en þessar tvennar tölur, 15000 kr. og 20,000 kr. Jeg vil spyrja hinn háttvirta þingmann: hver tók þessar 15000 kr. til? Hver gjörði það að verkum, að hann hafði ekki að velja nema um þessar tvennar tölur, 15000 kr. og 20,000 kr.? Það var einmitt hinn háttvirti þingmaður sjálfur og enginn annar. En nú vildi hann ekki fallast á þessar 20,000 kr., gat heldur ekki náð 15000 kr. verðinu; en hefði þingmaðurinn strax stungið upp á 17000 kr., þá hefði hann ekki komið með þetta breytingaratkvæði nú, en því er nú svo varið, að jeg að líkindum mun eins vel gefa atkvæði mitt með þessum 17000 kr., af því þessi upphæð er svo langt fyrir ofan afgjaldsverðið, eins og það nú er og væntanlega verður. Hinn háttvirti þingmaður Rangæinga til færði það sem ástæðu fyrir þessum 17000 kr., að kunnugur maður hefði sagt sjer, að 20000 kr. væri of mikið verð. Þessi kunnugi maður hefur þannig orðið til að breyta skoðun þingmannsins, en það eru ekki nema eintrjáningar, sem ekki geta breytt skoðun sinni (*Sighvatur Árnason*: Misskilningur). Jeg ímynda mjer, að það sje ekki svo mikill misskilningur, því jeg ímynda mjer, að hann hafi komizt til þeirrar niðurstöðu, að jörðin væri hæfilega metin á 17000 kr. En það hefur nú viljað svo til, að þingmaðurinn hefur vel farið að því að breyta nú söluverðinu, og mun jeg gefa þessari breytingu atkvæði mitt, en hefði þetta ekki komið fyrir, fyr en málinu var lokið, þá hefði það orðið of seint.

Hvað viðvíkur uppástungum hins háttvirta þingmanns Norður-Þingeyinga, þá skal jeg taka það fram, að hann hefur í síðari uppástungunni farið rjettari veg en áður, með því að leggja mat sýslunefndarinnar til grundvallar fyrir söluverðinu. En þar sem hann sagði, að hann í upphafi hefði sett það verð, sem ábúandinn hafði til tekið, þá get jeg ekkert um það borið, því jeg þekki ekki, hvað þeir hafa boðið í peningatali, en jeg skal engan veginn rengja sögusögn hans, en það álít jeg tryggilegast, að grundvalla söluverðið á mati sýslunefndanna, eins og hann hefur gjört í hinni síðari uppástungu, ef ekkert sjerlegt er því til fyrirstöðu. En eins og jeg er hinum háttvirta þingmanni samdóma um þetta, eins er jeg honum ósamdóma um skilninginn á auglýsingu landshöfðingjans frá 1879. Jeg hef áður sagt, að eptir auglýsingunni mætti selja jörð, sem ábúandinn falar, hverjum sem hafa vill, ef hann gefur fyrir hana hæsta verð, og síðan hef jeg styrkzt í þessum skilningi mínum á auglýsingunni, með því að tala við menn, sem áttu þátt í henni og lögðu grundvöllinn til hennar. Hann segir, að uppboðið sje ósamkvæmt auglýsingunni, en mjer finnst það vera samkvæmt henni. Hann álítur, að uppboðið sje teningskast; jeg játa, að það sje meira eða minna satt, en jeg vil leyfa mjer að bæta því við, að uppboðin gefa þó nokkra sönnun fyrir því, að fyrir jörðina fæst ekki meira verð, en í hana er boðið. Mjer skildist þingmaðurinn ætla, að það mundi leiða af uppboðunum, að landssjóðuriun fengi minna fyrir jarðir sínar en annars; hafi jeg skilið þetta rjett, þá er það misskilningur hjá þingmanninum, því í frumvarpinu er stjórninni veitt heimild til að selja jarðirnar fyrir víst tiltekið verð, en ekki minna; ef þetta verð ekki næst, þá verður jörðin ekki seld, nema ábúandinn gjöri eptirboð og segi: jeg tek jörðina fyrir hið tiltekna söluverð.

Ásgeir Einarsson: Jeg hef nú ekki átt svo marga krakkana um dagana, að jeg hafi ekki getað meðgengið þá, en jeg get nú með engu móti játazt undir þann krakkann, sem hinn háttvirti meðnefndarmaður minn vill neyða upp á mig. Já, jeg verð að segja mínum háttvirta nefndarbróður einu sinni enn, að allar hans djúpu rök-

semdir og öll þau mörgu orð, er hann notaði til þess, að telja 2. greininni sinni allt ágæti til gildis, eru frá minni hálfu vegin og ljettvæg fundin, og þó er ákvörðun þessarar 2. greinar talsvert vægari, en atkvæði meiri hluta nefndarinnar í þessu efni í fyrra parti nefndarálitsins. Dæmið, sem jeg tók áðan til að sanna, hve ófær þessi ákvörðun í 2. gr. væri, stend jeg við eptir sem áður, þó hinn háttvirti 5 konungkjörni vilji gjöra lítið úr því. Það getur vel hugsazt, að einhver illa innrættur skussi noti sjer þessi lög á þann hátt, að hann býður meira í einhverja jörð, en ábúandanum þykir hún verð, og flæmi með þessu, ef til vill, dugandi ábúanda frá jörðinni. Nei, hvað feginn sem jeg vildi, þá get jeg ekki gefið þessari grein mins hjartkæra nefndarbróður atkvæði mitt.

Sighvatur Árnason: Ef væru hraðskrifarar hjer á þingi, þá skyldi jeg biðja þá, að lesa upp þau orð, sem jeg talaði áðan, því þó það væri lesið upp orðrjett, er jeg þá sagði, þá mundi ekki finnast eitt orð þar í, sem benti á, að jeg hefði breytt sannfæringu minni. Jeg talaði einmitt þessum orðum: «Jeg ætla, að það sje ekki eins dæmi, að menn breyta frá því, sem maður hefur stungið upp á, þegar annað er orðið ofan á, sem maður getur ekki fallizt á». «Þó jeg álíti» sagði jeg enn fremur, «og sje sannfærður um, að annar vegur sje rjettari, þá vel jeg þó kannske hinn veginn, sem jeg þó álít lakari, heldur en að missa af málinu, því það er almennt, að af tvennu illu, tekur maður það skárra». Þetta voru mín orð, því þó að jeg álíti söluverðið, 15000 kr., fyrir Kaldaðarnesið nógu hátt í fyrstu, þá vildi jeg þó heldur, af því anuað, nefnilega 20,000 kr., var orðið ofan á, stinga upp á 17,000 kr., því jeg áleit, að jeg ætti heldur að hliðra til, þar eð mjer var annt um málið, og áleit, að það væri gagnlegt fyrir báða hlutaðeigendur, að málið fengi framgang; sannfæring mín þurfti ekki og hefur heldur ekki breytzt fyrir það.

Stefán Eiríksson: Umræðurnar um þetta mál eru orðnar ærið langar frá því fyrsta, enda skal jeg ekki lengja þær mjög mikið. Það hefur verið talað um söluverð Kaldaðarness eins og fyrri, og þótti mjer vænt um að heyra, að hinn háttvirti þingmaður Rangæinga hefur ráðfært sig við gagnkunnugan mann og mjög áreiðanlegan um þessa jörð, því þær upplýsingar, sem áður lágu fyrir um þetta mál, voru víst ekki svo áreiðanlegar, að á þeim væri óyggjandi að byggja, að jeg nú ekki tali um fallega skjalið, sem barst hingað í salinn fyrir skemmstu, og jeg trúi vel sögusögn verzlunarfulltrúa Thorgrímsens sem kunnugs og áreiðanlegs manns til þess, að þær 20000 kr., sem jeg hef sett á Kaldaðarnesstorfuna, sje of hátt söluverð, en breyting 1. þingmanns Rangæinga á söluverðinu í 17000 kr. úr 15000 kr., sem áður voru hjá honum, sýnir, að við vorum báðir ókunnugir jörðinni til hlítar, og þess vegna mun jeg gefa þessum 17000 kr. atkvæði mitt, því jeg þykist vita, að þingmaður Rangæinga hafi byggt þetta söluverð á áliti verzlunarstjórans, sem þess manns, er þekkti hina umræddu torfu. Um hinar aðrar breytingartillögur skal jeg ekki tala, en að eins geta þess, að jeg sje ekki, hvað menn geta haft á móti 2. gr. meiri hluta nefndarinnar að minnsta kosti, að hún geti gjört neinn skaða. Vjer þingmenn hljótum að skoða oss sem forráðamenn landssjóðsins, og því hljótum vjer að setja það verð á jarðirnar, sem vjer álítum að hægt sje að fá fyrir þær. Það getur vel verið, að vjer setjum of hátt verð á jarðirnar, og þá er gott að reyna uppboð á þeim, því með því má, ef til vill, finna hið sanna söluverð. Nú er búið að fella út úr frumvarpinu, að selja skuli jarðiruar «ábúendunum einum», og því getur engin hætta verið, að reyna uppboð á jörðunum, með því að meiri hluti nefndarinnar hefur í 2. gr. áskilið ábúandanum forgangsrjett að uppboðsverðinu. En gangi ábúandinn ekki að uppboðsverðinu, þá má selja jörðina hverjum, sem hæst býður.

Framsögumaður: Ef jeg sje, að jeg

hef gjört einhverjum manni rangt til, þá vil jeg vera manna fyrstur til að bæta úr því. Jeg sagði á þá leið, að 1. þingmaður Rangæinga hefði breytt sannfæringu sinni, með því að breyta 15000 kr. í 17000 kr., eins og uppástunga hans nú liggur fyrir. Jeg skal nú gjarnan taka þessi orð aptur, svo ekki standi annað eptir, en sá atburður, sem orðið hefur, að hann hefur fyrst stungið upp á 15000 kr. og svo upp á 17000 kr.

Síðan bar forseti upp til atkvæða frumvarpið og breytingar- og viðaukatillögur þær, sem við það höfðu verið gjörðar.

1. Breytingaratkvæði 4 þingmanna við 1. gr. («í hið minnsta») samþykkt með 8 atkvæðum.
2. Breytingartillaga 4 þingmanna við 1. gr. 8. tölul. («1716» í stað «1650») samþykkt með 10 atkvæðum.
3. Breytingaratkvæði 3 þingmanna við 1. gr. 11. tölul. («2450» í stað «2350») samþykkt í einu hljóði.
4. Breytingaratkvæði 3 þingmanna við 12. tölulið («17000» í stað «20000») samþykkt með 8 atkvæðum.
5. Breytingaratkvæði 3 þingmanna: Eptir 13. tölulið í 1. gr. bætist sem:
   14. tölul. Hjaltastaðir, samþykkt með 7 atkvæðum.
   15. tölul. Páfastaðir, samþykkt með 7 atkvæðum.
   16. tölul. Hafsteinsstaðir, fellt með 6 atkvæðum móti 5.

   Við þennan tölulið var vegna óljósrar atkvæðagreiðslu við haft nafnakall.

   Já sögðu:
   Benidikt Kristjánsson,
   Ásgeir Einarsson,
   Einar Ásmundsson,
   Sighvatur Árnason,
   Skúli Þorvarðarson.

   Nei sögðu:
   Magnús Stephensen,
   Árni Thorsteinson,
   Jón Pjetursson,
   Pjetur Pjetursson,
   Sigurður Melsteð,
   Stefán Eiríksson.

   17. tölulið Litla-Gröf, samþykktur með 7 atkvæðum.
6. Breytingaruppástunga 3 þingmanna: 2. gr. falli burt.

   Vegna óglöggrar atkvæðagreiðslu var við haft nafnakall.

   Já sögðu:
   Benidikt Kristjánsson,
   Ásgeir Einarsson,
   Einar Ásmundsson,
   Sighvatur Árnason,
   Skúli Þorvarðarson.

   Nei sögðu:
   Magnús Stephensen,
   Árni Thorsteinson,
   Jón Pjetursson,
   Pjetur Pjetursson,
   Sigurður Melsteð,
   Stefán Eiríksson.

   Var breytingaruppástungan þannig felld með 6 atkvæðum móti 5.
7. Frumvarpið þannig breytt í heild sinni samþykkt með 8 atkvæðum.

Forseti kvað frumvarpið nú verða afgreitt til neðri deildarinnar.

FYRSTA UMRÆÐA Í NEÐRI DEILD,

á 49. fundi, 12. dag ágústmánaðar.

Frumvarpið, eins og það var samþykkt við 3. umræðu í efri deild, sjá I, 424—425.

Varaforseti: Jeg stend ekki upp af því, að jeg sje máli þessu meira hlynntur en áður. En þegar jeg sje þetta frumvarp, þá furðar mig á því, að efri deildin hefur ekki tekið með Kirkjuból eða Sæból á Ströndum, sem er hjer um bil í eyði. Bóndi fyrir vestan hefur beðizt eptir kaupum á því, og boðið jafnvel geypiverð. Jeg fæ ekki skilið, að það sje viturlega farið með jarðeignir landssjóðsins, að selja það allt af þeim, sem bezt er, en gjöra vesöllustu kotin ekki föl, þó að meira sje í þau boðið, en þau eru verð. Jeg mun því koma

með breytingaratkvæði í þá átt, að koti þessu sje bætt við.

Ólafur Pálsson: Þetta mál kemur svo umbreytt frá efri deildinni, að jeg ætla varla að þekkja það. Fyrst hljóðaði frumvarpið að eins upp á 3 eða 4 jarðir; nú eru þær orðnar um 20, ásamt ýmsum öðrum stórkostlegum breytingum. Það eru einkum 2 jarðir, sem mjer þykir athugavert við: nefuilega Þverá hefur verið færð upp, en Bolhraunin alveg látin falla. Jeg mun því koma með 2 breytingaratkvæði við 2. umræðu, til að kippa þessu aptur í lag.

Eirikur Kúld: Þótt jeg, eins og áður, sje eigi hlynntur þjóðjarðasölu, þá vil jeg þó leggja það til, þar sem málið kemur eptir langa mæðu frá efri deildinni, að nefnd sje sett í það. Jeg vil heldur, að það sofni í nefnd, en fái fram að ganga með þessum ummerkjum. Jeg skírskota til orða þingmanns Skaptfellinga, og jeg mundi einnig geta komið með eins mikla og aðra galla á frumvarpinu, en fram hafa verið teknir. Jeg mæli því sterklega með því, að nefnd sje sett í málið.

Forseti bar þá undir atkvæði, hvort nefnd skyldi sett í málið, og var það fellt með 11 atkvæðum gegn 5.

Jón Ólafsson: Jeg vil mæla með því, að frumvarp þetta verði fellt sem fljótast, og það þegar við þessa umræðu, af þeim ástæðum, að jeg er á móti allri þjóðjarðasölu. Það er almennt viðkvæði þeirra, sem mæla með þjóðjarðasölu, að við það mundi aukast sjálfsábúð. Jeg get ekki sjeð, að það hafi orðið til þess hingað til; reyndin hefur orðið sú, að sjálfsábúðin eykst ekki *að sama skapi*, sem margar jarðir eru seldar. Þegar frá líður, hefur reyndin orðið, að jarðirnar hafa viljað safnast í eigu einstakra auðmanna og maurapúka, sem sjúga út fátæka landseta og parta jarðirnar út í smábýli. Þá þyrfti fyrst tryggingu fyrir því í nýjum landbúnaðarlögum, að jörðin yrði virkileg sjálfseign. Það er óneitanlegt, að þær jarðir eru vest setnar, sem eru bændaeignir og eigendur sitja ekki sjálfir á; en landssjóðsjarðirnar eru bezt setnar, þar sem jeg til þekki, og sanngjarnlegast byggðar. Landssjóðurinn litur ekki á stundarhag og byggir því jarðirnar sanngjörnum mála, en lætur líta eptir, að þær sjeu vel setnar, en einstakir menn, er eiga fleiri jarðir, hugsa mest um stundarhaginn og um að skrúfa upp afgjaldið sem mest, en hirða minna um, þótt jarðirnar sjeu níddar. Þótt jeg þá sje ekki móti þjóðjarðasölu í sjálfu sjer, þá er jeg samt á móti henni, eins og nú er, og vex mjer einkum í augum, að þessa tryggingu vantar alveg fyrir því, að sjálfsábúðin aukist.

Benidikt Sveinsson: Jeg er alveg á gagnstæðri skoðun við þingmanu þann, er síðast talaði. Jeg hef ávallt fylgt fram þeirri skoðun, að rjett sje að selja þjóðjarðirnar, svo framarlega sem fyrir þær fæst viðunanlegt verð. Það er alveg óeðlilegt, að landssjóðurinn sje búmaður. Og á hinn hóginn er það einnig óeðlilegt, að þeir, sem búa á jörðunum, hafi ekki aðgang að því, að fá þær keyptar, ef þeir vilja og geta borgað fullt verð fyrir þær. Þetta á þingið að hafa fyrir augum. Hinu háttvirti þingmaður verður og að gæta þess, að þessi skoðun hefur rutt sjer til rúms á undanförnum þingum. Neðri deildin samþykkti þingsályktun 1879, er stóð á sama grundvelli og þetta frumvarp er byggt á. Þingmaðurinn vildi ekki selja þjóðjarðirnar, og kom með það sem ástæðu, að þær væru bezt setnar. Þetta er ekki rjett. Jeg þekki betur til, og get fullvissað hann um, að það eru engar jarðir ver setnar en einmitt jarðir landssjóðsins. Jeg vil ekk nefna þær; þær eru miklu fleiri en fingurnir og tærnar á mjer. Ábúendur nota ekki lífsábúðina til að bæta jarðirnar fremur en til að níða þær; hjá flestum standa þær alveg í stað. Þeir hugsa lítið um að bæta jarðirnar, heldur mest um það, að geta innt af höndum eptirgjaldið. Bóndinn þarf að hafa þá hvöt, þegar hann er að strita og starfa, að afkomendur hans njóti erfiðisins. Þetta á hann ekki víst, ef hann býr á

þjóðeign. Jeg þekki og einstakra manna eignir, sem ekki eru vel setnar, en undantekningarlaust gildir það, að þeir, sem eiga jarðirnar sjálfir og búa á þeim, bæta jarðirnar bezt og mest. Sýni hinn heiðraði þingmaður mjer þann leiguliða, sem hefur unnið eins mikið að jarðabótum og húsað jafnrisulegan bæ, og hinn valinkunni atorku- og framkvæmdarmaður, bóndinn á Laxamýri. Hvar hittir annan eins bóndabæ á Íslandi? Hann er ekki til. Það mundi einnig talið heimskulegt, ef leiguliði legði út í annan eins kostnað og umbætur, sem hann ætti ef til vill skamma stund að njóta og fengi ekkert fyrir.

Það er skrifað í hvers manns brjósti, að vilja heldur bæta sína eigin eign en annara. Jeg get ekki annað en verið efri deildinni þakklátur fyrir að hafa samþykkt frumvarpið, því þótt hún hafi sleppt sumum jörðum, þá legg jeg minni áherzlu á það. Það er merkilegt, að vilja halda í þessa ónýtu jarðarskika landssjóðsins, og gjalda af þeim $^1/_6$ í umboðslaun, sem er tekið beinlínis úr vasa bændanna. Landið hefur ekkert gagn af því fje.

Landssjóðurinn verður aldrei búmaður. Hann hefur löggjafarvaldið, og getur lagt á gjöld. Það er hans rjettur, en ekki það, að vera búmaður. Og þegar sú stefna ryður sjer til rúms, sem jeg óska ekki yrði, að landssjóðurinn eigi að leggja fram fje til þess, að bæta jarðir sínar, þá mun reynast, að það verður til helbers skaða fyrir hann sjálfan og landið yfir höfuð.

Jeg skal svo ekki fjölyrða meir um málið að þessu sinni, en að endingu mæla með því, að það gangi til 2. umræðu.

Friðrik Stefánsson: Hinn háttvirti 2. þingmaður Norður-Múlasýslu hefur tekið fram flest af því, sem jeg vildi hafa sagt. En jeg vil þó leyfa mjer að geta þess um þjóðjarðirnar í Skagafjarðarsýslu, sem hjer eru til umræðu, að þær eru að mínu áliti of dýrt metnar bæði í samanburði við þjóðjarðirnar í Húnavatnssýslu, og eins við jarðir í Skagafirði, sem ganga kaupum og sölum. Það er eigi tilgangur minn að ætla að kasta eingöngu sökinni fyrir það á hina heiðruðu ofri þingdeild, sem hefur haft málið til meðferðar, því hún hefur farið eptir matsverði sýslunefndarinnar; en mat sýslunefndarinnar var mjög hátt, sem að nokkru leyti á rót sína í því, að jarðirnar voru fyrrum dýrastar að hundraðatölu næst biskupsstólunum. Jeg vil leyfa mjer að svara hinum háttvirta 2. þingmanni Suður-Múlasýslu, þar sem hann sagði, að þjóðjarðasalan mundi eigi auka sjálfseign. En hvernig ætti þetta að geta verið rjett? Jeg held ekki, að það sjeu svo margir ríkismenn nú, sem fara að leggja peninga sína í að kaupa jarðir þessar, og þó þeir keyptu þær og ættu um sina daga, þá tvístrast þær þó og skiptast meðal erfingja eða annara, þegar þeir deyja. Við sölu á jörðum Hólastóls urðu margir sjálfseignarbændur, sem, eins og eðlilegt var, höfðu langtum meiri búnað á jörðunum, og það áður langt leið frá því jarðirnar voru seldar, heldur en leiguliðar á stólsjörðunum höfðu áður, og hef jeg þess ljóst dæmi í Skagafirði með Viðvíkurhrepp. Stóllin átti flestar, ef ekki allar jarðir í þeim hrepp, því um það bil, sem þeir voru að sleppa undan leiguliðaokinu, voru þeir svo illa staddir, að þeim hrepp var lagður styrkur frá Holts- og Fellshreppum í Skagafjarðarsýslu, en nú eptir landhagsskýrslunum, sem þingmaðurinn hefur víst litið í, er Viðvíkurhreppur að tiltölu bezt standandi af öllum hreppum norður- og austurumdæmisins, enda búa flestir bændur þar á sjálfseign. Hinn heiðraði þingmaður sagði enn fremur, að landssjóðurinn hefði óhag af að selja jarðir sínar. Það er ekki langt síðan, að það var til umræðu hjer í deildinni eptir frumvarpi stjórnarinnar til fjárlaga fyrir 1882—83, að veita 17,000 kr., til þess að varna sandfoki á jarðir landssjóðsins í Skaptafellssýslu. Ætli nú að landsjóðnum væri eigi eins gott, að vera alveg laus við slíkar jarðir. Jeg álít heldur ekki ósanngjarnt, að jarðirnar sjeu boðnar upp; það þarf eigi að gjöra ábúendum þeim, er vilja kaupa jarðir þær, sem þeir sitja á,

neinn örðugleik, því það verða fáir til að yfir bjóða í þær jarðir, sem fastur ábúandi situr á. Jeg verð því að mæla fastlega fram með því, að mál þetta nái fram að ganga hjer í deildinni.

Þórður Magnússon: Jeg skal játa það, að fyrir fáum árum var jeg þeirrar skoðunar, að nauðsynlegt væri að selja þjóðjarðir, en sú skoðun mín hefur gjörsamlega breytzt við nákvæmari umhugsun. Jeg hef sjeð svo mörg dæmi þess, að sjálfseignarbændum hefur eigi fjölgað, þótt jarðir væru seldar, því það er eigi nálægt því allt af ábúendur, sem kaupa þær. Væri svo, að þingi nú þætti landssjóðnum byrði í jörðunum, þá væri bezt að bjóða þær upp strax allar saman; þá yrði komizt hjá kostnaði þeim, er leiðir af innköllueninni. En jeg hygg, að þjóðjarðasalan mundi verða til þess, að landssjóðurinn missti hinar beztu og stærstu jarðir sínar, því þær vilja menn helzt kaupa, en smájarðirnar og kotaruslið yrði eptir, og það gæti orðið landssjóðnum til byrðar og kostnaðar. Sjálfseignarbændur verða lítið fleiri, þótt þjóðjarðir sjeu seldar, því einstakir ríkismenn kaupa þær undan ábúendunum, og svo búa þá leiguliðar á þeim eptir sem áður. Margar jarðir landssjóðsins eru vel setnar, og víða gjörðar á þeim jarðabætur, þó jeg áliti, að meira mundi að þeim kveða, ef ábúendum væri gjört að skyldu að vinna svo og svo mikið í jarðabótum, en landskuldin, sem víða er væg, látin standa við sama; við þetta mundu jarðirnar vaxa að dýrleika, og landssjóðurinn gæti síðar selt þær miklu hærra verði. Jeg verð því að mæla móti þjóðjarðasölunni, og óska, að undantekningar verði sem fæstar.

Þorlákur Guðmundsson: Jeg get eigi verið samdóma hinum heiðraða þingmanni, sem síðast talaði. Jeg er fullkomlega sannfærður um, að það er rjett, að þjóðjarðasalan fari fram á stillilegan hátt. Sá háttvirti þingmaður, sem síðast talaði, ljet í ljósi, að hann væri hræddur um, að landssjóðurinn mundi missa sínar beztu jarðir, og þetta hefur áður verið sagt, en af hverju kemur þetta? Það kemur, að því leyti það kann satt að vera, af því, að þær smærri og lakari ekki eru gefnar falar, jafnótt og þær losna úr ábúð. Þá er jeg viss um, að það ljelegasta kot, sem landssjóðurinn á, seldist mikið meira, en það rentar sig nú, svo þó það væri *áður*, að þeir, sem ríkir voru, keyptu margar jarðir, til þess þannig að ávaxta peninga sína, meðan engar aðrar leiðir voru kunnar hjer á landi, eða mögulegar til að ávaxta peninga, og eðlilega á þeim tíma gátu staðið sjálfseignarábúð fyrir þrifum. En *nú* er eigi hætt við, að svo fari, því nú vilja menn heldur ávaxta peninga sína á annan hægri og hagkvæmari hátt, bæði með því að kaupa skuldabrjef fyrir þá, eða á annan hátt koma þeim á vöxtu móti tryggu veði. Yrði nú leiguburður af peningum mót fasteignarveði gefinn frjáls, væri því síður að óttast, að einstakir menn drægu undir sig jarðir. Eigi eru nema nálægt 30 til 40 ár, síðan menn fóru að þekkja peningabrúkun hjer í landi; Johnsen sálugi frá Álaborg var hinn fyrsti, sem vakti athygli manna á peningabrúkun hjer hjá okkur. Jeg er því eigi hræddur um, að þjóðjarðirnar lendi í einstakra manna höndum, þótt þær verði boðnar upp með tryggjandi skilmálum, heldur er það miklu líklegra, að menn setji peninga sína á rentu, en að menn fari að kaupa jarðir, því að þeim mun þykja betra að eiga vísar renturnar í peningum, enda er það hægra og hyggilegra, heldur en að vera að deila við landseta um leigur og landskuldir og miður góða ábúð. Viðvíkjandi því, er hinn háttvirti 2. þingmaður Suður-Múlasýslu sagði, að þjóðjarðir væru eins vel setnar og sjálfseignarjarðir, þá skal jeg geta þess, að því er alls eigi svo varið, að minnsta kosti eigi hjer á Suðurlandi. Jeg þekki örfáar þjóðjarðir, sem eru vel setnar. Jeg ætla og, að

fáir einstakir menn okri með jarðir sínar fremur en landssjóðurinn. Það er flestum mönnum innrætt, að láta sjer vera meira annt um sína eigin eign en annara. Jeg get ekki annað en furðað mig á skoðun þeirra manna, sem vilja heldur láta fjölda manna vera leiguliða landssjóðsins, en leyfa þeim að gjörast sjálfseignarbændur. Þetta er skrítin leiguhugmynd; ætli það sje þá ekki líka bezt, að hafa bæði leiguhross og leiguskip, þegar maður ferðast eitthvað, og ganga ávallt í leigufötum. Jeg ætla svo ekki að fjölyrða meira um málið, en vona, að deildin taki vel undir það.

Eiríkur Briem: Jeg er því máli mikið hlynntur, að jarðir landssjóðsins verði smám saman seldar, ef gott verð býðst fyrir þær. Frá mótstöðumönnum þjóðjarðasölunnar hafa einkum komið fram tvær mótbárur. Önnur mótbáran er sú, sem hinn háttvirti 2. þingmaður Ísfirðinga tók fram, að þessi sala mundi eigi verða til þess, að auka sjálfseignábúð í landinu, heldur að jarðirnar mundu flestar lenda í höndum einstakra ríkismanna, er mundu setja ábúendunum mikið harðari kosti, heldur en hið opinbera. En um það eru flestir eða allir samdóma, að sjálfseignarábúðin sje bezt og happasælust til framfara í landbúnaðinum. Jeg skal að vísu játa það, að þó að jarðasalan sje bundin því skilyrði, að ábúandinn kaupi jörðina, þá má þó við því búast, að vel geti svo farið fyr eða síðar, að annar verði eigandi að jörðinni, en þó svo fari, þá gengur þó jörðin kaupum og sölum, og þær jarðir verða fleiri, sem ábúendurnir eiga kost á að kaupa eða eigandinn að flytja sig að, og á þennan hátt hlýtur jarðasalan að auka sjálseign í landinu. Hinn háttvirti 1. þingmaður Árnesinga tók fram, að nú væru ekki hinar sömu ástæður til að safna jarðeign, sem áður hefðu verið, og þetta er satt; áður var enginn anuar vegur fyrir menn til að verja fje sínu, svo að það yrði arðberandi, en að kaupa jarðir, en nú standa mönnum ýmsir aðrir vegir opnir, og það er líklegt, að þetta verði því fremur, sem lengur líður, t. d. ef arðberandi skuldabrjef færu að ganga hjer manna á milli. En eins og hvötin er minni nú en áður fyrir peningamennina til að sækjast eptir að kaupa margar jarðir, eins er mönnum nú hægra en áður að kaupa ábýlisjörð, þótt menn hafi eigi mikið fje. Áður var mjög erfitt að kaupa jörð, ef menn áttu ekki næga peninga til að borga hana þegar út, en nú geta menn opt fengið lán til þess að meira eða minna leyti, og líklegt er, að það verði enn hægra hjer eptir en hingað til. Þetta hefur þá afleiðing, að nú sækjast menn yfir höfuð helzt eptir að kaupa þær jarðir, sem þeir búa á. Einnig hafa menn nú meiri hug á jarðabótum en áður, og það fer ekki hjá því, að þegar menn fara að hugsa um að gjöra jarðabætur, eigi að eins svo sem hjáverk eða til gamans, heldur til þess að gjöra með því peninga sína arðberandi, þá munu menn líta mikið á það, hvort þeir sjálfir eiga jörðina eða ekki, og flestir munu auk þessa heldur vilja búa á *sinni* eigin eign *en* annara. Af þessu öllu leiðir þá, að menn framvegis munu fremur en áður bæði vilja og geta keypt ábýlisjarðir sínar, og að auðmennirnir munu síður sækjast eptir að kaupa leigujarðir og fremur láta þær falar. Hin mótbáran móti jarðasölunni er sú, að jarðirnar munu vaxa í verði framvegis, og verði það svo, þá sje það skaði fyrir landssjóðinn að selja þær nú. Þeir menn, er þetta segja, hafa mikið til síns máls, og eins og jeg treysti því, að landbúnaðurinn eigi sjer mikilla framfara von, eins tel jeg víst, að jarðir muni með tímanum hækka í verði; en þó að svo sje, þá stendur landssjóðurinn sig vel við að selja jarðir fyrir fullt verð, fyrst af því, að hann nýtur óbeinlínis þeirra hagsmuna, sem bændur hafa af að kaupa jarðirnar, við það að bú þeirra

batnar. Annað er það, að umboðslaunin sparast, að því leyti sem landssjóðurinn fær sama verð fyrir jarðirnar, sem þær leigjast fyrir, og það er 1/6 af verðinu, eptir því sem nú stendur. Þessi sjöttungur yrði eptir nokkurn tíma orðinn mikil upphæð, ef hann væri settur á vöxtu með rentu og rentu-rentu. En þegar einstakir ábúendur leggja svo mikið kapp á að kaupa ábýli sín, að þeir bjóða mikið meira fyrir þær, en þær renta sig fyrir, þá er hagurinn svo miklu meiri fyrir landssjóðinn að selja þær. Jeg tek til dæmis þær 7 jarðir í frumvarpinu, sem eru í Húnavatnssýslu; verðið á þeim öllum til samans er 21,500 kr., allt að 5000 kr. meira, en þær renta sig fyrir, þó að umboðslaunin sjeu eigi talin frá. Ef landssjóðurinn legði í sjerstakan sjóð það, sem hann þannig fengi í rentur af verði jarðanna umfram það, sem hann fær af eptirgjöldum jarðanna, þá mundi sá sjóður með rentum og renturentum vaxa fyllilega jafnhliða því, sem jarðirnar kunna að hækka í verði. Þegar svo hátt verð býðst fyrir jarðirnar, að það nemur til jafnaðar miklu meira, en svarar eptirgjaldi jarðanna, bæði því, sem nú er, og því, sem ráðgjört er að síðar verði sett, þá held jeg, að eigi sje frá þeirri hlið ástæða til að hafa á móti þjóðjarðasölunni yfir höfuð að tala. Viðvíkjandi einstökum jörðum, þá er það sjálfsagt, að til þess að þær verði seldar, þá þarf að fá fullnægjandi skýrslur og skilríki um þær. Hvað jarðir þær, sem hjer er nm að ræða í Húnavatnssýslu, snertir, þá var með þingsályktun í hitt eð fyrra tiltekin aðferð fyrir ábúendur, er vildu kaupa ábúðarjarðir sínar, og eptir því hefur nákvæmlega verið farið.

Holgeir Clausen: Jeg ætla að eins að tala fáein orð. Jeg veit það, að ef sá maður, sem á eina jörð, býr sjálfur á henni, þá muni jörðin vera betur hirt en hjá leiguliða. Þjóðjarðirnar eru kannske vel passaðar af umboðsmönnunum; getur verið, að svo sje sumstaðar, en jeg veit til þess, að sumir umboðsmenn líta ekki eptir jörðunum, sem þeir eru skipaðir yfir, svo mörgum árum skiptir, og þá sleikja þeir súrt smjör og fá sína borgnn; ætli það væri ekki eins gott, að láta bændur fá það? Jeg vil taka til dæmis: Ef ungur duglegur bóndi tekur umboðsjörð með konu sinni og býr þar í 20 ár, en eignast síðan jörð, og flytur sig þangað, þá fær hann enga uppbót af umboðsmanninum, hversu mikið sem hann hefur bætt umboðsjörðina, og þegar svo maðurinn deyr, þá er ekkjan þurfandi fyrir að fá það, sem maður hennar hefur kostað upp á umboðsjörðina, og fær þó enga aðstoð hjá umboðsmanninum. Við erum ekki allir svo hjartagóðir. Jeg er frumvarpinu meðmæltur, að þjóðjarðirnar verði seldar, því að jeg segi fyrir mig, að ef jeg ætti jörð, þá mundi jeg sjá miklu betur um hana, heldur en ef annar ætti ábúðarjörð mína. En það er ekki mín meining, að umboðsjarðirnar verði boðnar upp á einu ári, heldur má gjöra það smátt og smátt, og þó að jarðirnar verði betri síðar, þá er það ekki tap, því að landssjóðurinn fær sitt og bændur sitt. Jeg ætla nú ekki meira að segja, en vona, að þingið felli ekki frumvarpið.

Jón Ólafsson: Hinn háttvirti sessunautur minn sagði, að þjóðjarðir væru eigi vel setnar, og kæmi það af því, að varla væri tilvinnandi að kosta upp á jarðabætur, þar sem ekkjur ábúanda og börn þeirra fengju sjaldan að halda ábúðinni, og gætu því ekki notið jarðabótanna. Jeg veit ekki betur, en það sje víðast hvar alsiða, að ekkjur og jafnvel börn þjóðjarða-landseta eru látin sitja fyrir ábúðarrjettinum, svo að þannig hafa leiguliðar fulla hvöt til, að bæta ábúðarjarðir sínar, að minnsta kosti eins þeir, sem á þjóðjörðum sitja, eins og þeir, er búa á eignum einstakra manna. Hinum háttvirta þingmanni Snæfellinga þótti æskilegra, að einstakir menn ættu jarðirnar,

því að umboðsmennirnir litu aldrei eptir þjóðjörðunnm. Ef svo er, þá er það eptirgangsmunaleysi yfirboðaranna að kenna, því að umboðsmönnum er fyrirskipað, að skoða hverja jörð, sem þeir hafa umboð yfir, einu sinni á ári. En varla mun það líklegra til jarðabóta, að einstakir auðmenn, jeg vil ekki segja maurapúkar, safni að sjer jarðeignum, því að þeir hugsa minnst um að bæta jarðir sínar, heldur um hitt, að fá sem mest eptirgjald og krýja sjer saman sem flestar krónurnar í eptirgjald um sína tíð. Jeg er, eins og jeg hef skýrt frá, ekki á móti þjóðjarðasölu yfir höfuð, en jeg er á móti henni undir þeim kringumstæðum, sem nú eru. Rök þau, sem hinn háttvirti sessunautur minn leiddi að þjóðjarðasölu, áttu við almennt, en ekki undir núverandi kringumstæðum. Meðan landssjóðurinn á jarðirnar, er það föst eign fyrir hann, en þá er þeim hefur verið breytt í peninga, má vera að honum haldist ekki lengi á þeim, og þeir verði honum að litlum notum. Ekki eru allir svo sparir á peninga landssjóðs. Hinn háttvirti 1. þingmaður Skagfirðinga sagði, að verð þjóðjarðanna væri sett of hátt. Skyldi það vera hagur fyrir landssjóðinn, ef það væri sett lægra?

Hinn háttvirti 1. þingmaður Ásnesinga er sjálfsagt fróður í kenningum jafnaðarmanna. En hann ætlar máske, að eigi verði tryggð sjálfsábúð, jeg vil enda segja á hverri jörð á Íslandi, án þess að setja lög samkvæmt kenningum jafnaðarmanna. Að hann vilji eigna mjer jafnaðarkenningar, furðar mig ekki svo mjög, eptir þeirri þekkingu, sem hann líklega hefur á jafnaðarkenningum; en vill hann þá líka drótta jafnaðarkenningum að háyfirdómara Jóni Pjeturssyni? Þingmaðurinn hefur sjálfsagt lesið nefndarálit um frumvarp til landbúnaðarlaga eptir minni hluta nefndar þeirrar, sem sett var milli þinga. Þar eru tekin fram nokkur tryggjandi skilyrði fyrir sjálfsábúð; en hann vill líklega álíta þann minni hluta fyrir «socialista».

Hinn háttvirti 2. þingmaður Húnvetninga sýndi með reikningi, að rentan af upphæð þeirri, er þjóðjarðir þessar eru metnar hjer til sölu, sje hærri en svo, að hún samsvari afgjaldi jarðanna. Þetta sýnir bæði það, að þær eru ekki of hátt leigðar nú, og svo hitt, að þær eru að stíga í verði; því er nú boðið svo hátt í þær, af því auðsjeð er, að jarðirnar verða innan fárra ára enn meira virði. Skyldi þá vera heppilegt að selja þær nú, þar sem þær einmitt eru að hækka í verði? Hinn háttvirti 2. þingmaður Ísfirðinga tók greinilega og röggsamlega fram ástæðurnar móti þjóðjarðasölunni, og sannaði hann þá sögu mína, að víða eru þjóðjarðir bezt setnar, en bændaeignir ver, svo að það er eigi eindæmi, að svo hagi til í þeim sveitum, sem jeg þekki.

Guðmundur Einarsson: Jeg skal leyfa mjer að geta þess, að jeg er samdóma hinum háttvirta 2. þingmanni Húnvetninga, um að það verði til hinna mestu heilla, að gefa frjálsa þjóðjarðasölu, og búnaðinum til eflingar. Það er þegar orðið öllum fjöldanum ljóst, að það er hinn mesti hagur að bæta sjálfseign sína, og nú mun ekki líða á löngu, þar til menn sjá, að það gefur frá 20 af hundraði og þar yfir í gróða að bæta jörð sína, en ábúandinn hikar sjer við út í óvissu að leggja út í hinn mikla kostnað, sem opt útheimtist til að fá slíkan arð, en við það hikar jarðeigandinn sjer eigi, því ágóðinn er í aðra hönd viss handa honum eða hans. Hinn háttvirti þingmaður Húnvetninga gleymdi áðan að nefna tekjuskattinn, sem landssjóður fær til inntektar um leið og hann selur jarðir sínar, og munar hann það um leið og hann losast við að greiða 6% í umboðslaun, svo þjóðjarðasalan verður að þessu leyti á tvöfaldan hátt landssjóðnum til bagnaðar. Til dæmis að taka jarðirnar, sem í 1. gr. frumvarpsins er lagt til

að megi selja, nema bjer um bil 68,000 króna virði. Sje árlegt afgjald af þeim 2720 kr., þá verða umboðslaunin af þeirri upphæð 453 kr., sem landssjóðurinn fríast árlega við að greiða, en jafnframt fær hann tekjuskatt ár hvert af 2720 kr. sem nemur 108 kr. þannig græðir hann árlega á þennan hátt 561 krónu. Að öðru leyti álít jeg vafalaust landinu til framfara, að gjöra þjóðjarðirnar að bændaeignum.

Sökum þess að eigi tóku fleiri til máls, ljet forseti ganga til atkvæða og var samþykkt með 15 atkvæðum gegn 3, að frumvarpið skyldi ganga til 2. umræðu.

ÖNNUR UMRÆÐA Í NEÐRI DEILD,
á 50. fundi, 16. dag ágústmán.

Breytingartillögur
við frumvarp til laga um, að stjórninni veitist heimild til að selja nokkrar þjóðjarðir, eins og það var samþykkt við 3. umræðu í efri deild.

a.

Breytingartillaga
frá Ólafi Pálssyni.

Við 1. gr.: í stað 7370 kr. komi: 6000 kr.
1. gr.: í stað 2027 — komi: 1727 —

b.

Breytingartillögur
frá Friðriki S. Stefánssyni, Jóni Jónssyni og Þórarni Böðvarssyni.

Við 1. grein 14: Í stað 6000 kr. við Hjaltastaði í Skagafjarðarsýslu með 2 hjáleigum komi: 5600 kr.

Við 1. grein: Á eptir 14. í 1. grein komi: 15. Hafsteinsstaðir í sömu sýslu 2600 kr.

Við 1. grein: 15. töluliður verði 16. og komi þar við Páfastaðir í sömu sýslu 2600 kr. í stað 2800 kr.

Við 1. grein: 16. töluliður verði 17., og komi þar við Litla-Gröf í sömu sýslu 1600 í staðinn fyrir 1750.

Við 1. grein: 17. töluliður verði 18.

c.

Viðaukatillaga
frá Þórarni Böðvarssyni

Við 1. gr.: Eptir tölulið «17.» komi: «18.» Kirkjuból (Sæból) í Grunnavíkurhreppi fyrir 300 kr.

Landshöfðingi: Frumvarp það, er hjer liggur fyrir, hefur fengið verulegar breytingar og viðbætur í efri deild þingsins, þar sem bæði er bætt við 14 jörðum og breytt þeirri aðalreglu, sem þingið í bitt eð fyrra byggði ályktun sína viðvíkjandi þjóðjarðasölunni á, sem sje, að ekki skyldi selja þjóðjarðirnar öðrum en ábúendunum. Í stað þess leggur frumvarpið, eins og það er samþykkt af efri deildinni, það til, að þessar jarðir skuli bjóða fram á lögmætu uppboði, og þannig að forkaupsrjetturinn sje áskilinn ábúanda fyrir uppboðsverð, sambr. tilsk. 18. júní 1723; en vilji hann ekki ganga að þessu uppboðsverði innan 2 mánaða frá uppboðsdegi, virðist meiningin frumvarpsins að vera sú, að þá skuli selja jörðina hæstbjóðandanum. En þetta álít jeg mjög ísjárvert, þar sem þeirri reglu hefur ávallt verið fylgt með jarðagóss landssjóðsins, að jarðirnar hafa verið byggðar ábúendunum æfilangt, og þeir hafa treyst því, að þeir yrðu ekki sviptir ábúðarrjettinum, á meðan þeir gjörðu skyldu sína gagnvart landsdrottni, landssjóðnum. Jeg verð þess vegna að mæla á móti þeirri breytingu, sem þannig hefur komið á frumvarpið, og sem að mínu áliti gengur rjetti ábúandanna of nærri. Jeg vildi helzt halda þeirri ályktun óbreyttri, sem alþingi samþykkti í hitt eð fyrra, að ekki skuli selja jörðina neinum öðrum en ábúandanum, meðan jörðin er í lífsábúð, en vilji þingið breyta þessari skoðun, verð jeg að álíta það bæði rjettlátt og sanngjarnt, að áskilja við söluna,

að ábúðarrjetturinn sje óskertur, á meðan ábúandinn stendur í skilum, og að það verði að vera komið undir frjálsum samningi milli ábúandans og kaupandans, hvort ábúandinn vilji sleppa ábúðarrjetti sínum, og þá með hvaða kjörum. Jeg skal þess vegna leyfa mjer að mæla með því, að hin háttvirta deild felli úr 2. gr. frumvarpsins, og við 3. umræðu bæti við 1. gr. eptir þessi orð: «heimild til að selja», orðunum: «ábúendunum, eða öðrum að óskertum rjetti ábúandans». Einnig skal jeg mæla með því að fella úr 3. gr. frumvarpsins, þar sem hún að mínu áliti er óþörf, og á ekki alls kostar vel við í lögum, sem eingöngu eiga að veita stjórninni heimild til að selja þjóðjarðir þær, er ábúendur hafa falað. Það er vitaskuld, að stjórnin, þegar heimild er fengin henni, eigi að sjá um, að söluskilmálarnir verði landssjóðnum sem mest í hag, og þeir, sem greinin til tekur, eru að vísu aðgengilegir frá landssjóðsins hálfu, en það er ekki nein ástæða til, ef stjórnin getur útvegað landssjóðnum betri skilmála, þá að hafna þessu. Það er ekki eingöngu með tilliti til söluverðsins eða borgunarmáta þess, að semja á við kaupandann, heldur og með tilliti til annara atriða viðvíkjandi sölunni, t. a. m. landamerkja o. fl.; og það mun óhætt að fela stjórninni allt það, er að sölunni lýtur, svo að lögin eingöngu eiga inni að halda heimild til að selja hlutaðeigandi jörð með því verði, sem ákveðið er í lögunum. Þingið getur átt það víst, að jarðirnar verði ekki seldar með vægari kjörum en þeim, sem 3. grein frumvarpsins til tekur. En þegar um þjóðjarðasölu er að ræða, er það að mínu áliti skylda löggjafarvaldsins, að sjá um það, að þær verði seldar með sem hæstu verði, sem fengizt getur. Hitt er sjálfsagt, að kaupandinn gangi ekki að hærra verði, en hann sjer hag sinn í. Aptur á móti er það auðsjeð þegar af þessu frumvarpi, að það eru hinar beztu þjóðjarðir, sem falaðar verða af ábúendum, og að með því sje sú hætta búin landssjóðnum, að halda eptir hinum lökustu þjóðjörðunum. Það mun þess vegna vera ástæða til frá þingsins hálfu, að fara ekki of fljótt í þjóðjarðasöluna, og sjer í lagi ekki að ákveða ofvæga söluskilmála.

Það er snertir söluverðið á hinum einstöku jörðum, sem hjer getur um, leiðir það af því, sem jeg þegar hef sagt, að jeg álít það nauðsynlegt, að ákveða söluverðið þannig, að hinu sanna verði hlutaðeigandi jarðar í sölum og kaupum verði náð, og að þess vegna eigi að ákveða söluverðið með þeirri hæstu upphæð, er metin hefur verið af þeim, er hafa gefið skýrslur og tillögur þær, er ræðir um í þingsályktuninni frá í hitt eð fyrra, sem sje umboðsmanni, hreppsnefndum, sýslunefndum og amtsráðum, því jeg geng út frá því visu, að enginn þeirra hafi sett söluverðið of hátt, og skyldi svo bera til í einstöku tilfellum, þá mun sjálfsagt hlutaðeigandi kaupandi sjá um sinn hag sjálfur og ekki ganga að því söluverði, en alþingi á frá sinni hálfu að sjá um, að söluverðið ekki sje ákveðið of lágt, því þingið á að gæta þarfa landssjóðsins í þessu máli og öðru. Þar sem söluverð hinna einstöku jarða hefur ekki alstaðar í frumvarpinu verið ákveðið eptir þessari reglu, og þar sem auk þess nú liggja fyrir fleiri breytingartillögur um að færa söluverðið niður, þá skal jeg við 3. umræðu leyfa mjer að stinga upp á hinum nauðsynlegu breytingum í þá átt. Að endingu tek jeg það upp aptur, að jeg mæli með, að hin háttvirta deild felli úr 2. og 3. gr. frumvarpsins.

Arnljótur Ólafsson: Jeg verð að láta þá skoðun í ljósi, að mjer virðist frumvarpið á mjög góðum rökum byggt, og þræði þann rjetta veg, er þetta mál á að fara fram, það er að segja, að gæta vel hagnaðar og rjettar landssjóðsins, og að ábúandi njóti alls lagarjettar. Að uppboð fylgi eptir 2. gr., finnst mjer alveg eðlilegt, til að gæta hagsmuna

landssjóðsins. Sú uppástunga kom og fram á síðasta þingi, og var felld með mjög litlum atkvæðamun. Jeg get ekki sjeð, að það geti verið mótbára á móti grein þessari, er landshöfðinginn tók fram um ábúðarrjett landseta. Jeg er ekki lagamaður, en jeg álít þó einsætt, að kaupandi eins hlutar á uppboðsþingi geti ekki fengið hann með meiri rjetti en hann átti, er selur, eða með öðrum orðum, að ábúðarrjetturinn sje alveg eins bindandi fyrir kaupanda eins og fyrir seljanda. Ef þessi skoðun er rjett, sem jeg hygg sje, þá sje jeg enga ástæðu fyrir þá sök, að fella burt úr frumvarpinu 2. og 3. grein. Mjer þykir og uppboðið kostur við frumvarpið, því það er vanalega áskilið, þegar selja á fyrir hið opinbera, þá á að gjöra það á lögmætu uppboðsþingi, til þess að fá fullt verð, og því þá ekki eins um þjóðjarðirnar? Jeg get að visu ekki borið um einstök atriði í verðlagi jarðanna, þar sem jeg hef ekki sjeð skýrslur þær, er fylgdu málinu til þings, en jeg þykist vita, að í frumvarpinu sje þó farið eptir þeim.

Eiríkur Briem: Jeg sje ekki betur, en skoðun 1. þingmanns Eyfirðinga sje á fullum rökum byggð. En væri það nokkurt efamál, að ábúendurnir nytu ábúðarrjettar síns framvegis, eins og hann er ákveðinn í byggingarbrjefinu, þá bætir upphafið á 1. gr. úr því, þar sem svo segir: «Stjórninni veitist *heimild* til, o. s. frv.» Hún er því eigi *skyld* til að selja jarðirnar, nema með þeim skilyrðum, er nauðsynleg þættu, og þar á meðal um ábúðarrjettinn, til þess að taka allan vafa af um þetta efni, samkvæmt þeim skilningi, sem lýsir sjer í umræðunum. Mjer finnst ekki 2. gr. takmarka þetta, með því líka að jarðir þær, sem hjer ræðir um, eru flestar metnar meira, en þær nú renta sig fyrir, og þá er ekki líklegt, að nokkur annar en ábúandi bjóði hærra verð. Af þeim jörðum, sem mjer eru kunnar, er að eins ein, sem annar maður, en ábúandinn, hefur falað til kaups. Jeg fæ því ekki sjeð, að nauðsynlegt sje að breyta 2. gr.; hún er ekki svo þýðingarmikil, að hún ætti að gefa tilefni til þess, að málið ónýttist alveg. Jeg vil óska, að málið fái að ganga áfram óbreytt í þessari deild, því það er skilyrðið fyrir því, að það komist fram á þessu þingi. Því vil jeg skjóta því til álita þeirra þingmanna, sem komið hafa fram með einstök breytingaratkvæði, hvort þeir vilji ekki skoða huga sinn um, að taka þau aptur, því jeg er hræddur um, að þau muni verða til þess, ef þau komast að, að spilla málinu alveg. Ef verðið er svo hátt, að það sje frágangssök, þá hefur þetta ekki aðra þýðingu en á, að jarðirnar seljast eigi á þessu tveggja ára tímabili, en afleiðingin verður alveg sú sama, ef málið verður ekki útrætt á þessu þingi; þeir verða þá og af kaupunum. Jeg skal játa það, að jeg hef ekki kynnt mjer verðið á jörðum þeim, sem liggja fyrir utan Húnavatnssýslu, en jeg ímynda mjer, því sje eins farið með þær og hinar, sem jeg þekki, að verðið sje svo hátt, að landssjóði sje skaðlaust að selja þær, og að það sje hærra en jarðirnar renta sig fyrir. Það er einungis ein af jörðunum í Húnavatnssýslu, Kringla, sem eigi er metin hærra en eptirgjaldinu nemur. Önnur er 100 kr. hærri og hinar langtum hærri. Þessar 7 jarðir í Húnavatnssýslu eru metnar á 21,666 kr., en eptir eptirgjaldi því, sem á þeim er, eru þær 15,687 kr. virði, eða með öðrum orðum hjer um bil 6000 kr. dýrari, en þær renta sig, og þegar litið er á eptirgjaldið, þá verða það, að frá dregnum $^1/_6$ í umboðslaun, að eins 523 kr., sem nú renna í landssjóð af jörðum þessum, í stað þess að rentunnar af verðinu eru 867 kr. Landssjóðurinn græðir því sem stendur á því að selja þessar sjö jarðir 344 kr. árlega. Fylgiskjalið, sem kom fram með nefndarálitinu í efri deildinni, skýrði frá ýmsu mati jarðanna, og hversu mikið afgjaldsverð væri ept-

ir 5 ára tímabili. Viðvíkjandi hinum einstöku jörðum, þá get jeg ekki skilið, að landssjóðurinn hafi yfirhöfuð skaða af að selja þessar jarðir, hvorki í bráð nje lengd. Verðið, sem nú er boðið fyrir þær, er svo langtum meira, að þótt þær hækkuðu í verði, þá mundi landssjóðnum vera innanhandar að græða á rentum og renturentum af þeim verðsmun eins mikið eða meira, en því svaraði, og þótt þessu sje eigi safnað í sjerstakan sjóð, þá ætti það þó allt að einu að koma landinu að notum. Jeg skal taka til dæmis Kornsá, sem er bezta jörðin, er hjer um ræðir í Húnavatnssýslu, og því tek jeg hana til dæmis; hún er eptir leiguverði 2,717 kr., en í frumvarpinn er hún sett 4800 kr. Eptir leigumála þeim, sem nú er, fær landssjóðurinn nú 91 kr., en eptir söluverðinu 192 kr. Mismunurinn er því 101 kr. á ári hverju, sem landssjóðurinn græðir, og það er hreinn gróði, meðan hinn núverandi ábúandi lifir. Því ábúandinn situr við sömu kjör, og hann fjekk jörðina, þótt hún kynni að hækka í verði, og um leiguhækkun er því ekki að tala fyr en við næstu ábúanda skipti, og verði þess lengi að bíða, þá verður landssjóður á þeim tíma búinn að upp bera stórmikið fje auk verðsins, sem nú er boðið. Um Miðhóp skal jeg geta þess, að það er að mínu áliti talsvert hærra metið, en vert er, en sökum þess að ábúandinn mun ganga að kaupunum engu að síður, þá vil jeg ekki gefa tilefni til, að málið fari aptur til efri deildarinnar, með því að stinga upp á að færa það niður. Þar eru nefnilega þær ástæður, að þar býr gömul ekkja, sem á uppkomna syni, er hafa hug á að fá jörðina keypta. Jeg vil svo að eins láta í ljósi þá ósk mína, að frumvarpið fái óbreytt að ganga hjer í gegnum deildina.

Landshöfðinginn: Hinir háttvirtu þingmenn, 1. þingmaður Eyfirðinga og 2. þingmaður Húnvetninga, sem hafa talað í þessu máli, virðast vera á sömu skoðun og jeg, að nauðsynlegt sje, að ábúðarrjettur leiguliðanna á þjóðjörðunum sje óskertur, en sje það meining 2. gr. frumvarpsins, þá er hún óheppilega orðuð, og jeg álít æskilegt, að henni verði breytt svo, að enginn vafi geti á því verið. Jeg er á þeirri skoðun, að uppboð er hið bezta og eðlilegasta mat á hverri eign sem er, ef að allir, sem vilja fá eignina, standa jafnt að vígi við uppboðið, en það verður ekki, þegar rætt er um ábúanda af annari hálfu og hins vegar um þá, sem ekki búa á jörðinni, og þá verður uppboðið ekki jafnt fyrir alla eða áreiðanlegt; því að þegar jörðin er boðin upp með þeim skilyrðum, að ábúðarrjetturinn sje óskertur, þá er jeg hræddur um, að menn bjóði eigi eins í hana, og að þannig komi eigi fram við uppboðið hið rjetta jarðarverð.

Varaforseti: Jeg lýsti því yfir við 1. umræðu þessa máls, að jeg væri þjóðjarðasölunni mótfallinn, og það er jeg því fremur, sem jeg hef nákvæmlega athugað þetta frumvarp. Jeg vil spyrja að því, hvers vegna ætti að selja þjóðjarðirnar? Er landssjóðurinn í fjárþröng? Nei. Ein ástæða hefur komið fram til þess, að selja þjóðjarðir, og hún er sú, að auka með því sjálfseignarábúðina, en sú ástæða hlýtur að falla burt með þessu frumvarpi, eins og það er gjört úr garði, því að nú á að selja jarðirnar við uppboð, og ábúandinn má að eins hafa forkaupsrjett á jörðinni fyrir uppboðsverð. Jeg vil taka það fram, að jeg álít það mesta óráð, að selja þjóðjarðirnar, eins og nú er ástatt, er búnaður lítur út fyrir að fara batnandi ár frá ári hjer á landi, og jarðabætur fara í vöxt. Jeg sje einnig, að meðal annara þjóðjarða á að bjóða upp eitt af höfuðbólum landsins, Kaldaðarnes. Jeg efast ekki um, að öllum binum háttvirtu þingmönnum sje það ljóst, að sá, sem býr þar nú, Einar bóndi Ingimundarson, hafi

eigi falað jörðina (*Benidikt Sveinsson*: Þarf ekki). Nei, því þjóðjarðirnar eru boðnar upp út í bláinn; það á að selja þær af handahófi að eins til þess, að ábúendurnir verði reknir burt, því að það mun sannast, að ef meiri parturinn af þjóðjörðunum verður seldur, þá munu ekki allir ábúendur sitja á þeim með friði í mörg ár. Betra væri þó, að selja þjóðjarðirnar ábúendunum, ef þær annars verða seldar. En að selja við uppboð hverjum sem hafa vill, því er jeg algjörlega mótfallinn. Gæti sala þjóðjarðanna orðið til þess, að auka sjálfseignina, þá mælti mikið með henni, en reynslan hefur engan veginn sýnt það, að hún hafi orðið til þess. En frá landssjóðsins hálfu er salan efalaust til skaða. En eigi að selja þjóðjarðirnar, þá álít jeg, að hyggilegt sje, að lofa þeim verri og smærri að vera með þeim betri. Jeg hef því komið fram með viðaukatillögu, að kotinu Kirkjubóli (Sæbóli) í Grunnavíkurhreppi sje bætt við þennan langa þjóðjarðalista, og að það verði þá einnig selt, og vona jeg, að hinir háttvirtu þingmenn hafi kynnt sjer þar að lútandi skjöl. Kotið er 3.6 hndr. að dýrleika. Hreppsnefndin hefur álitið, að nægilegt sje að selja hundraðið á 28 kr., en sýslunefndin álítur, að eigi megi selja jörðina fyrir minna en 300 kr. Kot þetta hefur opt verið í eyði og húsalaust, en hinn síðasti umboðsmaður varði talsverðu af afgjaldi þess til að koma upp húsakofum. Jeg vona, ef samþykkt verður að selja þjóðjarðir þær, sem efri deildin hefur stungið upp á, þá verði þetta kot einnig tekið með.

Benidikt Sveinsson: Jeg vil leyfa mjer að geta þess með tilliti til ræðu hins hæstvirta landshöfðingja, að það er vafalaust, að ábúðarrjetturinn er alveg óskertur fyrir þetta frumvarp. Frumvarpið nefnir að eins, að það eigi að *selja*, og að ábúanda sje áskilinn forkaupsrjettur á jörðinni fyrir uppboðsverð, eins og 2. gr. sýnir. Jeg álít, að það sje alveg rjett hjá efri deildinni, að nefna ekki ábúðarrjettinn, því honum heldur ábúandinn, hver sem svo eigandi verður að jörðinni, að sjálfsögðu; kaupandi getur ekki öðlazt meiri rjett, en seljandi hefur; það vil jeg brýna fyrir hinum háttvirtu þingmönnum. Hefði efri deildin átt að taka ábúðarrjettinn sjerstaklega fram, þá hefði eins þurft að telja margt fleira, svo sem ítök til dæmis. Það er því alveg eptir hlutarins eðli, að þetta frumvarp bindi sig að eins við söluna. Jeg vona, að 1. þingmaður Húnvetninga, ef hann talar í málinu, verði mjer samdóma um þetta. Hinn hæstvirti landshöfðingi hafði á móti jarðasölunni við uppboð, af því að eigi væri víst, að fullt verð fengist fyrir jörðina, er hún væri boðin upp með því skilyrði, að ábúandinn hefði forkaupsrjett; en það sannar ekkert annað, en að það hvílir nú einu sinni band á jörðunum, svo að þær komast ekki í eins hátt verð fyrir það; en það er auðvitað satt og rjett, að ekki verður boðið eins mikið í neina jörð, er band liggur á henni að lögum, sem enginn getur leyst; en er ekki þetta band eins á jörðunum, þótt þær sjeu seldar eptir tillögum hreppsnefnda og sýslunefnda? Jú, það er öldungis það sama. Þetta er því engin ástæða á móti uppboðinu; það verður eptir sem áður trygging fyrir, að landssjóðurinn fái sem mest verð fyrir jarðirnar. Hinn hæstvirti landshöfðingi og hinn háttvirti varaforseti tóku fram, að það væri skaði að selja þær einar jarðir, sem beztar væru, en hvað gjörir það til, ef vextirnir af uppboðsupphæðinni eru þó meiri, en afgjaldi því nemur, sem fæst af jörðunum. Það, sem umfram er, er beinlínis ágóði fyrir landssjóðinn, og auk þess fær landssjóður einnig umboðslaunin, $^1/_6$ af landskuldinni. Hinn háttvirti varaforseti var eitthvað að andæfa á móti því, að beztu jarðirnar væru seldar; en hvað getur verið á móti því, þegar nóg verð fæst fyrir þær? Landssjóðurinn elskar ekki jarðirnar, heldur selur hann þær sjer í hag og landinu í hag, og þess vegna getur hann eins vel selt góða jörð, ef það er honum í hag,

eins og rýra, en hann má heldur ekki selja rýru jarðirnar, ef of lítið er boðið í þær. Hinn háttvirti varaforseti tók fram, að eigi mætti selja þjóðjarðirnar af þeirri ástæðu, að nú líti út fyrir, að búnaður færi batnandi í landinu. En hvaðan koma jarðabæturnar? Koma þær ekki af erfiði ábúandans? Það eru þá svitadropar ábúandanna, sem binn háttvirti þingmaður *speculerar* í fyrir landssjóðinn. En ábúendurnir munu verða ófúsari á, að sveitast blóðinu, þegar þeir geta eigi eignazt jarðirnar, jafnvel fyrir *meira* verð en þær nú eru verðar. Með þessu er þá 'settur mosavaxinn þröskuldur fyrir jarðabæturnar og framfarir lands og þjóðar.

Með þeim takmörkum, að landssjóðurinn fái meira fje í vöxtum af kaupverði jarðanna, en afgjaldið af jörðunum er, þá gef jeg hiklaust atkvæði mitt með því, að hver einasta þjóðjörð í landinu verði seld.

Viðvíkjandi breytingaratkvæðunum vil jeg skjóta því til uppástungumannanna, hvort þeir vilja ekki taka þau aptur, því að annars verða þau ef til vill til að fella málið.

Lárus Blöndal: Jeg ætlaði ekki að standa upp í þessu máli, en út af áskorun hins háttvirta 2. þingmanns Norður-Múlasýslu lýsi jeg því yfir, að jeg er alveg á sama máli og hann um það, að ábúðarrjettur leiguliða á þjóðeign standi með öllu óhaggaður, þó jörðin gangi að kaupum og sölum til þriðja manns.

Ólafur Pálsson: Jeg hef leyft mjer að gjöra breytingartillögu við þetta frumvarp, því að jeg held, að jeg sje því kunnugri en efri deildin, hvað jarðirnar Vík og Þverá snertir, þó jeg eigi vilji efast um bezta vilja hennar og rjettsýni í þessu máli, Jörðin Vík hefur af sýslunefndinni 1878 verið metin því mati, sem hjer er farið eptir, þrátt fyrir það, þó að sýslunefndin sjálf telji mat þetta sem ágizkun og að leita þurfi um það ýtarlegri upplýsingar, en þá var sýslunefndarmaðurinn í Dyrhólahreppi dáinn, en hinir sýslunefndarmennirnir í henni lítt þekktir, en sýslunefndin 1880 hefur fallizt á mat umboðsmannsins á jörðunni, að hún skyldi vera 5100 kr., og þó er nú farið eptir sýslunefndinni 1878, en eigi eptir sýslunefndinni 1808; og þó að jeg í breytingartillögu minni hafi sett jörðina nokkuð niður, þá er jeg sann færður um, að enginn vill kaupa hana fyrir meira verð, en jeg hef til tekið, og naumlega fyrir það. Jörðin Þverá er sett upp um 300 kr. úr því, sem stjórnarfrumvarpið fer fram á, og þó liggur hún undir áföllum bæði á túni og engjum. Hlíðin er sett upp um 400 kr., sem jeg álít of mikið, þó jeg ekki hafi gjört breytingartillögur við hana, því mig grunar, að breytingarnar verði felldar, eptir því sem jeg hef heyrt á deildinni. Jeg er hlynntur jarðasölunni yfir höfuð með bærilegum kjörum bæði fyrir landssjóði og kaupendur, en jeg efast um, að nokkur vilji kaupa þessar jarðir fyrir þetta verð. Breytingartillöguna get jeg ekki tekið aptur, og það læt jeg í ljósi, af því að jeg þykist kunnugri þessum jörðum, en aðrir, og vona jeg, að deildin sýni þeim góðar undirtektir.

Friðrik Stefánsson: Hinn háttvirti 2. þingmaður Norður-Múlasýslu hefur tekið fram mikið af því, er jeg vildi sagt hafa, en hinn heiðraði sampingismaður minn hefur skírskotað til mín viðvikjandi nokkrum jörðum í Skagafjarðarsýslu. Efri deildin hefur fært jarðirnar upp í Skagafjarðarsýslu svo mikið, að verðið er ekki líkt því, sem það var fyrst lagt fyrir deildina. Breytingar þær, sem jeg hef komið með, eru ekki fyrir neðan álit amtsráðsins, heldur fyrir ofan það, og landssjóðurinn hefur mikinn hag af að selja þessar jarðir með þessu verði. Það gladdi mig, að landshöfðinginn er hlynntur þjóðjarðasölunni, og hefur líkt álit á því máli nú sem á þinginu 1879. Jeg álít, að í Skagafjarðarsýslu sjeu jarðirnar of hátt settar, og hef því enga von um, að ábúendur á þeim gangi að svo afardýrum kaupum; þeir geta unnið sjer hægri róður. En til þess að sjálfseign geti farið vaxandi í landinu, þurfa þjóðjarð-

irnar að fást keyptar, en þeir, sem ekki vilja selja þjóðjarðirnar, segja, að betur muni fara um ábúendur á jörðum landssjóðsins, meðan hann sje landsdrottinn, heldur en ef þær kæmust í eign einstakra manna, því þeir mundu leigja þær miklu dýrara, og þó eru þeir mjög harðir á því, að verði þær seldar, þá að selja þær afardýrt, svo landssjóðurinn hafi ekki skaða; þeir vilja eptir þessu byggja þær fyrir lítið, meðan landssjóðurinn á þær, en selja fyrir mikið, ef seldar væru; en sje þetta ekki mótsögn hjá hinum heiðruðu herrum, þá er engin mótsögn til, en við þessu er að búast, þegar menn eru á móti góðu máli, að þeir verði ekki samhljóða. En enginn getur álitið, að ábúendur verði að sæta hörðu, hvað ábúðina snertir, þá uppboð verði haldið; en hvað verðinu viðvíkur, þá vil jeg, að ráðgjafinn hafi heimild til að samþykkja uppboðsverðið, sem ekki er hætt við að verði svo lágt, þegar uppboðið er auglýst með nægum fyrirvara. Það mun ætíð reynast bezt, að ábúendur eigi sjálfir ábúðarjarðir sínar, því að sjálfs er höndin hollust, og leiguliðinn flýr, af því hann er leiguliði.

Þorkell Bjarnason: Jeg er samþykkur þeim, sem vilja láta selja þjóðjarðir, og álít það mjög æskilegt, því jeg vona, að það sannist, að það verður til þess, að auka sjálfseign í landinu, en sjálfseign eykur áhuga og framfarir í búnaði. Það er hörmulegt, að þeir, sem hafa efni á að kaupa ábýli sín og vilja kaupa þau, skuli ekki geta fengið þau keypt. Þjóðjarðasalan mun og auka efni landsins yfir höfuð. Því það er víst, að þegar menn vilja eignast eitthvað, þá spara menn efni sín meira en annars, til þess að geta fengið þessum vilja sínum framgengt. Þeir peningar, sem þjóðjarðirnar verða keyptar fyrir, mundu hjá mörgum verða að öðrum kosti eyðslueyrir, en sem sparast við jarðakaupin. Salan er heldur enginn skaði fyrir landið, landssjóður fær fullt verð fyrir jarðirnar, og fullt verð fyrir því, sem eptir stendur, og kaupendurnir eignast jörð, sem þeir ekki áttu áður. Jeg hafði fyrst hugsað mjer að vera með breytingartillögu 2. þingmanns Skagfirðinga, um að lækka verð á nokkrum jörðum í Skagafirði, en eptir að jeg hafði heyrt hinn háttvirta 2. þingmann Húnvetninga tala, þá breyttist skoðun mín í því efni, því jeg vil ekki með atkvæði mínu spilla fyrir málinu. Jeg beld reyndar, að sumar af jörðunum í Skagafirði sjeu of hátt verðsettar, en af því jeg er hræddur um, að málið nái ekki fram að ganga nú, ef við það eru gjörðar breytingar, þá mun jeg greiða atkvæði með frumvarpinu óbreyttu; því afleiðingin verður ekki önnur en sú, að þessar einstöku jarðir seljast ekki á þessu fjárhagstímabili og bíða næsta þings. En mjer er mjög um það hugað, að málið yfir höfuð að tala nái fram að ganga á þessu þingi.

Varaforseti: Jeg hef aldrei neitað því, að það kynni að vera nokkur stundarhagur, að selja þjóðjarðir, en hitt sagði jeg, að það sje að öllum líkindum stór óhagnr fyrir landssjóð, að selja þær, eins og nú er ástatt. Þetta spursmál hefur verið rætt áður, og var Jón Eiríksson á móti því, að selja þjóðjarðir eða stólsjarðir, og varð hann þó ekki neinn mosavaxinn þröskuldur, því hann beið, ef til vill, bana af því, að tillögur hans í þessu máli og fleirum voru ekki teknar til greina. Jeg veit annars ekki, hvað þingmaðurinn hefur meint með þessu orðatiltæki *mosavaxinn þröskuldur*, en jeg leyfi mjer að taka það ekki til mín.

Benidikt Sveinsson: Viðvíkjandi því, sem hinn háttvirti varaforseti sagði, að Jón Eiríksson hefði verið á móti þjóðjarðasölunni, þá er það satt, en þá var allt öðru máli að gegna en nú; hann var á móti henni einmitt af því, að þá rann fjeð inn í ríkissjóð Dana. Sala stólsjarðanna sýndi að öðru leyti, að þjóðjarðasalan er rjett. Þær sveitir, sem mest sjálfseign er í, standa sig bezt, en þar sem hún er minnst, þar standa menn sig verst. Með þessu orðatiltæki: »mosavaxinn» datt mjer ekki í hug að meina hinn háttvirta varaforseta, nje heldur nokkurn annan einstakan mann,

heldur það «*princip*», að vilja ekki selja þjóðjarðirnar; það sagði jeg að væri mosavaxinn þröskuldur fyrir framförum landsins í búnaði. Við blómgun landsins kemur nýr gjaldstofn fram, og hinn sanni hagur landssjóðsins og hin rjetta tekjuuppspretta er sú, að búnaður landsins taki framförum, og leiðin til þess er sjálfseignarmyndunin í landinu.

Þorlákur Guðmundsson: Þar sem hinn háttvirti varaforseti tók fram um Kaldaðarnes, að það væri ekki falað af ábúanda, þá er full vissa fyrir því, að sá, sem falar, ætlar að verða ábúandi jarðarinnar, og mun þá mega treysta því, að jörðin komizt í betri hendur en nú er; en að ábúandinn sviptist ábúðinni, er sjálfum honum að kenna, því ábúðin víst í seinni tíð hefur ekki verið uppbyggileg. Jeg hef nýlega sjeð nokkur skjöl hjer á lestrarsalnum frá ábúandanum, sem hann hefði að minni hyggju gjört eins vel að láta vera kyrr heima, því þau verða honum hvorki til gagns nje sóma. Viðvíkjandi breytingaratkvæðunum, þá er jeg ókunnugur jörðunum í Skaptafellssýslu, en jeg ímynda mjer, að efni deildin hafi gengið svo frá frumvarpinu, að það sje nokkurn veginn áreiðanlegt, að jarðirnar sjeu ekki of lágt settar. Jeg gef því einungis breytingaratkvæði hins háttvirta varaforseta atkvæði mitt.

Síðan var gengið til atkvæða, og fjell atkvæðagreiðslan þannig:

1. grein.

Breytingartillaga Ólafs Pálssonar við 1. tölulið felld með 13 atkvæðum móti 5.

1. töluliður frumvarpsins samþykktur með 12 atkvæðum á móti 5.
   Breytingartillaga Ólafs Pálssonar við 2. tölulið felld með 11 atkvæðum móti 5.
2. töluliður samþykktur með 12 atkvæðum móti 9,
   að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:

Eiríkur Briem,
Magnús Andrjesson,
Arnljótur Ólafsson,
Benidikt Sveinsson,
Friðrik Stefánsson,
Guðmundur Einarsson,
Holgeir Clausen,
Jón Jónsson,
Lárus Blöndal,
Þorkell Bjarnason,
Þorlákur Guðmundsson,
Þorsteinn Jónsson.

Nei:

Eiríkur Kúld,
Halldór Kr. Friðriksson,
Jón Ólafsson,
Ólafur Pálsson,
Tryggvi Gunnarsson,
Þórarinn Böðvarsson,
Þórður Magnússon,
Þorsteinn Thorsteinson,
Þorvarður Kjerulf.

3. töluliður samþykktur með 14 atkvæðum móti 4.
4. töluliður samþykktur með 13 atkvæðum móti 8.
5. tölul. samþykktur með 14 atkv. móti 5.
6. — —»— — 13 — — 6.
7. — —»— — 13 — — 6.
8. — —»— — 14 — — 6.
9. — —»— — 13 — — 1.
10. — —»— — 13 — — 1.
11. — —»— — 14 — — 2.
12. — —»— — 14 — — 4.
13. — —»— — 14 — — 1.

Breytingartillaga 3 þingmanna við 14. tölulið felld með 11 atkvæðum móti 9.

14. töluliður samþykktur með 13 atkvæðum móti 1.

Breytingartillaga 3 þingmanna, að eptir 14. tölulið komi: «15. Hafsteinsstaðir í sömu sýslu 2600 kr.», felld með 11 atkvæðum móti 10, og var viðhaft nafnakall og sögðu

Já:

Eiríkur Kúld,
Friðrik Stefánsson,
Halldór Kr. Friðriksson,
Jón Jónsson,

Jón Ólafsson,
Ólafur Pálsson,
Þórarinn Böðvarsson,
Þórður Magnússon,
Þorsteinn Jónsson,
Þorsteinn Thorsteinson.

Nei:

Eiríkur Briem,
Magnús Andrjesson,
Arnljótur Ólafsson,
Benidikt Sveinsson,
Grímur Thomsen,
Guðmundur Einarsson,
Lárus Blöndal,
Tryggvi Gunnarsson,
Þorkell Bjarnason,
Þorlákur Guðmundsson,
Þorvarður Kjerulf.

Breytingartillaga 3 þingmanna við 15. tölulið felld með 14 atkvæðum móti 5.

15. tölulíður samþykktur með 15 atkvæðum.

Breytingartillaga 3 þingmanna við 16. tölulið felld með 12 atkvæðum móti 9.

16. tölulíður samþykktur með 15 atkvæðum móti 1.

17. tölulíður samþykktur með 13 atkvæðum móti 4.

Viðaukatillaga Þórarins Böðvarssonar á eptir 17. tölulið samþykkt með 12 atkvæðum móti 10.

Greinin í heild sinni samþykkt með 15 atkvæðum móti 4.

2. grein

felld með 11 atkvæðum móti 11.

3. grein

felld með 11 atkvæðum móti 11, og var við haft nafnakall og sögðu

Já:

Eiríkur Briem,
Benidikt Sveinsson,
Friðrik Stefánsson,
Grímur Thomsen,
Guðmundur Einarsson,
Lárus Blöndal,
Ólafur Pálsson,
Þorkell Bjarnason.
Þorlákur Guðmundsson,
Þorsteinn Jónsson,
Þorvarður Kjerulf.

Nei:

Magnús Andrjesson,
Arnljótur Ólafsson,
Eiríkur Kúld,
Halldór Kr. Friðriksson,
Holgeir Clausen,
Jón Jónsson,
Jón Ólafsson,
Tryggvi Gunnarsson,
Þórarinn Böðvarsson,
Þórður Magnússon,
Þorsteinn Thorsteinson.

4. grein

samþykkt með 13 atkvæðum móti 2.

Var málinu síðan vísað til 3. umræðu með 13 atkvæðnm móti 5.

ÞRIÐJA UMRÆÐA Í NEÐRI DEILD,

á 53. fundi, 18. dag ágústmán.

Frumvarpið, eins og það var samþykkt við aðra umræðu, sjá I, 465.

Breytingartillögur

við frumvarp til laga um, að stjórninni veitist heimild til að selja nokkrar þjóðjarðir, eins og það var samþykkt við 2. umræðu í neðri deild.

a.

Breytingartillögur

frá landshöfðingja.

1. gr.	6. Í staðinn	fyrir:	4500 kr.
		komi:	5000 —
- —	7. - —•—	fyrir:	4800 —
		komi:	5400 —
- —	8. - —•—	fyrir:	1716 —
		komi:	1800 —
- —	9. - —•—	fyrir:	2800 —
		komi:	3000 —
- —	13. - —•—	fyrir:	4500 —
		komi:	5000 —
- —	14. - —•—	fyrir:	6000 —
		komi:	6200 —
- —	15. - —•—	fyrir:	1750 —
		komi:	1800 —

- — 16. - —»— orðin: «fyrir jörðina Bakka í Hálshreppi í makaskiptum» komi: 1625 kr.

b.

Breytingartillögur
frá 6 þingmönnum.

1. Að 18. liður 1. greinar falli burt.
2. Að aptan við 1. grein bætist 2 nýjar greinar, sem verða 2. og 3. gr., svo hljóðandi:

2. gr.

Jarðir þessar skal bjóða fram á lögmætu uppboði. Ef til sölu kemur, er ábúanda áskilinn forkaupsrjettur á jörðinni fyrir uppboðsverð samkvæmt tilsk. 18. júní 1723; þó skal hann innan 2 mánaða frá uppboðsdegi hafa sagt til þess, að hann gangi að kaupinu.

3. gr.

Í skilmálum fyrir sölunni skal ákveða, að helmingur kaupverðs, talinn í fullum hundruðum króna, megi standa með fyrsta veðrjetti í hinni seldu eign, með hálfs árs uppsögn á báðar hliðar gegn ársleigu 4% og með þeim öðrum skilmálum, sem hafðir eru í veðbrjefum til landssjóðs. Af hinum helmingnum greiðir $^1/_4$ alls kaupverðs, um leið og kaupbrjef er gefið út, en það, sem svo er eptir, á 5 árum með vöxtum, og stendur einnig hin selda eign sem veð fyrir þessum hluta skuldarinnar.

3. Að 2. grein verði 4. grein.

Eiríkur Briem. Friðrik S. Stefánsson. Þorkell Bjarnason. Jón Jónsson. Egill Egilsson. Holgeir Clausen.

Eiríkur Briem: Jeg og nokkrir aðrir þingmenn höfum komið með breytingartillögur í þá átt, að breyta frumvarpinu aptur í sama horf, og það var í, þegar það kom frá efri deildinni. Í þeim er ein prentvilla «*greiðir*» fyrir «*greiðist*». Það er í mínum augum sama að halda fram breytingum við frumvarpið frá því, sem það var, þegar það kom frá efri deildinni, og að fella frumvarpið í heild sinni, því tíminn er svo naumur. Efri deildin hafði þetta mál svo lengi til meðferðar, að hún mundi gjöra það að kappsmáli, ef því yrði breytt í verulegum atriðum. Jeg skal svo minnast á hin einstöku atriði, sem komust að við 2. umræðu. Um Kirkjuból vantar nægilegar skýrslur, ekkert getið um, hvað eptirgjaldið sje, sagt, að tún vanti, en ekkert getið um aðrar slægjur. Mjer virðist því hjer vanta nægan undirbúning, enda skiptir þetta svo litlu, að ekki væri ástæða að fella allt málið með því, að bæta við þessu koti.

Að því er snertir 2. og 3. greinina, þá vil jeg skjóta því til þeirra, sem voru á móti þessum greinum um daginn, hvort þeir nú ekki vilji greiða atkvæði með því, að setja þær inn aptur, til þess að bjarga málinu. Að öðrum kosti getur atkvæði deildarinnar eigi skoðazt öðruvísi en svo, að hún engan kost vilji gefa ábúendum á að kaupa nokkra þjóðjörð. Í breytingartillögum landshöfðingja er farið eptir hæsta matsverði frá umboðsmanninum, en það sýnist ekki ástæða til að setja það að sjálfsögðu sem mælikvarða gagnvart öðrum gildum skilríkjum, enda verður varla annað álitið, en að verð allra jarðanna yfir höfuð sje svo hátt sett, að landssjóður geti engan skaða haft af að selja þær.

Ólafur Pálsson: Jeg hef nú verið mótfallinn 2. gr. frumvarpsins áður, og er það í rauninni enn, en af því, að jeg er hræddur um, að allt frumvarpið falli, ef 2. gr. fellur, þá vil jeg þó ekki vera þess valdandi, þó jeg sje viss um, að enginn vill kaupa þessar 3 jarðir í Skaptafellssýslu, sem hjer ræðir um í frumvarpinu, vegna þess að þær eru of hátt metnar, en í hinum sýslunum kunna þó menn að vilja ganga að kaupunum, því jeg þekki þar ekki til, og mun jeg því einnig greiða atkvæði með 2. gr. nú.

Varaforseti: Hjer liggur fyrir breytingaratkvæði um, að skjóta einu koti inn í, Sæbóli eða Kirkjubóli, og vona jeg, ef 17. töluliður verður samþykktur, að 18. fái að

vera með. Það væri og undarlegt, ef þingið vildi selja öll höfuðbólin, en halda eptir smábýlunum.

Arnljótur Ólafsson: Það gjörir í sjálfu sjer ekkert til, hvort jörðin er höfuðból eða kot. Hjer er að eins á það að líta, hvort þingmenn vilji, blátt á fram sagt, að nokkurt frumvarp komi frá þinginu um sölu þjóðjarða eða ekki. Kæmi frumvarp út þess efnis, gætu smábýlin komið með seinna. Komi frumvarp frá þinginu, er það sama sem þingið segi: Jeg vil selja þjóðeignir með þessum skilyrðum, þegar kaupandi býðst, en komi ekkert frumvarp, verður það að álítast sem neikvæði þingsins við allri þjóðjarðasölu. Líki hinum heiðraða varaforseta sú stefna, að selja þjóðjarðir almennt tekið, styður hann málið með því, að halda ekki fast fram, að Kirkjubóli verði bætt við. Jeg fyrir mitt leyti gef atkvæði mitt með frumvarpinu, þó kot þetta fylgi ekki með, enda þótt jeg hafi nokkuð út á það að setja að öðru leyti.

Varaforseti: Í þetta skipti skildi jeg hinu heiðraða 1. þingmann Eyfirðinga ekki alls kostar, og kemur það þó sjaldan fyrir, að jeg *skilji* hann ekki. Mjer skildist helzt á honum, að það væri jarðasölunni yfir höfuð til fyrirstöðu, ef kot þetta væri selt, en það get jeg ekki skilið. Það er satt. sem þingmaðurinn sagði, að smábýlin *geta* komið á eptir, þó allar beztu jarðirnar sjeu veiddar úr fyrst, en eru nokkur líkindi til, að kaupendur fáist að þeim, þegar allar hinar betri jarðir eru farnar? Það mun hentara fyrir landssjóðinn, eins og aðra, sem selja, að selja illt með góðu. Jeg vil ekki minna 1. þingmann Eyfirðinga á, að frumvarp um banka er nú á leiðinni til okkar, en ef hjer skyldi verða stofnaður banki, hvort heldur þingmaðurinn þá að sje hentara, að höfuðból landsins standi fyrir peningaláni, eða þau kot, sem enginn vill við líta? Hitt er sjálfsagt, að þegar höfuðbólin eru seld, koma meiri peningar inn fyrir þau í bráðina.

Benidikt Sveinsson: Það er einkum af 2 ástæðum, sem jeg er móti sölunni á þessu koti: 1. þeirri, að það er til að fella málið vegna tímans; jeg verð því að álíta, að hinn háttvirti varaforseti haldi sölunni á kotinu fram til að fella málið, en ekki til að fá kotið selt. Í 2. lagi er öðruvísi ástatt með þetta kot, en með hinar jarðirnar, sem selja skal. Kotið getur verið bezta jörð, þó það sje nú í litlu áliti; maður veit ekkert um það, því að hjer vantar skýrslur um eptirgjald, áhöfn og slægjur kotsins, svo manni er harðla ókunnugt um, hverja kosti það kann að hafa til að bera. Jeg verð því að álíta, eins og jeg sagði, að varaforseti haldi sölu þessa kots fram, ekki til þess, að fá kotið keypt, heldur til þess, að hvorki fáist keypt þetta kot eða nokkur önnur þjóðjörð að svo komnu.

Holgeir Clausen: Jeg get ómögulega skilið, hvað hinum heiðraða varaforseta liggur á, að fá kotið selt. Jeg er hræddur um, að það liggi eitthvað annað undir, sem við megum ekki fá að vita, hvað sem það nú er.

Þorsteinn Thorsteinson: Jeg er hræddur um, að þeir, sem hafa svo mjög móti sölu kotsins, hafi ekki kynnt sjer vel þær skýrslur, sem liggja fyrir þinginu. Um afgjaldið get jeg upplýst menn, að það eru 10 fiskar á ári. Mjer sýnist enginn geta tekið varaforseta það illa upp, þó hann vilji balda því fram, að þetta kot verði selt, ef aðrar jarðir eru seldar, og er víst óþarfi fyrir menn að ímynda sjer, að kotið sje neinn gimsteinn fyrir landið; það skyldi vera, að tíminn væri þessari breytingu til fyrirstöðu, þó held jeg það ekki; en hitt er jeg viss um, að verðið er nógu hátt.

Arnljótur Ólafsson: Jú, það er einmitt af því, að tíminn er of naumur, að jeg er alveg móti þessari breytingu, og svo þar að auki af því, að skýrslur vantar um kotið. Vjer verðum að muna eptir, að efri deildin er nú fyrst með fjármálið, og hefur auk þess mörg áríðandi mál á prjónunum; vjer getum því ekki búizt við, að hún gefi þessu máli gaum, nema með því

móti að vanrækja eitthvað af þeim málum.

Forseti: Þessar umræður eru reyndar eintómar vífilengjur um form málsins, og hef jeg sem forseti leyfi til að tala með, um þá hlið þess. Jeg skal leyfa mjer að benda deildinni á það, sem hún annars ætti að sjá eins vel og jeg, að tíminn er orðinn svo naumur, að menn eiga á hættu, að málið komist eigi til fullnaðarlykta í þinginu, ef breyting er gjörð á því í þessari deild. Það er að vísu ekki með öllu ómögulegt, að málinu geti orðið lokið eins fyrir því, en það er með því einu móti, að efri deildin fallist á breytingar þær, sem neðri deildin gjörir; en það er hæpið að reiða sig á, að svo fari.

Var síðan gengið til atkvæða um breytingaruppástungurnar, og var:

1. breytingaruppástunga landshöfðingja við 1. gr. 6. tölulið felld með 14 atkvæðum gegn 5.
2. við 7. tölul. felld með 14 atkv. móti 5.
3. — 8. — — — 14 — — 5.
4. — 9. — — — 14 — — 6.
5. —13. — — — 13 — — 6.
6. —14. — — — 14 — — 5.
7. —16. — — — 14 — — 5.
8. —17. — — — 15 — — 7.
9. Uppástunga 6 þingmanna, að 18. tölulíður í 1. gr. falli burt, samþykkt með 16 atkvæðum.
10. Uppástunga frá sömu þingmönnum, um að bæta inn í nýrri grein, sem verði 2. gr., samþykkt með 13 atkv. móti 6.
11. Uppástunga sömu þingmanna um, að ný gr. bætist inn í sem 3. gr., samþykkt með 17 atkvæðum gegn 2.

Frumvarpið með áorðnum breytingum samþykkt með 16 atkvæðum gegn 6, og kvað forseti það mundu verða afgreitt sem lög frá alþingi.

IX.

Skuldakröfur landssjóðs.

Frumvarp til laga um, að gefinn verði eptir nokkur hluti af skuldakröfum landssjóðsins hjá ýmsum hreppum í Snæfellsnesssýslu út af kornlánum, sem þeim hafa verið veitt. Frá stjórninni.

Frumvarpið, sjá I. bls. 609.

FYRSTA UMRŒÐA Í NEÐRI DEILD,
á 4. fundi, 6. dag júlímán.

Forseti kvað sjer virðast liggja beinast við, að máli þessu væri vísað til nefndarinnar í fjárlagamálinu.

Jón Ólafsson: Jeg vil leyfa mjer að leggja það til, að sett sje sjerstök nefnd í þetta mál, og að það sje ekki sent til fjárlaganefndarinnar. Þingmenn þeir, er í fjárlaganefndinni sitja, eru ef til vill ekki svo kunnugir, sem með þarf, í þessum hreppum, og væri því æskilegt, að þeir ættu um það að fjalla, sem þar eru kunnugastir. Jeg vil því leggja það til, að sett sje í málið 3 manna nefnd.

Arnljótur Ólafsson lagði það til, að

frumvarpi þessu væri vísað til nefndarinnar í reikningsmálinu og studdi

Grímur Thomsen þá tillögu. Skaut þá forseti því undir atkvæði deildarinnar, hvort nefnd skyldi sett eða ekki, en með því atkvæðagreiðslan varð óglögg, þá varð að við hafa nafnakall og sögðu

Já:

Benidikt Sveinsson,
Egill Egilsson,
Eiríkur Kúld,
Guðmundur Einarsson,
Holgeir Clausen,
Jón Jónsson,
Jón Ólafsson,
Tryggvi Gunnarsson,
Þórarinn Böðvarsson,
Þórður Magnússon,
Þorkell Bjarnason,
Þorsteinn Thorsteinson.

Nei:

Eiríkur Briem,
Magnús Andrjesson,
Arnljótur Ólafsson,
Friðrik Stefánsson,
Grímur Thomsen,
Halldór Kr. Friðriksson,
Lárus Blöndal,
Ólafur Pálsson,
Þorlákur Guðmundsson,
Þorsteinn Jónsson,
Þorvarður Kjerulf.

Var þannig samþykkt, að setja 3 manna nefnd í málið, með 12 atkvæðum gegn 11, og hlutu þessir kosningu í nefndina:

Holgeir Clausen 15 atkv.
Eiríkur Kúld 12 —

Þeir Grímur Thomsen og Egill Egilsson fengu 7 atkvæði hvor; var þá hlutkesti látið ráða, og kom upp hlutur Egils, svo hann varð hinn 3. nefndarmaður. Málið var síðan afhent þingmanni Snæfellinga, sem hafði flest atkvæði.

Í nefndinni var Eiríkur Kúld kosinn formaður og framsögumaður, en Egill Egilsson skrifari.

ÖNNUR UMRÆÐA Í NEÐRI DEILD,
á 12. fundi, 15. dag júlímánaðar.

Nefndarálit, sjá I, 69.

Framsögumaður (Eiríkur Kúld): Jeg álít eigi ástæðu til að tala margt fyrir nefndaráliti þessu, og ætla jeg fyrst að hlýða á ræður hinna heiðruðu þingmanna um þetta efni.

Landshöfðingi: Jeg skal fyrst leyfa mjer að taka það fram, að í athugasemdum við frumvarp til fjárlaga fyrir 1882 og 1883, bls. 17, um leignaeptirstöðvar fyrir 1878 og 1879, eru eptirstöðvar taldar 248 kr. 14 a., en hefur misprentazt, og á að vera 284 kr. 14 a., og skal jeg biðja hina heiðruðu deild að leiðrjetta þessa prentvillu, sem nefndinni hefur yfir sjezt.

Málið sjálft er alþingismönnum kunnugt af hinum undanförnu fjárlagafrumvörpum, þar sem í hvert sinn hefur verið skýrt frá vandræðum þeim, sem eru á þessu kornláni, og frá hinu bágborna ástandi hreppa þeirra, sem hjer eiga í hlut, og sem má telja meðal hinna fátækustu sveita landsins. Stjórninni virðist eigi síður en hinni heiðruðu nefnd ísjárvert, að veita þessa uppgjöf á skuldum til landssjóðs, en neyðist þó til að grípa til þessa neyðarúrræðis, til þess að landssjóður nái því, sem auðið er, af skuldinni. Með því að hin heiðraða nefnd hefur komizt að þeirri niðurstöðu í áliti sínu, að ráða hinni heiðruðu þingdeild að aðhyllast frumvarpið óbreytt, og þar sem engin breytingaratkvæði eru enn borin upp við þessa umræðu, vona jeg, að hin heiðraða þingdeild fallist á tillögur nefndarinnar. En jeg skal geta þess, að mjer virðist hin heiðraða nefnd hafa misskilið orð frumvarpsins um það skilyrði, sem eptirgjöfin ætti að vera bundin við, þar sem hún kemst þannig að orði: «Sem áskilið er í frumvarpinu, einkum með þeim borgunarmáta, sem þar er farið fram á, nefnilega 1/6 partur af helmingi lánsins árlega, svo að auk leigna af láninu fyrir 1878 og 1879, sem taldar eru að sjeu 248 kr. 14 a., sje helmingur skuldarinnar, 1,775 kr. 84 a., borgaður að fullu á árinu 1886», en frum-

varpið setur *beinlínis það skilyrði*, að leigna-eptirstöðvar þær, *sem komnar eru í gjalddaga eptir 1878*, verði borgaðar innan ársloka *1882*. Þannig virðist nefndin eingöngu telja eptirstöðvarnar fyrir árin 1878 og 1879 samtals 248 kr. 14 a., sem á að vera 284 kr. 14 a., en henni ber einnig að telja sömu leigur fyrir árin 1880 og 1881, því að þessar leigur eru veittar með fjárlögunum fyrir hið yfirstandandi fjárhagstímabil, og gjöra þá, auk hinna 284 kr. 14 a., aðrar 284 kr. 14 a., samtals 568 kr. 28 a., og samkvæmt frumvarpinu á þessi upphæð að vera greidd inn í landssjóð innan ársloka 1882. Niðurstaðan á öllu þessu verður, ef hið heiðraða þing samþykkir frumvarpið óbreytt, sem nú skal greina:

	kr.	a.
1. innan ársloka 1882 ber hreppum þeim, er eiga í hlut, að borga:		
a, leignaeptirstöðvar fyrir árin 1878—1881, að báðum árum meðtöldum, ...	568	28
b, afborgun fyrir 1882, 1/5 af eptirstöðvum höfuðstólsins, . .	355	17
c, leigur af höfuðstólnum árið 1882	71	3
	994	48
2. árið 1883: 1/5 af höfuðstólnum 355 kr. 17 a. og leigur af 1420 kr. 67 a. 56 — 83 -	412	.
3. árið 1884: 355 kr. 17 a. + 42 kr. 62 a.	397	79
4. — 1885: 355 kr. 17 a. + 28 kr. 41 a.	383	58
5. — 1886: 355 kr. 17 a. + 14 kr. 20 a.	369	37
Samtals	2557	22

Grimur Thomsen: Jeg vil leyfa mjer að gjöra nokkrar athugasemdir um upphæð skuldar þessarar, sem hvílir á Snæfellsnessýsluhreppum, og í annan stað einnig um meðferð málsins. Það er ætlun mín, að upphæð skuldarinnar sje sett of há, og skal jeg nú leitast við að færa rök að því, að sú ætlun mín er *sönn*. Jeg skal alveg sleppa því, að hve miklu leyti upphæðin eða höfuðstóll skuldarinnar sje rjettur, eins og hann er talinn í fjárlagafrumvarpi stjórnarinnar 1878 og 1879 við árslok 1875, því að ágreiningur sá, er um það er, getur eigi jafnazt sökum þess, hve reikningum fyrir þann tíma er ábótavant. Það má og vel vera, að yfirskoðunarmennirnir einnig hafi talið of lágt eða of hátt, og, sem sagt, vil jeg fyrst um sinn sleppa því. Tökum þá upphæðina, eins og hún er sett við árslok 1875: höfuðstóll 3551 kr., 68 a., vextir 1556 kr. 28 a., en af landsreikningunum fyrir árin 1878 og 1879 sjest, að af þessum hreppum í Snæfellssnessýslu hafa verið greiddar á árinu 1878 af t. d. Helgafellssveit 78 kr. 83 a. *vaxtaeptirstöðvar*, en *afborganir*, sem því eiga að koma til afdráttar af höfuðstólnum, er getið á 20. fylgiskjali við landsreikninginn fyrir 1879 (athugagrein yfirskoðunarmanna, bls. 151). Þar segir sem sje, að af hinum einstöku hreppum í Snæfellsnessýslu «sjeu greiddar eptirnefndar afborganir og vaxtaeptirstöðvar alls 562 kr. 83 a.» En hve mikið af þessu eru afborganir, hve mikið vextir, um það gefur fylgiskjalið enga skýringu. Hafi nú afborganir á höfuðstól átt sjer stað á fjárhagstímabilunum síðan 1875, þá er hin útistandandi innstæða 3551 kr. 68 a. of hátt talin, því hún er talin hin sama og hún var 1875.

Jeg vil telja þetta ritvillu, en ekki sem reikningsfeil. En samt sem áður er nauðsynlegt að glöggva sig vel á þessu, áður en samþykkt er frumvarpið, og áður en reiknað er út, hvað hálf summan er stór tölustærð, því að eptir því sem stærðin öll er stærri eða minni, eptir því verður hálfa stærðin stærri eða minni. Þessa fátæklinga munar um hverja krónuna. Í annan stað hygg jeg, að frumvarp þetta hefði átt að komast til fjárlaganefndarinnar, og að þingið geti ekki gjört nokkuð endilegt því viðvíkjandi, nema í sambandi við hana; því að hjer er um það fjárhagstímabil að gjöra, sem nefndin hefur til meðgjörðar. Fyrir mitt leyti vil jeg ekki telja það sanngjarnt eða rjett, að landssjóður komi lántakendum upp á það, að gefa þeim upp skuldir sínar, því að það gæti haft afleiðingar fyrir aðra, sem láns biðja af landssjóði. Hjer er annar máti ljettari og betri, og það er sá, að umskrifa skuldina þannig, að hún sje af-

borguð til dæmis með 6% á 28 árum. Á þennan hátt yrði greiðendum afborgunin ekki þnngbær nje sjerlega tilfinnanleg, en landssjóður fengi sitt. Það er nóg, að hann fái sitt; honum liggur ekki svo á, að brýna nauðsyn beri til, að hann fái það strax. Það er ekki rjett, að hafa það fyrir ástæðu móti greiðslu skuldar þessarar, að hún komi að miklu leyti niður á öðrum mönnnm, en lánið hafi þegið; því að svo er um mjög margar skuldir til landssjóðs, að aðrir hafa lánið tekið en þeir, sem greiða eiga skuldina, og væri það hættulegt til afspnrnar og eptirdæmis, ef stofnunum, sveitarfjelögum o. s. frv. væri af þessum orsökum gefnar skuldir til landssjóðs eptir. Það væri þá ekki vogandi eptirleiðis, að lána neinni stofnun, neinu sveitarfjelagi, ef eptir því ætti að fara, hverjir þeir einstöku menn eru, sem á sínum tíma eiga að greiða lánið aptur. Jeg vil af þessum ástæðum stinga upp á því, að hin heiðraða þingdeild vísi frumvarpi þessu til fjárlaganefndarinnar, því að hjer er um 4. gr. á því fjárhagstímabili að ræða, sem nefndin hefur umráð yfir, og þessi breyting á málinu vil jeg vona að hinir heiðruðu þingmenn sjái að er hjer nauðsynleg.

Landshöfðingi: Jeg leyfi mjer að svara nokkrum orðum athugasemdum þeim, sem hinn heiðraði þingmaður Borgfirðinga hefur gjört viðvíkjandi tölustærðum þeim; sem hjer ræðir um, en skjöl þau, sem nauðsynleg eru máli þessu til upplýsingar, hef jeg ekki við höndina, svo að jeg verð að fresta því, þar til er málið kemur til 3. umræðu. Að því er snertir uppástungu hans, að hin heiðraða nefnd glöggvi sig nákvæmlega á þessu atriði málsins og beri sig saman við fjárlaganefndina, þá skal jeg fúslega styrkja það.

Halldór Friðriksson: Það var talað í gær um siðaspillingu, en fleira getur þá komið til greina, en það, sem þá var nefnt um prestana. Það er líka siðaspilling, að *ala þann hugsunarhátt hjá mönnum að taka lán og borga eigi aptur*. Jeg get eigi á nokkurn hátt aðhyllzt það, að þetta sje rjett, nje heldur að nauðsyn beri til, að gefa sveitarfjelögum upp þann styrk, sem þau hafa fengið. Þessi lánsupphæð, sem hjer er um að ræða, er heldur eigi svo stór, að þeim verði borgunin mjög tilfinnanleg, ef gjaldfresturinn er gefinn hæfilega langur, og 28 ára frestur virðist vera nægur, þar sem ekki er að gjöra um stærri skuld, en hjer er um að ræða. Jeg skal leyfa mjer að skýra nokkuð fyrir hinni heiðruðu þingdeild, hve miklar skuldir þessar eru fyrir hverja sveit. Skuldarupphæð Staðarsveitar er 762 kr. 30 a., og búendur hennar milli 60 og 70; þar af má reikna að komi niður á hvern bónda 12 kr. 7½ e., þótt bændur sjeu ekki taldir fleiri en 60. Þessi greiðsla virðist alls eigi þeim ofvaxin, þótt minni frestur væri gefinn en 28 ár. Skuld Breiðavíkurhrepps er 518 kr. 88 a., og búendur þar milli 50 og 60, og þá kemur eigi full hálf 10. kr. á búanda, og verða þeir eigi taldir svo aumir, að þeir geti ekki borgað þetta með hæfilegum fresti. Jeg verð að telja rjett, að gefa eigi upp skuldir sveitarfjelaga til landssjóðs, nema brýnustu nauðsyn beri til. Skuldir Neshrepps eru meiri, og ástand hans ef til vill bágara en annara þessara sveita, en samt verð jeg að ætla það eigi rjett, að gefa upp svona mikinn hluta skuldarinnar. Jeg vil því leggja það til, að nefndin taki mál þetta til nýrrar íhugunar, áður en aðhyllzt er sú tillaga hennar, að gefa upp svo mikið fje, og landssjóður látinn sleppa kröfum sínum til þess, sem honum ber með rjettu.

Holgeir Clausen: Jeg ætla einungis að segja fáein orð viðvíkjandi ræðu þingmanns Reykvíkinga. Hann sletti saman prestum og bændum. Prestar þurfa ekki uppgjafarinnar með; það eru fátæklingarnir, bændurnir, sem þurfa þess. Ef þingmaðurinn þekkti betur ástæður manna umhverfis Jökulinn, þá mundi hann ekki taka eins hart á nefndinni fyrir tillögur hennar, sízt á mjer, sem er sjálfur barnfæddur þar og nákunnugur. Þó þeir væru 1000, sem ættu að

borga, þegar enginn þeirra getur borgað *neitt*, þá hjálpar talan ekki. Fiskileysið og veðráttan hjálpast að og hefur hjálpazt að, til að drepa okkur þar vestra. Í Dritvík voru fyrir 30 árum um 70 bátar; nú er þar enginn. Á öðrum stað, o: á Hjallasandi, 40, nú 20, og svona er það víðar. Þannig befur allt gengið aptur á bak; þeir eru öreigar. Jeg vil ekki nefna Eyrarsveit; þar eru tómir aumingjar, sem ekki hafa sjeð bein úr sjó í mörg herrans-ár. Svo er og annað mein á. Selurinn er út um alla fjörðu, og drepur fyrir okkur og jetur fiskinn. Þegar við róum á sexæring, þá þarf tvo kaska menn með sleggju til að berja hann frá borði, svo að hann jeti ekki fiskinn úr bátnum. Þar eru margir þeir, sem ekkert eiga nema konur og krakka, og með þeim munu þeir lítinn afdrátt geta borgað af skuldinni. Ef þetta heiðraða þing nú gefur upp skuld þessa, munu margir fátæklingar vestra, menn, konur og börn, með þakklæti minnast vor, sem sitjum á þingi 1881.

Arnljótur Ólafsson: Ástandið undir Jökli mun mjög bágt, eptir því sem þingmanni Snæfellinga segist frá. Nú er spurningin um, úr því þeir eru dauðir, er jetið hafa kornlánið, hvernig ljettast er að fá greidda skuldina. Landshöfðinginn skýrði frá, að ef farið væri eptir frumvarpinu, þá kæmi á sveitarfjelagið fyrir árið 1882 984 kr. 48 a., og fyrir árið 1883 412 kr. Þetta er ærið þung álaga fyrir fátækt sveitarfjelag. Fjárlaganefndin hefur að eins lauslega yfir farið þetta mál, af því það var í annari nefnd. Hún hefur þó sagt svo, að bezt mundi fyrir sveitarfjelögin, að gefa út skuldabrjef með 6 af hundraði fyrir afborgun, eins og þingmaður Borgfirðinga lagði til í ræðu sinni. Ef það væri gjört, þá telst mjer svo til, (að meðtaldri leigu fyrir árin 1880 og 1881), að þessi sveitarfjelög þurfi að borga á ári 326 kr. 1 e. Þessi greiðsla á gjaldinu er miklu rjettari en hin, og hægri, einkum í þessum harðærum, þegar sem verst stendur á, og með því þeir eru dauðir, sem jetið hafa kornlánið, þá virðist rjettara, að skipta því niður á langan tíma. Við getum einnig vonað, að það komi meiri fiskur en að undanförnu, og að selurinn jeti ekki sveitarfjelögin upp.

Framsögumaður: Jeg er ekki svo mikill reikningsmaður, að mjer detti í hug að rekja allar tölurnar, til að bera brek af nefndinni; hún áleit sjer skylt, að halda fast við tölur þær, sem stóðu í frumvarpinu. Jeg efast ekki um, að þingmaður Borgfirðinga hafi rjett að mæla; en það er ekki rjett, að kasta þungum steini á nefndina, þó að hún fari eigi eptir þessum reikningum, sem ekki eru eru enn samþykktir á þessu þingi, og færi því eptir tölum frumvarpsins í tillögum sínum. Viðvíkjandi rentunum hin síðustu ár, þá var nefndinni ekki kunnugt um, hvort þær væru enn óborgaðar. Þegar jeg og þingmaður Snæfellinga fórum að heiman, var sýslumaður ókominn frá manntalsþingum, en hugsanlegt væri, að þær rentur hefðu má ske verið borgaðar á manntalsþingum nú, en við vorum þó í vafa um, hvort sýslumanni hefði greiðzt þetta gjald eða ekki, og tókum því ekki sjerstaklega tillit til þessarar upphæðar. Hvað fátæktina snertir, er jeg samþykkur þingmanni Snæfellinga, en jeg get ekki verið honum samþykkur í því, að selurinn sje svo spakur á Breiðafirði, eins og honum fórust orð um; að minnsta kosti er það ekki þar, sem þingmaðurinn sjálfur býr og hefur búið. Mig furðar á, hversu þingmaður Reykvíkinga er orðinn ókunnugur á Vesturlandi, eða hann vill ekki trúa þeim, sem kunnugir eru. Hann heldur, að það sje ekki tilfinnanlegt fyrir 60 búendur í Staðarsveit, að borga lánið, en væri hann eins kunnugur þar og jeg og þingmaður Mýramanna, þá mundi hann skilja það. Það eru ekki meira en 4 af þessum 60 búendum, sem geta talizt bjargálnamenn, og margir þeir, sem ekki vita, hvað þeir eiga að hafa til næsta máls. Þetta er þó bezti hreppurinn, og þá má geta nærri, hvernig hinir eru, t. a. m. Eyrarsveit. Jeg gæti aðhyllzt tillögu þing-

manns Borgfirðinga, nm að hreppar þessir gæfu út skuldabrjef, en jeg vildi þó jafnframt fara fram á, að þeir gæfu það ekki nema fyrir hálfri skuldinni. Mjer er ljúft, og eins samnefndarmönnum mínum, að fá allar upplýsingar, sem unnt er hjá hinum hæstvirta landshöfðingja, og eins hjá þingmanni Borgfirðinga, einkum í tilliti til upphæðar skuldarinnar. Annars sje jeg ekki ástæðu til að biðja nefndina að taka málið aptur, því hún kemst ekki að annari niðurstöðu, en hún hefur komizt að.

Forseti: Af því ýmsir þingmenn hafa lagt það til, að vísa frumvarpinu til fjárlaganefndarinnar, þá vil jeg geta þess, að það var mín tillaga við fyrstu umræðu málsins, en hún var felld. Reyndar segir svo í 9. gr. þingskapanna: «Á hverju stigi, sem málið er til umræðu, má setja nefnd, eða vísa málinu til rannsóknar nefndar». En hjer er nokkuð öðru máli að gegna. Það er sett sjerstök nefnd í málinu, sem farið hefur með það á sjerstakan hátt, og þess vegna virðist mjer ekki eiga við, að vísa því á þessu stigi til fjárlaganefndarinnar. Það er því mín tillaga, með því sumir vilja breyta frumvarpinu, að þeir annaðhvort komi með breytingaratkvæðin við 3. umræðu málsins, eða nefndin taki sjálf málið og lagi það. (*Tryggvi*: Það má fella það). Það er auðvitað.

Benidikt Sveinsson vildi leggja þann skilning í 9. grein þingskapanna, «eða vísa því til annarar nefndar, sem þegar er sett», að heimilt væri að vísa þessu máli til fjárlaganefndarinnar. Þessi skilningur gæti legið í orðunum og væri frjálslegur.

Forseti: Sá skilningur á þingsköpunum virðist mjer of rúmur, þegar búið er áður að setja sjerstaka nefnd til að meðhöndla málið, og framsögumaður hefur ekki fært nokkrar ástæður fyrir því, að nauðsynlegt sje að taka það frá nefndinni og fá það annari nefnd til meðferðar, þá verð jeg að vera á móti svo öfugri og óvanalegri aðferð.

Grímur Thomsen: Jeg vildi leiða athygli hins háttvirta forseta að því, að það má ekki leiða þetta mál til lykta, fyr en búið er að leiða fjárlögin til lykta, því þetta frumvarp grípur beinlínis inn í 4. gr. fjárlaganna. Þriðja umræða þessa máls getur því ekki fram farið fyr, en fjárlögin eru útrædd hjer í deildinni, og væri því umsvifaminnst, að láta málið nú þegar ganga til fjárlaganefndarinnar.

Halldór Kr. Friðriksson: Mjer virðist forseti hafa alveg rjett; því að vísa þessu máli til fjárlaganefndarinnar nú, er að vísa *nefnd* til *nefndar*, eða með öðrum orðum: að setja tvær nefndir í sama málið. Jeg skil ekki heldur, að það komi i bága við fjárlögin, þótt þetta mál sje rætt á undan þeim. Þá mætti ekki heldur ræða neitt mál, sem að fjármálum lítur, fyr en fjárlögin væru útkljáð.

Forseti bar því næst undir atkvæði, að nefndin tæki við málinu aptur, og var það samþykkt með 14 atkvæðum.

FRAMHALD ANNARAR UMRÆÐU Í NEÐRI DEILD,

á 32. fundi, 3. dag ágústmánaðar.

Viðauki við nefndarálit, sjá I. 296.

Breytingartillaga

við viðaukanefndarálit nefndarinnar í málinu um uppgjöf á kornlánsskuldum nokkurra hreppa í Snæfellsnessýslu.

Frá nefndinni.

Í staðinn fyrir orðin: «leyfir nefndin sjer» — «við frumvarpið», komi: «leyfir nefndin sjer að leggja til, að hin heiðraða deild samþykki svo látandi frumvarp, er komi í staðinn fyrir frumvarp stjórnarinnar í þessu máli:

Frumvarp

til laga um uppgjöf á leigum af kornlánsskuldum nokkurra hreppa í Snæfellsnessýslu.

Allar leigur af skuld nokkurra hreppa í Snæfellsnessýslu fyrir kornlán, er veitt var 1861—1862 af hinum fyrra íslenzka styrktarsjóði, og sem óborgaðar voru 31.

des. 1879, að upphæð (1193 kr. 30 a. + 284 kr. 14 a.) samtals 1477 kr. 44 a. skulu gefnar upp, en skuldin sjálf, 3551 kr. 68 a., ásamt leigum þar af frá 1. janúar 1880, sje greidd að fullu með 6% árlega á næstkomandi 28 árum.

Framsögumaður (Eiríkur Kúld): Þetta mál kemur frá nefndinni í nokkuð öðrum búningi, en þegar það var seinast fyrir deildinni. Nefndin óskaði að sönnu helzt, að hin heiðraða deild aðhylltist frumvarp stjórnarinnar. En seinna, eptir að hún hafði fengið ýmsar upplýsingar um málið, komst nefndin að þeirri niðurstöðu, að erfitt mundi veita að fá samþykki á málinu þannig lögguðu, einkum eptir að jeg sem formaður nefndarinnar hafði borið mig saman við fjárlaganefndina, sem mjer virtist helzt tilleiðanleg til að aðhyllast það frumvarp, sem nefndin nú kemur fram með, og þess vegna ljet nefndin sjer nægja, að fara fram á þennan veg, sem hjer er um getið, að gefa upp renturnar til 31. d. desemberm. 1879.

Þingmaður Borgfirðinga hefur dregið í vafa, hvort upphæð skuldarinnar sje rjett talin í stjórnarfrumvarpinu, og knúði það nefndina til að leita sjer frekari skýringa á þessu atriði málsins. En eptir að nefndin hafði farið til hins umboðslega endurskoðunarmanns, þá gat hún ekki annað fundið eptir skýrslum þeim og upplýsingum, er hann hafði henni í tje látið, en að það, sem stóð í stjórnartíðindunum, væri alveg rjett, og að það, sem borgað hefur verið af hreppum þeim, sem hjer ræðir um, sje af leignaskuld þeirra, en alls eigi af hinu upprunalega láni. Má vera, að þingmaður Borgfirðinga finni eitthvað annað og meira; en jeg gjöri ráð fyrir, að hinn hæstvirti landshöfðingi muni geta gefið beztar og nákvæmastar skýrslur um þetta mál. Revisor telur óefað, að höfuðstóllinn sje, eins og tekið er fram í stjórnarfrumvarpinu; það, sem borgað sje, hafi að eins verið rentur; er því höfuðstóllinn, eins og hjer er talið, 3551 kr. 68 aur. Jeg vona því, að þingmenn sjái, að nefndin hefur ekki getað farið lengra, en hún hefur gjört.

Landshöfðingi: Við byrjun þessarar umræðu áskildi jeg mjer rjett til að svara hinum háttvirta þingmanni Borgfirðinga, að því er snerti athugasemd hans viðvíkjandi upphæð eptirstöðva þeirra af kornlánsskuldum nokkurra hreppa í Snæfellsnessýslu, er hjer ræðir um, og var upphæð sú, sem talin er í frumvarpinu, að hans áliti ekki alveg rjett. En þetta hefur verið misskilningur frá hálfu hins háttvirta þingmanns, og er þessi misskilningur sprottinn af því, að í landsreikningum fyrir 1878 (bls. 33 í yfirlitinu) hefur verið talin: «Afborgun af *skuld* Helgafellssveitar, vextir 78 kr. 83 a.» En skuld þessa hrepps var þegar borguð, hvað höfuðstólinn snerti, *fyr en* 1876, eins og sjá má af athugasemdunum við fjárlagafrumvarpið fyrir árin 1876 og 1877 (Alþ.tíð. 1875, bls. 24), og eptirstöðvar Helgafellssveitar þær, sem borgaðar voru inn 1878, voru þannig vaxta-eptirstöðvar frá undangengnum árum, enda hefur hinum 5 hreppum, sem enn þá eru í skuld á þessu kornláni, verið veitt undanþága frá að greiða hinar ákveðnu afborganir upp í lánið, með konunglegum úrskurði 3. ágúst 1868 og 24. janúar 1874, og seinna með fjárlögunum fyrir árin 1876—77, 1878—79 og 1880—81, og ekki hefur verið nein ástæða til að ætla, að þeir að svo stöddu hafi borgað neitt upp í höfuðstól lánsins.

Eins og hin háttvirta nefnd hefur tekið fram, er upphæð sú, sem frumvarpið telur, því alveg rjett.

Grímur Thomsen: Jeg skal leyfa mjer að geta þess, að jeg verð að vera á öðru máli en hinn heiðraði framsögumaður og hinn bæstvirti landshöfðingi, og það af tveimur ástæðum; önnur er efnisleg ástæða, hin er formleg.

Enginn getur láð mjer sem kosnum endurskoðunarmanni, þó að jeg reki augun í á bls. 151 í athugasemdunum, þar sem taldar eru «afborganir og vaxtaeptirstöðvar», en í

svari landshöfðingja er talið afborgun af vaxtaeptirstöðvum. Hafi nú afborganir á höfuðstól skuldarinnar átt sjer stað, þá hlýtur höfuðstóllinn nú að vera minni en hann var 1877, en hann er talinn eins nú og þá.

Jeg vil gjöra ráð fyrir, að þetta orðatiltæki í skjölum hins hæstvirta landshöfðingja sje sprottið af misskilningi, eða ritvillu eða prentvillu. Ef svo er, eiga allir og ekki sízt hinn hæstvirti landshöfðingi orða sinna leiðrjetting.

Í athugagreinum yfirskoðunarmanna landsreikninganna fyrir 1876 og 1877, bls. 46, er talið, að afborgaðar hafi verið 1875 428 kr. 45 aur., en í fjárlagafrumvarpi stjórnarinnar 1878—79 er öðruvísi talið, og þó er höfuðstóll reiknaður eins og nú; hjer skakkaði því á þessu tímabili hjá stjórninni um rúmar 300 krónur.

Nú kemur hin formlega athugasemd. Hverju svarar svo landshöfðingi? Hann svarar — jeg lái honum það ekki — bls. 17, að það *vanti skýrslur*. Svo kemur árið 1877, og hann svarar hinu sama, að hann geti enn ekki látið þær skýrslur í tje, sem hann vildi; 1878 og 79 rekur enn að því sama; hann hefur enn ekki nægar skýrslur. Þetta mun hinn hæstvirti landshöfðingi játa. Þegar við skoruðum á hann 1879, að fá skýrslurnar, þá svaraði hann 10. febrúar 1880, að hann hefði *enn ekki* aðrar skýrslur en þær, sem hann hafði 1877 og ónógar voru. Jeg vona hinn hæstvirti landshöfðingi taki þetta ekki svo, að jeg sje að bregða honum um nokkra forsómun eða óskyldurækni, en jeg vona hann játi, að jeg er sannorður maður, er jeg segi, að *enn* vanti hann og stjórnina *skýrslur*.

26. gr. stjórnarskrárinnar skipar svo fyrir, að yfirskoðunarmenn eigi að yfirskoða *alla* reikninga landsins, og geti krafizt að fá allar skýrslur og skjöl, sem þeim þykir þurfa. Við höfum krafizt að fá þessar skýrslur, en hinn hæstvirti landshöfðingi getur ekki látið það, sem hann ekki hefur sjálfur. Reikningar styrktarsjóðsins eru — jeg ætla að brúka mjúkt og hógvært orð — þeir eru enn á *reiki*; og jeg er ekki viss um, að þessi skuldarupphæð sje rjett talin; þess vegna get jeg ekki greitt atkvæði mitt með frumvarpinu.

Við verðum fyrst að fá skýrslurnar, eptir því sem auðið er, og þær að leggjast fyrir hina nýju yfirskoðunarmenn landsreikninganna fyrir 1880 og 1881. Jeg veit, að landshöfðinginn er svo sanngjarn, svo brjóstgóður, svo bjartagóður, að hann vill ekki taka einn eyri af þessum aumingjum umfram hið rjetta. Hann hlýtur að játa, að upphæð skuldarinnar er á reiki, en hann vill og — og það viljum við líka — bjarga málinu. Jeg vil því leyfa mjer að leggja það til, til þess að koma til móts við ósk Snæfellinga og nefndarinnar, hvort ekki væri tiltök, þegar búið er að skoða allar skýrslur og þegar yfirskoðunarmenn eru búnir að slá því föstu, hvað skuldin er, að ákveða þá, að hún eða sú upphæð, sem þá saunast að rjett sje, borgist með 6% í 28 ár. Jeg veit ekki, hvort þetta er formlega rjett, en jeg sting upp á því sem tilraun. En á hinn bóginn vona jeg, að hinn hæstvirti landshöfðingi álíti þetta ekki sem mótmæli, heldur sem sanngirni, að reikningarnir sjeu fyrir þinginu sem bezt úr garði gjörðir. Að lyktum bið jeg hinn hæstvirta landshöfðingja og hina heiðruðu þingmenn að skoða það sem sannvizkusemi, er jeg tel það óformlegt, að samþykkja reikningana fyr, en þeir hafa verið undir höndum yfirskoðunarmannanna, og löggjafarvaldið er búið að úrskurða þá.

Landshöfðingi: Þar sem hinn háttvirti þingmaður Borgfirðinga gat þess, að á bls. 151 stæðu: «*afborganir og vaxtaeptirstöðvar*», þá skal jeg játa, að það er annaðhvort prentvilla eða ritvilla, því það á að vera «*afborganir af vaxtaeptirstöðvum*».

Um upphæðina var enginn vafi 1876, og hún er talin á sama hátt nú. Hinn háttvirti þingmaður Borgfirðinga vísaði til svara minna til athugagreina yfirskoðunarmanna við reikninginn 1876, bls. 16—17, og áskildi jeg mjer að svara frekar, þegar

jeg væri búinn að fá skýrslur. Þetta er jeg búinn að gjöra í svörum mínum til athugasemdanna við reikninginn 1877, bls. 7—8, þar sem skýrt er frá, hvernig standi á 428 kr. 45 a., er getið er um í athugasemdunum 1876 og sem hinn háttvirti þingmaður Borgfirðinga nú skírskotaði til. Jeg vona, að þessar skýringar sjeu nógar til þess að sýna, hvort ástæða sje til, að verða við tillögum þingmanns Borgfirðinga um að fresta málinu, og fara ekki að ráðum nefndarinnar, því annars þarf málið að bíða í 2 ár. Upphæð skuldarinnar er talin eins í stjórnarfrumvarpinu og fjárlagafrumvarpinu 1876, og kemur heim við reikning sýslumannsins í Snæfellsnessýslu.

Grímur Thomsen: Af ræðu hins hæstvirta landshöfðingja sjer deildin, að það ekki hefur verið ástæðulaust, að jeg hjelt, að það, sem borgað hefði verið, hefði verið afborgun af höfuðstól, en hann segir, að það sje prentvilla eða ritvilla, og það tek jeg með ánægju til greina, að það hafi verið afborganir af vaxtaeptirstöðvum. En jeg verð að leyfa mjer að benda hinum hæstvirta landshöfðingja á, að samkvæmt stjórarskránni á enginn reikningur, tekjuliður eða útgjaldaliður að koma undir atkvæði og úrskurð þingsins, fyr en endurskoðunarmenn þeir, sem þingið kýs, eru búnir að athuga hann, landshöfðingi er búinn að svara athugasemdum þeirra, og löggjafarvaldið að úrskurða þá. Þessi reikningur er óskoðaður, og frumvarpið kemur því of snemma. Jeg skal gjarnan trúa, að allt sje rjett hjá hinum hæstvirta landshöfðingja, en í formlegu tilliti finnst mjer þetta ekki alveg rjett, því hjer vantar rannsókn yfirskoðunarmannanna og úrskurð löggjafarvaldsins. Jeg skal því leyfa mjer að leggja til, að frumvarpið verði þannig orðað: »Sú skuld, sem hvílir á hinum einstöku hreppum í Snæfellsnessýslu, þegar yfirskoðunarmenn, kosnir af löggjafarvaldinu, hafa athugað reikninginn, skal endurborgást með 6% á 28 árum«. Jeg skal ekki gjöra landshöfðingja nje stjórninni getsakir; jeg veit, að landshöfðingi hefur sagt satt. Að yfirskoðunarmennirnir ekki hafa fengið nægar skýrslur, er ekki landshöfðingja að kenna, því skýrslurnar eiga að koma frá stjórn styrktarsjóðsins í Kaupmannahöfn, en reikningar hans munu vera í einhverri flækju. Jeg skal því leyfa mjer að leggja það til að málinu verði frestað, þangað til reikningsnefndin befur sagt álit sitt um þetta.

Arnljótur Ólafsson: Jeg er alveg samdóma hinum háttvirta þingmanni Borgfirðinga, að bezt væri að fresta málinu eða úrslitum þess, þangað til tillögur yfirskoðunarmanna væru komnar og álit reikningsnefndarinnar.

Landshöfðingi: Jeg er alveg samþykkur uppástungu hinna háttvirtu 2 þingmanna, Borgfirðinga og Eyfirðinga. Þar sem yfirskoðunarmeunirnir í tillögunum 1878—79 bera sig upp um skýrsluleysi, þá er þeim kunnugt, að örðugt hefur veitt, að fá skýrslur frá hinum umboðslega endurskoðanda jarðabókarsjóðsins fyrir árin 1876—77. Að mínu áliti er það ekki meiningin í 26. gr. stjórnarskrárinnar, að endurskoða eigi að nýju, heldur heyrir þetta undir hina umboðslegu endurskoðun. Jeg skal þó ekkert vera á móti því að fresta málinu að svo stöddu. Ef viðauka- og breytingartillaga sú, sem hinn háttvirti þingmaður Borgfirðinga talaði um, kemur fram við 3. umræðu, skal jeg leyfa mjer að mæla með henni. En ef ætti að fresta málinu til næsta þings, þá verða eptirstöðvarnar tveim árum eldri, og það getur dregizt enn lengur.

Framsögumaður: Jeg skal út af ræðu hins háttvirta þingmanns Borgfirðinga taka það fram, að jeg ætla full-ljóst af ræðu hins hæstvirta landshöfðingja, að allsekkert sje borgað frá þeim hreppum, sem hjer ræðir um, af höfuðstól lánsins, og skal

jeg því til sönnunar lesa upp kafla úr brjefi hins umboðslega endurskoðunarmanns til mín, dags. 22. f. m.:

«Upp í höfuðstólinn var ekkert greitt 1879; jeg hef fyrst fundið það við nánari rannsókn á reikningi jarðabókarsjóðsins 1879 og styrktarsjóðsins s. á. Höfuðstóllinn var því 31. desember 1879 hinn sami og 1. janúar 1874; vextirnir frá 1. janúar 1874 til 31. desember 1877 höfðu lagzt á, en upp í þá var greitt 1879 og 1880, eins og hjer er sýnt:

	Eins árs vextir að upphæð.		Vextir frá $^1/_1$ 74-$^{31}/_{12}$ 1877		Vextirnir frá 1874—1877 goldnir 1879		1880	
	Kr.	aur.	Kr.	aur.	Kr.	aur.	Kr.	aur.
1. Staðarsveit	21	60	86	40	86	40	»	»
2 Eyrarsveit	35	24	140	96	100	68	40	28
3. Breiðuvík	15	39	61	56	61	56	»	»
4. Neshreppur innri	33	84	135	36	135	36	»	»
5. Neshreppur ytri	36	»	144	»	100	»	44	»
Samtals	142	07	568	28	484	»	84	28

Ef nú hinum háttvirta þingmanni Borgfirðinga þykir þetta eigi nægileg skýrsla, og vilji þess vegna enn fresta að gjöra út um málið, sje jeg eigi neitt beinlínis á móti því, en þá vil jeg ráðleggja honnm, að áskilja sjer rjett til viðaukaatkvæðis í þá stefnu, er hann fór fram á.

Halldór Kr. Friðriksson: Jeg hef reyndar ekkert á móti að fresta málinu, þótt það sje að líkindum sama sem að fleygja því frá sjer. Jeg skil ekki, að þingdeildin geti fengið skýrslur um, hvað rjett er eða ekki, úr því landshöfðingi getur ekki gefið þær nú þegar; því að ef hann hefur ekki getað útvegað þær á tveim árum, þá mun honum það varla auðið nú á fám dögum. Jeg get með engu móti efazt um, að skuldarupphæðin sje rjett, því það er líklegt, að sýslumaðurinn í Snæfellsnessýslu hefði látið það í ljósi, ef hann fyndi, að meira hefði verið borgað. Á bls. 231 í endurskoðun landsreikninganna 1878 og 1879 stendur, að 4 ára rentur fyrir 1874—77 hafi verið innborgaðar, og geng jeg að því sem gefnu og sjálfsögðu, að það sje rjett, því það er ekki líklegt, að landfógetinn tæki upp á sig slika ábyrgð og segði þetta borgað, ef það væri ekki borgað í raun og veru. Mjer dettur ekki í hug að gefa upp vexti af skuldum eptir 1874; það getur verið umtalsmál um binar eldri eptirstöðvar af leigunum, og því síður dettur mjer það í hug, að gefa upp leigurnar fyrir 1878 og 1879, heldur að þeir fái að borga það aptur með vægum kjörum eða 6% á 28 árum. Ef frumvarpið gengur til 3. umræðu, þá áskil jeg mjer breytingaratkvæði við það.

Því næst var gengið til atkvæða, og var frumvarpi nefndarinnar vísað til 3. umræðu með 20 atkvæðum.

ÞRIÐJA UMRÆÐA Í NEÐRI DEILD,

á 56. fundi, 19. d. ágústm.

Frumvarpið, eins og það var samþykkt við 2. umræðu, sjá I, 327.

Breytingartillögur

við frumvarp til laga um eptirgjöf á skuldakröfum landssjóðs o. s. frv.

1. gr. Kornlánsskuld Snæfellinga til landssjóðs skal, þá er þar að lútandi reikningar eru yfirskoðaðir og, samkvæmt 26. gr. stjórnarskrárinnar, samþykktir af löggjafarvaldinu, endurgoldin landssjóði af hlutaðeigandi sýslunefnd með 6% í 28.

2. gr. Sömuleiðis skal sýslunefnd Borgar-

fjarðarsýslu endurgjalda eptirstöðvar af kostnaði þeim, er sýslan átti að greiða til útrýmingar fjárkláðanum, 955 kr. 19 a., með 6% á ári hverju í 28 ár, eða 57 kr. 31 e.

Fyrirsögnin orðist þannig:

Frumvarp
til laga um endurborgun á skuldakröfum landssjóðs.

Lárus Blöndal. Magnús Andrjesson. Arnljótur Ólafsson, með fyrirvara við 1. gr. Tryggvi Gunnarsson, með fyrirvara. Grímur Thomsen. Eiríkur Briem.

Framsögumaður (Eiríkur Kúld): Jeg skal ekki halda langa vörn uppi fyrir tillögum nefndarinnar, sem fram hafa komið, eptir að hún hafði leitað álits fjárlaganefndarinnar, og fallið frá hinum fyrri tillögum sínum, en aðhyllzt þessar tillögur. Það er einungis örbyrgð þessara hreppa, sem hefur valdið því, að stjórnin sendi þetta frumvarp, og af sömu ástæðu er það, að nefndin álítur óumflýjanlegt, að sleppa verði nokkru af rentunum og gefa þeim kost á að borga höfuðstólinn í 28 ár með 6%. Hjer er nú komið breytingaratkvæði, og hafa 2 heiðraðir þingmenn, sem voru í fjárlaganefndinni, skrifað undir það með fyrirvara, en mjer er ekki ljóst, með hvaða fyrirvara, en jeg vona, að fyrirvarinn sje ekki þess eðlis, að þeir ætli ekki að styðja tillögur nefndarinnar. Jeg skal viðurkenna nákvæmni hins háttvirta þingmanns Borgfirðinga, sem þessi tillaga er sprottin frá í fyrstunni, en hann hlýtur að vera orðinn sannfærður um, að reikningurinn sje alveg rjettur. Uppástungu hins háttvirta þingmanns Borgfirðinga get jeg ekki verið samþykkur; hún kemur eins og út úr sauðarleggnum. Það, sem hann mest hefur fundið að, er það, að reikningarnir væru ekki yfirskoðaðir og samþykktir af löggjafarvaldinu. Á henni er sami gallinn og hann lagði svo mikla áherzlu á við uppástungu frumvarpsins og nefndarinnar, sem sje, að reikningar þeir væru eigi samþykktir af yfirskoðunarmönnum og löggjafarvaldinu. Úr þessu gjöri jeg að vísu minna, þó jeg að öðru leyti sje eigi eins viss um, að þeir sjeu eins rjettir sem hinir, er frumvarpið ræðir um, en jeg legg meiri þýðingu í það, að þeir eru allt annars eðlis, og að uppástungan kemur fyrst sem breytingartillaga við 3. umræðu í allt öðru máli. Þótt jeg feginn vildi, að Borgfirðingar gætu fengið ívilnun á þessari skuld, get jeg ekki aðhyllzt uppástunguna. Um hana skal jeg ekki fara fleirum orðum, fyr en jeg heyri, hvað henni er talið til gildis.

Grímur Thomsen: Jeg skal geta þess, hvernig stendur á 2. gr. breytingaratkvæðis míns. Allir vita, að Borgfirðingar urðu að skera niður hjá sjer sökum kláðans, og varð sá kostnaður ærinn. Væntu þeir að fá skaðabætur úr öðrum sýslum, og var vissri upphæð jafnað niður á sýslurnar, en úr fæstum af þeim hafa þær komið enn. Borgfirðingar hafa því orðið mjög hart úti, en af því að jeg álít það móti öllum fjárhagsreglum, að gefa upp skuldir — því svo mætti gjöra með hverja skuld, að láta hana hverfa, þegar hún er orðin nægilega gömul — þá hef jeg lagt það til, að skuldin yrði borguð með 6% í 28 ár. Viðvíkjandi fyrri parti breytingaratkvæðisins, þá er þetta sá eini formlegi máti, að greiða atkvæði með, að sú upphæð, sem síðar sannast að skuldin sje, skuli greiðast með 6% í 28 ár, því reikningarnir eru enn ekki samkvæmt stjórnarskránni yfirskoðaðir og samþykktir af löggjafarvaldinu.

Framsögumaður: Það er eptirtektavert, hve hinn háttvirti þingmaður Borgfirðinga er fastur í forminu, og það getur vel verið, að hann hafi rjett að mæla. En hve nær hverfur efinn hjá honum um, að upphæðin sje rjett, þar sem þó bæði hinn háttvirti landshöfðingi og hin umboðslega

endurskoðnn hafa sýnt og sannað, að hún væri rjett? Mjer finnst því ekki geta verið minnsti vafi á því, að þetta sje rjett. Það hryggir mig, að jeg get ekki annað en sterklega mælt á móti 2. gr., því hún mundi verða því til fyrirstöðu, að málið fengi framgang á þinginu.

Arnljótur Ólafsson: Jeg hef skrifað undir 1. gr. með fyrirvara, því jeg get ekki fallizt á að til taka enga upphæð, því þegar ekkert er ákveðið, hvað borga skuli, þá borga þeir ekkert, hvorki vexti nje höfuðstól, fyr en búið er að úrskurða, hver upphæðin skuli vera. Jeg vil styðja 2. gr., því Borgfirðingar urðu mjög hart úti í kláðamálinu, og þó jeg reyndar álíti rjettast, að upp skyldi gefa þessa upphæð alveg, þá vildi jeg þó ekki fara fram á meira í þetta sinn, og var jeg í því samtaka hinum háttvirta þingmanni Borgfirðinga, að koma með breytingaruppástungu, til þess að það skyldi endurgreiðast með 6% á 28 árum. Vona jeg, að einhver sýsla verði til þess, að rjetta þeim hjálparhönd, til þess að lúka þetta.

Var þá gengið til atkvæða, og fjell atkvæðagreiðslan þannig:

Breytingartillaga 6 þingmanna, 1. gr., felld með 12 atkvæðum gegn 8, og var við haft nafnakall og sögðu

Já:

Arnljótur Ólafsson,
Benidikt Sveinsson,
Friðrik Stefánsson,
Grímur Thomsen,
Lárus Blöndal,
Ólafur Pálsson,
Þórður Magnússon,
Þorsteinn Jónsson.

Nei:

Egill Egilsson,
Eiríkur Kúld,
Guðmundur Einarsson,
Halldór Friðriksson,
Holgeir Clausen,
Jón Ólafsson,
Tryggvi Gunnarsson,
Þórarinn Böðvarsson,
Þorkell Bjarnason,
Þorlákur Guðmundsson,
Þorsteinn Thorsteinson,
Þorvarður Kjerulf.

Breytingartillaga sömu þingmanna, 2. gr., ný grein, samþykkt með 13 atkvæðum gegn 2.

Frumvarpið í heild sinni með áorðnum breytingum samþykkt með 18 atkvæðum, og kvaðst forseti mundu senda það til forseta efri deildarinnar með tilmælum um, að hann legði það fyrir efri deildina.

FYRSTA UMRÆÐA Í EFRI DEILD,
á 44. fundi, 23. ágústmán.

Frumvarpið, eins og það var samþykkt við 3. umræðu í neðri deildinni, sjá I, 496.

Frumvarpinu var umræðulaust vísað til 2. umræðu í einu hljóði.

ÖNNUR UMRÆÐA Í EFRI DEILD,
á 47. fundi, 25. dag ágústmán.

Enginn tók til máls; sagði forseti því umræðunni lokið og bar upp til atkvæða hinar einstöku greinir frumvarpsins. Var þá

1. gr. frumvarpsins samþykkt í einu hljóði.
2. — —— —— - — —

Fyrirsögn frumvarpsins áleizt samþykkt án atkvæða.

Var málinu síðan vísað til 3. umræðu í einu hljóði.

ÞRIÐJA UMRÆÐA Í EFRI DEILD,
á 49. fundi, 26. dag ágústmán.

Forseti leitaði samþykkis deildarinnar um, að frumvarpið mætti koma til umræðu, þó ekki væri liðinn hinn lögboðni frestur eptir 2. umræðu, og var það samþykkt.

Ásgeir Einarsson: Jeg get getið því nærri, að þessir menn eru fátækir, sem hafa beðið um uppgjöf á skuld þeirri, sem þeir voru í við landssjóðinn, svo jeg skal ekki mótmæla því, að þeim sje veitt þessi uppgjöf. En það er aðgætandi, hvort ekki fleiri kynnu að vilja nota sjer þess háttar, ef þeir þyrftu að fá mikið til láns, að biðja svo um uppgjöf á eptir. Jeg sje það á skýrslunum frá þessari sýslu (ɔ: Gullbringusýslu), sem var verið að eiga við áðan, að hún á ógoldin kornlán fyrir 2288 kr. 96 a., og jeg get ímyndað mjer, að svo sje ástatt víðar á landinu. Ef því þessum mönnum, sem hjer er um að ræða, er gefin skuldin upp, þá kynnu fleiri að koma, sem eins stæði á fyrir, því að ef þeir eru fátækir, þá er ekkert ónáttúrlegt, að þeir biðja um uppgjöf. En það er líka annað athugavert, sem þarf að hugsa um. Það lítur út fyrir, að harðindi komi þá og þegar í landið, og hreppafjelögin þyrftu að taka lán til bráðabyrgða, þá vildi jeg vita, hvort fjárveitingarvaldinu væri ekki með þessu gefið tilefni til að hafa ótta fyrir að lána, þegar svona lengi stendur á að borga, og ekki einu sinni leigur eru greiddar. Jeg hef ekki á móti því, að gefa skuldina upp, en jeg vildi að eins vekja athygli á þessu atriði, því að mjer þykir það hart, ef harðindi koma, að þetta skuli spilla fyrir öðrum, sem láns þurfa, með því að það vekti ótta hjá fjárveitingarvaldinu, sem ætti að veita fjeð.

Þar eð ekki fleiri tóku til máls, var gengið til atkvæða, og frumvarpið samþykkt með 10 atkvæðum Kvað forseti það nú mundu verða afgreitt til landshöfðingja sem lög frá alþingi.

X.

Breytingar á lögum um skipun prestakalla.

A.

Frumvarp til laga um breyting á lögum 27. febrúar 1880, um skipun prestakalla. Stjórnarfrumvarp. Frumvarpið er prentað í fyrri parti alþingistíðindanna bls. 606–607.

FYRSTA UMRÆÐA Í EFRI DEILD,
á 4. fundi, 7. dag júlímán.

Landshöfðingi: Jafnvel þótt jeg játi, að það sje í sjálfu sjer miður heppilegt, að breyta lögum, sem nýlega eru orðin gildandi, þá virðist mjer þó brýn nauðsyn vera til, að breyta lögum þeim, sem hjer ræðir um, að því er snertir þau 2 prestaköll, sem frumvarpið hljóðar um. Að svo stöddu skal jeg að eins skírskota til athugasemdanna við frumvarpið, þar sem ljóslega eru leidd rök að nauðsyn þessara breytinga.

Stefán Eiríksson lagði það til, að frumvarpi þessu væri vísað til nefndar þeirrar, er sett var til að íhuga frumvarpið um breyting á tilsk. 15. desbr. 1865, 1. og 2. gr.

Jón Pjetursson áleit málið svo einfalt, að það mætti ræða án nefndar.

Forseti bar því næst undir atkvæði, hvort málinu skyldi vísað til 2. umræðu, og var það samþykkt í einu hljóði. Sömuleiðis var með atkvæðafjölda samþykkt, að vísa því til nefndar þeirrar, sem þegar var kosin til að

íhuga frumvarp til laga um breyting á tilsk. 15. desbr. 1865, 1. og 2. gr.; í þá nefnd höfðu verið kosnir:

Jón Pjetursson með 8 atkv.
Benidikt Kristjánsson — 8 —
Einar Ásmundsson — 5 —

Í nefndinni var Jón Pjetursson kosinn formaður og Benidikt Kristjánsson skrifari og framsögumaður.

ÖNNUR UMRÆÐA Í EFRI DEILD,
á 7. fundi, 13. dag júlímán.
Nefndarálit, sjá I, 62.

Framsögumaður (Benidikt Kristjánsson): Það sannast ekki á nefndaráliti þessu, að sniðinn hafi verið langur skór á lítinn fót; en af því að nefndin fjellst algjörlega á ástæður þær, sem teknar voru fram í stjórnarfrumvarpinu, þá þótti henni óþarfi að taka þær upp aptur. Í frumvarpi stjórnarinnar um skipun prestakalla og kirkna, sem lagt var fyrir alþingi 1879, var gjört ráð fyrir, að Garpsdalssókn yrði sameinuð við Stað á Reykjanesi, en þá kom og til þingsins bæn frá sóknarmönnunum um, að þessi sókn væri látin haldast sem prestakall fyrir sig, og jafnframt því bæn um, að brauðinu veittist 400 kr. uppbót. Alþingi fjellst á, að Garpsdalssókn hjeldist sem brauð fyrir sig, en ákvað brauðinu enga uppbót. Það liggur í augum uppi, að brauð þetta er svo tekjulítið, að það er óhæfa að láta nokkurt brauð vera svo rýrt; reynslan hefur þó sýnt, að í brauðið hefur fengizt prestur með 200 kr. uppbót, og það má fallyrða, að ef uppbót þessi væri með lögum gjörð stöðug, þá verða ekki svo fá brauð á landinu, sem hafa eins litlar tekjur; nefndin hefur því ekki viljað ákveða hærri styrk, en til er tekið í stjórnarfrumvarpinu. Jeg efast ekki um, að það sje heppilegra fyrir prestinn, að launin sjeu föst, ákveðin með sjerstökum lögum, og jeg ætla, að umboðsstjórninni þyki geðfelldara að veita eptir ákveðnum lögum, heldur en sjálf að bera ábyrgð fyrir veitingunni. Ef gjaldið er laust, þá er hættara við, að það verði af numið, og er það því miklu betra fyrir prestinn og sóknarmenn sjálfa, að það sje fast ákveðið. Jeg skal geta þess, að í skýrslu, sem komið hefur frá sóknarmönnunum, er það tekið fram, að jörðin Garpsdalur hafi á síðast liðnum vetri orðið fyrir töluverðum skemmdum af sandfoki, en nefndinni fannst ekki gild ástæða til að taka það til greina; að jarðir skemmast af sandfoki eða því líku, er ekki sjaldgæft hjer á landi; það er ekki víst, að skemmdirnar verði til langframa; þær geta batnað, og jarðirnar síðan orðið alveg lausar við slíkar skemmdir um langan tíma. Jeg ímynda mjer, að þingið sje ekki fremur nú en endranær upplagt til að leggja meir til prestakalla, en þörf er á; þess vegna vildi nefndin ekki fara lengra í uppbótinni, en að fara meðalveginn milli þess, sem þingið vildi í hitt eð fyrra, og þess, sem sóknarmenn beiðast nú; sóknarmenn beiddust 400 kr. uppbótar, en þingið 1879 lagði prestakallinu ekkert; finnst nefndinni því nærri sanni, að fara meðalveg og láta uppbótina vera 200 kr. á ári hverju. Það er snertir 2. gr. stjórnarfrumvarpsins, þá er þar ekki að ræða um neina verulega nýja breyting frá því, sem til er tekið í lögunum 27. febr. 1880, því að lögin gjöra ráð fyrir, að jörðin Hvítanes skuli keypt, ef þess er kostur; en það hefur komið fram, að þess er ekki kostur, nema fyrir afarverð; ef mig minnir rjett, þá er jörðin eptir hinni nýju jarðabók metin 25,3 hndr., en á að kosta 10,000 kr., og sjá þá allir, að hjer er farið fram úr almennu verði, jafnvel fram úr helmingi meira verði; það væri sanngjarnt, að selja jörðina 3000 kr. eptir almennu verðlagi jarða, en samt mætti ef til vill gjöra ráð fyrir, að hún væri kaupandi fyrir 5000 kr. Það hefði reyndar verið nær ákvæðum laga 27. febr. 1880, að fá nýja jörð keypta handa prestinum, heldur en að leggja brauðinu þessar 200 kr. sem ársgjald, en þá ætti það mál að hafa verið þegar undirbúið, en það er ekki; nefndin

gat því ekki tekið annað ráð, en að ráða þinginn til að samþykkja 200 kr. tillag til brauðsins árlega.

Var þá gengið til atkvæða um hinar einstöku greinir frumvarpsins, og var

1. grein samþykkt með 9 atkvæðum.
2. — —•— — 8 —•—

Fyrirsögn frumvarpsins samþykkt í einu hljóði, og því vísað til 3. umræðu í einu hljóði.

ÞRIÐJA UMRÆÐA Í EFRI DEILD,
á 9. fundi, 15. dag júlímán.

Með því að engar umræður urðu um málið, var gengið til atkvæða, og var frumvarpið samþykkt með 8 atkvæðum.

Forseti gat þess, að frumvarpið yrði sent forseta neðri deildar með tilmælum um að leggja það fyrir deildina.

FYRSTA UMRÆÐA Í NEÐRI DEILD,
á 16. fundi, 20. dag júlímán.

Frumvarpið, eins og það var samþykkt við 3. umræðu í efri deild, sjá I, 124.

Þórður Magnússon: Jeg sje, að efri deildin hefur haldið fast við frumvarp stjórnarinnar í þessu máli, og þykir mjer hún hafa stigið feti of skammt, þar sem um fjárveitinguna er að ræða, úr því ekki gat orðið af Hvítaneskaupunum. Þetta brauð hefur staðið prestlaust afarlangan tíma, og mun helzta orsök þess vera sú, að brauðið er eitt hið allra erfiðasta á öllu landinu, þar sem 4 firðir skerast inn í land, hálf þingmannaleið hvor, og tvær víkur; getur prestur því ekki á þessu ferðalagi brúkað sína eigin hesta, og gjörir það honum mikinn kostnaðarauka, og ekki heldur brúkað sín eigin skip, nema minnst af leiðinni. Kirkjustaðirnir eru nú setnir af efnilegum sjálfseignarbændum, svo þar getur presturinn ekki búið; um kaupin á Hvítanesi er nú útsjeð, en þar á móti er þar kot tilheyrandi Vatnsfjarðarkirkju, 8 hundruð að dýrleika, og gæti presturinn búið þar. Brauðið þarf nauðsynlega prests við, því sú prestsþjónusta, sem hefur verið þar um langan tíma, er í alla staði ónóg. Jeg get sagt sem dæmi upp á það, að merkisbóndi flutti þar barn til jörðunar í nóvembermánuði, og varð það fyrst grafið í aprílmánuði. Það væri sannarlega óskandi, að þingið bætti brauði þetta svo, að það yrði viðunanlegt, og sjálfsagt er nokkur bót í máli, að fá þar fast aðsetur handa prestinum, en meira þyrfti þó með; reyndar þykist jeg vita, að þinginu ægi við að borga til þess úr landssjóði svo til muna sje, en jeg vona, að hin háttvirta deild fallist á viðaukauppástungu, sem jeg hugsa að koma með við 2. umræðu þessa máls.

Eiríkur Kúld: Það stendur nokkuð líkt á fyrir mjer og hinum háttvirta 2. þingmanni Ísfirðinga, að jeg get eigi verið alls kostar þakklátur hinni heiðruðu efri deild fyrir að samþykkja á þennan hátt frumvarp þetta. Jeg hafði með mjer hjer til þings bænarskrá frá kjósendum mínum, og sömuleiðis vottorð frá tveimur mönnum, sem sýslmaðurinn hafði til kvatt að skoða og meta tjón það, sem prestssetrið Garpsdalur hefur orðið fyrir á næstliðnum vetri. Bújörðin var góð, en hefur á næstliðnum vetri fengið svo slæmt áfall, að hún er vart byggileg síðan. Í vottorði þessu er skemmdunum lýst. Jeg ætla, að þær hafi framfarið 29. janúar eða þegar póstskipið fórst. Jeg ætla að leyfa mjer að lesa kafla upp úr vottorðsskjali þessu: «Túnið er stórkostlega skemmt; á það hefur víðast hvar fokið meir og minna af sandi og grjóti, og það svo, að sumstaðar má heita þúfnafýllir. Túnið er mestmegnis þýft og allur grassvörður er horfinn þeim megin af þúfunum, sem að veðrinu vissi, og sumstaðar eru þúfurnar orðnar að flagi. Varla er hugsandi, að grasfall af túninu svari helmingi við það, sem áður var. Engjar eru með stykkjum talsvert skemmdar af sandi og möl, og blettir alveg eyddir, og verða að okkar áliti lítt vinnandi».

Þegar nú er á þetta litið og líka það,

að brauðið er tekjulítið og örðugt, og að biskup varð að fá 200 kr. styrk í viðbót við tekjurnar, til þess að prestur fengist til að þjóna því næstliðið ár, þá virðist full nauðsyn á að hækka uppbótina. Reyndar er nú ungur prestur í brauðinu, en þess ber að gæta, að bændur keyptu hann til að koma til sín, og hins, að brauðið eða prestsetrið hefur beðið þetta mikla tjón eptir að hann sótti um brauðið. Jeg skal taka eitt dæmi til að sýna hinni heiðruðu deild, hvernig gekk til með skemmdir þessar í vetur. Kirkjan er úr timbri, og því hætt við foki, en í veðrinu mölvaði grjótkastið úr fjallinu fyrir ofan alla gluggana á norðurhliðinnni og hálffylltist húsið svo af sandi og grjóti, og þess vegna gat hún ekki fokið um. Þegar nú þessi litli blettur, sem kirkjan er á, varð fyrir þessu, má nærri geta um tún og engjar. Jeg veit ekki, hvort mjer tekst að sannfæra hina heiðruðu deild um, að nauðsyn beri til að bæta við Garpsdal 200 kr. á ný, en öll sanngirni mælir með því, og svona er ástandið þar, eins og jeg hef sagt.

Holgeir Clausen: Jeg ætla að leyfa mjer að láta þá skoðun mína í ljósi, að jeg er á sömu meining og hinn háttvirti þingmaður Barðstrendinga, og að hjer er ástæða til að hjálpa. Fólk má ekki tapa tilfinningu fyrir lifandi og dauðum. Barn dó þar í haust og var ekki jarðað fyr en í apríl (*Eiríkur Kúld*: Ekki þar). Það má til með að laga þennan skandale, sem þar á sjer stað. Jeg vil biðja hina heiðruðu deild, að leggja þessu prestakalli þessar umbeðnu 400 kr.

Jón Ólafsson: Hinir háttvirtu þingmenn, sem talað hafa, hafa kunnað hinni heiðruðu efri deild mikla óþökk fyrir frumvarp þetta; jeg get heldur eigi þakkað henni fyrir frágang þess. En er eigi hægt að taka þessa tillagsupphæð frá einhverju öðru brauði þar vestra, svo að eigi þurfi að knýja á landssjóðinn? Má ekki sameina Staðarprestakall og Garpsdal? (*Eiríkur Kúld*: Nei). Jú. Ekki alls fyrir löngu sat Garpsdalsprestur á stað. (*Eiríkur Kúld*: Það er satt). Það er þó líklega sönnun fyrir, að sameiningin sje ekki ógjörleg. Yrði nú þessi köll sameinuð, mætti frá þeim leggja til Ögurþinga það, sem með þarf. Þangað þarf nú að svara uppbót úr landssjóði, sem gæti þannig sparazt. Jeg vil stinga upp á því, að einhver kunnugur vilji áskilja sjer breytingaratkvæði í þessa stefnu. Jeg vona, að hin háttvirta deild muni varla fús að bæta prestaköllin meira úr landssjóði en komið er.

Eiríkur Kúld: Jeg skal ekki nú tala neitt á móti breytingaratkvæði þessu, fyr en það kemur, og þeir mega þá reyna að hjúkra því, sem vilja. En hitt skal jeg segja hinum háttvirta 2. þingmanni Suður-Múlasýslu, að Garpsdalsprestur sá, er hann vitnar í að sat á stað, hann þjónaði ekki Staðarprestakalli að neinu, heldur Garpsdal einungis. Hitt hefði orðið honum allt of örðugt og ókleyft með öllu. Það er hjer undir komið, hvort hin háttvirta deild trúir betur hinum háttvirta þingmanni, er síðast talaði, og lítið sem ekkert þekkir til, eða mjer, sem er kunnugri en hann.

Með því að eigi tóku fleiri til máls, skaut forseti því undir atkvæði, hvort málið skyldi ganga til 2. umræðu, og var það samþykkt með 17 atkvæðum móti 2.

ÖNNUR UMRÆÐA Í NEÐRI DEILD,
á 18. fundi, 22. dag júnímán.

Breytingar- og viðaukatillögur við frumvarp til laga um breyting á lögum 27. febrúar 1880 um aðra skipun prestakalla, eins og það var samþykkt við 3. umræðu í neðri deildinni.

1. Við 1. grein:
   a. Jón Jónsson, Jón Ólafsson, Þorvarður Kjerulf:
      1. grein falli niður.
   b. Eiríkur Kúld:
      Í stað: «200» komi: «400».

c. Guðmundur Einarsson:
Í stað: «200» komi: «300».

d. Þorsteinn Thorsteinson:
Við 1. gr. frumvarpsins bætist:
«Dýrafjarðarþingum í Vestur-Ísafjarðarprófastsdæmi, sem talin eru í 84. tölulið greindra laga, skulu lagðar 300 kr. árlega úr landssjóði, ef presturinn eigi nýtur tekjanna af Sandaprestakalli.

2. Við 2. grein:

a. Jón Jónsson, Jón Ólafsson, Þorvarður Kjerulf:
Niðurlag greinarinnar: «og skal í þess stað» o. s. frv. falli burt.

b. Þórður Magnússon:
Við 2. gr. bætist:
«og jörðin Hestur til leigulausra afnota, þegar næstu prestaskipti verða í Vatnsfjarðar-prestakalli, og dragist jafnmikið og nemur afgjaldinu frá því, sem greiðast á frá Vatnsfjarðar prestakalli».

3. Við fyrirsögnina:
Jón Jónsson, Jón Ólafsson, Þorvarður Kjerulf:
Fyrirsögnin orðist þannig:
Frumvarp
til laga um Ögursþingaprestakall.

Þórður Magnússon: Það, sem jeg vildi segja, var, að gefa upplýsingu um viðaukaatkvæði mitt við 2. gr., því hinu ætla jeg ekki að svara, sem sumir þingmenn fara fram á, að kippa þeim tekjum af prestakallinu, sem því áður eru ákvarðaðar, og sem bæði þingið 1879 var búið að samþykkja og konungur að staðfesta; það finnst mjer svo smásmugulegt og ósamboðið virðingu þingsins fyrir sjálfu sjer, að það getur ekki komið til nokkurra mála. Það má sjá af ástæðunum fyrir stjórnarfrumvarpinu, að það þótti ekki gjörlegt að ganga að neinum afarkostum með að kaupa Hvítanes, og því hefur stjórnin stungið upp á, að brauðinu skyldi leggja 200 kr., sem er mjög sanngjarnt og mun samsvara leigunni af jörðinni Hvítanesi, eins og nú er. Með því mjer þótti þetta of lágt, þá kom jeg með þetta viðaukaalkvæði, og stakk upp á, að presturinn gæti fengið þetta litla kot, Hest, til leigulausra afnota, sem viðbót við þessar 200 kr. Þegar það var ákveðið í lögunum, að kaupa skyldi Hvítanes sem bújörð handa prestinum, þótti eigendum jarðarinnar rjettur sinn nokkuð skertur með þessu orði: «*skal kaupast*», og settu því jörðina helmingi dýrari, en hún var verð; nú vildi landsstjórnin ekki, eins og rjett var, kaupa jörðina of dýrt, og þá var presturinn jarðnæðislaus; en það er leiðinlegt fyrir prest að þurfa að láta ráðstafa sjer eins og hreppsómaga, og því finnst mjer það sanngjörn viðbót, að hann fái þetta kot til leigulausra afnota, þegar Vatnsfjarðarprestakall losnar, sem vonandi ekki verður langt að bíða, þar sem presturinn er bæði gamall og lasburða; en aptur drægist sem leigu jarðarinnar svaraði frá þeim 100 kr., sem Vatnsfjarðarprestakall á að gjalda í landssjóð; það eru ekki stór útlát fyrir landssjóðinn. Það er ekki sanngjarnt, að vilja taka allt af prestum, eins og sumir vilja, sem virðast vilja hafa stjórnleysi (*Nokkrir:* Heyr). Jeg er sannfærður um, að það er áríðandi fyrir okkur að hafa stjórn hjer á landi; ef prestar þjóna vel, verða þeir líka að hafa viðunandi laun.

Guðmundur Einarsson: Við frumvarp þetta eru nú komnar fram 3 breytingartillögur. 1. fer fram á, að af Garpsdalsprestakalli skuli taka þær 200 kr., sem frumvarpið stingur upp á; 2. að það fái 400 kr., og 3. að það fái 300 kr. Eptir því sem jeg þekki til, verð jeg að játa, að hin mesta nauðsyn sje á, að prestakallið fái 400 kr., ef prestakallið á að fá viðunanlega uppbót. Jeg hef farið meðalveginn og lagt til, að brauðið yrði þó ætíð bætt upp með 300 kr. Að svo komnu skal jeg ekki tala fleira um þessar 2 breytingartillögur, en minnast nokkuð á hina 3. Það er mjög óheppilegt, að ef eitthvað á að fara að bæta hag prestastjettarinnar, kemur eins og eitthvert and-

legt andviðri frá vissum flokki í þessari deild; menn mega þó vita, að prestar lifa ekki á eintómum vindi og vatni. Er það ekki mjög ísjárvert, að launa sálusorgurum sínum, prestum, eigi betur en svo, að þeir hafa minni laun, en sá daglaunamaður, sem hefur stöðuga vinnu allt árið í kring? Bóndi, sem heldur vinnuhjú, verður að borga þeim kaup eptir tíðarandanum, og ef hann vill fá dugleg og trygg hjú, verður hann að gjalda þeim vel, annars fær hann ekki nema eitthvert úrhrak, sem ekki á annars úrkosti. Þetta má hann heimfæra upp á þingið. Vilji það eindregið hafa nýtilega prestastjett, þá verður það að ætla prestum svo sæmileg laun, að þeir geti gegnt vel köllun sinni, enda getur það og haft skaðleg áhrif að skera allt við nögl sjer í þessu tilliti. Flestir efnilegir menn velja allt annan veg, en að ganga á prestaskólann, en aptur fara þangað margir, sem miður eru hæfir til prestskapar, af því þeir eiga ekki annars úrkosti, og með því móti geta menn fengið miður hæfa presta. Til þessa ætti ekki löggjafarvaldið að stuðla með naumleik sínum.

Landshöfðingi: Það var tilgangur alþingis í hitt eð fyrra, með að samþykkja lög um skipun prestakalla, sem staðfest eru með lögunum 27. febr. f. á, að koma jöfnuði á tekjur brauðanna, svo að unnt væri að sjá þeim öllum fyrir nauðsynlegri prestsþjónustu, og þess vegna var öllum prestaköllum þeim, er lagðar voru minni tekjur en 700 kr. eptir matsgjörð þeirri, er þingið byggði lagafrumvarp sitt á, veitt tillaga úr landssjóði, og skal jeg í því tilliti vísa til yfirlits þess, sem hlutaðeigandi nefnd samdi milli 2. og 3. umræðu frumvarpsins í þessari deild, og sem prentað er í alþingistíðindunum I, bls. 355—359, og má af þessu yfirliti sjá, að þingið ekki ætlaði neinu prestakalli minni tekjur en rúmar 700 kr. Hinum háttvirtu þingmönnum er kunnugt, að Garpsdalssókn fyrst við 3. umræðu var ákveðin sem prestakall sjer. En þá gleymdist, líklega eingöngu vegna naumleika tímans, að útvega þessu brauði tillag það, sem samsvaraði því, sem þingið hafði álitið uauðsynlegt að útvega öllum öðrum prestaköllum landsins, og ákvörðunin í lögum 27. febr. 1880, 1. gr., tölulið 75, er þannig bæði í ósamkvæmni við hinar aðrar ákvarðanir laganna, og að mínu áliti mjög ósanngjörn. Þegar prestur fyrir bón sóknarmanna ljet tilleiðast að sækja um þetta brauð, setti hann það skilyrði, að brauðinu veittist uppbót fyrir þetta ár af upphæð þeirri, er veitt er í fjárlögunum 12. gr. A. b. 1, til bráðabyrgðar- uppbótar fátækum brauðum, 200 kr., og að stjórnin reyndi til að útvega brauðinu eptirleiðis þetta tillag. Af því að jeg óskaði að verða við beiðni safnaðarins — því veitingarvaldið hefur ávallt þennan tilgang, þegar tillögur safnaðarins virðast því á rökum byggðar, — veitti jeg brauðinu þessa uppbót, að svo miklu leyti sem mjer var það heimilt, þ. e. að skilja fyrir yfirstandandi fardagaár. Það er snertir breytingartillögurnar við 2. gr. frumvarpsins, verð jeg að fallast á orð hins háttvirta 2. þingmanns Ísfirðinga og að mæla með viðaukatillögum hans við þessa grein, en jeg leyfi mjer að vona að deildin ekki aðhyllist uppástungu hinna háttvirtu 3 þingmanna um að fella 1. gr. frumvarpsins.

Þó að stjórninni virtist ef til vill þörf á fleiri breytingum á lögum 27. febr. f. á. um skipun prestakalla, hefur hún þó ekki gjört aðrar breytingaruppástungur en þessar, sem henni virðast alveg nauðsynlegar.

Eiríkur Kúld: Eins og hinn hæstvirti landshöfðingi skýrði frá, varð Garpsdalsprestakall nokkurs konar alnbogabarn hjá þinginu 1879. Sú ástæða, sem jeg hafði til, ekki einungis að mæla með þessu frumvarpi, heldur og gjöra við það breytingartillögu, sem fer fram á meira tillag en þar er gjört ráð fyrir til prestakallsins, er einkum sprottin af bón sóknarmanna þar í þá stefnu, sem og af því, að mjer er kunnugt um, að prestakallið þarf þess fullkomlega með, og er það sannfæring mín, að það sje ekki of mikið. Brauðið er metið á 581 kr. 21 e.; en, eins og landshöfðingi gat um, var það tilgangur laganna 27. febr. 1880

um skipun pressakalla, að ekkert brauð yrði undir 700 kr. Þegar nú við þessar 581 kr. 21 e. bættust 200 kr., þá yrði brauðið reyndar 781 kr. 21 e., en þegar tekið er tillit til skemmda þeirra, sem bújörð prestsins hefur orðið fyrir, sem áður hefur verið talin aðalkosturinn við brauðið, þá fellur nokkur rýrnun á þessa upphæð, og brauðið verður ekki eins mikils virði. Jeg vona, að hin heiðraða deild taki orð mín trúanleg, sem og skýrslu hinna eiðsvörnu manna um, hve miklar skemmdir þessar eru, og mun brauðið um næstu 10 ár þriðjungi minna vert fyrir þær. Brauðið verður þá 420 kr. + 200 kr. eða um 600 kr., og er ekki hugsanlegt, að embættismenn geti lifað af því. Menn geta svarað því, að presturinn þurfi ekki að gipta sig, hann geti verið einhleypur; en slíkt takmark yrði of kaþólskt að setja mönnum hjer og óhugsandi. Sá, sem sótti um brauðið, gjörði það fyrir beiðni sóknarmanna, og skutu þeir saman fje handa honum, því þeim hefur verið annt um að fá mann, sem gæti sýnt þeim sanna guðs götu, en sögðu sig ekki burt úr þjóðkirkjunni til þess að komast hjá gjöldum, eins og sumir, sem ekki kæra sig um að heyra guðs-orð. Jeg treysti því, að deildin geti breytingartillögunni um að fella 1. gr. engan gaum, heldur hafi meðaumkun og kristilega tilfinningu fyrir þessu frumvarpi, og taki til greina nauðsynina, sem á því er, að prestur fáist til að þjóna því brauði, eins og öðrum.

Þorsteinn Thorsteinson: Viðaukauppástungan er byggð á og fram komin samkvæmt bænarskrá úr Dýrafjarðarþingum. Jeg bið menn að gæta þess, að það eru hjer sóknarmenn sjálfir, það eru bændur, sem biðja um styrkinn. Ástæðurnar fyrir beiðni þessari eru sumum af þingdeildarmönnum kunnar, og er það ekki ofsögum sagt, að brauð þetta sje nú svo óaðgengilegt, að þangað fáist enginn duglegur og góður prestur. Prestakallið hefur í vetur misst talsvert af tekjum sínum, þar sem það missti prestsmötuna frá Núpi; en það kom til af því, að jörðin eyðilagðist svo, að eptir framfarna skoðunargjörð var jörðin álitin svo stórskemmd, að gjaldið yrði að falla niður, hvort sem það verður nú um skemmri eða lengri tíma. Beiðnin fór fram á, að veittar yrðu 500 krónur; þessari upphæð þorði jeg ekki að halda, og vona jeg, að jeg hafi farið milliveg, þar sem jeg hef haldið mjer til upphæðarinnar 300 kr. Þegar haft er tillit til örðugleika þessa brauðs, og einnig til þess, að það eru bændur, sem biðja um styrkinn, er sjálfir ekki geta borgað það fje, sem við þarf að bæta, vona jeg, að hin heiðraða deild gefi gaum að þessari beiðni.

Varaforseti: Jeg þykist vita, að deildinni sje fullkomlega ljóst, hvað það er, sem hjer ræðir um, nefnilega að bæta upp tekjur 3 prestakalla. Við tvö þeirra er það ekki annað en bót á misfellum, sem urðu 1879 á brauðaskipuninni. Þá var svo tilætlað í fyrstu, að Garpsdalur yrði sameinaður Staðarprestakalli, og var því brauði fyrir þá sök engin uppbót ætluð, sem annars hefði verið álitið sjálfsagt. En við atkvæðagreiðsluna fór svo, að Garpsdalur varð sjerstakt prestakall, og úr því svo er komið, get jeg ekki skilið, að nokkrum hinna heiðruðu deildarmanna geti blandazt hugur um, að gefa atkvæði með því, að brauðinu verði veittur þessi umbeðni styrkur, einkanlega þegar þess er gætt, að breytingaruppástungan fer fram á svo litið, sem virðist vera unnt að komast af með, nefnilega 300 kr.; mundu tekjur af brauðinu þó ekki verða nærri 1000 kr. Bújörðin hefur nú og um langan tíma verið í slæmu ástandi, og er nú ef ekki ónýt, þá fánýt, eins og eðlilegt er eptir þær skemmdir, sem hún hefur fengið og þingmaður Barðstrendinga hefur skýrt frá. Hitt prestakallið, sem sjálfsagt er brýnasta þörf að bæta upp, er Ögurþingaprestakall. Til þess að gjöra brauð þetta viðunanlegt, var ráðgjört í frumvarpinu 1880, að kaupa skyldi Hvítanes, en nú hefur eigi verið álitið, að það væri kaupandi fyrir dýrleika sakir. Þessi

uppbót, sem frumvarp stjórnarinnar fer fram á, er ekki annað en uppbót samkvæmt lögum 27. febr. 1880. En þó að þessi peningaupphæð fengist, væri enn sá annmarki á, að þar væri engin prestsjörð. Svarfhóll, sem er kölluð ljensjörð prestsins, er svo illa sett jörð, að þaðan ætti presturinn illt með að þjóna; en sjálfseignarbændur sitja þar jarðir, og er því örðugt að fá bújörð handa prestinum. Jeg er því þess vegna mjög meðmæltur, að brauðið fái ekki að eins þessa 200 kr. uppbót, heldur einnig, að það fái Hest í Hestfirði til leigulausrar ábúðar handa prestinum. Jörðin Hestur er lítil, og er eign Vatnsfjarðarkirkju, en þó afgjaldið sje þar lítið — jeg held það nemi varla 50 kr., þá getur það verið brauðinu til mikilla bóta, að presturinn geti þegar setzt þar að og byrjað búskap. Þess þarf ekki að geta, það er öllum kunnugt, að brauðið hefur verið óveitt marga áratugi, og er eitt hið erfiðasta brauð á landinu, og ferðalög þar svo leiðinleg, að jeg ímynda mjer, að þar uni varla nokkur prestur, nema sem þar hefur alizt upp. Hið 3. brauð var *Dýrafjarðarþing*. Um brauð þetta verð jeg að játa, að mjer sýnist vera nokkuð öðru máli að gegna. Það er fyrst og fremst ekki ómögulegt, að allur Dýrafjörðurinn gæti verið eitt prestakall, en þó honum sje skipt í tvö, álít jeg ekki, að brauðin væru alveg óaðgengileg. Yfir höfuð er jeg meðmæltur því, að öll þessi brauð fái uppbót, en sjerstaklega tvö hin fyrstu.

Halldór Kr. Friðriksson: Jeg verð að taka undir með 2. þingmanni Ísfirðinga um Ögurþingin. Þjónu-ta í þessu brauði er svo örðug og svo kostnaðarsöm, að þótt brauðið hefði viðunanlegar tekjur, hlytu þær næstum að hverfa sökum kostnaðarins á ferðum prestsins um sóknirnar. Það er því mjög áríðandi, að bústaður prestsins sje haganlega settur. Svarfhóll, ljensjörð prestsins, er því nær á enda sóknarinnar, og þar getur presturinn ekki verið. Jeg ætla því, að brauðið væri alls ekki aðgengilegt, þótt það fengi 400 kr. uppbót, ef það gæti ekki fengið haganlegt aðsetur fyrir prestinn. Þó að sú jörð, sem 2. þingmaður Ísfirðinga stingur upp á, sje lítil og vesöl, er að því mikil bót, að fá hana, því að hún er nokkurn veginn vel og haganlega sett, eptir því sem þar getur verið. Jeg er því alveg samþykkur 2. þingmanni Ísfirðinga, og mun greiða atkvæði mitt með þessari hans uppástungu. En 1. þingmanni Ísfirðinga get jeg aptur á móti ekki verið samdóma um Dýrafjarðarþingin. Brauðið er metið 900 kr., og sóknin er fremur vel megandi. Þingmaðurinn mun svara mjer, að brauðið hafi beðið tjón, þar sem jörðin Núpur hafi orðið fyrir miklum skemmdum í vetur, og það getur vel verið, en allt um það er ekki ástæða til fyrir það að bæta brauðið að staðaldri. Til þess er annar vegur að bæta það tjón, nefnilega að bæta tjónið eitt skipti fyrir öll þeim presti, sem vinnur til að bæta úr því, sem að öllum líkindum má gjöra.

Hitt brauðið var Garpsdalur. Sameiningin við Stað er allsendis ómöguleg. Bæði sóknarpresturinn á Stað og sóknarbörnin í Garpsdalsprestakalli hafa afbeðið hana, og virðist það næg ástæða til að hafna sameiningunni. Brauðið er að sönnu lágt metið, 580 kr., en þó held jeg, að stjórnin hafi hitt meðalveginn, þar sem hún stingur handa því upp á 200 kr. uppbót, og munu þá ungir prestar fást til að sækja um það brauð, en ef skemmdirnar eru miklar, sem sagt er, þá er annað ráð rjettara, og það er að veita prestinum nú einhvern styrk til að ráða bætur á skemmdunum. Jeg er kunnugur öllum þessum brauðum, og get því um þau dæmt. Uppástunga hinna 3 þingmanna álít jeg að sje svo, að þingið eigi ekki að eyða neinum orðum að henni.

Jón Jónsson: Jeg er sjálfur alveg ókunnugur í prestaköllum þeim, er hjer ræðir um, en svo mikið veit jeg, að prestaköllin hafa öll um marga mannsaldra verið sjerstök prestaköll, með þeim launum, sem við 3 höfum stungið upp á. Landshöfðingi sagði, að okkar breytingaruppástunga væri ekki samkvæm tilgangi þingsins 1879; það er alveg satt; hún er það ekki; en við uppástungumenn erum líka alveg mótfallnir þeirri stefnu, sem þingið þá hafði. Hún var eðlileg afleiðing af stefnu þeirri, er þegar kom fram 1875, að nota fjárráð þau, er vjer þá fengum, til að bæta laun embættismanna. Þessi sama stefna kom fram 1877, og var það þá alþingi, sem kom því til leiðar, að prestalaunanefnd var sett, og var það von, að stefna þessi breyttist ekki mjög mikið á þinginu 1879, þar sem sátu, að fáeinum þingmönnum undanteknum, hinir sömu þingmenn, sem rjeðu lögum og lofum 1875 og 1877. En nú hafa nýjar kosningar farið fram, og jeg efast um, að kjósendur hafi í mörgum kjördæmum þakkað þingmönnum þeim, er rjeðu launalögunum frá 1875—1879, fyrir frammistöðuna. Það er eðlilegt og þakkavert, að stjórnin fylgir fram stefnu alþingis á þingunum 1875—1879, en það er skylda vor alþingismanna að hugleiða, hvort ekki sje ástæða til að víkja stefnu þessari við, og að reyna að fá afgang til annars en launabóta. Þegar nú sjerstaklega er að ræða um laun presta, tala menn einatt um prestafæðina; en prestafæðin kemur ekki að eins af því, að laun prestakalla eru lág; hún orsakast ef til vill fullt eins mikið af þeirri breytingu, sem var gjörð 1845—50, þegar lærði skólinn var fluttur til Reykjavíkur og prestaskóli stofnsettur. Mönnum óx í augum kostnaðarauki sá, sem leiddi af þessu hvorutveggja, og aðsóknin að skólanum minnkaði; en nú er almenningur búinn að sætta sig við nýmælin; skólapiltar hafa fjölgað furðanlega, og innan fárra ára verða eflaust 2 og 3 umsækjendur um hvert útkjálka- brauð.

Önnur ástæða fyrir því að hækka laun presta er, að þeir, eins og þingmaður Dalamanna benti á, eiga að «lifa með tímanum». Áður þótti ekki nema sjálfsagt, að prestar lifðu eins og bændur; þeir reru sjálfir með vinnumönnunum, slógu með þeim, og gengu til allra verka; þeir gátu því dregið alþýðuna upp til sín, og því furðaði útlendinga, sem hingað komu, að sjá menntun alþýðu þrátt fyrir skólaleysið, og að sjá, hvernig hjer ekki bæri á neinum stjettamun, eins og í útlöndum, þar sem embættismenn lifa aðgreindir frá þjóðinni. Þetta jafnrjetti manna hefur marga kosti í för með sjer, og við ættum að vara okkur á, að koma því til leiðar, að mynduð yrði hjer sjerstök embættisstjett, en vissasti vegurinn til þess er, að hækka laun presta, svo að þeir geti fylgt tímanum, o: lifað eins og hálaunaðir veraldlegir embættismenn. Þvert á móti væri æskilegt, að sveitaprestar í þessu tilliti, eins og fyrir 100 árum síðan, gjörðu sjer meira far um að samlaga sig bændalífinu. Það má bæta kjör þeirra samt, því sjerhver endurbót á kjörum bænda verður þá einnig endurbót á kjörum presta. Prestarnir verða þá ekki landsómagar, en leiðtogar bænda á vegi framfara.

Að síðustu ætla jeg út af því, sem sumir þingmenn hafa sagt um, að við uppástungumenn hefðum engan kristilegan kærleika, enga hjartagæzku, enga trú o. s. frv., að taka fram, að þessi orð eigi hjer ekki við; við erum ekki komnir hjer til að gjöra grein fyrir okkar trú. En svo mikið vil jeg segja, að þeir menn, sem hafa fylgt þessari stefnu þingsins 1875, 1877 og 1879, þeir hafa haft litla hjartagæzku, þegar þeir hafa einblínt á það, að bæta kjör embættismanna, þó þeir flestir lifi langtum betur en bændur,

og þó aumingjaskapur og fátækt alþýðu er svo, að hungursneyð vofir yfir í hvert sinn, er veruleg harðindi ber að höndum.

Með því að eigi tóku fleiri til máls, ljet forseti ganga til atkvæða, og fjell atkvæðagreiðslan þannig:

1. Breytingaratkvæði 3 þingmanna við 1. gr. var fellt með 16 atkvæðum móti 4.
2. Breytingaratkvæði Eiríks Kúlds við sömu gr. var fellt með 16 atkvæðum móti 4.
3. Breytingaratkvæði Guðmundar Einarssonar við sömu grein var fellt með 12 atkvæðum móti 9.
4. Viðaukaatkvæði Þorsteins Thorsteinsonar við sömu grein var fellt með 14 atkvæðum móti 6.
5. 1. gr. frumvarpsins óbreytt var samþykkt með 19 atkvæðum gegn 3.
6. Breytingaratkvæði 3 þingmanna við 2. gr. var fellt með 18 atkvæðum gegn 2.
7. Viðaukaatkvæði Þórðar Magnússonar við sömu grein var samþykkt með 15 atkvæðum móti 2.
8. Að frumvarpið skyldi ganga til 3. umræðu, var samþykkt með 20 atkvæðum.

ÞRIÐJA UMRÆÐA Í NEÐRI DEILD,
á 22. fundi, 26. dag júlímán.

Frumvarpið, eins og það var samþykkt við 2. umræðu, sjá I, 158—159.

Breytingar- og viðaukatillögur við frumvarp til laga um breyting á lögum 27. febr. 1880 um skipun prestakalla, eins og það var samþykkt við 2. umræðu.

a.

Breytingartillaga
frá 8 þingmönnum.

Við 1. gr. Í stað: «200 kr.» komi: «300 kr.»
Guðmundur Einarsson. Þórður Magnússon. Eiríkur Kúld. Lárus Blöndal. Tryggvi Gunnarsson. Þorsteinn Thorsteinson. Þórarinn Böðvarsson. Egill Egilsson.

b.

Breytingar- og viðaukatillögur
frá 7 þingmönnum.

1. Við 1. gr. Viðauki við niðurlag 1. greinar: «Dýrafjarðarþingum í Vestur-Ísafjarðar-prófastsdæmi skulu lagðar 200 króna árlegt tillag úr landssjóði, ef presturinn nýtur eigi tekjanna af Sandabrauði.
2. Við 2. gr. Fyrir: «jörðin Hestur» komi: «jörðina Hest».
3. Við 2. gr. Klausan: «og dragist jafnmikið . . . frá Vatnsfjarðar-prestakalli» falli niður.

Árnljótur Ólafsson. Guðmundur Einarsson. Þórður Magnússon. Eiríkur Kúld. Holgeir Clausen. Þorlákur Guðmundsson. Þorsteinn Thorsteinson.

Þórður Magnússon: Jeg ætla að eins að skýra hinni háttvirtu deild frá ástæðunum fyrir breytingar- og viðaukatillögum þeim, sem komið hafa fram við frumvarp þetta, síðan það var samþykkt við 2. umræðu. Vjer, sem skrifum nöfn vor undir þessa breytingartillögu, höfum komizt að þeirri niðurstöðu, að Vatnsfjarðarprestakall geti misst kot þetta, án þess að nokkurt endurgjald þurfi í staðinn úr landssjóði. Hin breytingin við 2. gr. frumvarpsins er að eins orðabreyting, og gjörir ekkert til.

Með því að fleiri tóku eigi til máls, sagði forseti umræðunni lokið. Var þá gengið til atkvæða, og fjellu þau þannig.

1. Breytingaruppástunga Guðmundar Einarssonar og 7 annara þingmanna við 1. grein frumvarpsins. Sökum óglöggrar atkvæðagreiðslu var við haft nafnakall og sögðu

Já:

Eiríkur Briem,
Magnús Andrjesson,
Arnljótur Ólafsson,
Benidikt Sveinsson,

Egill Egilsson,
Eiríkur Kúld,
Friðrik Stefánsson,
Guðmundur Einarsson,
Holgeir Clausen,
Lárus Blöndal,
Tryggvi Gunnarsson,
Þórarinn Böðvarsson,
Þórður Magnússon,
Þorsteinn Thorsteinson.

Nei:

Grímur Thomsen,
Halldór Friðriksson,
Jón Jónsson,
Jón Ólafsson,
Ólafur Pálsson,
Þorkell Bjarnason,
Þorlákur Guðmundsson,
Þorsteinn Jónsson,
Þorvarður Kjerulf.

Var breytingaruppástungan þannig samþykkt með 14 atkvæðum gegn 9.

2. Viðaukauppástunga Arnljóts Ólafssonar og 6 annara þingmnnna við 1. grein frumvarpsins. Um hana varð einnig að hafa nafnakall sökum óglöggrar atkvæðagreiðslu, og sögðu

Já:

Arnljótur Ólafsson,
Benidikt Sveinsson,
Eiríkur Kúld,
Friðrik Stefánsson,
Grímur Thomsen,
Guðmundur Einarsson,
Jón Jónsson,
Jón Ólafsson,
Lárus Blöndal,
Ólafur Pálsson,
Tryggvi Gunnarsson,
Þórarinn Böðvarsson,
Þórður Magnússon,
Þorkell Bjarnason,
Þorlákur Guðmundsson,
Þorsteinn Jónsson,
Þorsteinn Thorsteinson,
Þorvarður Kjerulf.

Nei:

Eiríkur Briem.
Magnús Andrjesson,
Egill Egilsson,
Halldór Friðriksson,
Holgeir Clausen.

EIN UMRÆÐA Í EFRI DEILD,
á 21. fundi, 29. dag júlímán.

Frumvarpið, eins og það var samþykkt við 3. nmræðu í neðri deild, sjá I, 237.

Nefndarálit, sjá I, 271.

Forseti: Þar eð jeg veit, að sumir hinna háttvirtu þingmanna þessarar deildar kunna illa við, að þau 2 frumvörp, sem standa fyrst á dagskránni, hafa bæði hina sömu fyrirsögn, og því munu vilja stinga upp á því, að steypa þeim saman, þá skal jeg leyfa mjer að taka til umræðu frumvarpið nr. 2. á dagskránni.

Framsögumaður (Benidikt Kristjánsson): Eins og kunnugt er, hefur nefnd sú, sem skipuð var í þessari deild, til að íhuga frumvarp það, sem hjer liggur fyrir, ráðið deildinni frá að aðhyllast viðauka neðri deildarinnar við frumvarpið að því, er uppbótina til Dýrafjarðarþinga snertir, en að öðru leyti, að samþykkja breyting neðri deildarinnar, að því er snertir hin tvö prestaköllin, Garpsdal og Ögurþing. Nefndin getur eigi annað, en álitið, að Garpsdalsprestakall, sem að eins er metið 581 kr. 21 e., sje svo fátækt brauð, að öll ástæða sje til, að láta þær 300 kr. haldast, sem neðri deildin hefur stungið upp á. Að nefndin, sem sett var i málinu í þessari deild, eigi til tók hærra tillag en 200 kr., kom beinlínis af þeirri ástæðu, að henni þótti ekki árennilegt að fara í þessu efni lengra, en frumvarp stjórnarinnar. Nefndin álítur því, að tekjur brauðsins megi ekki minni vera en 881 kr. 21 e., því síður, sem síðar

hafa komið upplýsingar um, að Garpsdalur, ábýlisjörð prestsins, hafi orðið fyrir stórskemmdum á síðasta vetri; en við síðustu umræðu þessa máls hjer í deildinni tók jeg það fram, að skemmdir þessar væru ef til vildi ekki svo stórkostlegar, að ekki gæti ráðizt bót á þeim. En þar eð nú nákvæmari upplýsingar hafa fengizt síðan um skemmdir þessar á jörðunni, hikar nefndin ekki við, að ráða binni háttvirtu deild til að fallast á þessa 300 kr. uppbót. Sama er að segja um Ögurþing. Hin háttvirta neðri deild hefur lagt það til, að þessu prestakalli yrði lögð jörðin »Hestur« frá Vatnsfjarðarprestakalli, þegar prestaskipti verða þar. Þegar litið er til þess, að Vatnsfjörður er gott brauð, en Ögurþing fátækt brauð, þá ræður nefndin deildinni til þess einnig að samþykkja þessa ákvörðun neðri deildarinnar. En að því er kemur til Dýrafjarðarþinga í Vestur-Ísafjarðar-prófastsdæmi, þá þótti nefndinni ekki ástæða til, að þessu brauði yrði lögð nein uppbót úr landssjóði. Eptir alþingistíðindunum 1879 eru tekjur þessa prestakalls 893 kr. 57 a., sem sýnir, að þetta brauð er betra án uppbótar, en Garpsdalur með uppbót þeirri, sem honum er hjer ákveðin. Nú sem stendur þjónar presturinn í Dýrafjarðarþingum öðru prestakalli með; þegar nú tekjur þessara brauða eru lagðar saman, nema þær 1810 kr. 77 a. En það er auðvitað, að þessi sameining getur ekki átt sjer stað lengur, en þangað til sótt verður um Sandabrauðið. En þó svo verði, að það verði veitt sjerstaklega, þá eru Dýrafjarðarþingin þó viðunanlegt brauð, og Sandar sömuleiðis, því eptir áætlun alþingis 1879 eru tekjur þess 917 kr. 20 a., því mig minnir, að því væru þá lagðar 200 kr. úr landssjóði. Þegar nú hjer við bætist, að Dýrafjarðarþingum er vel í sveit komið, og þessi viðbót eins og tekin úr lausu lopti, en eigi eptir uppástungu hjeraðsfunda, sem hafa mikið atkvæði í slíkum málum, þá leyfir nefndin sjer að ráða binni heiðruðu deild frá, að samþykkja þeunan viðauka neðri deildarinnar

Pjetur Pjetursson: Jeg er bæði neðri deild og binni háttvirtu nefnd, er þessi deild setti í máli því, er hjer ræðir um, samdóma, að því er snertir Garpsdalsprestakall og Ögursþingin, en jeg er hræddur um, að hin háttvirta nefnd hafi ekki haft í böndum sjer skýrslu um rýrnuu Dýrafjarðarþinga við skaða þann, er þau urðu fyrir á næstliðnum vetri. Jeg skal játa, að mjer hugkvæmdist ekki að gefa nefndiuni skýrslur þær, er stiptsyfirvöldunum voru sendar hjer að lútandi. En jeg skal leyfa mjer að taka það fram nú, að af skýrslum þessum sjest, að prófasturinn í Vestur-Ísafjarðarprófastsdæmi hjelt í vetur skoðunargjörð á kirkjujörðinni Núpi, eptir áskorun kirkjueigandans, ásamt fjórum eiðsvörnum skoðunarmönnum, er þar til voru kvaddir, þ. e. hreppstjóra, einum búfræðingi og tveim mönnum öðrum. Skoðunargjörð þessi lýsir því, að í ofsaveðri, nóttina milli hins 30. og 31. jan. í vetur, hafi kirkjan tekið út á sjó því nær öll, og jörðin skemmzt svo af aur og grjóti, að hún varð því nær óbyggileg. En presturinn til Dýrafjarðarþinga hefur 12 fjórðunga smjörs af Núpi, sem hann missir nú. Kirkjueigandinn var búinn að byggja jörðina út, en sá, sem hafði leigt hana, afsalaði sjer jörðinni aptur eptir áfölliu, en krafðist þess, að vera afgjaldslaust á henni í tvö ár. Af þessu leiðir því, að presturinn missir mötuna fyrst um sinn. Því það væri ósanngjarnt, að skylda kirkjueigandann til að borga hana. Hann var nefnilega nýbúinn að byggja kirkjuna og átti talsvert fje hjá henni. Tekjur Dýrafjarðarþinga voru eptir seinasta mati 670 kr., og þegar prestsmatan frá Núpi, 80 kr., dregst frá, verða eptir 590 kr. Nú stendur í frumvarpi neðri deildarinnar, að Dýrafjarðarþingum skuli lagt 200 króna árlegt tillag úr landssjóði, »ef presturinn nýtur eigi tekjanna

af Sandabrauði». Það er nú líklega svo, að presturinn þjónar Söudum nú sem stendur, en jeg hef ástæðu til að halda, að það verði ekki nema til hausts. Presturinn gjörir ráð fyrir að sækja sem fyrst frá brauðinu, þar eð hann telur sjer ekki framar lífvænt við brauðið, en hann er svo vel látinn af sóknarmönnum, að þeir vilja með engu móti missa hann. Af öllu þessu álít jeg það sanngjarnt, að Dýrafjarðarþingum sjeu lagðar 200 kr. árlega úr landssjóði, þegar presturinn missir Sandabrauðið. Jeg vona því fastlega, að hin heiðraða efri deild ónýti ekki gjörðir neðri deildarinnar í þessu efni, því jeg veit, að hún hefur haft fullnægjandi skýrslur að byggja á viðauka sinn.

Framsögumaður: Jeg þori nú ekki að fullyrða, að skýrslurnar í alþingistíðindunum 1879 sjeu áreiðanlegar, en ólíklegt tel jeg, að þeim skakki mjög mikið. Tekjur Dýrafjarðarþinga eru þar taldar 893 kr., og er þá brauð þetta eptir því ekki fátækara, en mörg önnur brauð. Þó segi jeg ekki þar með, að ekki sje æskilegt, að þau væru öll betri. Hinn háttvirti 1. konungkjörni þingmaður tók það fram, að kirkjubóndinn hefði neitað að borga prestsmötuna, af því hann hefði ekki getað það, en jeg fæ ekki sjeð, að fyrir það sje nein ástæða til, að þingið leggi þessu prestakalli 200 kr. árlega úr landssjóði. Því að lögum getur hann ekki orðið laus við þetta gjald, og eptir því fyrirkomulagi, sem hjer er, getur hann aldrei orðið ófær um, að svara prestsmötunni, og er svo mikil trygging fyrir henni, að hún getur ekki tapazt. Kaupparturinn í kirkjueignunni er nægilegt veð fyrir gjaldinu. Jeg fyrir mitt leyti get ekki sjeð, að það sje rjett, að fara að gefa eptir lögboðin gjöld, eins og af miskunn, og leggja þau á landssjóðinn. En í þessu sem öðrum málum verður hver að ráða sinni sannfæringu; mjer dettur ekki í hug, að sækja þetta mál með neinu kappi, og hvort sem þingdeildin fellir eða samþykkir þennan viðauka neðri deildarinnar, er jeg eins ánægður eptir sem áður.

Magnús Stephensen: Jeg vildi að eins leyfa mjer, að vekja máls á því, hvort hinni heiðruðu þingdeild þætti ekki illa til fallið, að hafa tvenn lög um sama efni og með sömu fyrirsögn. Jeg vil því leyfa mjer, að stinga upp á því, að þessum báðum frumvörpum sje steypt saman í eitt. Ef þingdeildin væri á þessu, álít jeg heppilegast, að fresta þessari umræðu. En svo mætti aptur við 2. umræðu um hitt frumvarpið: «frumvarp til laga um breyting á lögum 27. febr. 1880 um skipun prestakalla o. fl.», koma með breytingaruppástungu um, að þær tvær greinar, sem nú eru til umræðu, verði settar inn í þetta frumvarp, og þá helzt framan við það, en hinum 5 töluliðunum aptur skipt í sundur í 2 greinar, svo að hið nýja frumvarp yrði þá 4 greinar. Ef þingdeildin fellst á þessa uppástungu míua, má svo síðar fella þetta frumvarp. Um aðalefni málsins skal jeg ekki ræða að þessu sinni, enda getur það komið til umtals síðar, ef uppástunga mín verður samþykkt.

Að svo mæltu bar forseti undir atkvæði, hvort þessari umræðu skyldi fresta, og var það samþykkt með 9 atkvæðum.

Á 35. fundi efri deildarinnar, 12. dag ágústmán., skýrði landshöfðingi frá, að hann tæki aptur frumvarp stjórnarinnar um breyting á lögum 27. febrúar 1880, um skipun prestakalla, þar eð lög væru samþykkt í báðum deildum, er efni frumvarpsins væri tekið upp í.

B.

Frumvarp til laga um breyting á lögum 27. febrúar 1880, um aðra skipun prestakalla o. fl. Frá 1. og 2. þingmanni Húnvetninga. Frumvarpið er prentað í fyrra parti alþingistíðindanna, bls. 121—122.

FYRSTA UMRÆÐA Í NEÐRI DEILD,
á 16. fundi, 20. dag júlímán.

Flutningsmaður (Eiríkur Briem): Jeg skal ekki tala langt mál fyrir þessu frumvarpi, því ástæðurnar fyrir því eru prentaðar með því, og nákvæmari upplýsingar því viðvíkjandi hafa verið lagðar fram á lestrarsalinn, svo að hverjum þingmanni hefur gefizt kostur á að kynna sjer málið. Hjer er sú breyting gjörð frá lögunum 27. febr. 1880, að þar er til ætlazt, að 6 sóknum sje skipt svo í 3 prestaköll, að í einu prestakallinu verði 3 sóknir, en í öðru ein; en nú er stungið upp á, að 2 sóknir sjeu í hverju. Allar hlutaðeigandi sóknarnefndir hafa sumpart með miklum áhuga óskað eptir þessari breytingu, og sumpart eigi haft neitt á móti henni, og á hjeraðsfundi var það samþykkt að heita mátti í einu hljóði. Að því er snertir gjald það, sem greiðast skal í landssjóð af hinum fyrirhuguðu brauðum, þá er það í frumvarpinu, samkvæmt tillögum hjeraðsfundarins, ákveðið 150 kr. lægra en það, sem eptir prestakallalögunum á að greiða af hinu sameinaða Þingeyra- og Undirfellsbrauði. En það var álit hjeraðsfundarins, að gjaldið mætti eigi meira vera, til þess að gjöra ekki hlutaðeigandi brauð óaðgengilegri en áður. Þingeyrabrauð er eptir núgildandi brauðamati í tölu hinna lakari meðalbrauða, og þótt við það bættust 200 kr. frá Hjaltabakkabrauði, en hinar 200 kr. gengju í landssjóð, þá er það eigi meira en iðgjald hinna auknu erfiðleika. Eptir skýrslum þeim, er útvegaðar voru 1878, voru tekjur Hjaltabakkaprestakalls alls 400 kr. Höskuldsstaðaprestakall er að vísu nokkru tekjumeira en Þingeyrar, en því er miður vel í sveit komið og hefur aldrei þótt sjerlega eptirsóknarvert, og það mundi eigi verða það fremur, þótt Holtastaðarsóknin bætist við með 400 kr. tekjum, þegar 150 kr. eiga að gjaldast af því.

Hvað 4. gr. viðvíkur, þá er því brauði ákveðin áður 300 kr. uppbót við næstu prestaskipti, en sá prestur, sem nú er, getur ekki fengið hana. Nú hefur hann, af því hann hafði ætlað sjer að vera þar lengi, lagt mikinn kostnað í byggingar þar og jarðabætur, og var það metið af mönnum, sem sýslumaður útnefndi til þess, á fjórða þúsund krónur. En seinna hefur presturinn sýkzt af augnveiki, og hann varð í hitt eð fyrra að sigla sjer til heilsubótar, og þótt hann þá fengi lækningu, hefur hann nú orðið að sigla aptur. Þótt nú bæði prestinum þyki leitt að þurfa að skilja við söfnuðinn og prestssetur það, sem hann er búinn að bæta svo mikið, eins og söfnuðinum aptur á móti að missa prestinn, þá er hann þó vegna kostnaðar þess, er veikindi hans hafa haft í för með sjer, neyddur til að reyna að fá meiri tekjur og sækja um annað brauð, ef ákvörðun frumvarpsins ekki kemst á, og fái hann það, þá þarf hvort sem er að leggja prestakallinu 300 kr., svo að landssjóðurinn vinnur þá ekkert við að neita honum um bæn hans. Jeg skal svo ekki fara fleiri orðum um málið, en óska, að það gangi til 2. umræðu, og skyldi nokkur vera í vafa um, hvort hann eigi að greiða atkvæði fyrir því, þá vildi jeg óska, að hann ljeti það í ljósi, svo að mjer gæfist kostur á að bæta úr þeim ókunnugleik, er hlýtur að valda því.

Jón Ólafsson: Það er föst regla hjá mjer að styðja aldrei að breytingu á skipun prestakalla, sem eykur landssjóðnum kostnað. Jeg vildi því spyrja flutningsmanninn að því, hvort brauðin mundu verða mjög óaðgengileg, þótt frá hinu fyrra yrðu greiddar 200 kr., en frá hinu síðara 300 kr., þannig að landssjóður fengi jafnmikið inn af þessum brauðum, sem hann á að svara út aptur eptir hinum töluliðum frumvarpsins. Að öðrum kosti mundi jeg verða á móti frumvarpinu.

Flutningsmaður: Það getur komið til skoðunar, hvort þetta eru í raun og veru útgjöld fyrir landssjóðinn; áður átti að sameina Holtastaðasókn og Hjaltabakka, en tekjur þess brauðs verða að eins 800 kr., eins og tekið er fram í ástæðunum fyrir frumvarpinu, og því verður brauð þetta svo

óaðgengilegt, að líklega mundi verða að leggja því uppbót úr landssjóði, og þótt uú sje þar nýr prestur, þá var sótt fyrir hanu án hans vitundar, og hann var í vafa um, hvort hann ætti að taka brauðið, en gjörði það að eins vegna heilsunnar, af því honum var nauðsynlegt að vera við sjó. Hvað það snertir, að hækka gjaldið af brauðunum til landssjóðs, eins og 2. þingmaður Suður-Múlasýslu stakk upp á, þá tel jeg að vísu víst, að um þau mundi verða sótt fyrir því, en jeg vil biðja þingmenn að gæta þess, hvort ástæða er til þess, að fækka þeim brauðum, sem eru dálítið fyrir ofan það takmark, að þau geti gengið út. Að öðru leyti þarf þetta atriði eigi að vera því til fyrirstöðu, að málið gengi til 2. umræðu.

Varaforseti gat þess, að hann skyldi sízt leggja það til, að mál þetta væri fellt, þó enn væri stutt umliðið, síðan nefndin í brauðamálinu og þingið hefði orðið að komast að annari niðurstöðu, og það einmitt eptir beinum tillögum frá fundi í Húnavatnssýslu. Þá fór bæði nefndin og þingið eptir tillögum hjeraðsfundarins, sem virtust á góðum rökum byggðar. En hjeraðsfundurinn hafði þó í einu tilliti lagt annað til, nefnilega, að Hof yrði sameinað Höskuldsstöðum. Þetta gat þingið 1879 ekki fallizt á. En úr því Höskuldsstaðir og Hof eru 2 prestaköll, fer sú skipun á þeim brauðum, sem hjer ræðir um, betur. Hvað snertir viðbótina við Tjarnarprestakall, þá vil jeg að vísu mæla hið bezta með henni, en vil að eins hreifa því, hvort eigi væri mögulegt, að landshöfðinginn bætti brauð þetta upp, eins og til er ætlað, af fje því, sem ætlað er til uppbótar fátækum brauðum.

Arnljótur Ólafsson: Jeg er kunnugur í Húnavatnssýslu og veit, að sú sameining, sem hjer er farið fram á, er langt um hentugri en sú, sem til er tekin í brauðaskipunarlögunum 27. febr. 1880. Nefndin fer fram á, að tillagið frá hinu sameinaða Þingeyra- og Höskuldsstaðabrauði verði samtals 350 kr., en af Vatnsdalsbrauðinu átti að greiða 500 kr., og lenda þá 150 kr. á landssjóði. En það virðist mjer óþarft hjer, því brauð þessi eru fullgóð, þótt hinum fyrri 500 kr. sje jafnað niður á þau, annaðhvort sínum 250 kr. á hvort, eða meira á Þingeyrabrauðið. Í síðasta brauðamati er Höskuldsstaðabrauðið metið 1332 kr. og Holtastaðasóknin mun nema hjer um 400 krónum. Mundu því margir verða til að sækja um brauðið, þótt prestssetrið yrði flutt inn að Mýrum.

Með því að ekki tóku fleiri til máls, bar forseti undir atkvæði, hvort málið skyldi ganga til 2. umræðu, og var það samþykkt með 21 atkvæði.

ÖNNUR UMRÆÐA Í NEÐRI DEILD,
á 19. fundi, 23. dag júlímán.

Breytingar- og viðaukatillögur við frumvarp til laga um breytingar á lögum 27. febrúar 1880, um skipun prestakalla o. fl.

a.

Breytingartillögur
frá Aruljóti Ólafssyni.

Við 1.: fyrir: «150 kr.» komi: «200 kr.»
Við 2.: fyrir: «200 kr.» komi: «300 kr.»

b.

Breytingar- og viðaukaatkvæði
frá 2. þingmanni Norður-Múlasýslu.

Aptan við frumvarpið bætist ný grein, sem verður
5. gr. «Lundarbrekkuprestakall í Þingeyjarsýslu fær frá fardögum 1882 þá 300 kr. uppbót, sem því er ákveðin í lögum 27. febr. 1880».

Flutningsmaður (*Eiríkur Briem*): Mjer virtist málið fá svo góðan byr hjá deildinni við fyrstu umræðu, að jeg vona, að hún lofi því að halda áfram. Hvað breytingaratkvæðunum viðvíkur um gjaldið, sem greiða skal frá brauðunum í landssjóð, þá er eigi annað um þau að segja, en að brauðin mundu

verða, eins og jeg hef áðnr á vikið, eflaust útgengileg fyrir því. Þó bið jeg þingmenn gæta að því, hvort ástæða er að fækka þeim brauðum, sem eru nokkru betri en aðeins svo, að menn vilji verða til að sækja um þau.

Arnljótur Ólafsson: Jeg hef leyft mjer að koma fram með breytingartillögu, af því að tillagið af brauðum þessum varð eptir frumvarpinu 150 kr. minna til landssjóðs, heldur en til er tekið í lögum 27. febrúar 1880, um skipun brauða. Flutningsmaður hofur játað, að brauðin væru útgengileg allt að einu, þó gjaldið væri fært upp, svo landssjóðurinn biði ekki skaða. Sama var einnig ástæðan hjá mjer. Jeg álít, að við eigum ekki að grípa með hendinni í landssjóðinn, nema þar sem nauðsyn ber til. Það eru mjög mörg brauð. sem eru fátækari en þessi. Annað þeirra er 12—1400 kr. og vel í sveit komið; hitt er hærra metið. Þingeyrabrauðið er gott brauð, þótt goldnar sjeu af því 300 kr. Eins og jeg er fús á að leggja brauðunum úr landssjóði, þegar nauðsyn ber til, eins er jeg ófús á að gjöra það, þegar þess er ekki brýn þörf. Þannig er um þetta mál; hjer er engin sjerstök ástæða til að láta landssjóðinn missa, úr því brauðin samt eru yfir 1200 kr. hvort um sig.

Benidikt Sveinsson: Jeg vona, að hin heiðraða deild minnist þess, að þetta er fyrsta breytingaratkvæðið, sem jeg kem með á þessu þingi, og að það því verði þeim mun ljúfara á að fallast á það, þó eigi af þeim ástæðum, að ekki sje annað fleira, sem með því mæli. Flestum þingmönnum mun kunnugt, að Lundarbrekku-prestakall í Þingeyjarsýslu er mjög fátækt og örðugt. Vegalengdin er fjarskaleg, og þetta hefur því meiri þýðingu, þar sem snjóalög eru mikil á vetrum, og þegar nú brauðið er að því skapi tekjulítið, en presturinn, sem nú þjónar því, er bláfátækur, mesti ágætismaður og skyldurækinn, þá vona jeg, að jeg hafi tekið það fram, sem nægir til að mæla með viðaukauppástungu minni. Það virðist í sjálfu sjer nauðsynlegt að gjöra breyting á því, að uppbót brauðanna skuli ekki ske fyr en við næstu prestaskipti. Stefnan er mjög skaðleg. Þetta verður ginningarepli fyrir prestana til að róta sjer, og það er skaðlegt bæði fyrir efnahag prestanna og söfnuðina. Jeg er sannfærður um, að þessi prestur neyðist til að sækja burt, ef hann fær ekki uppbótina, og jeg er líka viss um, að þetta væri mjög á móti skapi safnaðarins, sem bjer á í hlut. Með því deildin líka hefur samþykkt uppbótina á Tjarnarprestakalli, þá treysti jeg því, að þetta viðaukaatkvæði mitt verði einnig samþykkt.

Arnljótur Ólafsson: Jeg vil styðja þetta viðaukaatkvæði og jafnframt geta þess, að þessi 300 kr. uppbót er engan veginn að öllu leyti kostnaður fyrir landssjóðinn, vegna þess að brauðinu hafa hingað til verið lagðar 200 kr. Breytingin er sú, að brauðið fær 100 kr. meira en áður, eða 300 kr. í staðinn fyrir 200 kr., sem því hafa verið veittar af því fje, sem ætlað er til uppbótar fátækum brauðum í 12. grein fjárlaganna A. 2. tölulið. Sá töluliður færist niður, um leið og hinn 1. töluliður sömu greinar færist upp, það er tillagið til ýmissa brauða eptir 1. grein í lögunum um skipun prestakalla 27. febr. 1880.

Síðan var gengið til atkvæða, og fjell atkvæðagreiðslan þannig:

1. Breytingaratkvæði Arnljóts Ólafssonar við 1. gr.: «200 kr.» fyrir «150 kr.» samþykkt með 16 atkvæðum.
2. 1. gr. frumvarpsins samþykkt með 18 atkvæðum.
3. Breytingaratkvæði Arnljóts Ólafssonar við 3. gr.: «300 kr.» í stað «200 kr.» samþykkt með 16 atkvæðum.
4. 2. gr. frumvarpsins samþykkt með 19 atkvæðum.
5. 3. gr. frumvarpsins samþykkt með 20 atkvæðum.
6. 4. gr. frumvarpsins samþykkt með 18 atkvæðum.
7. Viðaukaatkvæði Benidikts Sveinssonar samþykkt með 14 atkvæðum móti 2.

8. Samþykkt í einu hljóði, að frumvarpið gengi til 3. umræðu,

ÞRIÐJA UMRÆÐA Í NEÐRI DEILD,
á 23. fundi, 27. dag júlímánaðar.

Frumvarpið, eins og það var samþykkt við 2. umræðu, sjá I, 241.

Breytingar- og viðaukauppástungur við frumvarp til laga um breyting á lögum 27. febrúar 1880, um skipun prestakalla og fl., eins og það var samþykkt við 2. umræðu í neðri deild.

a.

Breytingartillaga.

Fyrirsögnin orðist þannig:

Frumvarp
til laga
um breytingu á 1. og 5. gr. í lögum um skipun prestakalla dags. 27. febrúar 1880.

Eiríkur Briem. Magnús Andrjesson. Þorvarður Kjerulf. Guðmundur Einarsson. Þorlákur Guðmundsson. Halldór Kr. Friðriksson.

b.

Viðaukaatkvæði:

Aptan við frumvarpið bætist ný grein, sem verður
6. grein. Hvamms- Goðdala- og Fellsprestaköll í Skagafjarðarsýslu fá frá fardögum 1882 þær uppbætur, sem þeim eru ákveðnar í lögum 27. febr. 1880.

Halldór Kr. Friðriksson. Lárus Blöndal. Benidikt Sveinsson. Guðmundur Einarsson. Þórarinn Böðvarsson. Jón Jónsson. Friðrik S. Stefánsson.

Flutningsmaður (Eiríkur Briem): Jeg ímynda mjer, að ekki sje þörf á að tala langt með málinu; það hefur fengið svo góðan byr hingað til. Einungis hef jeg og fleiri komið fram með þá breytingartillögu, að fyrirsögn frumvarpsins breytist, svo að það ekki hafi sama nafn og annað frumvarp, sem deildin hefur haft til meðferðar. Með breytingartillögum þeim, sem samþykktar hafa verið við 1., 2. og 3. gr., er sjeð fyrir því, að landssjóði sje eigi að nokkru íþyngt með frumvarpinu, og getur því enginn haft nokkra ástæðu til að hafa á móti þeim frá þeirri hlið; en hvað 4. tölulið viðvíkur, verð jeg að biðja þingmenn að gæta þess, að þótt þeir ekki vilji vanalega leggja brauðum sje fyrir hinn ákveðna tíma, að þetta er alveg sjerstakt og sjerstaklegar ástæður fyrir þessari beiðni. Presturinn hefar kostað miklu til húsagjörðar og jarðabóta, og vonað að geta lifað lengi kyrr í brauðinu, án þess að hann þyrfti að sækja um nokkra launaviðbót, en nú hefur þessi von hans brugðizt; hann hefur nú fengið augnveiki, sem hefur valdið honum miklum kostnaði, og hann sjer nú ekki annað fært en að sækja um betra brauð, nema hann fái hina fyrirhuguðu launaviðbót, sem brauðinu er ætluð við næstu prestaskipti.

Þorkell Bjarnason: Jeg var ekki viðstaddur við 2. umræðu þessa máls, en frumvarpinu hefur verið breytt töluvert síðan við 1. umræðu og vil jeg því tala fáein orð. Hjer hafa komið uppástungur um, að 5 brauð fái nú þegar uppbót þá, sem þeim fyrst er ætluð við næstu prestaskipti; því get jeg ekki verið meðmæltur. Mín skoðun er sú, að brauðin eigi að fá sem minnst úr landssjóði, og kemur það ekki af því, að jeg ekki viðurkenni, að margir prestar hafa mikið minni laun en hinir verzlegu embættismenn, nje að þeir sjeu síður gagnlegir og góðs maklegir, en aðrir embættismenn landsins; nei, heldur af því, að jeg álít, að það megi jafna brauðin betur en gjört hefur verið, og einkum er þessi mín skoðun sprottin af því, að mjer finnst, að prestum, sem eiga svo mikið saman við alþýðu að sælda og líða með henni bæði súrt og sætt og þekkja stríð hennar og fátækt, sízt hlýði að gjöra kröfu til hárra launa. Þegar jeg virði fyrir mjer viðaukaatkvæði hinna 7 þingmanna, þá furðar mig á tveimur nöfnum, er undir því standa, sem sje nöfnum þingmanna úr Skagafirði, sem, að

mig minnir vildu þó láta uppbót þá, sem stjórnarfrumvarpið fór fram á að Garpsdalsprestakalli yrði veitt, niður falla. Jeg er kunnugur í Skagafirði og veit, að í Goðdalabrauði er góð bújörð, og að það hefur ávallt verið álitið lífvænlegt brauð. Hvað Fells- og Hvammsbrauði við víkur, þá er jeg ekki alveg ótilleiðanlegur með þau brauð, en sem sagt, jeg álít, að brauðin eigi ekki að bæta úr landssjóði, nema brýn nauðsyn sje til. Ef þessi 5 brauð fengju sína uppbót nú þegar, mundu flestir eða allir prestar, sem þjóna brauðum, sem uppbót er ætluð við prestaskipti, koma með bænarskrár, um að fá hana strax, til næsta alþingis.

Jón Jónsson: Jeg er samdóma hinum háttvirta 2. þingmanni Gullbringusýslu, að það er varúðarvert að bæta brauð úr landssjóði. Hann ámælti mjer fyrir það, að jeg ekki greiddi atkvæði með, að Garpsdalsprestakall fengi uppbót, þótt jeg við það hafi einmitt fylgt sömu skoðun og grundvallarreglu, og hann sjálfur segist fylgja. Jeg álít skyldu hvers þingmanns að veita ekki fje úr landssjóði, nema nægilegar líkur sjeu til, að þörf sje fyrir það, en þó þingmaðurinn segi, að hann þekki þörfina í Garpsdal, þá er það ekki næg ástæða fyrir mig, sjer í lagi þegar skoðun hans kemur í bága við álit alþingis 1879, þar sem engin uppbót var ákveðin handa Garpsdalsbrauði.

Hvað viðvíkur þessum 3 brauðum, er hjer ræðir um, þá eru alveg hinar sömu ástæður til að veita hinum þjónandi prestum í þeim uppbætur, og voru við 2. umræðu til að veita prestunum á Tjörn og Lundarbrekku uppbætur. Sjerstaklega skal jeg geta þess um Fell og Goðdali, eins og þingmaður Húnvetninga tók fram um Tjörn, að þangað eru nýkomnir ungir og mjög efnilegir prestar, sem hafa áhuga ekki einungis á hinum andlegu framförum safnaða sinna, heldur einnig vilji styrkja sóknarmenn sína í verklegum framförum, eða ganga þeim á undan með góðu eptirdæmi í þeim. Presturinn á Felli hefur þannig ráðizt í jarðabætur og húsagjörð, og það þó hann sje langt um fátækari en presturinn á Tjörn, og hefur orðið að taka lán úr landssjóði til framkvæmda sinna, þar sem þar á móti Tjarnar presturinn ekki mun hafa þurft að taka neinn eyri að láni. Hvað prestinn í Hvammi snertir, þá hefur hinn háttvirti þingmaður Gullbringusýslu tekið fram, að hann þjónar örðugu útkjálkabrauði, og að hann því þegar af þessari ástæðu ætti að geta vonað að fá að njóta þeirrar uppbótar, sem búið er að leggja embætti hans.

Friðrik Stefánsson: Jeg hlýt að taka það fram, að mig furðaði á ræðu hins háttvirta 2. þingmanns Gullbringusýslu; hann varð forviða, er hann sá nöfn hinna skagfirzku þingmanna undir viðaukaatkvæði því, sem hjer ræðir um, jafnt fyrir það þó nöfn 5 annara háttvirtra þingmanna væru þar líka undir; hann segist nú ekki vera svo mjög á móti að bæta upp 2 þeirra, sem sje útkjálkabrauðin Fell og Hvamm; og var við því að búazt af jafn frjálslyndum og sanngjörnum manni, sem 2. þingmaður Gullbringusýslu er, að hann væri þó að nokkru á rjettri leið; en hvað Goðdölum viðviki, var hann mjög svo á móti uppbótinni, og það brauð á þó ekki að fá nema 100 kr., og verða þá tekjur þess alls um 760 kr. og því með tekjulægstu brauðum á landinu; líka verð jeg að segja þingmanninum það, að síðan hann hefur komið í Skagfjörð, hefur bújörðin orðið fyrir skemmdum af skriðum, síðan þessi prestur kom. Prestar þeir, sem hjer ræðir um, eru elskaðir og virtir af sóknarmönnum sínum, og mundi þeim því þykja mjög leitt, ef þeir yrðu að missa þeirra fyrir það, að brauðin væru ekki bætt upp. Jeg álít skyldu löggjafarvaldsins að sjá brauðunum fyrir prestum, og þá sjerstaklega að svipta þau ekki góðum prestum, og það því heldur, sem lög frá 27 febr. 1880 gjöra landssjóðnum að skyldu að bæta þessi brauð upp sem öll önnur, sem uppbót eiga að fá, undireins og þeir prestar, sem nú eru í þeim, sækja burtu og fá önnur brauð; svo verða menn vel að gæta þess, að uppbótin er ekki nema til bráða-

byrgða, þar til hin góðu brauðin losna, sem lagt verður frá til hinna fátækari. Goðdalabrauð er erfitt og yfir 2 stórár og fjall að fara á annexíu þaðan, en hitt vita allir, að Fell og Hvammur eru útkjálkabrauð í harðindasveitum.

Halldór Friðriksson: Jeg skrifaði ekki undir viðaukaatkvæði þetta af þeim ástæðum, að mjer væri svo annt um, að bæta upp þessi brauð. Það er líka misskilningur hjá hinum heiðraða 2. þingmanni Gullbringusýslu, að þetta sje veruleg uppbót, heldur er hjer um að ræða, að hafa launin föst, í stað þess að þau áður voru laus. Því að það hlýtur að vera hverjum af hinum heiðruðu þingmönnum ljóst, að hvöt er fyrir presta, að flytja sig þaðan, sem tekjurnar eru lausar, þangað sem þeir fá fastar tekjur. Það er engin önnur breyting, sem hjer ræðir um.

Varaforseti: Uppbót sú, sem hjer ræðir um, er ákveðin í lögum 27. febrúar 1880. Uppbætur til brauða eru annaðhvort sanngjarnar og rjettar og eiga þá að koma sem fyrst, eða þá þær eru ekki sanngjarnar og ættu þá aldrei að koma. En móti ákvörðun þeirri í tjeðum lögum, að uppbótin kæmi eigi fyr en við prestaskipti, móti henni hafði jeg á síðasta þingi, og álít hana enn eigi á rjettu byggða. Jeg leiddi þá rök að því, að það væri rangt og hefði illar afleiðingar, ef að uppbótin væri eigi þá þegar greidd brauðunum, og að sú óheppilega afleiðing af því mundi verða, að prestar í hinum smærri brauðum mundu verða á sífelldri rás, sjer til skaða og söfnuðunum til skaða. Þingið 1879 áleit uppbætur þessar hæfilegar, og sannarlega eru þær ekki of miklar, og því skyldu þær þá ekki eiga að koma strax? Þessu vil jeg svara hinum háttvirta samþingismanni mínum og andlega sessunaut, að þar sem uppbót þarf, þar á bún að koma strax. Hið eina, sem getur verið haft á móti viðaukaatkvæði þessu, er það, að það geti vakið óánægju hjá öðrum prestum, sem á þeim brauðum sitja, sem bæta á, og þeir líka vilji því fá þá uppbót, sem ákveðin er í lögum. Það eina rjetta væri líka, með einu lagaboði að ákveða, að allar uppbætur á brauð, sem eptir lögum 27. febr. 1880 eiga að fá uppbót, skyldu greiðast þegar. Sá sparnaður, sem menn ímynda sjer að leiði af því, að draga þetta, er ekki nema hugarburður, því að í fjárlögum hvers árs verður að hafa upphæðir til að bæta hin rýru brauð; það verður ekki bjá því komizt, og þessar upphæðir geta ekki verið miklu minni. Prestar þeir í Skagafirði, sem hjer ræðir um, eru mjög vel að uppbótinni komnir; þeir eru allir mjög álitlegir menn. Þótt hinir háttvirtu þingmenn tali um, að Goðdalir sje góð bújörð, þá bið jeg að gæta þess, að það er ekki tilgangurinn, að prestar lifi á búskap einum.

Jón Ólafsson: Jeg ætla að skýra hinni háttvirtu deild frá því, hvers vegna jeg eigi get gefið atkvæði mitt með frumvarpi þessu; það kemur til af því, að jeg verð að greiða atkvæði mitt á móti 4. og 5. tölulið. Ástæðurnar, sem færðar hafa verið fyrir þeim töluliðum, eru, að prestar þeirra brauða sjeu elskaðir og virtir, og einn þeirra augnveikur. Jeg skal geta þess, að mjer þykir þessi augnveiki koma til að verða landinu nokkuð dýr. Núna liggur fyrir fjárlaganefndinni bænarskrá frá augnveika prestinum um, að fá styrk til að sigla til Kaupmannahafnar til að lækna augnveikina á landssjóðs-kostnað, og svo fer frumvarp þetta fram á að veita honum þokkabót, 300 kr. á ári, sem premíu fyrir, að hann vill láta lækna sig á landsins kostnað. Maðurinn er ungur og má búast við, að hann geti lifað á sinni Tjörn 40 ár enn, þá verður uppbótin öll 12000 kr., auk rentna og renturentna. Aðrar 12000 kr. kostar elska og virðing prestsins hins eptir 5. tölulið; og að augnveiki, elska og virðing kosti landssjóð þannig 24000 kr. þykir mjer nokkuð dýrt. Svo er jeg og hræddur um, að fleiri prestar kynnu að koma á eptir, og þykjast líka elskaðir og virtir vera, og veit jeg, að hinir geistlegu herrar

hjer í salnum, sem aldrei mega heyra hallað á prestastjettina, mundu varla rengja það; gæti svo farið, að elska og virðing sú, sem stjettin nýtur, yrði landssjóði dýr að leikslokum. Ef það er satt, sem sumir af hinum háttvirtu þingmönnum segja, að hjer sje eigi um neina uppbót að tala, þá er frumvarpið ekki búið til í neinum tilgangi, og er þá bezt að rifa það strax í sundur. Þess ber og að gæta, að prestar þessir áttu ekki von á uppbótinni, þá er þeir sóttu um og fengu brauðin. Og að veita þessa uppbót fyrir tóma elsku, virðing og augnveiki, sýnist mjer talsvert varhugavert.

Arnljótur Ólafsson: Svo nærri sem jeg tek mjer að vera móti Norðlingum, þá verð jeg þó að vera móti þingmönnum Skagfirðinga. Mjer finnst þeir fari svo langt, að þeir hljóti að finna það sjálfir, að þeir fari of langt. Þeir vilja fá nú þegar uppbót handa öllum þeim brauðum í Skagafjarðarprófastsdæmi, er uppbót eiga að fá eptir prestakallalögunum 27. febr. 1880, þá er þau losna, án þess að bjóða fram tillag það, er á að borgast frá hinum öðrum brauðum.

Eptir brauðamatinu í þingtíðindunum 1879 I, bls. 355—59 er tillagið til Skagafjarðar 1200 kr., en tillögin þaðan 400 kr.; er þá uppbótin úr landssjóði 800 kr. Nú skulum vjer skoða næstu sýslur. Húnavatnssýsla fær 800 kr. en borgar 1500 kr. Fyrir því leggur hún 700 kr. í landssjóðinn eða næstum eins mikið, og gengur frá landssjóði til Skagafjarðarsýslu. Eyjafjarðarsýsla leggur í landssjóð 400 kr. og tekur á móti 600 kr. Hún fær þá 200 kr. úr landssjóði, en það stafar eingöngu frá því, að Grímsey er veitt svo mikil uppbót, því mikið gengur þangað eptir áður gildandi lagareglum.

Hvað kemur nú til, að Skagafjarðarsýsla heimtar meira en hinar aðrar sýslur? Er það af því, að landslag sje þar miður lagað fyrir samgöngur eða samskeyting brauða? Nei, það geta þingmennirnir ekki sagt, því samgöngur eru þar hægri en í hinum sýslunum. En þetta kemur til af því, að Glaumbær leggur ekkert til landssjóðs. Það er eitt mesta brauðið, 1600 kr., og þaðan er ekki tekinn einn eyrir. Jeg álít, að vjer eigum að hafa þá reglu, að taka uppbót brauðanna jafnframt frálögunum frá þeim til álita, komi regluleg og löglega undirbúin uppástunga um það frá hjeraðsfundum, eins og nú er úr Húnavatnssýslu, þá getum vjer dæmt um málið með fullum sanni. Í Húnavatnssýslu er málið vel og rækilega undirbúið, enda er það komið þetta áleiðis án nokkurs tillags úr landssjóði. Jeg hygg hættulegt að bæta upp brauðin, nema sjerstakar ástæður sjeu til þess. Jeg get ekki talið það eptir hjeraðsfundunum, að nota þann rjett, sem safnaðalögin og brauðalögin hafa lagt þeim í hendur. Jeg veit, að þingmenn Skagfirðinga eru báðir frelsismenn og vilja, að kjóseudur þeirra verði frelsisins aðnjótandi, og það ekki með iðjuleysi eða án fyrirhafnar, heldur með eignum dugnaði og hjeraðsfunda samþykki.

Flutningsmaður: Jeg ætla einungis að taka fram, að þar sem 2. þingmaður Suður-Múlasýslu kveðst munu greiða atkvæði á móti frumvarpinu vegna 4. og 5. töluliðs, þá væri braparlegt, ef allt frumvarpið væri eyðilagt fyrir þessa liði, en gengi það í gegn hjer, þá má laga þetta í efri deildinni, ef það þætti nauðsynlegt.

Að öðru leyti skal jeg geta þess, að presturinn á Tjörn sagði mjer sjálfur í vor, að hann mundi sækja um brauð eitt, sem nú er laust og enginn sækir um, ef hann fengi ekki uppbótina, og gjöri hann það, þá vinnur landssjóðurinn eigi einn eyri við að neita honum um bæn sína. Um bænarskrá þá um ferðastyrk, er þingmaðurinn gat um, er mjer alveg ókunnugt; jeg hef eigi heyrt hennar getið fyr en nú.

Friðrik Stefánsson: Það var nú að heyra á ræðu 2. þingmanns Suður-Múlasýslu, að honum væri ekki um að láta bæta upp brauð þau, sem hjer ræðir um; en ástæður hans á móti því voru einkisvirði, sem bezt sýnir, að þær eru mjög svo veikar, því annars mundi þingmaðurinn, sem er svo leikinn

í að koma hugsun sinni skýrt og skorinort fram, hafa gjört það betur. Hann tók það sem gefið, að presturinn á Tjörn mundi lifa 40 ár enn, og prestar þeir í Skagafirði, sem hjer ræðir um eins; en það sjá allir, að þetta veit þingmaðurinn alls ekki neitt um, fremur en hver annar. Hin ástæðan var sú, að prestar þessir væru allan aldur sinn bundnir við þessi brauð og mættu ekki fara hvert sem þeir vildu, eins og bændurnir í Rússlandi voru, áður en Alexander 2. leysti þá, en þann kost kýs jeg ekki prestum vorum til handa; enda þurfa þeir ekki að sæta slíkum ókjörum, sem betur fer. En 1. þingmanni Eyfirðinga ætla jeg að svara því, sem hann sjálfur vel veit, þó honum þætti það nú undarlegt, að Skagafjarðarsýsla þyrfti svo mikið tillag, að Hólastóll og Reynistaðarklaustur áttu eitt sinn flestar jarðir í Skagafirði. Stólsjarðirnar voru seldar, og hefur stórfje komið fyrir þær í landssjóðinn, því þó andvirði stólsgóssanna gengi í ríkissjóð, þá er nú tillagið frá Dönum endurgjald fyrir það, svo Skagafjarðarsýsla hefur lagt drjúgum í landssjóðinn eða guðskistuna, ef jeg mætti svo að orði komast.

Þá var gengið til atkvæða og var:

1. Breytingartillaga 6 þingmanna við fyrirsögnina, sem útbytt hafði verið á fundinum, samþykkt með 20 atkvæðum.
2. Breytingartillaga 7 þingmanna um uppbót brauðanna í Skagafirði. Var atkvæðagreiðsla óglögg, svo forseti við hafði nafnakall, og sögðu

Já:
Magnús Andrjesson,
Benidikt Sveinsson,
Eiríkur Kúld,
Friðrik Stefánsson,
Guðmundur Einarsson,
Jón Jónsson,
Þórarinn Böðvarsson,
Þórður Magnússon,
Þorsteinn Jónsson,
Þorsteinn Thorsteinson.

Nei:
Eiríkur Briem,
Arnljótur Ólafsson,
Grímur Thomsen,
Halldór Friðriksson,
Holgeir Clausen,
Jón Ólafsson,
Lárus Blöndal,
Ólafur Pálsson,
Tryggvi Gunnarsson,
Þorkell Bjarnason,
Þorlákur Guðmundsson,
Þorvarður Kjerulf.

Var breytingartillagan þannig felld með 12 gegn 10 atkvæðum.

Síðan var frumvarpið samþykkt með 15 atkvæðum gegn 2, og kvað forseti það mundu sent efri deild.

FYRSTA UMRÆÐA Í EFRI DEILD,

á 21. fundi, 29. dag júlímánaðar.

Frumvarpið, eins og það var samþykkt við 3. umræðu í neðri deild, sjá I, 272.

Forseti: Jeg skal leyfa mjer að geta þess strax, að ritvilla hefur orðið í fyrirsögn þessa frumvarps í neðri deildinni. Á fyrri stigum þessa máls í neðri deildinni, var fyrirsögnin þannig: »Frumvarp til laga um breyting á 1. og 5. gr. í lögum 27. febrúar» o. s. frv., en síðar hafa þessi orð (á 1. og 5. gr. í lögum) fallið burtu úr fyrirsögninni. Jeg bið hina háttvirtu þingdeildarmenn því að álíta, að fyrirsögnin sje þannig: »Frumvarp til laga um breytingu á 1. og 5. gr. í lögum 27. febrúar 1880, um skipun prestakalla o. fl.»

Jón Pjetursson: Jeg skal taka það fram, að það stendur nokkuð öðruvísi á 4. og 5. tölulið frumvarps þess, sem hjer liggur fyrir, og viðaukatillögu þeirri, sem fram er komin við þetta frumvarp, en á hinum þremur fyrstu töluliðum þess. Undir 4. og 5. tölulið frumvarpsins og í viðaukatillögunni er ákveðið, að sú breyting, sem ákveðin er í lögunum 27. febrúar 1880 að verða skuli á tekjum brauða þessara við næstu

prestaskipti, skuli koma nú strax í stað. En það er auðsjeð, að ef þetta verður samþykkt, þá muni aðrir prestar, sem eru á þeim brauðum, sem eptir lögunum 27. febr. 1880 eiga að fá uppbót við prestaskipti, koma fram með líka beiðni á næsta þingi. Mjer þykir það sannarlega undarlegt, að þetta frumvarp, þannig úr garði gjört, skuli hafa komið gegnum neðri deildina. Prestarnir á Goðdölum, Felli, Hvammi, Tjörn og Lundarbrekku höfðu allir farið fram á það sama, að fá uppbótina nú þegar, en neðri deildin hefur hafnað beiðni prestanna á þremur hinum fyrst nefndu brauðum, en tekið til greina beiðni prestanna á tveimur hinum síðustu. Þetta er því sú ósamkvæmni hjá neðri deildinni, sem ekki verður bót mælt, og þar að auki er ósanngirni í gjörðum hinnar heiðruðu neðri deildar, þar sem hún hefur kastað beiðni prestanna í Goðdölum, Felli og Hvammi, sem einmitt eru lakari brauð, en Tjörn og Lundarbrekka, er hún þó hefur ákveðið að bæta upp strax í stað. Jeg leyfi mjer því, að lýsa því yfir, að jeg mun gefa atkvæði mitt fyrir 1., 2. og 3. tölulið frumvarpsins, en ekki fyrir 4. og 5. tölulið þess nje heldur viðaukatillögunni.

Stefán Eiríksson: Jeg er alveg samdóma hinum háttvirta 3. konungkjörna þingmanni, að ísjárvert sje að breyta lögunum 27. febr. 1880 þannig, að sú tekjuviðbót, sem þar er ákveðin ýmsum brauðum við næstu prestaskipti, sje nú þegar veitt einstökum af þessum brauðum. Jeg vil því leyfa mjer að vekja athygli þingdeildarinnar á því, að ef ákveðið verður, að bæta upp nokkur brauð nú þegar, en eigi við næstu prestaskipti, þá muni eflaust bænir í þá átt koma frá flestum og enda öllum prestum, sem eru á þeim brauðum, er uppbótina eiga í vændum. Ef því þingdeildin verður á því, að taka tillit til þessara breytinga, þá finn jeg mig knúðan til, sanngirninnar vegna, að koma með breytingaruppástungu í þá átt úr minu kjördæmi.

Ásgeir Einarsson: Það fór nú fyrir mjer eins og fleirum, að mjer þótti hálfundarlegt, að sjá 4. og 5. tölulið á sama bekk sem 1., 2. og 3. tölulið. En fyrst neðri deildin hefur álitið, að það ætti saman, þá er eðlilegt, að hún setti það í frumvarpið. Jeg vil að eins leyfa mjer að geta þess sjerstaklega um Tjarnarprestakall, að jeg hef kynnt mjer skjölin þar að lútandi, sem verið hafa til sýnis á lestrarsalnum, bæði bænarskrá frá prestinum og meðmæli frá söfnuðinum, sem svo fegnir vilja fá að halda honum; þar er og skoðunargjörð, sem lýsir þeim byggingum og jarðabótum, sem presturinn hefur gjört á ábýli sínu. Annað er veikindi prestsins, sem orðið hefur að takast tvisvar ferð á hendur til Kaupmannahafnar til að leita sjer lækninga við augnveiki. Þegar á allt þetta er litið, þá virðist sjerstök ástæða til að bæta þetta brauð upp þegar í stað. Sama þótti flutningsmönnum þessa máls, þegar jeg minntist á þetta mál við þá; þeim þótti sjerstök ástæða til að veita prestinum þessa upphæð, án þess að þeir þó vilda, að breytingar á lögum 27. febr. 1880 næðu til allra þeirra brauða yfir höfuð, sem eiga uppbót í vændum við næstu prestaskipti. Hvað snertir Lundarbrekkuprestakall, þá er mjer ókunnugt um það. Þingmaður Norður-Þingeyinga veit bezt, hvort ástæða er til að veita því brauði hina ákveðnu uppbót. Annars veit jeg, að Tjarnarprestakalli hafa verið lagðar 100—200 kr. árlega af þeim 7000 kr., sem ætlaðar eru til uppbótar hinum fátækustu brauðum, þangað til breyting verður á tekjum þeirra við prestaskipti eptir lögunum 27. febr. 1880. Nokkuð af þessu fje trúi jeg sje líka lagt Lundarbrekkuprestakalli. En eins og allir vita, þá brann kirkjan þar fyrir nokkrum árum, og er nú verið að byggja hana upp aptur, svo það er ekki ólíklegt, að presturinn eigi örðugt. Annars verð jeg að segja, að mig furðar á, hvað neðri deildin hefur verið ríflег hjer, hún, sem annars hefur fengið orð fyrir að vera vön að halda um höfuðið á landssjóðnum. En mjer er nauðugt að senda henni þetta frumvarp apt-

ur, helzt af þeirri ástæðu, að jeg er hræddur um, að hún komi ekki af öllum þeim ósköpum, sem fyrir henni liggja. Því það er satt bezt að segja, að hún hefur nóg á sinni könnu, og má þakka fyrir, ef hún ekki kafnar undir frumvarpahrúgunni. Deildin ræður því að öðru leyti sjálf, hvað hún gjörir, að minnsta kosti getur ekki verið neitt hættulegt, að samþykkja 3 fyrstu töluliði frumvarpsins, því þeir hafa engan kostnað í för með sjer fyrir landssjóðinn.

Benidikt Kristjánsson: Jeg hef í öðru máli og við annað tækifæri tekið það fram, að mjer þætti það ekki sem rjettast, að prestar í þem brauðum, sem eptir lögum 27. febr. 1880 eiga að fá uppbót, fari á mis við þessa uppbót, þó þeir hafi verið komnir til brauðsins áður, en nefnd lög öðluðust gildi, því það er sjálfsagt, að þetta verður til þess, að koma enn meira róti á prestana, en hingað til hefur átt sjer stað, en allir hljóta að játa, að tíð prestaskipti eru óheppileg og mjög skaðleg fyrir hið kirkjulega líf. Að hinu leytinu get jeg ekki verulega sjeð, að lögin hafi svo tilknýjandi grundvallarreglu, að eigi megi veita uppbótina, þó veitingin fyrir brauðinu hafi fram farið áður, en lögin öðluðust gildi. Það er allt anuað mál, ef átt hefði að taka af brauðunum, því þá hefði eðlilega eigi mátt gjöra það fyr en við næstu prestaskipti. En úr því löggjafinn kannast við, að laun einhvers prests sjeu of lítil, hvers vegna má þá ekki hækka þessi laun strax? Jeg get ekki skilið, að þingið geti verið á þeirri skoðun, að hjer sje neitt á hættu, þó prestar á fátækum brauðum, og sem, ef til vill, hafa lagt fje í sölurnar til að bæta jörð sína og prestakallið, njóti strax þeirrar uppbótar, sem brauðinu er ákveðin eptirleiðis. Enda á það sjer einmitt stað, að prestar á þessum fátæku brauðum fá árlega meiri eða minni styrk, sem lauslega er veittur. Að vísu getur verið hjer um hærri uppbót að ræða, en það munar ekki svo miklu, að það geti hindrað frá, að fastákveða uppbótina. En þó menn vildu nú ekki binda sig við, að láta alla presta fá þegar í stað uppbót þá, sem brauðunum er ákveðin eptirleiðis, þá er jeg ekki á móti því, að prestar á fátækustu brauðum, og sem hafa lagt mikinn kostnað fram til brauðsins, fái strax í stað alla lögákveðna uppbót, sem brauðinu er ætluð við prestaskipti. Jeg fyrir mitt leyti mundi fúslega vera því sinnandi, þó uppástunga kæmi um, að allir prestar fengju þessa uppbót.

Sighvatur Árnason: Jeg skal nú ekki hafa á móti því, að ástæða geti verið fyrir þingið, að veita styrk þann nú þegar til þeirra presta eða brauða, sem hjer ræðir um. En ef slíkt verður tekið til greina við einstöku menn, þa má telja víst, að allir þeir prestar, sem eru á þeim brauðum, er uppbótar geta vænzt eptirleiðis, muni koma fram með þá beiðni á næsta þingi einnig, að fá þessa uppbót strax. En af því þetta verður afleiðingin, þá vantar mig að vita, hvað miklu þetta munar landssjóðinn, þegar öllu er á botninn hvolft, það er að segja: mig vantar að vita, hvað mikið leggst á landssjóðinn, ef þessi breyting yrði gjörð á lögunum 27. febr. 1880. Jeg ímynda mjer, að það verði talsvert meira fje, en þær 7000 kr., sem í fjárlögunum eru áætlaðar til uppbóta á fátækustu brauðum, þangað til þau við prestaskipti komast undir lögin 27. febr. 1880. Mjer finnst að minnsta kosti fyrir mitt leyti íhugunarvert, að veita atkvæði fyrir uppbótinni, fyr en jeg sje, hvað miklu það mundi muna landssjóðinn. Jeg skal þó ekki neita því, að sjerstakleg undantekning gæti átt sjer stað, en sú undantekning yrði þá að vera á gildum rökum byggð. Það er mjög eðlilegt, að úr því þessi beiðni, sem hjer ræðir um, yrði tekin til greina, þá mundi það leiða til þess, að fleiri prestar kæmu með beiðni í líka átt fyrir næsta þing. Ef menn gætu upplýst mig um þann aukakostnað, sem við þessa breyting á lögunum, yrði að leggjast á landssjóðinn, þá skyldi jeg vera þeim þakklátur, og þá fyrst gæti jeg áttað mig

á, hvernig jeg ætti að greiða atkvæði mitt í þessu máli, því ef þetta munar landssjóðinn miklu, finnst mjer ekki ástæða til, og ekki eiga við, að gefa slíku gaum; en ef þetta munar litlu, þá er ekki ástæða til að hafa í móti þessum tillögum.

Jón Pjetursson: Jeg hefði kunnað betur við, að komið hefði frumvarp fyrir þingið um, að allir prestar, sem eru á þeim brauðum, er uppbót eiga að fá eptir lögunum 27. febr. 1880, þegar prestaskipti verða, fengju þessa uppbót strax í stað. En jeg get þar á móti ómögulega fellt mig við þetta frumvarp, sem hjer liggur fyrir, því jeg vil, að allir njóti jafnrjettis í þessu sem öðru, en ekki að farið sje í mannjöfnuð, eins og hin heiðraða neðri deild hefur látið sjer sæma í þessu efni. Það er eitthvað undarlegt, að segja: þessi á uppbótina skilið, en hinn ekki, ef báðir eiga jafnt tilkall til hennar í öllu tilliti. Þannig hefur neðri deildinni ekki þóknazt, að gjöra prestunum á Goðdölum, Felli og Hvammi jafnt undir höfði og prestunum á Tjörn og Lundarbrekku. Í þessari deild hefur þingmaður Norður-Þingeyinga álitið prestinn á Felli verðugan uppbótarinnar, en þar á móti ekki prestinn á Goðdölum og Hvammi. Þetta er augljóst af viðaukatillögu hans. En þó mjer sje mjög vel til prestsins á Felli, þá veit jeg ekki, hvort hann verðskuldar fremur að fá þessa uppbót strax, en hinir tveir prestarnir, á Goðdölum og í Hvammi. Sama er að segja um prestana á Tjörn og Lundarbrekku. Jeg veit ekki, hvort þeir verðskulda þetta fremur en aðrir. Það hefur verið sagt, að þessir prestar hafi bætt mjög bújarðir sínar, og lagt mikið fje í sölurnar. Það er ekki að vita, nema aðrir prestar hafi þótzt gjöra hið sama, þó vjer, sem hjer sitjum, ekki vitum neitt um það. Jeg tek upp aptur: mjer þykir skrítið af þinginu, að gjöra slíka undantekningu, neita öðrum um það, sem það veitir hinum, þó báðir standi jafnt að vígi. Það hefði verið allt annað, að koma með lagaboð, sem upp hefði lögin 27. febr. 1880, 5. gr., en ákvæði, að veita öllum prestum þá uppbót, sem brauð þeirra eiga í vændum. Það gæti jeg vel skilið að mönnum hefði dottið í hug, en ekki þetta.

Árni Thorsteinson: Jeg þarf ekki að vera langorður um þetta mál; það hefur mest verið rætt um 4. og 5. tölulið frumvarpsins, og verð jeg að taka fram, að þegar þingið samþykkti lögin frá 27. febr. 1880, mun það hafa verið meining allra þingmanna, að gengið væri hreint frá öllu. Jafnhliða voru allir á því, að þeim prestaköllum, sem ekki strax fengju hina lögákveðnu uppbót, yrði áætlað í fjárlögunum viss upphæð, 7000 kr., en hafi þessi upphæð sýnt sig ónóga, verður að bæta við hana eða hækka hana, þegar hún reynist ónóg. En það getur ekki verið rjett, að anticipera lögin eða láta þau ná gildi, fyr en ákveðið er, því ef nú ætti að fara strax að veita þetta fje, sem hin fátækustu brauð eiga eptir lögunum að fá við næstu brauðaskipti, þá yrði að taka af alla uppbótarpeningana. Það er þá ekki spursmál um annað, ef 4. og 5. töluliður frumvarpsins verður samþykktur, en að þar af leiðir, að fleiri og fleiri prestar, eða allir þeir, sem líkt stendur á fyrir, gefa sig fram og krefjast hins sama, og þá er sjálfsagt, að af nema alla uppbótapeninga, sem áætlaðir voru í fjárlögunum 1879, fyrir síðari fjárhagsár. Það er alveg rjett, sem hinn 3. konungkjörni þingmaður hefur tekið fram, að það er ósanngjarnt, að láta einn eða tvo presta fá þessa uppbót strax, en undan skilja alla hina, sem hafa sama tilkall til hennar. Ef Tjarnarprestakall og Lundarbrekkuprestakall hafa ekki fengið nóg af uppbótarpeningunum, þá verður að hækka þær 7000 kr., sem veittar eru í fjárlögunum, að því skapi. Þannig geta þau brauð, sem enn ekki heyra undir lögin 27. febr. 1880, notið rjettar síns við hina áætluðu uppbót í fjárlögunum. Ef tekjur Tjarnar- og Lundarbrekkuprestakalla væru hækkaðar, þá væri ástæða til að lækka uppbótapeningana í fjárlögunum að því skapi, en þetta væri mjög brotasamt. Það verður að nefna hvern hlut með sínu rjetta nafni. Annaðhvort er að taka öll brauð, sem lög-

in 27. febr. 1880 ekki snerta, og ákveða þeim uppbótina strax, eða þá ákveða í fjárlögunum hæfilega uppbótarpeninga. Þar nú enn er eigi búið að ganga frá fjárlögunum, þá stendur þetta til bóta.

Síðan bar forseti undir atkvæði, hvort málinu skyldi vísað til 2. umræðu, og var það samþykkt í einu hljóði.

ÖNNUR UMRÆÐA Í EFRI DEILD, á 23. fundi, 1. dag ágústmán.

Viðauka- og breytingaruppástungur við frumvarp til laga um breyting á 1. og 5. gr. í lögum 27. febrúar 1880 um skipun prestakalla, eins og það var samþykkt við 3. umræðu í neðri deildinni.

a.

Viðauka- og breytingaruppástungur frá Magnúsi Stephensen.

1. Framan við frumvarpið bætist:

1. grein.

Garpsdalsprestakalli í Barðastrandarprófastsdæmi, sem talið er í 75. tölulið í lögum 27. febrúar 1880, 1. gr., leggjast 300 kr. á ári úr landssjóði. Dýrafjarðarþingum í Vestur-Ísafjarðarprófastsdæmi skal lagt 200 króna árlegt tillag úr landssjóði, ef presturinn nýtur eigi tekjanna af Sandabrauði.

2. grein.

Ákvörðun sú, sem sett er í 87. tölulið 1. gr. tjeðra laga, að jörðin Hvítanes skuli keypt fyrir fje úr landssjóði, og vera leigulaus ljensjörð prestsins í Ögurþingaprestakalli í Norður-Ísafjarðarprófastsdæmi, skal úr gildi numin, og skal í þess stað leggja kallinu 200 króna árlegt tillag úr landssjóði, og jörðina Hest til leigulansra afnota, þegar næstu prestaskipti verða í Vatnsfjarðarprestakalli.

2. 1., 2. og 3. liður í frumvarpinu verði 3. grein.

3. 4. og 5. liður frumvarpsins verði 4. gr. og orðist þannig:

Tjarnarprestakall í Húnavatnssýslu og Lundarbrekkuprestakall í Þingeyjarsýslu fá frá fardögum 1882 þá 300 kr. uppbót, sem þeim er ákveðin í lögum 27. febrúar 1880 um skipun prestakalla.

b.

Viðaukatillaga frá Benidikt Kristjánssyni.

Aptan við frumvarpið bætist:

6. Fellsprestakall í Skagafjarðarsýslu fær frá fardögum 1882 þá 400 kr. uppbót, sem því er ákveðin í lögum 27. febr. 1880.

c.

Viðaukatillaga frá þingmanni Austur-Skaptafellssýslu.

Aptan við frumvarpið bætist:

7. Sandfells-prestakall í Austur-Skaptafellssýslu fær frá fardögum 1882 þá 500 kr. uppbót, sem því er ákveðin í lögum 27. febrúar 1880.

d.

Viðaukaatkvæði frá Jóni Pjetursssyni.

8. Hvamms-prestakall í Skagafirði fær frá fardögum 1882 þá 300 kr. uppbót, sem því er ákveðin við næstu prestaskipti.
9. Goðdala-prestakall í Skagafirði fær frá fardögum 1882 þá 100 kr. uppbót, sem því er ákveðin við næstu prestaskipti.

Benidikt Kristjánsson: Af því jeg á eina af þeim breytingartillögum, sem fram hafa komið við frumvarp það, sem hjer ræðir um, skal jeg leyfa mjer að skýra með fáum orðum frá ástæðunum fyrir þessari tillögu. Viðaukatillaga mín fer fram á, að Fellsprestakall í Skagafjarðarsýslu fái nú þegar uppbót þá, sem prestakallalögin áskilja því. Prestur sá, sem nú er í brauðinu, er fátækur maður, og þó hefur hann ráðizt í stórkostlegar jarðabætur, þar sem hann hefur látið skera fram stórt vatn til

að gjöra það að engi. Til þessa fyrirtækis hefur hann fengið fje úr landssjóði, þó jeg ekki viti, hvað mikið það fje var. En jeg tel sjálfsagt, að hann hafi fengið það með vanalegum kjörum, 6% árlega láninu til afborgunar og vaxta. Fyrirtæki þetta hefur sjálfsagt kostað talsvert meira fje, en fjárhæð þá, sem samsvarar láninu, og það hefur presturinn mátt borga úr sínum eigin vasa auk afborgana og vaxta af sjálfu láninu úr landssjóði. Þetta tel jeg sje mikið í sölurnar lagt á jafnfátæku prestakalli, og því mælir mikil sanngirni með því, að brauðið fái nú þegar þá uppbót, sem því er áskilin í lögunum 27. febr. 1880. Jeg tek það fram, að það eru miklar líkur til, að jörðin eða prestssetrið aukist mjög að gæðum við þessa framtakssemi prestsins, þar sem engjarnar aukast með tímanum um 160 dagsláttur við framskurð vatnsins. Auk þessa er presturinn nú að endurbyggja kirkjuna, og hefur lagt mikið fje í sölurnar til þess. Ofan á allt þetta bætist enn, að sagt er, að presturinn hafi í hyggju að byggja upp staðinn vel og vandlega. Hjer mælir svo mikil sanngirni með því, er viðaukatillagan fer fram á, að jeg þykist ekki þurfa að fara fleirum orðum um þessa tillögu mína, en vænti hinna beztu undirtekta hinnar heiðruðu deildar.

Stefán Eiríksson: Af því jeg er einn þeirra þingmanna, sem komið hafa með viðaukatillögu við frumvarp til laga um breyting á prestakallalögunum 27. febrúar 1880, þá skal jeg leyfa mjer að tala fáein orð. Reyndar ímynda jeg mjer, að jeg þurfi ekki að mæla mikið með viðaukatillögu minni, því hún mælir með sjer sjálf; því sje sanngjarnt, að bæta nokkurt brauð upp, eða sje sanngjarnt, að nokkurt brauð fái nú þegar uppbót þá, sem lögin 27. febr. 1880 áskilja því, þá er það sannarlega Sandfell í Öræfum í Austur-Skaptafellssýslu því eins og jeg tók fram hjer á þinginu 1879, þá er þetta prestakall svo afskekkt, að ef enginn prestur er í sjálfu brauðinu, þá er því nær ómögulegt, að fá prest til að þjóna því; hvort sem leitað er austur eða vestur á bóginn, þá eru fullar 3 þingmannaleiðir að Kálfafellsstað og eins að Prestsbakka, sem eru næstu brauðin, sitt hvoru megin Breiðamerkursands og Skeiðarársands. Jeg get því eigi annað sjeð, en að það sje í alla staði sanngjarnt og rjett af þinginu, að bæta þetta brauð upp nú þegar, enda mundi það vera það fyrsta til að gjöra prestinn spakari á brauðinu, að veita honum þessa uppbót. Eins og jeg tók fram á þinginu 1879, þá var það í rauninni langt of lítið, sem Sandfell var bætt upp í samanburði við Ásabrauðið; jeg lagði það því til, að Sandfell fengi 700 kr., eins og Ásar, sem er miklu hægra að þjóna. Jeg vona því, að þingið veiti nú þegar þær 500 kr., sem lögin áskilja brauðinu. Það er auðvitað, að ef þessi 6 prestaköll, sem nú er um að ræða, fá uppbótina strax, þá munar það landssjóðinn dálítið, hjer um bil 1900 kr., en á þinginu 1879 voru í fjárlögunum áætlaðar 7000 kr. handa fátækustu brauðum. En það eru öll líkindi til, að einmitt þessi 6 prestaköll sjeu svo stödd, að þau nauðsynlega þurfa sína uppbót strax, og að þau þá geti fengið hana af þeim peningum, sem ætlaðir verða til fátækra prestakalla á næstkomandi fjárhagstímabili.

Magnús Stephensen: Jeg skal geta þess, að jeg hef tekið viðauka- og breytingaruppástungur mínar eptir þeim tveimur frumvörpum, sem hjer lágu fyrir um breytingu á lögunum um skipun prestakalla frá 27. febr. 1880, en þar með er ekki sagt, að jeg ætli persónulega að greiða atkvæði mitt með öllum liðum þessa viðauka. Mig langaði mjög til að finna kunningja eða tengdabróður á einhverjum þeirra branda, sem uppbót við næstu prestaskipti er áskilin í lögunum 27. febr. 1880, til þess að geta fyllt flokk þeirra þingmanna, sem hafa komið með uppástungur um, að uppbótin verði veitt einstökum slíkum prestum strax; en hvernig sem jeg leitaði, þá gat jeg ekki fundið neinn, er jeg gat haft ástæðu til að mæla með að fengi uppbótina

nú þegar. Það er samt ekki þess vegna, að jeg ætla greiða atkvæði á móti öllum liðunum, sem fara fram á að veita uppbót þessa, heldur beinlínis vegna þess, að jeg vil ekki á þessu þingi ónýta þá ákvörðun alþingis 1879, sem liggur til grundvallar fyrir 5. grein í lögunum um skipun prestakalla, og því síður gjöra prestunum í þeim brauðum, sem uppbótin er áskilin, misjafnt undir höfði, með því að veita sumum þeirra nokkurs konar verðlaun. Jeg er því á móti uppbótinni til Tjarnar, Lundarbrekku, Fells, Hvamms, Goðdala og Sandfells. Sömuleiðis verð jeg á móti seinna parti 1. gr., sem nefndin hefur lagt á móti, og vil jeg því leyfa mjer að skjóta því til forseta, hvort hann vilji ekki bera seinni part 1. greinar upp sjer í lagi: «Dýrafjarðarþingum — — af Sandabrauði». Jeg skal að endingu geta þess, að ef 4. og 5. liður frumvarpsins verður samþykktur, og svo 6., 7., o. s. frv., þá getur breytingaruppástungan eigi orðið orðuð eins og hún er hjer, því þá verður að steypa viðaukunum saman og orða þá öðruvísi.

Pjetur Pjetursson: Jeg hef litlu að bæta við það, sem jeg sagði við síðustu umræðu þessa máls, að rýrnun sú, sem orðið hefði á tekjum Dýrafjarðarþinga af skemmdunum á síðast liðnum vetri, gjöri það æskilegt og enda nauðsynlegt, að veitt sje tekjuuppbót sú, sem stungið hefur verið upp á. Framsögumaður sagði þá, að prestsmötunni væri óhætt, því að næg trygging væri fyrir henni; en jeg veit ekki, hvar sú trygging er, þegar jörðin er eyðilögð. Jeg vona, að deildin gjöri það ekki ónýtt, sem neðri deildin hefur samþykkt sjálfsagt af góðum ástæðum. Mjer hefur heldur ekki sýnzt nein ástæða koma fram hjer í deildinni, sem geti útilokað Dýrafjarðarþingin frá þessari uppbót. Það er mikið gleðilegt, hafi jeg heyrt rjett, að hinn 4. konungkjörni þingmaður skuli vera með því, að veitt sje uppbót öllum hinum brauðunum; en jeg get ekki skilið, hvers vegna hann þá er á móti því, að bæta Dýrafjarðarþingin; jeg hef ekki heyrt ástæður hans fyrir því.

Stefán Eiríksson: Jeg stend að eins upp til þess, að láta hinn 4. konungkjörna þingmann vita, að jeg á hvorki tengdabróður eða skyldmenni í Sandfellsprestakalli, svo að jeg hef ekki komið með viðaukatillögu mína af þeirri ástæðu, enda er jeg aldrei vanur að koma með breytingartillögur af persónulegum hvötum, heldur af því, að ef menn á annað borð vilja halda prestakallinu við, þá verður að bæta það svo, að það geti orðið viðunanlegt fyrir prest, sem sje í brauðinu; því að það er ómögulegt fyrir Sandfells- og Hofssóknir að ná í prest annarstaðar frá.

Pjetur Pjetursson: Jeg bið fyrirgefningar, ef jeg hef tekið skakkt eptir; mjer heyrðist hinn 4. konungkjörni þingmaður segjast vera meðmæltur öllum nema Dýrafjarðarþingum (*Magnús Stephensen*: «Öllum mótmæltur).

Þá var gengið til atkvæða, og

1. 1. málsgrein 1. greinar í viðaukauppástungu hins 4. konungkjörna þingmanns «Garpsdalsprestakalli — úr landssjóði» samþykkt í einu hljóði.
2. 2. málsgrein 1. greinar í viðaukauppástungu sama þingmanns «Dýrafjarðarþingum — af Sandabrauði» felld með 6 atkvæðum gegn 3.
3. 2. gr. í viðaukauppástungu sama þingmanns samþykkt með 10 atkvæðum.
4. 1. töluliður frumvarpsins samþykktur í einu hljóði.
5. 2. töluliður frumvarpsins samþykktur í einu hljóði.
6. 3. töluliður frumvarpsins samþykktur í einu hljóði.
7. 2. töluliður í viðaukauppástungu hins 4. konungkjörna þingmanns samþykktur án atkvæða.
8. 4. töluliður frumvarpsins felldur með 7 atkvæðum gegn 2.
9. 5. töluliður frumvarpsins felldur með 7 atkvæðum gegn 2.
10. Viðaukatillaga þingmanns Norður-Þingeyinga felld með 7 atkvæðum gegn 2.

11. Viðaukatillaga þingmanns Skaptfellinga felld með 7 atkvæðam gegn 3.
12. Viðaukaatkvæði hins 3. konungkjörna þingmanns undir tölulið 8 fellt með 7 atkvæðum gegn 2.
13. Viðaukaatkvæði sama þingmanns undir tölulið 9 fellt með 7 atkvæðum gegn 2.
14. Fyrirsögnin var borin þannig upp til atkvæða, að orðin: «og 5. gr.» og «o. fl.» voru borin upp sjerstaklega, og voru þau felld með 10 atkvæðum, en fyrirsögnin að þeim úr felldum samþykkt án atkvæða.
15. Frumvarpinu með áorðnum breytingum vísað til 3. umræðu með 10 atkvæðum.

ÞRIÐJA UMRÆÐA Í EFRI DEILD,
á 26. fundi, 4. dag ágústmán.

Frumvarpið, eins og það var samþykkt við 2. umræðu, sjá I, 326,

Enginn tók til máls, og bar forseti frumvarpið upp til atkvæða, og var það samþykkt í einu hljóði. Forseti kvað frumvarpið verða afgreitt til forseta neðri deildar með tilmælum um, að hann legði það aptur fyrir deildina.

EIN UMRÆÐA Í NEÐRI DEILD,
á 43. fundi, 11. dag ágústmán.

Frumvarpið, eins og það var samþykkt við 3. umræðu í efri deild, sjá I, 329.

Með því að enginn tók til máls, bar forseti frumvarpið í heild sinni upp til atkvæða, og var það samþykkt með 20 atkvæðum.

Forseti kvað frumvarpið nú mundu verða afgreitt til landshöfðingja sem lög frá alþingi.

XI.

Kosningarrjettur kvenna.

Frumvarp til laga um kosningarrjett kvenna.

FYRSTA UMRÆÐA Í NEÐRI DEILD,
á 8. fundi, 12. dag júlímánaðar.

Frumvarpið, sjá I, 41.

Flutningsmaður (Þorlákur Guðmundsson): Jeg þarf ekki að mæla margt með þessu frumvarpi, því það gjörir það sjálft, enda munu allir verða að kannast við, að rjettur kvenna vorra var um margar aldir fyrir borð borinn. Það eru einungis 30 ár síðan, að systur náðu jafnrjetti til móts við bræður til arfs. Það var nefnilega veitt með tilskip. 25. september 1850, og það eru að eins 20 ár síðan þeim var veittur sá heiður, að mega heita hálfmyndugar 18 ára, og fullmyndugar 25 ára, eða með opnu brjefi 4. janúar 1861. Það, sem frumvarp þetta fer fram á, getur á hinn bóginn ekki talizt þýðingarlítið, að konur fái kosningarrjett á hreppaþingum og þegar kjósa á menn í sýslunefnd, því margar af konum vorum, t. d. ekkjur, greiða eins mikið gjald bæði til sveitar og önnur opinber gjöld, eins og góðir meðalbændur, og jafnvel dæmi til, að þær

greiða með þeim, sem mest greiða, eða jafnt þeim; það er því mjög ófrjálslegt, að neita þeim um þessi rjettindi til kosninga. Með þessu er ekki komið í bága við stjórnarskrána, sem þó gæti orðið, ef farið væri lengra í þessu máli, og því hef jeg ekki þorað að fara fram á, að þeim væri veittur kosningarrjettur til alþingis; en ef einhver hinna heiðruðu þingmanna treystist að fara lengra í þessu efni, mundi jeg verða honum þakklátur. Þegar kjósa á hreppsnefnd á hreppaþingum, mega þær að vísu koma þar, til að telja þar fram fjenað sinn, en þegar ganga skal til kosningar, verða þær að standa út í horni eins og sá, sem þegið hefur sveitarstyrk, og ekki endurgoldið, eða sá, er glatað hefur æru sinni, og ekki fengið uppreisn hennar. Sama er að segja, að á manntalsþing mega þær koma til að gjalda, en þegar kjósa á sýslunefndarmann, er eins ástatt eins og fyr. Jeg get ekki sjeð, að nefnd þurfi að setja í málið, en vil óska, að það fengi að ganga til 2. umræðu.

Jón Jónsson: Jeg er hinum heiðraða þingmanni, sem síðast talaði, mjög þakklátur fyrir, að hann, sem er bóndi, skyldi verða fyrstur til að koma fram með þetta frumvarp, eins og jeg á þinginu 1879 var hinum heiðraða þingmanni Rangæinga, sem og er bóndi, þakklátur fyrir, að hann kom fram með frumvarpið um uppfræðiug barna. Mjer virðist, að báðir þessir menn hafi gjört hinum menntuðu mönnum og embættismönnum skömm, þeim sem hafa setið á þingunum 1875—1879 og látið allan áhugann lenda á því, að bæta laun hálaunaðra embættismanna. (Þá var ræðumaðurinn áminntur af forseta um að halda sjer við efnið og við hafa ekki svæsin orð). Jeg tek það upp aptur, að jeg virði það mikið, að einmitt bóndi skuli verða til þess, að koma fram með slíkt frumvarp. Jeg mundi sjálfur hafa komið fram með frumvarp í þessa stefnu, ef jeg hefði haft nokkra von um, að embættisbræður mínir mundu fylgja mjer, en jeg hef nú, eins og kunnugt er, haft mikinn andróður í flestu frá þeim mönnum, sem helzt ættu að styðja slíkt mál, og því hef jeg sleppt því. Eins og jeg fylgi þessu máli, eins vona jeg nú samt, að úr því bóndi nú hefur komið fram með þessa uppástungu, munu aðrir þingmenn hugsa, að betur sje seint en aldrei, og fylgja fram málinu. Þó er jeg á því, að í frumvarpinu sjeu ýms smá atriði, sem þyrftu lagfæringar og umbóta við, og mætti vel laga þau, ef nefnd yrði kosin í málið, sem jeg vildi óska. Þingmaðurinn hefur t.d. í frumvarpinu ekki farið fram á annað, en að konur fengju kosningarrjett, en jeg fyrir mitt leyti vildi bæta því við, að þær einnig fengju kjörgengi. En hvað þessu líður, álít jeg, að þingmaðurinn hafi mikinn sóma af frumvarpinu, og óska, að nefnd verði sett í málið.

Síðan var gengið til atkvæða um, hvort nefnd skyldi setja í málið, og var samþykkt með 12 atkvæðum á móti 10, að setja 3 manna nefnd og fresta 1. umræðu. Þessir urðu fyrir kosningu:

Þorlákur Guðmundsson með 19 atkv.
Jón Jónsson — 15 —
Lárus Blöndal — 5 —

Í nefndinni var Þorlákur Guðmundsson kosinn formaður og framsögumaður, og Jón Jónsson skrifari.

FRAMHALD FYRSTU UMRÆÐU Í NEÐRI DEILD,

á 31. fundi, 2. dag ágústmán.

Nefndarálit, sjá I, 149.

Framsögumaður (Þorlákur Guðmundsson): Þessu máli var tekið svo vel, þegar það var hjer fyrst til umræðu, að jeg hef enga ástæðu til að efast um, að deildin taki því eins vel nú. Hvað minni hlutanum viðvíkur, þá gátum við í meiri hlutanum ekki orðið honum samþykkir, en jeg skal nú ekki fara fleiri orðum um það, því hann mun sjálfur mæla fyrir sinni skoðun.

Jón Jónsson: Í ágreiningsáliti mínu hef jeg fyrst leyft mjer að stinga upp á

yrði veitt ekki að eins kosningarrjettur en einnig kjörgengi. Það er ómótmælanlegt, að konur hafa þegar fengið kjörgengi í safnaðamálum, eins og forstjóri yfirdómsins tók fram á þingi í hitt eð fyrra. Á sama hátt er mjög vafasamt, hvort konur hafa ekki kjörgengi og kosningarrjett til hreppsnefnda og til bæjarstjórnar á Akureyri og Ísafirði. Meiri hlutinn takmarkar því í rauninni þau rjettindi, sem konur þegar hafa, og þingið getur varla verið nefndinni samdóma. En þar að auki er ekki hægt að sjá, hverja hættu geti leitt af því, að veita konum kjörgengi í sveitarmálum. Menn verða vel að gá að því, að enginn getur kosið til sveitarnefndar eða setið í sveitarnefnd, án þess að greiða eitthvað til sveitar. Það ern því að eins ógiptar konur og ekkjur, sem ráða að fullu fje sínu og gjalda til sveitar, sem geta fengið kosningarrjett og kjörgengi. Það er mjög ósanngjarnt að neita þeim mönnum um kjörgengi, sem kosningarrjett hafa. Jeg veit ekki betur en í þeim löndum, sem konur hafa kosningarrjett, þar hafi þær líka kjörgengi, og á Englandi hefur kona jafnvel boðið sig fram til kosningar á ríkisþing, og munaði, að eins fáum atkvæðum, að hún næði kosningu, og mundi þingið enska varla hafa leyft sjer að reka hana burtu aptur, ef hún hefði náð kosningu. Hví skyldum við Íslendingar, sem ávallt höfum haft orð fyrir að vera frjálslyndir, sem ávallt höfum álitið það sóma vorn, að halda uppi jafnrjetti manna, hví skyldum við þá neita konum um þennan rjett? Það er og galli á frumvarpi nefndarinnar, að það útilokar allar giptar konur frá kosningarrjetti, því það getur komið fyrir, þó það sje sjaldgæft, að kona hefur sjerstakt fjárforræði og geldur lögboðin gjöld. Þá fer og tillaga mín nokkuð lengra. Þeir, sem kjósa til bæjarstjórnarinnar á Akureyri og Ísafirði, þurfa að greiða meira til sveitar en þeir, sem hafa kosningarrjett til hreppsnefnda, og þeir, sem kjósa til bæjarstjórnarinnar í Reykjavík, þurfa að greiða meira, en þeir sem kjósa til bæjarstjórnar á Akureyri. Í Reykjavík hefur þar að auki $^1/_6$ partur af öllum bæjarbúum rjett til að kjósa 4 af 9 bæjarfulltrúunum og ræður því að öllu leyti, en þar að auki kýs hann hina 5 með hinum öðrum; þetta finnst mjer mjög ósanngjarnt.

Forseti: Jeg verð að biðja þingmanninn, að halda sjer við efnið; hjer liggur ekki fyrir að tala um kosningar til bæjarstjórnarinnar í Reykjavík, heldur um kosningarrjett kvenna.

Jón Jónsson: Jeg verð að biðja hinn háttvirta forseta að lesa betur álit minna hluta nefndarinnar, og mun hann þá sjá, að þetta kemur einmitt efninu við. Jeg vildi nota tækifærið til að vita, hvort deildin ekki vildi koma kosningarlögunum í Reykjavík í sama horf og á Akureyri og Ísafirði og í öllum hreppum landsins, og í það horf, að þau gætu verið landinu til sóma, og þyrftu ekki að standa á baki sams konar lögum í öðrum löndum.

Eiríkur Kúld: Jeg skal leyfa mjer að lýsa því yfir, að jeg vil ekki fara lengra, en meiri hluti nefndarinnar hefur gjört. Mjer sýnist ekki heppilegt að aðhyllast uppástungu 2. þingmanns Skagfirðinga, þegar þess jafnframt er gætt, að um leið og konur öðlast kjörgengi, geta þær ekki færzt undan að taka kosningu. Gæti þá svo farið, að t. a. m. í hreppsnefnd yrðu eintómar konur, en það verð jeg að álíta miður heppilegt, þar eð þær yrðu þá að ferðast um sveitina, og opt og tíðum leggja út í bylji og ófærð á vetrardag. Það kæmi einnig nokkuð skrítilega fyrir, að sjá tómar konur í bæjarstjórn Reykjavíkur. Jeg vil jafnframt leyfa mjer að benda nefndinni á, að sumar breytingar hennar geta ekki samrýmzt við frumvarpið, og þyrfti því að færa þær til rjetts máls, annaðhvort við 2. eða 3. umræðu. Að öðru leyti gef jeg meiri hlutanum atkvæði mitt.

Jón Ólafsson: Jeg vil geta þess, að þegar þetta frumvarp kom fram, tókum við 11 þingmenn okkur saman og sömdum annað frumvarp um breyting á tilsk. 4. maí 1872 um sveitastjórn á Íslandi. Það frum-

varp fer í líka átt og þetta, en er einfaldara og þó yfirgripsmeira, enda og sjálfu sjer samkvæmara, og með því það hefur góða útsjá fyrir að geta gengið í gegn, þar sem það hefur 11 undirskrifendur vissa, og fær líklega fleiri fylgismenn, þá vil jeg leyfa mjer að skora á hinn heiðraða framsögumann, að taka sitt frumvarp aptur. Að öðru leyti virðist mjer frumvarp 2. þingmanns Skagfirðinga rjettast og sjálfu sjer samkvæmast, en jeg ætla, að öðrum muni þykja það breyta um of frá því, sem nú er, eða fara of langt, og muni því eigi ná fram að ganga, og af þeirri ástæðu treystist jeg ekki til að gefa því atkvæði mitt. Okkar frumvarp fer fram á það, sem vonandi er að bæði þing og stjórn samþykki, og gangi það fram nú, verður auðveldara síðar við að bæta.

Framsögumaður: Jeg skal ekki vera langorður. Þingmaður Skagfirðinga sveigði ekkert að meiri hlutanum og kvaðst vera honum samþykkur í sumu. En jeg get ekki verið honum samþykkur í öllu um kjörgengi kvenna; því að ætla sjer að draga kjörgengisrjettinn inn í þetta frumvarp, verður til að ónýta málið, enda álít jeg ekki tímann kominn til þess, því þó þingmaður úr efri deildinni hafi tekið það fram í ræðum sínum, þegar safnaðarlög voru til umræðu þar 1879, þá er slíkt engin lög. En að því leyti giptar konur snertir, þá kemur það sjaldan fyrir, að konan hafi sjerstakan fjárhag, og það er því einungis í því tilfelli, þegar konan er skilin frá manni sínum til borðs og sængur.

Jeg verð að lýsa því yfir, að jeg get ekki að svo vöxnu máli tekið frumvarpið aptur, en get ef til vill sameinað mig við þessar fyrstu umbreytingar við það. Jeg er ekki heldur einráður um, að taka það aptur, þar sem meðnefndarmaður minn er ekki á fundi, en jeg vona, að við getum allir jafnað þetta fyrir 2. umræðu.

Halldór Kr. Friðriksson: Jeg skil ekki, hvernig 2. þingmaður Skagfirðinga fer að blanda bæjarstjórn Reykjavíkur inn í þetta mál. Það kemur ekkert málinu við. Í öðru lagi er það, að jeg verð að frábiðja Reykingum, að laga lög sín um bæjarstjórn eptir lögum Ísfirðinga og Akureyrarbúa, og í þriðja lagi kvað hann einn fimmtung af þeim, er kosningarrjett hafa, ráða öllum kosningum minni hluta bæjarfulltrúanna. En hann gleymdi því skilyrði, að það á því að eins við, að þessi fimmtungur greiði $^2/_3$ af öllum bæjargjöldum.

Jón Jónsson: Það er alveg ljóst af lagagrein þeirri, er þingmaður Reykvíkinga hefur skírskotað til, að löggjöfin hefur gjört ráð fyrir því, að einn fimmtuugur af bæjarbúum greiddi minnst $^2/_3$ af bæjargjöldum. Þannig er það í kaupstöðum annarstaðar, og þannig mundi það einnig vera hjer, ef gjöldum væri jafnað sanngjarnlega og rjettlátlega niður, og hinum efnameiri ekki hlíft of mikið bæði með ósanngjörnum lóðartollslögum og með hinni árlegu niðurjöfnun á efni og ástæður.

Þingmaður Barðstrendinga hjelt, að tómar konur mundu sitja í hreppsnefndum, bæjarstjórn o. s. frv., en jeg skal hugga hann með því, að þó að konur hafi opt mikla yfirburði yfir karlmenn, þá munu þær ekki reka menn sína til að kjósa tómar konur, og á meðan mun engin hætta á því, að tómar konur komi á þing.

Jeg man ekki betur, en framsögumaður segði um daginn, að það mundi að eins ein kona í sínum hreppi fá kosningarrjett. Þingmaður Reykvíkinga gæti kannske skýrt frá, hvað margar þær yrðu hjer; jeg held þær yrðu varla fleiri en 10. Þessi hætta er því eingöngu í huga þingmannsins og á ekki við neitt að styðjast. Jeg er hissa á þingmanni Suður-Múlasýslu, er hann er hræddur um, að frumvarpið gangi ekki í gegn. Hefur *hann* misst svo trú á afli sannleikans, að hann þori ekki að bera annað fram en það, sem allir fallast á? Jeg hef þó einhvern tíma sjeð blað, sem kvað svo að orði: »Þar sem ekkert er við að stríða, þar er engan sigur að fá«. Menn eiga að fylgja sannfæringu sinni, og jeg

vona þingmenn sannfærist um, að þetta sje rjett, og að konur geti heimtað þetta.

Jón Ólafsson: Jeg vil taka til greina tillögur framsögumanns og sameina mig við hann um breytingar á frumvarpinu. Þar sem þingmanni Skagfirðinga þótti mjer farið að fara aptur, og jeg væri farinn að missa trúna um, að það gengi fram, sem rjett væri, þá skal jeg svara honum því, að jeg hef svo opt sjeð það í heiminum, að það, sem rjett er, á örðugt uppdráttar. En jeg vil heldur vinna nokkuð á af því, sem jeg ætla rjett, en að vinna ekkert á; það þykir mjer betra, að vinna lítið, en ekkert, ef ekki er kostur að vinna allt. En að vinna hjer eitthvað á, það er mjer einmitt áhugamál. Mjer er áhugamál, að fá það fram, að konur fái kosningarrjett, en jeg segi eins og áður, að jeg er hræddur um, að kjörgengi fyrir konur kæmist aldrei í gegn á þessu þingi; efri deildin mundi fella það, þótt þessi væri því samþykk, og jeg vil ekki missa kosningarrjettinn fyrir ákvörðunina um kjörgengið; því jeg vil heldur fá kosningarrjettinn, en ekkert, enda höfum við tíma til að bæta úr því seinna, sem hjer skortir á. Það er þýðingarlaust að koma með það, sem auðsjáanlega ekki gengur fram. Ef við hugsum til að hafa síðar fram kjörgengi kvenna, þá verðum við fyrst að berjast á öðrum vígvelli; þá verðum við að berjast fyrir því til sigurs í blöðum og bókum, í ræðum á fundum út um land, því að við verðum að koma því inn í meðvitund þjóðarinnar sjálfrar, að þennan rjett beri að veita; meðan þörfin á honum og rjettmæti hans er ekki komið inn í meðvitund þjóðarinnar, er hún því ekki vaxin að þiggja þennan rjett, og nota hann sjer til hags og heilla. En hvað kosningarrjettinn snertir, þá er hann kominn inn í meðvitund þjóðarinnar, og skal jeg í því efni skírskota til þess, að jeg hef bænarskrár, er jeg skal leggja fram á lestrarsalinn, með ótal undirskriptum úr hverjum einasta hrepp í mínu kjördæmi, sem einmitt fara fram á sama, og í frumvarpi okkar er fram á farið.

Þingmaður Barðstrendinga var hræddur um við fengjum eintómar konur í hreppsnefndir, ef þær fengju kjörgengi; en ef svo væri, þá sýndi það, að karlmenn í þeim hreppum, þar sem slíkt kæmi fyrir, væru þau vesalmenni, að þeir væru ekki færir um að gegna þeim starfa eins vel og kvennfólkið; en svo auma mun hann þó ekki álíta okkur enn þá. Að lyktum er jeg samþykkur 2. þingmanni Skagfirðinga um það, að óeðlilegt sje, að konur hafi einn rjett í sveit og annan í bæjum, og mundi því betur fallið að haga orðum svo: «sveitamálum og bæjarmálum».

Halldór Friðriksson: Jeg skildi ekki betur, en 2. þingmaður Skagfirðinga segði, að meiri hluti bæjarfulltrúanna væri kosinn af minni hluta kjósanda. En það er alls eigi rjett; heldur er minni hluti fulltrúanna kosinn af fimmtung kjósanda, ef þessi fimmtungur geldur $^2/_3$ af öllum bæjargjöldum; en fyrst hann er svona ókunnugur því, sem nær til bæjarstjórnarinnar í Reykjavík, að hann ætlar, að fimmtungur kjósanda ráði einn kosningu minni hluta fulltrúanna, skal jeg fræða hann um það, að það fór svo fjærri, að það væri að eins fimmtungur kjósanda, sem kusu síðast bæjarfulltrúa, að í þeirri kosningu tóku þátt allir þeir, sem guldu 10 kr. eða meira til bæjarþarfa.

Að öðru leyti verð jeg að frábiðja bæjarstjórn og niðurjöfnunarnefnd Reykjavíkur allar ávítur á þessum stað. Jeg frá bið mjer alvarlega þess konar ummæli hjer í salnum. Hjer er ekki sá rjetti staður til að bera slíkar ákærur fram. Fari hann til bæjarstjórnarinnar og kæri það þar, ef honum þykir niðurjöfnunin röng; það er þó sannarlega sæmra, en að kasta því hjer fram á þingi að orsakalausu og ástæðulaust.

Eptir það var málinu vísað til 2. umræðu með 17 atkvæðum.

ÖNNUR UMRÆÐA Í NEÐRI DEILD,
á 43. fundi, 11. dag ágústmán.

Breytingar- og viðaukatillaga, við frumvarp um kosningarrjett kvenna

1. Fyrirsögnin orðist þannig:

FRUMVARP

til laga um breyting á tilskip. 4. maí 1872 um sveitarstjórn á Íslandi, tilsk. 20. apríl 1872 og reglugj. 29. apríl 1862 og 26. jan. 1866.

2. Í stað: «Ekkjur og aðrar etc» til: «fyrir þessum rjettindum» komi.:

Hver maður, karl sem kona, sem er fullmyndugur, með óskertu mannorði og eigi í sveitarskuld, skal hafa atkvæðisrjett og kosningarrjett i öllum sveitarmálum og bæjarmálum, þeim er bera undir atkvæði eða kosningu hreppsbúa eða bæjarbúa, svo framarlega sem hann geldur nokkuð til sveitarþarfa. Kjörgengir eru karlmenn þeir, er kosningarrjett hafa í hreppsnefnd, sýslunefnd, bæjarstjórn og aðrar bæjarnefndir, ef þeir eru eigi öðrum háðir.

Þorlákur Guðmundsson. Lárus Blöndal.
Jón Ólafsson. Þórarinn Böðvarsson.
Ólafur Pálsson. Þorsteinn Jónsson.
Þórður Magnusson. Þ. Thorsteinson.
Þorkell Bjarnason. Jón Jónsson.

Framsögumaður (Þorlákur Guðmundsson): Það hefur nú komið breytingartillaga frá 10 þingmönnum, og höfum við meiri hluti nefndarinnar skrifað undir hana og samþykkt hana af því, að við vildum bjarga málinu; og vonum við, að þessi breytingar- og viðaukatillaga geti tekizt til greina sem breytingaratkvæði við hið upprunalega aðalfrumvarp, og með þessari breytingu, ef hún verður viðtekin, er náð þeim tilgangi, sem lá í hinu upprunalega frumvarpi og breytingum nefndarinnar, enda hefur minni hlutinn líka skrifað undir þessar breytingar.

Jón Jónsson: Frumvarpi minni hlutans var vísað til 2. umræðu ásamt hinu aðalfrumvarpinu; en nú tek jeg aptur frumvarp minni hlutans, eptir að hafa komið mjer saman við meiri hlutann.

Mjer þykir það reyndar að hinu nýja frumvarpi, að konur öðlast ekki samkvæmt því kjörgengi, enda þó jeg játi, að nú sem komið er hefur kjörgengið mjög litla praktiska þýðingu. Hins vegar kemur hinu nýja frumvarpi saman við frumvarp mitt í því, að það lögleiðir hinar sömu kosningarreglur fyrir bæjarstjórnir og hreppsnefndir, og álít jeg það, eins og jeg áður hef tekið fram, mjög mikla rjettarbót.

Framsögumaður: Mjer gleymdist áðan að taka það skýrt fram, að breytingartillögu meiri hluta nefndarinnar tökum við aptur, og liggur hún því ekki fyrir, þegar til atkvæða kemur.

Var síðan gengið til atkvæða, og var:

Breytingar- og viðaukatillaga 10 þingmanna samþykkt með 21 atkvæði.

Fyrirsögnin breytt samþykkt með 21 atkvæði, og málinu vísað til 3. umræðu með 21 atkvæði.

ÞRIÐJA UMRÆÐA Í NEÐRI DEILD,

á 49. fundi, 15. dag ágústmán.

Frumvarpið, eins og það var samþykkt við 2. umræðu, sjá I, 432.

Breytingartillaga

við frumvarp til laga um breyting á tilsk. 4. maí 1872 og reglugjörð 29. apríl 1862 og 26. janúar 1866.

Á eptir orðunum: «nokkuð til sveitarþarfa» komi: «og fjár síns ráðandi».

Á eptir orðinu: «háður» komi: «sem hjú».

Jón Ólafsson. Þorvarður Kjerulf. Jón Jónsson.
Friðrik S. Stefánsson. Þorlákur Guðmundsson.
Lárus Blöndal. Þorkell Bjarnason.
Magnús Andrjesson.

Forseti lýstí því yfir, að breytingartillaga hefði þá komið við þetta frumvarp, en

of seint, og bar undir þingmenn, hvort hún mætti koma til umræðu, og var það samþykkt.

Jón Jónsson: Breytingartillögur þær, er komið hafa fram, vona jeg verði frumvarpinu til bóta. Jeg hefði óskað, að koma með enn eitt breytingaratkvæði í þá stefnu, að konur einnig fengju kjörgengi, og mæli jeg því fremur með því, að málinu verði frestað svo lengi, að slíkt breytingaratkvæði geti komizt að, sem nú í dag hefur frá efri deildinni komið hingað frumvarp til laga um bæjarstjórn á Akureyri, þar sem efri deildin hefur reynzt svo frjálslynd, að hún hefur fallizt á, að konur fái ekki að eins kosningarrjett en einnig kjörgengi til bæjarstjórnarinnar á Akureyri.

Framsögumaður (Þorlákur Guðmundsson): Þetta eru að eins orðabreytingar, sem eiga að vera til skýringar, og sem nokkrir þingmenn hafa komið með, en jeg álít, að engin ástæða sje til að fresta málinu fyrir það. Jeg vona, að málið fái að ganga sína götu.

Af því að eigi óskuðu fleiri að taka til máls, þá lýsti forseti því yfir, að umræðunni væri lokið, og var því næst gengið til atkvæða, og fjell atkvæðagreiðslan þannig:

Tillaga 8 þingmanna var samþykkt með 15 atkvæðum, og frumvarpið í heild sinni með 16 atkvæðum, og lýsti forseti því yfir, að það mundi verða sent forseta efri deildarinnar með tilmælum um, að leggja það fyrir þá deild.

FYRSTA UMRÆÐA Í EFRI DEILD,
á 39. fundi, 17. dag ágústmánaðar.

Frumvarpið eins og það var samþykkt við 3. umræðu í neðri deild, sjá I, 496.

Ásgeir Einarsson: Jeg hef nú sjeð nokkur frumvörp, síðan jeg kom fyrst á þing, nú í fjórtánda sinni, en aldrei hef jeg sjeð neitt frumvarp, sem mjer hefur verið eins óskiljanlegt, eins og þetta. Hjer er svo að orði komizt: «Hver maður, karl sem kona, sem er fullmyndugur, með óskertu mannorði og eigi í sveitarskuld, skal hafa atkvæðisrjett og kosningarrjett í öllum sveitarmálum og bæjarmálum, þeim er bera undir atkvæði eða kosningu hreppsbúa eða bæjarbúa, svo framarlega, sem hann geldur nokkuð til sveitarþarfa, og er fjár síns ráðandi». Hvað þarf þá að gjalda mikið til þess að verða aðnjótandi þessa frelsis? Svo sem 25 aura, eða fáeina fiska!! Það þótti býsna-frjálslegt um árið, þegar tómthúsmenn fengu kosningarrjett til alþingis, og það til ráðgjafarþingsins, en þá var ákveðið, hvað mikið þeir áttu að gjalda til sveitar, og ekki vera öðrum háðir; en þegar um það er að ræða, að fólk, sem ekki geldur nema fáa aura til sveitar, skuli hafa kosningarrjett í öllum sveitarmálum og bæjarmálum og þurfa ekki einu sinni að eiga með sig sjálfir, en megi vera öðrum háðir, þá getur svo farið, að 4—5 vinnumenn á bæ og jafnvel vinnukonur fari allt á þessa kosningarfundi, þá má segja, eins og Einar á Þverá sagði: «Það fer að verða skipað fyrir dyrum kotkarla». Ef þeir eiga að hafa kosningarrjett í öllum sveitarmálum, sem ekki gjalda nema fáeina aura til sveitar, og eru öðrum háðir, þá fer mjer nú að þykja frelsið ríflegt, og ef nokkrir karlar og konur væru í lansamennsku, gæti það orðið eingöngu í hreppsnefnd, og má ske sýslunefnd. Þetta er ekki mjög líkt stjórnaranda Englendinga, sem þó eru komnir lengra áleiðis í frelsinu en vjer. Jeg skil ekki, hvernig deildin ætti að geta samþykkt þetta frumvarp, eins og það er lagað, þó menn ef til vill álíti mig ófjálslyndan fyrir þetta, þá vil jeg ekki samþykkja önnur eins nýmæli, og þetta frumvarp fer alveg á bak við þjóðina, því jeg hef ekki sjeð á lestrarsalnum, það jeg til man, neina bænarskrá, aðra eins og þetta frumvarp bendir á.

Annaðhvort vil jeg, að frumvarpinu sje breytt eða málinu frestað, svo þjóðin fyrst geti kynnt sjer það. En ef deildin vill kosta upp á málið til 2. umræðu, þá sting jeg upp á 3 manna nefnd.

Sighvatur Árnason: Jeg er nú reyndar samdóma hinum háttvirta þingmanni Strandamanna um það, að mál þetta þurfi lagfæringar við, en þó vil jeg ekki, að nefnd sje í því kosin, því þó málið sje ekki stórt á pappírnum, þá er það þó nokkurs virði, og jeg vil ekki, að það tapist frá framgangi nú á þinginu; en jeg ímynda mjer, að það mætti takast að laga það þannig án nefndar, að þingmaðurinn gæti sætt sig við það. Jeg ímynda mjer, að til þess að fullnægja þingmanni Strandamanna, þurfi ekki annað, en að koma málinu í sama horf, sem það var í, þegar uppástungumennirnir í neðri deildinni fyrst komu með það, og þarf hvorki þriggja nje fimm manna nefnd til að taka þær fáu línur upp aptur.

Málinu var síðan vísað til 2. umræðu með 7 atkvæðum, en fellt frá nefndarkosning.

ÖNNUR UMRÆÐA Í EFRI DEILD,
á 41. fundi, 20. dag ágústmánaðar.

Breytingartillaga
við frumvarp til laga um breyting á tilsk. 4. maí 1872 um sveitarstjórn á Íslandi o. s. frv.

1. Frumvarpsgreinin orðist þannig: «Ekkjur og aðrar ógiptar konur, sem standa fyrir búi, eða á einhvern hátt eiga með sig sjálfar, skulu hafa kosningarrjett, þegar kjósa á í hreppsnefnd, sýslunefnd bæjarstjórn og á safnaðarfundum, ef þær eru 25 ára, og að öðru leyti fullnægja öllum þeim skilyrðum, sem lög ákveða fyrir þessum rjettindum.»

2. Fyrirsögn frumvarpsins orðist þannig:
FRUMVARP
til laga um kosningarrjett kvenna.
Sighvatur Árnason. Stefán Eiríksson. Skúli Þorvarðsson.

Sighvatur Árnason: Okkur, sem höfum stungið upp á breytingu við þetta frumvarp, gekk það til, að okkur þykir frumvarpið, eins og það nú er, fara óþarflega langt eptir kringumstæðum; jeg veit heldur ekki til, að það hafi komið nokkur beiðni til þingsins úr hjeruðum um þennan kosningarrjett; með því líka, að þegar litið er til ástandsins hjer á landi, þá eru menn ekki komnir svo langt, að menn noti sjer þennan rjett, svo að jeg held, að tími sje enn ekki kominn til að veita hann, og allra-sízt að fara að bjóða hann fram, áu þess um bann hafi verið beðið. Það er allt af tími og tækifæri til þessa seinna, og ef menn biðja um það, þá mun ekki verða fyrirstaða af þingsins hálfu. Jeg skal fúslega játa, að það sýnir frjálslyndi, að vilja veita þennan kosningarrjett, og það ætti að eiga sjer stað ef tíminn krefði; því ímynda jeg mjer sem sagt, að mátulega sje farið fyrst núna, ef menn vilja aðhyllast breytingaruppástungu okkar 3 þingmanna, sem hjer liggur fyrir.

Benidikt Kristjánsson: Jeg get ekki verið á því, að ástæða sje til að aðhyllast breytingartillögu hinna 3 þingmanna, þegar jeg lít á alla málavexti. Í frumvarpinu sjálfu er farið fram á, að þeir menn, sem með lögum eru skyldaðir til að gjalda til sveitar, hafi rjett til þess að kjósa, þegar menn eru kosnir í hreppsnefndir. Jeg sje ekki, að það gjöri nokkuð til, að þeir eru ekki búendur, heldur vinnumenn, úr því að sú skylda hvílir á þeim, að þeir eiga að gjalda til sveitar. Jeg get heldur ekki sjeð, að það sje illa farið með búendurna eða að það liggi þungt á þeim, þó að þeir þurfi að leysa vinnumönnum sínum þriðja hvert ár að fara

á kjörfund. Það er tekið fram í frumvarpinu, að vinnumenn skuli ekki hafa kjörgengi, svo að húsendurnir þurfa ekki að missa vinnu þeirra fyrir það, að þeir fáist við sveitamál. Jeg sje enga sanngjarnari reglu en þá, að allir þeir, sem gjalda til sveitar, hafi þátt í að velja þá menn, sem leggja gjaldið á þá.

Stefán Eiríksson: Mjer virtist þingmaður Norður-Þingeyinga ekki vera meðmæltur breytingartillögu okkar, en okkur, sem höfum komið með þetta breytingaratkvæði, finnst, að tillaga okkar fari í rjettari stefnu en frumvarpið, þar sem að eins konum, sem gjalda svo eða svo mikið til sveitar, er leyft að hafa þennan kosningarrjett; því að það er ótilhlýðilegt, að hafa það fyrirkomulag, sem frumvarpið fer fram á um þennan kosningarrjett, sem hjer um ræðir; það getur verið t. a. m. ekkja í hreppnum, sem ef til vill er sú, sem leggur mest til sveitar af öllum hreppsbændum, þá á hún að hafa þennan rjett, en aðrir ekki, nema þeir sjeu fyrir búsforráðum og ekki öðrum háðir. Þó að bænarskrá um þetta mál hafi ekki komið frá þjóðinni til þingsins, eins og þingmaður Rangeyinga tók fram, þá hef jeg þó opt heyrt því hreift í sveitum, að ósk manna er, að konur fái kosningarrjett; en að taka alla vinnumenn, eins og frumvarpið fer fram á, álít jeg alveg óhafandi. Það verður líka þýðingarlaust að veita vinnumönnum þennan kosningarrjett; jeg er hræddur um, að húsbændurnir vildu ráða, hvort vinnumennirnir færu á kosningarfundinn eða ekki; jeg held, að það gæti hent sig, að húsbændurnir segðu: «Gjörðu svo vel og vertu heima og vinndu eitthvað þarfara; jeg held, að þú þurfir ekki að vera að hlaupa á þennan kosningarfund, þó að þú gjaldir 3 eða 4 fiska til sveitar». Breytingartillaga okkar fer eflaust í haganlegri átt en frumvarpið, svo að jeg vil ráða deildinni til að aðhyllast hana. Ef þessi lög þykja út um landið skerðing á frelsi manna, þá má breyta þeim aptur; en mjer fyrir mitt leyti þykir það engin skerðing á frelsi manna, þó ekki sje farið lengra í þetta sinn.

Síðan var gengið til atkvæða, og fjellu atkvæði þannig:

1. Breytingartillaga 3 þingmanna við frumvarpsgreinina samþykkt með 9 atkvæðum.
2. Frumvarpsgreinin þar við fallin.
3. Breytingartillaga 3 þingmanna við fyrirsögnina, samþykkt með 9 atkvæðum.
4. Fyrirsögn frumvarpsins var þar við fallin.
5. Frumvarpinu með áorðnum breytingum var vísað til 3. umræðu í einu hljóði.

ÞRIÐJA UMRÆÐA Í EFRI DEILD,
á 42. fundi, 22. dag ágústmánaðar.

Frumvarpið, eins og það var samþykkt við 2. umræðu, sjá I, 492.

Sighvatur Árnason: Þessu litla frumvarpi var tekið svo vel við hinar umræðurnar um það, að jeg vona, að jeg þurfi ekki að mæla frekar með því, en jeg þegar hef gjört við hinar fyrri umræður þessa máls. Jeg skal geta þess, að jeg vona líka, að neðri deildin veiti því framgang, eptir því sem jeg hef komizt næst, og jeg treysti því þess vegna, að þessi heiðraða deild fallist nú á málið, eins og hún hefur gjört við hinar aðrar umræður þess.

Síðan var frumvarpið samþykkt í einu hljóði, og endursent neðri deild.

EIN UMRÆÐA Í NEÐRI DEILD,
á 64. fundi, 25. dag ágústmánaðar.

Frumvarpið, eins og það var samþykkt við 3. umræðu í efri deild, sjá I, 550.

Nefndarálit, sjá I, 559.

Framsögumaður (Þorlákur Guðmundsson): Frumvarpi þessu hefur verið breytt nokkuð í efri deildinni, og þótt það sýnist ósamkvæmni af þeirri heiðruðu deild, að hafa takmarkað í þessu frumvarpi rjettindi kvenna eða annara sem gjalda til sveitar, þar sem hún þó hefur veitt konum meiri rjettindi í frumvarpinu um bæjarstjórn á Akureyri, þá vona jeg, að þessi heiðraða deild gangi inn inn á frumvarpið og samþykki það, eins og það nú er, í von um, að það meira geti fengizt síðar, þegar virkilega þörf tímans krefst þess.

Með því að ekki tóku fleiri til máls, lýsti forseti því yfir, að umræðunni væri lokið, og ljet því næst 'ganga til atkvæða, og var frumvarpið samþykkt með 21 atkvæði, og lýsti forseti því þá yfir, að frumvarpið mundi verða afgreitt til landshöfðingja, sem lög frá alþingi.

XII.

Landamerki jarða.

Frumvarp til landamerkjalaga, frá Guðmundi Einarssyni. Frumvarpið er prentað í fyrri parti alþingistíðindanna, bls. 43—45.

FYRSTA UMRÆÐA Í NEÐRI DEILD,
á 7. fundi, 11. dag júlímán.

Flutningsmaður (Guðmundur Einarsson): Það er auðsjeð, að þetta frumvarp, sem hjer liggur fyrir, er að miklu leyti sniðið eptir frumvarpi því, sem kom fram í efri deild alþingis 1879, en hefur þó tekið miklum umbótum. Það er svo margt, sem með því mælir, að ekki gjörist þörf að telja það upp, enda mun hver þingmaður vita það og kannast við það, því landamerki eru víða óviss, og óvissa þessi hefur valdið og getur valdið þrætum og ósamlyndi manna á meðal, og verður ekki komizt í veg fyrir það, nema með nýjum lögum. Jeg skal ekki fara fleirum orðum um mál þetta að sinni, en óska þess, að nefnd verði kosin í málið og 1. umræðu frestað.

Var þá stungið upp á bæði 3 manna og 5 manna nefnd, og urðu atkvæði fyrir 5 manna nefnd, og hlutu þessir kosningu:

Guðmundur Einarsson	með	16 atkv.
Benidikt Sveinsson	—	12 —
Lárus Blöndal	—	12 —
Þorlákur Guðmundsson	—	11 —
Jón Jónsson	—	8 —

Var málið síðan afhent þingmanni Dalamanna, sem hafði flest atkvæði, og 1. umræðu frestað.

Í nefndinni var Guðmundur Einarsson kosinn formaður, Lárus Blöndal skrifari og Benidikt Sveinsson framsögumaður.

FRAMHALD FYRSTU UMRÆÐU Í NEÐRI DEILD,
á 31. fundi, 2. dag ágústmán.
Nefndarálit, sjá I, 282—288.

Framsögumaður (Benidikt Sveinsson): Jeg skal ekki fara mörgum orðum um málið

að sinni. Eins og bent er á í nefndarálitinu, hefur nefndin gjört sjer far um að byggja á þeim grundvelli, sem frumvarp það stóð á, er samþykkt var í neðri deild alþingis í hitt eð fyrra, og einnig var rætt í efri deildinni, án þess neinar verulegar breytingar væru við það gjörðar. Það voru einkum tvö aðalatriði, sem ágreiningur varð um í neðri deildinni og eins í efri deildinni, nefnilega *um skipun gjörðardóma*, og um það, hvernig *hrinda skyldi* þeim *gjörðardómi*, sem einu sinni væri uppkveðinn. Margir hjeldu því fram, hvort ekki væri rjettara, að skipa gjörðardóminn á þann hátt, að kosnar væru eins konar fastar nefndir, sem fjalla skyldu um landaþrætumálin. Þetta áttu að vera eins konar gjörðardómsnefndir. Jeg vil segja, að stefna nefndarinnar sje rjettari. Gjörðir eða eins konar gjörðardómar eru börn hins forna þjóðfrelsis á Íslandi; þeirra er getið í Grágás og víða í fornsögum vorum, og hvervetna svo kveðið á um, að *málspartar* nefni gjörðarmennina. Fornmenn, frelsishetjurnar góðu, álitu það rjett, að *málsaðilar* veldu einmitt sjálfir hvor um sig sína gjörðarmenn. Þá var byggt á drenglyndi og drengskap manna og rjettlætistilfinning, að þeir gætu fundið það rjetta og sanna í málum, og vildu viðurkenna það. Jeg vona nú og á því byggði nefndin í heild sinni, að þessi drengskapur sje ekki útdauður, og ef alþýða óskar að fá þennan rjett, sem frumvarpið veitir, vona jeg hún einnig gangist við, að hún hafi þennan drengskap til að bera. Þó hefur nefndin sett enn frekari trygging um skipun gjörðardómsins; þegar annar málspartanna hefur sem sje rutt úr dómi, og hefur þó enn á móti hinum tveim, sem eptir eru, þá skal það undir úrskurði oddamanns, hvort þeir skuli ruddir að landslögum rjettum eða ekki.

Hitt atriðið var nefndin í meiri vafa um. Hún hugsaði sjer fyrst, hvort eigi mundi unnt að hafa yfirgjörðardóma, en strandaði á því skeri, að hún gat ekki fundið meiri trygging í yfirgjörðardómunum, hvað hið lagalega snertir, ekki áreiðanlegri «juridisk Element», að jeg við hafi útlent orð, en sýslumanninn sem oddamann gjörðardómsins.

Nefndin komst því að þeirri niðurstöðu, að það, sem samþykkt var á þinginu um þessi atriði í hitt eð fyrra, væri, þegar öllu væri á botninn hvolft, rjettast. Gætum vel að því, að hjer er um það að ræða, að bændum sje fengið vald í hendur, og það dómsvald; því má ekki stika of stórum, heldur sjá svo um, að trygging sje fyrir rjettindum manna og að ekki sje að öllu vikið frá þeim dómgangi og dómaskipun, sem nú er. Því vildi nefndin einskorða þetta dómsvald sem glöggvast og skarpast, halda meginreglunni sem skarpast gagnvart undantekningunni. Höfuðreglan er þannig sú, að gjörðardómurinn skuli vera *fullnaðarúrslit* í öllum landaþrætumálum, að hann skuli endilega afgjöra öll augljóslega rjett atriði og öll *vafasöm* atriði, hvort sem þau snerta formhlið eða efnishlið málsins. Um allt þetta á gjörðardómurinn að vera endilegur og afgjörandi. En undantekningin kemur þá að eins fram, brjóti gjörðardómurinn *bersýnilega lög* á mönnum. Sje svo, vill nefndin ekki láta gjörðardóminn vera endilegan úrslitadóm.

Gjörðardómurinn er allt svo fullnaðarúrskurður, nema þegar yfirdómurinn treystist til að kveða upp, að hann sje bersýnilega rangur að lögum, og það verður náttúrlega að gjörast í niðurlagi (conclusion) dómsins, og í því tilfelli kemur þó ekki nýr dómur, heldur verður að fitja upp á nýjan leik, svo lögin geti rutt sjer til rúms með nýjum gjörðardómi, uppkveðnum af sömu mönnum sem áður. Þessi aðgreining (ulovskikket Dom) er kunnug í dönskum lögum, og allir júristar þekkja hana, en verið getur, að alþýðumenn sjái hana ekki glöggt fyrst í stað, en það eru þá þeir óskynsam-

ari, sem eigi verða kvaddir í gjörðardóm, þeir hafa eigi við dómsvald að gjöra.

Jeg skal svo ekki fjölyrða um þetta mál meira að sinni, en að endingu geta þess, að breytingaratkvæði mundu ekki til annars, en eyða málinu algjörlega á þessu þingi.

Guðmundur Einarsson: Jeg ætla einungis að lýsa yfir því, að jeg tek aptur frumvarp mitt, sem jeg kom með hjer fram á þing, og sem liggur eiginlega til grundvallar fyrir nefndarfrumvarpinu.

Jón Jónsson: Þetta er mikilsvarðandi málefni, og hefur það áður verið rætt á 2 þingum. Fyrst þegar jeg fór að fást við þetta mál, stóð jeg að nokkru leyti á sama stigi og hinn háttvirti þingmaður Árnesinga 1879, þegar hann sagðist verða að gefa skilninginn fanginn undir trúarinnar hlýðni og skarpleika og lagavizku hins háttvirta 1. þingmanns Árnesinga þá, sem nú er 2. þingmaður Norður-Múlasýslu, og því fylgdi jeg fram í efri deildinni landamerkjafrumvarpi því, sem í hitt eð fyrra kom frá neðri deildinni, og sem hinn háttvirti þingmaður Norður-Múlasýslu átti mestan þátt í. En mjer er svo háttað, að jeg á bágt með að standa í stað; þó jeg hafi komizt að einhverri niðurstöðu í einhverju máli, langar mig til að reyna og prófa þetta álit mitt, að komast að raun um, hvort ekki þurfi að laga það í ýmsu. Eptir að jeg þannig hafði rannsakað þetta mál nákvæmara, komst jeg að þeirri niðurstöðu, að breytingar þær, er hinn háttvirti þingmaður Norður-Múlasýslu gjörði á 1. frumvarpinu í þessu máli, voru að miklu leyti óheppilegar, og samdi jeg því frumvarp það, sem skírskotað er til í áliti minni hlutans, og skal jeg ekki tala mörg orð um það að þessu sinni.

Hinn háttvirti framsögumaður, 2. þingmaður Norður-Múlasýslu, tók fram, að gjörðardómar væru gamlir, og vitnaði í «Grágás». Jeg vil efast um, að orðið «gjörðardómur» komi þar fyrir. Þar á móti er talað um marga aðra dóma; en það er mikill misskilningur, ef þingmaðurinn heldur, að málspartar nefndu dómara samkvæmt fornum lögum vorum. Þeir voru kvaddir af goðunum. Til þessa goðavalds svarar nú hjeraðsvald eða sveitarvald, og því vona jeg, að tillaga mín um, að sýslunefnd eða hreppsnefnd kveðji gjörðardómendur, sje samkvæmari fornum lögum vorum, en tillaga meiri hluta nefndarinnar. Í því landi, sem við haldizt hefur hin forna dómaskipun, á Englandi, er það einnig drottningin eða höfuðsmaður hennar, sheriffinn, sem kveður menn í kviðdóminn, en málspartarnir geta rutt úr dóminum, og er það eðlilegt, að óvilhallir menn kveðji dóma; en málspartar hafa enga ástæðu til að kvarta, þegar þeir geta rutt úr dóminum.

Eptir skilningi mínum á orðum hins háttvirta framsögumanns ætlar hann, að gjörðardómurinn verði fullnaðarúrskurður í öllum þeim atriðum málsins, sem ekki er vafi um. En má jeg spyrja: Er nokkurt atriði til í máli, sem þræta ris af, sem ekki er vafi um? Nei, þar af leiðir þá aptur, að gjörðardómur, ef hann verður, eins og meir hlutinn hefur stungið upp á, verður ekki fullnaðar-úrskurður um neitt atriði í málinu. Enginn maður er svo vitlaus, að fara í mál við náungann, ef hann hefur bersýnilega rangt fyrir sjer. Jeg verð að segja það, að í þau 15 ár, sem jeg hef fengizt við lög, hef jeg aldrei rekið mig á hugmyndina bersýnilega rangt, þannig að ekki mætti við hafa hana um öll mál, sem einhver agnúi væri á. Jeg veit vel, að fyrir kemur, að menn eru sektaðir fyrir þrætugirni, og dómarar eru sektaðir fyrir bersýnilega rangan dóm, en þó þetta hvorttveggja sje mjög sjaldgæft, þá er ekki víst, að annar dómur verði talinn bersýnilega rangur, en hann, sem slík sekt kemur fyrir í. Ætíð þegar tveir deila, vill hver halda fram sínu, og segir: Jeg hef rjett, hinn

hefur rangt, bersýnilega rangt, og eptir tillögum meiri hlutans sje jeg því ekki, að gjört verði út til fullnaðar með gjörðardómi um neina landaþrætu. Loksins kemur ákvörðun meiri hlutans um áfrýjun gjörðardóms í bága við rjettarfarsreglur þær, er gilda í lögum vorum. Ein aðalreglan í þeim er: »Qvod non est in actis, non est in mundo«. Dómstólarnir mega ekki taka tillit til annars, en það sem liggur fyrir þeim skrifað, og þar að auki mega æðri dómstólar ekki dæma eptir öðru en því, sem legið hefur fyrir lægri dómstólum. En allt rjettarfar fyrir gjörðardómum hlýtur að vera munnlegt, og dómur hans verður að byggjast að miklu leyti á eigin sjón og reynd gjörðardómara. Það er því alveg ómögulegt, að áfrýja úrskurðum gjörðardóma til yfirdóms; hann getur ekki rannsakað, hvort gjörðardómurinn hafi framkvæmt samvizkusamlega merkigöngu sína, lýst landamerkjum satt og rjett; jafnvel þó gjörðardómurinn hefði verið áttavilltur og kallað það norður, sem væri suður, þætti mjer gaman að vita, hvernig yfirdómurinn, sem situr í Reykjavík, og ekki getur farið norður á Hornstrandir eða austur á Austfirði til að skoða þar landamerki, ætti að bæta úr slíkum bersýnilega röngum dómum.

Framsögumaður: Jeg skal að þessu sinni ekki vera langorður að svara hinum háttvirta 2. þingmanni Skagfirðinga, en óskandi væri, að hann kynnti sjer betur það mál, sem hjer ræðir um, áður en hann staðhæfir það, að goðarnir hafi nefnt menn í gjörðardóma; slík orð eru töluð út í hött, þvert á móti landsins sögu, þvert á móti fyrirmælum hinna fornu landslaga. Jeg skal benda honum á eitt dæmi: Árni biskup og Rafn Oddsson völdu sannarlega sjálfir gjörðarmenn, er þeir áttu deilu saman; að jeg ekki nefni ótal dæmi úr Njálu og öðrum fornsögum. Þetta atriði stendur þannig á föstum rjettarsögulegum grundvelli, en hans ákvarðanir standa á þeim eina grundvelli, sem hann grundvallarlaust og ófyrirsýnju hreytir út úr sjer hjer í salnum. Ummæli hans um afrýjun frá gjörðardómi til landsyfirrjettar eru byggð á helberum misskilning og ranghermi á augljósustu orðum í frumvarpinu. Það er sem sje skarpt tekið fram, að gjörðardóminum verði því að eins áfrýjað til yfirdómsins, að hann sje bersýnilega rangur að lögum, og skilji þingmaðurinn, sem á að heita lagamaður, ekki þessi orð, þá skilur hann minna en ekki neitt í þessu máli. Það er jafn-fráleitt, að búast við, að gjörðarmenn sjeu áttavilltir á landi og í lögum; með hvorutveggja gjöra þeir jafn-bersýnilega rangt. Eptir þeirri þekkingu, sem jeg hef á yfirdómnum, og eptir þeirri þekkingu, sem hann má hafa á yfirdómnum, getur hann varla efazt um, að yfirdómnum sje ekki ofvaxið að dæma um, hvort dómur gjörðarmanna sje bersýnilega rangur. Jeg veit þingmaðurinn þekkir eitthvað til tilskipunarinnar um *temere litigantes*; þar er þetta einkenni á dómum tekið fram; en ekki mun honum veita af að lesa hana upp aptur, því að hún hefur inni að halda ýmsar ákvarðanir, sem er nauðsynlegt að þekkja vel og skilja. Nú er og oddamaðurinn sýslumaður, og hvernig getur honum þá verið vorkunn að fella fullnaðarúrskurð um málið svo, að hann sje ekki *bersýnilega* rangur að *lögum*, eða þá hinum gjörðarmönnunum, að skynja ástæður og atkvæði oddamannsins, þegar búið er að ryðja dóminn til hlítar, svo að í honum sitja að eins valinkunnir óhlutdrægir menn. Nei! Það er auðsjeð, að þingmaðurinn hefur svo lúalega hugmynd um alþýðu manna hjer á landi, að hann treystir henni ekki til að geta greint rjett frá röngu, ekki austur frá vestri eða norður frá suðri.

En þegar þingmaðurinn kemur með sitt frumvarp, þá koma fullnaðarúrslitin greinileg! Íhugi menn bara merginn í

greinum hans um gildi gjörðardómsins! *Þegar* búið er að kveða upp gjörðardóm hans með öllu því vastri og umsvifum, sem frumvarp *hans* ráðgjörir og útheimtir, *þegar* búið er að þinglýsa þessum dómi, og *þegar* jarðirnar, sem gjörðardómurinn kveður á um landamerkin á milli, eru ef til vill búnar að ganga kaupum og sölum í 2 ár, þegar þetta allt, segi jeg, er um garð gengið, já, hvað skeður svo? Þá geta málsaðilar hvor um sig byrjað á reglulegu landaþrætumáli, eins og ekkert hefði í skorizt, krafizt svo eða svo mikils hluta jarða þeirra, sem gengið hafa kaupum og sölum með þeim landamerkjum, sem gjörðardómurinn ákvað, og þinglesin eru fyrir 2 árum síðan, og tilheyrir nú allt öðrum eiganda en áður! Og þetta seinna málastagl á svo að geta gengið í 6 ár. Hefur nú nokkur maður heyrt eður sjeð annað eins lagafrumvarp og þetta? Jeg get ekki og treystist ekki til að finna nokkurn botn í þessu afar-djúpi fásinnunnar. Þingmaðurinn gjörir máske svo vel og benda þingmönnum á hann við 2. umræðu málsins.

Þorlákur Guðmundsson: 2. þingmaður Skagfirðinga las upp úr alþingistíðindunum orð mín frá í hitt eð fyrra; en á þeim orðum er ekkert að byggja, hvað málið nú áhrærir, því jeg var aldrei ósamþykkur mínum meðnefndarmönnum þá, enda var málinu stórlega breytt, eptir að jeg talaði þau orð. Eptir því, sem málið nú liggur fyrir, get jeg ekki hugsað, að nokkrum deildarmanna blandist hugur um, að ganga heldur að nefndaráliti meiri hlutans en frumvarpi 2. þingmanns Skagfirðinga.

Jón Jónsson: Hinn heiðraði 2. þingmaður Norður-Múlasýslu blandar tvennu saman; hann blandar saman gjörð og dómi, eins og hann einnig gjörir í orðinu gjörðardómur. Tilfelli það, sem þingmaðurinn átti við, var *gjörð* en ekki dómur. En í frumvarpinu er meintur *dómur*; og alstaðar þar sem talað er um *dóma* í fornöld, völdu goðarnir í þá. Þingmaðurinn ætlaði, að það væri mjög auðvelt í hverju tilfelli að skera úr, hvort mál væri bersýnilega rangt dæmt. En allir, sem nokkuð hafa fengizt við dóma, vita, að þetta getur einmitt verið hið mesta vandhæfi. Í hitt eð fyrra greiddi jeg atkvæði með þessu máli, en síðan hef jeg hugsað málið svo ýtarlega, að nú sje jeg, að það var þá alveg óaðgengilegt, og er það enn, eins og það kemur hjá meiri hluta nefndarinnar. Þingmaðurinn talaði um, að eptir mínu frumvarpi væri mikil óvissa um landamerkin, en meiri hluti nefndarinnar skapar langt um meiri óvissu. Samkvæmt mínu frumvarpi getur þó verið von um, að eptir 6 ár verði alls enginn efi um nokkur landamerki á öllu Íslandi, en eptir meiri hluta nefndarinnar getur þessi óvissa gengið 10 ár, hún getur gengið 20 ár. Það getur farið óútreiknanlegur tími til áfrýjunar málsins og úrslita þess eptir frumvarpi meiri hlutans (*Benidikt Sveinsson*: Ekki þó 6 ár!). Jú, jafnvel í 6 ár, eins og mörg af íslenzkum málum hafa verið á leiðinni. Jeg skal ekki vera fastur á, að áfrýja dómum gjörðarmanna til yfirvaldanna; en jeg vildi með þeirri ákvörðun þýðast skoðun meiri hluta nefndarinnar. Jeg leyfi mjer að stinga upp á, að mitt frumvarp verði látið ganga til 2. umræðu.

Framsögumaður: 2. þingmaður Skagfirðinga hefur sjálfur tekið upp í *sitt eigið* frumvarp einmitt þau *sömu orð óbreytt*, sem hann þóttist ekki geta skilið í frumvarpi meiri hluta nefndarinnar. Jeg tek þetta að eins fram, sem eitt dæmi þess, á hve miklum rökum ræður hins heiðraða 2. þingmanns Skagfirðinga eru byggðar! Því hvernig getur hann skilið sömu orðin í sínu frumvarpi, sem hann ekki skilur í annara frumvarpi, eða hvernig er það unnt, ef hann skilur þessi hin sömu orð í sínu frumvarpi,

að hann þá ekki skilji þau í frumvarpi meiri hlutans.

Eptir nokkrar umræður um, hversu fara skyldi með þessi 2 frumvörp, sem fram voru komin, var frumvarpi meiri hluta nefndarinnar vísað til 2. umræðu.

ÖNNUR UMRÆÐA Í NEÐRI DEILD,
á 38. fundi, 8. dag ágústmán.

Breytingartillögur
við frumvarp til landamerkjalaga, eins og því var vísað til annarar umræðu.

Í stað 1.—8. gr. komi 1.—6. gr. frumvarps minni hluta nefndarinnar, sem tekið var aptur við 1. umræðu.

9. gr. verði 7. gr., og í niðurlagi hennar breytist 8 mánuðir í 6 mánuði.

10. gr. verði 8. gr., og fellur niður niðurlag hennar: «Síðan skal heyja o. s. frv.»

11. gr. verði 9. gr. Niðurlag greinarinnar verði svo hljóðandi: «Sje gjörðarmaður sá, er eigi mætir, skal fresta o. s. frv.», (sjá frumvarp minni hluta nefndarinnar).

Í stað 12.—15. gr. komi 10.—16. gr. í frumvarpi minni hlutans.

Jón Jónsson.

Framsögumaður (*Benidikt Sveinsson*): Jeg finn ekki ástæðu til að tala í þessu máli, fyr en jeg heyri mótbárur þingmanna um það. Breytingar nefndarinnar eru svo ljósar, að þær þurfa ekki skýringar við. Jeg ætla því sem sagt, ekki að tala meira, fyr en jeg heyri einhverjar mótbárur koma fram.

Jón Jónsson: Jeg leyfði mjer við 1. umræðu, að koma fram með frumvarp í þessu máli, en tók það eptir áskorun forseta þá aptur, til þess að leggja það aptur fyrir hina háttvirtu deild við 2. umræðu málsins, sem breytingartillögur við nefndarfrumvarpið. Hinn háttvirti framsögumaður fór um frumvarp mitt við 1. umræðu nokkrum orðum, sem mjer þá ekki var leyft að svara. Það voru einkum 2 höfuðatriði, sem hann fann að því. Hann sagði, að það kæmi í bága við hin fornu lög vor, en þetta hlýtur að vera sprottið af misskilningi. Hinn háttvirti framsögumaður blandar saman *gjörð* og *gjörðardóm*. Í Grágás er að vísu getið um «gjörð», en hvergi er «gjörðardómur» nefndur þar á nafn. Gjörð styðst æfinlega við frjálsa sátt milli málsparta, og það er eins ómögulegt að þvinga menn til að leggja mál sitt í gjörð, eins og það er, að þvinga þá til að sættast. En eptir frumvarpi hins háttvirta meiri hluta eru menn neyddir til að leggja mál sitt í gjörðardóm. «Gjörðardómur» er því ekki gjörð en «dómur» og hinn háttvirti þingmaður mun hvergi í Grágás nje neinstaðar annarstaðar í lögum síðari þjóða finna dæmi til, að málspartar hafi verið látnir alveg sjálfráðir um, hverjir ættu að dæma mál sín. Dómarar eiga fyrst og fremst að vera óvilhallir, og verða því að vera málspörtum alveg óháðir. Önnur mótbára, sem hinn háttvirti framsögumaður kom fram með móti frumvarpi mínu, var sú, að eptir því væri of langur vegur og örðugur að útkljá landaþrætumál. En jeg get ekki betur sjeð, en að nefndin hafi verið enn þá óheppnari en jeg í þessu tilliti. Framsögumanni taldist til, að 8 ár gætu liðið samkvæmt mínu frumvarpi fyr en öll landaþrætumál á landinu væru útkljáð, en samkvæmt frumvarpi nefndarinnar geta liðið 8 sinnum 80 ár, því nefndin hefur látið það vera alveg komið undir frjálsum vilja hlutaðeiganda, hvort þeir «vilji þrætu ljúka». Afleiðingin af frumvarpi meiri hluta nefndarinnar mun því að eins verða sú, að yfirlýsingar um landamerki munu fjölga. Vjer munum fá lögfestur fyrir öllum jörðum; en það mun ganga um þessar lögfestur, eins og gengið hefur um hinar eldri lögfestur. Þeim mun ekki koma saman og landaþrætumálin munu fjölga, rjettaróvissan verða enn meiri, en hún var áður.

Framsögumaður: Jeg á satt að segja bágt með að svara hinum háttvirta 2. þingmanni Skagfirðinga, og kemur það líklega til af því, að jeg er svo skilningssljóvur og

svo minnisdaufur; ræða hans var svo ósamanhangandi og barðist svo við sjálfa sig, að jeg fann engan botn í henni. Hann fann það að frumvarpi meiri hlutans, að einhver kúgunarskylda væri í 1. gr. lögð á menn, að gæta landamerkja sinna. En mig furðar á því, að þessi mótbára skyldi ekki hafa komið fyr en nú fram móti frumvarpinu; mig furðar og á því, að hinn háttvirti þingmaður Skagfirðinga skyldi koma fram með þessa mótbáru, því að hún á eins við móti hinu sáluga frumvarpi hans; en mest furðar mig á því, að hann er að berjast fyrir sínu frumvarpi, sem ekki er lengur til. Jeg vona, að það sje öllum ljóst, að ef lögin geta eigi skyldað ábúendur til, að halda við landamerkjum sínum og gefa skýrslur um þau, þá geti hreppsnefndir eigi heldur heimtað slíkar skýrslur um landamerki; því að hvaðan ættu hreppsnefndir að safna þeim skýrslum? Ætli hreppsnefndirnar hafi sjálfar þess konar skýrslur? Enn fremur fór hinn háttvirti þingmaður ýmislegum orðum um gjörð og gjörðardóm. Jeg játa það, að gjörð er annað en gjörðardómur, því að gjörðardómur er sambland af hreinni gjörð og hreinum dómi, og er byggður á sanngirnisálitum í sambandi við lög og rjett. Jeg vona, að hinn háttvirti þingmaður sjái það, að það er ómögulegt að hugsa sjer, að sýslunefndin geti valið fyrir fram fasta menn í gjörðardóm fyrir ókomin prætumál, menn, sem ekki geti orðið viðriðnir við ókomin landaprætumál. Það er eins með þetta og áfrýjunina og fleira í frumvarpi hans sáluga; það er allt saman á eina bókina lært, og ekki til neins að deila við hann um það. En jeg sje ekki heldur mögulegt að vekja frumvarp hans upp aptur, því að það hefur verið tekið aptur, og sízt með svona breytingartillögum, sem hjer liggja fyrir, því að mjer fyrir mitt leyti er allsherdis ómögulegt að muna allt, sem stóð í frumvarpi hans. Jeg hef það ekki; því að satt að segja, þegar það var tekið aptur um daginn, höglaði jeg því saman, stakk því í vasa minn, fór heim með það og brenndi það, og hinn háttvirti þingmaður má sannarlega þakka fyrir, að jeg gjörði ekki annað verra við frumvarpið; svo ómerkilegt var það. Að fara út í frumvarpið í heild sinni á ekki nú við, við aðra umræðu, heldur við 1. umræða, en út í hinar einstöku greinar get jeg sem sagt ekki farið, því að jeg man ekki, hvað í þeim stóð. Jeg segi þetta án þess að vilja hnekkja breytingartillögum hins háttvirta þingmanns, því þess þarf eigi með, en einungis til þess að gjöra hinum háttvirta þingmanni ljóst, hvers vegna jeg get ekki sinnt þeim.

Jón Jónsson: Jeg vil leyfa mjer að benda á, að jeg tók fram, er jeg tók frumvarp þetta aptur samkvæmt tilmælum forseta við 1. umræðu, að jeg ætlaði að koma með það aptur sem breytingaratkvæði við 2. umræðu. Að hinn heiðraði 2. þingmaður Norður-Múlasýslu hefur brennt frumvarpið, get jeg eigi gjört við. Jeg vona, að það sjeu fáir þingmenn, sem fara svo með frumvörp sín. Ræða þingmannsins bar þess yfir höfuð vott, að hann hefði ekki nennt, að kynna sjer frumvarp mitt, og þá er ekki von, að hann geti talað um það, og jeg svarað honum. Frumvarp mitt tekur beinlínis fram, að jarðeigendur skuli skyldir, að gefa hreppsnefndum skýrslur um landamerki; hún leggur þær fram á almennum fundi, þar sem allir hlutaðeigendur mæta, og þar munu landamerki flestra jarða í hreppnum verða ákveðin svo með samkomulagi, að enginn ágreiningur geti eptirleiðis um þau orðið. Meirí hluti nefndarinnar hefur varla ætlað sýslumanni, sem samkvæmt frumvarpi hans á að gjöra allt, slíkt starf, enda er hann varla fær um, að útkljá allar þær smádeilur og ósamþykki, sem rísa kann út af landamerkjum; en þetta getur hreppsnefndin, sem er langtum kunnugri í sveitinni en sýslumaður, og á þann hátt verður komizt hjá því, að hver smáágreiningur, hvert nábúakrit komist í gjörðardóma. Jeg vil enn fremur geta þess, að hinn heiðraði þingmaður Norður-Múlasýslu hefur enn eigi svarað spurningu minni um það, *hvernig* hann ætli sjer að komast hjá þeim vand-

kvæðum, sem samkvæmt hinum gildandi rjettarfarslögum eru á því, að áfrýja til landsyfirrjettarins dómi, byggðum á munnlegum málaflutningi, og á því, sem dómendur sjálfir taka eptir á merkjagöngum sínum.

Framsögumaður: Jeg ætla mjer ekki að svara hinni síðustu athugasemd hins háttvirta 2. þingmanns Skagfirðinga með öðru en því, að reglur fyrir áfrýjun eru teknar fram í 12. gr. frumvarpsins, og með því að um þetta atriði var nægilega rætt um daginn, og er almennt atriði málsins, þá svara jeg því eigi fleira, en vísa til þess, er jeg áður hef sagt.

Forseti: Með því að eigi taka fleiri til máls, þá er umræðu þessari lokið. Það hefur orðið ágreiningur um formhlið málsins, og skal jeg í tilefni af því geta þess, að það er rjett, sem sagt hefur verið, að hinn heiðraði 2. þingmaður Skagfirðinga tók frumvarp sitt aptur um daginn við 1. umræðu með þeim fyrirvara, að hann kæmi með það sem breytingaratkvæði við 2. umræðu, og það hefur hann nú gjört, þó það ef til vill sje ekki í sem rjettasta eða heppilegasta formi. En það er óheppilegt, ef fleiri en hinn heiðraði framsögumaður hafa brennt frumvarp hins heiðraða 2. þingmanns Skagfirðinga, því að það er eigi gott að greiða atkvæði um þetta mál, ef menn hafa eigi frumvarpið fyrir sjer. Jeg get eigi gjört annað nje meira, en bera upp frumvarpsgreinir 2. þingmanns Skagfirðinga sem breytingartillögur við frumvarp meiri hlutans, og skal því leyfa mjer að lesa upp 1.—6. gr., sem eiga að koma í stað 8 fyrstu greina nefndarfrumvarpsins. En það er á valdi hinnar heiðruðu þingdeildar, hvað hún gjörir við þær.

Var síðan gengið til atkvæða, og var 1. breytingartillagan, 1.—6. grein í frumvarpi Jóns Jónssonar, felld með 15 atkvæðum gegn 2; voru öll breytingaratkvæðin þar með álitin fallin.

Síðan var samþykkt með 19 atkvæðum, að frumvarpið gengi óbreytt til 3. umræðu.

ÞRIÐJA UMRÆÐA Í NEÐRI DEILD,

á 44. fundi, 12. dag ágústmán.

Frumvarpið, eins og það var samþykkt við 2. umræðu, sjá I, 282—285

Framsögumaður (*Benidikt Sveinsson*): Jeg finn ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta mál, þar sem engin breytingaratkvæði hafa komið fram við frumvarpið, og þó einhverju mætti kannske breyta í því, svo betur færi, þá ætla jeg, að frumvarpið sje þó svo vel úr garði gjört yfir höfuð, að það yrði mikil og góð rjettarbót að því, ef það yrði að lögum, en fyrir þessu virðist eigi þörf að gjöra ljósari grein en orðið er.

Jón Jónsson: Á undirbúningsfundum undir alþingi í vor í Skagafirði var það almennt álit bænda, að þetta væri eitthvert bið mesta nauðsynjamál landsins, og hið sama álit virðist að hafa komið fram á flestöllum öðrum undirbúningsfundum þeim, er haldnir hafa verið. Jeg furðaði mig því mikið á því, að jeg skyldi við 2. umræðu þessa máls vera sá eini, sem hef látið í ljósi álit mitt um meðferð meiri hluta nefndariunar á þessu máli; en jeg þykist hafa gjört, hvað jeg gat, til að ráða bót á þeim göllum, sem eru á frumvarpi því, er uú liggur fyrir þinginu. Jeg vona, að enginn sanngjarn maður segi, að það sje mjer að kenna, að málið enn í öllum verulegum atriðum er á sama stigi, og það var á þinginu 1879, þegar hinn háttvirti þingmaður Árnesinga játaði, að hann hefði gefið skilninginn fanginn undir trúarinnar hlýðni og skarpleika og lagavizku hins háttvirta þingmanns Norður-Múlasýslu. Umræður þær, sem síðan áttu sjer stað um málið í efri deildinni, greinir þær, er staðið hafa í blöðum landsins um landamerkjamálið, þar á meðal ágæt grein frá þingmanni Suður-Þingeyjarsýslu, allt hefur hingað til verið árangurslaust. Eins og frumvarpið nú er úr garði gjört, verður það að eins til að gjöra ástand það, sem nú er, enn verra en það er, og að auka málaþras. Í 4. gr. eru menn skyldaðir til að fá nábúa sína til að rita samþykki sitt

á landamerkjalýsing sína; en setjum nú, að þeir vilji það ekki, þá er ekki ljóst af frumvarpinu, hvað eigi að gjöra, en næst er að halda, að sá, sem samið hefur landamerkjalýsinguna, eigi að lögsækja hinn til að samþykkja bana; og landaþrætumálin munu því fjölga meira, en nokkur getur gjört sjer hugmynd um. Nú skyldu menn ætla, að nefndin hefði gjört eitthvað til að greiða fyrir málssóknum þeim, sem verða afleiðing af ákvörðunum hennar, en það er öðru nær. Nefndin hefur búið til sýslumannsdóm, sem hún kallar gjörðardóm, og hann er miklu kostnaðarmeiri en sá, sem nú er. Samkvæmt hinum núverandi reglum þurfa málspartar ekki að kosta ferð sýslumanns og meðdómsmanna til að skoða landamerkin. Meðdómsmennirnir taka að eins þátt í að dæma málið, en þurfa ekki að vera viðstaddir við vitnaleiðslur eða aðra meðferð málsins; en frumvarpið skipar, að dómendur sjálfir skuli ganga á landamerkin, og sitja yfir allri meðferð málsins, hve margir sem fundirnir verði, allt sjálfsagt upp á kostnað málspartanna, sem eiga að borga 5 dómendum, hverjum um sig 3 kr., alls 15 kr. í dagpeninga auk ferðakostnaðar og ritlauna. Áfrýjunarákvörðunin í frumvarpiau kemur, eins og jeg áður hef tekið fram, í bága við rjettarfarslög vor, og er það, á meðan málaflutningur fyrir yfirdómi er skriflegur, alveg ómögulegt að áfrýja þangað dómum, sem til hafa orðið á þann hátt, er segir í frumvarpinu. Margir aðrir gallar eru á frumvarpinu, til dæmis ákvörðunin um grannadóminn í 2. gr., um fullnaðarúrskurð sýslumanns á sektum í 5. gr., um að sýslumaður ákveði varnarþing o. s. frv., og vil jeg leyfa mjer alvarlega að skora á nefndina og deildina, að afgreiða ekki málið í því formi, sem það nú er, því í þeirri mynd verður það að falla annaðhvort í efri deildinni eða hjá stjórninni, og munu kjósendur varla þakka þinginu fyrir, ef starf þingsins að landamerkjalögum skyldi enn einu sinni verða árangurslaust.

Framsögumaður: Jeg skal ekki fjölyrða um þessa ræðu hins heiðraða þingmanns, heldur að eins geta þess, að ákúrur þær, sem hann veitti nefndinni, eru ekki einasta rangar, heldur allsendis átyllulausar. Aðferð hins háttvirta þingmanns er sannarlega eptirtektaverð. Hann kom fram með sjálfstætt, óskiljanlegt og óhafandi frumvarp, er hann tók aptur við 1. umræðu málsins, og má hann því þakka fyrir, að jeg brenndi það, en gjörði ekki annað verra við það, eins og jeg hef sagt. Þetta frumvarp kom hann ekki með aptur, heldur kemur hann með svolítið blað, er hann kallar breytingartillögur, svo hræðilega vanskapað og vesallegt, eins og afgamall og tannlaus kerlingargarmur. Hvorki mjer eða nefndinni kom til hugar, að beita hörku eða ólögum við frumvarp þingmannsins. Hann veit, að þetta er 3. umræða málsins, og hann er svo mikill lagamaður, að hann mun hafa vit á og vera fær um, að balda sjer innan þeirra takmarka, sem nauðsynleg eru, ef á að ræða málið með heilbrigðri skynsemi, og innan þeirra takmarka, sem þingsköpin með beinum bókstaf einskorða. Við 3. umræðu liggur ekki annað fyrir, en þau breytingaratkvæði, sem fram eru komin, og frumvarpið í heild sinni. Þá á því ekki að ganga inn á einstakar greinir, eins og við 2. umræðu. Jeg álít mig þess vegna ekki hafa einu sinni heimild til að svara þessum útúrdúrum hins háttvirta 2. þingmanns Skagfirðinga. Enn þá lengra gekk hann þó frá rjettu máli og rjettum reglum, er hann var að reyna að feðra þetta brennda frumvarp. Hann vitnaði í grein úr Norðlingi. Jeg las og þá grein. Það var margt gott í henni, en hún er sannarlega hvorki faðir nje móðir þessa brennda frumvarps. Frumvarpið er ekki byggt á neinum líkum grundvelli og sver sig því sannarlega ekki í ætt við grein þessa. Nei! Heilaspuni þingmannsins sjálfs er einn faðir frumvarps hans, og þann víðförula reikula karl ætla jeg ekki að fara að elta. Jeg ímynda mjer, að málið sje svo undir búið og grundvöllur þess svo

góður, að deildin geti vel verið þekkt fyrir að senda það hinni heiðruðu efri deild. Þingmaðurinn kom með það, að *stjórnin* mundi ekki samþykkja þetta frumvarp. Hvað meinar hann með því? Er það ráðgjafinn eða konungur, sem hann meinar? Þingmaðurinn veit, að konungur *staðfestir* lögin, þingið *samþykkir* þau. Löggjafarþingið verður að vita, hvað það meinar með stjórn. Jeg vona að öðru leyti, að frumvarp þingmannsins mundi síður hafa náð staðfestingu konungs, þó þingmanninum hefði tekizt að frelsa það frá brennunni.

Jeg skal svo ekki fjölyrða meira um málið, en fela það hinni heiðruðu deild til úrslita. Þó skal jeg að endingu geta þess, að jeg hef tekið eptir ýmsum prentvillum, en jeg vona þær verði ekki frumvarpinu til falls og að þær verði lagaðar í efri deildinni.

Þorlákur Guðmundsson: Mjer varð hið sama á og framsögumanni, að eyðileggja þetta góða frumvarp 2. þingmanns Skagfirðinga, en hvort jeg brenndi það eða gjörði annað lakara við það, er ekki þörf að skýra frá. En jeg veit ekki dæmi til þess fyrri, að komið sje með frumvarp, sem fellt hefur verið eða tekið aptur, í eintómum breytingaratkvæðum til næstu umræðu. Jeg verð einnig að álíta, að það sje andstætt þingsköpunum. Þingmaðurinn beindist að mjer í ræðu sinni, sem jeg reyndar hafði lítið gagn af, og eins um daginn, en hann mun ekki geta dregið það út úr orðum mínum á síðasta þingi, sem hann vill með tilliti til þessa máls, því jeg var alls ekki að færa neitt að framsögumanni fyrir lagaþekkingu hans, heldur öllu fremur að lofa hana, enda gekk þá málið í nefndina aptur, og mönnum var bætt í nefndina, og frumvapið þá aptur ýtarlega íhugað og mikið bætt. Jeg finn það skyldu mína, að fylgja frumvarpinu, er það hefur tekið miklum bótum og breytingum, og þykir mjer engin læging í, að víkja frá því frumvarpi, er jeg fyrst flutti á þingi 1877, því meiningin er sú sama, einungis að takmarkinu verði náð. Það, sem hann sagði, að einstakir menn hefðu sagt sjer utanþings í dag, fannst mjer ekki eiga við eða geta haft nein áhrif á málið. Hann sagði, að þingmenn yrðu að forsvara það fyrir kjósendum sínum, að þeir færu svona með málið, og að það mundi ekki verða samþykkt í efri deildinni eða geta náð samþykki stjórnarinnar. En það væri þó lúalegt, að fara til hvers þingmanns í efri deildinni og spyrja hann, hvort hann mundi greiða atkvæði með þessu máli, og því síður er hægt að leita atkvæðis konungs um það, hvort hann muni staðfesta lögin frá alþingi eða ekki, enda er sú stefna, er þingmaðurinn fór fram í sínu glataða frumvarpi, ærið vafningasöm, og ekki meiri trygging fyrir framkvæmdunum eða happasælum afdrifum málsins.

Jón Jónsson: Hinir tveir háttvirtu þingmenn, er talað hafa, hafa svarað, eins og jeg átti von á. Þeir hafa varað sig á að fara inn í aðalefni frumvarpsins. Allar mínar mótbárur gegn frumvarpinu standa óhraktar og óhaggaðar. Það er misskilningur hjá hinum heiðraða þingmanni Árnesinga, að jeg hafi viljað láta þingmanninn bera sig saman við efri deildina eða stjórnina. Jeg sagði, að þau vandkvæði væru á frumvarpinu, sem þingmaðurinn mundi ekki eiga hægt að verja fyrir kjósendum sínum, af þeim, er samþykkja það, og sem gætu staðið í vegi fyrir því, að það fengi samþykki efri deildarinnar og stjórnarinnar, sem eiga að fjalla um málið eptir þessa deild. Skopyrðum framsögumanns um frumvarp mitt og breytingaruppástungur ætla jeg ekki að svara. Þau sýna, á hve veikum málstað hann stendur. Jeg verð þó að taka það fram, að forseti úrskurðar form á breytingarákvæðum. Hann benti mjer sjálfur á, að semja þær á þann hátt, sem jeg gjörði, og hann tók þær til greina, eptir að jeg hafði samið þær. Deildin hefur því ein ábyrgð á þessu máli og því, hvernig frumvarpið liggur nú fyrir, og hvorki framsögumaður nje aðrir deildarmenn geta borið fyrir sig, að þeir hafi ekki átt annars úrkost.

Það er loksins misskilningur framsögumanns, að við 3. umræðu megi ekki tala um einstök atriði (*Benidikt Sveinsson*: Þingsköpin!). Þau skipa að eins þetta um 1. umræðu. Við 3. umræðu má og á að tala bæði um almenna galla mála og um þá sjerstöku galla, er verða að vera því til fyrirstöðu, að málið fái framgang.

Með því að ekki tóku fleiri til máls, sagði forseti umræðunni lokið og bar frumvarpið upp til atkvæða. Var það samþykkt með 15 atkvæðum gegn 2, og kvaðst forseti mundu senda það forseta efri deildar með tilmælum um að leggja það fyrir deildina.

FYRSTA UMRÆÐA Í EFRI DEILD,
á 37. fundi, 15. dag ágústmán.

Frumvarpið, eins og það var samþykkt við 3. umræðu í neðri deildinni, sjá I, 427—429.

Sighvatur Árnason: Þetta mál er eitt hið mesta áhugamál þjóðarinnar, og hafa margir óskað laga um þetta efni; að minnsta kosti er það almenn ósk manna í mínu kjördæmi, að alþingi gæfi út lög um þetta efni, er þeim gæti geðjazt að. En af því jeg álít, að þetta frumvarp neðri deildarinnar þurfi lagfæringar við, og það í nokkrum atriðum, þá ætla jeg að leyfa mjer að stinga upp á 3 manna nefnd, þó tíminn sje orðinn naumur, í von um, að það verði ekki til þess að skaða málið eða hindra það frá, að komast í gegn á þessu þingi.

Síðan bar forseti undir atkvæði, hvort málið skyldi ganga til 2. umræðu, og var það samþykkt í einu hljóði; sömuleiðis var samþykkt, að þriggja manna nefnd skyldi kjósa, og voru í hana kosnir:

Magnús Stephensen með 9 atkv.
Sighvatur Árnason — 9 —
Jón Pjetursson — 4 —

Í nefndinni var Jón Pjetursson kosinn formaður og Magnús Stephensen skrifari og framsögumaður.

ÖNNUR UMRÆÐA Í EFRI DEILD,
á 41. fundi, 20. dag ágústmán.

Nefndarálit, sjá I, 553—555.

Framsögumaður (Magnús Stephensen): Mál það, sem nú er til umræðu, er enginn nýr gestur hjer á þingi. Á hinum fyrstu ráðgefandi þingum komu fram bænarskrár frá ýmsum hjeruðum um, að samdar væru glöggar landamerkjalýsingar jarða á milli. Þetta mál kom fyrst fyrir á þinginu 1847, en þá var því frestað. Árið 1849 var stjórninni heðin að leggja frumvarp um þetta málefni fyrir þingið, en því var ekki sinnt af stjórninni í það sinn. Svo lá þetta mál í þagnargildi þangað til 1877; þá kom það aptur inn á þingið sem frumvarp til laga um landamerki og gjörðir í landaþrætumálum; í það sinn var kosin nefnd í málinu, og samdi hún nýtt frumvarp, og þar við stóð; 1879 kom málið aptur inn á þingið, og var þá útrætt í neðri deild, og komst upp í efri deild, en þar fjell það, ekki af því, að menn ekki vildu sinna málinu, heldur af því, að menn vildu ekki samþykkja frumvarp neðri deildarinnar óbreytt, en til að breyta því var enginn tími, því þingtíminn var því nær á enda. Nú er málið komið í 3. sinn inn á löggjafarþingið, og er vonandi, að það fái nú framgang. Eptir efninu skiptist frumvarpið í 2. kafla. 1. kafli nær yfir greinarnar 1.—6., og hljóðar um landamerkjasetning. 1. er hjer svo fyrirskipað, að hver landeigandi sje skyldur að við halda glöggum landamerkjum fyrir jörð sinni, 2. að þar sem engin glögg landamerki eru, skuli setja þessi merki, 3. að eigandi eða umráðamaður hverrar jarðar sje skyldur að semja merkjalýsing, sem hann skal sýna hverjum þeim, er land eða landsnytjar á til móts við hann, og ef þeir álíta hana gilda, skulu þeir hver um sig rita á hana samþykki sitt, en álíti þeir merkjalýsuna ekki gilda, þá kemur til þess annaðhvort að fara í mál út af landamerkjunum, eða koma sjer saman á annan hátt. Við þennan 1. kafla hefur nefndin ekki gjört neina verulega efnisbreytingu. Einasta við

2. gr. hefur nefndin gjört nokkra efnisbreyting, eins og hún er orðuð í frumvarpi neðri deildar. Í frumvarpinu stendur, að báðir þeir, er land eiga að merkjum, sjeu skyldir að leggja til jafnmikla vinnu, að gjöra merkin glögg, *og skal sá þeirra ráða, hve mikið unnið er, sem meira vill vinna.* En nú er svo ákveðið í greininni, að þar sem óglögg landamerki eru, þá skuli hlaða merkjagarð til varnar túni, engjum, eggveri eða öðrum þess konar landsnytjum. Hjer fannst nefndinni blandað saman merkjagarði og varnargarði, og ef nú svo stæði á, að annar málsviðeigandi ætti tún eða engjar að merkjunum, en hinn ónýtt land, eða beitarland, þá er óeðlilegt, að neyða hinn síðari til að girða, en eptir frumvarpinu á hann þó að vinna að helmingnum, þó hann hafi ekkert gagn af því; þess vegna hefur nefndin stungið upp á, að sleppt væri úr frumvarpinu bæði orðunum: «til varnar túni, engjum, egggveri eða öðrum þess konar landsnytjum», og orðunum: «og skal sá þeirra ráða, hve mikið unnið er, sem meira vill vinna».

Breyting nefndarinnar við 3. gr. er engin efnisbneyting, heldur einungis orðabreyting til glöggvunar. Sama er að segja um 4. gr. fyrri málsgrein. En þar sem ákveðið er í seinni málsgreininni, að ef landamerkjum er breytt frá því, sem verið hefur, með samningi eða *dómi*, þá er þessi ákvörðnn ekki vel ljós eða nógu yfirgripsmikil, en með því að setja í staðinn fyrir orðið: «dómi» orðin: «á annan hátt», þá verður ákvörðunin glöggari. Ef t. a. m. sami maðurinn er eigandi að tveimur jörðum, sem eiga lönd saman, þá getur ekki verið að tala um, að landamerkjunum verði þar breytt með dómi eða samningi, en þá er ekkert á móti því, þó hann breyti landamerkjunum eða færi þau til fyrir aðra jörðina, en þessi breyting getur aldrei heyrt undir orð frumvarpsins. Við 5. gr. er lítil efnisbreyting. Í greininni stendur: «Sýslumaður ákveður sektina með fullnaðarúrskurði sínum», en nefndinni fannst ekki ástæða til að láta sýslumann hafa fullnaðarúrskurð um það mál, heldur vildi hún leyfa hinum sakborna að áfrýja máli sínu til æðri rjettar, ef hann þættist hafður fyrir rangri sök eða verða hart úti. Í 6. gr. hefur nefndin leyft sjer að breyta einu orði, nefnil. orðinu: «gjörðardóma» í «dóma». Nefndin gat ekki fellt sig við orðið gjörðardómur, því í rauninni er «gjörð» og «dómur» sitt hvað. Það, sem hjer er um að ræða, er alls ekki «gjörð», heldur «dómur». Til þess að útkljá mál með gjörð, þarf í fyrsta lagi samning milli málspartanna um, að þeir vilji útkljá málið á þennan hátt, og í öðru lagi samning milli málspartanna annars vegar og gjörðarmanna hins vegar, um að gjörðarmennirnir vilji leggja úrskurð á málið, og þegar svo gjörðinni er lokið, þá er hún miklu líkari samningi en dómi, og henni verður ekki fullnægt með aðför að lögum. Eptir því fyrirkomulagi, sem hjer er stungið upp á, eru málspartarnir aptur á móti bundnir við, að málið sje útkljáð á þann hátt, sem frumvarpið segir, og eins eru þeir, sem skipa eiga dóminn, skyldir að ganga í hann, hvort sem þeim er það ljúft eða leitt; loks má framkvæma dóminn með aðför að lögum. Nefndin hefur þess vegna stungið upp á, að orðinn «gjörðardómar» í frumvarpinu verði alstaðar breytt í «merkjadómar» eða «dómar».

Síðari kaflinn er um fyrirkomulagið á dóminum og rjettarfarinu í þeim málum, sem rísa út af landamerkjasetningunni. Hjer hefur nefndin gjört aðalbreytingu við 7. gr. Eptir hinum nú gildandi reglum eru sjerstakir dómar í landamerkjamálum; þar dæmir sýslumaðurinn með tilkvöddum meðdómsmönnum; auk þess eru í landaþrætumálum venjulega hafðar áreiðar, og þá allt af tekinn afstöðu-uppdráttur eða «Situationskort» til leiðbeiningar fyrir æðri dómstóla, sem ekki geta verið kunnugir hverjum stað, ef málinu verður skotið til þeirra. Eptir frumvarpi neðri deildarinnar er það meiningin, að málspartarnir kjósi sjálfir sína dómendur, en sýslumaður sje oddamaður. Þetta þótti nefndinni óheppileg ákvörðun, enda

fannst nefndinni ekkert á móti því, að halda því sama fyrirkomulagi, sem nú er, að sýslumennirnir nefni menn í dóminn. Þetta fyrirkomulag er gamalt í okkar rjettarfari, en jeg þekki ekkert dæmi til þess, að menn hafi verið útnefndir í dóm af sjálfum málspörtunum í nokkru máli; en hins vegar vildi nefndin þó veita málspörtunum meira atkvæði í þessum málum, en annars tíðkast, og því hjelt hún þeirri ákvörðun frumvarps neðri deildarinnar, að hvor málspartanna skyldi ryðja tveimur úr dóminum. Eptir breytingu nefndarinnar skal sýslumaður því nefna helmingi fleiri menn í dóminn, en í honum eiga að sitja, en aptur skal hvor málsaðila nefna fjórða hluta þeirra úr dóminum; þegar því sýslumaður nefnir átta menn í dóm, þá hrindir hvor málsaðili tveimur úr dóminum, og verða þá eptir fjórir menn, sem ásamt sýslumanni skipa merkjadóminn. Þetta er sú mest áríðandi breyting, sem nefndin hefur gjört á þessum kafla. Í 8. gr. frumvarpsins stendur: «Sje varnaraðili sá, er eigi mætir, skal sýslumaður fyrir hans hönd nefna menn í og úr gjörðadómi»; þessu hefur nefndin breytt þannig, að í staðinn fyrir: «nefna menn í og úr gjörðadómi» komi: «nefna menn úr merkjadómi». Þessi breyting er eðlileg afleiðing af breytingu nefndarinnar á 7. gr. Eptir henni er sjálfsagt, að sýslumaður nefni menn í dóminn, og því þarf að eins þá ákvörðun í 8. gr., að sýslumaður nefni menn úr dómi fyrir hönd varnaraðila, sem ekki mætir. Við þessa sömu grein hefur nefndin gjört aðra efnisbreytingu, þar sem þannig er ákveðið: «Mæti hvorugur, fellur það mál niður, og *skal þá þegar hafið að nýju*». Sú ákvörðun, að málið skuli hafið að nýju, er ekki í samræmi við 7. gr. neðri deildarinnar, því það er ekki skylda neins að fara í mál út af ágreiningi um landamerki, og þá á líka hvorugur að vera skyldugur til að hefja mál að nýju, ef það af einhverjum ástæðum fellur niður, enda mundi það verða erfitt í framkvæmdinni. Ef maður, sem er í ágreiningi við annan mann út af landamerkjum, ekki vill höfða mál að nýju, sem fallið hefur niður, hver á þá að neyða hann til þess? Það verður ekki gjört, nema með því að höfða mál á móti honum, til að fá hann til að hefja málið að nýju, en slíkt væri að mínu áliti mjög ópraktiskt. Við 9. gr. frumvarpsins hefur nefndin ekkert að athuga. Við 10. gr. hefur nefndin gjört þá helztu breytingu, að fella úr orðin: «vinna eið og». Eins og greinin er orðuð, gæti hún valdið þeim misskilningi, að fyrst ætti að vinna eið með upprjettum fingrum, og síðan rita undir eiðspjall, en meiningin á víst að eins að vera sú, að þeir, sem í dóm eru nefndir, skuli rita nafn sitt undir eiðspjall. Við 11. gr. hefur nefndin ekki gjört neina verulega breytingu, en þar sem greinin ákveður, að ef málsaðili getur ekki mætt sjálfur, þegar á merki er gengið, skuli hann senda umboðsmann í sinn stað, þá þótti nefndinni ekki rjett, að skylda málsaðila til að senda umboðsmann í sinn stað, heldur að það mætti vera honum heimilt, og því hefur nefndin breytt orðunum «skal hann» í «er honum rjett að». Við 12. gr. hefur nefndin ekki gjört neina verulega efnisbreytingu. Í þessari grein er það nýmæli, að dómi í landaþrætumálum verður ekki áfrýjað til æðra dómstóls til að fá breyting á honum að efninu til. Þessa ákvörðun hefur nefndin vel getað fallizt á, vegna þess að þeim málum er svo varið, að örðugt er að koma með fullkomnar sannanir í aðalefninu. Venjulegustu sönnunargögnin í slíkum málum eru lögfestur, óeiðfest vottorð dáinna manna, og vitnisburðir lifandi manna um, hvað þeir hafi heyrt; af slíkum sönnunargögnum er optast nær hjer um bil jafnt á báðar hliðar, og því verður venjulega niðurstaðan, að sá, sem höfðar málið, tapar því, af því hann vantar fullar sannanir fyrir málstað sínum; það er því nauðsynlegt, að í slíkum málum sje ekki dæmt eingöngu eptir ströngum sönnunarlögum, heldur með fram eptir álitum; samkvæmt þessu er ekki ætlandi, að yfirdómurinn geti breytt dómi í

landaþrætumáli að efninu til, því þar til útheimtist sjerstakur kunnugleiki á landi því eða löndum, sem um er að ræða, sem ekki verður búizt við að yfirdómurinn hafi, og getur hann því ekki haft sjálfur neina á ástæðum byggða meiningu um það. En aptur er nauðsynlegt, ef t. a. m. einhver þingsafglöpun hefur átt sjer stað í hjeraði, að þá megi fá dóminum hrundið fyrir æðra dómstóli; t. a. m. ef varnaraðila hefur ekki verið reglulega stefnt, og hann fyrir þá sök tapaði málinu, þá er það rjett, að hann geti fengið dóminum hrundið fyrir yfirdómi. Auk þessa getur það komið fyrir, að dómur sje rangur að efninu til, t. a. m. ef dæmt hefur verið þvert ofan í máldaga eða óhrekjanlegar sannanir, og þegar slíkt kemur fyrir, þá er líka nauðsynlegt, að meðal sje til þess, að sá, er órjettinn hefur liðið, geti náð rjetti sínum aptur; en af því að yfirdóminum, eins og áður er sagt, ekki er ætlað að leggja fullnaðardóm á landaþrætumál að aðalefni til, þá getur hann ekki fengið dóminum breytt að efninu til fyrir yfirdómi, heldur getur hann fengið honum hrundið og vísað heim aptur til nýrrar rannsóknar. Það mun nú þykja nýstárlegt, að dómi sje hrundið af æðri dómstóli af ástæðum, er snerta aðalefni hans, þar sem slíkt er ekki vant að eiga sjer stað, nema fyrir sakir formgalla, en nefndin áleit, að gjöra mætti undantekning á þessu í landamerkjamálum, og að þessi ákvörðun gæti rjettlætzt af því einkennilega í slíknm málum. Þar sem nefndin hefur ákveðið í breytingunni við 12. gr., að áfrýja megi merkjadómi fyrir yfirdóm landsins til ónýtingar sökum þingsafglöpunar eða sökum lögleysu að efni til, þá vakti fyrir henni, að annaðhvort gætu verið formgallar á máli, eða þá að dómur væri bersýnilega rangur og lögleysa tóm, annaðhvort af því, að dómsmenn hefðu dæmt móti betri vitund eða þá sýnt stakt skeytingarleysi eða vanþekkingu. Fyrir nefndinni vakti til samanburðar ákvörðun tilskipunar frá 23. desbr. 1735, 4. gr., sem mælir svo fyrir, að ef yfirdómurinn álítur undirdóminn ranglátan eða lögleysu, þá skuli dæma undirdómarann til að borga sekt «pro meliore informatione». Nefndin áleit, að einmitt þegar líkt stendur á, og gjört er ráð fyrir í nefndri lagagrein, sem að vísu nú er úr lögum numin, það er að segja, að yfirdómurinn kemst að þeirri niðurstöðu, að merkjadómurinn sje bersýnileg lögleysa eða ránglæti að efninu til, þá skuli yfirdómurinn ónýta hann, en ekki þegar hann er á sennilegum rökum byggður, þó yfirdómurinn kunni að vera á öðru máli. Þegar yfirdómurinn þannig hefur ónýtt merkjadóm, vísar hann honum heim aptur, annaðhvort til nýrrar meðferðar að öllu eða nokkru leyti og nýrrar dómsáleggingar, eða eingöngu til nýrrar dómsáleggingar, allt eptir því, hverjar ástæður eru fyrir ónýtingunni. Nefndinni fannst aptur sú ákvörðun, að dómendur skyldu sektast fyrir hverjar helzt sakir, sem dómi væri hrundið fyrir yfirdómi, of hörð. Ef dómur hefur verið dæmdur rangt móti betri vitund eða af mikilli fávizku, þá eiga dómendur sjálfsagt að sektast, en yfirdómur getur hrundið dómi af ástæðum, sem ekki eru svo vítaverðar, t. a. m. ýmsum formgöllum, og þá er hart, að láta dómendur sæta sektum. Nefndin áleit því rjettast, að fela yfirdómi að kveða á um málskostnað í þessum málum eptir sömu reglum sem í öðrum málnm. Við 13. gr. hafði nefndin ekki annað að athuga en það, að henni þótti ekki heppilegt að binda bústað jarðareigandans við «þinghá»; þetta orð táknar of þröngt svið, til þess að það geti verið heppilegt að miða við það, og þótti nefndinni rjettara að binda sig við sýslu eða lögsagnarumdæmi. Við 14. gr. frumvarpsins hefur nefndin ekki gjört aðra breytingu en þá, sem eðlilega leiðir af breytingu hennar á 7. gr. Eptir breytingunni á þeirri grein eru það ekki málsaðilarnir, sem nefna í dóminn, og þar af leiðir, að þeir þurfa ekki hvor um sig að borga belmingnum af dómsmönnum; hefur nefndin því ákveðið, að í dóminum skuli til taka borgunina, og þá undir eins, hver og hverjir skuli greiða hana. Í 15. gr. frumvarps

neðri deildarinnar stendur, að úrskurður oddamanns skuli vera fullnaðarúrskurður; en, eins og tekið var fram um breytingu nefndarinnar við 7. gr., fann nefndin ekki ástæðu til, að láta úrskurð sýslumanns þar vera endilegan, heldur að rjett væri, að dómnum mætti áfrýja til æðri dómstóls; sama virðist nefndinni eiga að gilda hjer, þannig að gjörðarmaður, sem sektaður er og dæmdur í skaðabætur fyrir útivist sína, eigi kost á að áfrýja þeim dómi til æðri rjettar; en svo bætti nefndin hjer við að eins til skýringar orðunum: «er leitt hefur af útivist hans».

Einar Ásmundsson: Jeg þarf ekki að fara mörgum orðum um nauðsyn þessa máls; saga þess sýnir hana bezt, og hefur hinn háttvirti framsögumaður farið stuttlega yfir hana. Jeg vona, að með þessu frumvarpi verði ráðin veruleg bót á þeim vandkvæðum, sem verið hafa á landamerkjum jarða, og jeg skal lýsa því yfir, að jeg álít, að nefndin hafi farið bætandi hendi yfir frumvarpið, bæði efni og orðfæri. Það er að eins eitt orð, sem hefur orðið eptir ólagfært í breytingu nefndarinnar við 14. gr. í ógáti; þar stendur: «Dómendur skulu hafa 3 kr. hver fyrir hvern dag, er þeir eru að *gjörðinni*», en á sjálfsagt að vera: . . . . er þeir eru að «merkjadómi». Jeg ímynda mjer, að nefndin hafi ætlað að hafa þetta orð hjer eins og annarstaðar, og er hægt að leiðrjetta það.

Sighvatur Árnason: Jeg stend ekki upp til þess, að tala um breytingar nefndarinnar, því framsögumaður er búinn að gjöra rækilega grein fyrir þeim. Að eins ætlaði jeg að leyfa mjer að taka það fram, að okkur þingmönnum Rangæinga var falið á hendur frumvarp um þetta mál úr Rangárvallasýslu, til að leggja það fyrir þingið. En þegar við komum til þings og ætluðum að fara að afhenda frumvarp okkar til prentunar, þá urðum við þess varir, að fram var komið í neðri deildinni frumvarp um sama efni, og þá hjeldum við okkar frumvarpi til baka, en afhentum það síðar formanninum í nefnd þeirri, er neðri deildin hafði kosið til að íhuga þetta mál, til þess að sú nefnd gæti haft frumvarp okkar til hliðsjónar og leiðbeiningar, og skal jeg geta þess, að frumvarp neðri deildarinnar er í mörgum greinum mjög likt okkar frumvarpi frá Rangárvallasýslu. En þó er það sjer í lagi ólikt því í tveimur greinum, nefnilega í 7. grein um valið í merkjadóminn, og í 12. grein um málskotið til yfirdóms og kostnaðinn við það. Viðvíkjandi 12. gr., þá er frumvarp neðri deildar svo ólíkt frumvarpinu úr Rangárvallasýslu, að hjer var ráðgjörður yfirgjörðardómur, en ekki neitt málskot til yfirdóms. Nefndin hefur nú bætt úr skák að nokkru leyti, eins og framsögumaður tók fram og álit nefndarinnar sýnir, en ekki í þá átt, sem frumvarpið frá Rangárvallasýslu fer fram á. Í 7. gr. hefur neðri deildin ákveðið, að málspartarnir sjálfir skuli nefna menn í merkjadóminn, en nefndin í þessari deild hefur breytt þessu svo, að sýslumaður skuli nefna dómsmennina, og þannig er þessi grein komin í sama horf, sem samsvarandi grein í frumvarpinu úr Rangárvallasýslu; þar á móti er 12. gr. ekki komin í sama horf, þó jeg hefði helzt óskað, að það hefði getað tekizt, en jeg verð nú samt að sætta mig við þessa grein, eins og nefndin hefur breytt henni. Jeg vona, að þetta valdi heldur ekki óánægju yfir höfuð, og að lögin verði eptir sem áður vel brúkanleg, þrátt fyrir það þó jeg vissi, að frumvarpið frá Rangvellingum fengi góðar undirtektir í hverri sveit í Rangárvallasýslu; líka var búið að sýna það í öðrum sýslum, og fjell það öllum vel í geð. Það er alkunnugt, að þetta er mjög mikið áhugamál, og jeg ímynda mjer, að með breytingum nefndarinnar nái þetta frumvarp því augnamiði, sem menn hafa viljað ná. Jeg skal að endingu bæta því við, breytingum nefndarinnar til stuðnings, að þó nefndin hafi gjört breytingar við sum þau atriði, sem haldið hefur verið fast fram í neðri deildinni, frá því mál þetta kom fyrst fyrir þingið,

þá held jeg, eptir því sem jeg hef komizt næst, að þessar breytingar fái ekki slæmar undirtektir í neðri deildinni, og að hún vilji að minnsta kosti heldur samþykkja þær, en að málið falli á þessu þingi.

Því næst bar forseti hinar einstöku greinar frumvarpsins undir atkvæði ásamt breytingum nefndarinnar. Var þá

1. gr. frumvarpsins samþykkt í einu hljóði.
2. gr.:
   1. breyting nefndarinnar samþykkt í einu hljóði.
   2. breyting nefndarinnar samþykkt í einu hljóði.
   3. breyting nefndarinnar samþykkt með 8 atkvæðum.
2. gr. þannig breytt samþykkt í einu hljóði
3. gr. frumvarpsins:
   1. breyting nefndarinnar samþykkt með 10 atkvæðum.
   2. breyting nefndarinnar samþykkt í einu hljóði.
3. gr. þannig breytt samþykkt í einu hljóði.
4. gr. frumvarpsins:
   Breyting nefndarinnar við fyrri málsgrein samþykkt í einu hljóði.
   Í stað «dómi» komi: «á annan hátt» samþykkt i einu hljóði.
4. gr. þannig breytt samþykkt í einu hljóði.
5. gr. frumvarpsins:
   «eptir atvikum» falli burt, samþykkt í einu hljóði.
   að síðari málsgrein fyrri kafla falli burtu, samþykkt í einu hljóði.
5. gr. með áorðnum breytingum samþykkt í einu hljóði.
6. gr. frumvarpsins: «dóma» fyrir «gjörðardóma» samþykkt sem orðabreyting.
6. gr. frumvarpsins samþykkt þannig breytt í einu hljóði.
7. gr. frumvarpsins:
   1. breyting samþykkt í einu hljóði.
   2. —»— —»— - — —
   3. —»— —»— - — —
   4. «Sýslumaður» fyrir «oddamaður» samþykkt sem orðabreyting.
   5. breyting, við síðustu málsgrein, samþykkt í einu hljóði.
7. gr. frumvarpsins þannig breytt samþykkt í einu hljóði.
8. gr. frumvarpsins:
   Breyting nefndarinnar: «í og» falli burt, samþykkt í einu hljóði.
   Breyting nefndar: «og skal þá þegar hafið að nýju» falli burt, samþykkt í einu hljóði.
8. gr. þannig breytt samþ. í einu hljóði.
9. gr. með áður samþykktum orðabreytingum, samþykkt í einu hljóði.
10. gr. frumvarpsins:
    Breyting nefndarinnar: «dómendur» fyrir «gjörðarmenn» samþykkt í einu hljóði.
    Breyting nefndarinnar: «vinna eið og» «lögákveðið» falli burt, samþykkt í einu hljóði.
10. gr. þannig breytt samþykkt í einu hljóði.
11. gr. frumvarpsins:
    Breyting nefndarinnar: samþykkt sem orðabreyting; greinin sjálf samþykkt í einu hljóði.
12. gr. frumvarpsins:
    Breyting nefndarinnar: «gild merkjaskrá» fyrir: «gilt eignarskjal» samþykkt í einu hljóði.
    Breyting nefndarinnar við síðari hlut greinarinnar samþykkt í einu hjóði.
12. gr. þannig breytt samþykkt í einu hljóði.
13. gr frumvarpsins:
    Breyting nefndarinnar samþykkt í einu hljóði.
13. gr. þannig breytt samþykkt í einu hljóði.
14. gr. nefndariunar samþykkt í einu hljóði, þannig að orðið «gjörðinni» var skoðað sem ritvilla, í staðinn fyrir «merkjadómi».
14. gr. frumvarpsins þar við fallin.
15. gr. frumvarpsins:
    Breyting nefndarinnar samþykkt í einu hljóði.
15. gr. þannig breytt samþykkt í einu hljóði.

Fyrirsögn frumvarpsins áleizt samþykkt án atkvæða.

Málinu vísað til 3. umræðu í einu hljóði.

ÞRIÐJA UMRÆÐA Í EFRI DEILD,
á 42. fundi, 22. dag ágústmánaðar.

Frumvarpið, eins og það var samþykkt við 2. umræðu, sjá I, 489.

Framsögumaður (*Magnús Stephensen*): Það eru engin breytingaratkvæði fram komin við frumvarpið, eins og það var samþykkt við 2. umræðu. Málinu var þá vel tekið, og jeg efast ekki um, að það sje alvara þingsins, að leiða það til lykta nú á þessu þingi. Ætla jeg svo ekki að tala frekar um frumvarpið, en vona, að hin háttvirta deild samþykki það, eins og það liggur fyrir.

Forseti bar þá frumvarpið undir atkvæði, og var það samþykkt í einu hljóði og sent aptur neðri deild vegna breytingar á því í efri deildinni.

EIN UMRÆÐA Í NEÐRI DEILD,
á 64. fundi, 25. dag ágústmánaðar.

Frumvarpið, eins og það var samþykkt við 3. umræðu í efri deildinni, sjá I, 546—548; nefndarálit, sjá I, 619.

Framsögumaður (*Benidikt Sveinsson*): Jeg skal að eins leyfa mjer að vísa til hins stutta nefndarálits, sem sýnir það, að nefndin ræður til þess að samþykkja þær breytingar, sem gjörðar hafa verið við frumvarp þetta í hinni heiðruðu efri deild, bæði sökum þess, að tíminn leyfir eigi að gjöra nýjar breytingar á frumvarpinu; og svo er einnig auðsjeð, að breytingar þessar hafa verið gjörðar í því skyni að bæta málið, og sumar þeirra hafa að minnsta kosti það til síns ágætis, að þær eru samkvæmari áliti einstöku manna, en frumvarpið var í fyrstu. Skipun gjörðardómsins er aðalbreytingin, og get jeg gengið að henni, úr því menn leggja fremur áherzlu á, að hjer sje fremur um dóm en gjörð að ræða, því þá get jeg fellt mig við, að sýslumaður einn kveði mennina í dóminn, sem þá er einnig eðlilegra að kalla landamerkjadóm, en gjörðardóm.

Jón Jónsson: Jeg hef áður leyft mjer að setja fram 3 aðfinningar við frumvarp þetta, eins og það var, þegar það fór frá þessari heiðruðu deild, 1, að það vantaði reglur um skrásetningu landamerkja; 2, að ákvarðanirnar um, að málspartar sjálfir kysu dómendur í gjörðadóma, væru óhafandi, og 3. að ákvarðanir frumvarpsins um áfrýjun og fullnaðarúrslit gjörðardóms væru óhafandi. Úr þeim göllum á frumvarpi neðri deildarinnar, er höfðu komið til leiðar hinum 2 síðastnefndu aðfinningum mínum, hefur efri deild þingsins bætt, og þykir mjer vel fara á breytingum hennar; enda ganga þær í sömu stefnu, og breytingartillögur mínar, er þessi deild felldi. Þar á móti hefur efri deildin ekki verið mjer samdóma um þýðingu þá, sem ýtarlegri reglur um skrásetningu landamerkja, en þær, sem frumvarpið hefur, gæti haft, og er jeg enn á því, að reglur frumvarpsins um þetta atriði sjeu ófullnægjandi, og að hætt er við, að í mörgum tilfellum verði hinn einasti árangur af frumvarpinu, að hlutaðeigandi bændur, þar sem jarðir liggja saman, gefi út hver sína landamerkjalýsingu, og neiti því að skrifa undir hver hjá öðrum. En hvað sem þessu nú líður, er það víst, að efri deildin með breytingum sínum, hefur lagfært hina verulegustu galla á frumvarpinu, og er því vonandi, að það nái nú fram að ganga.

Framsögumaður: Jeg skal að eins leyfa mjer að taka það fram, að aðalbreytingin, sem orðin er á frumvarpinu, er sú, hversu gjörðardómurinn er skipaður, en hvað áfrýjuninni viðvíkur, þá er að eins orðamunur á gjörður á því sama efni, sem var í frumvarpi nefndarinnar, sem neðri deildin samþykkti.

Jón Jónsson: Það er sá verulegi munur á neðri og efri deildar frumvörpunum að því er snertir áfrýjun gjörðardóma, að ákvörðun efri deildarinnar, þó hún kynni að

vera ísjárverð, samt er hafandi. Ákvörðun neðri deildarinnar kom þar á móti í bág við rjettarfarsreglur þær, sem nú gilda hjer á landi, og var þar að auki orðuð á þann hátt, að hún yrði að valda einlægum misskilningum og vandræðum.

Framsögumaður: Máske hjá þingmanninum, ekki öðrum.

Með því að ekki tóku fleiri til máls, ljet forseti ganga til atkvæða, og var frumvarpið samþykkt í einu hljóði.

Kvað forseti frumvarpið nú verða afgreitt til landshöfðingja sem lög frá alþingi.

XII.

Löggilding verzlunarstaða.

A.

Frumvarp til laga um löggilding verzlunarstaðar við Kolbeinsárós í Skagafirði, frá þingmönnum Skagfirðinga, er prentað í fyrri parti alþingistíðindanna, bls. 50.

FYRSTA UMRÆÐA Í NEÐRI DEILD,
á 7. fundi, 11. dag júlímánaðar.

Flutningsmaður (Friðrik Stefánsson): Allir, sem þekkja nokkuð til sögu landsins, vita það, að tvær voru hafnir í Skagafirði til forna, nefnilega Gönguskarðsárós (Sauðárkrókur) og Kolbeinsárós, og er þess víða getið í fornsögum vorum, að þessar hafnir voru sigldar upp, og þar var farið utan, en um siðaskiptin, þegar öllu fór hjer hnignandi fyrir ofríki og kúgunarvaldi, þá duttu þær úr sögunni. Nú er fyrir 23 árum búið að löggilda Sauðárkrók, og á þinginu 1879 kom bænarskrá til þingsins um, að fá Kolbeinsárós löggiltan, en málið var fellt í efri deild með litlum atkvæðamun, að mig minnir með 5 á móti 5. Það er hin brýnasta þörf fyrir sveitina að fá þessa höfn löggilta, þar sem það er hægast fyrir 4 hreppa, að reka verzlun á þessum stað, og jafnhægt fyrir þann 5. (Rípurhrepp) að sækja þangað, sem á Sauðárkrók, en úr áðurnefndum 4 hreppum austan vatna er opt yfir ófærar ár að sækja til annara kauptúna, verði Kolbeinsárós ekki löggiltur. En hvað því viðvíkur, að Kolbeinsárós sje nærri löggiltu kauptúni, vil jeg geta þess, að stjórnin, sem mörgum þótti þó ekki góð, meðan einveldið stóð, löggilti þó Grafarós og Hólanes, sem voru þó mjög nærri Hofsós og Skagaströnd. Þetta er mjög áríðandi fyrir mikinn hluta kjördæmisins, því að allra áliti er Kolbeinsárós sú höfn á Skagafirði, sem sauðfje og hross yrðu flutt utan, og sjá allir, hvert nauðsynjamál það er; vona jeg því, að það fái góðan byr á þinginu, og það verði látið ganga til 2. umræðu.

Holgeir Clausen: Jeg veit, að þessi höfn er alveg ófær, enda hafa þeir og Hofsós og Grafarós þar svo nærri, að ekki er nema stundarferð á milli, og þar að auki Sauðárkrók, sem er eins stór kaupstaður og Skagaströnd og Hólanes til samans. Þar er að eins 3 faðma djúp, enda er jeg viss, að engin skonnorta mundi komast þangað inn, nema tekið væri bæði framan og aptan af

henni, og yrði höfnin því fyrir jagtir einar, og þar að auki liggur varphólmi þar mjög nærri, og mundi það olla miklum skemmdum, ef þar lægju skip, enda er það með öllu ónauðsynlegt, að fá þar kaupstað löggiltan.

Jón Ólafsson: Jeg verð að játa það, að jeg þekki þessa höfn svo sem alls ekkert, en þess þarf jeg heldur ekki og kæri mig ekki um að þekkja hana, því jeg er ekki kaupmaður nje assúrandör. En jeg er ávallt þeirrar skoðunar, að þingið ætti ætíð að veita löggilding á kauptúnum, þegar þess er farið á leit af hlutaðeigandi sveitum, og álít jeg hinn mesta hjegóma að synja um slíkt, en sjálfsagt að leyfa uppsigling hvar sem vera skal. Það er hlægilegt, að þingið, þótt að eins fáir menn þess geti þekkt til á hverjum stað, skuli vera að taka fram fyrir hendur kaupmanna og sveitarmanna. Það voru hinar sömu ástæður, sem voru færðar á móti því, að löggilda Jökulsárós á Sólheimasandi, en nú verzla þar 2 skip, og að því er sannorðir menn hafa sagt mjer, þá liggur nú stórt skip á Kolbeinsárósi. Jeg þekki til víða fyrir austan, þar sem varphólmar liggja örskammt frá skipalægi, og verður ekki mein að; hví skyldi það þá fremur þurfa að verða hjer? Og þó að binda þyrfti skipið með landfestum í hólmann, þá drepa *pær* ekki fuglinn.

Benidikt Sveinsson: Jeg er alveg á sömu skoðun og hiun heiðraði þingmaður, er síðast talaði, og álít það algjörlega rangt, að leyfa ekki uppsigling hvar sem vera skal, og hef jeg margsinnis tekið það fram áður hjer á þingi, að það eru kaupmenn einir og ábyrgðarfjelögin, sem varðar um það, hvort sú og sú höfn sje notandi eða ekki. Alþingi eður löggjafarvaldinu kemur það ekki við, bara ef hvert skip fullnægir lögunum um tollskil og sóttvarnir. Reynslan sýnir, að skip geta strandað í flestum höfnum hjer á landi, já, jafnvel hjer á sjálfri Reykjavíkurhöfn stranda skip hvert á fætur öðru eða reka upp. Jeg verð að færa það til að öðru leyti sem vott um það, að höfnin við Kolbeinsárós muni ekki vera afleit, að hinn nafnkunni skipstjóri á Gránu Petersen einu sinni bjargaði lífi sínu og allra skipverja á skipi, sem slitnaði upp á Grafarós, með því að hleypa skipinu inn á Kolbeinsárós. Á hinn bóginn er enginn vafi á því, að það mundi verða mörgum búandi manni til gagns og nota, ef hún yrði löggilt, eptir því sem byggðir liggja.

Því næst ljet forseti ganga til atkvæða um, hvort málið skyldi ganga til 2. umræðu, og var það samþykkt með 17 atkvæðum móti 1.

ÖNNUR UMRÆÐA Í NEÐRI DEILD,

á 10. fundi, 14. dag júlímánaðar.

Flutningsmaður (Friðrik Stefánsson): Með því að þingmenn tóku vel undir þetta mál við 1. umræðu, þá finn jeg ekki ástæðu til að fjölyrða um það að svo komnu, en óska einungis, að málið fái að ganga til 3. umræðu.

Tryggvi Gunnarsson: Eptir því sem jeg sá hvernig þingmenn greiddu atkvæði um þetta mál við 1. umræðu, og eins um löggilding Hesteyrar við Ísafjörð í gær, þá virðist mjer það vera stefna deildarinnar, að samþykkja hvert það frumvarp, sem fram kemur um löggilding kauptúna. Hinn 2. þingmaður Suður-Múlasýslu sagði við 1. umræðu þessa máls, að þingið varðaði ekkert um það, hvernig staðurinn væri eða hvort nokkurt gagn yrði að honum eða ekki; það ætti einungis að gefa frjálst að verzla á landi, hvar sem menn óska þess. Ef þetta er einnig skoðun deildarinnar, þá er einfaldast og fljótlegast, að bæta að eins einu orði inn í lögin frá 7. nóvbr. 1879 um breyting á eldri lögum um siglingar og verzlun á Íslandi, nefnil. í 3. gr., þar sem svo stendur: «Heimilt skal kaupmönnum þeim, er reka fasta verzlun hjer á landi, að verzla á *skipum*», þar þyrfti að eins að bæta við orðunum «og *landi*» Slíkt mundi mikill ljettir fyrir þetta þing og þau eptirkomandi, og

spara margar umræður og peninga. En þó bið jeg hina háttvirtu þingmenn að skoða málið nákvæmar, áður en það er gjört. Á þingi 1879 var það ekki álitið hentugt, að leyfa takmarkalaust smáverzlun á landi eptir vild manna, og þess vegna var að eins leyft að verzla á sjó án sjerstaks leyfis, en þessi ákvörðun þó sett í 3. gr.: «En eigi mega þeir þó selja vínföng nje áfenga drykki annarstaðar, en á löggiltum kauptúnum». Þá var þetta álitið hentugt, og jeg sje ekki neitt nýtt fram komið síðan, svo að nú sje ástæða til að hverfa frá þessari skoðun á málinu. Það, sem mjer fyrst virðist varhugavert við takmarkalausa löggildingu, er það, að þá mundi tollgæzlan verða mjög kostnaðarsöm, þegar fram líða stundir, og hætt við undanbrögðum af tollgreiðendum. Á þessu þingi eru og komin fram eigi allfá frumvörp í þá átt, að auka tollinn á verzlunina. En eptir því sem kauptún fjölga, að sama skapi verður örðugra að gæta tollanna og innheimta þá; þegar svo er komið, að tollstjórn er orðin nauðsynleg, þá getur hún orðið ærið umfangsmikil og kostnaðarsöm fyrir landssjóðinn, ef smákaupstaðir fjölga mjög. Annað atriðið er það, að sú er reynslan, að skuldir vaxa við smákaupstaðina, og yfirhöfuð, að kring um kaupstaði við gengst vinnuleysi og óregla, fremur en þegar dregur langt burt frá þeim. Jeg skal geta um eitt dæmi, sem jeg þekki. Frá einum stað var rekin lausaverzlun til margra ára; voru þar á meðan mjög litlar skuldir, en þegar föst verzlun var búin að standa á hinum sama stað í 3 ár, voru skuldir orðnar milli 20,000 og 30,000 kr. Jeg voua, að þingmenn viðurkenni af eigin reynslu, að við þessi smáu kauptún aukast skuldir, vínkaup og óregla. Enn fremur er það athugandi, að ef þessi stefna er tekin, að löggilda hvern stað, sem vera skal, þá hafa menn (assurandörar) erlendis minni tryggingu fyrir því, sem þingið gjörir, og getur svo farið, að þeir annaðhvort hækki ábyrgðargjaldið um 1% fyrir alla þessa nýju löggiltu staði, eða það fæst alls ekki ábyrgð á skipum þangað, þar til fullkomin reynsla er fengin. Mjer hefur þótt leitt að heyra, að þingið hefur haft ámæli sumra erlendra manna fyrir löggilding nokkurra nýrra hafna eða hafnaleysu, t. d. Kópaskerja m. fl. Í fjórða lagi er það, að síðan verzlunarlögin frá 7. nóvember 1879 komu út, er minni nauðsyn en áður, að byggja þessa föstu staði. Höfuðatriðið er að ljetta mönnum aðflutning á nauðsynjavörum yfir sumarið, og það er þegar fengið með nefndum lögum. Ef þingmenn eru nú á þeirri skoðun, að rjett sje að taka þetta til greina, er það þá rjett, að fara eptir ummælum 2. þingmanns Suður-Múlasýslu, að löggilda hvern stað, sem beðið er um, athugalaust, án þess að við hafa nokkrar skýrslur um það, hvort höfnin er nýtileg eða hvort slíkt er nokkur veruleg nauðsyn. Hvað þennan stað snertir, þá get jeg ekki sjeð brýna nauðsyn til að löggilda hann, nema því að eins að höfnin sje betri þar en á Hofsós og Sauðárkrók. Kolbeinsárós er örskammt frá Höfsós, svo að um mikinn ljetti á flutningum þaðan er eigi að tala. Jeg þekki þar nokkuð til og er máske fullt eins kunnugur á þessum stöðum eins og 2. þingmaður Skagfirðinga. Undir minni umsjón hefur verið rekin þar fastaverzlun í eitt ár og lausaverzlun í ein 6 ár. Vörur eru litlar í grennd við Hofsós, sízt meiri en svo, að einn kaupstaður geti þrifizt þar; er því gagnslítið að löggilda þar höfn, ef skipalægi er eigi betra; en sje höfnin *betri* við Kolbeinsárós, þá er *sjálfsagt* að löggilda hana, en þar fyrir er enn engin reynsla; þangað hafa ekki komið skip fyr en í sumar.

Jeg vil skjóta því til hinnar heiðruðu deildar, hvort eigi er rjettast að halda í sama horf, sem síðasta þingið, og brúka siglingaleyfislögin frá 7. *nóv.* 1879 til að reyna fyrir sjer, hvar notandi hafnir eru og á hvaða staði að verzlun landsmanna vill eðlilega leita; er ekki rjettast að taka þá stefnu, að enginn staður sje löggiltur fyr, en skip hafa að minnsta kosti í 2 ár leitað þar hafnar? Sumir vilja kann ske á-

líta, að jeg sje apturhaldsmaður, er jeg mæli þannig, en þetta hef jeg sýnt að ekki er rjett álit. Jeg hef orðið fyrstur til að senda skip til flutninga á þrjá nýja staði. Minn vilji er, að ljetta sem mest fyrir samgöngum og öllum flutningum yfir sumarið; en með gætni styðja að löggildingum á smástöðum, sem engum er til gagns.

Jón Ólafsson: Jeg vil að eins leyfa mjer að leiðrjetta hinn heiðraða samþingismann minn, þar sem hann sagði jeg hefði viljað, að «hver staður væri löggiltur, hvort sem nokkurt gagn yrði að honum eða ekki». En jeg sagði þingið þekkti ekki staðina; það ætti ekki að setja sig yfir Skagfirðinga í því tilliti; þeir mundu sjálfir þekkja þörf sína, því það er þeim sjálfum kunnugast, hvar skórinn kreppir, sem hafa hann á fætinum. Hvað því viðvíkur, er þingmaðurinn kvað skuldir aukast við löggilding smákauptúna, þá getur verið það sje svo alstaðar, en vörumaguið eykst líka, því þegar hægra er að ná til kauptúns verður fleira að verzlunarvöru; svo sparar hægðin mönnum og tíma við kaupstaðarferðir, en «tími er peningar». En hvað skuldirnar snertir, þá verð jeg að segja það, að ef þingmaðurinn ætlar sjer að gjöra þingið að fjárhaldsmanni hvers bónda á Íslandi, þá þyrfti að gefa út æði-mörg lög til þess. Jeg vil ekki bera honum á brýn, að hann sje apturhaldsmaður; hann vill vafalaust hið bezta í þessu sem öðru; en hitt efa jeg, að aðferð hans sje rjett, ef hann vill láta þingið vita betur en bændur, hvað þörfum þeirra kemur bezt.

Flutningsmaður: Hinn háttvirti 2. þingmaður Suður-Múlasýslu hefur tekið fram mest af því, er jeg vildi sagt hafa. Eptir því sem mjer skildist fyrst á ræðu 1. þingmanns Suður-Múlasýslu, vildi hann breyta lögunum um siglingar og verzlun frá 1879, og fór mjer að þykja vænt um það, sem sje að öllum kaupmönnum, föstum og lausum, væri leyft að reka verzlun á sjó og landi, hvar helzt sem væri kring um land allt, en samkvæmt venjunni komst þingmaðurinn að þeirri niðurstöðu, að vera á móti löggildingu verzlunarstaðar á Kolbeinsárósi; það var nú líka líkara því, sem þingmaðurinn hefur áður komið fram í þeim málum. Annars var stefna hans á móti því mjög svo á víðáttu. Hann kvað Hofsós mundu þá bráðum eyðileggjast, en jeg vil svara honum því, að hann er nú þegar á förum, sem með fram kemur af því, að mikill hluti manna í Fljótum, og margir úr Sljettuhlíð höndla á Siglufirði; líka bar þingmaðurinn fyrir, að þær sveitir eða sveit, sem næstar lægju hinu löggilta kauptúni, hefðu skaða af því og yrðu beinlínis skuldugir fyrir það nágrenni. Þetta skilst mjer ekki, og svo get jeg sagt þingmanninum það, að sú sveit, sem sje Viðvíkurhreppur, sem hinn tilvonandi löggilti staður á Kolbeinsárósi kemur til að standa í, hefur samkvæmt landshagsskýrslunum staðið sig með þeim beztu í norður- og austuramtinu, svo hjer er ekki um neina smábændur að tala, heldur gilda, góða og sjálfstæða bændur, sem þingmaðurinn ekki þarf að taka að sjer til að hafa fjárhald þeirra á hendi, sem helzt lítur þó út fyrir að þingmaðurinn vilji í þessu máli; honum stendur víst annað fjárhald nær, samt vil jeg ekki að öllu kalla hann apturhaldsmann, og ekki heldur segja, að honum gangi að öllu eigið gagn til, en samt vil jeg segja honum það, að mjer skiljist þó, að ljettara er að verzla fyrir hann, sem nú á sjó, en hafa fyrir að byggja. Jeg vil enn taka það fram, að það er mun hægra að reka verzlun austan vatna á haustum, ef Kolbeinsárós er löggiltur, og sjerstaklega er það mikilsvert, eins og jeg hef líka áður tekið fram, að þessi höfn er sú eina á innanverðum Skagafirði, sem hægt mundi að sigla upp til þess að flytja utan hross og sauðfje, og sjá allir, sem sjá vilja, hver þörf er á slíku.

Jón Jónsson: Það kemur opt og einatt fyrir, að menn með því að nota miður fullnægjandi eða rjettar ástæður veikja gott málefni, og jeg vil játa, að allar ástæður þær, er 2. þingmaður Suður-Múlasýslu til færði

við fyrstu umræðu þessa máls fyrir að löggilda höfn þá, er hjer ræðir um, geta ekki staðizt ýtarlegri rannsókn; en það heimilaði ekki 1. þingmanni hinnar sömu sýslu, að líta burt frá þeim öðrum ástæðum, sem eru fyrir löggildingunni, eða að mótmæla þeim frá því sjónarmiði, er aptnrhaldsmenn í verzlunarmálefnum vorum einatt hafa haldið fram í málum eins o g þessn.

Það hefur alla-jafna verið viðkvæðið, að menn þyrftu ekki að taka tillit til örðugleika bænda við að koma út vörum sínum eða að nálgast nauðsynjar sínar. Þegar ætti að skipa verzlunarmál vor með lögum, væri einnngis um að gjöra, að koma upp kaupmannastjett; um hag almennings þyrfti síður að skeyta; allt væri gott og blessað, ef *kaupmannastjettin* og *embættismannastjettin* gætu komizt laglega á laggirnar. Kaupmenn geta nú verið alveg rólegir. Hvað sem svo 2. þingmaður Suður-Múlasýslu segir, fáum vjer varla fyrst um sinn lög, sem heimila öllum að sigla upp á hverja vík, enda liggur það ekki fyrir í þessu máli. Hjer er einungis spurning um að löggilda eina höfn, nefnilega Kolbeinsáróss. 2. þingmaður Suður-Múlasýslu hefur þegar tekið fram, að þetta er ósk allra Skagfirðinga, og alþingi ætti að vara sig á að neita um, að fullnægja slíkum óskum, ef engar verulegar ástæður eru á móti þeim. Hvað því við víkur, er 1. þingmaður Suður-Múlasýslu sagði, að örðugra mundi að fá ábyrgð eptir því, sem verzlunarstaðir fjölguðu, þá er það misskilningur. Þingmanninum er víst fullkunnugt, að þegar ábyrgðarfjelagið tekur skip í ábyrgð, þá spyr það ekki um, hvernig höfnum yfir höfuð að tala sje varið í því landi, heldur um hitt, hvort höfn sú, er skipið á að fara á, sje góð og trygg. Hann og aðrir kaupmenn munu, þó höfnin við Kolbeinsáróss verði löggilt, jafnt sem áður geta fengið trygging fyrir skipum sínum til Akureyrar, Seyðisfjarðar o. s. frv. En fáist skip ekki tryggð á Kolbeinsáróss-höfninna, þá getur löggildingin engan skaða gjört. Það getur heldur ekki verið góð mótbára gegn löggildingu Kolbeinsáróss, að nauðsyn kynni að vera á að leggja niður Hofsós eða Grafaróss. Þingmenn vilja þó varla binda alla Skagfirðinga við Sauðárkrók einan, eins og menn vildu, þá er spurning var um að löggilda þessa höfn, binda alla hjeraðshúa við Hofsós höfnina. Allir verða að játa, að þörf er á höfn austan vatna í Skagafirði. Það getur verið spurning um, hvort heppilegast sje, að hafa hana við Hofsós eða Kolbeinsáróss; en þaðer ljóst, að allir hlutaðeigendur taka hina síðarnefndu höfn fram yfir hina fyrnefndu, og hvaða ástæða er þá fyrir alþingi til að halda Hofsóshöfninni.

Það er langt síðan, að fastakaupmenn fengu leyfi til að fara inn á hverja höfn, er þeir vildu, með alla þungavöru; það er gott. En jeg tók það fram um daginn, að fastakaupmenn eru ekki færir um að byrgja landið að nauðsynjavörum, og því þurfum við einnig á lausakaupmönnum að halda.

Það sem samþingmaður minn tók fram, að Kolbeinsáróss mundi vera hin eina höfn fyrir útflutning á hestum og sauðfje úr Skagafirði, ætti að vera ærið nóg til þess, að höfnin yrði löggilt.

Þá höfðu 8 þingmenn beðið, að umræðunum væri hætt, og var það samþykkt. Síðan var samþykkt með 18 atkvæðum gegn 3, að frumvarpið skyldi ganga til 3. umræðu.

ÞRIÐJA UMRÆÐA Í NEÐRI DEILD,
á 12. fundi, 16. dag júlímánaðar.

Flutningsmaður (*Friðrik Stefánsson*): Þar sem frumvarp þetta fjekk svo góðar viðtökur hjer við 1. umræðu, er því var vísað til 2. umræðu með 17 atkvæðum, og með því engar ástæður hafa komið fram á móti því, er á rökum sjeu byggðar, þá finnst mjer óþarft að hafa langar umræður um það að sinni, en óska, að því verði vísað til 3. umræðu.

Eiríkur Kúld: Jeg vildi leyfa mjer að spyrja hinn háttvirta flutningsmann, hvort sú mótbára, sem kom fram á þinginu 1879 móti þessum verzlunarstað, hvort hún hafi

verið hrakin. Að því er mjer er kunnugt um, þá liggur varphólmi við höfnina, svo varpinu gæti verið þar mikil hætta búin, ef höfnin yrði löggilt og þar kæmist verzlun á. Jeg vildi spyrja, hvort nokkurt vottorð frá hlutaðeigandi presti, sem á ráð yfir varphólmanum, lægi hjer fyrir?

Holgeir Clausen: Þar sem hinn háttvirti þingmaður Skagfirðinga sagði, að Hofsós væri á förum, þá kann það satt að vera, en af hverju er hann á förum? af því að þar þarf engan kaupstað, og hví skyldi þá eiga að fara að setja upp nýjan kaupstað eina bæjarleið frá þeim kaupstað, sem er á förum? Það er því alveg ónauðsynlegt, að setja upp nýjan kaupstað þar; það yrði til þess, að kaupmenn settu hjer upp «*primitiva*» kaupstaði, og þeir væru neyddir til að selja slæmar vörur vegna slæmra húsakynna, þar sem þeir yrðu má ske að sitja með þær og gætu ekki vitað, nema komið yrði upp nýjum kaupstað svo sem bæjarleið frá þeim. Menn mega gjarnan álíta mig apturhaldsmann; mjer stendur á sama.

Flutningsmaður: Hvað viðvikur vottorði því, sem hinn háttvirti þingmaður Barðstrendinga spurði eptir, þá skal jeg geta þess, að jeg veit ekki til, að nein mótmæli frá hálfu prestsins í Viðvík liggi hjer fyrir. Það væri líka undarlegt, ef þetta skyldi eiga að vera því til tálmunar, að höfnin yrði löggilt; hví skyldu skip þá mega sigla inn á Reykjavíkur höfn, sem liggur svo nærri Engey, þar sem varp er, og hefur þó æðarvarpið vaxið þar mjög í seinni tíð, þrátt fyrir hinn mikla skipagang, sem hjer er; og þó Kolbeinsárós verði nú löggiltur, sem jeg tel sjálfsagt, þá verður víst minni skipagangur þar, en hjer í Reykjavík, enda er varphólminn frá Viðvík að mínu áliti í engri hættu, þó mörg skip kæmu á Kolbeinsárós. Skot mætti þar banna, og þau eru þegar bönnuð með gildandi lögum. En hvað þingmanni Snæfellinga við víkur, þá get jeg sagt honum það, að jeg álít hann ónauðsynlegan apturhaldsmann í þessu máli. Vilji hann koma á Skagafjörð til að bæta prísa, eins og hann gjörði hjer áður, þá væri hann velkominn og það á Kolbeinsárós, en ekki mætti hann koma með slæmar vörur; þær gengju ekki út, en við aðra umræðu tók jeg fram, hvers vegna Hofsós væri á förum, og þarf ekki að gjöra það aptur, en þó hann hjeldist við, álít jeg þinginu skylt að löggilda Kolbeinsárós, og treysti að öruggu, að það gjöri það, og finn því síður ástæðu til að fjölyrða frekar um málið þetta, sem mælir svo ágætlega með sjer sjálft.

Tryggvi Gunnarsson: Þar sem hinn háttvirti 1. þingmaður Skagfirðinga sagði, að engar ástæður, sem á rökum væru byggðar, hefðu komið fram á móti frumvarpi þessu við 2. umræðu, þá á hann ekki einn að dæma um það; fleiri eru til að skera úr því. Þegar mál þetta var við aðra umræðu, þá ætlaði jeg að svara 2. þingmanni sömu sýslu nokkrum orðum, sem þá ekki talaði með þeirri stillingu, sem honnm annars er lagin, líklega einkum af því, að hann hefur misskilið mig, en jeg hafði þá ekki færi á því sökum þess, að þá var umræðunni hætt. Hann hefur líklega tekið orð mín svo, sem mjer væri annt um, að koma í veg fyrir, að Kolbeinsárós væri löggiltur, en það er alls ekki svo; jeg álít það smámuni; en það álít jeg miklu skipta, að þingið hafi fasta stefnu í hverju máli og fylgi henni. Jeg álít, að fjárhagsráð og löggjafarvald þingsins sjeu þeir kostagripir, að ekki eigi að brúka þá sem leikfang, heldur að eins þá, þegar þjóð vorri er það að fullu gagni. Jeg hef tekið fram áður, að þingið 1879 var á því, að ljetta alla aðflutninga fyrir mönnum, með því að leyfa að sigla upp á hverja vík og vog, en ekki að byggja alstaðar, og jeg sje ekki ástæðu til að breyta frá þessari stefnu. Menn tala um frelsi, og að það sje svo frjálslegt, að löggilda alla þá staði, sem beðið er um, en jeg vil spyrja t. d. með löggildinguna á Kópaskersvog, hvaða gagn er að því frelsi, sem enginn notar? Þar verður aldrei byggður kaupstaður, en af löggildingunni þar verður það, að útlend skip geta nú komið þangað, án þess að þau

þurfi að koma á aðrar hafnir, greiða þar toll og sýna skipaskjöl sín; af því leiðir, að þar verður að setja tollgæzlumenn. Í öðru lagi er það, að nú mega kaupmenn selja þar brennivín og öll önnur vínföng sveitinni til ógagns, sem annars hefði ekki mátt. Þetta er nú munurinn á höfninni fyrir löggildinguna eða það, sem hún hefur fram yfir það, að þar hefði að eins verið siglingaleyfi; sumir ef til vill álíta þetta kosti; jeg álít það ókosti. Líkt þessu er ástatt með suma þessa smástaði, sem beðið er um að löggilda. Sem sagt álít jeg nauðsynlegt, að þingið taki fasta stefnu um löggildingar kauptúna; sje það áform þingsins, að löggilda alla staði, sem beðið er um, þá álít jeg rjettast, að bæta inn í lögin 7. nóv. 1879, að alstaðar megi verzla á landi og setja upp kaupstaði, hvar sem menn vilja, en að þingið sje ekki að löggilda einn og einn stað, án þess að yfirvega, hvort nokkra brýna nauðsýn beri þar til, því þá þarf þingið að vera dómari í hvert skipti og meta ástæður, og því að eins leyfa löggildingar, að nægilegar upplýsingar komi fram. Hvað þetta mál snertir, er hjer liggur fyrir, þá verð jeg að álíta, að ekki sjeu nægilegar ástæður komnar fram með Kolbeinsárós, þar sem engin opinber skýrsla hefur komið í þetta sinn um það, hvernig höfnin sje, og heldur ekki, hvort þetta í rauninni er almenn ósk hjeraðsbúa. Hvað aðflutningsgjöldunum viðvíkur þar, þá hafa Skagfirðingar svo mikið af hestum, að þá munar ekki mikið um að flytja vörur sínar þá stuttu leið, sem er á milli Hofsóss og Kolbeinsáróss, því þar er sveit hestarík, og vegir mjög góðir á þeirri leið. Á milli þessara staða liggur á, sem opt kann að vera ill yfirferðar, en sú torfæra er nú horfin. Mjer er kunnugt, að yfir hana á að byggja brú, og mun vera búið að flytja viðinn í hana þangað, svo fyrir þá skuld er minni þörf á nýjum kaupstað en áður. Sú eina aðalástæða fyrir löggildingunni er sú, ef höfnin er betri en þær, sem næst liggja, en það er enn þá óvíst; sje svo, skal jeg vera manna fúsastur að greiða atkvæði með, að staðurinn sje löggiltur.

Þingmaður Skagfirðinga talaði um aptur halds menn, og beindi því til mín. Jeg vil segja honum, hvað jeg álít framhald og framför í verzlunarefnum. Það er, að atvinnuvegirnir sjeu bættir og vörumagn landsins aukið, vörurnar gjörðar betri, svo verð þeirra hækki, gufuskipsferðir og samgöngur auknar, og ljett sje fyrir öllum landsbúum flutningum á allri þungavöru, eins og gjört er með siglingaleyfinu í lögunum 7. nóv. 1879; að öllu þessu hef jeg reynt að styðja, en þó þingmaðurinn hlynni að löggilding á smákaupstaðarholum, þá kalla jeg það ekki framför, sízt meira en framför í því smáa.

Holgeir Clausen: Þar sem þingmaður Skagfirðinga minntist á Ólafsvík, þá ímynda jeg mjer, að hann hafi aldrei komið þangað, en jeg hef komið í Hofsós, og veit, hvernig þar hagar til. Hafi hann þangað komið, segi jeg hann þangað velkominn aptur, og þá getur hann fengið þær upplýsingar, sem hann nú vantar.

Jón Ólafsson: Jeg vildi minna hinn háttvirta samþingismann minn á, að hann ekki alls fyrir löngu var með því, að löggilda Hornafjarðarós og Vestdalseyri, sem þó ekki lágu langt frá öðrum kaupstöðum, en af því að það var Gránufjelagið, sem ætlaði að byggja þar, þá var ekkert á móti því. Jeg vil spyrja minn háttvirta samþingismann úr Suður-Múlasýslu, hvort eigi sje mótsögn milli þess, sem hann talar hjer sem þingmaður, og hins, hversu hann hreytir sem kaupmaður. Hann segir hjer sem þingmaður. «Skagfirðingar hafa nóg hestarúð; jeg vorkenni þeim ekki að ríða út á Hofsós» og svo prjedikar hann, að höfnin sje ófær á Kolkuósi; en á þessu sama augnabliki, sem hann segir þetta hjer í salnum, liggur spekúlantsskip frá honum sjálfum á Kolkuósi; sem kaupmaður vorkennir hann þá Skagfirðingum; fyrir spekúlantsskip *hans* er höfnin nógu góð. Hvernig stendur á þessu? Er hann hræddur um, ef löggilt verði höfnin, þá komi þar annar kaupmaður og setji fasta- verzlun, og að þá dragi frá lausa-

kaupaskipi Gránufjelags? Jeg ber honum enga eigingirni á brýn; jeg efa ekki hann vilji hjer sem optar hið bezta; annað mál er, hversu honum tekst, og óneitanlega er hjer einhver mótsögn hjá honum.

Benidikt Sveinsson: Það er eins og hinum 1. þingmanni Suður-Múlasýslu geti aldrei úr minni liðið það óhappaverk eða ólánsstig, eins og hann lítur á öll þessi mál um uppsiglingarfrelsið og stofnun kauptúna hjer á landi, að Kópaskersvogur var löggiltur. Jeg vil benda honum á, að síðastliðið vor horfði til mestu bjargræðisvandræða í Norður-Þingeyjarsýslu, einmitt í þeim hreppum í Axarfirði og Kelduhverfi, sem sækja áttu bjargræði sitt til Raufarhafnar norður á bóginn og Húsavíkur vestur á bóginn; því vegir voru ófærir yfir Tunguheiði og Hólsstig, svo menn komust hvorki á Raufarhöfnje Húsavík. Jeg segi: Það hefði orðið almennur bjargarskortur, svo til verulegra vandræða hefði komið, ef hjálp hefði eigi komið með því, að nauðsynja vörur urðu fluttar á Kópasker. Hefði nú verið farið að ráðum þingmannsins, svo að ekkert skip hefði þorað að koma á Kópasker, þá hefði það vel getað orðið til þess, að hans kæru Þingeyingar hefðu dáið úr hungri. Mín grundvallarregla er sú, og hefur jafnan verið og henni hika jeg mjer eigi að fylgja, að þingið eigi ekki að skipta sjer af, hvar verzlun er, og verzlunarstaðir, heldur lögleyfa þetta alstaðar. Það eru kaupmenn einir og ábyrgðarfjelögin, sem það á að vera komið undir. Jeg hika mjer því ekki við að greiða atkvæði með frumvarpinu, og ef hinn háttvirti 1. þingmaður Suður-Múlasýslu vildi koma fram með frumvarp, sem gjörði grundvallarreglu frumvarpsins almenna fyrir allt land, þá skyldi jeg vera honum þakklátur fyrir það og styðja hann í því eptir megni.

Jón Jónsson: Hinn háttvirti 1. þingmaður Suður-Múlasýslu talaði bæði í dag og í fyrra dag með þeirri stillingu, sem honum er lagin, og það er ætíð gaman að heyra menn tala með stillingu og ró. Hins vegar vona jeg, að hann játi, að vjer, sem fylgjum fram öðrum skoðunum en hann í verzlunarmálum, hafi hlýtt á hann með stillingu og ró bæði í dag og í fyrra-dag, þegar hann til færði hjer um bil hinar sömu ástæður gegn löggildingunni. Þó gátu ástæður hans eigi sannfært deildina um, að nauðsynlegt væri að neita Skagfirðingum um löggildinguna. Það var þingið, sem þá kvað upp dóm þann um ástæður þingmannsins, er samþingismaður minn gat um, og það er vonandi, að dómur þessi verði staðfestur í dag.

Þingið tók engan veginn í hitt eð fyrra nýja fasta stefnu í verzlunarmálum; það rýmkaði að eins nokkuð til; það var ekki almennt verzlunarfrelsi, sem þá var löggilt, og þingið sýndi sjálft, með því að löggilda 2 nýjar hafnir í hitt eð fyrra, að slík löggilding gæti eptir sem áður verið nauðsynleg. Löggilding hafna hefur aðra þýðingu, en að heimila brennivínssölu þar á staðnum. Hún er skilyrði fyrir því, að þangað geti komið timburkaupmenn, og sauða- og hestakaupmenn. Þess vegna getur maður með sanni kallað þá, sem berjast gegn nýjum verzlunarstöðum, apturhaldsmenn, því hvernig getur maður betur bætt atvinnuvegi landsins og eflt framfarir þess, en með því að ljetta mönnum aðflutninga? Þegar talað var fyrir 30 árum síðan um að löggilda Sauðárkrók, þá átti Hofsós að vera eina höfnin á Skagafirði; þangað áttu menn að vera skuldbundnir til að sækja nauðsynjar sínar, þrátt fyrir vegalengd og ferjuvötn; og nú virðast apturhaldsmenn að hafa tekið hið sama ástfóstur við Sauðárkrók, og þeir þá höfðu við Hofsós. Þeir vita, að Hofsós er á förum, síðan verzlun eflidist á Siglufirði, og nú eiga Skagfirðingar allir að vera bundnir við Sauðárkrók, þó allar líkur sjeu fyrir, að öflug verzlun geti þrifizt við Kolbeinsárós. Þar var aðalböfn Skagfirðinga til forna, og þingmaður Suður-Múlasýslu verður sjálfur að játa, að skipalegan er ekki verri þar en á Hofsós, þar sem hins vegar helmingi fleiri bændur mundu sækja verzlun að Kol-

beinsárós, en við Hofsós. Blönduhlíðingar allir munn þá ekki taka í mál að sækja vörur sínar yfir 2 ferjuvötn vestur að Sauðárkrók, og þeir menn, er búa fyrir norðan Kolbeinsá, munu, ef brúin, sem þingmaðurinn talaði svo mikið um, kæmist á Kolbeinsá, eiga eins hægt með að sækja verzlun suður yfir hana, og Blönduhlíðingar mundu fá með að sækja norður yfir hana.

Halldór Kr. Friðriksson: Jeg tek mjer ekki nærri, þótt 2. þingmaður Skagfirðinga eða aðrir þingmenn kalli mig apturhaldsmann; jeg er orðinn því alvanur. En jeg mun tala af sannfæringu um það, hvað landinu muni til gagns, og það er sannfæring mín, að það sje gagnslaust að löggilda þessa höfn, sem hjer ræðir um. Jeg hef ávallt verið á móti löggildingu smákauptúna, því að af því leiðir prang, og vörurnar verða dýrari, og verða að verða dýrari í hinum mörgu smákaupstöðum en í færri og stærri kaupstöðum (*Jón Ólafsson*: Nei). Þingmaðurinn þarf ekki að segja mjer það; jeg þekki það betur en hann. En það var annað, sem hann sagði í ræðu sinni, það að kaupmenn ættu sjálfir að ráða kaupstöðunum. Hefur nokkur kaupmaður beðið um, að reisa verzlunarhús við Kolbeinsárós ?(*Jón Ólafsson*: Popp). Þess hefur alls ekki verið getið. Skagfirðingar ætla víst ekki að stofna þar verzlun. Að biðja um löggildingu á þess konar stöðum, þar sem aldrei verður verzlun stofnuð, er hjegómi einn. En það er og annað atriði atbugavert við þetta. Eigandanum verður ekki boðið, að selja landið undir kaupstaðinn, ef hann er ekki fús á það. Þorlákshöfn var líka löggilt, en þegar átti að reisa hús þar, sagði bóndinn nei (*Jón Jónsson*: Þar var byggt áður). Jeg segi nei. Þar var ekki byggt; og að vera svo að löggilda þessa staði, sem enginn biður um, og enginn reisir hús á, það er að gjöra háð að löggjafarvaldinu. Aðrar ástæður þarf jeg ekki að taka fram; það hefur verið gjört af öðrum.

Tryggvi Gunnarsson: Jeg ímynda mjer, að þingmenn sjeu orðnir leiðir á umræðunum þetta mál, og skal jeg því ekki vera langorður. Jeg ætla einungis að leiðrjetta hinn heiðraða samþingismann minn, eða skýra honum frá því, hvers vegna jeg var með því á síðasta þingi, að Hornafjarðarós yrði löggiltur. Það var vegna vegalengdarinnar fyrir þau hjeruð, sem hjer eiga hlut að máli, því þau þurftu að sækja vörur sínar til Eyrarbakka á annan bóginn, og til Djúpavogs á hinn bóginn. Á Papós er ljeleg höfn og varla teljandi; skip hafa opt rekið þar í land, en sjaldan þó brotnað, því þar eru víða sandar. Af þessum ástæðum virtist mjer nauðsyn til bera, að Hornafjarðarós væri löggiltur, enda er þar höfn ágæt, en varasöm innsigling. Vestdalseyri er enginn nýr verzlunarstaður; þar voru verzlunarhús búin að standa í mörg ár, áður en Gránufjelag byrjaði verzlun sína.

Viðvíkjandi því, sem hann sagði, að skip Gránufjelagsins lægju nú á Kolbeinsárós, þá vitnar það einmitt um það, að umráðamaður þess er eigi eigingjarn, þegar hann mælir móti löggildingu, því það mundi þó einmitt honum í hag, að Kolbeinsárós væri löggiltur, svo hann mætti verzla á höfninni með vínföng o. fl. En jeg ætla ekki að fara fleirum orðum um þetta einstaklega. Jeg skýt því til deildarinnar að endingu, hvort ekki sje rjettara, að bæta inn í lögin frá 7. nóv. 1879, eða þá að öðrum kosti að þingið *ekki* löggildi hafnir fyr, en tveggja ára reynsla er komin fyrir því, að höfnin sje góð og töluverð verzlun vilji leita þar að.

Þá höfðu 11 þingmenn beðið, að umræðunum væri hætt, og var það samþykkt. Síðan var frumvarpið samþykkt með 17 atkvæðum gegn 1, og kvað forseti það mundu sent efri deildinni.

FYRSTA UMRÆÐA Í EFRI DEILD,
á 13. fundi, 20. dag júlímánaðar.

Sighvatur Árnason: Hinum heiðruðu deildarmönnum er kunnugt, að þetta frum-

varp kom fyrir þingið 1879, og var þá mikið rætt um það, en fjekk þó ekki framgang. Helzt held jeg, að frumvarpinu hafi verið til fyrirstöðu, að nægar skýrslur vantaði heiman að; þingmenn muna, ef til vill, að jeg var þá málinu meðmæltur, en játaði þó, að nægilegar skýringar hefðu ekki fram komið. Jeg hef heldur ekki nú sjeð neinar upplýsingar koma fram, og væri því æskilegt, ef einhver, sem er þar kunnugri en jeg eða hefði eitthvað meðferðis málinu til upplýsingar, kæmi fram með það. Jeg ímynda mjer helzt, að þingmaður Strandasýslu sje kunnugur þar, og geti gefið upplýsingar; því að þegar mál koma aptur og aptur, ár eptir ár, og standa svona á takmörkunum að fá framgang, þá ímynda jeg mjer, að sýslunefndin í Skagafjarðarsýslu ljeti ekki sinn hlut eptir liggja að gefa skýrslur þær, sem með þurfa, ef þetta er velferðarmál fyrir sýsluna.

Pjetur Pjetursson: Jeg er hinum háttvirta þingmanni Rangæinga samdóma bæði um það, sem allir vita, að þetta kom fyrir þingið 1879, en komst þá eigi í gegn, og líka hitt, að skýrslur vantar, að minnsta kosti hef jeg ekki sjeð neinar skýrslur, sem sýni, að þetta sje áhugamál nema einstakra manna. Jeg skal ekki vera langorður um þetta mál, en vil láta þá skoðun mína í ljósi, einkum þar eð jeg er nákunnugur í Skagafirðinum, að mjer finnst engin nauðsyn á að setja nýja kaupstaðarholu við Kolbeinsárós, því síður sem verzlunin í Sauðárkrók er allt af að eflast, og þar sem 4 kaupstaðir verða í sýslunni, ef þessi kemst á, þá sje jeg ekki nauðsyn á að bæta þessum 4. við, enda mun vörumagnið í Blönduhlíðinni ekki nægilegt til þess, að þessi kaupstaður geti þrifizt. Allir vita, hvað skaðlegt er, að koma upp svona kaupstaðarbolum, sem verða blóðsugur á vetrum, þegar engin verzlunarkeppni er. Eptir stöðu minni álít jeg skyldu mína að tala í máli þessu; svoleiðis stendur sem sje á, að í Kolbeinsárósum, þar sem talað er um að löggilda höfn, er hólmi, sem heitir Elínarhólmi, að eins hjer um bil 20 faðma frá landi; þar er æðarvarp mikið, og er það eitt af beztu hlunnindum Viðvíkurprestakalls. Það kom fram við umræðurnar hjer á þingi í hitt eð fyrra, að naumast yrði lagt skipum á höfnina nema því að eins, að þau væru fest við hólmann, þar eð höfnin er bæði þröng og norðanveður þar háskaleg; jeg hef þó heyrt, að í sumar hafi skip legið þar frá Gránufjelaginu, sem ekki kvað hafa fest sig við hólmann, en þá hljóta að hafa verið stillingar og skipið að eins legið lítinn tíma. Jeg skal og geta þess, að jeg hef heyrt, að skipstjórinn, sem legið hafði skipi sínu á Kolkuós, hafi sagt, að hafnirnar væru allar slæmar í Skagafirði; jeg veit líka, að þar er sæbratt og illt að skipa vörum upp og út, og álít jeg því engin tök að setja þar verzlunarstað. Í Hofsós er líka verzlað, og er ekki nema rúm tímareið þaðan og til Kolkuóss. Það er allt öðru máli að gegna, þó að settir sjeu smákaupstaðir í víðlendum sýslum og þar sem örðugt er að bæta vegi, en það á sjer ekki stað í Skagafirði, því að þar eru ágætir vegir og stutt til kaupstaðanna. Jeg er hræddur um, að varpið í Elínarhólma muni eyðileggjast, ef verzlun kemst þar á; útlendir sjómenn eru ekki svo nærgætnir og þekkja ekki skaða þann, sem þeir gjöra, ef þeir ræna eggjum eða jafnvel dún, og geta þannig eyðilagt varpið; landssjóðurinn verður þá að taka ábyrgð fyrir skaða þeim, sem prestakallið getur orðið fyrir, og jeg áskil mjer það, ef frumvarp þetta verður að lögum.

Benidikt Kristjánsson: Jeg verð að sanna margt af því, sem hinn 1. konungkjörni þingmaður sagði, þó að jeg sje á öðru máli í þessu. Það er alveg víst, að Elínarhólmi er skammt frá landi, og það getur vel verið, að til þess að skipið geti legið tryggt, hvaða veður sem kemur, þá sje betra að hafa festar í hólmann, en jeg held, að mjer sje óhætt að fullyrða, að það hefur ekki verið gjört hingað til. Að hinu leytinu eru litlar líkur til, að varpið

muni eyðast, þótt svo væri gjört; jeg get fært til fleiri en eitt dæmi til þess, að varp hefur ekki skemmzt, þó að skipalægi sje nálægt því; jeg skal að eins nefna Raufarhöfn og Vopnafjörð, þar sem skipin eru fest við varphólmana; þá er Engey ekki langt frá Reykjavíkurhöfn, og þó hefur varp aukizt þar stórum á seinni árum, þó að skipin, ef til vill, ekki hafi gætt allrar varúðar sem skyldi, til þess að fæla ekki fuglinn. Það hefur ekki þurft uppsiglingarinnar með, til þess að skemma varpið í Elínarhólmi; jeg hef heyrt, að strákar hafi í vor eytt varpinu í hólmanum, að því leyti sem stórviðrin og hörkurnar í vetur ekki gjörðu það. Þetta er hægt að gjöra, þar sem lítil er umferð, en þegar mannmargt er í nánd við varpið, þá er það örðugra. Uppsigling hefur hvergi, þar sem jeg þekki til, skemmt varp. Ekki er það heldur Blönduhlíðin ein, sem getur rekið verzlun sína við Kolbeinsárós; það eru fleiri sveitir, sem mundu nota kaupstaðinn, og að menn nú vilja löggilda Kolkuós, er ekki sprottið af því, að hann liggi nær sveitunum en Hofsós og Grafarós, heldur hitt, að þar eru ótryggar hafnir, sem liggja svo að segja fyrir opnu hafi, og sem einkum eru hættulegar í útnorðurátt. Jeg hef talað við mann, sem var við rannsókn á Kolkuós, og var hann bæði kunnugur sjómannafræði og skipstjóri góður. Hann sagði, að þessi höfn væri hin langtryggasta í öllum Skagafirði, og það er þetta, að höfnin er svo trygg, sem liggur til grundvallar fyrir, að menn vilja löggilda staðinn. Á Sauðárkrók er, eins og allir vita, ótrygg höfn; þar er ekkert skjól gegn norðan-, norðaustan- nje útnorðan-veðrum; hið eina ráð til að gjöra höfnina þar trygga, væri að hlaða garð fyrir utan hana, en slíkt verk er mikið stórvirki, og mun naumast tilvinnandi, þótt nú sje í ráði haft. Það er bæði af almennum og sjerstaklegum ástæðum, að jeg styrki þetta mál; getur vel verið, að upplýsingar sjeu ekki fengnar nægilegar, en deildinni ætti að vera orðið þetta mál nokkurn veginn kunnugt, þar sem það hefur áður komið fram á þingi, og mikið verið rætt um það. Jeg vil því leggja til, að málið fái að ganga til 2. umræðu, svo að mönnum gefist tækifæri á, að ganga úr skugga um, hvort engar upplýsingar fást. Jeg veit ekki, hvort málið var fellt síðast, af því að upplýsingar vantaði, eða af því, að menn þóttust ráða það af upplýsingunum, sem fram komu, að ekki væri tiltækilegt að löggilda þar höfn; en það man jeg, að einn þingmaður sagði, að þar væru marflær margar, en marflær munu naumast granda járnkeðjum og jafnvel ekki köðlum, því að nú eru menn hættir að binda skip við lönd með svarðreipum. Jeg fyrir mitt leyti vildi helzt, að þingið í eitt skipti fyrir öll semdi lög um, að hverju skipi leyfðist að sigla upp á hvaða höfn sem er, ef það að eins áður greiddi tollskil og sóttvarnir á þeim stöðum, sem nú er ákveðið með lögum. Ef þetta er gjört, þá koma ekki lengur bænir um löggilding kauptúna til þingsins, en meðan það er ekki gjört, þá ætti þingið að veita biðjendunum svona litla bæn; mjer finnst þingmenn ekki geta gjört sig að lögráðamönnum fyrir bændur og kaupmenn, og sagt: þarna má höfn vera, en þarna ekki.

Stefán Eiríksson: Jeg skal ekki vera langorður um þetta mál. Þingmaður Norður-Þingeyinga hefur tekið fram, að mál þetta hafi komið fyrir þingið 1879, og fjekk það þá misjafnan dóm; einkum þótti uppsiglingin óhafandi, en engar verulegar sannanir komu þá fram fyrir því. Mjer finnst aptur á móti nóg sönnun fyrir því, að höfnin sje að minnsta kosti þolanleg, þegar menn þora að senda þangað óassúreruð skip, áður en löggilt er, eins og hefur verið gjört í sumar. Ef maður lítur á málið frá því sjónarmiði, að í sýslunni eru 3 kaupstaðir fyrir, þá virðist ónauðsynlegt að fjölga þeim; en þar sem hinn 1. konungkjörni þingmaður gat þess, að skipstjóri, sem hefði komið á Kolbeinsárós, hefði átt að vera spurður um, hvernig höfn sú væri, og þá hefði hann átt að svara, að allar hafnir í Skagafirði væru óbrúkandi, þá hefur skipstjórinn eflaust

meint þessar 3 löggiltu hafnir, því jeg skil varla, að hann hafi getað meint Kolkuós, sem enn er ólöggiltur, og þetta sýnir, að hafnir þær, sem fyrir eru í Skagafirði, eru lítt brúkandi. Þingmaður Norður-Þingeyinga gat þess, að varphólmi væri við Vopnafjörð; það er satt, og skipin eru fest í varpeyjuna; jeg veit ekki betur, en að varpið blómgist þar vel, og faktorinn sjái um eyjuna; eins mætti hafa umsjónarmann yfir Elínarhólma, og ef skemmt verður, þá eru til ströng lög gegn þess háttar, svo að taka má menn fyrir, ef sannast upp á þá, að þeir spilli varpinu. Þegar eitthvert mál kemur svona ár eptir ár til þingsins, og menn sjá, að það er áhugamál þeirra, sem hlut eiga að máli, þá ætti þingið ekki að vera svo ófrjálslynt að leyfa það ekki, og vera ekki að kosta fleiri krónum upp á það en þarf. Ef höfnin er ófær, þá kemur þangað enginn. Kópaskersvogur kom opt fyrir þingið og hafðist loks fram eptir mikil harmkvæli og margra króna kostnað fyrir landið. Jeg vil því helzt óska, að mál þetta komist sem fyrst fram, og að minnsta kosti verði því leyft að ganga til 2. og 3. umræðu.

Einar Ásmundsson: Þó að tveir þingmenn hafi mælt með frumvarpi þessu, þá er jeg í miklum vafa um, hvernig jeg á að greiða atkvæði mitt. Jeg álít það á einn bóginn alveg rjett, að landsmenn megi hafa verzlunarstaði svo marga, sem þeir vilja og geta. En það dregur dilk á eptir sjer, að löggilda mjög margar hafnir. Löggiltar hafnir eru ólíkar öðrum höfnum í því, að skip mega koma þangað beinlínis frá öðrum löndum, og útlendir lausakaupmenn verzla þar, en þá sýnist nauðsynlegt, að einhver umsjón til sóttvarna og tollgæzlu sje þar, sjer í lagi ef tollum er fjölgað, eins og mikil líkindi ern til að gjört verði. Það er athugavert að opna þannig fjölda-margar hafnir fyrir skip, sem koma beint frá útlöndum. Hin útlendu skip geta flutt með sjer ýmsar banvænar sóttir, bættulegar fyrir líf manna og heilsu; tollsvik eru sök sjer, en sóttir eru verri. En ef þingið vill nú vera sjálfu sjer samkvæmt, þá verður það annaðhvort að veita áheyrn öllum bænum um löggildingu kauptúna eða engum framar, enda sýnist mjer litil þörf á því, þar sem allar strendur landsins eru nú löggiltar til innanlands-verzlunar, og þessi sjerstaklega löggilding kemur mest útlendum mönnum í hag. Ef þingið löggildir Kolbeinsárós og Hesteyrarfjörð, þá hef jeg einhverstaðar í vitum mínum bænarskrá frá nokkrum kjósendum mínum, um að löggilda verzlunarstað í Grímsey. Jeg skal játa það, að mjer sýnist gagnslítið, að löggilda þann stað, en ef sú stefna verður ofan á í þinginu, að löggilda þessar hafnir, þá ber jeg það mál fram, og þingið getur langt um síður neitað Grímseyingum um löggildinguna, þar sem ey þeirra liggur norður í hafi, 6 mílur frá landi og 12 mílur frá Akureyri. Það verður að líkindum varla mikið gagn að, þó að Grímsey sje löggilt, en það er líka óvíst, hvaða gagn leiðir af löggilding Kolbeinsáróss. Jeg fer ekki að tala um, hvernig höfnin er; hún má gjarnan vera góð, og hún má gjarnan líka vera ófær; skip annaðhvort koma þangað eða koma ekki. Það er mikið mein fyrir Skagfirðinga, hvað illt er þar til hafna, en það bætir lítið úr skák, hvað margar líttnýtar hafnir sem löggiltar eru þar í firðinum. Menn skyldu þó ætla, að þær skástu hafi verið löggiltar fyrst, og þær, sem bezt lágu við, en annars ætla jeg, að þar sje hver silkihúfan upp af annari.

Ásgeir Einarsson: Jeg hef lengi setið og góðs beðið. Það hefur verið skorað á mig, að gefa upplýsingar þær um mál þetta, sem jeg gæti og sem vöntuðu á seinasta þingi. Sumir kenndu mjer og öðrum um, að málið fjell á seinasta þingi, og þótti mjer því ómannúðlegt að benda mönnum ekki á, hvernig málið skyldi búa til næsta þings. Jeg skrifaði því sýslumanninum í Skagafirði til, þegar verið var að mæla Húnaflóa, og sagði honum, að, ef þeir vildu fá verzlunarstað á Kolbeinsárós, þá skyldu þeir nú fá þessa sömu menn, til þess að mæla

höfnina þar; jeg ímyndaði mjer, að, ef að þeir mæltu, þá mundi það verða tekið gildara, heldur en ef einhverjir skipstjórar úr nærliggjandi kaupstöðum, sem ef til vill væru álitnir hlutdrægir í málinu, færu að mæla; en herskipið kom ekki á Skagafjörð, svo þessu varð ekki við komið, þó menn hefðu viljað. Jeg ritaði og sýslumanninum, að það hefði nú verið eitt, sem menn á síðasta þingi hefðu haft á móti löggildingunni, að það mundi spilla varpiuu í Elínarhólma; þess vegna sagði jeg, að þeim væri hezt að fá einhverja tvo varpfróða menn til þess að skoða, hvort uppsiglingin mundi hafa nokkra hættu í för með sjer fyrir varpið, og ef svo væri, hvort þá ekki mætti koma upp varpi á tanganum, sem gengur fram með höfninni, því að kunnugur maður hafði dregið upp á brjef fyrir mig höfnina og landið þar í kring, og sagðist hann álíta, að ekki væri annað en girða fyrir ofan tangann, þá mundu menn geta fengið varp þar með tíma. Svo benti jeg sýslumanninum á, að ef sýslunefndin áliti hentugt, að kauptún væri löggilt á Kolbeinsárós, þá skyldi hún mæla með því til þings. Upp á þetta brjef hef jeg ekkert svar fengið; en í vor hitti jeg Gunnlaug, son sýslumannsins, og spurði hann, hvort þetta mál hefði ekki komið til tals á sýslunefndarfundi. Hann kvað svo mundu vera, og sagði, að brjef mitt hefði verið lesið þar upp, en sýslunefndin hefði ekki fundið ástæðu til að mæla með löggildingunni. Síðan skrifaði jeg prófastinum í Skagafjarðarsýslu um, að hann skyldi gangast fyrir, að skýrsla yrði gefin um varpið; upp á það brjef hef jeg heldur ekkert svar fengið. Nú þegar mál þetta kom á gang í neðri deildinni, þá fann jeg 1. þingmann Skagfirðinga, og spurði hann, hvort hann hefði nokkra skýrslu eða bænarskrá eða tillögu frá sýslunefndinni um að fá löggilta höfn við Kolbeinsárós. Hann kvað nei við, en sagði mjer, að sú eina ástæða, sem gæti gengið fyrir öllum mótspyrnum, væri sú, að þar væri óyggjandi hausthöfn; hann sagðist efast um, að gufuskip, sem kæmi, ef til vildi, að sækja fjenað, mundi leggja það á hættu, að liggja þar á haustdag; en á Selvík, sem er utan við Skagafjörðinn vestan til, og ekki nema 4 tíma reið frá Sauðárkrók og þangað, sagði hann að væri óyggjandi höfn, svo að hægt væri að reka fje þangað hæði úr Skagafirði og Húnavatnssýslu, og þar þyrfti ekki að löggilda til annarar verzlunar en til fjársölu til Englendinga, því að gufuskip þyrftu að eins að koma þangað til þess að taka fjenað. Jeg sagði honum, að ef að Kolkuós væri nú löggiltur, og svo Selvík kanske síðar, þá mundi mönnum nú fara að þykja nóg um kaupstaðina kring um Skagafjörð. Jeg get ekki sagt, að mjer hafi farizt illmannlega í þessu máli; jeg hef skrifað merkustu mönnum, til þess að reyna að fá skýrslur, og þó að jeg geti engar fengið, þá gef jeg ekki atkvæði mitt í blindni. Jeg vil, að menn leyfi frumvarpinu að ganga til 2. umræðu; það gæti verið, að upplýsingar kæmu fram, og jeg beiddi þingmann Skagfirðinga að gefa mjer upplýsingar, sem hann gæti, svo að þær gætu komið til 2. umræðu. Jeg vona þó, að verði gengið samvizkusamlega að þessu máli en ekki hrapað að því of fljótlega.

Eptir áskorun 5 þingmanna, þeirra:

Árna Thorsteinsonar,
Stefáns Eiríkssonar,
Pjeturs Pjetursonar,
Sighvatar Árnasonar og
Jóns Pjeturssonar,

var þá samþykkt að hætta umræðunum, og málinu skotið til 2. umræðu með 9 atkvæðum.

ÖNNUR UMRÆÐA Í EFRI DEILD,

á 16. fundi, 23. dag júlímánaðar.

Pjetur Pjetursson: Jeg skal leyfa mjer að geta þess, að síðan mál þetta kom sein-

ast til umræðu, þá befur presturinn til Víðvíkurprestakalls sent mjer brjef til alþingis, og jeg skal með leyfi forseta og þingdeildarmanna leyfa mjer að lesa brjefið upp:

«Eins og hinum háttvirtu þingmönnum er kunnugt, var á síðasta þingi borið upp frumvarp til laga um löggildingu á höfn við Kolbeinsdalsárós, en eins og kunnugt er, náði þetta frumvarp ekki fram að ganga. Þar eð jeg býst við, að nú á þessu þingi muni verða hreift við máli þessu aptur, skal jeg leyfa mjer að fara um það nokkrum orðum. Hvort þar muni geta orðið trygg höfn, þykist jeg ekki bær að dæma um, þó hygg jeg, að trauðla muni skip liggja þar að hausttíma til. Rjett fram undan, þar sem Kolbeinsdalsá rennur í sjóinn, liggur varphólmi, sem til heyrir prestssetrinu Víðvík; varpið í þessum hólma hefur árlega aukizt og varð það síðast liðið ár mest, sem það nokkru sinni hefur orðið, nefnilega 38 pd. Hólmi þessi hefur næga stærð til, að varpið í honum aukist mikið enn.

Ef skip lægju við Kolbeinsdalsárós, þá þyrftu þau einmitt að liggja fast innan við hólmann, því þar er sá einasti staður, sem nokkurt afdrep er fyrir hafátt, og er það þá mjög líklegt, að slíkt mundi hafa skaðleg áhrif á varpið í hólmanum, jafnvel þó allrar varhyggðar væri gætt.

Vegna hins framanskrifaða skal jeg leyfa mjer að fram bera þá ósk mína fyrir hið háa þing, að finni þingið ástæðu til að löggilda þennan stað sem höfn, að það þá jafnframt sjái Víðvíkur- og Hólabrauði fyrir þeim skaðabótum, sem það annaðhvort álítur nægilegar, eða eptir mati óvilhallra dómkvaddra manna.

Víðvík 1. júlí 1881
Virðingarfyllst
P. Jónsson.

Til
Alþingis 1881».

Jeg finn ekki ástæðu til að bæta neinu við í þessu máli að sinni.

Benidikt Kristjánsson: Jeg lái ekki hlutaðeigandi presti, þó að hann sje hræddur um, að varpið skemmist, ef uppsigling verður leyfð. En reynslan hefur sýnt, eins og jeg hef áður tekið fram, að það þarf engin hætta að verða fyrir varpið. Jeg skal máli mínu til frekari skýringar taka enn eitt dæmi. Jeg ætla, að varphólmi sje á Skagaströnd rjett hjá skipalæginu þar, og reynslan sýnir, að það er svo langt frá, að varpið hafi skemmzt í hólma þessum, heldur þvert á móti kvað það hafa aukizt hin síðari ár.

Ásgeir Einarsson: Þingmaðurinn tók til dæmis varphólma á Skagaströnd. Jeg held, að jeg sje nú eins kunnugur þar, eins og hann, og veit það, að sá hólmi liggur fjær höfninni, heldur en Elínarhólmi. Það er líka munur á, þar sem fuglinn er upp alinn og umgangur er vanur að vera. Það eru tveir varphólmarnir í Strandasýslu við Kollafjörð og þegar róið er fram hjá öðrum hólmanum, þá flýgur fuglinn upp, af því að sá hólminn liggur fjær og þar er fuglinn ómannvanur, en í hinum situr hann kyrr, þó róið sje nærri. En jeg gjöri nú ekki mikið úr þessu; jeg gjöri meira úr því, hvað skipsmenn eru ófyrirleitnir, en einu gjöri jeg mest úr, og það er það, að varpið er að aukast í Elínarhólma. Kunnugur maðnr sagði mjer, að tangi væri við höfnina hjá Kolbeinsárós, sem mætti fá varp á, ef hann væri afgirtur; það kom mjer til að skrifa sýslumanninum, að fá einhverja varpfróða menn til þess að skoða varpið, og sjá, hvort ekki mætti koma því á þennan tanga. Jeg get ekki sjeð, hver nauðsyn er á því, þegar deildin felldi þetta mál síðast á þingi, að fara nú eptir 2 ár að löggilda staðinn. Jeg hef allt af mælt með löggildingum, nema þessari, og jeg segi það satt: jeg get ekki með góðri samvizku mælt með

því, meðan ekki koma fram neinar upplýsingar og engin ósk frá hlutaðeigandi sýslubúum. Jeg vil heldur ekki fyrir mitt leyti þurfa að brjóta eiðinn að stjórnarskránni, og jeg ímynda mjer, að það veitti ekki af að vinna eiðinn að stjórnarskránni tvisvar, eins og margir vildu í byrjun þingsins, ef menn nú ætla að fara að löggilda Kolbeinsárós. Það gæti og orðið hjeraðinu sjálfu að baga, og þegar ekki einn stafur hefur komið til meðmælingar frá sýslunefndinni, sem jeg vissi þó að harst hrjef mitt í hendur, þá er það ábyrgðarhluti fyrir deildina að fallast á það. Málið hleypur heldur ekki undan, þó að það bíði til næsta þings.

Stefán Eiríksson: Jeg skal ekki tefja tímann með löngum ræðum í þetta sinn; það er búið að ræða þetta mál svo mikið, að það er þýðingarlaust. Jeg get ekki láð prestinum, þó að hann haldi, að varpið minnki eða skemmist; það getur verið og getur verið ekki; en jeg hygg, að ef presturinn á land að sjó, þar sem kaupstaðurinn á að standa, þá sje honum innanhandar, að setja svo hátt lóðargjald, að honum sje skaðinn fullkomlega bættur, ef varpið spillist, eða þá að setja vörð, svo að það spillist ekki; með því líka að eptir þeim lögum sem nú eru um uppsiglingar, getur hver fastakaupmaður sent þangað skip árlega, án þess presturinn viti það, en væru þar byggð verzlunarhús, þá er jeg viss um, að presturinn getur komið sjer svo saman við manninn, sem byggir þar, að hann sjái um hólmann.

Benidikt Kristjánsson: Jeg er samdóma þingmanni Skaptfellinga í þessu efni. Því hefur verið hreift bæði áður og nú síðast af þingmanni Strandasýslu, að upplýsingar vantaði um þessa höfn; hann skýrði og frá, að hann hefði leitað eptir upplýsingum, en ekki fengið; en hann fór í geitarhús að leita ullar. Hann fór til sýslunefndarinnar, en sýslunefndinni heyrir málið ekkert til; hann fór til sýslumanns, en sýslumann snertir málið ekkert, og þar að auki er tengdasonur sýslumannsins verzlunarstjóri við Skagafjörð; hann fór að síðustu til prófasts, en prófasti kemur málið ekkert við, og þar að auki er sonur prófastsins líka verzlunarstjóri við Skagafjörð. Hvorugur hefur látið málið til sín taka, og því ekki álitið, að þyrfti að svara. En það er upplýsing komin, þar sem menn vita, að skip liggja þar á hverju sumri, og er það næg sönnun fyrir, að skip geti legið þar.

Eptir áskorun 3 þingmanna, þeirra:

Árna Thorsteinsonar,
Sighvats Árnasonar,
Sigurðar Melsteðs

var samþykkt að hætta umræðunum, og frumvarpið samþykkt með 6 atkvæðum gegn 5, að við höfðu nafnakalli, þannig að

já sögðu:

Benidikt Kristjánsson,
Árni Thorsteinson,
Jón Pjetursson,
Sighvatur Árnason,
Skúli Þorvarðarson,
Stefán Eiríksson.

Nei sögðu:

Magnús Stephensen,
Ásgeir Einarsson,
Einar Ásmundsson,
Pjetur Pjetursson,
Sigurður Melsteð.

Var síðan samþykkt með 6 atkvæðum, að málið gengi til 3. umræðu.

ÞRIÐJA UMRÆÐA Í EFRI DEILD,
á 18. fundi, 26. dag júlímánaðar.

Ásgeir Einarsson: Þegar mál þetta var hjer seinast til umræðu, þá var jeg búinn að biðja um orðið, þegar nokkrir deildarmenn álitu tíma til kominn að hætta umræðunum, í því skyni að svara því, sem þingmaður

Norður-Þingeyinga hafði talað, með fáeinum orðum, ekki eingöngu af því, að mjer þætti ræða hans gjöra áhrif á málið, heldur af því, að mjer fannst hann koma með nokkuð óskiljanlegar hugmyndir, og ganga of nærri sumum heiðursmönnum. Hann sagði, að jeg hefði leitað upplýsinga en ekki fengið; það hefði heldur ekki verið von, því að jeg hefði leitað ullar í geitarhúsi; þetta er eitt af því óskiljanlega, sem hann sagði. Hann sagði, að jeg hefði farið til sýslunefndarinnar að leita upplýsingar, en henni hefði ekki komið málið við; jeg hefði farið til sýslumanns, en hann hefði málið ekki snert, og þar að auki væri faktorinn við Skagafjörð tengdasonur hans; loksins hefði jeg leitað til prófasts, en honum hefði málið ekki komið við heldur en hinum, og þar að auki væri annar faktorinn við Skagafjörð sonur hans. Vill þingmaðurinn skýra mjer og sanna, að engum þessara komi málið við, og að þeir hefðu ekki gefið bendingar, ef þeim hefði þótt málið áríðandi. Jeg veit ekki betur, en að öll velferðarmál, sem snerta sýsluna, komi undir sýslunefndina, og jeg man það, að þingmaðurinn hefur sjálfur verið í nefnd, sem hefur fellt mál af vöntun á skýrslum frá sýslunefndinni, og ekki hefur hann enn látið í ljósi ágreiningsatkvæði um það nefndarálit. Jeg man og það, að þegar hinn 3. konungkjörni þingmaður var sýslumaður í Strandasýslu, þá var það honum að þakka, að Borðeyri var löggilt; sama er að segja um etazráð Ísleif, að þegar hann var sýslumaður, þá ljet hann sjer annt um öll velferðarmál sýslunnar, smá sem stór, og allir þeir sýslumenn, sem jeg hef þekkt, hafa ekki látið sjer velferðarmál sýslubúa óviðkomandi. Prófastinum skrifaði jeg til vegna varpsins, og jeg fyrir mitt leyti vildi ekki vera prestur í því prófastsdæmi, þar sem þingmaður Norður-Þingeyinga væri prófastur, ef hann hugsaði ekkert um það, þó að mestu hlunnindi brauðsins gengju bótalaust fyrir ætternisstapa; enda vona jeg, að prófasturinn hafi bent viðkomandi presti á hættu þá, sem vofði yfir hlunnindum brauðsins, og því hafi hann skrifað það brjef, sem var lesið upp síðast hjer í deildinni. Yfir höfuð held jeg, að þessar mótbárur þingmannsins hafi lítið verið málinu til bóta. En svo að jeg nú tali um málið sjálft, þá hef jeg opt lýst því yfir, að jeg hafi hvað eptir annað beðið þingmenn Skagfirðinga um upplýsingar. Loksins er nokkurs konar fundarhald lagt fram á lestrarsalinn, og er þar sagt, að fundur hafi verið haldinn, en ekki er þar undirskrifaður neinn fundarstjóri eða skrifari. Jeg vil ekki rengja það, að fundarhaldið sje satt, en eins hefði nú mátt skrifa það hjer fyrir sunnan, og nokkuð er það, að pappírinn er alveg óvelktur, og gæti það varla verið, hefði hann verið fluttur norðan úr landi. Svo er hægt að sjá, hve samkvæm hugsun er í þessu máli, þegar það er borið saman við önnur velferðarmál hjeraðsins. Fundargjörðin telur upp ýms áhugamál, og svo kemur undir fyrirsögninni «verzlunarmál»: «1. Kolkuóshöfn óskaði fundurinn löggilta sem fyrst. 2. Fundurinn óskaði, að aðgangur til lausakaupa yrði rýmkaður. 3. Fundurinn óskaði, að tilraun yrði gjörð til að bæta Sauðárkrókshöfn». Um þetta síðasta vissi jeg, þegar jeg fór frá Sauðárkrók, að var áhugamál manna, og sögðu þeir, að það væri ekki óvinnandi verk að hlaða garð fram í höfnina; en jeg vil spyrja, til hvers vilja menn vera að kosta til þess, ef menn sjá óyggjandi höfn á Kolkuós? Þeir óska að fá aðganginn til lausakaupa rýmkaðan, en jeg veit ekki hvernig; það verður víst ekki nema með því móti, að leyfa lausakaupmönnum að sigla upp á hverja höfn, en það kemur nú ekki þessu máli við; en það er hitt, sem mjer þykir undarlegt, að þeir skuli ímynda sjer, að fje sje lagt til að girða höfnina á Sauðárkrók, og vita þó, að Kolkuós er svo nálægt. Ef góð höfn er gjörð á Sauð-

árkrók, þá er óþægilegt að flytja fje austur fyrir Hjeraðsvötn, og það er spursmál um, hvort menn vilja vinna það til. »Jeg skal svo ekki tala meira að sinni, en að eins geta þess, að jeg hef alltaf farið og fer enn fram í þessu máli eptir beztu sannfæringu, og jeg ímynda mjer, að það sje ekki stór skaði skeður, þó að málið sje látið bíða, þangað til nægar upplýsingar fást og maður getur með vissu sjeð, að þetta er áhugamál allra, sem hlut eiga að máli, en vera ekki að hlaupa eptir einstakra manna vilja; því ef fáir sýslubúar kæra sig um, að Kolkuós sje löggiltur, hvar stöndum við þá? Jeg held, að það megi segja um þetta, eins og konungurinn sagði, þegar átti að lífláta son hans: »Það er allt af hægt að lífláta, en óhægra að lífga aptur».

Benidikt Kristjánsson: Jeg ber það traust til deildarinnar, að úr því svo langt er komið, að málið er hjer nú til 3. og seinustu umræðu, þá muni hún ekki fella það. Jeg get heldur ekki sjeð, að tilræði þingmanns Strandamanna sje svo hættulegt, að frumvarpið bljóti af því banvænt sár. Hann talar um, að það sje ekki almennur vilji í Skagafjarðarsýslu, að löggilda Kolbeinsárós, en hann veit þó sjálfur og segir sjálfur, að hann hafi lesið það í fundargjörð úr Skagafirði. Jeg trúði ekki mínum eigin eyrum, þegar hann virtist vilja tortryggja fundargjörðina; jeg hjelt, að þingmaðurinn hefði annaðhvort mistalað sig eða oftalað, af því að hjer er um þá menn að ræða, sem eru þingmenn eins og jeg; og jeg kýs mjer að haldast í þeirri vantrú. Þingmaðurinn hjelt, að ekki bæri að tala um það, að varpið gæti skemmzt í Elínarhólma, en um það, að það mætti koma á varpi á landi með því að færa það út á tanga, sem liggur fram með höfninni; en jeg held, og þori nærri því að fullyrða, að Viðvíkurprestakall eigi ekki tangann; hólminn er að ætlun minni að eins ítak, sem fylgir prestakallinu. Jeg legg ekki svo mikinn trúnað á það, að prófastur hafi gjört gott úr illu, að hann hafi nú loks vaknað og minnt prestinn á að gjöra sitt til að koma í veg fyrir löggildinguna; mjer stendur á sama, hvort það hefur verið af eigin eða prófastsins hvötum, að presturinn hefur skrifað, en jeg held þó heldur, að presturinn hafi gjört það af eigin hvötum, og prófastur hafi látið sjer það alveg óviðkomandi; jeg hef líka áður tekið það fram, að jeg lái ekki prestinum, þó að hann vilji vernda rjett síns brauðs, og ef jeg hefði verið prestur þar, þá hefði jeg gjört hið sama, ef jeg hefði verið hræddur um, að brauðið mundi nokkurs í missa við löggildinguna; en reynslan er búin að sýna, að varpið hefur ekkert skemmzt, þó að skip lægju þar. Það er svo margt, sem mönnum dettur í hug að framkvæma, og opt það, sem vantar bæði krónur og skynsemi til að framkvæma, og opt hafa skynsömum mönnum dottið í hug þær fyrirætlanir, sem eru með öllu óframkvæmilegar, en þess vegna ekki sinnt því, sem hendi var nær, og svo ætla jeg sje um hafnargarðinn, sem menn vilja byggja fyrir utan Sauðárkrók, sem ef til vill hefur deyft áhuga annara á því, að fá löggiltan Kolbeinsárós. Jeg lái ekki þeim mönnum, sem hafa sleppt Kolkuós, af því þeir vilja sem bezt tryggja Sauðárkrók; en maður má ekki að eins líta á bagsmuni þeirra, sem búa fyrir vestan Hjeraðsvötn, heldur einnig þeirra, sem búa fyrir austan þau. Mjer virtist þingmaður Strandasýslu tala um Kolkuós sem bezt lagaðan fyrir fjármóttöku á haustdag; ef svo er, þá á þingið ekki að synja um löggilding hans. Hann sagði, að þetta mætti enn bíða, en eptir hans skoðun er leiðinlegt að biðja lengi um það, sem lítið er; og ef þar er tryggara haustlægi en á nokkurri annari höfn í Skagafirði, þá er ekki óskandi, að þingið neiti þar löggildingu. Jeg treysti því, að Kolbeinsárós verði löggiltur þrátt fyrir mótmæli hins háttvirta þingmanns Strandasýslu, sem víst hefur bilast ef ekki sprengt sig á að fá Blöndnós löggiltan, því að svo öndverður hefur hann síðan verið löggildingum verzlunarstaða.

Sighvatur Árnason: Það hafa nú kom-

ið fram hjer í deildinni mjög tvískiptar meiningar; finnst mjer því skylda mín að gjöra grein fyrir atkvæði mínu. Jeg skal játa það, að jeg hef verið í nokkrum vafa út af því, sem fram hefur komið. Það er náttúriegt, að mótmæli komi frá hlutaðeigandi presti, eins og sjá má af brjefi því, sem upp var lesið, af því að hann er hræddur um, að varpið spillist; en á hinn bóginn skal jeg geta þess, að á síðasta þingi var jeg þessu máli blynntur, af því að þá lá fyrir almenn beiðni um þetta, en mótbárur voru hinar sömu sem nú. Jeg fæ eigi sjeð, að mótbárurnar sjeu eins voðalegar og menn ætla, af því að innsigling er þar leyfð nú eins og annarstaðar, og það ætti ekki að þurfa að skemma varpið, þó að hús sjeu þar byggð, úr því svo er komið. Það er og annað, að hverjum einum, sem hlut á að máli, er í sjálfsvald sett að taka það til greina í samningnum við þann, sem byggir, sem hann álítur nauðsynlegt, bæði með tilliti til landsins og sjerstakrar atvinnu, sem þar kann að spillast; og þetta er aðalástæðan, sem kemur mjer til að greiða atkvæði með málinu, að jeg bef ekki betur vit á, en að hverjum og einum, sem hlut á að máli, sje frjálst að semja við þann, sem vill fá þar útmælda lóð til verzlunarhúsbyggingar, svo að hann geti unnið upp þann halla, sem af því kann að hlotnast. Jeg álít því, að þetta sje ekki svo frá fælandi, þegar maður skoðar málið frá öllum hliðum þess.

Pjetur Pjetursson: Jeg get lítið mælt meira í þessu máli, en jeg þegar hef gjört. Jeg hef kynnt mjer fundarskýrsluna frá þingmönnum Skagfirðinga, og hún er svo ófullkomin í alla staði, að jeg ekki get sannfærzt um, að það sje almennur vilji; hún er svo ófullkomin, eins og þingmaður Strandasýslu tók fram, að það er ómögulegt að sjá, hvernig á fundinum hefur staðið, en að eins að þetta hefur komið til tals einhverstaðar; það hefði þá verið reglulegra og rjettara að leggja fram eptirrit af fundargjörðinni. Jeg hef áður sýnt, að þetta getur ekki verið áhugamál allra sýslubúa, því að það er að eins fyrir þá, sem búa austanmegin Hjeraðsvatna, að það ljettir kaupstaðarferðir. Það er og mikill munur á því, hvort kaupstaðurinn stendur fyrir norðan eða sunnan ána; ef hann er fyrir norðan ána, þá er öllum framfirðinum eins óhægt að ná í kaupstað, eins og hingað til hefur verið, en ef hann er fyrir sunnan ána, þá á allur útfjörðurinn óhægra með að ná þangað, heldur en til Hofsóss; þar að auki notar allur útfjörðurinn mest Siglufjörð. Ef kaupstaðurinn er látinn vera fyrir norðan ána, þá held jeg að það land heyri til Óslandi; en ef hann er fyrir sunnan, þá mun það vera Viðvíkurland. Að presturinn geti samið við þann, sem ætlar að byggja, um varpið og skemmdir á því, held jeg að geti ekki átt sjer stað; það er ekki beinlínis skylda þess, sem byggir, að lofa skaðabótum fyrir það, er aðrir kunna að skemma. Jeg held það sje ábyrgðarhluti fyrir efri deildina að fallast á þessa löggildingu; það verður betra að bíða þangað til maður sjer, hvort þetta er áhugamál allra, sem hlut eiga að máli, eða ekki, því annars getur illt eitt leitt af.

Ásgeir Einarsson: Jeg stend ekki upp til þess að tala meira í málinu sjálfu, heldur að eins til þess að bera af mjer rangan áburð. Mjer þykir þingmaður Norður-Þingeyinga ætla að fara að tjalda öllu sem til er, þar sem hann minntist á Blönduós, og sagði, að jeg hefði verið á móti löggildingu allra verzlunarstaða, síðan jeg fjekk Blönduós löggiltan. En fletti hann upp í þingtíðindunum, og jeg skora á hann, að hann sýni mjer, að jeg hafi verið á móti nokkrum einum einasta *nema* þessum. En mig skal ekki furða, þótt hann sveigi að mjer, þegar honum hafa farizt svo orð um þá

heiðursmenn, sem jeg gat um áðan. Hann sagði, að jeg hefði sagt, að Kolbeinsáróshöfn væri hin tryggasta hausthöfn, en það hafa aldrei verið mín orð, heldur hitt, að jeg vildi láta rannsaka höfnina, og jeg fyrir mitt leyti álít, að það sje ekki tiltökumál fyrir gufuskip að liggja þar á haustdegi. Jeg veit ekki, hver lögfræðinganna meining er um það, sem þingmaður Rangvellinga sagði, að prestinum væri frjálst að gjöra samning sjer að skaðlausu við þann, sem byggir; en jeg ímynda mjer, að ef grunnleigan væri sett svo bátt, að hún svaraði skemmdum þeim, er varpið biði, þá verði kann ske settir matsmenn, og vil jeg þá ekki spá neinu um, hvernig fer. Jeg skal svo ekki tala fleira í þessu máli, og skal ekki lengur reyna til að sannfæra neinn, það verður hver að vera á sinni sannfæringu.

Stefán Eiríksson: Mig furðar mest á því, að þeir sem hafa mælt á móti löggildingunni á Kolbeinsárós, skuli ekki gá að því, að það er uppsigling á Kolbeinsárós, og hefur verið bæði í fyrra og nú í vor; og meðan þar er ekki löggiltur kaupstaður, en hver má sigla þangað, sem vill, þá getur það verið hættulegt fyrir varpið, en sú hætta hverfur, undir eins og búið er að koma þar upp föstum bústað, því þá gæti presturinn samið við kaupmanninn um vernd á hólmanum, en meðan svona er, að þar er ekki löggilt kauptún, veit presturinn ekkert af, þegar það og það skip kemur þangað.

Pjetur Pjetursson: Jeg get ekki fundið neina nýja ástæðu hjá þingmanni Skaptfellinga, sem geti mælt með löggildingunni. Það er miklu hægra að verja hólmann, meðan að eins lausaskip koma þangað, sem ekki liggja þar nema stuttan tíma, því að presturinn getur látið vaka í hólmanum, á meðan skipin liggja þar; en það er ómögulegt, þegar fastur bústaður er kominn þar, svo að ekki er hægt að vita, hver skemmdinni veldur.

Þá var gengið til atkvæða og frumvarpið samþykkt með 6 atkvæðum gegn 5, að viðhöfðu nafnakalli sakir óglöggrar atkvæðagreiðslu, þannig að:

«Já» sögðu:
Benidikt Kristjánsson,
Árni Thorsteinson,
Jón Pjetursson,
Sighvatur Árnason,
Skúli Þorvarðarson,
Stefán Eiríksson.

«Nei» sögðu:
Magnús Stephensen,
Ásgeir Einarsson,
Einar Ásmundsson,
Pjetur Pjetursson,
Sigurður Melsteð.

Forseti kvað frumvarpið nú mundu verða afgreitt til landshöfðingja sem lög frá alþingi.

B.

Frumvarp til laga um löggilding verzlunarstaðar á Hesteyri við Hesteyrarfjörð innan Ísafjarðarsýslu. Frá 1. þingmanni Ísfirðinga.

FYRSTA UMRÆÐA Í NEÐRI DEILD,
á 9. fundi, 13. dag júlímán.

Frumvarpið, sjá I, 59.

Flutningsmaður (*Þorsteinn Thorsteinson*): Það eru sjerstaklegar ástæður, sem gjöra, að jeg er flutningsmaður þessa máls, því að í það heila tekið er jeg móti löggilding fleiri kaupstaða. Þetta frumvarp hef jeg tekið að mjer sakir þess, að brýna nauðsyn ber til að fá þetta fram, þar sem vegalengdin frá mörgum stöðum þar er erfið, og verða margir að sækja kaupstað um 20 mílur, opt fyrir opnu hafi, ef sjóleið ætti að

fara alla leið, en stytzti vegur mun vera 6 vikur sjávar. Af því þingið á síðast liðnum árum, eins og þessi heiðraða deild nú, hefur tekið vel undir lík mál, vona jeg, að þessu máli einnig greiðist vel leið, og að þingið verði því meðmælt.

Með því að fleiri tókn ekki til máls, var gengið til atkvæða, og var frumvarpinu vísað til 2. umræðu með 16 atkvæðum.

ÖNNUR UMRÆÐA Í NEÐRI DEILD,
á 12. fundi, 15. dag júlimán.

Flutningsmaður (Þorsteinn Thorsteinson): Jeg tók fram við 1. umræða þessa máls, að það væru sjerstakar ástæður til þess, að jeg væri flutningsmaður þess, því yfir höfuð er það skoðun mín, að ekki sje heppilegt, að fjölga kaupstöðum um of; en þær sjerstöku ástæður gjöra hjer undantekningu heppilega. Jeg gleymdi þá að taka það fram, að höfnin er einstaklega góð, og hafa bæði innlendir og útlendir tíðum leitað þar lægis. Vegalengdinni hef jeg þegar skýrt frá. Jeg vona þingmenn leyfi frumvarpinu að ganga til 3. umræðu, og ætla jeg svo ekki að fara fleirum orðum um það fyr, en mótbárur koma fram gegn því.

Þá leitaði forseti atkvæða um það, hvort málið skyldi gauga til 3. umræðu, og var það samþykkt með 16 atkvæðum gegn 1.

ÞRIÐJA UMRÆÐA Í NEÐRI DEILD,
á 14. fundi, 19. dag júlimán.

Flutningsmaður (Þorsteinn Thorsteinson): Þetta mál hefur gengið svo orðalaust við 1. og 2. umræðu, að jeg vil að eins mælast til, að það gangi eins orðalaust af við 3. umræðu.

Síðan var málið samþykkt með 18 atkvæðum, og kvað forseti það mundu verða sent forseta efri deildarinnar með tilmælum um, að hann legði málið fyrir þá deild.

FYRSTA UMRÆÐA Í EFRI DEILD,
á 14. fundi, 21. dag júlimán.

Benidikt Kristjánsson: Jeg álít, að hin heiðraða deild væri ekki sjálfri sjer samkvæm, ef hún ekki leyfði þessu frumvarpi að koma til 2. umræðu. Því þótt kannske hefði mátt hafa eitthvað móti löggilding Kolbeinsáróss, þá held jeg það sje varla hægt að gjöra það hjer. Hesteyri liggur mjög afksekkt, og langt frá öllum öðrum verzlunarstöðum. Að vísu er jeg ekki sjálfur kunnugur á staðnum, en heyrt hef jeg kunnugan mann segja, að þaðan væru 20 vikur sjávar á næsta verzlunarstað, ef sjóveg væri farið alla leið, og enginn annar kostur að komast þangað, nema þá yfir langan og örðugan heiðarveg og svo 6 vikur sjávarleið aptur, þegar yfir heiðina væri komið. Það er því bæði af almennum og sjerstökum ástæðum, sem jeg mæli með því, að frumvarp þetta komist til 2. umræðu.

Síðan bar forseti undir atkvæði, hvort málinu skyldi vísað til 2. umræðu, og var það samþykkt með 10 atkvæðum.

ÖNNUR UMRÆÐA Í EFRI DEILD,
á 16. fundi, 23. dag júlimán.

Enginn tók til máls, og ljet því forseti ganga til atkvæða um málið; var frumvarpið samþykkt með 8 atkvæðum, og fyrirsögnin talin samþykkt án atkvæða. Því næst var samþykkt með 9 atkvæðum, að málið gengi til 3. umræðu.

ÞRIÐJA UMRÆÐA Í EFRI DEILD,
á 18. fundi, 26. dag júlimán.

Enginn tók til máls, og ljet því forseti ganga

til atkvæða, og var frumvarpið samþykkt með 10 atkvæðum, og kvað forseti, að frumvarpið mundi verða sent landshöfðingja sem lög frá alþingi.

XIV.

Friðun fugla og hreindýra.

Frumvarp til laga um friðun fugla. Frá þingmanni Barðstrendinga. Frumvarpið er prentað í fyrra parti alþingistíðindanna, bls. 52.—53., sbr. bls. 152:

FYRSTA UMRÆÐA Í NEÐRI DEILD,
á 8. fundi, 12. dag júlímánaðar.

Flutningsmaður (Eiríkur Kúld): Frumvarp þetta hefur áður komið fyrir á tveimur þingum; var því að vísu allvel tekið, en strandaði þó meira fyrir óhapp í síðara sinn. Eins og það, sem farið er fram á, er saklítið í sjálfu sjer, eins er það og áríðandi málefni. Friðunin er fuglinum til tryggingar og eflir enda veiðina sjálfa. Jeg skal taka til dæmis rjúpnaveiði; hún hefur verið arðberandi á seinni árum, einkum á Suðurlandi, þar sem mikið hefur verið útflutt árlega sem arðberandi verzlunarvara; en hún getur því að eins við haldizt, að fuglinn fái frið og næði til þess að hreiðra sig og klekja upp ungum. Það er grátlegt að sjá, eins og jeg hef verið sjónarvottur að, menn ganga út á sunnudögum til slíkra veiða, skjóta fuglinn frá eggjum og ungum, nýskriðnum út úr eggjunum, og hverjir eru nú þeir veiðimenn, sem helzt gjöra þetta? Það munu helzt búðardrengir og aðrir unglingar, sem í rann og veru ekki kunna að skjóta, en geta sært og styggt fugla þessa. Enn fremur útlendingar, sem eins og hinir alls engan veiðirjett eiga hjer. Takmörk þau, sem sett eru í frumvarpinu, fyrir rjúpnaveiðinni, ætla jeg sjeu hæfileg til þess, að ungarnir sjeu orðnir sjálfbjarga. Takmörkin fyrir spörfuglaveiðinni eru nokkuð styttri, en þó næg til þess, að ungar þeirra eru þá upp komnir. Lög um þetta efni eru alls engin nýmæli í öðrum löndum. Þannig er mjer kunnugt um, að í Noregi komu út lög í þessa átt þegar 1845, og síðan víðar í öðrum löndum. Enda er það eðlilegt, því menn hafa þar betur en hjer tekið eptir því, að fuglar þessir gjöri hið mesta gagn, þar sem þeir bæði eyða ýmsum yrmlingum og fleira. Jeg skal játa, að frumvarpi þessu hefði mátt vísa til landbúnaðarlaganefndarinnar, en af því búast má við, að það mál dragist nokkuð lengi, áður en það er til lykta leitt, en mjer þykir áríðandi, að lög um þetta komi sem fyrst, leyfi jeg mjer að stinga upp á 3 manna nefnd í málið, með því líka að jeg er ekki viss um, hvort menn eru mjer samdóma um upphæð hinna ákveðnu sekta út af brotum móti lögunum, eða hvert þær skuli renna. Vera má og, að öðruvísi hagi til í hinum öðrum fjórðungum landsins, en þar sem jeg þekki bezt til.

Var síðan samþykkt með meiri hluta atkvæða að kjósa 3 manna nefnd í málið, og fengu flest atkvæði:

Eiríkur Kúld 21 atkvæði,
Þorvarður Kjerulf 13 ——

En þeir Grímur Thomsen og Friðrik Stefánsson fengu 8 atkvæði hvor; var því hlutum varpað, og kom upp hlutur Friðriks Stefánssonar; varð hann því hinn þriðji nefndarmaður.

Í nefndinni var Eiríkur Kúld kosinn formaður og framsögumaður og Þorvarður Kjerulf skrifari.

FRAMHALD FYRSTU UMRÆÐU Í NEÐRI DEILD,

á 17. fundi, 21. dag júlímánaðar.

Nefndarálit, sjá I, 126—127.

Framsögumaður (*Eiríkur Kúld*): Jeg er deildinni þakklátur fyrir þær góðu undirtektir, sem þetta mál fjekk við 1. umræðu, og þær breytingar, sem gjörðar hafa verið á frumvarpinu, vona jeg að deildin verði á okkar máli um að hafi verið til bóta, svo jeg hef ekki ástæðu til að efast um, að málið fái hinar sömu góðu undirtektir, þegar til 2. umræðu kemur. Þó hafa orðið nokkrir gallar á áliti nefndarinnar, eptir því sem mjer nú sýnist, og áskil jeg nefndinni rjett til að gjöra dálitla breytingu við 2. grein nefndarfrumvarpsins. Þar er ekki nógu glögg ákvörðun um ófriðhelgi eggja ránfuglanna, og vildum við gjöra nánari ákvörðun um, að þau væru eigi ófriðhelg á hverjum stað og hverjum tíma, sem vera skal, án samþykkis varpeigandans, t. a. m. í varpi. Sömuleiðis vantar ákvörðun um það, hve nærri selalátrum megi skjóta ránfuglana, og álítur nefndin nægja ákvörðunina, að eigi megi nær landi skjóta, en eptir því sem tilskipun frá 20. júní 1849 heimilar. Aðalbreytingin á frumvarpinu er sú, að nefndin áleit rjett að telja upp fugla-tegundirnar til skýringar.

Egill Egilsson: Jeg tek undir með nefndinni, að þetta mál sje þýðingarmikið mál, og mundi koma þjóðinni til mikils góðs, yrði það vel úr garði gjört. Jeg viðurkenni, að frumvarpið, eins og það var í fyrstu, hefur tekið miklum bótum í nefndinni, enda var þess eigi vanþörf, því að eins og það var, var það alveg óaðgengilegt. En nú er það svo lagað og bætt, að jeg get í flestum greinum fellt mig við það. Þó er það ýmislegt, sem jeg mun gjöra athugasemdir við til 2. umræðu; en hjer skal jeg ekki fara langt út í einstakar greinir. Þó vil jeg nú þegar taka það fram, að mjer þykir tímatakmörkin í fyrsta flokki eigi heppileg breyting, hvað rjúpuna snertir; jeg held, að hin tímatakmörkin, frá 1. apríl til 15 september, hafi einmitt verið hin rjettu.

Yfir höfuð að tala þykir mjer nefndin hafa flokkað fuglana náttúrlega og rjett; þó er það einn fugl, sem jeg vildi gjarnan lofa að vera í friði, að minnsta kosti nokkra mánuði, að hann væri eigi rjettdræpur allt af og alstaðar, og það er valurinn, svo mikla virðingu og ræktarsemi finnst mjer við ættum að bera fyrir honum. Viðvíkjandi eggjatekjunni get jeg ekki fellt mig við þá ákvörðun, að kríuegg megi ekki taka nema í varplöndum; kría verpur víðar en í varplöndum, sem svo eru kölluð. Því ef dæma ætti um, hvar einhver hefði tekið kríuegg, þá yrði skilningurinn á orðinu «varplöndum» í þessum lögum, þau varplönd, sem friðlýst væru, og yrði þá margt kríueggið ótekið, en jeg sje engan skaða í því að taka þau. Þó þykir mjer ekki kasta tólfunum fyr en kemur að enda 4. greinar nefndarálitsins; þar stendur sú ákvörðun, að veiðin skuli ávallt *upptæk*. *Hver* á að taka hana upp, og hvert á andvirði hennar að renna? um það stendur ekkert; þar á móti er tiltekið, hvert sektin fyrir brot gegn lögunum skuli renna. Sá, sem finnur, ætti að hafa leyfi til að taka þegar og afhenda hreppstjóra eða lögreglustjóra, og fá svo að launum $^1/_3$ af verði

þess, er hann tók upp, eins og af sektunum. En um orðið «*upptækur*» hefur orðið svo mikið og minnisstætt stríð hjer, *og* lagamenn vorir hafa lagt svo mismunandi skilning í það, að það ætti hvergi að standa í okkar lögum, nema skýrt væri um leið tekið fram, hver ætti að upptaka. En eins og það er skilið í lögunum um «*upptekt*» þorskaneta, nefnilega að finnandi taki sjálfur upp, svo mun jafnan hyggilegast það að skilja, og svo ætti hjer að vera. Þetta orð er heldur ekki skilið á sama veg á öllum tímum eða við öll tækifæri. Dæmi má finna til þess, að danskir menn hafi tekið veiði og veiðiáhöld af mönnum innlendum hjer á þeirra eigin ábúðarjörðum og farið með til síns, hafi síðan kært þá, sem þeir rændu, og fengið *þó* sektaða, en sjálfir verið fríkenndir og aldrei skilað neinu aptur af því, er þeir tóku, en hvernig farið hefur fyrir þeim innlendum mönnum, sem síðar hafa gjört upptækar óhelgar veiðivjelar, það er öllum kunnugt, að þeir voru hart dæmdir, eptir sömu lögum, sem hinir voru fríkenndir. Því ber hjer brýnustu nauðsyn til að þetta sje skýlaust tekið fram, svo ekki verði misskilið, *hver* á að taka upp. Það er óþarfi í þessum lögum, að minna lögreglustjóra eða dómara á þeirra skyldur, og því vil jeg fella burtu 7. gr. frumvarpsins; slíkt má gjöra á annan hátt, ef þörf gjörist.

Holger Clausen: Jeg er í öllu samdóma nefndaráliti þessu, en eitt er það, sem jeg vil taka fram, og það er það, að við gjörum allt til að friða æðarfuglinn, en bönnum æðarvarpseigendunum að spilla varpinu; hann, sem sjálfur er versti ránfuglinn, stelur eggjunum og jetur þau. Jeg vil því stinga upp á því, að hið heiðraða þing banni æðarvarpseigendum að taka eitt einasta egg. Við höfum nóg önnur egg að jeta, bæði kríuegg og valsegg og fleiri. Hinn háttvirti þingmaður Mýramanna vildi friða valinn, en mjer finnst, að maður geti sýnt sitt «nationalitet» með öðru en friða hann, sem er versti ránfugl. Hinn háttvirti framsögumaður talaði um, að eigi ætti að skjóta nálægt selanótum, en jeg vil spyrja hann að, hve margar mílur eða hve langt það þurfi að vera frá.

Ólafur Pálsson: Jeg er samþykkur hinni heiðruðu nefnd víðast hvar í áliti hennar. En jeg veit eigi, hvers fýllinn á að gjalda hjá henni, því hann er þó enginn ránfugl, en gefur af sjer talsverðan arð, þar sem hann tekur heima, og vil jeg því áskilja mjer breytingaratkvæði til 2. umræðu við fyrstu grein í þá átt, að hann verði friðaður fyrir háfum og skotum, nema þegar hungursneyð þrýstir mönnum þeim til þess, er hann eiga.

Framsögumaður: Jeg mun ekki gjöra mjer að kappsmáli athugasemdir hins háttvirta þingmanns Mýramanna. Jeg skal heldur eigi fara út í hinar einstöku greinir, því að það heyrir ekki til á þessu stigi málsins. Jeg skal játa það, að tímatakmarkið, sem sett er í nefndarálitinu, er máske nokkuð stutt. En hinn heiðraði þingmaður veit, að í frumvarpinu, sem jeg hafði samið, er takmarkið rýmra, en hann man víst, hversu því var andæft um daginn, þegar um það var rætt. Enda held jeg megi fullyrða, að tímatakmark þetta í nefndarálitinu sje ekki of lítið, hvað rjúpuna snertir, eptir minni þekkingu að dæma og upplýsingum þeim, sem jeg hef aflað mjer síðan í því efni. Að því er snertir athugasemdir hans um kríueggin, þá hef jeg ekkert á móti, að miðað sje við varpeigendur í staðinn fyrir varplönd. En hinn háttvirti þingmaður varð mest sár út af orðinu «*upptæk*». Mjer finnst ekki nein ástæða til að taka fram, af hverjum veiðin skuli vera upptæk, því að allir munu skilja, að það er sjálfsagt af yfirvöldunum. Ekki kann jeg við að orða það svo, að láta *finnanda* uppbera veiðina, því að hjer er eigi um neinn *finnanda* að

gjöra. Það má búast við, áð sá, sem brýtur lögin og skotið hefur fugla, muni heldur fara laumulega með veiði sína, og reyna að láta ekki verða vart við hana, en gjöri sjálfum sjer sem mest not af henni. Þar sem hinum háttvirta þingmanni þótti 6. grein nefndarálitsins óþörf, þá vil jeg svara því, að reynslan sýnir og hefur sýnt, að ekki veitir af að ítreka þess konar við yfirvöldin, og þar að auki er góð vísa aldrei of opt kveðin. Með tilliti til þess, sem hinn háttvirti þingmaður Snæfellinga sagði um æðareggin, þá er jeg honum að sumu leyti samdóma, en það er ekki gott að banna æðareggjatöku takmarkalaust, og jeg hygg, að nefndin hafi gengið svo framarlega hjer sem má, án þess að skerða eignarrjettinn. Annars er eigi rjett orðað bjá hinum háttvirta þingmanni að segja, að varpeigendur *steli* eggjunum (*Benidikt Sveinsson*: jú) Nei, þeir hafa fullan eignarrjett yfir þeim. Mjer finnst, að æðareggjataka ætti helzt að takmarkast með frjálsum hjeraðssamþykktum, eins og á sjer stað með ýmsar fiskiveiðar. Það er óþarfi að ákveða fyrir hinum háttvirta þingmanni, hve nærri selanótum má skjóta eða milufjölda þann, því að tilskipun 20. júní 1849 tekur það skýrt fram. Breytingaratkvæðum, sem kunna að koma fram við frumvarp þetta, skal jeg ekki svara, fyr en þau eru fram komin, enda er nú 1. umræða, og því ekki rjett að gjöra það nú þegar.

Egill Egilsson: Hinn háttvirti sessunautur minn stakk því að mjer, að hinn háttvirti þingmaður Snæfellinga hefði verið að stinga mjer sneið, en jeg skal ekki svara því, ef svo hefur verið, fyr en jeg hef lesið ræðu hans á betra máli í þingbókinni, en hún er flutt hjer í salnum. Hinn háttvirti framsögumaður sagði, að sjálfsagt væri, að veiðin yrði gjörð upptæk af yfirvöldunum. Gott er nú það. En stundum getur það nú gengið svona og svona. Jeg skal koma með eitt dæmi. Jeg er uppi í Hvalfjarðarbotni, mæti þar manni með kippu af friðuðum fuglum, sem hann hefur skotið á óleyfilegum tíma. Jeg er manninum ókunnugur og treystist ekki til að þekkja hann aptur, þó jeg sjái hann. Hann segist heita Jón Jónsson, en heitir rjettu nafni Guðmundur eða eitthvað. Á jeg nú að segja við hann? Biddu hjerna Jón minn, meðan jeg skrepp suður í Flensborg að sækja sýslumanninn, svo að hann geti klekkt á þjer, því að þú hefur framið lagabrot. Jeg er hræddur um, að Jón hipji sig, meðan jeg sæki sýslumanninn, og að við grípum svo í tómt.

Holgeir Clausen: Ef jeg bef sagt: stela, þá tek jeg það sjálfsagt aptur, það hefur verið mismæli, og mætti þó ef til vill forsvara það. Jeg veit ekki nema honum beri einhver ábyrgð fyrir landið, þar sem menn friða fyrir hann æðarfuglinn. Það er þó varla tilgangurinn, að hann megi eyðileggja varpið, eins og hann bezt getur.

Grímur Thomsen: Jeg er í miklum vanda staddur í þessu máli; mjer er vel við rjúpuna, og sem Íslendingi er mjer líka vel við valinn. Mjer heyrðist hinum háttvirta þingmanni Mýramanna vera og hlýtt til valsins. En þetta kemur og í ljós hjá nefndinni, þar sem hún tekur valinn einan til, þegar talað er um tamda fugla. En nú skyldi jeg vilja hafa hjá mjer taminn fugl annan, t. d. hrafn. Mjer virðist eigi sanngjarnt að mega það ekki. Jeg vil því áskilja mjer breytingaratkvæði að friða alla tamda fugla.

Þorkell Bjarnason: Í 5. gr. nefndarálitsins er sekt lögð á þá, sem kaupa þessa friðuðu fugla. Jeg vil áskilja mjer breytingaratkvæði, sem fari í þá átt, að kaupa megi lifandi fugla. Því að það er eigi ótítt, að lifandi æðarfuglar sjeu fengnir og fluttir frá einu varpi til að koma varpi á öðrum stað, og væri hart, að þetta mætti eigi sektalaust. Jeg vil líka áskilja mjer breytingaratkvæði við 2. gr. Þar er bannað að skjóta eða veiða lunda í net. Þetta er ósanngjarnt, að minnsta kosti þar, sem ekki er kofnatekja, því að menn vita, að á lundaveiði má á stöku stað lifa í harðindatíð. Í

því efni mun jeg sameina mig við hinn háttvirta þingmann Vestur-Skaptfellinga.

Þorlákur Guðmundsson: Jeg vildi að eins taka það fram, að það eru alveg þýðingarlaus lög, að ætla yfivaldinu einu að passa upp á, að ekki sjeu drepnir friðaðir fuglar, því það er yfirvaldinu optast ómögulegt. Rjettara væri, að landeigandi mætti gjöra veiðina upptæka, en tilkynna skyldi hann það þegar yfirvaldinu. Jeg skal taka til, ef frakkneskur maður kæmi til mín, og færi að skjóta friðaða fugla. Jeg held, að hann yrði hlaupinn á burt og kominn um borð, áður en jeg væri búinn að sækja sýslumanninn, þótt skemmra sje frá mjer að ná til hans, heldur en í því tilfelli, sem hinn háttvirti þingmaður Mýramanna tók til, en honum hefur nú orðið mismæli. Jeg mun sameina mig við þennan háttvirta þingmann um breytingaratkvæði í þessu atriði með fleiru í frumvarpinu.

Benidikt Sveinsson: Jeg er þakklátur flutningsmönnum frumvarps þessa, því að í því er fólgin sannarleg rjettarbót. En jeg álít, að nauðsyn beri til, að sem mest, og meira en nefndin hefur gjört, sje og hlynnt að æðarvörpum landsins, og í því tilliti er það deginum ljósara, að óumflýjanlegt er, að *eggin* sjeu líka friðuð og ekki einungis fuglinn sjálfur. Mjer er of kunnugt um, hve gífurlega varpeigendurnir misbrúka rjett sinn, til að taka eggin, og almennar kvartanir heyrast hvívetna yfir því, að minnsta kosti norðanlands, enda sjá allir, sem *vit* hafa á, að eggjatakan er jafnvel fram yfir allt til niðurdreps fyrir varpið. Þessa óhæfu gegn lögum náttúrunnar og heilbrigðri skynsemi og almennings gagni ber því meiri nauðsyn til að hafa hugfasta, sem ís og frost hafa drepið fuglinn unnvörpum kring um allt land í vetur er leið.

Guðmundur Einarsson: Jeg tek það að eins fram um ræðu hins háttvirta 2. þingmanns Norður-Múlasýslu, að jeg álít, að það verði ómögulegt í framkvæmdinni, að koma í veg fyrir það, að engin æðaregg verði tekin, og eru margar ástæður til þess, en hitt álít jeg að komast ætti á, að sem minnst væri tekið af æðareggjum, enda eru menn árlega að takmarka eggjatökuna, þar sem jeg þekki til. Jeg álít, að nefndin hafi gengið hjer svo langt, sem verða má.

Síðan var gengið til atkvæða, og var málinu vísað til 2. umræðu með öllum atkvæðum.

ÖNNUR UMRÆÐA Í NEÐRI DEILD,
á 22. fundi, 26. dag júlímánaðar.

Atkvæðaskrá.

Í málinu: frumvarp til laga um friðun fugla.

Við 1. gr. Nefndin: að á eptir «20. ágúst» komi: «en rjúpur, frá 1. apríl til 20. ágúst».

Við 1. gr. Egilsson, Þorlákur Guðmundsson, Þorkell Bjarnason: á eptir «20. ágúst» komi: «nema rjúpa frá 1. apríl til 15. ágúst».

Við 1. gr. Þorkell Bjarnason, Ólafur Pálsson: Aptan við þessa grein bætist: «Þar sem kofnatekja er og við fýlaveiði skulu bönnuð skot og háfur, nema þá er bungursneyð þrýstir að þeim, er slíka veiði eiga».

1. gr. nefndarinnar: «Æðarfuglar, kríur og spörfuglar allir, svo sem snjótitlingar, þúfutitlingar, máríuerlur, steindeplar og prestir, skulu hjer eptir hvervetna friðhelgir á hverjum tíma árs sem er, en allir aðrir fuglar, sem lög þessi eigi þiggja undan, skulu friðhelgir að eins á tímabilinu frá 1. maí til 20. ágúst. Bjargfugl allan, svo sem máfategundir, álkufugla, fýla og skarfa, má hver maður veiða í landi sinu, þá er honum þykir bezt henta. Við lundaveiði skulu net og skot bönnuð.

Við 2. gr. Egilsson, Þorlákur Guðmundsson, Þorkell Bjarnason: «Valir» falli burtu, og í annari línu «máfar».

Við 2. gr. Nefndin: Seinni hluti greinar-

innar eptir orðin: «sem er», orðist þannig: «Egg þessara fugla skulu ófriðhelg, þó má eigi taka þau, nje skjóta gripfugla þessa í friðlýstu varplandi um varptímann án samþykkis varpeiganda. Bönnuð eru og skot á fugla þessa nær selalátrum en hálfa mílu, nema til þess sje fengið leyfi þess, er veiðina á».

2. gr. Nefndarinnar: Hræ- og gripfuglar, svo sem ernir, valir, smirlar, kjóar, skúmar, svartbakar, máfar, hrafnar og uglur, skulu, hvar sem þeir hittast, nema tamdir valir sjeu, ófriðhelgir á hverjum tíma árs sem er. Samt má eigi skjóta þá í friðlýstu varplandi um varptímann án samþykkis varpeiganda. Egg þessara fugla eru ófriðhelg.

Við 3. gr. Egilsson, Þorlákur Guðmundsson, Þorkell Bjarnason: 3. gr. orðist þannig: «Æðarfugla- og rjúpnaegg má enginn taka og ekki varpeigandi sjálfur».

Við 3. gr. Nefndin: Í stað orðanna: «má eigi taka nema í varplöndum og þar» komi: «má enginn taka nema varpeigandi sjálfur og þeir, er hann leyfir það, og þó o. s. frv.».

3. gr. nefndarinnar: Egg þeirra fugla, er getið er um í 1. grein, má eigi taka nema í varplöndum, og þar þó því að eins, að varp geti vaxið, en eigi þverrað fyrir þá sök.

Við 4. gr. Egilsson, Þorlákur Guðmundsson, Þorkell Bjarnason: Eptir orðið: «upptæk» í enda greinarinnar, komi: «af þeim, sem uppgötvar brotið, ef ekki er þegar hægt að ná til lögreglustjóra, og afhendist, ef svo á stendur, hið fyrsta næsta hreppstjóra eða lögreglustjóra, sem selji hana, sem bezt verða má».

4. gr. nefndarinnar: Hvað friðhelgi æðarfugls snertir, skal farið eptir tilskipun 20. júní 1849; en fyrir hvern annan fugl, sem friðlýstur er í lögum þessum, skal sá, er brotlegur verður, gjalda 50 aura sekt, sem tvöfaldast fyrir hvert brot allt að 20 kr.; auk þess skal veiðin ávallt upptæk.

Við 5. gr. Egill Egilsson, Þorlákur Guðmundsson, Þorkell Bjarnason: Á eptir orðið: «kaupir» komi: «drepna».

5. gr. nefndarinnar: Hver sá, er kaupir fugla þá, er friðaðir eru í lögum þessum á friðhelgistímabilinu, skal sæta hálfu minni sekt en sá, er veiddi.

6. gr. nefndarinnar: Lögreglustjórar skulu sjá um, að hafnsögumenn gæti skyldu sinnar samkvæmt tilskipun 20. júní 1849, 17. gr.

Við 6. gr. nefndarinnar: Egill Egilsson, Þorlákur Guðmundsson, Þorkell Bjarnason: 6. gr. falli burt.

Við 7. gr. nefndarinnar: Egill Egilsson, Þorlákur Guðmundsson, Þorkell Bjarnason: Á eptir «sektafjárins» komi: «og verðs þess, er fengizt hefur fyrir hina ólöglegu veiði».

7. gr. nefndarinnar: Mál þau, er rísa út af brotum gegn því, sem fyrir er mælt í lögum þessum, eru opinber lögreglumál. Rennur þriðjungur sektafjárins í sjóð hrepps þess, þar sem brotið er framið, en tveir þriðjungar bera uppljóstrarmanni.

Framsögumaður (Eiríkur Kúld): Það eru komnar fram ýmsar breytingartillögur, en jeg er orðinn þreyttur og skal því eigi mæla margt á móti þeim fyrst um sinn. Jeg skal einungis leyfa mjer að gjöra þá athugasemd við breytingaratkvæði tveggja háttvirtra þingmanna við 1. gr., að þar sem þeir fara fram á, að við kofnatekju og fýlaveiði skuli bönnuð skot og háfur, þá mun þetta naumast rjett, því að aðalveiðiaðferðin við lundatekjuna í Vestmannaeyjum mun einmitt vera háfur, og vil jeg skora á þingmann Vestmannaeyja, að skýra frá, hvort það sje ekki rjett. Aptur á móti hafa þeir ekki tekið fram í breytingaratkvæði sínu það, sem nauðsynlegt er að banna, og það eru net. Aðrir vilja friða vali og máfa.

Það mun vera óþarfi að friða valinn meira en nefndin gjörir; hann er gripfugl og háskalegur í varpi; en um máfinn skal jeg geta þess, að hann er á Breiðafirði álitinn að vera einn hinn skaðsamasti vargur í varpi, ef hann leggst á það. Sumir vilja fara lengra, en nefndin hefur gjört í því, að friða æðarfugla- og rjúpnaegg; en þessu mætti fullt svo haganlega koma við með hjeraðssamþykktum, og þá væri ekki gengið of nærri eignarrjetti einstakra manna, og það var einmitt það, sem nefndin vildi sneiða hjá. Breytingarnar við 4. og 5. gr. get jeg fyrir mitt leyti aðhyllzt, en jeg get ekki verið samdóma þeim uppástungumönnum, sem vilja fella 6. gr., vegna þess að jeg hef svo ljós dæmi fyrir mjer um það, að lögreglustjórar hafa ekki gætt skyldu sinnar, að láta hafnsögumenn vara við skotum nálægt varplöndum. Skal jeg svo ekki fjölyrða meira um málið fyrst um sinn.

Forseti: Jeg hugði framsögumaður mundi taka það fram, að þetta mál kemur í nokkuð öfugu formi, þar sem hjer er um 2 frumvörp að ræða, annað þetta frumvarp nefndarinnar, og hitt, sem framsögumaður kom upphaflega með, (*Framsögumaður*: Jeg tek það aptur). Þá eru umræðurnar einungis um þetta frumvarp, og eins og þingmönnum er ljóst, er þetta önnur umræða.

Þorkell Bjarnason: Jeg vildi einungis benda á, hvers vegna jeg hef komið fram með breytingaratkvæði við 1. grein. Í greininni voru skot bönnuð við lundaveiði. Þetta ætlaði jeg gæti orðið skaðlegt, þegar bjargarskortur er á ferðum, og því kem jeg með breytinguna. Jeg veit dæmi til þess fyrir norðan í harðindum og bjargarskorti, að þá gengu menn út á ísinn, skutu álkur og lunda og lifðu á því. Jeg hugði því nóg, að friða lundann, þar sem kofnatekja er, en að banna mönnum, þegar hungursneyð er á ferðum, að skjóta hann alstaðar, vildi jeg ekki. Um fýlaveiði get jeg ekki sagt; það þekki jeg ekki, en þingmaður Skaptfellinga er því kunnugastur. Um máfinn er mjer ekki sárt, jeg vildi einungis leiðrjetta ósamkvæmni þá, sem var í 1. og 2. grein frumvarpsins, því í 1. grein eru þeir friðaðir fyrir öllum nema landeiganda, en í 2. grein eru þeir lýstir alveg ófriðhelgir. Hvað 5. gr. snertir, þá stendur þar svo: «Hver sá, er kaupir fugla þá o. s. frv. skal sæta sekt». Með því enginn eptir þessari grein má kaupa fugla þessa, þó lifandi sjeu, þá vildum við, sem undir breytingaratkvæðinu stöndum, láta þessi ákvæði ná einungis til drepinna fugla, því jeg veit dæmi til þess, að menn hafa fengið æðarfugla til þess að koma upp varpi hjá sjer, og væri hart, að sekta fyrir það; auk þess geta fuglar fengizt til kaups, þótt dauðir sjeu, öðruvísi en að þeir hafi verið skotnir eða drepnir viljandi, og það væri þó hart, að láta þann sæta sektum, er fyndi dauða fugla úti á víða vangi.

Tímatakmarkið vildi jeg gjarnan hafa fært lengra fram um rjúpuna eða til febrúarmánaðarloka, en meðmenn mínir vildu það ekki. Það er þó hörmulegt að sjá, hvernig veslings rjúpan «brýzt í bjargarleysi», þegar kemur fram í marzmánuð, og hvernig hún er drepin niður horuð, þegar hún flýr heim til bæja í fönn og harðindum á miskunn manna, og síðan er hún seld horuð, og við það fellur hún í verði, þegar á markaðinn kemur.

Egill Egilsson: Þar sem mjer heyrist á hinum heiðraða framsögumanni, að hann muni hallast að mínum breytingartillögum, þá vil jeg einungis leyfa mjer að benda á, að nauðsynlegt er að leggja sekt við, ef æðarfugla- og rjúpnaegg eru tekin, og vil jeg áskilja mjer breytingu orðaða hjer um bil þannig: «Handhafi slíkra eggja skal sekur 10 aurum fyrir hvert þeirra». Því annars eru engin ákvæði um eggjatöku þessa, önnur en þau, að bannað er að taka eggin. Í 5. gr. vildi jeg einnig bæta við: «Og þess utan láta af hendi hina keyptu fugla eða andvirði þeirra». Því þar vantar einnig ákvörðun um, að hann megi ekki eiga fugl-

ana, því hann gæti grætt á því, að fá þá og borga sektina.

Ólafur Pálsson: Jeg skal leyfa mjer að geta þess, viðvíkjandi breytingaratkvæði mínu við 1. gr., viðvíkjandi fýlnum, að það er mikill skaði að eyða honum, eins og gjört hefur verið, því fyrir 10—12 árum lifðu menn í minni sveit mikið á honum, þá af neyð, en á síðari árum hafa þeir drepið hann mikið, án þess að þurfa það, sjer sjálfum til stórskaða að mínu áliti; því þótt það ekki sjáist fyrst um sinn, þá mun það koma fram síðar. Jeg óska því, að skot og háfur sje bönnuð, nema þegar hungursneyð knýr eigendur hans til þess, og óska jeg því, að breytingaruppástungan aptan við 1. gr. verði borin upp í tvennu lagi.

Varaforseti: Jeg hef ekki lagt mikið til þessa máls og mun ekki heldur gjöra það enn. Jeg skal játa, að það muni af góðum rótum runnið — ef til vill kristilegum kærleika — og vel hugsað að mörgu leyti. En er til nokkurs að gefa út svona lög, sem ekki er hægt að framfylgja? (*Benidikt Sveinsson*: Þetta er 2. umræða). Jeg veit það, en jeg verð að gjöra grein fyrir, hvers vegna jeg get ekki fallizt á frumvarpið eða breytingar þær, sem við það eru. Jeg vil leyfa mjer að benda á 2. gr. «Hræ- og gripfuglar» o. s. frv. *skulu ófriðhelgir* á hverjum tíma árs sem er, og *hvar* sem þeir eru». Má jeg nú spyrja: er þetta samkvæmt lögum 1849 um veiðirjett? Þess er þó ekki getið í frumvarpinu, að þau sjeu úr lögum numin. Eptir þessu frumvarpi getur maður að ósekju gengið inn í annars manns land og sagt. «Jeg ætla að veiða þá fugla, sem öllum er heimilt.» Það er þó sannarlega alvarlegt, að gefa þau lög, sem maður er sannfærður um að ekki verður farið eptir. Og eptir landsháttum og strjálbyggð landsins, eptir ókunnugleika almennings á fuglategundum þeim, sem nefndar eru og eggjum þeirra, eru allar líkur til, að þó að frumvarp þetta yrði að lögum, þá yrðu þau lög þýðingarlaus, af því eptirlitið er ómögulegt, og jeg álít ábyrgðarhluta að gefa út slík lög.

Þorvarður Kjerulf: Þingmaður Mýramanna hefur tekið fram mest af því, er jeg vildi segja um 3. gr. frumvarpsins. Mjer virtist vanta inn í ákvörðun um sektir fyrir eggjatökuna, þótt það ef til vill á hinn bóginn geti verið varhugavert, að ríða þar að harðan hnút. Viðvíkjandi breytingartillögu hinna þriggja þingmanna við 2. gr., þá gæti jeg fellt mig við, að valur væri friðhelgur fyrir utan varplönd, en máfur hygg jeg hvergi megi friðhelgur vera, því hann er sannarlega einhver hinn versti gripfugl.

Að öðru leyti virðist mjer breytingaratkvæðin bæta lítið frumvarp nefndarinnar.

Þorsteinn Jónsson: Þar sem framsögumaður skoraði á mig að segja álit mitt um háfinn, þá er jeg honum samdóma um það efni. Samkvæmt þeim reglum, sem við nú höfum, megum við ekki veiða lunda öðruvísi en með háf, og þessa reglu höfum við samið eptir Færeyingum, og á hún í það minnsta að gilda í 3 ár, því þar er engin kofnatekja. En fyrst jeg stóð upp, þá skal jeg leyfa mjer að lýsa yfir því, að mjer finnst 3. gr. óbrúkandi, hvort sem hún er óbreytt eða með öllum sínum breytingum. Eggin eru alstaðar, því finnst mjer ósanngjarnt að banna mönnum að taka þau. Eins er um æðaregg, þau eru víða, þar sem ekki er varp, og þó er varpeigendum einum leyft að taka þau, en öðrum ekki. Greinin er að minni meiningu mjög varúðarverð, í þessu tilliti. Það eru margir smalar, sem hafa gaman af að finna egg út um landið, og væri því hörð freisting fyrir þá, að mega ekki taka þau; þar að auki er hún þýðingarlaus, þar sem engar sektir eru viðlagðar. Jeg ímynda mjer þingmönnum finnist þessi grein viðsjárverð, þegar þeir eiga að greiða atkvæði um hana.

Framsögumaður: Hinn háttvirti þingmaður Vestmannaeyinga sýndi fram á, að það væri ekki happalegt að fara lengra, en nefndin stingur upp á, og þótti honum ó-

fært að banna smölum að taka egg, enda er slæmt að líta eptir slíku. Það er nú fyrst, að það er ekki til neins hagnaðar, heldur til tjóns, því með því spillist gagn það, sem fuglar gjöra alstaðar. Jeg skal játa, að hinum háttvirta þingmanni Gullbringusýslu hefur gengið gott til, er hann benti á, að í 1. gr. væri veiðin bönnuð, og slíkt gæti orðið til baga í hungursneyð; þó ímynda jeg mjer, að slíkt yrði ekki bannað í hungursneyð; eptir uppástungu nefndarinnar má hver sá, er þá fuglaveiði hefur, veiða þá fugla fyrir sínu landi, þegar hann álítur hentast. Jeg get ekki verið samþykkur hinum háttvirta varaforseta, þar sem hann heldur, að frumvarpið sje móti lögum 1849; því jeg skal leiða athygli hans að því, að það er óumflýjanlegt, að gripfuglar sjeu dræpir, hvar sem er, því ef þeir væru sumstaðar friðaðir, þá gætu fuglarnir einlægt haldið sig á annara manna lóð. Jeg skal geta þess, að jeg aðhyllist uppástunguna um að friða rjúpuna frá 1. apríl. En þar sem hinn háttvirti þingmaður Gullbringusýslu vildi færa þetta lengra fram, jafnvel í lok febrúarmánaðar, þá skal jeg geta þess, að reyndir menn hafa sagt mjer, að rjúpan væri feitust á góunni, og minnir mig, að Atli taki það einmitt fram, og væri þá ekki af því ástæða til þess, að færa takmarkið fram, að það mundi spilla verði hennar á markaðinum, þó hún væri veidd um það leyti.

Grímur Thomsen: Jeg játa það, að stefnan í frumvarpi þessu er góð, en jeg vildi leyfa mjer að spyrja hina heiðruðu nefnd, hvort ekki er dálítil ósamkvæmni í 2. gr. og 4. gr. frumvarpsins. Það stendur svo í 2. gr.: «Samt má eigi um varptímann skjóta í landareign varpeigandans án samþykkis hans», en í 4. gr. stendur: «Þó er varpeigendum, en engum öðrum, heimilt, að skjóta í sínu landi gripfugla þá, sem nefndir eru í 2. gr. o. s. frv., á hverjum tíma árs sem eru. Jeg vil að eins spyrja hina háttvirtu nefnd, hvernig á þessu standi.

Framsögumaður: Jeg skal svara hinum háttvirta þingmanni Borgfirðinga upp á spurningu hans. Þetta mun varla vera ósamkvæmni hjá nefndinni. En þetta er orðað svo til þess, að koma í veginn fyrir það, að menn fari inn í lönd varpeiganda og skjóti þar þessa gripfugla. Jeg sem varpeigandi vil sjálfur skjóta eða láta skjóta þessa gripfugla á þeim tímum, sem mjer þykir hentast, en vil ekki leyfa öðrum að fara inn í varp mitt til að skjóta gripfuglinn, ef til vill, þegar það getur skaðað varpið sjálft.

Með því að eigi tóku fleiri til máls, var gengið til atkvæða, og fjell atkvæðagreiðslan þannig;

1. Við 1. gr.: Breytingaruppástunga nefndarinnar samþykkt með 16 atkvæðum.
2. Við 1. gr.: Breytingaruppástunga Egilssons og 2 þingmanna felld.
3. Við 1. gr.: Breytingaruppástunga Þorkels Bjarnasonar og Ólafs Pálssonar var felld með 18 atkvæðum gegn 5; en sökum óglöggrar atkvæðagreiðslu var við haft nafnakall, og sögðu

Já:
Egill Egilsson,
Ólafur Pálsson,
Þorkell Bjarnason,
Þorsteinn Thorsteinson,
Þorvarður Kjerulf.

Nei:
Eiríkur Briem,
Magnús Andrjesson,
Arnljótur Ólafsson,
Benidikt Sveinsson,
Eiríkur Kúld,
Friðrik Stefánsson,
Grímur Thomsen,
Guðmundur Einarsson,
Halldór Friðriksson,
Holgeir Clausen,
Jón Jónsson,
Jón Ólafsson,
Lárus Blöndal,
Tryggvi Gunnarsson,
Þórarinn Böðvarsson,
Þórður Magnússon.
Þorlákur Guðmundsson,

Þorsteinn Jónsson.

Þannig var 1. liður breytingaruppástungunnar: «þar sem kofnaveiði er og» fallinn, en 2. liður var samþykktur með 16 atkvæðum.

4. 1. gr. nefndarinnar með áorðnum breytingum samþykkt með 21 atkvæði.
5. Við 2. gr.: Breytingaruppástunga Egilssons og 2 þingmanna var felld með 12 atkvæðum gegn 11, og var þar við haft nafnakall, og sögðu

Já:

Magnús Andrjesson,
Arnljótur Ólafsson,
Egill Egilsson,
Grímur Thomsen,
Halldór Friðriksson,
Ólafur Pálsson,
Tryggvi Gunnarsson,
Þorkell Bjarnason,
Þorlákur Guðmundsson,
Þorsteinn Jónsson,
Þorvarður Kjerulf.

Nei:

Eiríkur Breim,
Benidikt Sveinsson,
Eiríkur Kúld,
Friðrik Stefánsson,
Guðmundur Einarsson,
Holgeir Clausen,
Jón Jónsson,
Jón Ólafsson,
Lárus Blöndal,
Þórarinn Böðvarsson,
Þórður Magnússon,
Þorsteinn Thorsteinson.

6. Við 2. gr.: Breytingartillaga nefndarinnar samþykkt með 18 atkvæðum.
7. 2. gr. nefndarinnar með áorðinni breytingu samþykkt með 17 atkvæðum.
8. Við 3. gr.: Breytingartillaga Egilssons og 2 þingmanna samþykkt með 14 atkvæðum gegn 8.
9. Við 3. gr.: Breytingartillaga nefndarinnar þar með fallin.
10. 3. gr. nefndarinnar einnig fallin.
11. Við 4. gr.: Viðaukatillaga Egilssons og 2 þingmanna samþykkt með 12 atkvæðum.
12. 4. gr. nefndarinnar með þessum viðauka samþykkt með 14 atkvæðum.
13. Við 5. gr.: Breytingartillaga Egilssons og 2 þingmanna samþykkt með 13 atkvæðum.
14. 5. gr. nefndarinnar þannig breytt samþykkt með 16 atkvæðum.
15. 6. gr. nefndarinnar samþykkt með 12 atkvæðum gegn 2.
16. Breytingartillaga Egilssons og 2 þingmanna við greinina þar með fallin.
17. Við 7. gr. nefudarinnar: Breytingaruppástunga Egilssons og 2 þingmanna samþykkt með 15 atkvæðum.
18. 7. grein nefndarinnar með áorðinni breytingu samþykkt með 16 atkvæðum.
19. Að málið gengi til 3 umræðu, var samþykkt með 15 atkvæðum.

ÞRIÐJA UMRÆÐA Í NEÐRI DEILD,

á 29. fundi, 1. dag ágústmánaðar.

Frumvarpið, eins og það var samþykkt við 2. umræðu, sjá I, 239—240.

Breytingartillögur

við frumvarp til laga um friðun fugla, eins og það var samþykkt við 2. umræðu.

1. grein orðist þannig:

Æðarfuglar, kríur og spörfuglar allir, svo sem snjótitlingar, þúfutitlingar, maríuerlur, steindeplar og þrestir, skulu hjer eptir hvervetna friðhelgir á hverjum tíma árs sem er, en allir aðrir fuglar, er lög þessi eigi þiggja undan, skulu friðhelgir að eins á tímabilinu frá 1. maí til 20. ágúst og rjúpur frá 1. apríl til 20. ágúst. Bjargfugl allan, svo sem álkufugla, fýla, skarfa og skeglur, má hver maður veiða í landi sínu, þá er honum þykir bezt henta; þó skulu net og skot bönnuð við lundaveiði og skot og háfur við fýlaveiði, nema þá er hungursneyð þrýstir að þeim, er slíka veiði eiga.

2. grein orðist þannig:

Hræ- og gripfuglar, svo sem ernir, smirlar, kjóar, skúmar, veiðibjöllur, mávar, hrafnar, og uglur, skulu ófriðhelgir hvar sem þeir hittast árið í kring; valir einir eru friðhelgir nema í varplöndum varpeiganda, enda sje varp friðlýst. Egg þessara fugla skulu ófriðhelg, þó má eigi taka þau, nje skjóta gripfugla þessa í friðlýstu varplandi um varptímann án samþykkis varpeiganda; bönnuð eru og skot á fugla þessa nær selalátrum en hálfa mílu, nema til þess sje fengið leyfi þess, er veiðina á.

3. grein orðist þannig:

Eigi má taka egg hinna friðlýstu fugla; varðar það 10 aura sekt fyrir egg hvert, er tvöfaldast fyrir brot hvert allt að 4 kr.

4. gr. orðist þannig:

Hvað friðhelgi æðarfugls snertir, skal farið eptir tilskipun 20. júní 1849, en fyrir hvern annan fugl, er friðlýstur er í lögum þessum, skal sá, er brotlegur verður, gjalda 50 aura sekt, sem tvöfaldast fyrir hvert brot allt að 20 kr. Ávallt skal veiði og egg upptæk af finnanda brotsins, ef eigi er þegar hægt að ná til lögreglustjóra, og afhendist, ef svo stendur á, hið fyrsta næsta hreppstjóra eða lögreglustjóra, sem selji veiðina og eggin, sem bezt má verða.

5. grein orðist þannig:

Hver sá er kaupir eða þiggur á annan hátt drepna fugla þá, er friðaðir eru í lögum þessum, á friðhelgistímabilinu, skal sæta hálfu minni sekt en sá, er veiddi; hálfum sektum sætir og sá, er kaupir eða þiggur egg hinna friðlýstu fugla á nefndu tímabili.

6. grein orðist þannig:

Lögreglustjórar skulu sjá um, að hafnsögumenn gæti skyldu sinnar samkvæmt tilskipun 20. júní 1849, 17. gr.

7. grein orðist þannig:

Mál þau, er rísa út af brotum gegn því, sem fyrir er mælt í lögum þessum, eru opinber lögreglumál. Rennur þriðjungur sektarfjárins og verðs þess, er fengizt hefur fyrir hina ólöglegu veiði eða eggin, í sjóð þess hrepps, er brot er framið í, en tveir þriðjungar bera uppljóstrarmanni.

Alþingi 29. júlí 1881.

Eiríkur Kúld. Þorvarður Kjerulf. Þorsteinn Thorsteinson. Arnljótur Ólafsson. Benidikt Sveinsson. Friðrik S. Stefánsson.

Framsögumaður (Eiríkur Kúld): Þá er mál þetta átti síðast að koma til umræðu, varð að taka það út af dagskrá sökum þess, hvernig breytingartillögum þeim mörgu, sem við það voru komnar, var háttað. Þess vegna koma þessar breytingartilllögur nú hjer allar eins og sameinaðar, svo að þær geti komizt til atkvæða, og er jeg yfir höfuð samþykkur breytingartillögum þessum nema einni, og það er sú við 3. greinina. Jeg get ekki talið heppilegt, að setja þau lög, sem engin líkindi eru til að verði breytt eptir. 3. grein frumvarpsins er jeg viss um að eigi er unnt að «controllera». Einu úrræðin eru, að fella þá grein úr, og fela hjeraðssamþykktum að gjöra ákvarðanir um, að takmarka eggjatöku sem mest, eptir því sem til hagar misjafnt í hverjum stað. Jeg ímynda mjer, að fáir sjeu meira á móti æðareggjatökunni en jeg, en eptirlit með því er ómögulegt, og getur enda sumstaðar orðið til skaða, að banna alveg eggjatökuna. Eðli æðarfuglsins er svo háttað, að opt verpa fleiri en einn í sama hreiðrið, svo fleiri egg verða í hreiðrinu, en æðurin er fær um að unga út. Ef nú svo mörg egg, máske 10 eða fleiri, eru í hreiðri, því þess eru dæmi, getur fuglinn ekki vermt þau svo, að þau ungist út. Því má þá ekki fækka þeim lítið eitt? Annað atriði er það, að fuglinn verpur opt á deiglendum stöðum milli þúfna, og þá getur hann eigi ungað út, því að þurrkur og hiti er fyrir útungunina «conditio sine qua non». Það er því eina ráðið, að láta hjeraðssamþykktir bæta úr æðareggjatökunni, eptir því sem til hagar á hverjum stað. Það er líka varla hætt við, að varpeigandinn spilli sjálfur veiði sinni með of mikilli eggjatöku.

Hvað kríunni viðvíkur, þá er hún bezti

fugl í varplöndum, því að hún ver svo vel, og er þar að auki góð fyrir grasvöxtinn. En þess ber að gæta, að mikill fjöldi hennar verpur í útskerjum og í fjöru, og getur þar eigi verið að tala um gagn af henni fyrir grasvöxtinn; og að banna að taka þar egg hennar, virðist mjer gengið allt of nærri eignarrjettinum. Breytingarnar við 1. gr. og 2. gr. get jeg vel sætt mig við. Það tekur mörgum hjer sárt til fálkans, enda er hann fallegur fugl, og talinn merkifugl Íslands, og að því leyti síður hættulegur í varplöndum, en margir aðrir gripfuglar, sem hann kemur sjaldnar um varptímann sjálfan, sem kemur til af því, að hann er þá að klekja upp ungum sínum optast langt frá og í óbyggðum. En fálkinn er versti vargur við landfugla, t. d. rjúpuna og enda hænsni, og hart þykir mjer að hafa hann svo friðhelgan, að mega ekki senda honum kveðju með einu skoti, þegar hann drepur tamda fugla. Mjer virðist nóg að friða tamda vali, því að ekki er svo hætt við, að honum verði eytt með öllu; hann verpur venjulega á þeim stöðum, sem sjaldan er hægt að ná eggjum hans. Jeg álít frumvarp þetta hafi í sjer fólgna mikla rjettarbót, en vildi helzt, að það yrði sem bezt úr garði gjört frá þinginu.

Guðmundur Einarsson: Hinn háttvirti framsögumaður hefur tekið fram aðalatriðin í breytingartillögum þessum. Jeg verð að telja það mjög óhappalegt, ef 3. gr. yrði að lögum, og bera margar ástæður til þess. Lögin verða brotin, og sömuleiðis er eignarrjetturinn mjög skertur, sem svo opt hefur verið prjedikað um í þessari deild að eigi að vera friðhelgur. Sum orðatiltæki í frumvarpi þessu eru líka allt of ströng. Það eru miklu betri engin lög, en svo úr garði gjörð, að þeim verði ekki hlýtt og farið verði í kring um þau, eða þau í þriðja lagi valdi ákærum og saksóknum. Það er enda hlægilegt, að banna að taka þau egg, sem svo er háttað, að aldrei verður ungað út. Menn kunna það á Vesturlandi, að skyggna eggin, sem kallað er, og sjá þannig hvort eggið er kaldegg eða ekki. Jeg veit ekki, hvort menn þekkja það fyrir norðan. Hinn háttvirti flutningsmaður hefur tekið fram, hve illa það komi við, að banna alveg að taka eggin, og jeg get fullvissað hina heiðruðu þingdeild um það, að enginn hjer er eins varpfróður og sá maður. Hann hefur verið við varp, frá því hann var barn, og er nú orðinn sextugur að aldri. Menn verða að trúa því, sem gagnkunnugir menn segja um þetta efni. Það getur vel verið, að það sje hagkvæmt á Norðurlandi, sem engan veginn getur átt við á Vesturlandi.

Jón Ólafsson: Jeg verð að mæla móti eggjatökunni; þótt jeg sje ekki eins gamall og hinn háttvirti þingmaður Barðstrendinga, þá er jeg þó líka fæddur og uppalinn við varp eða í varplöndum. Mig furðar annars á því, að hinn háttvirti þingmaður Barðstrendinga skuli mæla á móti breytingatillögu þessari við 3 gr., því að ef manni verður litið á nöfnin undir breytingartillögum þessum, þá sjest þar nafnið, Eiríkur Kúld fremst í fylkingu. En í breytingartillögunni stendur: «eigi má taka egg hinna friðlýstu fugla», og líklega mótmælir hann því ekki, að æðarfuglinn sje friðlýstur. Hann hefur þó sjálfur skrifað undir breytingu þá, sem hann mælir nú á móti. Jeg vil segja, að þekking hans á æðarvarpi hefur verið betri og rjettari, þegar hann skrifaði undir breytingartillögur þessar, en þegar hann nú hjelt hina snjöllu og skarplegu ræðu sína. Jeg ætla að imynda mjer, að hinn háttvirti þingmaður Barðstrendinga verði svo samkvæmur sjálfum sjer, að greiða eigi atkvæði móti breytingartillögum þeim, sem Eiríkur Kúld stendur undir.

Framsögumaður: Jeg held, að hinn háttvirti 2. þingmaður Suður-Múlasýslu hafi annaðhvort ekki heyrt eða ekki tekið eptir því, sem jeg sagði á móti 3. gr. Jeg er að sönnu ekki fæddur við varp eins og hann, og jeg hef aldrei í æðareggi verið, en svo varpfróður er jeg, að jeg veit með vissu, að stundum eru svo mörg egg í einu hreiðri, að æðarfuglinn getur ekki ungað þeim öllum

út. (*Jón Ólafsson*: Vill þingmaðurinn hafa vit fyrir náttúrunni?) Jeg óska, að 3. gr. verði felld, og þótt jeg hafi skrifað undir breytingartillögurnar, þarf ekki þar með að vera, að jeg hafi verið samþykkur öllum breytingunum, og atkvæðagreiðsla mín mun sýna, hverjum greinunum jeg er samþykkur. Þrátt fyrir ræður bins háttvirta 2. þinganns Suður-Múlasýslu er atkvæði mitt frjálst og óbundið.

Benidikt Sveinsson: Það er einmitt vegna friðunar eggjanna, að jeg gef atkvæði með þessu frumvarpi. Jeg ber ekki móti því, að þeir þingmenn, sem eru aldir upp í varpi, eins og einn heiðraður þingmaður komst að orði, kunni að vera varpfróðir; þeir eru sjálfsagt líka fróðir í því, að taka egg, og verður þá varpfræði þeirra einkum í því fólgin, að eyðileggja vörpin; því hverjum manni gefur það að skilja, að fuglinn styggist og flýgur af hreiðrunum, þegar verið er að ganga um varpið til að ræna fuglinn eggjunum, og afleiðingin af því er sú, að eggin, sem eptir verða, kólna, og þetta eyðileggur útungunina. Hinu getur hver getið nærri, að ekki muni verða æðarfugl úr þeim öllum aragrúa af eggjum, sem þessi skaðvænu varpfróðu varpeyðendur taka frá fuglinum og láta upp í sig og aðra. Það er og reynsla fyrir því eptir skýrslu mjög varpfróðs manns á Norðurlandi, sem Eyjólfur heitir, að það er til skemmda í varpi, að taka nokkurt eitt einasta egg, og jafnvel skaðlegt, að taka nokkurn dún, áður en fuglinn er búinn að unga út, eða fyr en eptir vissan tíma, frá því að varpið er byrjað. Þingmaður Dalamanna sagði, að eignarrjetturinn væri heilagur; hver neitar því? en hann er það vel að merkja innan vissra takmarka, sinna eigin takmarka, og undir vissum skilyrðum, sínum eigin skilyrðum. Hann verður að vita það nú, ef hann vissi það ekki áður, að enginn *takmarkalaus* og *skilyrðislaus* eignarrjettur er til. Hann takmarkast af lögmálum mannfjelagsins og heill þess, sem er helgari en rjettur hins einstaka. Það er á þessum grundvelli að friðun sú er byggð, sem þingmaðurinn vill nota sjer *móti* öðrum, en sjálfur vill hann mega *brjóta þetta friðunarlögmál* með eggjatökunni. Það vekur því að líkindum, eins og kunnugt er, megnustu gremju og óánægju hjá þeim, sem ekki eru varpeigendur, að við halda þessu einkaleyfi varpeigandanna; að mega einir eyða vörpunum, og, ef til vill, getur þessi óánægja orðið svo megn, ef spornað er móti friðun eggjanna, að ómögulegt verði að friða sjálfan æðarfuglinn, því þá er og grundvöllurinn undir þessari friðun líka fallinn. Því skyldi *einstökum* mönnum haldast það uppi, að ráða yfir fuglum himinsins? Nei! Takmörkin, friðunin verður að ná yfir alla. Sýni nú reynslan það, sem eigi er hætt við, að friðun eggjanna hafi ekki veruleg áhrif á vöxt og viðgang varpanna, er æfinlega tími til að breyta lögunum.

Guðmundur Einarsson: Eptir orðum 2. þingmanns Norður-Múlasýslu gildir allt önnur regla um æðarvarp fyrir norðan en á Breiðafirði, því að það er öllum kunnugt, sem varp stunda þar, að mikill hluti æðardúnsins spilltist í hreiðrunum, væri eigi gengið um það, og aldrei leitað. Orð þingmannsins benda á hreina vanþekkingu í þessu efni. Það væri líka hlægilegt, ef maður hefði ekki leyfi til að tína þau egg, sem auðsjáanlega eru orðin ónýt til útungunar af fiðrum, sem opt geta komið, og komið hafa seinast í vor um varptímann; en þau egg, sem ónýt eru til útungunar, geta allt að einu verið nýtur matur. Mjer finnst, að deildin ætti að vara sig á að samþykkja þær lagaákvarðanir, sem eru þinginu til minnkunar, sumum til athlægis og nokkrum til skaða.

Framsögumaður: Það sýnir að eins ókunnugleika hins heiðraða 2. þingmanns Norður-Múlasýslu, þegar hann var að tala um, að það gæti verið varpinu til skaða, að ganga um það, því að væri aldrei komið í varpið, væri eigi hægt að fæla burtu eða eyða gripfuglum þeim, er opt sækja þangað, en hvað styggðinni á fuglinum viðvíkur, þá á það sjer ekki stað við Breiðafjörð. Það

gjörir heldur engan skaða, þó fuglinn fari sem snöggvast af hreiðrinu. Þingmaðurinn þekkir víst hænsni og veit, að þau geta ungað út, þó þau liggi ekki á hreiðri, án þess nokkurn tíma að fara af því í 3 vikur. Jeg hugga mig við það, þó það sje ekki gott að þurfa að hugga sig við það, að jeg vona, að í efri deildinni sjeu varpfróðari menn en hinn heiðraði 2. þingmaður Norður-Múlasýslu, og muni því fella úr 3. gr. frumvarpsins, svo þó að jeg sje 3. gr. algjörlega mótfallinn, verð jeg í því trausti að gefa öllu frumvarpinu atkvæði mitt.

Grímur Thomsen: Mjer þykir 3. greinin verða nokuð óljós, þegar eggjum hinna annara fugla er bætt í hana. Jeg tek til dæmis, að maður hefur kríuvarp, eins og jeg til að mynda hef; þá skal borga 10 aura fyrir hvert egg, sem tekið er, og tvöfaldast sektin við hvert brot. Hafi mjer nú sjálfum orðið það á, að taka egg, hver á þá að gjöra þau upptæk? Það verður ef til vill vinnustúlka hjá mjer, sem uppgötvar þetta brot, og hún á þá að gjöra eggin upptæk. Vilji jeg líka fara sjálfur og segja eptir mjer, get jeg orðið stórríkur af því, þar sem nefnilega í 7. gr. er gjört ráð fyrir, að uppljóstrarmaður fái $^2/_3$ fyrir af sektarfjenu og andvirði hinnar ólöglegu veiði.

Benidikt Sveinsson: Framsögumaðar misskildi orð mín eða misheyrmdi að minnsta kosti; jeg sagði aldrei, að alls ekki mætti ganga um varpið, en jeg sagði, að það skyldi gjöra það sem minnst, og sízt til að eyðileggja varpið og gjöra viðkomu fuglsins ómögulega. Jeg vil til bendingar í þessu efni ráðleggja þingmanninum í bróðerni að lesa skýrslu hins nafnkunna varpfræðings Eyjólfs Guðmundssonar í Andvara, sem jeg áður benti til. Það liggur í hlutarins eðli, að hjer er ekki að tala um að banna að *ganga* um varp, þegar *nauðsyn* krefur, en það er verið að banna, og á að banna, að *ræna* fuglinn eggjunum. Framsögumaður hjelt, að hann væri kunnugri varpi en jeg. Jeg er nú ekki alveg viss um það, jeg er kunnugur varpi um allan Norðlendingafjórðung, hjer fyrir sunnan og víðar, og hafa mjer á þingaferðum mínum gefizt mörg tækifæri til að heyra álit skynsamra manna um þetta mál í Þingeyjarsýslu, en vel að merkja ekki varpeiganda, því að þetta mál stendur til allrar ólukku svo þverðfugt í höfðinu á þeim allflestum, að á þeim er ekkert að græða, vilji maður fræðast um það, sem *satt* er og *rjett* í þessu máli. Jeg skal svo ekki orðlengja um þetta mál, en get þess, að jeg verð að vera hinum heiðraða vini mínum þingmanni Borgfirðinga samdóma um það, að ákvarðanirnar, um kríueggin o. s. frv. hefðu ekki átt að vera í þessu frumvarpi, þar um þau skiptir allt öðru máli, en um æðareggin.'

Síðan var gengið til atkvæða um hinar einstöku breytingartillögur, málsins og var:

1. Breytingartillaga 6 þingmanna við 1. gr. samþykkt með 13 atkvæðum.
   1. gr. frumvarpsins var þar með fallin.
2. Breytingartillaga 6 þingmanna við 2. gr. samþykkt með 10 atkvæðum gegn 2.
   2. gr. frumvarpsins þar með fallin.
3. Breytingartillaga 6 þingmanna við 3. gr. felld með 13 atkvæðum gegn 4.
4. Breytingartillaga 6 þingmanna við 4. gr. felld með 10 atkvæðum.
5. Breytingartillaga 6 þingmanna við 5. gr. felld með 12 atkvæðum gegn 8.
6. Breytingartillaga 6 þingmanna við 7. gr. felld með 13 atkvæðum gegn 4.
7. Frumvarpið í heild sinni var samþykkt með 13 atkvæðum gegn 3.

Kvað forseti frumvarpið nú mundu verða afgreitt til forseta efri deildarinnar með tilmælum um, að hann legði það fyrir deildina.

FYRSTA UMRÆÐA Í EFRI DEILD,
á 26. fundi, 4. dag ágústmánaðar.

Frumvarpið, eins og það var samþykkt við 3. umræðu í neðri deildinni, sjá I, 325.

Einar Ásmundsson: Jeg álít reyndar,

að frumvarp þetta fari í rjetta stefnu, því það er sjálfsagt nauðsynlegt, að friða marga fugla og gjöra suma, sem skaðlegir eru, ófriðhelga. En allt fyrir það líkar mjer ekki frumvarpið í alla staði, og óska jeg, að það geti fengið nokkrar breytingar, áður en þingdeildin leggur smiðshöggið á það. Það eru einstök atriði þessa frumvarps, sem jeg álít ekki þarfleg, og enda ekki eiga við. Jeg vil taka til dæmis, að jeg álít enga ástæðu til að friðhelga vali. Þeir mega, að mínu áliti, að minnsta kosti vera óumtalaðir. Jeg vil, að menn megi veiða þá, hver á sínu landi, á öllum árstímum, eins og nú er leyfilegt. Auk þessa eru ýmsir gallar á frumvarpinu á hugsuninni. Við þessa umræðu mun reyndar ekki eiga við, að fara út í einstök atriði, en jeg vil þó leyfa mjer að benda á, að hjer segir á einum stað, í enda 4. greinar, að veiði sú, sem gjörð hefur verið upptæk, skuli seld af hreppstjóra eða lögreglustjóra, sem bezt verða má. En í upphafi næstu greinar á eptir stendur, að þeir, sem kaupa drepna fugla, sem friðaðir eru með lögum þessum, skuli sektaðir. Jeg get ekki neitað því, að mjer finnst þetta koma hálfilla við, þó það sje auðvitað, að það er ekki meiningin, að sekta þá, sem keypt hafa fugla þá, sem gjörðir hafa verið upptækir, og síðan seldir af hreppstjóra eða lögreglustjóra. En jeg tek þetta fram einungis til að sýna, að ýmislegt er athugavert við frumvarpið, eins og neðri deildin hefur samþykkt það, og muni því ekki óþarft, að gefa því nokkurn gaum. Jeg álít þó ekki, að þörf sje að setja nefnd í málinu, en óska, að koma mjer saman við aðra háttvirta þingmenn um breytingartillögur til 2. umræðu.

Stefán Eiríksson: Það er raunar rjett, sem hinn háttvirti þingmaður Eyfirðinga tók fram, að frumvarp þetta er gott að því leyti, að það friðar ýmsa fugla, sem nauðsynlegt er að friða. En jeg get ómögulega verið á því, að eggjatakan sje eins saknæm, eins og frumvarpið skoðar hana. Jeg get ekki sjeð, að það sje t. a. m. svo saknæmt, að taka rjúpnaegg, fyrir utan það, að það getur verið nauðsynlegt, að taka æðaregg, t. a. m. kaldegg. Þó eru viðlagðar sektir, ef þetta er gjört, og það ekki svo lágar, þar sem eru 20 kr. og meira til, ef brotið er framið optar, en einu sinni. Á einum stað í frumvarpinu stendur, að öll veiðin skuli ávallt upptæk af þeim, sem uppgötvar brotið, ef ekki er þegar hægt að ná í lögreglustjóra. Ef jeg því mæti manni á förnum vegi með fugl, sem eptir þessum lögum er friðhelgur, þá á jeg að ráðast á manninn til að taka af honum veiði hans, og ef jeg get ekki náð feng hans, þá má jeg sækja menn til þess, og þannig gjöra hervirki á mannskepnunni. Það væri dáindis- laglegt af löggjafarþingi, að láta slíka ákvörðun ganga út frá sjer. En aðalgallinn er sá á frumvarpi þessu, að eptir því mun mjög torvelt að hafa eptirlit með því, hvernig þessum lögum yrði hlýtt, því lögreglustjórinn getur hæglega verið í fjarskamikilli fjarlægð frá þeim manni, sem brotið fremur. Jeg álít því, að svo miklir gallar sjeu á þessu frumvarpi, að ef ætti að hjálpa því við, þá yrði að setja nefnd í málinu, og skal jeg því leyfa mjer að stinga upp á þriggja manna nefnd.

Ásgeir Einarsson: Jeg skal taka það fram, að mjer fellur vel við athugasemdir þeirra þingmanna, sem talað hafa í þessu máli. Það hefur verið sýnt fram á það áður, að illt mundi, að hafa nákvæmt eptirlit með því, að þessum lögum yrði hlýtt. Einkum mundi eptirlitið verða erfitt, að því er rjúpnaeggin snertir. Það gæti t. a. m. vel komið fyrir, að unglingar af vangá eða vanþekkingu tækju nokkur rjúpnaegg. Sú athugasemd þingmanns Austur-Skaptfellinga, að þar sem frumvarpið ákveður, að enginn megi taka æðarfuglaegg, og ekki varpeigendur sjálfir, þá sjeu hjer ekki undan tekin kaldeggin, er að mínu áliti alveg rjett. Með þessu frumvarpi er bæði bannað að taka kaldegg og fúlegg, sem þó einmitt skemma varpið, ef þau eru látin liggja. Jeg skal nú ekki fara fleirum orðum um frumvarpið að sinni, allra helzt ef nefnd verður kosin til að lagfæra það. Jeg veit, að það

eru margir á þeirri skoðun, að rjett sje, að taka egg úr hreiðri, þegar þau eru svo mörg, að dún vantar til að verja þau kulda, en jeg veit, að þegar svo á stendur, eru egg opt tekin úr því hreiðri, þar sem þau eru of mörg, og flutt í hreiður, þar sem fá egg eru. Þetta hef jeg sjálfur vitað gjört. Þeir, sem mæla fram með eggjafriðun, segja, að eigendur varpa drepi mest sjálfir af fugli, einmitt með því að taka eggin. Þess vegna hef jeg ekki á móti þessari ákvörðun í sjálfri sjer, en jeg hef viljað benda á þessi atriði, til þess, að sýna, að frumvarpið þarf lagfæringar við, og af því málið er fremur vandasamt, er jeg heldur á því, að nefnd sje skipuð í því. En það er athugandi við 3. gr., sem bannar eggjatökuna, að engin sekt er lögð við brotinu, og þarf að gjöra það, ef greinin er samþykkt.

Að svo mæltu var málið fellt frá nefnd með 7 atkvæðum móti 4, en vísað til 2. umræðu með 9 atkvæðum.

ÖNNUR UMRÆÐA Í EFRI DEILD,
á 30. fundi, 8. dag ágústmán

Breytingartillögur
við frumvarp til laga um friðun fugla, eins og það var samþykkt við 3. umræðu í neðri deildinni.

a.

Breytingaratkvæði
frá Jóni Pjeturssyni.

1. 1. gr. orðist þannig: «Kríur og spörfuglar allir, svo sem snjótitlingar, þúfutitlingar, maríuerlur, steindeplar og þrestir, skulu hvervetna friðhelgir á hverjum tíma árs, sem er, en allir aðrir fuglar, utan hræfuglar og gripfuglar, á tímabilinu frá 1. maí til 20. ágúst, og rjúpur frá 1. apríl til 20. ágúst. Net og skot skulu bönnuð við lundaveiði og skot og háfar við fýlaveiði».
2. 2. gr. og 3. gr. falli burt.
3. 4. gr., er verður 2. gr., orðist þannig: «Fyrir hvern fugl, er friðlýstur er í lögum þessum, skal sá, er brotlegur verður, gjalda 50 a. sekt, er tvöfaldist fyrir hvert brot allt að 16 kr.»
4. 5., 6. og 7. gr., er verða 3., 4. og 5. gr., skulu óbreyttar.

b.

Breytingartillaga
frá Sighvati Árnasyni, Skúla Þorvarðarsyni, Einari Ásmundssyni.

1. við 1. gr.: «skot og háfur við» falli burt.
2. aptan við sömu grein bætist: «og leyfi hreppsnefndar kemur til».
3. við 2. grein: «valir einir — — varp friðlýst» falli burt.
4. við sömu gr.: í staðinn fyrir: «veiðina á» komi: «þar á selveiði».
5. aptan við 3. gr. sje bætt: «nema kaldegg og fúlegg sje».
6. við 4. gr.: í staðinn fyrir: «50» komi: «25».
7. við sömu gr.: í staðinn fyrir orðin: «auk þess skal — — verða má» komi: «fyrir hvert æðaregg, sem tekið er ólöglega, skal gjalda 15 aura sekt, en 5 aura fyrir rjúpuegg hvert».
8. 5. grein falli burt.
9. við 7. gr. (sem sje 6. gr.): í staðinn fyrir: «þriðjungur» komi: «1/3», og í staðinn fyrir: «tveir þriðjungar» komi: «2/3».

Jón Pjetursson: Það hefur orðið af misgáningi, þegar breytingaratkvæði mitt var prentað, að á eptir orðunum «hræfuglar og gripfuglar», hafa fallið út orðin: «lundi og allur bjargfugl». Svo vil jeg fara nokkrum orðum um frumvarpið sjálft; mjer líkar það að sumu leyti nógu vel, en að sumu leyti hálf-illa. Frumvarpið byrjar þá með að tala um að friða suma fugla allt árið; hvað æðarfuglinn snertir, stendur í 1. gr., að hann skuli friðaður allt árið um kring, og í 4. gr., að hann skuli vera friðbelgur samkvæmt tilskip. 20. júní 1849. Þessi ákvörðun með æðarfuglinn er óþörf, því hann er friðaður eptir tilskipuninni, og á henni

gjörir frumvarpið í þessu efni enga breytingu, heldur segir, að tilskipunin skuli vera óbreytt. Síðan fer frumvarpið fram á, að friða ýmsa aðra fugla nokkurn tíma af árinu, og er jeg samdóma um það, að það sje gott. En hvaða fuglar eru það, sem frumvarpið þannig vill friða? Það eru allir aðrir fuglar, en þeir, sem að framan eru nefndir og sem eiga að vera friðhelgir allt árið, og eins hræfuglar, gripfuglar og bjargfugl.

Svó kemur bjargfugl, álku o. s. frv. má hver veiða, *þegar honum þykir bezt henta.* Þetta á ekkert við í lögum, að fara að leyfa manni þessa veiði; hún flýtur beinlinis af rjetti eigandans yfir jörð sinni, því hann á allan veiðirjett á henni, nema að því leyti, sem lögin kunna að takmarka hann. Aptur kemur takmörkun á veiðiaðferðinui, hvað lunda og fýla snertir, og finnst mjer sú takmörkun á rökum byggð, þó að bjer hafi komið fram breytingaratkvæði, sem fer fram á, að breyta þessu í frumvarpinu. En hjer við er aðgætandi, að lundinn er ekki bjargfugl, og ekki heldur hræfugl eða gripfugl, og ætti því eptir frumvarpinu að vera friðhelgur á friðhelgistímabilinu, frá 1. mai til 20. ágúst, en að friða hann á þessum tíma væri ófært, því þá væri öll kofnatekja bönnuð. En úr þessu bættist, ef breytingaratkvæði mitt væri samþykkt, svoleiðis sem það var. Viðvíkjandi 2. gr., þá eiga lögin ekki að fara að leyfa það, sem að sjálfsögðu fylgir af eignarrjettinum, en það þurfa engin lög til að gefa manni heimild að veiða hræfugla og gripfugla á sinni eigin jörð, og sem engin takmörkun hefur verið gjörð á í hinum eldri lögum. Þessi orð: »hvar sem hittast«, þykja mjer ófær; það er öldungis rangt, að leyfa mönnum með lögum að vaða inn í land annars manns og drepa þar fugla; það gætu vel verið tamdir fuglar. Það er sumstaðar, sem menn hafa til að mynda tamda hrafna að gamni sínu. Þetta væri að misbjóða eiganda þess lands, sem vaðið væri inn í. Að ófriðhelga egg þau, sem allir hafa alla tíma mátt taka, er einnig undarlegt og óþarft. Svo er bannað að skjóta nær selalátrum en svo og svo, nema með leyfi eiganda. Það er svo sem auðvitað, að það er leyfilegt, ef það er eptir samkomulagi. Svo er nú bannað að taka æðaregg og rjúpnaegg; það er ómögulegt að hafa eptirlit með þessari grein, að henni verði hlýtt. Að gjöra veiðina upptæka er ekki heppilegt, því að það er auðvitað, að þó maður mæti öðrum með egg í hendinni, að þá fer maður ekki að fljúga á hann til að taka það af honum. 5., 6. og 7. gr. frumvarpsins hef jeg ekkert á móti.

Sighvatur Árnason: Jeg held það megi nú segja um þessar breytingaruppástungur við þetta fugla-frumvarp, »að hverjum þyki sinn fugl fagur«, og ætla jeg nú, að tala um breytingartillögur mínar. Viðvíkjandi því, sem hinn 3. konungkjörni sagði um lundann, að hann væri ekki bjargfugl, þá finnst mjer þó, að frumvarpið meini, að svo sje. Breytingin við 1. gr. hefur það augnamið, að nema úr frumvarpinu bann gegn háfaveiði. Jeg veit ekki til, að nokkur maður álíti það skaða fýlaveiði; veiðin er að eins vissari með háf, en styggir fýlinn ekki hið minnsta, og þykir mjer því ísjárvert að banna þá veiðiaðferð. Í niðurlagi greinarinnar er þó leyft að grípa til þessarar veiðar rjett í lífsnauðsyn, og virtist uppástungumönnum eiga betur við, að leyfi hreppsnefndar komi til, svo enginn megi hlaupa til þessarar veiðiaðferðar upp á sitt eindæmi. 2. greinin hefur nú í sjer, að friða valinn, sem má þó álíta einhvern versta gripfuglinn, og er því ekki nein ástæða til að friða hann. 3. grein talar um að friða æðaregg yfir háls og höfuð, og væri betra að bæta þar við: nema kaldegg eða fúlegg sjeu, því að það er til bóta fyrir varpið, að mega taka þau. Breytingartillagan, að setja 50 aura fyrir hvern fugl niður í 25 aura, er gjörð af því, að 50 aurar, virðist að vera of há sekt fyrir jafnlítið brot. Það er auðvitað, að það er ekki þægilegt, að leggja sektir við brotinu með tilliti til framkvæmdanna, en úr því að verið er að tala um friðlýsingarlög, heyrir

til að leggja sekt við brotinu. Jeg játa það, að það er ekki auðvelt að hafa eptirlit með friðun á spörfuglum, sem talað er um í 2. grein, og ýmsum smáfuglum, en þetta er mannúðlegt og ekkert í móti, að láta það standa í lögum.

Árni Thorsteinson: Það er að »bera í bakkafullan lækinn» að fara að tala í þessu máli; þó vil jeg gjöra fáeinar athugasemdir við frumvarpið, því að jeg álít, að það hafi verulega annmarka. Í 1. gr. frumvarpsins er farið að friða kríuna; jeg er ekki þeim fuglum sjerlega vinveittur, og þó jeg verði að játa, að kríuegg sjeu góð, og krían í varplöndum geti gjört gagn, verðum við þó að gá að, hvað það er, sem krían lifir á. Hún lifir við sjó og við silungsvötn, og er vargur, jeg kalla hana *varg*, í silungs- og laxastöðvum, því að hún lifir á ungum silungs og laxa; en við sjóinn er hún einnig ónotaleg, því að hún lifir þar á upsasílum og þess háttar. Jeg er af þessum orsökum mjög móti almennri friðlýsing kríunnar. Það getur ef til vill verið ástæða til þess, þar sem hún gjörir engan skaða, en á sínum stöðum, einkum við veiðivötn, vil jeg ekki hafa friðhelgi á henni. En þegar við skoðum þessa friðlýsing í frumvarpinu og tilgang hennar, er hún þá eiginlega svo nauðsynleg? Eignarrjetturinn er friðhelgur; það er rjett eptir guðs og manna lögum, liggur mjer við að segja, að verja sína eign og nota hana, og sjálfs-höndin er hollust fyrir eigandann. Jeg skal ekki tala margt um spörfuglana, en jeg sje ekki ástæðuna til þess, að þeir skulu friðhelgaðir. Það, sem jeg hef mest á móti af öllu frumvarpinn, er 7. gr., sem gjörir ráð fyrir, að höfða öll mál, sem út af þessu rísa, sem opinber lögreglumál. Jeg held, að þessi ákvörðun gæti orðið til þess að útvoga okkur nýja landsómaga með nýjum kostnaði án mikillar ástæðu. Við höfum hjer eiginlega tvenns konar fugla: farfugla og heimafugla, og get jeg ekki sjeð, hvað ætti að vera móti því, að gefið væri leyfi, hverjum sem vildi, að skjóta villigæsir t. d., sem koma hingað frá öðrum löndum, spóa eg heylóur o. s. frv. Úr því komin er 16. vika snmars ætti að skaðlausu að mega skjóta þessa fugla; annars er að því farfugla snertir mest friðað fyrir útlendinga, en ekki okkur sjálfa. Jeg ímynda mjer, að fuglarnir sjeu til þess, að hafa gagn af þeim, en ekki að eins til skemmtunar. Það er og eitt, sem hinn háttvirti þingmaður Strandamanna sem fiskifróður maður hefur vakið athygli mína á; ef við skyldum t. d. róa til fiskjar, þá væri það harður kostur, að hafa ekki leyfi til að skjóta okkur lunda eða svartfugl til beitu. Slíkt er óskaðlegt, og ætti hverjum manni að vera leyfilegt; bann gegn því er ekkert annað en bann gegn atvinnu manna. Eins og gefur að skilja, tekur ekki þetta mál til varplandanna, því að um þau er allt öðru máli að skipta. 3. gr. frumvarpsins er jeg móti. 15. aura sekt er í rauninni of lág; en 5 aura sekt fyrir kríueggið er nokkurn veginn nær sanni, þó er hún ef til vill heldur lág, ef litið er til þess, að ýmisleg egg eru stundum hlásin út og send til útlanda til að geymast á söfnum og borguð dýru verði. Það er ekki meining mín, að gjöra breytingaratkvæði við frumvarpið, en jeg vil að eins benda á, að í 4. gr., þar sem talað er um 50 aura sekt fyrir hvern fugl, þá er undirskilið *maður*, en ekki *fugl*; það er laglegra að gjöra við þessu. Í 5. gr. ætti að falla burt: »drepna fugla». Greinin á við hvort heldur fuglarnir eru seldir drepnir eða lifandi. En eins og jeg hef sagt, hef jeg það mest móti lögunum, að öll mál, er rísa af broti gegn þeim, skuli höfðuð sem opinber lögreglumál. Afbrotið er látið varða bið opinbera, en þessi lög eiga að varðveita rjett einstakra manna. Þar sem getur verið spnramál um, að áríðandi atvinnuvegur manna sje í veði, getur verið rjett að brúka opiahera lögreglumálssókn, en ekki þar sem spursmálið er að eins um kríur og jafnvel púfutitlinga. Af þessari 7. gr. mundi geta leitt svo mikinn kostnað fyrir landssjóð, að jeg ímynda mjer, að enginn okkar geti reiknað hann út fyrirfram, en þó víst, að

hann verði óbærilegur. Þeir, sem vildu gjöra þessi lög reglulega góð, ættu að kynna sjer umræðurnar um málið 1877 í þessari deild, Skilyrðið fyrir því, að lögin sjeu til gagns, er það, að þau sjeu einföld og friði að eins þá fugla, sem arður má að verða, en hætta er við að missist, ef of mikið er að gjört.

Stefán Eiríksson: Það er deildinni kunnugt, að jeg við 1. umræðu þessa máls lýsti því yfir, að jeg að vissu leyti áliti þessi lög, er friðuðu fugla, nauðsynleg, en á hinn bóginn get jeg ekki sjeð, að þau verði að gagni út um landið eptirlitsins vegna. Það mundi þurfa meir en lítið eptirlit, ef þeirra ætti hvervetna að vera gætt. Þó ætla jeg ekki að verða á móti frumvarpinu í heild sinni eða sumum af breytingum þeim, sem komnar eru fram við það. 3. gr. frumvarpsins get jeg ekki fallizt á, en fallist deildin á hana, þá er þó betra að hnýta við hana viðaukanum úr breytingartillögum hinna þriggja þingmanna um, að taka megi «kaldegg og fúlegg». Það bætir þó nokkuð úr skák. Um breytinguna við 4. gr., þar sem farið er fram á að leggja 15 aura sekt við hvert æðaregg, sem tekið er, verð jeg að segja það, að jeg álít hana óhafandi, því eptir 50. gr. stjórnarskrárinnar er varpið full eign þess, sem varpið á. Sá, sem t. a. m. tekur 100 æðaregg, verður að gjalda 15 krónur í sekt. Það er þó sannarlega hart, að sekta mann fyrir það, að nota eign sína upp á þann bezta og skynsamlegasta hátt; enda er þess háttar ákvörðun í lögum brot á eignarrjettinum, og er því óhafandi, með því flestir hlynna að varpi sínu upp á skynsamlegasta og bezta hátt, eins og jeg hef tekið fram. Það leiðir líka af sjálfu sjer, að ef engin egg má taka, þá má og engan dún taka, fyr en allt er ungað út, og þá gæti dúnninn allur verið fokinn burtu úr hreiðrunum, þegar komizt yrði í varpeyna. Jeg skal taka til dæmis Vigur í Lóni, sem heyrir til Stafafells- prestakalli, og liggur langt undan landi, og því ekki hægt að komast í hana fyrri en eptir langan tíma, eptir að fuglinn væri genginn út; ef dúnninn væri ekki tekinn þar, fyr en svo sem hálfum mánuði eptir að æður öll er búin að unga út, þá yrði mestallur dúnn fokinn og farinn, svo þar fengist ekki það hálfa við það, sem nú er, eða jafnvel ekkert. Jeg vil því skora á deildina að fella 3. gr. og breytinguna við hana, þar sem hún er svo bersýnileg skerðing á eignarrjettinum.

Magnús Stephensen: Jeg ætla að eins að fara fáeinum orðum um breytingartillögurnar; þær eru allar frumvarpinu til bóta, en mjer finnst þær ekki fara nógu langt. Það hefur verið tekið fram af hinum 3. konungkjörna þingmanni, að sumt væri tekið upp í frumvarpið, sem væri óþarft, og sumt, sem væri til skaða. Til þessa síðara skal jeg sjerstaklega nefna það, að með þessum lögum verður hverjum einum heimilað, að vaða inn á eign annars manns til að drepa þessa fugla, sem lýstir eru ófriðhelgir, og á sama hátt til að taka egg þau, sem eru lýst ófriðhelg. Jeg álít ófært, að gjöra svo mikla skerðing á eignarrjettinum.

Meðal fugla þeirra, er engin grið skulu gefin, eru nefndar veiðibjöllur og mávar. En það er kunnugt um veiðibjöllur, að þær verpa á sumum stöðum svo mikið, að hagur er að fyrir landeiganda. Það væri því bart fyrir bann, ef hver og einn mætti vaða inn í veiðibjölluvarp hans og leggja undir sig eggin að ósekju eða án þess hann gæti á það talið. Einkanlega virðast mjer athugaverðar ákvarðanir frumvarpsins um eggin. Eptir frumvarpinu er svo að sjá, sem það sjeu 3 flokkar af eggjum. Í fyrsta flokki eru æðarfugla- og rjúpnaegg; þau eru hvervetna friðhelg. Í 2. flokki eru þau egg, sem ávallt eru ófriðhelg, og svo á líklega að vera 3. flokkurinn með þau egg, sem hvorki eru friðhelg nje ófriðhelg, en um hann er ekkert tiltekið, þótt að líkindum megi ráða, að í þeim flokki væru þau egg, er mætti taka að ósekju af landeiganda sjálfum; en það er ósamkvæmni, að úr því egg nokkurra fugla eru lýst friðhelg, þá skuli ekki egg allra þeirra fugla, sem eru frið-

helgir árið um kring, einnig vera lýst friðhelg.

Þess ber einnig að gæta með bjargfuglinn, að þar heyrir lundi ekki undir. Hann er ekki bjargfugl, og hvorki hinn 3. konungkjörni þingmaður nje hinir 3 þingmenn hafa bætt úr þessu með breytingartillögum sínum. Reyndar sagði 1. þingmaður Rangæinga, «að það gjörði ekki til um lundann; hann væri í þessu frumvarpi talinn með bjargfugli». Það er að vísu bót í máli, en það er nýmæli, að lundinn skuli eiga að gjörast að bjargfugli með lögum.

Í 2. grein frumvarpsins er þannig að orði kveðið: «*Hræ- og gripfuglar*, svo sem *ernir* og *mávar*» o. s. frv. Þetta er næsta ónákvæmt. Jeg hef að minnsta kosti aldrei fyrri heyrt, að «ernir» og «mávar» heyrðu undir sama fuglaflokk, þegar þeim er skipt systematiskt niður. Það færi því betur á, annaðhvort að telja þá upp í eðlilegri flokkaskipun, eða þá sloppa alveg orðunum: «Hræ- og gripfuglar», og telja upp alla þá fugla, sem átt er við.

Að öðru leyti skal jeg láta þess getið, að jeg mun greiða atkvæði mitt með flestum breytingaruppástungunum. Ef til vill verða þessir hinir sömu, sem vilja laga frumvarpið, svo góðgjarnir, að laga það enn meir við 3. umræðu. Að endingu skal jeg geta þess, að jeg skil ekki, hvað þeim gengur til, að vilja fella sektirnar úr 50 aurum ofan í 25 aura, nema ef það væri, að þá sje aðgengilegra að brjóta lögin.

Benidikt Kristjánsson: Jeg skal ekki vera margorður um frumvarpið eða breytingaratkvæðin. Jeg held, að jeg fyrir mitt leyti hallist helzt að breytingum hins 3. konungkjörna þingsmanns við 1. gr., þótt jeg að sumu leyti sakni ákvæða í breytingartillögum hinna 3 þingmanna um sömu grein, er leyfa að hafa báfa við fýlaveiði, og jafnframt að leyfi hreppsnefnda komi til, ef skot skulu leyfð við lundaveiði, þótt í hungursneyð sje. Jeg ætla reyndar, að þessu mætti koma inn í frumvarpið við 3. umræðu; nú getur það ekki átt við breytingar hins 3. konungkjörna þingmanns. Að öðru leyti bygg jeg óþarft að gjöra grein fyrir, hvernig jeg muni atkvæði greiða. En á hinn bóginn eru einstaka atriði, er jeg vil taka fram. Mjer virtist hinn háttvirti 5. konungkjörni þingmaður helzt vilja ófriðhelga kríuna, og sem hann ætlaði hún væri óþörf fremur en þörf. Ber hann þær sakir á hana, að hún tíni silungaseiði, laxaseiði, upsaseiði, o. s. frv. úr veiðivötnum og sjó. Jeg skal ekki neita, að svo sje, en þó hef jeg aldrei fyr heyrt þess getið, að *kría* gjörði mein í veiðivötnum eða spillti að neinu silungsveiði. Jeg held hún taki ekki svo stórt æti sem seiði eru. En það er kunnugt, að hún flögrar um holt og hæðir og tíni gráðuglega grasmaðk úr jörðu, og ætti það ekki að verða henni að böfuðssök. Hitt er og alkunnugt, að menn álíta hana sem varnarlið í vörpum sínum. Egg hennar eru einungis tekin, þegar hún verpur snemma, til þess að hún geti orpið aptur, og að unginn þá ekki krókni í vorhretum, sem honum er hætt við, ef kría sezt snemma. Jeg verð því að ætla, að kría sje fremur þarfur fugl, en óþarfur, og allir vita, að það er enginn fengur í að drepa hana, og þá er það að eins til að ala grimmd í hjörtum manna, að þeir megi bana henni, hvar sem er. Sama er og að segja um alla smáfugla. En sem betur fer, eru landsmenn ekki svo fíknir í að drepa þessa smáfugla. Það eru mest útlendir menn, sem ferðast um og hafa yndi af að leggja þá að velli. Því miður eru ekki ávallt vond dæmi til viðvörunar, heldur eru þau einnig stundum svo, að þau lokka aðra til hins sama. Í sambandi við þetta vil jeg setja það, að hinum sama þingmanni þótti það ekki eiga við, að þessi mál væru opinber lögreglumál. En það er aðgætandi, að enginn landeigandi mun telja skaða, þó að skotnir sjeu spóar og titlingar í landeign hans. Ekki fer hann í mál út af því. Tilgangur þessara laga er sá, að koma í veg fyrir það, að menn leiki sjer að því, að drepa fuglana, án þess að hafa nokkur not af þeim, og

hverjum stendur þá nær, en landsstjórninni að höfða slík mál? Ef menn vilja bæta hugsunarhátt einnar þjóðar, þá má ekki horfa í kostnaðinn. Einn þingmanna taldi eigi alls kostar rjett að friða villigæsir og helsingja, en jeg hygg það heyri undir að friða alla fugla um pörunartímann og á meðan unginn er að komast upp. Helsingjann og gæsirnar er innan handar að skjóta á haustin; þeir fara ekki svo snemma. Hinn háttvirti sessunautur minn, hinn 4. konungkjörni þingmaður, skipti eggjunum niður í 3 flokka, en vissi þó ekki vel um 3. flokkinn, hvort hann væri sá, er hvorki væri friðhelgur nje ófriðhelgur. Jeg tel víst, að svo sje, eða að í honum sjeu þau egg, sem landeigandi má taka en aðrir eigi. Eptir almennri rjettarvenju finnst mjer ekki ástæða til að taka neitt fram um þessi egg. Að því er kemur til æðareggjanna, skal jeg leiða hjá mjer að ræða um þau, þar eð hjer er einn heiðraður þingmaður meðal vor, sem er varpeigandi, sem þekkir æðarvarp og hefur gjört mikið til að bæta það. En þá beztu og hyggnustu varpeigendur, sem jeg hef þekkt, hef jeg heyrt segja, að þeir álíti, að ekki ætti að taka egg æðarfugla, nema kaldegg og fúlegg, sem skemmdu varpið. Sumir álíta einnig, að það þurfi að taka sum eggin, því þeir þurfi að taka dún. Því ef nauðsynlegt er að taka þegar í byrjun varpsins nokkuð af dún, þá þarf að taka af eggjunum líka. Helzt ætla jeg það hyggilegast, að róta sem minnst við hreiðrum æðarfugla og hafa sem minnsta umgengni um varpið, því hvorttveggja getur valdið því, að fúleggin verði fleiri og dúnninn verður verri. Að taka nokkuð af dún um varptímann, getur orðið til þess, að varpeigandi fær að vísu nokkuð af góðum dún, en samfara því, að hann fær bezta dún, fær hann einnig vondan dún, og verri en ella, ef enginn dúnn væri tekinn, fyr en æðurin er búin að unga út.

En það er og af annari ástæðu, sem jeg vil mæla fram með friðun æðareggja fyrir eiganda sjálfum. Þegar öllum er bannað að drepa æðarfugl, en eigandi má taka eggin, þá verður það harðla óvinsælt. Landeigandinn getur sagt: «Jeg má ekki veiða fuglinn, en hann granni minn, varpeigandinn, má jeta eggin þúshundruðum saman eptir vild sinni að ósekju». Vinsælla yrði það, ef eggin væru einnig friðuð. Fugl verður þó úr egginu, og vanhöld eru ekki mikil, einkum ef vargi er út rýmt úr vörpum. Loks ætla jeg að minnast á veiðibjölluna eða svartbakinn. Jeg þekki á einum stað, þar sem æðarvarp er, þá hagar svo til, að þar rjett hjá er hólmi, sem veiðibjöllur verpa í. En hart væri það fyrir æðarvarpseigandann, ef hinn, er hólminn ætti, mætti ala þar upp varg í varpi óátalið. Því þó veiðibjallan leggist ekki á æðareggin, þá drepur hún þó ungan unnvörpum, og, eptir því sem Breiðfirðingar segja, jafnvel fullorðnar æður. Það er því ástæða fyrir hvern, er finnur egg hennar, að taka þau, ef eigandi vill sjálfur verða seinni til að gjöra það og lofa henni að unga út. Skal jeg svo ekki orðlengja meira um þetta mál, og treysti jeg því, að þeir, sem hafa bjartara ljós, láti það skína fyrir deildinni.

Árni Thorsteinson: Jeg finn mjer skylt að votta hinum háttvirta þingmanni ótakmarkaða virðingu og verðugt þakklæti fyrir hina hjartnæmu ræðu hans, er grundvallaðist á gæzku mannlegs hjarta, að láta mál út af smáfugladrápi verða opinber lögreglumál. En jeg verð að skoða málið nokkuð frá annari hlið, og það frá hinni hversdagslegu hlið. Jeg held, ef hinn háttvirti þingmaður fylgir fram þessari skoðun, þá yrði hann sá fyrsti «*Vegetarianer*». Mjer ofbauð, ef það ætti að ómaka sýslumenn, ef til vill um langa leið, í hvert skipti sem drepinn væri smáfugl, svo sem þúfutitlingur, andstætt lögum þessum. Jeg skal taka til dæmis, svo jeg haldi mig við hans kjördæmi, að þúfutitlingur væri drepinn austur á Langanesi, þá er svo sem sjálfsagt að senda þegar eptir sýslumanninum inn á Húsavík, og hann verður, hvernig sem á stendur, að fara 2 þingmannaleiðir eða meira með ærn-

um kostnaði, og hefja síðan rjettarrannsókn og vígsmál á hendur sakadólgnum. Þetta gæti kostað landssjóðinn ærið fje, og valdið miklum ómaka frá verulegri störfum, er allt ætti rót sína að rekja til þess, að *einn* þúfutitlingur hafði verið af dögum ráðinn.

Viðvíkjandi kríunum skal jeg játa það, að margar af athugasemdum þingmannsins voru rjettar, en sumar voru það ekki. Jeg er enn sem áður á því, að þær tíni smáseiði allra fiska sem aðalviðurværi, og í öðrum löndum eru kríur skoðaðar sem skaðlegir fuglar við veiðivötn.

Með því eigi tóku fleiri til máls, ljet forseti ganga til atkvæða um frumvarpið og breytingarnar. Atkvæði fjellu þannig:

1. Breytingartillaga Jóns Pjeturssonar við 1. gr. var samþykkt með 7 atkvæðum. Við það var fallin 1. gr. frumvarpsins og breytingartillaga og viðaukatillaga 3 þingmanna við sömu grein.
2. Fyrri breytingaruppástunga 3 þingmanna við 2. gr. samþykkt með 10 atkvæðum.
3. Síðari breytingaruppástunga sömu þingmanna við sömu grein samþykkt í einu hljóði.
4. 2. gr. frumvarpsins með áorðnum breytingum samþykkt með 6 atkvæðum.
5. Viðaukauppástunga 3 þingmanna við 3. gr. samþykkt með 9 atkvæðum.
6. 3. gr. frumvarpsins, þannig aukin, felld með 6 atkvæðum gegn 5.
7. Breytingartillaga Jóns Pjeturssonar við 4. gr. frumvarpsins samþykkt með 6 atkvæðum, og verður 3. gr. Við það var 4. gr. frumvarpsins fallin, sem og 2 breytingartillögur 3 þingmanna við hana.
8. 5. gr. frumvarpsins felld með 6 atkvæðum móti 4.
   Við það breytist greinatalan.
9. 6. gr. frumvarpsins felld með 6 atkvæðum móti 2.
10. Breytingartillaga 3 þingmanna við 7. gr. felld með 6 atkvæðum gegn 3.
11. 7. gr. frumvarpsins samþykkt með 7 atkvæðum, ogverður hún 4. gr. þess.
12. Fyrirsögn frumvarpsins áleizt samþykkt án atkvæða.
13. Að frumvarpið gengi til 3. umræðu, var samþykkt með 10 atkvæðum.

ÞRIÐJA UMRÆÐA Í EFRI DEILD,
á 32. fundi, 10. dag ágústmán.

Frumvarpið, eins og það var samþykkt við 2. umræðu, sjá I, 399—400.

Breytingartillögur
við frumvarp til laga um friðun fugla, eins og það var samþykkt við 2. umræðu í efri deild.

a.

Breytingartillaga
frá Benidikt Kristjánssyni, Einari Ásmundssyni og Skúla Þorvarðarsyni.

1. 1. grein orðist þannig:
   Spörfuglar allir, svo sem snjótitlingar, þúfutitlingar, maríuerlur, steindeplar og þrestir, skulu friðhelgir á öllum tímum árs. Rjúpur skulu friðhelgar frá 1. apríl til 1. september. Bjargfugl allan, svo sem álkufugla, fýla, skarfa og skegglur, má hver maður veiða í landi sínu, þá er honum þykir bezt henta. Allir aðrir fuglar, nema þeir, sem eru undan skildir í 2. gr., skulu friðhelgir frá 1. maí til 15. ágúst ár hvert.
2. 2. grein sje þannig orðuð:
   Ernir, hrafnar, valir, smirlar, uglur, kjóar, skúmar, veiðibjöllur og mávar eru ófriðhelgir árið í kring. Egg þessara fugla eru og óhelg, hvar sem þau finnast, og er hverjum landeiganda skylt að eyða þeim á landi sínu.
3. 3. gr. (ný) bætist inn í frumvarpið svo látandi:
   Egg rjúpna og æðarfugla eru friðhelg; má enginn taka þau, og eigi landeigandi eða varpeigandi sjálfur, nema kaldegg eða fúlegg sje.
4. 3. gr. frumvarpsins verði 4. gr., og við hana bætist:
   »En fyrir hvert egg, sem friðhelgt er, hálfu minni sekt«.

5. Ný grein, 5. gr., bætist inn í svo látandi:

Hreindýr skuln friðhelg vera frá 1. janúar til 1. ágúst, og varðar 5 króna sekt fyrir dýr hvert hið fyrsta sinn, ef drepið er. Sektin tvöfaldast, ef optar er brotið, allt að 80 kr.

6. 4. gr. frnmvarpsins, sem verður 6 gr., orðist þannig:

Mál þau, er risa út af brotum gegn lögum þessum, eru opinber lögreglumál. Rennur helmingur sektarfjár í sjóð þess hrepps, er brotið er framið í, en hálft á sá, er brotinu kemur upp.

7. Fyrirsögn frumvarpsins orðist á þessa leið:

Frumvarp
til laga um friðun fugla, eggja og hreindýra.

b.

Breytingaruppástungur
frá Jóni Pjeturssyni, Stefáni Eiríkssyni og Magnúsi Stephensen.

1. Við 1. grein: Á eptir orðunum: «hræfuglar og gripfuglar» bætist inn í: «lundi og bjargfugl».
2. 2. grein falli burt.
3. Við 4. grein: síðari málsgrein orðist þannig: «Rennur helmingur sektarfjárins í landssjóð, en hinn helmingurinn ber uppljóstrarmanni».

c.

Breytingartillaga
frá Sighvati Árnasyni, Skúla Þorvarðarsyni og Stefáni Eiríkssyni.

Við 1. gr.: «skot og háfur við» falli burt.

Einar Ásmundsson: Jeg skal strax leyfa mjer að geta þess, að í breytingartillögu minni og annara tveggja háttvirtra þingmanna hefur misprentazt annaðhvort fyrir vangá skrifara eða prentara, því eptir orðin «skarfa og skegglur» átti að koma: «sem og lunda». og vona jeg, að þessi breyting verði tekin til greina.

Forseti: Vegna þess, að þessi orð, sem í vanta, eru hrein efnisbreyting, þá get jeg ekki tekið þau til greina, og verður því að ræða greinina, eins og hún liggur fyrir.

Jón Pjetursson: Jeg hef með öðrum fleirum komið með breytingaratkvæði við þetta frumvarp; að því er snertir það breytingaratkvæði, sem jeg hafði komið með sjerstaklega við 1. grein við 2. umræðu, þá skal jeg leyfa mjer að taka það fram, að af gleymsku minni höfðu fallið úr eptir orðin: «hræfuglar og gripfuglar» í 1. gr. orðin: «lundi og bjargfugl»; svo að þessi partur greinarinnar átti að orðast þannig: «en allir aðrir fuglar, utan hræfuglar, gripfuglar, lundi og bjargfugl». Þessum orðum er nauðsynlegt að bæta inn í; að minnsta kosti er nauðsynlegt, að undan taka lundann. Þann fugl má ómögulega friða á tímabili þessu, því með væri bannað að taka kofu. Enn fremur höfum vjer leyft oss að stinga upp á því, að 2. gr. falli burt. 2. gr. gengur út á, að hræ- og gripfuglar skuli ófriðhelgir, *hvar sem þeir hittast*, allt árið í kring, og sömuleiðis, að egg þessara fugla sjeu ófriðhelg o. s. fr. Eptir þessari grein má drepa fugla þessa, hvar sem er, og því líka á annara manna landi; með þessu er leyft að beyta ofríki á öðrum mönnum, og skerða og misbjóða eignarrjetti manna, en slík ákvörðun getur að mínu áliti með engu móti staðizt í lögum, og því er sjálfsagt, að 2. gr. falli burt. Í 4. gr. er ákveðið, að einn þriðjungur sektarfjárins renni í sjóð þess hrepps, sem brotið er framið í, en tveir þriðjungar gangi til þess, sem uppljóstar brotinu, en jeg álít heppilegra, að sektin sje látin renna í landssjóð, og einnig álít jeg nægilegt, að helmingur sektarfjárins gangi til þess, sem uppljóstar brotinu. Svo skal jeg leyfa mjer að fara nokkrum orðum um breytingartillögu hinna 3 þingmanna. 1. gr. þessarar breytingartillögu er ómögulegt að geti staðizt, einmitt af því, að þar er lundinn ekki undantekinn frá friðhelgi. Með því er beinlínis bannað að taka kofu, sem er mjög arðsamur fugl, einnig vegna dúnsins, en kofnatekjan er einmitt

á tímabilinu frá 1. mal til 15. ágúst. Að lundinn ekki sje talinn með, er augljóst af því, að hvorki heyrir hann nndir spörfugla, svo sem snjótitlinga, púfutitlinga o. s. frv., ekki heldur undir rjúpuna. Þar sem leyft er, að hver maður megi veiða bjargfugl á landi sínu, þá er honum þykir bezt henta, þá er lundi ekki talinn þar með, heldur að eins álkufuglar, fýlar, skarfar og skegglur. Svo stendur enn fremur í 1. grein: «Allir aðrir fuglar, nema þeir, sem eru undanskildir í 2. gr., skulu friðhelgir frá 1. maí til 15. ágúst ár hvert, en í 2. gr. eru undanteknir: ernir, hrafnar, valir, smirlar, uglur, kjóar, skúmar, veiðibjöllur og mávar, en hjer er lundinn heldur ekki nefndur, og þar af leiðir, að hann er friðhelgur á tímabilinu frá 1. maí til 15. ágúst ár hvert, en það er einmitt, eins og jeg sagði, sá tími, þegar kofnatekjan er. Af þessu leiðir, að 1. og 2. gr. geta ekki staðizt. Í 1. grein er auk þessa komizt svo að orði, að hver maður megi veiða bjargfugl allan í sinu landi, *þá er honum pykir bezt henta*; allt svo er þetta leyfi bundið vissri takmörkun. En jeg vil spyrja uppástungumennina: hve nær er það? hve nær er þessi bezt henti tími? það verður líklega örðugt að segja, hve nær bezt hentir að gjöra þetta. Þessi orð eru því óþörf, og 1. gr. er ómöguleg, af því lundann vantar. Sama er að segja um 2. grein; hún getur heldur ekki staðizt. Fyrri partur þessarar greinar er með öllu óþarfur; þar er ekkert nýtt. Það hefur hingað til verið leyfilegt, að drepa þessa fugla í sínu landi, og því þarf alls ekki að taka það upp aptur, að það sje leyfilegt. Sá veiðirjettur hefur aldrei verið heptur, og því þarf ekki að leysa hann hjer. Greinin leyfir því ekki annað, en það, sem maður má vegna eignarrjettarins, því það hefur aldrei verið lagt hapt á, að drepa erni, hrafna, vali, smirla, uglur, kjóa, skúma, veiðibjöllur nje máva. Það, sem talað er um egg þessara fugla, er heldur ekki neitt nýtt. Það hefur aldrei verið bannað, að taka þau, hvar sem þau fyndust í landi manns, því það flýtur líka beinlínis af eignarrjettinum. Ef þar á máti ætti að skilja þetta svo, að þar með væri leyft að fara inn í annara manna land, og taka þar þessi egg, þá væri það alveg nýtt, alveg ný ákvörðun, en það er nú sjálfsagt ekki meiningin, heldur að landeigandi megi sjálfur taka þau í sínu landi. Í 2. gr. stendur enn fremur: «og er hverjum landeiganda skylt, að eyða þeim á sínu landi». Jeg held það verði bágt að sanna, hvort landeigandi hefur vanrækt þessa skyldu sína, og þó svo ólíklega skeði, að það sannaðist, hvaða sekt á hann þá að sæta fyrir það? Þess er hvergi getið. Þá kemur ný grein, 3. gr.: «Egg rjúpna og æðarfugla eru friðhelg». Það getur nú verið margt, sem mælir bæði með og mót þessari ákvörðun; en jeg er hræddur um, að illt muni að sanna, þó þessi egg væru tekin. Í greininni eru þó undanskilin kaldegg og fúlegg; allt svo má taka kaldegg. Jeg á æðarvarp; mjer er sem eiganda ekki bannað að taka dún; jeg tek því dún, en ekki egg, en við það, að jeg tek dúninn, verða eggin kaldegg, og jeg bíð þangað til þau eru orðin það, svo tek jeg þau og það í lagaleyfi. Jeg er því hræddur um, að hægt verði að fara í kring um þessi lög, og segja, að maður hafi ekki tekið annað en kaldegg. Jeg vil því einnig fella 3. og 4. tölulið á breytingartillögu hinna 3 þingmanna; því auk þess sem það mun verða illt, að gæta þess, að þessu banni, að taka eggin, verði hlýtt, auk þess hef jeg sannfærzt um, að það sje ekki skaðlegt, þó lítið eitt sje tekið af eggjum, en allir varpeigendur telja það skaðlegt, að egg sjeu tekin að mun, enda forðast þeir að gjöra það, svo þetta bann er alveg óþarft. Undir 5. tölulið á breytingartillögunni, er svo ákveðið: «Hreindýr skulu friðhelg vera frá 1. janúar til 1. ágúst» o. s. frv. Það er einmitt komið fram frumvarp í neðri deildinni um friðun hreindýra, og því held jeg, að bezt sje, að þetta bíði þangað til menn sjá, hvernig því reiðir af; auk þessa er það frumvarp, sem hjer ræðir um, um fugla, en ekki um dýr; þá mætti eins vel takð undir frumvarpið birni og tóur, en

það er þó ekki gjört. Við 4. gr. frumvarpsins get jeg ekki fellt mig, þar sem stendur, að þriðjungur sektarfjárins skuli renna í sjóð þess hrepps, sem brotið er framið; þetta getur ómögulega staðizt, því menn geta framið brotið upp á reginfjöllum, sem ekki heyra undir neinn vissan hrepp, heldur eru almennings-eign. Í sjóð hvers hrepps ætti jeg t. a. m. að greiða sekt, ef jeg skyti friðhelgan fugl í Henglinum? Það rjetta er sjálfsagt, að sektarfje renni í landssjóð, sem líka leggur fje í sölurnar fyrir gæzlu laganna. Af öllu þessu leiðir, að jeg get ekki gefið breytingartillögu hinna þriggja háttvirtu þingmauna atkvæði mitt.

Ásgeir Einarsson: Jeg skal ekki mörgu svara þessari löngu ræðu; það liggur líka öðrum nær en mjer. En jeg vildi leiðrjetta það, sem hinn heiðraði þingmaður ekki hermdi rjett í 2. grein breytingartillaganna. Í 1. grein eru þeir fuglar taldir upp, sem friðhelgir skulu vera, og svo er sagt, að allir aðrir fuglar en þeir, sem eru undanskyldir í 2. gr., skuli vera friðhelgir nokkurn tíma árs, og því eru í 2. gr. tilteknir þeir fuglar, sem ófriðhelgir eru, og jeg finn ekkert óviðurkvæmilegt í því. Jeg held og, að í 1. gr. breytingartillaganna hafi fallið burt: «sem og lunda», og jeg veit ekki, hvort þingmaðurinn hefur gætt þess; uppástungumaðurinn lýsti því þó yfir áðan, að þessi orð ættu að bætast inn í greinina: «sem og lunda». Að sektirnar renni í landssjóð, felli jeg mig vel við, því að fyrst á að sækja málið á opinberan kostnað, þá er náttúrlegt, að landssjóðurinn fái sektirnar. Það er nú illt og jafnvel ómögulegt að sanna um eggjatekjuna, einkum um öll smáfuglaegg, því að það er hætt við, að það vilji verða svo, að börn, án þess að þau haldi, að það sje nokkuð saknæmt, taki þau annaðhvort af heimsku eða ógáti. Þó að leyft sje að taka kaldegg og fúlegg, þar sem æðarvarp er, þá er hægra að sanna, hvort nokkur önnur egg hafi verið tekin með, því að það mun varla vera svo, þar sem annars nokkuð æðarvarp er, að einn leiti, og jeg er viss um, að einhver muni gangast fyrir sögubitanum, sem hann fær. Jeg tók fram um daginn, að æðarfuglamorðingjarnir færðu það til sem ástæðu, að þó að þeir dræpu fugla, þá dræpu eigendurnir þó meira með eggjatökunni, og þó að mjer finnist það nú heldur óþarft, að friða æðaregg, þá skal jeg þó ekki vera á móti því, og það því síður, sem jeg fjekk brjef frá Eyjólfi varpfræðing, þar sem er skorað á menn að hætta eggjatöku. Á fundi í Strandasýslu kom þetta og til tals, og varð þar uppljóst, að einn varpmaður hafði hætt eggjatöku, og jafnframt, að varpið hafði síðan að tiltölu aukizt meira hjá honum en öðrum. Fundurinn fól mjer ekki neina beina uppástungu um það, en var heldur með því en móti, að eggjatöku yrði hætt og því skal jeg ekki vera á móti því. Um friðun sumra hinna fuglanna, sem taldir eru, held jeg að verði illt vörð að halda. Mjer virtist hinn 3. konungkjörni þingmaður vilja tæta svo utan af breytingaratkvæðinu, að hann vildi helzt alveg eyðileggja það. Jeg skal ekkert skipta mjer af því; jeg er hvorki faðir eða móðir að því.

Einar Ásmundsson: Það er gamall málsháttur, sem segir: «Það tjáir ekki að deila við dómarann»; en samt langar mig nú til að deila dálítið við hinn háttvirta 3. konungkjörna þingmann. Hann hefur sýnt list sína á því, að tæta í sundur það breytingaratkvæði, sem jeg ásamt tveim öðrum góðum mönnum er skrifaður undir; en jeg hef ekki getað sjeð góðar nje gildar ástæður fyrir þessari hans niðurrifningu. Við höfum með þessari breytingartillögu okkar reynt að koma dálitlu lagi á frumvarpið, sem allir verða að kannast við að er ólag á, eins og það nú er, jafnvel þó að það væri rjett prentað, en það er raunar fullt af prentvillum. Nú befur það orðið fyrir okkur, eða þá prentaranum, að 3 orð í 1. gr. hafa fallið burt, og sem jeg leyfði mjer að geta um áður við hinn háttvirta forseta, ef menn vildu taka það til greina. En hinn

3. konungkjörni þingmaður hefur haldið langa og snjalla prjedikun úf af þessari prentvillu eða eyðu í 1. grein. Jeg þarf ekki að svara þessum langa kafla af prjedikun þingmannsins, þar sem jeg kannast við, að meðan þessi orð vanta, þá er gat á greininni, sem ekki má opið standa, En jeg ætla þó, að jafnvel þó að þessi eyða sje, þá sje greinin þó hjer lögulegri en í frumvarpinu. Hjer eru fyrst taldir upp þeir fuglar, sem friðhelgir skulu vera á öllum tímum árs; svo rjúpan, sem er friðuð lengstan tíma af þeim fuglum, sem ekki eru al-friðaðir; þá fuglar, sem vegna gagnsins, sem menn hafa af þeim, ekki má friða, og loks allir aðrir fuglar, sem friðhelgir skulu vera að eins 3½ mánuð. Ef okkar frumvarp hefði orðið rjett prentað, þá álít jeg okkar grein miklu betri en frumvarpsgreinina. Hinn 3. konungkjörni þingmaður talaði mikið um 2. gr., þar sem eru taldir upp þeir fuglar, sem skaðlegir eru, og þess vegna eiga að vera ófriðhelgir. Hann vill skilja svo, að þessir fuglar sjeu dræpir, hvar sem vera skal, og jafnvel í landi annara. Jeg er ekki á móti því; jeg get ekki sjeð, að það sje á móti anda landslaganna, að svo sje. Jeg man ekki betur, en að birnir sjeu rjettdræpir hvar sem vera skal, og það jafnvel í landareign annara. Er það nokkuð ótilhlýðilegt, ef jeg sje örn taka barn, að jeg drepi örnina, þó í annara landareign sje? Úr því að þessir fuglar eru skaðlegir, þá er tilhlýðilegt, að það megi drepa þá jafnvel í annara manna landi, ef ekki er neitt skemmt fyrir þeim með því; jeg vil ekki, að spilla megi neinu fyrir öðrum, og orðin í þessum breytingartillögum eru ekki svo, að út úr þeim verði leitt, að menn megi leika sjer að því, að veiða hræfugla í annara manna landi, til að mynda að skjóta hrafn í annara varpi. Þá kemur nú 3. gr., sem friðhelgar eggin. Um það hefur hjer á þingi rætt verið, og varpeigendum og varpspekingum hefur ekki komið saman um, hvort það væri gott eða hagkvæmt fyrir landið, að friða egg æðarfugla. Jeg ætla mjer ekki að raupa af því, að jeg sje varpmaður eða varpspekingur; en eptir minni litlu reynslu, þá er það mín sannfæring, að til þess að æðarvarp aukist og blómgist í landinu, sje nauðsynlegt, að æðaregg sjeu friðuð. Það er satt, að ekki er bannað að taka dún, en lögin benda heldur ekki til, að dúnninn sje tekinn, heldur verður hver þar að annast sitt eigið gagn og láta fuglinn hafa frið til, að unga út og hirða síðan dúninn. Í 2. gr. er talað um egg þeirra fugla, sem ófriðhelgir eru. Ef hrafninn er skaðlegur, eins og jeg vona að allir sjeu mjer samdóma um, þar sem hann spillir vörpum, drepur unglömbin á vorin og fleira því um líkt, og ef nauðsynlegt er þess vegna að eyðileggja hann, þá er þarflegt að ófriðhelga hrafnseggin, og hverjum stendur það nær, en landeigendum sjálfum, þar sem hrafninn á hreiður? En ef þeir ekki hafa framtakssemi í sjer til þess, þá verður öðrum að vera heimilt að gjöra það, þótt í hinna landi sje. Hinum háttvirta þingmanni þótti það galli, að engin sekt er lögð við, ef landeigendur eyða ekki hræfuglaeggjum í landi sínu, en jeg held það sje ekki nýtt, að eitthvað sjo boðið eða bannað í lögum, án þess sekt sje beinlínis ákveðin um leið. Að minnsta kosti man jeg, að það er ekki gjört í lögum, sem í fornöld voru gefin út á fjallinu Sínai, þar sem ýmislegt er skipað og bannað, en engin sekt þó fastsett við broti gegn lögunum. Þingmaðurinn fjellst ekki á, að hreindýrum væri skotið hjer inn í þetta frumvarp, og sagði, að frumvarp væri fyrir neðri deildinni um sama efni. Jeg er þar ekki kunnugur, og heldur ekki skyldugur til að vita, hvað fram fer í neðri deildinni. En jeg held mjer sje óhætt að fullyrða, að það frumvarp, sem hann talar um, sje dautt

vegna tímaleysis, og mun það annaðhvort hafa verið tekið aptur af flutningsmanni eða lagt á hylluna. Jafnvel þó nú svo væri, að þar væri hreindýrafrumvarp á ferðinni, þá sje jeg ekki, að það sje á móti þingsköpunum, þó ákvörðun um sama efni standi í tveimur frumvörpum, en hitt er vitaskuld, að þingið samþykkir ekki friðun hreindýra nema í öðru frumvarpinu; hún hlýtur að verða felld úr þessu frumvarpi, ef hitt væri samþykkt á undan; en ef þetta verður fyrra til, þá fellur hitt af sjálfu sjer. Hvað efninu viðvíkur, þá er nauðsynlegt að friðhelga hreindýr seinni hlut vetrar og framan af sumrinu. Á vorin æxla hreindýrin kyn sitt, og það er hryllilegt til þess að vita, að hver og einn skuli svo að segja gjöra sjer að skyldu að drepa kálfana nýfædda. Á seinni árum eru Englendingar farnir að koma hingað margir saman, og hafa það sjer til dægrastyttingar, að flakka hjer um landið og skjóta fugla og hreindýr og veiða fiska. Einn af þessum flökkuenglum var í fyrra sumar fyrir norðan; hann fór upp á fjöll og varði all-löngum tíma af sumrinu til að elta hreindýrin og skjóta kálfana; meira lá ekki eptir hann hjer, svo að menn viti; svo kom hann á Akureyri með allmargar höfuðskeljar af hreindýrakálfum, og sigldi með það sem annað sigurmark heim til fósturjarðar sinnar. Jeg er ekki sá Englendinga-vinur, að jeg vilji lofa þeim að leika sjer að því, að drepa slíkt ungviði. Þegar öllu er á botninn hvolft, þá álít jeg, að breytingartillögur vorar 3 þingmanna sjeu eitt hið bezta, sem fram hefur komið í þessu máli, og vil leggja það til, að þær verði allar samþykktar.

Þar eð ekki tóku fleiri til máls, var gengið til atkvæða, og var

1. Breytingartillaga Benidikts Kristjánssonar og 2 annara þingmanna við 1. gr. felld með 6 atkvæðum gegn 5, að við höfðu nafnakalli, þannig að

Já sögðu:
Benidikt Kristjánsson,
Árni Thorsteinson,
Ásgeir Einarsson,
Einar Ásmundssou,
Skúli Þorvarðarson.

Nei sögðu:
Magnús Stephensen,
Jón Pjetursson,
Pjetur Pjetursson,
Sighvatur Árnason,
Sigurður Melsteð,
Stefán Eiríksson.

2. Breytingartillaga Jóns Pjeturssonar og 2 annara þingmanna við 1. gr. samþykkt í einu hljóði.
3. Breytingartillaga Sighvats Árnasonar og 2 annara þingmanna við 1. gr., að »skot og háfur við» falli burt, samþykkt í einu hljóði.
4. Breytingartillaga Benidikts Kristjánssonar og 2 annara þingmanna við 2. gr. felld með 6 atkvæðum gegn 5.
5. Breytingartillaga Jóns Pjeturssonar og 2 annara þingmanna, að 2. gr. falli burt, samþykkt með 6 atkvæðum.
6. Viðaukatillaga Benidikts Kristjánssonar og 2 annara þingmanna um nýja grein (3. gr.) felld með 6 atkvæðum gegn 5.
7. Viðaukatillaga sömu þingmanna við 3. gr. fallin við atkvæðagreiðsluna um 6.
8. Viðaukatillaga sömu þingmanna um nýja grein (5. gr.) samþykkt með 8 atkvæðum.
9. Breytingartillaga sömu þingmanna við 4. gr. felld með 7 atkvæðum gegn 4.
10. Breytingartillaga Jóns Pjeturssonar og 2 annara þingmanna við 4. gr. samþykkt með 10 atkvæðum.
11. Breytingartillaga Benidikts Kristjánssonar og 2 annara þingmanna við fyr-

irsögnina, án orðsins «eggja», samþykkt í einu hljóði..

12. Frumvarpið samþykkt með 10 atkvæðum.

Kvað forseti málið nú verða endursent forseta neðri deildar.

EIN UMRÆÐA Í NEÐRI DEILD,
á 57. fundi, 20. dag ágústmán.

Frumvarpið, eins og það var samþykkt við 3. umræðu í efri deildinni, sjá I, 448.

Breytingartillaga
við frumvarp til laga um friðun fugla, eins og það var samþykkt við 3. umræðu í efri deildinni.

Við 1. gr. Á eptir orðin: «lundaveiði og» komi: «skot og háfur við».

Ólafur Pálsson.

Framsögumaður (Eiríkur Kúld): Þegar þetta frumvarp kemur nú frá hinni háttvirtu efri deild, þá þykir mjer það vera orðið æði-snubbótt, en þó hefur nefndin, sem hjer var sett í málið, komið sjer saman um, að vera því samþykk. Þó að það sje skrítin breyting, sem hefur komið á frumvarpið, að í staðinn fyrir *egg* eru komin *hreindýr*, og þó að það megi álíta sem náttúruafbrigði, að hreindýr svona eins og skríði úr eggjum, þá vil jeg samt leyfa mjer að mæla með því, að frumvarpinu verði framgengt, því að í því er mikil rjettarbót, og jeg get ekkert sjeð á móti því, að aðhyllast það, þrátt fyrir þess 3. gr., úr því að nauðsyn er að friða hreindýr um nokkurn tíma árs, og það er álit þeirra, sem til þessa þekkja,

Ólafur Pálsson: Jeg hef leyft mjer að koma enn þá fram með breytingartillögu við þetta frumvarp, viðvíkjani háfum og skotum við fýlaveiði, því að jeg sje, að háfur hefur týnzt úr frumvarpinn í efri deildinni. Sumir munu álíta, að háfur og net sje hið sama, en það er ekki svo; það má búa hann til úr bandaflækju og hafa hann hvernig sem vill. Mjer er þetta mál mikið kappsmál, og vil jeg því mæla með, að þetta breytingaratkvæði fái framgang, og jeg vona, að þingið felli það ekki, og skora jeg á hinn háttvirta þingmann Vestmannaeyinga, að segja álit sitt um það, hvort það sje ekki nauðsynlegt, því hann þekkir manna bezt til þess.

Framsögumaður: Jeg vil leyfa mjer að benda hinum háttvirta þingmanni Vestur-Skaptfellinga á það, að ef við breytum þessu frumvarpi nú, þá getur því eigi orðið framgengt á þessu þingi, en það væri leiðinlegt, ef þetta mál fjelli nú í annað sinn, því að það fjell einnig af slysum á síðasta þingi. En jeg get orðið hinum háttvirta þingmanni Vestur-Skaptfellinga samdóma um það, að ef nauðsyn þykir til bera, þá má koma þessum breytingum á á næsta þingi, og þá geta þessi tvö ár ekki gjört mikið til. Jeg vænti svo góðs af hinum háttvirta þingmanni, að hann vilji ekki verða til að fella frumvarpið.

Ólafur Pálsson: Jeg ætla að svara hinum háttvirta þingmanni Barðstrendinga því, að jeg get ekki sjeð, að frumvarpið þurfi að falla vegna breytingartillögunnar, því að það ætti að geta gengið áfram í þinginu umræðulaust. Jeg tek nauðulega tillöguna aptur, því að jeg er sannfærður um, að þotta er mesta velferðarmál.

Þorsteinn Jónsson: Hinn háttvirti þingmaður Vestur-Skaptfellinga hefur skorað á mig, að segja álit mitt um þetta mál. Jeg lýsi því yfir, að það er almennt álit á Vestmannaeyjum, að dráp á gömlum fýl sje mjög skaðlegt, en jeg álít þó svo mikla rjettarbót í þessu frumvarpi, að jeg vil ekki mæla með breytingartillögunni, ef hún skyldi verða til að fella það, þó að hún hafi óheppilega verið felld úr í efri deild-

inni fyrir Skaptfellinga, því að hjá þeim á hún við, en á Vestmannaeyjum á hún ekki við, því þar er allt dráp á gömlum fýl harðlega bannað. Jeg vil ekki þess vegna gefa henni atkvæði mitt.

Framsögumaður: Jeg held, að það sje ómögulegt, að mál þetta geti fengið framgang, ef breytingaruppástungan verður samþykkt, því að þó að það verði samþykkt hjer, þá verður það að fara til efri deildarinnar, og vilji hún ekki fallast á málið með breytingunni, þá yrði að bera það undir hið sameinaða alþingi, en til þess er enginn tími.

Þorlákur Guðmundsson: Jeg held, að hinn háttvirti þingmaður Vestur-Skaptfellinga hafi ekki gjört sjer fullljóst, að þar sem bönnuð eru net, þá sje líka bannaður háfur og verði að teljast með netum, og heyri því undir það, sem bannað er að brúka við fýlaveiði.

Þorsteinn Jónsson: Jeg vil vara deildina við þessum skilningi hins háttvirta 1. þingmanns Árnesinga á háf; við höfum sveitarsamþykkt, sem sýslumaður hefur staðfest; eptir henni megum við ekki veiða lunda nema í háf, en þar er bann gegn skotum og netum við lundaveiði, en ekki háf.

Varaforseti: Jeg vil gjöra grein fyrir því, hvers vegna jeg vil ekki samþykkja frumvarpið; jeg álít það ísjárvert, að gefa út lög, sem eigi verður fylgt. Jeg vil taka til dæmis: sýslumaðurinn í Ísafjarðarsýslu fær þá fregn, að norður á Ströndum hafi verið drepin kría, og um sama leyti fær hann fregn um, að drepinn hafi verið snjótitlingur í Ísafjarðardölum og þúfutitlingur í Arnarfirði, og hann á að höfða mál á móti þeim öllum, kannske um hávetur, er hafa drepið þessa fugla. Jeg álít því, að þessi lög verði að eins til að vekja óvirðing fyrir lögum, með því það er ómögulegt að framfylgja þeim eptir landsháttum hjer.

Jón Jónsson: Þessi síðustu mótmæli hins háttvirta varaforseta snerta eigi eins mikið þetta frumvarp, eins og allt lögregluvaldið hjer á landi. Jeg játa, að skipun þess sje mjög óhaganleg, og að æskilegt væri, að koma þeirri breytingu á, að smá lögreglumál yrðu dæmd í sveitunum. En þó lögregluvaldið sem stendur sje veikt, er engin ástæða til að hætta við alla löggjöf, og má framfylgja fiestum lögum með öðru móti en með málssóknum. Annars eru málssóknir nú ekki svo örðugar, sem hinn háttvirti varaforseti virtist ætla. Þó að sýslumaðurinn á Ísafirði geti ekki tekið fugldrápsmál norður á Hornströndum fyrir um hávetur, getur hann tekið slíkt mál fyrir á manntalsþinginu vorið eptir, og þá getur hreppstjóri haft allt málið tilbúið til að leggjast undir dóm sýslumannsins.

Þorlákur Guðmundsson: Hinn háttvirti þingmaður Vestmannaeyinga sagði, að á Vestmannaeyjum væri sveitarsamþykkt um, að ekki mætti brúka háf. Sveitarsamþykktir geta menn ætið gjört, ef þær ekki stríða beinlínis á móti lögum, eða ganga inn á rjett einstakra manna, en þær eru allt annað en beinlínis lög. Jeg verð að ímynda mjer, að í háfnum sje net, og þegar netháfur er brúkaður, þá má heimfæra það undir lög þessi.

Af því að ekki tóku fleiri til máls, þá lýsti forseti því yfir, að umræðunum væri lokið, og bar því næst breytingartillöguna undir atkvæði, og fjell hún með 14 atkvæðum gegn 4. Því næst var frumvarpið óbreytt samþykkt með 19 atkvæðum, og kvaðst forseti mundu senda það til landshöfðingjans, sem lög frá alþingi.

XV.

Læknaskóli.

Frumvarp til laga um breyting á 1. og 2. gr. laga um stofnun læknaskóla í Reykjavík, 11. febr. 1876, frá þingmanni Barðstrendinga, sjá I, 56.

FYRSTA UMRÆÐA Í NEÐRI DEILD, á 9. fundi, 14. dag júlímánaðar.

Flutningsmaður (Eiríkur Kúld): Þetta frumvarp er eins og það, sem lagt var fyrir þingið 1879. Það fjekk þá góðan byr í neðri deildinni, en strandaði í efri deildinni og náði ekki lendingu. Nú ber þess að gæta, að málið kemur frá þrem fundum í hjeruðum, og sýnir það ábuga landsmanna á málinu. Hjer er eigi að ræða um kostnaðarauka fyrir landssjóðinn, heldur einmitt um sparnað, því með því mundu sparast nálægt 700 kr. Það hefur verið áður haft á móti þessu máli, að það sje undarlegt, að stofna þess konar heilbrigðisráð hjer, þar sem menn sjeu óánægðir með það fyrirkomulag í Danmörku og vilji heldur, að það sje einum manni á hendur falið. En þetta skil jeg ekki. Jeg skil ekki, að í þessu eina tilfelli sje nefnd eða ráð óhafandi, þar sem annars allt er falið nefndum á hendur, og þær stofnaðar, t. a. m. hreppsnefndir, sýslunefndir, amtsráð, sóknarnefndir o. s. frv. Þetta er heldur ekki eins dæmi; á Englandi og víðar er heilbrigðisráð. Mjer finnst heldur ekki vera óhugsandi, að heilbrigðisráðið hafi störf landlæknisins á hendi, þótt það sje skipað þrem mönnum, því betur sjá augu en auga. Það er þó kunnugt, að þessi störf landlæknisins sem landlæknis eru ekki mjög umfangsmikil, og skýrslur þær, sem landlæknirinn hefur átt að semja, mundu ekki verða ráðinu ofvaxnar. Ferðir landlæknis út um landið til að skoða lyfjabúðir mundu eins hægar fyrir 3 menn til skiptis eins og fyrir einn mann, sem á að inna þær af hendi. Það er auðsætt, að gjöra þyrfti sjerstaka ráðstöfun, ef sótt kæmi inn í landið; en jeg verð einnig að álíta, að þrír menn geti betur, en einn maður, annazt um það, og jeg er viss um, að þegar þetta bar að höndum með bólusóttina hjer fyrir skemmstu, þá mundi hinn þá verandi landlæknir hafa verið þakklátur fyrir, hefði hann haft tvo aðra menn sjer til ráðaneytis og aðstoðar. En fremur hefur þeirri mótbáru verið hreift, að óhægra væri, að koma fram ábyrgðinni á hendur þrem mönnum en einum manni; en jeg ímynda mjer það verði eins hægt þannig, að hin *constitutionella* ábyrgð hvílir á hinni æðri stjórn, en hin *personala* og moralska á þeim öllum þremur. Að öðru leyti vona jeg þingmenn verði ekki á móti frumvarpinu, þar eð því áður byrjaði svo byrvænlega í þessari deild, og lofi því að ganga til 2. umræðu.

Með því ekki tóku fleiri til máls, beiddi forseti þingmenn að greiða atkvæði um, hvort frumvarpið skyldi ganga til 2. umræðu, og var það samþykkt með 17 atkvæðum.

ÖNNUR UMRÆÐA Í NEÐRI DEILD, á 12. fundi, 15. dag júlímán.

Flutningsmaður (Eiríkur Kúld): Jeg ætla ekki að fara mörgum orðum um frumvarpið, þar eð enginn varð til að andæfa á móti því við 1. umræðu.

Jón Ólafsson: Jeg ætla einungis að áskilja mjer breytingaratkvæði við 3. grein í þá átt, að færa laun forstöðumannsins niður úr 4000 kr., því það er allt of hátt í samanburði við hinn fasta kennara, sem

hefur 2400 kr., einknm þar sem landlæknirinn vanrækir svo hraparlega þau störf, sem honum ber að gjöra, eptir embættisskyldu sinni, þá er vissulega ofmikið, að snara í hann 1600 kr. fyrir að heita landlæknir. 600 kr. virðist mjer nóg fyrir nafnið eitt, því störfin eru engin, að eins að taka við ársskýrslum lækna; ekki mæða landlæknar á Íslandi sig á vísitatíum. Jeg skal geta þess, að landlæknir, sem þó á að ferðast um landið og hafa eptirlit með læknunum, hefur aldrei sjezt á Austfjörðum öll þessi 1000 ár, sem landið hefur staðið.

Flutningsmaður: Hjer er ekki talað um landlækninn, heldur um forstöðumann læknaskólans.

Jón Jónsson: Jeg er helzt á því, að greiða atkvæði gegn öllum greinum frumvarpsins nema hinni síðustu. Það virðist nóg að hafa 2 kennara á læknaskólanum, eins og á prestaskólanum, og það því fremur, sem það virðist ekki ómögulegt, að fá tímakennara til að kenna á læknaskólanum. Jeg veit ekki betur, en að lyfsalinn hjer í bænum hafi kennt þar lyfjafræði að undanförnu, og þannig gætu fleiri hjálpað með kennsluna. Hvað heilbrigðisráðið snertir, þá er það gott í sjálfu sjer, og veitti ekki af því, að kennararnir verði skyldaðir til að veita yfirstjórn landsins þá aðstoð, er hún skyldi með þurfa, einkum með eptirlit á lyfjabúðum og lyfjabyrgðum hjeraðslækna út um landið. Það er lítilfjörlegt af alþingi, að ákveða hjeraðslækninum 50 kr. þóknun, og væri betra ekki neitt. Viðauki við störf hans er mjög lítill; hann getur fengið sjerstaka borgun fyrir ferðir sínar út um landið til að skoða lyfjabúðir o. s. frv.

Flutningsmaður: Jeg heyrði ekki vel ræðu hins háttvirta þingmanns Skagfirðinga, en jeg heyrði þó svo mikið, að jeg gat ráðið í það, að hann hefur ekki vel hugleitt frumvarpið. Hann sagði, að launin væru hækkuð. Það er ekki. Þingmaðurinn veit, að landlæknirinn hefur verið forstöðumaður læknaskólans með 4,800 kr. launum, svo launin eru færð niður í frumvarpinu. Það má ekki blanda saman, eins og honum varð á, 3. og 4. gr. frumvarpsins. Það var einnig misskilningur eða misminni þingmannsins, að ekki væru nema 2 kennarar á prestaskólanum; þar eru 3; það ætti honum að vera fullkunnugt.

Jón Jónsson: Hvað prestaskólann snertir, eru þar einungis 2 kennarar, sem undir búa presta. Hinn 3. kennari, sem þingmaður Barðstrendinga átti við, fæst að eins við kennslu á heimspeki, og er hún sameiginleg fyrir læknaefni og prestaefni.

Forseti: Hjer er ekki verið að ræða um prestaskólann; jeg vil biðja þingmanninn, að halda sig við efnið.

Síðan var gengið til atkvæða, og var að við höfðu nafnakalli:

1. gr. samþykkt með 12 atkvæðum gegn 11.

«Já» sögðu:

Magnús Andrjesson,
Egill Egilsson,
Eiríkur Kúld,
Grímur Thomsen,
Guðmundur Einarsson,
Lárus Blöndal,
Tryggvi Gunnarsson,
Þórarinn Böðvarsson,
Þórður Magnússon,
Þorkell Bjarnason,
Þorsteinn Thorsteinson,
Þorvarður Kjerulf.

«Nei» sögðu:

Eiríkur Briem,
Arnljótur Ólafsson,
Benidikt Sveinsson,
Friðrik Stefánsson,
Halldór Friðriksson,
Holgeir Clausen,
Jón Jónsson,
Jón Ólafsson,
Ólafur Pálsson,

Þorlákur Guðmundsson,
Þorsteinn Jónsson.

2. gr. samþykkt með 13 atkvæðum gegn 6.
3. — —»— — 12 —»— — 11.

og var við haft nafnakall.

«Já» sögðu:
Eiríkur Briem,
Magnús Andrjesson,
Egill Egilsson,
Eiríkur Kúld,
Guðmundur Einarsson,
Halldór Friðriksson,
Lárus Blöndal,
Tryggvi Gunnarsson,
Þórarinn Böðvarsson,
Þórður Magnússon,
Þorkell Bjarnason,
Þorsteinn Thorsteinson.

«Nei» sögðu:
Arnljótur Ólafsson,
Benidikt Sveinsson,
Friðrik Stefánsson,
Grímur Thomsen,
Holgeir Clausen,
Jón Jónsson,
Jón Ólafsson,
Ólafur Pálsson,
Þorlákur Guðmundsson,
Þorsteinn Jónsson.

4. gr. var samþykkt með 14 atkvæðum gegn 5.
5. gr. var samþykkt með 21 atkvæði

Fyrirsögnin var samþykkt án atkvæða.

Frumvarpinu var vísað til 3. umræðu með 14 atkvæðum gegn 4.

ÞRIÐJA UMRÆÐA Í NEÐRI DEILD,
á 14. fundi, 19. dag júlímánaðar.

Breytingartillögur
við frumvarp til laga um breyting á 1. og 2. gr. laga um stofnun læknaskóla í Reykjavík 11. febr. 1876.

Í 3. gr. komi: «3000 kr.» í stað: «4000 kr.».

Í 4. gr. falli burt: «Hjeraðslæknirinn . . . 50 kr. þóknun á ári».

Jón Ólafsson. Jón Jónsson.
Þorlákur Guðmundsson. Þorsteinn Jónsson.
Holgeir Clausen. Arnljótur Ólafsson.
Ólafur Pálsson. Grímur Thomsen.

Flutningsmaður (*Eiríkur Kúld*): Þetta mál hefur átt svo góðum undirtekum að sæta hjá þingdeildinni, að ekki gjörist þörf að tala langt fyrir því. Að vísu hafa komið fram breytingaratkvæði, og skal jeg þá fara nokkrum orðum um þau. Hvað snertir breytingaratkvæðið við 3. grein, að í stað 4000 kr. komi 3000 kr., þá get jeg ekki fallizt á það, því jeg ímynda mjer, að embættismenn hjer þykist ekki of sælir af launum sínum, og einkum undrast jeg eitt nafn, sem stendur undir breytingaratkvæðinu, og það er nafn vinar míns, þingmanns Borgfirðinga. 1879 var hann einn af þeim, sem stakk upp á því, að laun þessi væru hækkuð úr 3500 upp í 4000, en nú vill hann ekki 4000, ekki einu sinni 3500. Það er undarlegt, ef forstöðumaður læknaskólans á að sæta verri kjörum en forstöðumaður prestaskólans og rektor lærða skólans. Jeg verð þó að álíta, að læknaskólinn sje eins nauðsynleg stofnun eins og prestaskólinn, þótt jeg annars haldi mikið upp á hann; því að það er ekki lítið áríðandi, að geta fengið lækni, þegar menn eru sjúkir, og jeg skil ekki, hvers vegna forstöðumaður læknaskólans ætti að vera lakara launaður en forstöðumenn hinna annara stofnana hjer. Jeg er líka hræddur um, að þetta breytingaratkvæði gæti komið því til leiðar, að launin yrðu 4800, en að öðru leyti er mjer þetta ekkert kappsmál. Um breytingaratkvæðið við 4. gr. skal jeg ekkert tala, en geta þess, að mjer er ekkert sárt um, þó þessar 50 kr. falli burtu.

Jón Ólafsson: Af því jeg er einn af þeim, sem stend undir breytingaratkvæðinu, ætla jeg að mæla því dálitla bót. Þar sem þingmaður Barðstrendinga sagði, að engin ástæða væri til, að laun forstöðumanns læknaskólans væru lægri en laun fortsöðumanna prestaskólans og lærða skólans, þá er engin ástæða

til að launa fleirum of hátt, þótt öðum hafi verið launað of hátt áður. Mjer finnst engin ástæða til að hann hafi þessi geysilaun fram yfir fasta kennarann. Þótt hann þyrfti að taka á móti skýrslum, þá er það ekki meira en kennslan í yfirsetukvennafræðinni, sem hinum fasta kennara er gjört að skyldu að annast, og álít jeg launamunurinn væri nægilegur 600 kr. fyrir nafnið tómt; ef fasti kennarinn getur lifað af 2400 kr., þá get jeg ekki ímyndað mjer, að maginn á forstöðumanninum þyrfti áð vera þeim mun stærri eða gráðugri, að hann ekki gæti fengið nóg í sig af 3000 kr.

Grímur Thomsen: Þar sem vinur minn, hinn háttvirti þingmaður Barðstrendinga beindi því að mjer, að jeg hefði áður verið meðmæltur, að landlæknirinn befði hærri laun, þá er það aðgætandi, að nú skiptast störfin milli þriggja manna, og því hefur forstöðumaðurinn minni störf en landlæknirinn hafði. Ef hann þarf að ferðast eitthvað og skoða lyfjabúðir eða annað því um líkt, þá koma aukatekjur, eða aukaþóknun (ferðakostnaður) fyrir. Þótt jeg nú fari vægara í að veita laun, þá mundu margir kalla það framför, þótt hann kalli það apturför. (— nokkir: heyr!). Við erum báðir á framfaraskeiði.

Flutningsmaður: Jeg ætla mjer ekki að fara í kappræður við hinnháttvirta þingmann Borgfirðinga, en jeg vildi að eins svara hinum háttvirta þingmanni Suður-Múlasýslu viðvíkjandi því, sem hann taldi þessum 3000 kr. til gildis. Eptir því sem mjer skildist, sagði hann, að forstöðumaðurinn ætti ekki að hafa meiri laun en fasti kennarinn; hvers vegna hefur forstöðumaður prestaskólans hærri laun en 1. kennarinn þar? er það ekki fyrir forstöðuna? Mín regla er sú, að jeg vil yfir höfuð launa öllum embættismönnum vel, en heimta aptur á móti af þeim því strangar, að þeir uppfylli þær skyldur, sem embættið leggur þeim á herðar, já, betur en gjört er í mörgu tilliti, þar sem jeg get eigi dulizt við, að eptirlitið með embættisfærslu sumra manna vissulega er næsta lint sumstaðar. En þessar tölur eru mjer ekkert kappsmál, en mjer er annara um málið í heild sinni, og þykir mestu varða, að því reiði vel af.

Arnljótur Ólafsson: Jeg er í nokkrum vafa um, hvort breyting sú, sem frumvarpið fer fram á, sje til góðs eða eigi, nefnilega að setja 3 menn í staðinn fyrir 1. Í fljótu bragði virðist sem betra sje að hafa 3 en 1, því betur sjá augu en auga, en jeg vil biðja menn að gá að því, að með þessu lagi skiptist framkvæmdin milli þriggja, og um leið ábyrgðin milli þriggja. Sýslunefndir og amtsráð eru ráðanefndir, en sýslumenn og amtmenn hafa framkvæmdarvaldið. Það er álíka og prófastur á Vesturlandi skyldi stinga upp á því, að þrír skyldu húsvitja. Það er gott að skipta verkum með sjer, en ekki ábyrgðinni. Þar sem þingmaður Barðstrendinga tók það fram, að hann vildi launa vel, en heimta því meiri strangleika, þá er jeg honum samdóma í því. Ef nú formaður ráðsins skiptir verkum, þá getur hver afsakað sig og segir: far þú, jeg er veikur. Þannig mundi hver bera af sjer og skella skuldinni á hinn, eins og Adam og Eva forðum. Vjer getum notað til samanburðar, hvernig gengur með ávísanir við lærða skólann; þær ganga frá Pílatusi til Heródesar, eða frá dyraverðinum alla leið upp til landshöfðingja, og má sjá þetta, ef litið er í plögg yfirskoðunarmannanna. Nú hefur þetta batnað einmitt síðan vissum mönnum var úthlutað víst verksvið, sem hafa ábyrgðina fyrir þeim. Í frumvarpinu er að eins talað um, að forstöðumaðurinn skuli hafa 4000 kr. laun og fasti kennarinn 2400, en um laun hjeraðslæknisins fyrir kennslu við skólann er engin ákvörðun. Mjer finnst engin ástæða til að sleppa honum alveg. Jeg vildi annars óska, að framsögumaðurinn vildi gjöra svo vel og taka fram hina sönnu kosti við þessa breyting fram yfir það sem er.

Flutningsmaður: Jeg get ekki orðið við þessari beiðni 1. þingmanns Eyfirðinga, af því jeg hef þegar áður tekið fram hina sönnu kosti við þessa breytingu. Þar sem hann var þessu máli hlynntur 1879, þá er hann ef til vill kominn að þeirri niðurstöðu, að hann sje ekki skyldur að hafa sömu meiningu í dag og í gær. Þar sem hann áleit, að það vantaði í frumvarpið að ákveða laun handa hjeraðslækninum, þá skal jeg segja honum það, að þau eru fast ákveðin áður 800 kr. Hvað viðvíkur þeirri ákvörðun, að forstöðumaðurinn skuli skipta verkum, þá vil jeg spyrja: hver skiptir verkum við prestaskólann og lærða skólann? er það ekki forstöðumaðurinn? Hann skoðaði heilbrigðisráð óþarft sem ráð eða nokkurs konar samvinnandi nefnd, en hjer getur komið fyrir margt, sem útheimtir framkvæmdir þess; það kemur þannig opt fyrir í vafasömum málum, að leitað er til hjeraðslækna, og ef það þykir ekki nægja, þá til landlæknisins, og þá ímynda jeg mjer, að það væri gott fyrir hann, að geta borið sig saman við aðra, og það yrði bezt með því að hafa heilbrigðisráð. Hvað ábyrgðinni viðvíkur, þá ímynda jeg mjer, að ekki sje hjer að tala um hina «constitutionellu» ábyrgð, því hún liggur á landsstjórninni, en hin siðferðislega ábyrgð getur eins vel legið á þrem mönnum eins og á einum. Annars getur vel verið, að jeg hafi misskilið þingmanninn, enda fannst mjer ræða hans eitthvað óglögg, og er hann þó vanalega nokkurn veginn ljós í ræðum sínum.

Grímur Thomsen: Það sem hinn háttvirti 1. þingmaður Eyfirðinga hafði móti frumvarpi þessu, var einkum það, að betra væri, að framkvæmdin og ábyrgðin lægi hjá einum, og vitnaði til amtmannanna, og skal jeg því leyfa mjer að færa *argumentum ad hominem*. Amtsráðin eru samhliða amtmanninum og sýslunefndin sýslumanninum; það er ekkert til fyrirstöðu, að betra sje að hafa 3 en 1, því *betur sjá augu en auga*; margar spurningar geta komið þannig fyrir. Þetta er heldur ekki einsdæmi hjá oss, þótt svo yrði, að hjer yrði stofnað heilbrigðisráð. Englendingar, sem vjer þó ávallt teljum menntaþjóð, hafa heilbrigðisráð (board of health); Danir hafa heilbrigðisráð o. s. frv. Ef drepsótt kemur í landið eða ef skoða þarf útlendan varning skemmdan, þá er þetta þó ekki ver komið í höndum fleiri manna en eins manns. En sú mótbára, að í frumvarpinu væri engin ákvörðun um laun handa hjeraðslækninum, kom mjer mjög á óvart, þar sem hann hefur verið með í því að nema burt þóknun þá, sem frumvarpið gjörði ráð fyrir. Mjer þykir það annars undarlegt, að hann skuli nú vera frumvarpinu andstæður, þar sem hann þó var því hlynntur á þinginu 1879, þó jeg reyndar játi, að enginn er skyldur til að hafa sömu meiningu nú og þá.

Halldór Kr. Friðriksson: Jeg vildi að eins óska, að 1. þingmaður Eyfirðinga yrði mjer eins samdóma um mál, sem bráðum kemur til umræðu hjer í dag, eins og jeg í raun og veru er honum samdóma um þetta mál, sem hjer ræðir um. Jeg verð að ætla, að landlæknirinn, sem jafnframt er forstöðumaður læknaskólans, leiti í vandasömum málum ráða hjá þeim læknum, sem eru hjer í Reykjavík, það er að segja kennurunum við læknaskólann, en á hinn bóginn verð jeg að ætla, að úr framkvæmdinni verði minna, en væri hún í höndum eins manns; í því erum við alveg samdóma. Við verðum að gjöra ráð fyrir mönnunum, eins og þeir eru, og þá er jeg sárhræddur um, að svo mundi fara opt og einatt, þegar framkvæmdin lægi á mörgum, að hver mundi vísa frá sjer, og að þeir mundu segja hver um sig: «Jeg hef engan tíma núna; farðu til hins og nefndu það við hann. Jeg er eigi skyldur að gjöra það, fremur en hinn», o. s. frv. Það er því mitt álit, að

úr því að þetta heilbrigðisráð á að vera framkvæmdarnefnd, þá sje alls ekkert unnið við þetta ráð.

Annað atriðið er það, að frumvarpið vill spara fje; það er í sjálfu sjer gott, en það verður þó að spara svo, að málinu sje ekki spillt með sparnaðinum. Frumvarpið fer varlega í launin, að setja þau 4000 krónur handa forstöðumanninum; minni geta þau ekki verið, ef þau eiga að vera sómasamleg. Þetta forstöðumannsembætti verður að standa jafnfætis forstöðumannsembættinu við hina skólana. Jeg er sannfærður um, að nái ákvörðun breytingaratkvæðisins samþykki deildarinnar, sú, að setja launin niður í 3000 kr., þá er ekki svo vel sjeð fyrir embættinu, sem á að vera og þarf að vera, og get jeg því ekki betur sjeð, en að breytingaratkvæðið stuðli að því, að spilla þessu máli og ónýta læknaskólann, og það vona jeg þó til að hin heiðraða þingdeild vilji eigi. Það, sem jeg yfir höfuð hef á móti frumvarpinu, er það, að ábyrgðin hverfur; hún verður alls engin, því að hver þeirra 3 manna, sem sæti á að hafa í þessu heilbrigðisráði, mun vilja leiða hjá sjer að gjöra nokkuð; menn eru fæstir svo gjörðir, að þeir láti sjer annt um að gjöra allt, sem þó er þeirra *siðferðislega* skylda að gjöra, þegar aðrir eru þó í verki með þeim, og sem þeir geta vísað til.

Jón Ólafsson: Jeg vildi helst óska, að einungis 5. gr. frumvarpsins yrði samþykkt; en skyldi nú svo fara, að frumvarpið yrði samþykkt í heild sinni, vona jeg þó að breytingartillagan yrði til talsverðra bóta. Hinir háttvirtu þingmenn Dalamanna og Borgfirðinga hjeldu, að hjer væri einungis um að ræða störf og framkvæmdir umboðslegs efnis, og hjer væri því betra, að fleiri væru í ráði saman; en þetta mundi deila hinni siðferðislegu ábyrgð. Jeg er enn ekki sannfærður um, að forstöðumaðurinn geti ekki lifað af 3000 kr.; meira að segja er jeg alveg sannfærður um hið mótsetta. Hjer lifa margir embættismenn fyrir ekki meiri laun. Hinn háttvirti þingmaður sagði það væri óvíst, að hinn fasti kennari gæti lifað við laun þau, er hann hefur nú. Jeg sje nú fyrir augum mjer hinn fasta kennara hjer á áhorfandaplássinu og sje, að hann er lifandi; en «ab esse ad posse valet consequentia»; það veit hinn háttvirti þingmaður; það er að segja: fyrst maðurinn lifir, þá *getur* hann lifað!

Ólgeir Clausen: Það er mín meining, að 3000 kr. sje nóg laun handa forstöðumanninum; maður sjer það bezt í samanburði við prestana, sem þó hafa orð fyrir að vilja fá allt, sem þeir geta náð, að þeir mundu margir gjöra sig ánægða með 3000 kr. í laun á ári. Á seinni árum hefur landlæknisembættinu verið illa stjórnað, og liggur það kannske eins mikið í stjórninni. En þyki stjórninni ekki embættið vera meira vert en svo, að það geti verið svona setið, þá er 3000 kr. nóg laun í það; jeg hef sjálfur opt lifað af 3000 kr. á ári. En að bjóða hjeraðslæknunum 50 kr. fyrir hans starf, það er hlægilegt og lubbalegt; heilbrigðisráði er jeg með, en vil hafa það sem billegast.

Flutningsmaður: Jeg held nú, að nóg sje rætt um þetta mál, og skal jeg ekki bæta miklu við það. Jeg verð þó að svara þingmanni Reykvíkinga, þar sem hann sagði, að vart mundi verða nokkurt gagn að framkvæmdum þessara þriggja manna; og var hann hræddur um, að hver mundi vísa frá sjer; en þetta get jeg ekki sjeð að hafi við neitt að styðjast. Þeir standa undir forstöðumanninum, alveg eins og kennarar undir skólastjóranum, og mundi þykja undarlegt, ef kennari segði við skólastjórann, þegar honum væri skipað að verki: «Þetta get jeg ekki gjört; jeg hef engan tíma til þess núna». Þingmaðurinn sagði enn fremur, að landlæknirinn mundi leita til næstu lækna, þegar um vandamál er að ræða; það getur vel verið, að hann gjöri það, en þess ber vel að gæta, að það er hvorki *skylda* hans að gjöra það, nje heldur

skylda læknanna í að gefa sig neitt við því. Þar sem þingmaður Snæfellinga talaði um, að þessar 50 kr. væru of lítið gjald, skal jeg játa, að með þessar 50 kr. er mjer ekkert fast í hendi. En 2. þingmaður Suður-Múlasýslu hjelt, að laun forstöðumannsins væru nógu há, ef hann gæti lifað, en honum gleymdist að taka það fram, *hvernig* hann ætti að lifa. Þingmaðurinn ætlast þó víst ekki til, að forstöðumaður læknaskólans lifi eins og vinnumaður á Austurlandi. Forstöðumaðurinn þarf að eiga hús; hann þarf að geta klætt sig sómasamlega eptir stöðu sinni; hann þarf að eiga hesta og margt annað fleira. Jeg vona, að hinn háttvirti þingmaður og eins 1. þingmaður Árnesinga sjái sjálfir, þegar þeir athuga þetta, að mótbárur þeirra eru á litlum rökum byggðar. Hinn háttvirti 1. þingmaður Eyfirðinga hjelt, að þeim, sem frumvarpið sömdu, hefði stórlega yfirsjezt, þar sem þær 800 kr., sem hjeraðslækninum eru ætlaðar, voru eigi nefndar í því; en ef þingmaðurinn gæfi sjer tíma til og gæti látið svo lítið að líta í lög frá 11. febr 1876, 4. gr., gæti hann gengið úr skugga um, hvernig á þessu stendur, og mun hann þá verða að játa, að orð þau, er hann hafði um þetta atriði, áttu ekki við.

Því næst ljet forseti ganga til atkvæða, og fjellu þau þannig:

1. Breytingaratkvæðið: í stað «4000 kr.» komi: «3000 kr.», samþykkt með 12 atkvæðum móti 4.
2. Breytingaratkvæðið: «niðurlag 4. gr. falli burt», samþykkt með 13 atkvæðum móti 8, en sökir óglöggra atkvæða var við haft nafnakall og sögðu

Já:
Eiríkur Briem,
Magnús Andrjesson,
Arnljótur Ólafsson,
Friðrik Stefánsson,
Grímur Thomsen,
Holgeir Clausen,
Jón Ólafsson,
Ólafur Pálsson,
Tryggvi Gunnarsson,
Þorlákur Guðmundsson,
Þorsteinn Jónsson,
Þorsteinn Thorsteinson,
Þorvarður Kjerulf.

Nei:
Benidikt Sveinsson,
Eiríkur Kúld,
Guðmundur Einarsson,
Halldór Friðriksson,
Lárus Blöndal,
Þórarinn Böðvarsson,
Þórður Magnússon,
Þorkell Bjarnason.

Frumvarpið var samþykkt með 12 atkvæðum, og kvaðst forseti mundu senda það til efri deildar með tilmælum um, að forseti legði það fyrir þá deild.

FYRSTA UMRÆÐA Í EFRI DEILD,
á 14. fundi, 21.dag júlímánaðar.

Frumvarpið eins og það var samþykkt við 3. umræðu í neðri deild, sjá I, 160.

Enginn tók til máls, og ljet forseti því ganga til atkvæða, og var samþykkt með 7 atkvæðum, að málið gengi til 2. umræðu.

ÖNNUR UMRÆÐA Í EFRI DEILD,
á 16. fundi, 23. dag júlímánaðar.

Ásgeir Einarsson: Jeg vona, að þeir deildarmenn, sem voru hjer á þingi árið 1879, muni, að ekki urðu miklar umræður um þetta mál hjer í deildinni, fyr en það var fellt. Jeg talaði þá í þessu máli; það var að sönnu ekki löng ræða, en það voru þó sumir, sem fjellust á skoðun mína. Þessa skoðun mína, sem jeg hafði þá og hef enn, má lesa á 733. bls. í alþingistíðindunum frá 1879. Jeg ætla mjer því ekki að fara að taka hana fram aptur nú. Einn þeirra þingmanna, sem þá voru í deildinni, byggði meðhald sitt með máli þessu á málshættinum: «betur sjá augu en auga», og áleit

því að 3 mönnum, sem sætu í heilbrigðisráðinu, mundi farast betur stjórn heilbrigðismálanna, en einum manni; einnig fundu menn það málinu til stuðnings, að slíkt heilbrigðisráð væri í Danmörku. Í þessu efni get jeg nú ekki vitnað lengra, en til landshöfðingjans sjálfs. Hann tók það fram (sjá bls. 729 í alþingistíðindunum), að þar sem slík ráð, «kollegia», væru enn óbreytt, þá mætti skoða þau, sem nokkurs konar fornmenjar einveldisins, t. d. «Det Kongelige danske Sundhedskollegium» í Danmörku. Hann bætir síðan við: «Jeg veit ekki betur, en að allir gagnkunnugir menn í Danmörku sjeu þeirrar skoðunar, að mjög æskilegt sje, að breyta þessu fyrirkomulagi á læknaskipuninni, og að fela einum manni sem «Medicinaldirecteur» hið æðsta vald í þeim málum á hendur». Þessi eru orð landshöfðingjans um heilbrigðisráðið í Danmörku, en jeg er nú reyndar ekki fær um að dæma, hvernig því heilbrigðisráði hefur verið háttað. Landlæknirinn sýndi og fram á, að illa hefði farið í Danmörku, þegar kóleran geisaði um árið, þrátt fyrir það þótt þetta ráð hefði verið, eða rjettara sagt einmitt vegna þess, að heilbrigðismálin lágu undir ráðinu, en voru ekki falin einum manni. Jeg tilfærði þá dæmi af því, þegar bólan kom hingað með frönsku fiskiskipunum, og sýndi fram á, hve skjótur landlæknirinn hefði þá orðið til að ráða úr þeim vandræðum, sem þar af hefðu getað flotið. Enda hefur honum verið við brugðið fyrir dugnað sinn og snarræði í það sinn, jafnvel í enskum blöðum. Þá til færði jeg og dæmi af fjárkláðanum máli mínu til sönnunar. Nú vill einmitt svo til, að bólan er farin að ganga í Danmörku, og mun heilbrigðisráðið þar ekki fá meira að gjört, en landlæknirinn einn bjer um árið. Ef 3 ættu að ráða í þessum mikilvægu efnum, þá er jeg hræddur um, að svo gæti farið, að einn segði: «far þú», og annar: «far þú», og hinn þriðji «nei, far þú». Svona gæti það gengið, þangað til öll ráð væru um seinan, og sönnuðust þá eins og optar fyllilega orð ráðgjafans, þegar Napoleon var að stríða á Þýzkalandi: «Þið sitjið og ráðslagið, meðan fjandmaðurinn vinnur sigur». Jeg get því ekki sjeð, hvers vegna menn vilja fara að breyta því fyrirkomulagi, sem verið hefur, og reynzt vel, einungis af því að heilbrigðisráð er í Danmörku, sem hefur reynzt illa og þótt óhentugt.

Sigurður Melsteð: Jeg skal í fáum orðum leyfa mjer að taka fram þá skoðun mína á þessu máli, að mjer virðist ísjárvert, að gjöra þá aðalbreytingu í þessu efni, sem frumvarpið fer fram á. Að fara nú að snúa landlæknisembættinu upp í heilbrigðisráð, álít jeg ísjárvert af tveimur ástæðum. 1. af því, að ábyrgðin er þar falin þremur mönnum, og að mínu áliti verður með því að engu, og 2. af því, að jeg álít, að þetta fyrirkomulag muni reynast lakara, er bráða hættu ber að höndum og bráðra úrslita og framkvæmdar þarf við. En þetta var svo glögglega tekið fram á þinginu 1879, svo jeg þarf ekki að fara fleirum orðum um það. En jeg skal leyfa mjer að bæta við einu atriði. Jeg álít, að höfuðandi frumvarpsins geti komið fram, einmitt með því fyrirkomulagi sem nú er. Hjer eru nú þrír læknar, svo ef vandamál ber að hendi, getur landlæknirinn ráðfært sig við hina tvo, og þannig myndast nokkurs konar heilbrigðisráð í raun og veru, þó það sje ekki sett með lögum.

Magnús Stephensen: Þeir tveir þingmenn, sem talað hafa í þessu máli, hafa að eins minnzt á aðra hlið þess. En málið hefur tvær hliðar. Önnur er sú, að upphefja landlæknisembættið og setja í þess stað heilbrigðisráð í Reykjavík, en hin er sú, að gjöra talsverða breytingu á launaákvörðununum í lögunum 11. febr. 1876. Það getur því að mínu áliti komið til greina, að sumir deildarmenn vilji ekki upphefja landlæknisembættið, en taptur á móti gjöra breyting á launaákvörðuninni í lögunum 11. febr. 1876. Ef frumvarpið væri fellt, fengju þeir það fram, að heilbrigðisráðið fjelli, en ekki að launaákvörðuninni yrði

breytt; eins er um aðra, ef þeir vilja ekki, að launaákvörðuninni sje breytt, en þar á móti, að landlæknisembættið sje upphafið og heilbrigðisráð stofnað, þessir mnndu fá það fram, að launaákvörðuninni yrði ekki breytt, en þar á móti fengju þeir því ekki framgengt, að landlæknisembættið verði upphafið, en heilbrigðisráð stofnað. Þannig fá deildarmenn, sem að eins eru samþykkir annari hlið frumvarpsins, en ekki hinni, því ekki framgengt, sem þeir vilja, hvort sem þeir gefa atkvæði með eða mót. Þetta er það, sem athugavert er við frumvarpið. Deildin hafnaði þessu máli á þinginu 1879, og er því ísjárvert að fallast á það nú án nokkurrar verulegrar yfirvegunar. Breytingaruppástungur hafa engar komið enn, og það er hæpið, að þær komist að til 3. umræðu; því tel jeg nauðsynlegt og legg það til, að skipuð verði í málinu þriggja manna nefnd, og þessari umræðu síðan frestað.

Forseti bar þá nefnd undir atkvæði, og var hún samþykkt, og í hana kosnir:

Magnús Stephensen með 9 atkvæðum.
Sigurður Melsteð — 6 —»—
Árni Thorsteinson — 5 —»—

2. umræðu var síðan frestað.

Í nefndinni var Magnús Stephensen kosinn formaður, og Sigurður Melsteð skrifari og framsögumaður.

FRAMHALD ANNARAR UMRÆÐU Í EFRI DEILD,

á 21. fundi, 29. dag júlímánaðar.

Nefndarálit, sjá I, 272.

Framsögumaður (Sigurður Melsteð): Þessi deild hefur haft þetta mál fyrir á síðasta þingi, því er henni vel kunnugt um það, svo að jeg get verið fremur fáorður um nefndarálitið. Nefndin var föst á því, að óþarfi væri, enda óráðlegt, að breyta því fyrirkomulagi, sem verið hefur, þannig að landlæknisembættið sje lagt niður, og í þess stað skipa 3 manna heilbrigðisráð. Nefndin hefur stuttlega bent á það í áliti sínu, að það, að fela störfin þrem mönnum á hendur, væri til þess að rýra hina umboðslegu ábyrgð, gjöra hana að skugga og draga krapt, þrek og fjör úr framkvæmdinni. Reynslan hefur sýnt það, og jeg vil ekki fara út í dæmi úr sögunni, því jeg veit, að þau standa þingmönnum eins fyrir hugskotssjónum og mjer. Í útlöndum er sú stefna og sannfæring allt af að ryðja sjer til rúms, að ekki sje ráðlegt, að fela slík störf, sem hjer eru umtalsefni, fleirum á herðar, heldur sje heillavænlegra að fela þau einum manni. Í Danmörku er það almennur vilji meðal lækna, að af nema hið svo kallaða *Sundhedscollegium*, en fela störfin aptur á móti einum manni á hendur, sem á að vera nokkurs konar *Medicinaldirectör*; og jeg veit, að læknar í Danmörku hafa átt fund með sjer um þetta. Í Noregi veit jeg ekki betur en að heilbrigðisráð sje af numið, og á Þýzkalandi sumstaðar. Af því að nefndin hefur byggt á þessum grundvelli, þá leiða eðlilega af honum þær breytingar, sem hún hefur gjört við frumvarpið. Þannig stingur nefndin upp á, að 1., 2. og 5. gr. verði felldar úr, af því að þær greinir gjöra ráð fyrir heilbrigðisráði; í 3. gr. breytir nefndin orðunum: «formaður ráðsins» í «landlæknir», og þar að auki gjörir hún breyting á tölunum þannig, að 4000 komi í stað 3000. Þessa síðast töldu breytingu á launaupphæðinni byggði nefndin á því, að henni fannst eðlilegast, að bera laun forstöðumanns læknaskólans saman við laun forstjóranna við hinar menntunarstofnanirnar hjer, sem með lögum 15. oktbr. 1875 eru ákveðin 4600 kr. fyrir annan en 4200 kr. fyrir hinn. Orsökin til þess, að nefndin hefur sett laun forstöðumanns læknaskólans nokkru lægri en hinna forstjóranna, er sú, að hún gjörði ráð fyrir, að landlæknirinn mundi geta haft nokkurn tekjuauka af lækningum sínum. Eptir þessum breytingum nefndarinnar verður 4. gr., sem nú er, að 2. gr. Jeg skal svo ekki orðlengja þetta mál meir, en treysti því, að þingdeildin fallist á breytingar nefndarinnar, af því að þær eru í samræmi við þær skoðanir, sem fram

komu, þegar deildin hafði þetta mál til meðferðar í hitt eð fyrra.

Jón Pjetursson: Jeg held það sje ekki rjett, hvernig landlæknirinn skoðar stöðu sína; hann skoðar stöðu sína svo, að hann standi undir heilbrigðisráðinu í Danmörku, og sendir þess vegna því allar skýrslur sínar. Jeg held það sje rjettara, að skoða sem hið æðsta vald í læknamálum sje hjer á landi en ekki í Danmörku, og því ætti landlæknirinn ekki að senda heilbrigðisráðinu í Danmörku skýrslurnar, heldur til landshöfðingja og landshöfðingi aptur til ráðgjafans. En jeg er hræddur um, að þeir landlæknar, sem koma eptir þennan, sem nú er, skoðuðu stöðu sína eins og hann, og sendu heilbrigðisráðinu í Danmörku skýrslur sínar; en jeg held þeir hættu því, ef heilbrigðisráð væri stofnað hjer, því þá skoðuðu þeir sig sem sjálfstætt heilbrigðisráð, án þess að standa undir hinu. Mjer finnst því nokkuð mæla með því, að stofna hjer heilbrigðisráð.

Framsögumaður: Jeg ímynda mjer, að það þurfi ekki að óttast það, sem hinn 3 konungkjörni þingmaður drap á, að skotið verði til heilbrigðisráðsins í Danmörku, að minnsta kosti ekki ef sá audi, sem nú ríkir í Danmörku, ryður sjer til rúms, að leggja niður heilbrigðisráðið.

Stefán Eiríksson: Jeg ætla að leyfa mjer að skjóta því til hins háttvirta forseta, hvort eigi megi kljúfa sundur atkvæðagreiðsluna við 2. tölulið í breytingartillögum nefndarinnar, þannig að «landlæknir» í stað «formaður ráðsins» verði borið upp sjer í lagi, og svo «4000 kr. í stað 3000 kr.» sjer.

Benidikt Kristjánsson: Það er einungis frá almennu sjónarmiði, að jeg treysti mjer að tala um málið og láta í ljósi meiningu mína um það. Mjer finnst ástæður nefndinnar ekki sem traustast byggðar. Jeg get ekki álitið, að heilbrigðisnefndin taki starf sitt mikið ljettara en einn maður, og það sýnist að minnsta kosti gagnstætt þeirri stefnu, sem löggjöfin hin síðari ár hefur tekið; þannig fyrir skipa sveitarstjórnarlögin nefnd manna í stað eins manns, sem áður var; þau skipa hreppsnefndir, sýslunefndir, amtsráð, sjálfsagt af þeirri ástæðu, að löggjafinn hefur betur treyst nefnd manna til að sjá hið rjetta í hverjum hlut heldur en einum manni, og til að framkvæma það, því að «betur sjá augu en auga». Þá hefur nefndin farið því á flot, að ef heilbrigðisráð yrði lögleitt, þá mundi það tálma greiðum framkvæmdum í þeim málum, sem bráðra aðgjörða þyrftu við. Nefndin gengur sjálfsagt út frá því, að þrír menn þurfi langan tíma að ræða en um málið, en ef það stendur opið fyrir einum, því skyldi það þá ekki standa opið fyrir öllum? Jeg skil ekki í því, hvers vegna nefndin getur haft vantraust á heilbrigðisráðinu, ef til bráðra aðgjörða kemur. Mjer sýnist nefndin hafa snúið hlutföllunum við og sagt, 1 : 3 = 3, þar sem hún átti að segja 3 : 1 = 3. Jeg ímynda mjer, að heilbrigðisnefndin geti verið eins snarráð, ef ekki snarráðari en einn maður; það eru líka meiri líkur til, að 1 af 3 sje viðstaddur og viðlátinn, ef fljótra aðgjörða við þarf, heldur en 1 af 1. Yfir höfuð að tala finnst mjer ástæður þær, sem nefndin hefur tekið fram, ekki vera svo sannfærandi, að jeg geti fallizt á nefndarálitið, en hún getur haft aðrar mjer ópekktar ástæður, en meðan jeg ekki heyri þær, ætla jeg að svo stöddu heldur að hallast að frumvarpinu.

Árni Thorsteinson: Þingmaður Norður-Þingeyinga talaði um stefnu hinna síðari löggjafa, og sagði, að stefnan væri sú, að stjórna öllu með nefndum. Jeg stend nú upp til þess, að mótmæla þessu. Það er sjálfsagt, að það má leggja einum eða fleirum eitthvert starf á hendur, eptir því sem hentast þykir, en sú skoðun, að leggja allt í nefndir til framkvæmda, er opt ekki sem heppilegust, og þar sem það hefur verið, þar er nú farið að hætta því. Það er gömul og úrelt skoðun, að ímynda sjer, að ekkert verði gjört nema með eilífum nefndum, og það er bezt að fylgja tímanum í þessu sem öðru, og velja ætíð hinn

hægasta og beinasta veg til framkvæmdanna. Það er og almennt viðurkennt, að ef 3 eða 7 menn hafa eitthvað starf á hendi saman, þá gjöra þeir ekkert annað en tefja tímann og draga úr allri framkvæmd. Almennt álít jeg nefndir heppilegri til allra íhugana á málum en til framkvæmda. En jeg skal fúslega játa, að það getur verið í sjerstökum tilfellum, að betra sje, að fleiri sjeu en færri, en engan veginn að það þurfi svo að segja að vera að leika sjer að því, að stofna nefndir. En hvað á heilbrigðisráðið þá að gjöra? Ekki annað en að hafa eptirlit með öðrum læknum og gæta þess, að rjettum lögum og reglum sje hlýtt. Til hvers þarf 3 menn til þess að útdeila bóluefni? Til hvers þarf 3 menn til þess að búa til eina aðalskýrslu úr öðrum skýrslum? Þurfa endilega 3 menn að vera saman til að skoða apothek? Á að senda þá alla suður, austur, norður eða vestur, ef eitthvað þarf að gjöra, og borga svo öllum úr landssjóði? Getur ekki einn maður gjört þetta? Jeg ímynda mjer, að tvö góð augu, sem eiga að ábyrgjast allt í þessu efni, sjái eins vel og þó að fleiri sjeu, og það er ekki sagt, að þau mörgu augu horfi allt af í sömu áttina. Það er talað um, að forstöðumaðurinu, fasti kennarinn og læknirinn í 1. hjeraði eigi að vera í heilbrigðisráðinu. Sá, sem settur er í 1. læknishjerað, hefur hingað til verið kennari við læknaskólann fyrir þóknun, og forstöðumaðurinn hefur þá ekki meira atkvæði um skólann en fasti kennarinn og aukakennarinn. Það er bezt, að láta forstöðumanninn vera forstöðumann; hann getur þá leitað álita hinna, ef um eitthvað er að gjöra, eins og við hina skólana.

Framsögumaður: Með tilliti til þess, sem þingmaður Norður-Þingeyinga sagði, skal jeg geta þess, að mjer virðist skoðun hans vera leifar frá einveldis-tímanum, þegar hið svo nefnda »*Collegia*»-fyrirkomulag var ráðandi; þá var stefnan sú, að fela ábyrgðina og framkvæmdina fleirum en einum; en þetta fyrirkomulag samsvarar ekki hinni *konstitutionelle*-stjórn, sem vjer nú lifum undir; þar er stefnan fremur sú, að láta hina umboðslegn framkvæmd hvíla á einum og á hans ábyrgð, og að þessu stefna tillögur nefndarinnar í þessu máli, þegar hún vill fela landlækninum umsjón allra læknamála hjer á landi. Jeg vil ekki taka það upp aptur, sem jeg sagði áðan um ábyrgðina. Hjerna verður aðgangurinn að eins að einum, annars hverfur ábyrgðin, ef þrír eru; hún verður mjög óglögg eða jafnvel einber skuggi.

Þá var gengið til atkvæða og var:

1. 1. grein frumvarpsins felld með 7 atkvæðum gegn 1.
2. 2. grein frumvarpsins fallin við atkvæðagreiðsluna um 1. gr.
3. Breytingartillaga nefndarinnar við 3. grein, að fyrir: «formaður ráðsins» komi: «landlæknir», samþykkt með 10 atkvæðum.
4. Breytingartillaga nefndarinnar við 3. grein, að «4000» komi í stað «3000», samþykkt með 7 atkvæðum.
5. 3. grein frumvarpsins (nú 1. gr.) með áorðnum breytingum, samþykkt með 8 atkvæðum.
6. 4. gr. frumvarpsins (nú 2. gr.) samþykkt með 10 atkvæðum.
7. 5. gr. frumvarpsins fallin við atkvæðagreiðsluna um 1. gr.
8. Breytingartillaga nefndarinnar við fyrirsögnina samþykkt í einu hljóði.

Frumvarpinu, þannig breyttu vísað til 3. umræðu í einu hljóði.

ÞRIÐJA UMRÆÐA Í EFRI DEILD,
á 23. fundi, 1. dag ágústmánaðar.

Frumvarpið, eins og það var samþykkt við 2. umræðu, sjá I, 295.

a.

Breytingartillaga
við frumvarp til laga um breyting á 2. og

3. gr. laga um stofnun læknaskóla í Reykjavík 11. febr. 1876.

Við 1. gr. í staðinn fyrir «4000» komi: «3500».

Sighvatur Árnason. Stefán Eiríksson. Skúli Þorvarðsson.

b.

Breytingartillaga

við breytingartillögu við frumvarp til laga um breyting á 2. og 3. gr. laga um stofnun læknaskóla í Reykjavík 11. febr. 1876.

Í staðinn fyrir: «3500» komi: «3600».

Nefndin.

Framsögumaður (*Sigurður Melsteð*): Síðan mál þetta var til annarar umræðu, hafa fram komið við það 2 breytingartillögur; það er að segja ein breytingartillaga frá þremur þingmönnum, og aptur breytingartillaga frá nefndinni við breytingartillögu hinna þriggja þingmanna, og snerta þessar breytingartillögur launaupphæð landlæknis. Nefndin hafði álitið, að laun landlæknis væru hæfilega sett 4000 kr. með tilliti til jafnhliða embættismanna, forstöðumanns prestaskólans og forstöðumanns lærða skólans. En nú kom breytingartillaga frá þremur þingmönnum, að færa þessa launaupphæð niður í 3500 kr. Gegn þessari breytingartillögu hefur nefndin komið með aðra breytingu, og fært þessar 3500 kr. upp í 3600 kr. Harðara vildi nefndin ekki fara út í þetta atriði, en til tók þá lægstu launaupphæð, sem henni var mögulegt með tilliti til hinna annara jafnhliða embættismanna. Jeg treysti því, að hin heiðraða deild fallist á tillögu nefndarinnar í þessu efni, og sjái, að þar sem hinir aðrir jafnhliða embættismenn hafa hvor um sig hærri laun, nefnilega forstöðumaður prestaskólans 4600 kr., og forstöðumaður lærða skólans, fyrir utan frían bústað, 4200 kr., þá geti laun landlæknis, sem jafnframt er forstöðumaður læknaskólans, ekki með neinu móti verið minni, en 3600 kr., eða 1000 kr. lægri, en hinna hvors um sig.

Landshöfðingi: Jeg skal leyfa mjer, að mæla bæði á móti breytingartillögu nefndarinnar og breytingartillögu hinna þriggja þingmanna, sem fara þess á leit, að færa 4000 kr. niður í 3600 eða 3500 kr. Laun landlæknis, sem jafnframt er forstöðumaður læknaskólans, eru að mínu áliti, eins og þau voru ákveðin í frumvarpinu við 2. umræðu, hæfilega metin bæði í samanburði við laun annara jafnhliða embættismanna, forstöðumanns prestaskólans og forstöðumanns lærða skólans, og í samanburði við þýðingu embættis þess, sem landlæknir hefur á hendi. Jeg skal geta þess, að þær 4000 kr., sem þessum embættismanni voru ákveðnar við 2. umræðu, eru aðgengilegar frá stjórnarinnar hálfu, en aptur á móti get jeg með engu móti mælt með breytingartillögunum. Það er skylda mín að geta þess, að þessar breytingar geta komið því til leiðar, að frumvarpið verði ekki lögleitt.

Stefán Eiríksson: Jeg þarf ekki að fara mörgum orðum um þetta mál, þó jeg sje einn hinna þriggja þingmanna, sem komið hafa með þá breytingartillögu, að færa 4000 kr. niður í 3500 kr. Hinn hæstvirti landshöfðingi er nú hvorki samþykkur breytingu nefndarinnar nje breytingartillögu vorri, og finnst honum laun þau, sem vjer höfum til tekið handa landlækni, vera langt of lág í samanburði við laun forstöðumanns prestaskólans og forstöðumanns lærða skólans. En jeg skal leyfa mjer að taka það fram, að það er allt öðru máli að gegna með forstöðumenn þessara skóla, sem jeg nefndi, því forstöðumaður læknaskólans, sem jafnframt er landlæknir, getur haft töluvert fyrir lækningastörf sín hjer um bæinn. Þar af leiðir, að jeg get ekki sjeð, að þessum embættismönnum verði jafnað saman. Nefndin hefur nú ekki farið langt frá breytingaratkvæði voru, þar sem hún hefur fært launin niður um 400 kr., en vjer um 500 kr. Jeg ímynda mjer því, að nefndin verði tilleiðanleg til að ganga inn á breytingu vora. Skal jeg svo ekki fara fleirum orðum um þetta mál að sinni, en

treysti því, að hin heiðraða deild setji launin ekki hærra, en vjer höfum ákveðið þau í breytingartillögunni.

Sighvatur Árnason: Þrátt fyrir mótmæli landshöfðingja og samanburð hans á landlækni og forstöðumönnum hinna annara skóla, leyfi jeg mjer þó að halda fram breytingartillögu vorri, hinna þriggja þingmanna. Mjer finnst fullt eins eðlilegt, að bera landlækni, sem jafnframt er forstöðumaðar læknaskólans, saman við yfirkennara lærða skólans, sem þó hefur minni laun, en vjer höfum ákveðið landlækni í breytingartillögu vorri, og líka meira að gjöra, á meðan á skólaárinu stendur, heldur en landlæknir; eru því þessi laun hæfilega metin, þegar jafnframt er tillit tekið til þess, sem þingmaður Austur-Skaptfellinga tók fram, að landlæknir hefur talsvert fyrir lækningastörf sín hjer í bænum, sem að sögn skiptir hundruðum króna. En hvað snertir breytingartillögu nefndarinnar við breytingartillögu vora, þá er góðra gjalda vert að vera með henni, og jeg þykist sjá, að það er hægra að skipta 3600 kr. niður á mánuði ársins, en 3500 kr. Jeg get því gefið breytingu nefndarinnar atkvæði mitt, þar sem ekki munar nema 100 kr. á launaupphæðinni i henni og breytingartillögu okkar. Jeg get líka því heldur verið með breytingu nefndarinnar, sem landshöfðingi óttast fyrir, að frumvarpið muni ekki ná samþykki stjórnarinnar. En þar sem 3600 kr. eru nær 4000 kr., en 3500 kr., þá er þó einu hænufeti nær í voninni, um að frumvarpið nái staðfesting.

Forseti bar því næst undir atkvæði breytingartillögu nefndarinnar við breytingartillögu hinna 3 þingmanna, og var hún samþykkt með 6 atkvæðum móti 1; við það var fallin breytingartillaga hinna þriggja þingmanna.

Frumvarpið þannig breytt var samþykkt með 8 atkvæðum, og kvaðst ferseti mundu endursenda það neðri deildinni, sökum breytinga þeirra, er á því höfðu verið gjörðar í efri deildinni.

EIN UMRÆÐA Í NEÐRI DEILD,

á 33. fundi, 4. dag ágústmán.

Frumvarpið, eins og það var samþykkt við 3. umræðu í efri deild, sjá I, 322.

Framsögumaður (*Eiríkur Kúld*): Eins og hin heiðraða deild sjer, er frumvarp þetta nú komið aptur frá efri deildinni í allt öðrum búningi, en það var samþykkt hjer bæði nú og í hitt eð fyrra. Kom mjer þetta á óvart eptir þær undirtektir, sem málið fjekk þá og eins nú í þeirri deild. Jeg hef reynt að kynna mjer ástæður hinnar heiðruðu efri deildar fyrir þessum breytingum. Ástæðurnar eru þessar:

Fyrst: ábyrgðin væri stopulli og minni á heilbrigðisráðinu, heldur en ef landlæknirinn hefði hana alla einn. En jeg get ekki skilið, að ábyrgð megi ekki koma eins fram á hendur 3 mönnum eins og einum. Hjer er nefnilega um móralska ábyrgð að tala, því efstu eða aðalbyrgðina á landsstjórnin að hafa, hvort heldur er að ræða um 1 eða 3 menn.

Önnur ástæðan var sú, að þegar bráðra aðgjörða þyrfti við, þá yrði framkvæmdin örðugri og seinni hjá *þremur* mönnum en *einum*. Það er þó undarlegt; það er sama sem að segja, að þrefaldur kraptur sje minni en einfaldur kraptur, eða með öðrum orðum: $3 < 1$.

Jeg skal taka til dæmis, þegar bólan gekk hjerna um árið, þá er kunnugt, hvílíkur dugnaðarmaður sat í landlæknisembættinu og hve vel honum tókst að stemma stigu fyrir henni, en skyldi honum hafa veitt það örðugra eða orðið ráðfærra, ef hann hefði haft tvo ötula lækna sjer til aðstoðar. Svo kemur enn ein ástæða — jeg ætla að biðja yður að taka eptir henni — að þetta væri svo óeðlilegt og óhæft fyrir okkar tíma. Það hefði sem sje komið til orða hjá *Dönum*, að fela einum «Medicinaldirectör» á hendur störf «*Sundhedscollegiisins*». Hví eru Danir þá ekki búnir að koma því á? Jeg verð að álíta, að þeim hafi þótt eitthvað athugavert við það, og jeg verð enn fremur að spyrja: Dependera Íslendingar enn svo af

Dönum, að þeir þurfi að hafa sama fyrirkomulag, sömu ákvarðanir og þeir, hvort sem það gegnir til góðs eða ei, hvort sem það á hjer við eða ekki? Þess er einnig að gæta, að heilbrigðismálefni í Danmörku heyra allt eins undir einn mann, ráðgjafann, þó að «Sundhedscollegiet» sje þar. Jeg tel gott, að taka það eptir Dönum, sem er til bóta, og laga það eptir okkar ástæðum hjer, og þess ber einnig að gæta, að ef heilbrigðisráð væri hjer, mundi ekki þurfa að senda þessar skýrslur, sem heilbrigðisráðið ætti að gefa, 300 milur áleiðis til Danmerkur, því að þær gætu þá gengið til landshöfðingjans.

Þetta eru þá ástæður hinnar heiðruðu efri deildar. En jeg vil taka það fram, að það er af öðrum ástæðum, sem jeg hef komið fram með frumvarpið. Mjer finnst alveg óþarft að halda landlækni. Hver eru störf hans, að undanskildri læknaskólakennslunni, önnur en að ferðast um landið til að skoða lyfjabúðir og að semja skýrslur. Skyldu þessi störf vera öðrugri eða fara ver úr hendi fyrir 3 menn en einn. Það er reyndar satt, að margir hafa leitað til hans út um landið til að fá bóluefni, en það hefur orðið árangurslaust. Skyldu þrir menn ekki eins geta útvegað það og látið það í tje, fyrst einum befur ekki tekizt það?

Það er undarlegt, ef menn í sjálfu sjer álíta hentugra, að hafa heilbrigðisráð, að fylgja því, sem Danir hafa, eða vilja endilega sníða þetta eptir þeirra ummælum, þar sem þó ein hin menntaðasta þjóðin, Englendingar, hefur heilbrigðisráð enn þann dag í dag Að öðru leyti er frumvarpið orðið svo nú í sniðinu, að mjer er ósárt um, þó það falli.

Grímur Thomsen: Þótt jeg sjálfsagt sje hinum háttvirta þingmanni Barðstrendinga samdóma um, að frumvarp það, sem þessi deild samþykkti áður, sje betra en þetta frumvarp, sem aptur er komið frá binni háttvirtu efri deild, þá sje jeg ekki ráð til þess, eptir því sem ástandið er, ef menn vilja þó fá nokkra bót, að senda aptur gamla frumvarpið til efri deildar, þar sem svo mörg mikilsvarðandi mál eru enn órædd, en mjög liðið á þingtímann, svo sem fjárlagafrumvarpið og landbúnaðarlagafrumvarpið. En það væri þó sorglegt, ef sum höfuðmál yrðu ekki afgreidd frá þinginu, og stjórnin yrði tilneydd að gefa út millibilsfjárlög handa oss. Jeg vil leiða athygli þingmanna að því, að ef við samþykkjum nú aptur hið gamla frumvarp, þá er það sama sem fella frumvarpið, því það má ganga að því vísu, að efri deild gjöri á því hinar sömu breytingar og áður, og þá er ómögulegt, að málið nái fram að ganga á þessu þingi. Þó jeg sje óánægður með þetta frumvarp, þá er þó ein bót í því, að það sparar landssjóðnum 1200 kr. á ári fyrir næsta fjárhagstímabil. Jeg vil því greiða atkvæði með frumvarpinu, því betra er lítið en ekkert, og fyr er bati en albati.

Jón Ólafsson: Jeg er með þessu frumvarpi, af því mjer líkar það vel, og af því jeg veit, að margar þjóðir, sem hafa heilbrigðisráð, vilja sem fyrst leggja þau niður; finnst mjer það mislukkað, að vilja fara að koma þeim nú á hjer. Í Danmörku er brennandi áhugi á að af taka þau. Í Noregi hafa þau aldrei verið, og hefur allt komizt vel af samt. Þó við sjeum orðnir á eptir tímanum í mörgu, þá finnst mjer, að við sjeum orðnir of langt á eptir, ef við eigum að fara fyrst að taka það upp hjer, sem aðrar þjóðir eru að leggja niður.

Halldór Friðriksson: Mjer finnst eins gott að fella þetta frumvarp, því það er auðsjeð, að ekkert getur út af því komið, því landlæknisembættið verður líklega veitt, áður en lög þessi öðlast gildi.

Framsögumaður: Það var ekki meiningin hjá mjer, að jeg vildi ekki spara þessar 1200 kr., heldur er það það eina, sem jeg álít mæla með frumvarpinu. Jeg get ekki verið hinum háttvirta þingmanni Reykvíkinga samdóma um það, að landlæknisembættið muni verða veitt fyr, en þessi lög öðlast gildi; mjer finnst það mjög ólíklegt. Að minnsta kosti get jeg þess ekki til af stjórninni. Hinn háttvirti 2. þingmaður Suður-Múlasýslu vildi ekki hafa

þetta heilbrigðisráð eða nefnd, en það eru fleiri nefndir í landinu; er það þá meining hans, að af taka þær allar? Að öðru leyti mun jeg úr þessu aðhyllast tillögu hins háttvirta þingmanns Borgfirðinga.

Jón Ólafsson: Mjer finnst ekkert vera því til hindrunar, að þessi lög öðlist gildi áður en landlæknisembættið verður veitt, og jeg veit, að fulltrúi stjórnarinnar muni finna sjer skylt, að skýra stjórninni frá því, ef við samþykkjum þetta frumvarp í dag. Hann getur enda sent stjórninni lögin með póstskipinu, sem fer í kvöld, og þá náum við staðfesting í tæka tíð; því embættið verður ekki veitt fyrir 11. september. Hinum háttvirta þingmanni Barðstrendinga þarf jeg ekki að svara, er hann sagði, að jeg vilji af taka allar nefndir í landinu. Ræða hans þessi var svo skýr og skarpvitur, eins og vant er hjá honum, að hún þarf ekki *commentar* frá mjer.

Var frumvarpið síðan samþykkt með 18 atkvæðum, og kvaðst þá forseti mundu senda málið til landshöfðingja sem l ö g f r á a l þ i n g i.

XVI.

Leysing á sóknarbandi.

Frumvarp til laga um leysing á sóknarbandi, frá Arnljóti Ólafssyni, Þorkeli Bjarnasyni, Friðriki Stefánssyni, Jóni Ólafssyni, sjá fyrri part alþingistíðindanna, bls. 54—55.

FYRSTA UMRÆÐA Í NEÐRI DEILD,
á 8. fundi, 12. dag júlímánaðar.

Flutningsmaður (Arnljótur Ólafsson): Jeg þarf ekki að mæla fram með frumvarpi þessu, því það mælir sjálft fram með sjer. Það er að efninu til eins og frumvarp það um leysing á sóknarbandi, sem kom fram á síðasta þingi og þá var samþykkt með miklum atkvæðamun í neðri deild þingsins. Síðan hefur orðið breyting nokkur á þingmönnum, og jeg treysti því, að sú breyting hafi orðið í frjálslega stefnu. Það væri því sama sem að efast um frjálslyndi hinna nýju þingmanna, að fara að halda vörn uppi fyrir frumvarpinu. Jeg skal því sýna þeim þetta traust með því, að verja eigi frumvarpið.

Jón Jónsson: Jeg hef verið fjölorður um þakkir í dag, en aldrei er góð vísa of opt kveðin, og þakka jeg því enn hinum heiðraða flutningsmanni frumvarps þessa. Breyting sú, sem frumvarp þetta fer fram á, er í alla staði nauðsynleg, og ástæður þær, sem hafðar hafa verið á móti því, að það valdi eða geti valdið óánægju og veikt bandið milli prests og safnaðar, eru sprottnar af misskilningi. Það hlýtur þvert á móti að verða hvöt fyrir prestinn og sóknarbörn hans, að koma sjer vel saman, og þannig orðið einmitt til þess, að styrkja samband þetta. Jeg vil í þessu tilliti leyfa mjer að benda á annað samband manna á milli, þ. e. samband alþingismanna og kjósanda þeirra (Áminntur af forseta að halda sjer við efnið). Það atriði, að þjóðkjörnir þingmenn eiga meira undir landsmönnum en konungkjörnir, mun ávallt verða til þess, að hinir síðari geti betur en hinir fyrri komið fram sem fulltrúar landsmanna, og á sama hátt mun bandið milli prests og safnaðar ekki veikjast

við það, að söfnuðurnir fái aðgang til að leysa það. Frumvarp þetta gjörir, eins og önnur frumvörp, er áður hafa komið fram á alþingi, það að skilyrði fyrir að leysa sóknarband, að kjörpresturinn sje skipaður prestur annars safnaðar. Jeg vil skjóta því til hinna beiðruðu flutningsmanna, hvort það sje nauðsynlegt; og kynni jeg fyrir mitt leyti betur við, að sóknarmönnum yrði leyft að leysa sóknarbandið, þó þeir vildu heldur kosta sjerstakan prest, en taka fyrir kjörprest einhvern nágrannaprestinn, sem skipaður væri yfir annan söfnuð.

Varaforseti: Hinn háttvirti flutningsmaður sagði í ræðu sinni, að frumvarp þetta mælti *með sjer* sjálft. En jeg vil segja, að það mæli *á móti* sjer sjálft. Jeg verð að telja það mjög óheppilegt, að setja þau lög, sem sárfáir óska eptir, og þau lög verða eingöngu á pappírnum. Það mun farsælla, að gjöra fyrst það að lögum, sem er eindregin ósk og vilji þjóðarinnar. Þar sem er frelsi, þar er jeg með, en hvert er það frelsi, sem liggur til grundvallar fyrir frumvarpi þessu? Það er hið aumasta frelsi. Það er hið aumasta frelsi t. d. fyrir bónda norðarlega í Árnesprestakalli, að fara til prests á Stað í Grunnavík eða Stað í Steingrímsfirði; vegalengdin er svo mikil; og mörg lík dæmi mætti nefna. Annað er það, sem jeg hef haft á móti þessu frumvarpi og hef enn, að ef ósamþykki er milli prests og safnaðar, þá verður þetta til þess, að auka það ósamþykki enn meir. Það hefur komið fyrir, að menn hafa með lagaleyfi hlaupið frá vandlátum presti til annars, sem var miður vandlátur, en hve skaðlegar afleiðingar getur ekki þess konar haft, jeg vil nefna til dæmis með barnauppfræðingu? 2. þingmaður Skagfirðinga ljet í ljósi, að hann væri máli þessu hlynntur og flutningsmanni þoss þakklátur fyrir að koma með það. En jeg skil eigi, hvernig hann getur fengið það út, að, ef óánægja er milli prests og safnaðar, geti leysing þessi orðið til þess að jafna hana, því að sú óánægja á að jafnast með kristilegum kærleika, en eigi með því að hlaupa á burtu til annars prests. Þetta leyfi, að nota annan prest, hefur hingað til verið hægt að öðlast; það getur að eins kostað pappírsörk, en fá hafa þau tilfelli borið að höndum, sem þess hafi verið neytt; þau eru á þessari öld 3 eða fjögur, og á fyrri öldum því færri. Jeg þekki mann, sem þess hefur neytt, og gat hann eptir á eigi gjört sjer sjálfum grein fyrir því, hví hann vildi skipta um prest, og iðraðist þess líka á eptir. Jeg skal taka það fram, að jeg geng út frá því og álít, að löggjafarvaldið eigi að byggja á því, að allir prestar sjeu nægilega góðir, svo að fyrir þá sök þurfi ekki að hlaupa frá neinum þeirra. Jeg ætla þá eigi að tala meira um þetta mál að sinni.

Jón Ólafsson: Jeg skal vera fáorður um þetta mál. Hinum heiðraða varaforseta þótti aumlegt frelsi það, sem lægi til grundvallar fyrir frumvarpi þessu. Hvernin sem til hagar fyrir vestan, þá get jeg sagt með vissu, að öðru máli er að gegna mjög víða fyrir austan. Það frelsi mundi mikilsvert fyrir menn í Stöðvarfirði, Reyðarfirði, Jökuldal. Svo lengi sem biskupinn heldur áfram að vígja til presta þá, sem með öllu eru óhæfir til prestsþjónustu, opinbera hneykslismenn og vitanlega óreglumenn, menn, sem bókstaflega þarf að bera í brekáni, jafnvel þá er þeir eru í embættisferðum, sem menn, sem eru á ferð með strandsiglingaskipum kring um landið, sjá á höfnunum og á forðunum liggjandi í spýju sinni fyrir hunda og manna fótum, svo lengi, segi jeg, er hróplegt að banna mönnum að flýja frá þessum óhæfuprestum og taka sjer kjörprest. Þá þarf að vanda betur kirkjustjórnina, ef vel á að fara. Hinn háttvirti varaforseti óttaðist, að menn mundu flýja frá ströngum prestum til slóðapresta og slarkara, sem ekki væru kröfustrangir. En jeg vil segja, að það er biskupinum yfir Íslandi og kirkjustjórninni að kenna, að slíkt þarf að óttast; gjörði kirkjustjórnin skyldu sína með eptirlit á prestum, þá gætu engir slóðaprestar nje slarkarar verið til eða þolazt í kirkjunni.

Það mun hneyksla marga, það sem jeg hef sagt hjer, en jeg álít synd, að það skuli ekki vera sagt opinberlega fyrir löngu. Ef frumvarp þetta yrði að lögum, yrði með tímanum enginn slóðaprestur til, því að enginn slóðaprestur gæti þrifizt af þeirri orsök, að enginn mundi nota hann. Hinn heiðraði varaforseti sagði og, að óánægju milli prest og safnaðar ætti að jafna með kristilegum kærleika, en þá þarf kristslegur kærleiki að slá til; annars verður að grípa til annara úrræða, og það mun optar verða. Jeg óska því af heilum hug, að frumvarpi þessu verði framgengt.

Þorkell Bjarnason: Það mætti undarlegt þykja, ef jeg eigi tæki til máls í þessu máli, þar sem jeg er sá eini prestur á þessu þingi og líklega á öllu landinu, sem hef komizt í svo mikla óvináttu við einn sóknarmann minn, að hann sótti um konungsleyfi til að nota annan prest. Jafnvel þó þetta megi telja óheppni, get jeg þó annars vegar talið það heppni, því að það kom mjer til að hugsa um það, á hvern hátt samband mitt við söfnuðinn yrði sem bezt. Jeg er kominn að þeirri niðurstöðu og þeirri sannfæring, að það er einungis kærleikinn milli prestsins og safnaðarins, sem getur gjört sambandið viðunanlegt og sem bezt. En sá kærleikur þarf að vera byggður á frelsi, og það er þessi sannfæring, sem hefur komið mjer til þess, að skrifa undir frumvarp þetta. Þá er sóknarbarnið getur eigi lengur elskað og virt prest sinn, þá tel jeg betra, að það fái þetta frelsi og megi nota annan prest. Þar sem hinn heiðraði samþingismaður minn talaði um, að ekki sje vert að gefa út þau lög, sem sárfáir óska eptir, og að þau lög verði að eins á pappírnum, þá á það eigi hjer við, því að jeg veit til þess, að ýmsir hafa kvartað undan prestum sínum, og ef lög þá hefðu, verið til, sem heimilað hefðu, að leita annars prests, mundu þeir hafa sýnt það í verkinu, að þeim var alvara, og þau lög þá orðið meir en á pappírnum. Ef þetta yrði að lögum, mundi það verða sterk hvöt fyrir presta, til að rækja vel köllun sína. Allir vita, af hverjum orsökum sóknarmaður yfirgefur prest sinn, og ef því einhver gjörði það að ástæðulausu, mundi bann verða fyrir kala annara sóknarmanna; en þeir mundu aptur hænast því betur að prestinum. Frelsið er ætíð mjög áríðandi, en þó mest í andlegum efnum. Jeg get ekki hugsað mjer neitt voðalegra fyrir þann, sem er sanntrúaður, en að vera bundinn við þann prest, sem ekki stendur svo í stöðu sinni, að borin sje virðing fyrir honum. Með hvaða tilfinningum verður hann að fara með hann inn í hús sín til að skíra börn sín, heyra hann flytja guðsorð, og þiggja af honum hina heilögu kveldmáltíð? Jeg vona, að þetta vaki fyrir þingmönnum, þá er þeir fara að greiða atkvæði um þetta mikilvæga málefni.

Benidikt Sveinsson: Mig furðar sannarlega á því, að þingmenn skuli koma fram með persónulegar og meiðandi smá-ástæður fyrir frumvarpi þessu, en sleppa hinni æðstu og hæstu þeirra, að frumvarpið er sannarlega samkvæmt anda og grundvallarreglum stjórnarskrárinnar og eðli hinnar kristilegu kirkju. Því eru þingmenn að leita jafnvel að röngum og ókristilegum ástæðum, sem leggja rýrð á prestastjettina yfir höfuð, og svívirða einstaka menn? Jeg skal að sönnu ekki bera til baka breyzkleika einstakra presta; þeir eru menn eins og allir aðrir; en það er samt sem áður rangt, að fara slíkum orðum um þá hjer í þingsalnum, eins og hinn háttvirti 2. þingmaður Suður-Múlasýslu gjörði. Menn verða að gæta að því, að þó menn sjeu eigi nafngreindir, þá má þó haga orðunum svo, að allir sjái, að átt er við einstaka og vissa menn, sem hægt væri að nafngreina eptir bendingu orðanna, ef þörf gjörðist, Þetta særir mína rjettlætis- og sóma-tilfinningu, enda mótmæli jeg orðum þingmannsins.

Að svo búnu var málinu skotið til 2. umræðu með 19 atkvæðum.

ÖNNUR UMRÆÐA Í NEÐRI DEILD,
á 11. fundi, 15. dag júlímánaðar.

Flutningsmaður (*Arnljótur Ólafsson*): Það var að eins ein athugasemd, er kom fram við 1. umræðu þessa máls frá 2. þingmanni Suður-Múlasýslu, ef mig minnir rjett, viðvíkjandi niðurlagsorðum 1. greinar: «enda sje prestur sá skipaður yfir einhvern söfnuð». Þingmaðurinn vildi skilja það svo, að það ætti að vera lúterskur söfnuður (*Jón Ólafsson*: Það hef jeg aldrei sagt). Það gildir einu, hver það var. En jeg vil geta þess, að skilningurinn mun vera sá, að presturinn sje skipaður yfir lúterskan söfnuð eða söfnuð einhverrar annarar viðurkenndrar kirkju hjer á landi. Í 46. gr. stjórnarskrárinnar stendur: «Landsmenn eiga rjett á að stofna fjelög til að þjóna guði». En fjelög til að þjóna guði eru söfnuðir; þess vegna er þessi skilningur samkvæmur stjórnarskránni

Landshöfðinginn: Frumvarp það, sem hjer liggur fyrir, er í öllum aðalatriðum samhljóða því, sem lagt var fyrir þingið 1877; þá varð málið ekki útrætt, og þegar þingið í hitt eð fyrra fjekk málið til meðferðar, var það samþykkt í þessari deild, en fellt frá 2. umræðu í efri deild. Breytingar þær, sem gjörðar eru á 1. og 10. grein, get jeg ekki fallizt á. Mjer virðist ákvörðun 1. gr: «Hverjum þeim manni, er 16 vetra er og fermdur, skal heimilt, o. s. frv.», fara of langt, þar sem óþroskuðum unglingi er veitt það leyfi, sem hjer ræðir um. Það hefur þó verið svo hjer á landi, og er svo í öllum lögum vorum, nema vinnuhjúalögunum, að nauðsyn hefur þótt til bera, að binda persónulegan myndugleika við 18 ára takmarkið. Viðvíkjandi 10. grein, þar sem svo stendur: «Gjalda skal leysingi til sóknarkirkjunnar öll lögboðin gjöld, en sóknarpresti þau ein, er á fasteign liggja», þá finn jeg ekki ástæðu til að setja aðrar reglur um fasteignargjaldið en um þau gjöld, er hvíla á atvinnu manna. Dagsverk, lausafjártíund o. s. frv. eru öll samkynja gjöld og hin, sem á fasteign hvíla, og eiga þau ekkert skylt við hið persónulega samband milli sóknarprestsins og gjaldanda. Jeg verð því að mæla á móti þessum ákvörðunum, og eins seinni lið 10. gr.: «Þó skulu sóknarprestar þeir, er nú eru, halda óskertum öllum fastatekjum sínum hjá leysingja, meðan þeir eru í sama brauði». Hjer eru að eins nefndar fastatekjur, en presturinn ætti þá að tapa öllum lausagjöldum. Það er að mínu áliti ósanngjarnt, að skerða embættistekjur prestsins, sem hann hefur fengið með veitingarbrjefi, og þess vegna ber að skipta þessari ákvörðun þannig, að hann missi einskis í, hvorki af fastatekjum nje lausatekjum. Við 3. umræðu málsins má gjöra breytingar við frumvarpið í þá átt, sem jeg hef bent á. Jeg bið hina háttvirtu deild, að gæta þess, að viljum vjer *alvarlega frelsið*, og þetta frumvarp fer á þá stefnu, þá verðum vjer að varast, að skerða rjettindi annara. Að sömu er það lítið, sem hjer ræðir um, og ákvörðunin á við að eins um stundarsakir; en löggjöfin á að leggja áherzlu á það, hvorki í smáu nje stóru að skerða rjett annara eða ganga á hann.

Eiríkur Kúld: Hinn hæstvirti landshöfðingi tók það fram, er jeg vildi spyrja um viðvíkjandi 1. grein. Jeg þykist sjá fram á, hver úrslit málið muni fá hjer í deildinni, og því ætla jeg ekki að vera á móti því. En jeg verð þó að taka það fram, að jeg er hræddur um, að leysing sóknarbandsins verði til þess, að eptirlit með uppfræðingu ungmenna minnki, að minnsta kosti verða eptirlitin með slíku miklu erfiðari, því þeim foreldrum, sem lítið láta sjer annt um uppfræðingu barna sinna, verður þá hægra fyrir, með því að velja sjer kjörprest, að skjóta sjer undan eptirliti sóknarprestsins, ef þeim þykir hann eptirgangssamur í því tilliti, og það er höfuðgalli á þessu frumvarpi. Jeg hef dæmin fyrir mjer í því efni og eigin reynslu. Þetta mun einhveru tíma reka sig á og opna augun á þeim mönnum, sem nú halda þessu fastast fram. Mjer finnst ósanngjarnt, eins og landshöfðinginn tók fram, að svipta prestinn þeim tekjum, er

hann hefur fengið með veitingarbrjefi sínu, og honum bera með rjettu. Eptir frumvarpi þessu á hann hvorki að fá lausafjártíund nje önnur aukagjöld hjá þeim sóknarmanni sínum, sem fengið hefur kjörprest; því ella mundu koma tvöföld gjöld á gjaldandann. Að veita 16 ára unglingi leyfi til að ganga frá sóknarpresti sínum, virðist mjer ófært; þess eru mörg dæmi, að börn eru ekki fermingarfær, fyr en þau eru 18 ára, og verður að fá biskupsleyfi til að ferma þau. Jeg hefði kunnað betur við, að binda þetta við 24 ára aldur, þó það sje ekki eðlilegt heldur. 9. grein þarf skýringar við, þar sem svo stendur: «Heimilt er honum» o. s. frv.; «en skylt er honum að hafa *meðhjálpara* sóknar þeirrar viðstaddan þjónustugjörðina». Það er engin skylda meðhjálpara, að vera við þjónustugjörðir annara presta en síns eigin sóknarprests; að minnsta kosti er það eigi tekið fram í lögum 27 febr. 1880, en kjörprestinum er hjer þó gjört að skyldu, að hafa meðhjálpara sóknarinnar viðstaddan; en ef hann nú segir nei, hvað á kjörpresturinn þá að gjöra? Má ske hinn háttvirti flutningsmaður geti skýrt það, og þetta sje einungis misskilningur minn.

Varaforseti: Jeg stend sjerstaklega upp til þess að mótmæla því, sem hinn háttvirti 2. þingmaður Suður-Múlasýslu sagði prestum til ásökunar, því jeg álít ásakanir hans ekki vera á rökum byggðar. Því verð að segja það, að í mínu prófastsdæmi þekki jeg ekkert slíkt. Jeg álít mjer líka skylt, að bera af biskupinum það, sem hann á hinum sama þingdeildarfundi sagði um hann, að «svo lengi sem biskupinn hjeldi áfram að vígja slíka menn» o. s. frv., því jeg álít það alls ekki rjett að saka hann eða veitingavaldið um það, þótt nú á hinum síðustu árum, þegar svo mikil ekla hefur verið á prestum, að til vandræða hefur horft, og komið hafa brjef frá söfnuðunum hvað eptir annað og sagt, að þangað yrði að senda *einhvern* prest, þótt þá, segi jeg, þeim prestum væru veitt brauðin, sem voru ef til vill miður hæfir til þess. Við þetta skal jeg leyfa mjer að bæta fáeinum athugasemdum, og um leið og jeg mótmæli þessum óhróðri um prestastjettina, skal jeg geta þess, að mjer þykir það gengið of nærri sóma þingsins, að hafa slíkt fyrir ástæður, þegar um lagasetning er að ræða, að hafa það fyrir ástæðu fyrir því, að leysa sóknarbandið, að prestar sjeu óbrúkandi. Það er að byggja á því, sem ekki á að vera og ekki er. Það er auðvitað, að prestastjettin er ekki fremur en allir aðrir laus við breyzkleika, en að hún sje yfir höfuð óbrúkanleg, því verð jeg að mótmæla. Jeg veit, að yfirstjórnin hefur ekki látið sitt eptir liggja með að koma í veg fyrir slíkt. Biskup hefur skrifað og beðið um upplýsingar, og hinn eini prestur, sem sannur hefur orðið að hneykslanlegu framferði, hefur verið dæmdur frá embætti, þrátt fyrir það þó söfnuðurinn, sem í hlut átti, vildi fá að halda honum, nema eitthvað 4 menn. Hjá hverjum liggur nú skuldin? er það á yfirstjórninni, sem gjörir allt til að grennslast eptir um siðferði presta og refsa fyrir, eða hjá söfnuðunum, sem hlífast við að ljósta því upp, ef eitthvað kann að vera? Þessi skoðun og þessi ástæða er því röng. Jeg er hræddur um, að frumvarpið miði til annara, en flutningsmaðurinn hefur til ætlazt, ef mönnum verður leyft að fara til annara prest. Hver yrði nú afleiðingin af því, að menn fengju að kjósa sjer kjörprest? Hún yrði að minni meiningu sú, að allir hinir minni máttar mundu hvíla við þann prest, sem þeir hefðu, í stað þess að hinir beztu menn gengjust fyrir því að fá annan góðan og duglegan prest. Hver mundi niðurstaðan hafa orðið, ef sóknarbandið hefði verið leyst í þessu dæmi, sem jeg nýlega gat um, þar sem að eins 4 menn kærðu prestinn, en hinir allir vildu fá að halda honum? hver önnur en sú, að þessir 4 hefðu tekið sjer kjörprest, en hinir hefðu hangið kyrrir við þennan prest? Jeg skal ekki fara langt út í einstakar greinir frumvarpsins; einungis skal jeg leyfa mjer að geta þess, að jeg hefði heldur óskað, að aldurstakmarkið hefði verið sett nokkru hærra,

eins og hinn hæstvirti landshöfðingi tók fram, og það jafnvel hærra en 18 ár, því jeg hygg, að fáir muni komnir til þess vits og þekkingar á þeim aldri, að þeir geti dæmt um, hvort prestur þeirra sje óhafandi eða eigi. 10. greinin finnst mjer fullkomlega ranglát, að prestar sjeu sviptir tekjum sínum. Þar sem sóknarleysingja er í 9. grein veitt heimild til að láta kjörprest sinn fremja prestsverk í sóknarkirkju sinni, þá held jeg, að slíkt geti opt komið óþægilega í bága við sóknarprestinn, messur og önnur störf hans. Ef nú sóknarprestur messar á hverjum sunnudegi, nær messar þá kjörprestur og úthlutar altarissakramenti, því það er þó orðin venja hjá oss, að gjöra slíkt á sunnudögum. Það er ekki svo að skilja, að jeg ekki sje með frumvarpinu að því leyti, sem það fer fram á meira frelsi, nei, jeg er með frelsinu, en frelsið verður ætíð að vera byggt á einhverjum góðum og gildum ástæðum. Þar að auki óttast jeg fyrir, að þetta komi alls ekki að notum á útkjálkum landsins, þar sem þess þó helzt þarf við, sökum þess að fjarlægðin er svo mikil, að varla nokkur mun geta notað það.

Guðmundur Einarsson: Þó að jeg hafi reyndar jafnan verið andstæður þessu máli, þá ætla jeg í þetta skipti eigi að fella það með atkvæði mínu, og eru til þess tvær ástæður. Fyrri ástæðan er sú, að sjálfræðisandinn er nú orðinn svo ríkur hjá landsmönnum, og margir, enda vorir beztu menn eru komnir á þá skoðun, að sóknarbandið eigi virkilega að leysast, (Margir: Heyr!) og þegar eitthvað er orðið almenningsskoðun, þá mun það aldrei blessast vel, að berjast þvert á móti henni. Hin ástæðan er sú, að það er sannarlega satt, sem svo margir hafa hreift hjer á þinginu, að allt of mikil deyfð er komin á hið sannkristilega trúarlíf, og þess vegna er þörf á einhverjum andstæðum hreifingum, jafnvel þótt það væri öfugstreymi, sem orðið gæti til þess, að glæða trúarlífið. Jeg skal ekki fara út í einstakar greinir frumvarpsins, því um þær hefur nægilega verið rætt, en að öðru leyti skal jeg af þessum tveim framangreindu ástæðum ekki vera frumvarpinu mótfallinn.

Flutningsmaður: Á móti frumvarpi þessu hafa nú komið fram nokkrar mótbárur, eins og við mátti búast, og skal jeg þá fyrst leyfa mjer að svara mótbárum hins hæstvirta landshöfðingja. Jeg skal játa það, að 1. og 10. grein hafa inni að halda lítilfjörlegar breytingar frá því, sem stóð í stjórnarfrumvarpinu á sinni tíð. Þar sem hjer er sett 16 vetra í staðinn fyrir 18 vetra í stjórnarfrumvarpinu eða má ske rjettara, frumvarpi efri deildar, þá er þessi 16 ára aldur samkvæmur því aldurstakmarki, sem sett er í hjúalögunum, fátækrareglugjörðinni og lögbókinni (Jónsbók), og má segja, að í íslenzkum lögum er ákveðið, að hver, sem er 16 ára, megi ráða vistarfari sínu; en lög vor eru aptur í því samhljóða dönskum lögum, að menn mega ekki ráða erfðafje sínu fyr en 18 ára. Það virðist því eðlilegt, að sá, sem er orðinn 16 ára að aldri og fermdur, megi velja sjer prest, því jeg skil ekki, að til þess þurfi önnur skilyrði en þau, að hann sje staðfestur í kristindómi sínum og megi ráða vistarfari og stöðu sinni og er þá kominn undan húsaga. Athugasemdir landshöfðingja við 10. gr. virðast í fljótu bragði á meiri rökum byggðar, enda eru þær nokkru meiri breytingar frá stjórnarfrumvarpinu, þar sem leysingi á að eins að gjalda sóknarpresti sínum þau gjöld, er á fasteignum liggja. En er það eðlilegt, að leysingi gjaldi þeim presti öll gjöld, sem hann þiggur enga þjónustu af? Er ekki eðlilegra, að hann megi gjalda kjörpresti einum af lausafje sínu. Það er satt, að þetta er á móti veitingarbrjefi presta, en einmitt stjórnin sjálf hefur gengið á undan í því að gjöra breyting á veitingarbrjefi þeirra með ákvörðuninni um ábúðarskatt og lausafjárskatt, og sömuleiðis er það gjört í tíundarlögunum nýjustu. Vjer getum því með sönnu sagt við stjórnina: »Þú gekkst á undan, jeg eptir hinn sama veg«. Stjórnin hefur byrjað, við fetum á eptir,

það er ekki tiltökumál, þótt við leitum dálítið í sama horfið. Þar sem landshöfðingi minntist á seinni hluta 10. greinar, þar sem svo segir, að sóknarprestar, er nú eru, skuli að eins fá að halda öllum fastatekjum sínum, þá kann það að vera nokkur breyting, og held jeg þó varla, því jeg held, að það sje ekki venja hjer á landi, að prestar taki gjald fyrir það, sem annar prestur gjörir; að minnsta kosti hefur svo að borið í minni sókn, og mjer ekki komið til hugar að fara fram á borgun fyrir þau aukaverk, er annar prestur hefur framið. Mer finnst það heldur ekki eðlilegt, að tveim sje borgað fyrir sama verkið, öðrum fyrir að fremja það, en hinum fyrir að fremja það ekki. Þá vildi jeg eins vel fallast á, að tveir prestar fengju eptirlaun, sem hefðu þjónað sama brauði á sama tíma. Viðvíkjandi athugasemdum þingmanns Barðstrendinga og 1. þingmanns Gullbringu- og Kjósarsýslu, þá verð jeg að mótmæla þeim. Það, sem annar þeirra tók fram viðvíkjandi meðhjálpara, og að kjörfrelsi þetta mundi spilla fyrir uppfræðingu barna, þá ber jeg ekki svo mikinn kvíðboga fyrir því. Meðhjálparinn á að vera við staddur til þess að sjá um, að kjörpresturinn ekki vanbelgi áhöld kirkjunnar, enda álít jeg, að það sje mjög hægt fyrir kjörprestinn, að hafa hann við staddan, því meðhjálparinn er skyldur að vera viðstaddur kirkjuna eptir sóknarnefndarlögunum, hver svo sem messar, hvort sem hann er kjörprestur eða sóknarprestur, því um það er ekkert tekið fram í sóknarnefndarlögunum, hvort það skuli vera kjörprestur eða sóknarprestur. Jeg skal heldur ekki bera mikinn kvíðboga fyrir því, að þetta frumvarp muni spilla fyrir uppfræðingu barna, því það er ekki líklegt, að foreldrar komi börnum sínum til annars prests til þess að fá verri uppfræðingu, og þá sízt svo margir, að það gjörði neitt til (*Halldór Kr. Friðriksson*: Jú); það er að gjöra þjóðinni ómaklegar og óhreinar getsakir. Það þarf ekki að taka aðra ástæðu til á móti þessu en reynsluna, og hún sýnir oss til fullnustu hina miklu menntunarfýst hjá alþýðu á landi hjer, svo engum mundi detta í hug, að fara frá presti, sem væri ágætur fræðari, til þess, er miður fræddi. Um það, er varaforseti tók fram gegn 1. gr. og uppfræðslu barna, skal jeg leyfa mjer að minna hann á, að það er sitt hvað *trú* og *trúarjátning*, eða «*Religiösitet*» og «*Confession*». Barnið hefur engu síður en hinn fullorðni sitt trúarlíf, hina innri trú í hjarta sínu, og á því að hafa rjett til að velja sjer þann prest, er kennir og enda lifir nær þessari hjartatrú barnsins og hins unga manns, en þurfa eigi að dúsa við þann prest, er þylur einlægt einhverja kalda og hálfdauða trúarjátning.

Lárus Blöndal: Eins og kunnugt er, er það í þriðja sinn, að mál þetta kemur inn á þingið. Þegar stjórnin lagði það fyrir þingið 1877, eins og hinn hæstvirti landshöfðingi tók fram, gat því ekki orðið framgengt sökum tímaleysis, en þegar það 1879 var borið upp af þingmönnum, hafði efri deildin heiðurinn af því, að sálga því. Nú í þriðja sinni vona jeg að því reiði betur af. Það, sem frumvarpið fer fram á, er að losa hin óeðlilegu bönd, sem skylda menn til að nota þann prest, sem maður hvorki getur borið þá ást til og virðingu fyrir, sem er nauðsynlegt og sjalfsagt skilyrði fyrir öllu verulegu og sönnu trúarlífi í söfnuðunum. Því hefur verið hreift sem ástæðu á móti máli þessu, einkum frá hálfu hinnar andlegu stjettar, að menn mundu af litlum eða engum ástæðum yfirgefa skyldurækinn og vandlætingasaman prest sinn, og fara til þess prests, sem væri ekki eins siðavandur. Þessa mótbáru óttast jeg alls ekki, því jeg er sannfærður um, að enginn heiðvirður dánumaður mundi ástæðulaust eða ástæðulítið yfirgefa skyldurækinn og góðan prest sinn, en það mundu verða þeir einir, sem hvorki sóknarpresti eða söfnuði væri söknuður að. Mín skoðun er, að þetta frumvarp mundi anda hollum andvara á trúarlíf vort, svo að sú deyfðarmolla, sem á því er, annaðhvort hyrfi, eða þá að minnsta kosti breyttist eitthvað.

Frumvarp þetta er með öllu samkvæmt grundvallarreglum stjórnarskrárinnar og eðlileg afleiðing og framhald af 46. grein stjórnarskrárinnar. Ekki hikuðu Danir sjer við, að leiða leysing sóknarbandsins í lög hjá sjer 1855, 6 árum eptir að þeir höfðu fengið löggjafarvald. Hví skyldum við Íslendingar, sem erum álitnir svo örir í mörgum greinum, þá hika við slíkt? Jeg verð að vera samþykkur hinum háttvirta flutningsmanni í því, að hið rjetta aldurstakmark sje einmitt 16 ár. Persónulegt sjálfsforræði hjá Dönum er bundið við 18 ár, en hjá oss við 16 ár, og hjer er um persónulegt sjálfsforræði að ræða. Viðvíkjandi hinum einstöku greinum frumvarpsins skal jeg geta þess, að mjer virðist orðið «valdsmaður» í 3. grein allt of óákveðið, og vil jeg því áskilja mjer breytingaratkvæði við það. Orðið «valdsmaður» yfir grípur svo mikið, að það gæti hæglega valdið vafa, hvort meint er sýslumuður, amtmaður, eða hvað. Þar sem stendur í 5. grein, að prestur sá, er saman vígi, skuli ábyrgjast, að hjónabandið sje löglega stofnað, þá gæti það, ef til vill, valdið misskilningi, því eptir nú gildandi lögum liggur ábyrgðin á lögmæti hjónabandsins að nokkru leyti á forlofurunum, nefnilega að því leyti hin neitandi (*negative*) skilyrði fyrir hjónabandinu snertir, svo sem um skylduleika, fleirkvæni og fleira, en jeg imynda mjer, að það sje ekki meiningin, að auka ábyrgð presta með þessari ákvörðun frumvarpsins. Hvað 10. gr. viðvíkur, þá er jeg fyrir mitt leyti ekki á því, að skerða löglega fengin rjettindi. Jeg mun því gjöra breytingaratkvæði við áður nefndar greinir frumvarpsins í þá átt, sem jeg hef hjer bent á.

Jón Ólafsson: Sumt af því, sem jeg vildi hafa tekið fram, er þegar tekið fram af öðrum, en það er þó nokkuð, sem jeg vildi leyfa mjer að drepa á. Það lítur út fyrir, að menn sjeu hræddir við, að 10. gr. frumvarpsins gangi rjetti presta of nærri, en þetta er hreinn óþarfi að óttast, ef menn einungis gæta þess, að það er með berum orðum tekið fram, að prestar þeir, sem nú eru, skuli einkis í missa. Hinn háttvirti landshöfðingi, sem annars er með frumvarpinu, og 2 aðrir þingmenn, sem mælt hafa móti því, eru á því, að færa ætti 16 ára aldurinn upp í 18 ára jafnvel upp í 24 ára aldur, eins og þingmaður Barðstrendinga nefndi. Það er allt öðru máli að gegna hjer, en í Danmörku, hvað lögaldur snertir. Jeg held og, að hvorki varaforseti eða þingmaður Barðstrendinga hafi gjört sjer fullkomlega ljóst, hvað myndugleiki er, þegar þeir hjeldu þessu fram. Það er til tvenns konar myndugleikar, sem í raunionni eiga ekkert skylt saman; annar er myndugleiki yfir persónu sinni, en hinn yfir fje sínu. Hjer á landi er sama aldurstakmark sem i Danmörku (18 og 25 ára aldur) fyrir myndugleika í fjárumráðum; en hinn persónulegi myndugleiki er eptir *íslenzkum* lögum og hefur ávallt verið bundinu við 16 ára aldur, og þeirri almennu reglu sje jeg enga ástæðu til að víkja frá hjer. Þingmaður Barðstrendinga hjelt, að meðhjálparar sveitarinnar væru eigi skyldir til að vera við staddir prestsverk leysingjaprestsins eða kjörprestsins,. Þeir *verða* þó skyldir til þess, að vera við staddir eptir *þessum* lögum, ef þeir hafa ekki verið það áður. Varaforseti bar af prestastjettinni þau ummæli, sem jeg hafði haft um hana á seinasta fundi, og skyldi jeg hafa verið honum hinn þakklátasti, ef hann hefði getað gjört það með rökum, en hann skírskotaði að eins til síns eigin prófastsdæmis og grenndarinnar þar. Hinn heiðraði sessunautur minn sannaði þar að auki sögu mína, þar sem hann fann að því við mig, að jeg skyldi bera svo ljóst slíkar sakargiptir upp á presta, að kunnugir gætu þekkt persónurnar, sem jeg miðaði til. Varaforseti bar áburð af biskupinum; jeg vil ekki herða neitt á þeim áburði; það er

óþarfi; allir vita þjer inni, að jeg sagði satt og rjett; dæmin eru fullljós og alkunn. Varaforseti sagði enn fremur, að það væri ósæmilegt fyrir þingið, að gefa slíkar ástæður fyrir lagafrumvarpi, sem þær, að vjer yrðum að sæta slíkum prestum, hjelt, að hinir betri mundu ganga frá prestinum, en hinir lakari verða eptir, og nefndi þessu til sönnunar dæmi sjera Sigurgeirs; en hvað sannar það? Það sannar ekkert annað, en hversu «demoralíseraðir» söfnuðirnir sumir hverjir eru, og í þeirri «demoralísation» vill hann þó víst ekki halda þeim? Sú kirkjustjórn, sem nú er í landinu, er orsök þessarar spillingar; undir henni hefur þetta sorglega ástand myndazt. Nú viljum vjer reyna önnur tök. Varaforseti talaði enn fremur um, að það gæti orðið örðugt fyrir kjörprestinn, að sakramentera fólk á þess sóknarkirkju, en það er gjört ráð fyrir, að fólkið sæki kirkju til kjörprestsins. Þar sem talað var um, að breytingu þyrfti á 10. gr. frumvarpsins, með tilliti til gjalda til prestanna, skal jeg geta þess, að jeg er ekki móti breytingu á þeirri grein, en sú breyting ætti að vera í þá átt, að leysingjar yrðu losaðir við *öll* gjöld til prests, sem þeir ekki brúka. Jeg áskil mjer rjett til breytingaratkvæðis við 5. gr. eptir samkomulagi við 1. þingmann Húnvetninga.

Þorlákur Guðmundsson: Það er að minni meiningu alveg tilgangslaust, að vera að hafa móti frumvarpinu, hvort heldur er fyrir prestana eða aðra einstaka menn. Það mun reynast skaðlaust fyrir góða presta, því að engum almennilegum manni getur dottið í hug, að hlaupa frá góðum og samvizkusömum presti til annars lítt nýts, til þess að láta þann lítt nýta gjöra prestsverk fyrir sig; líka mætti þetta vera aðhald fyrir prestana til að vanda sig meira, og sneiða hjá smásmuglegu sýtingsþrasi, og það mundi naumast koma fyrir, að menn hlypu almennt frá samvizkusömum og friðsömum presti, og yfirgæfu sinn söfnuð, nema ef vera skyldi sjer sinnaðir eintrjáningsmenn. Athugasemd landshöfðingjans hefur nokkuð við að styðjast, þar sem honum þykir 16 ára aldurinn vera of lágur; en þegar maður athugar þetta nákvæmar, verður þó ekki annað sagt, en að 16 ára aldurinn sje sanngjarnt og heppilegt takmark; og vil jeg færa fram sönnunarástæðu, með því, sem ekki hefur verið tekin fram. Setjum svo, að þeir foreldrar, fósturforeldrar eða húsbændur fái sjer kjörprest, á hverra heimili að eru 16 ára ungmenni, er þá ekki eðlilegt, að þau bæði vilji og fái að nota þann sama prest, sem foreldrar eða húsbændur brúka. Það hefur verið tekið fram sem ástæða á móti frumvarpinu, að menn mundu fara með illa uppfrædd og tossaleg börn til annara presta, sem miður væru siðavandir; en þvert á móti mundu prestar, þegar svo kæmi fyrir, vanda sig, svo ekki yrði út á sett, enda er líklegt, að prófastar litu eptir slíku, ef þeir annars hafa nokkuð að þýða í því efni. Jeg verð að vera varaforseta samdóma um það, að rangt sje að bera miklar ósannaðar sakir á prestastjettina hjer í þingsalnum, og að 2. þingmaður Suður-Múlasýslu hafi farið beldur langt í því efni, því í öllum stjettum munu finnast breyzkir innan um allt til heimsenda; enda álít jeg það sorglegt dáðleysi safnaðanna, að búa lengi við slíka presta og þá, sem hann var að lýsa.

Þorkell Bjarnason: Mótbárum þeim, sem jeg vildi hafa talað um, er nú flestum svarað; en þess vil jeg geta, að um 10. gr. frumvarpsins er jeg að mestu samþykkur landshöfðingja, og mun jeg bera mig saman við meðuppástungumenn mína um, að gjöra nokkra breytingu á henni. Varaforseti sagði, að jeg hefði haft vansæmdarorð um prestastjettina við 1. umræðu, og skal jeg ekki annað um það segja, en að það er komið undir áliti hinnar heiðruðu deildar,

hvort orð mín hafi sæmileg verið eða eigi. En eitt skal jeg segja, og það er það, að þau orð, sem jeg sagði, talaði jeg eptir sannfæringu minni, sem mjer er dýrmætari, en hvað bæði varaforseti og prófastur minn kunna að álíta ósæmilegt. Yfir höfuð að tala er frumvarpið samkvæmt stjórnarskránni, og á það legg jeg mesta áherzlu; það er samkvæmt frelsis- og kærleiksanda kristilegrar trúar, og mun það því verða til bóta, en ekki til skaða. Andinn er nú orðinn svo, að mönnum helzt varla uppi að yfirgefa góðan sóknarprest sinn að raunalausu, en aptur á móti er það akaðlegt og siðspillandi fyrir hvern mann, að geta ekki skilið við þann sóknarprest, sem hann getur einhverra hluta vegna ekki komið sjer saman við eða virt og elskað. Þannig get jeg ekki betur sjeð, en að frumvarpið miði til þess, að vernda gott samkomulag milli sóknarbarna og presta.

Benidikt Sveinsson: Hinn heiðraði sessunautur minn, 2. þingmaður Suður-Múlasýslu, hefur neytt mig til að standa upp, til þess nefnilega að svara þeim áburði, að jeg hafi staðfest eða sannað þau orð, sem hann við hafði um presta hjer á landi um daginn, og vil jeg í því tilliti benda á, að það er röng ályktun, sem þingmaðurinn gjörir sig hjer sekan í. Ef jeg t. a. m. hefði sagt, að sessunautur minn í sætinu næst mjer til vinstri handar, því allir vita hver í sætinu situr, hefði gjört eitthvað ósæmilegt utan þings eða innan, þá gætu allir, sem vita, hvaða þingmaður situr í þessu sæti, vitað, hver það er, sem jeg meina, en geta þeir fyrir það vitað, að það sje *satt*, sem jeg hef sagt um þennan mann? Nei, engan veginn! Þingmaðurinn bar fram áburð á fjarverandi menn, ósannaðan að lögum; en jafnvel *heiðnir* menn hafa sagt: «nuli absentem accusare»! sakfelldu ekki fjarverandi mann! Það er eðlilegur, helgur og heilagur náttúrlegur rjettur hvers manns, að hann hafi leyfi til og tækifæri að koma vörn fyrir sig, þegar hann er kærður, og enginn verður rjettilega dæmdur eptir lögmáli skynsemis, siðferðis eða laga, og þá eigi síður kristilegs kærleika og bróðurlegrar mannúðar, fyr en hann hefur fært varnir fyrir sig. Við erum hjer í þessum sal þar að auki ekki færir um og höfum enga heimild til að dæma þessa menn, þó þeir hefðu átt kost á að verja sig. Uppástungumennirnir styðja frumvarpið við anda og ákvæði stjórnarskrárinnar og anda kristindómsins og vilja þjóðarinnar, og þetta er rjett, en af þessum grundvelli eru ummæli þingmannsins ekki sprottin. Sagði ekki höfundur trúar vorrar: «Dæmið ekki, svo þjer ekki verðið dæmdir!»

Eiríkur Kúld: Jeg verð að taka það fram, að þetta er ekki alstaðar almennings vilji hjer á landi. Jeg þekki sjálfur það dæmi, að á hjeraðsfundi í kjördæmi mínu var það að eins einn maður, sem ljet þá skoðun í ljósi, að þetta gæti verið gott að fá gjört að lögum, þegar jeg hreifði þessu spursmáli á fundinnm. (*Arnljótur Ólafsson*: Skelfing eru þeir sofandi!). Ekki er það sagt fyrir því. En það mun verða reyndin á, að trassarnir vilji reyna að komast hjá því, að vanda, sem vera ber, uppfræðingu barna þeirra, sem þeir hafa yfir að ráða. Jeg álít og, að eigi sje nauðsynlegt, að fá lög um þetta af því, að allir, sem vilja, geta fengið leyfi, ef þeir sækja um það, til að gjöra þessa undantekningu. Jeg þykist sjá það og heyra í deildinni, að frumvarpinu greiðist vel gata, og vildi jeg þó biðja 2. þingmann Suður-Múlasýslu að svara varaforseta upp á það spursmál, sem hann hefur enn ekki svarað, nefnilega upp á það spursmál, hvað gjöra skuli, ef svo stendur á, að bóndi vilji vera til altaris hjá kjörpresti sínum sama sunnudag og sóknarpresturinn vill messa; eiga þeir þá háðir að messa sama dagiun? Það gæti orðið óþægi-

legt, þegar stytztur er dagur, að hafa tvær messur sama daginn.

Varaforseti: Jeg skal að eins leyfa mjer að taka það fram, að jeg er ekki á móti því frelsi, sem farið er fram á í frumvarpinu, en jeg tek það fram, að mjer finnst það vera eingöngu að nafninu til, en ekki það frelsi, sem að notum kemur. Jeg skal geta þess, að annað frumvarp liggur einnig fyrir um, að söfnuðirnir kjósi sjer presta sjálfir, eða eigi svo mikinn þátt í skipun prestakallanna, sem mögulegt er. Í því er meining, en í þessu er lítil meining og lítil not. Jeg verð, eins og þingmaður Barðstrendinga tók fram, að mótmæla því, að þetta sje ósk almennings, og álíta óheppilegt, að gefa lög, sem enginn óskar eptir. Þau orð, sem hinn háttvirti sampingismaður minn hafði um suma presta, ætla jeg ekki að minnast á, af því að skrifararnir hafa ekki skrifað þau. Hann sagði, að frumvarpið væri í Krists anda; það þekki jeg ekki. Þegar Kristur kenndi sjálfur, hlupu menn líka frá honum, og hann varð ekki glaður af, heldur spurði í gremju sína trúustu lærisveina: «ætlið þið þá líka að fara»? Þessi orð hans eru í hans anda: «Fyrirgefið, svo yður verði fyrirgefið». Það er í hans anda, að prestur og sóknarmaður hafi umburðarlyndi hver við annan, en ekki að þeir hlaupi hver frá öðrum, hvað sem á milli ber.

Flutningsmaður: Þar sem hinn háttvirti þingmaður Barðstrendinga skoraði á mig, að skýra fyrir sjer niðurlag 9. greinar, þá hjelt jeg, að það þyrfti ekki mjög skarpan skilning til þess, að skilja hana, sízt fyrir prest og prófast. Hann sagði, að sóknarpresturinn gæti sagt við kjörprestinn, er ætlaði eitthvert verk að fremja í sóknarkirkju hans: «Jeg ætla að messa í dag; komdu á morgun»; þetta þarf ekki að vera; enginn heldur á kirkju allan daginn, og kjörpresturinn getur vel notað kirkjuna, þegar sóknarpresturinn er búinn, svo báðir geta komizt að; enda útheimtir margt af störfum presta enga messu, t. d. skírn, hjónavígsla o. s. frv. Jeg skal geta þess, að jeg vil gjarnan sleppa úr niðurlagi 1.ᵍgreinar: «enda sje prestur sá skipaður yfir einhvern söfnuð», og sömuleiðis laga niðurlag 5. greinar um ábyrgð prests fyrir, að hjónabandið sje löglega stofnað. Í 9. grein er prentvilla, *þá* í staðinn fyrir *þó*,

Þórður Magnússon: Jeg stend eiginlega upp til þess að bera af foreldrum og húsbændum það, sem þingmaður Barðstrendinga og 1. þingmaður Gullbringusýslu sögðu, að þeir mundu fara til prests, sem væri verri fræðari, og skal jeg þá geta þess, að jeg þekki hvergi, að kvartað sje yfir, að þeir sjeu of strangir í þeim sökum, heldur að þeir sjeu ekki nógu strangir. Mjer finnst það ekki áhorfsmál, að láta þeim vera frjálst að fara til betra prests, sem vill það. Þar sem þeir sögðu, að þetta mundi ekki verða notað á útkjálkum landsins, þá mun það koma þar fullt eins vel að gagni eða þó engu síður, þar sem sumstaðar er ekki messað nema einu sinni eða tvisvar á missiri. Jeg held líka, að hægt sje að flytja 2 messur á dag. Hvað aldurstakmarkinu viðvíkur, þá felldi jeg mig vel við, þótt það yrði fært upp í 20 ár.

Jón Ólafsson: Þar sem hinn háttvirti sessunautur minn tók dæmi af því, ef hann lýsti manni, sem sæti hjá sjer, og segði, að hann væri svo og svo, þá vissu allir, við hvern hann ætti, en hann þyrfti ekki að hafa rjett fyrir því, þá er þetta ekki rjett ályktað. Jeg nefndi engan mann, að eins að svo hagaði til á Norður- og Austurlandi, og það eru ekki þröng takmörk (*Benidikt Sveinsson*: Þingmaðurinn nefndi viss prestaköll!) Nei, ekki í því sambandi; hinn háttvirti varaforseti hafði sagt, að svo hagaði til sumstaðar, og nefndi sem dæmi nokkur prestaköll á Vesturlandi, að rjettur

sá, sem frumvarpið gæfi, yrði enginn, af því landslag og torfærur hindruðu, að menn gætu notað hann. Jeg nefndi svo ein tvö eða þrjú prestaköll að austan, þar sem gagnstætt hagaði til *að landslagi*, en jeg nefndi engin prestaköll, þar sem jeg sagði að óregla ætti sjer stað.

Benidikt Sveinsson: Jeg bið hina heiðru þingdeildarmenn að taka eptir því, að hinn háttvirti sessunautur minn hefur með þessu borið af þinum ónafngreindu prestum, sem orðin «Stöðvarfjörður, Reyðarfjörður» og «Jökuldalur» bentu á, það, sem hann bar á þá áður. Og þá er jeg ánægður.

Síðan var gengið til atkvæða um hinar einstöku greinir frumvarpsins, og fjellu þau þannig.

1. gr. samþykkt með 15 atkvæðum
2. — —»— — 16 —»—
3. — —»— — 18 —»—
4. — —»— — 18 —»—
5. — —»— — 18 —»—
6. — —»— — 17 —»—
7. — —»— — 18 —»—
8. — —»— — 18 —»—
9. — —»— — 18 —»—
10. — —»— — 18 —»—

Einnig var samþykkt með 18 atkvæðum, að frumvarpið gengi til 3. umræðu.

ÞRIÐJA UMRÆÐA Í NEÐRI DEILD,
á 13. fundi, 18. dag júlímánaðar.

Breytingartillögur
við frumvarp til laga um leysing á sóknarbandi.

a.

1. Við 1. gr., niðurlag greinarinnar: «enda sje prestur sá skipaður yfir annan söfnuð» falli niður.
2. Við 5. gr., fyrir: «En prestur sá . . . löglega stofnað» komi: «En að öðru leyti fer um ábyrgð prests, þess er saman vígir, á lögmæti hjónabandsins, sem lög standa til».
3. Við 9. gr., fyrir: «fyrir að fremja skírn, hjónavígslu» komi: «fremja skírn, fermingu, hjónavígslu».

Arnljótur Ólafsson. Benidikt Sveinsson.
Lárus Blöndal. Jón Ólafsson.
Tryggvi Gunnarsson. Friðrik Stefánsson.

b.

Við 3. gr.:

1. Fyrir orðið: «valdsmanns» komi: «sýslumanns».

Við 10. gr.:

2. Fyrir orðin: «en sóknarpresti þau ein, er á fasteign liggja», komi: «og sóknarpresti allar fastatekjur».
3. Seinni málsgrein 10. gr. frá: «Þó» — og til enda, falli burtu.

Þórarinn Böðvarsson. Grímur Thomsen.
Lárus Blöndal. Eiríkur Kuld.
Magnús Andrjesson. Þorkell Bjarnason.

Flutningsmaður (*Arnljótur Ólafsson*): Frumvarp þetta hefur fengið góðan byr, en þó ekki fullt svo góðan sem hitt frumvarpið. Helztu umræðurnar hafa orðið um 1. og 10. gr. frumvarpsins, og er breytingartillagan við 10. gr. frumvarpsins komin fram í samræmi við umræðurnar við 2. umræðu. Breytingartillagan við 10. grein frumvarpsins, að í stað orðanna: «en sóknarpresti þau ein, er á fasteign liggja», komi: «og sóknarpresti allar fastatekjur», og enn fremur, að seinni málsgrein 10. gr. frá «Þó» — og til enda greinarinnar falli burtu. Þessar breytingar, segi jeg, eru talsvert yfirgripsmiklar. Fastatekjur prestsins eru ekki að eins tínnd af fasteign og lausafje, heldur og dagsverk og offur; svo er það talið eptir brauðamatinu að minnsta kosti. Hefði breytingaratkvæðið verið þannig orðað: «Þær tekjur, sem liggja á fasteign

og lausafje», hefði verið nær að aðhyllast það. Það, sem jeg hef móti breytingaratkvæðinu, er það, að það vill neyða menn til að borga mikið fje fyrir það verk eða þá þjónustu, sem þeir hafa aldrei þegið. Jeg veit vel, að stjórnarskráin segir, að landsstjórnin eigi að styðja og vernda þjóðkirkjuna. Þessi orð stjórnarskrárinnar skil jeg svo, að vernda skuli hana með rjettsýni og sanngirni, en eigi öðru; en það mun reynast ósanngjarnt, að leysinginn sje skyldaður til að borga allar fastar tekjur til sóknarprestsins, er hann enga þjónustu af þiggur. Jeg get nú ekki betur sjeð, en að frumvarpið fari nær rjettsýni og sanngirni, þar sem það fer fram á, að leysinginn lúki sóknarprestinum að eins þau gjöld, er á fasteign liggja, og vill það með þessu koma í veg fyrir, að menn gjörist leysingjar í ábataskyni, enda ætla jeg, að fyrir því sje nógsamlega sjeð með þessari ákvörðun. Eitt verðum vjer og vel að athuga, og það er það, að leysinginn óskar einhverra orsaka vegna að hverfa frá sínum sóknarpresti, optast víst fyrir þær sakir, að einhver óánægja eða þá óvild er milli prests og sóknarbarns. En er þá, vil jeg spyrja, hyggilegt, að auka á óvildina með því, að láta leysingjann borga meira til þessa prests, en honum með allri sannsýni getur borið að borga? Jeg held ekki.

Móti breytingaratkvæðinn við 1. grein hef jeg ekkert; reyndar held jeg, að það megi á sama standa, hvort orðunum er sleppt eða ekki. Að eins skal jeg enn geta breytingaratkvæðis við 5. grein. Það er fram komið til að fyrirbyggja misskilning, sem 1. þingmaður Húnvetninga var hræddur um að lagður yrði í greinina. Breytingaratkvæðið við 9. gr. er komið til af því, að orðið: «*ferming*» hafði fallið úr í upptalningu prestsverkanna.

Landshöfðingi: Af því að jeg vil styðja að því, að frumvarp þetta nái lagagildi, skal jeg mæla með breytingartillögu 6 þingmanna, og þá sjerstaklega með breytingartillögunni við 10. gr. frumvarpsins.

Við 2. umræðu þessa frumvarps gat jeg ekki svarað hinum háttvirta flutningsmanni upp á mótbárur þær, er hann færði fram gegn bendingum mínum um 10. gr., af því að jeg varð að vera viðstaddur í efri deild, þar sem jeg varð að taka þátt í umræðum þar. En jeg man, að hann bar það fram móti mjer, þar sem jeg tók það fram, að hin lögboðnu gjöld, er hvíla á fasteign, lausafje, atvinnu manna og fl., eða í stuttu máli fastatekjur þær, er lagðar eru til sóknarprestsins, sjeu eptir lögum vorum og hlutarins eðli samkynja og eigi ekki neitt skylt við hin persónulegu viðskipti milli sóknarprestsins og gjaldandans, — að hann vildi láta sóknarprestinn halda nokkrum af þessum tekjum og sjer í lagi þeim, er hvíldu á fasteign, af því að hún væru í sókninni, en ekki hinum, sem hann ætlaði kjörprestinum. Þessi mótbára flutningsmannsins finnst mjer ekki á rökum byggð, þar sem jeg sjálfsagt ekki átti við lausafjártíundina til prests, nema að svo miklu leyti, sem lausafje á að tíunda í sjálfri sókninni, og alveg á sama hátt og fasteignartíund af jörðum þeim, er liggja í sókninni, og að öðru leyti játaði hinn háttvirti flutningsmaður, að öll þessi lögboðnu gjöld væru sama eðlis. Að vísu benti hann að því, að leysinginn ætti að borga lausafjártíundina og dagsverk til kjörprestsins, en lagafrumvarpið innheldur enga ákvörðun um það, enda mundi niðurstaðan verða sú, ef frumvarpið væri gjört að lögum óbreytt, að leysinginn yrði laus við þessi gjöld, og væru þannig sett verðlaun fyrir því, að leysa sóknarbandið, en þetta hefur líklega ekki verið tilgangur uppástungumanna, enda er það að mínu áliti alveg óhæfilegt.

Hinn háttvirti flutningsmaður blandaði og saman athugasemdum mínum um

fyrri og síðari málsgrein 10. greinar, viðvíkjandi prestum þeim, sem nú eru í embættum, því að einungis viðvíkjandi þeim áttu orð mín um veitingarbrjefin við. En þar sem jeg nú vil mæla með breytingartillögu hinna háttvirtu 6 þingmanna og þar sem hinn háttvirti flutningsmaður fræddi mig um það, að það sje eigi siður hjer á landi, að prestar heimti aukatekjur fyrir þau prestsverk, sem framin eru af öðrum prestum, vil jeg ekki að svo stöddu fara lengra út í málið.

Varaforseti: Jeg skal fyrst taka það fram, að jeg hef sízt verið á móti hugmynd frumvarps þessa, og jafnan virt frelsi það, sem liggur til grundvallar fyrir því, en jeg hef óttazt, að það mundi eigi koma nema að litlum notum, og gæti ef til vill haft slæmar afleiðingar. En þar sem greinar frumvarps þessa voru samþykktar við aðra umræðu, sumar með 15, sumar með 16, sumar með 17, sumar með 18 atkvæðum, getur mjer eigi dulizt, hver muni verða endir þessa máls. Þar sem nú svona margir eru með frumvarpinu, hef jeg ritað nafn mitt undir þessar breytingartillögur, til þess þó að lagfært yrði í frumvarpinu það, sem mest þurfti lagfæringar við. Hinn heiðraði flutningsmaður sagði svo í ræðu sinni móti breytingartillögum þessum, að offur væri með löstum tekjum presta, en þessi hans ástæða er eigi á rökum byggð, því að í tilskipun 27. janúar 1847 er skýrt tekið fram, að offur tilheyri lausatekjum presta. Mín ástæða til að rita undir breytingartillögurnar við 10. gr. frumvarpsins var sú, að jeg vildi með því koma í veg fyrir það, að leysingi færi til kjörprests, til þess að koma sjer undan gjöldum, og sízt gefa ástæðu til þess, að menn af ósæmandi og eigingjörnum hvötum segðu skilið við prest sinn. Ef það er samvizkufrelsið, sem barizt er fyrir með frumvarpi þessu, og ef það er samvizkan, sem býður hjer að losast undan skyldubandi við prest, þá er samvizkufrelsið ekki mikils virði, ef það verður til fyrirstöðu því, að sóknarmaður losist við þann prest, sem samvizkan býður honum að losast við, að hann verður að gjalda prestinum í kallinu lögboðnar fastar tekjur. Ef þetta skyldi verða til fyrirstöðu, þá er ekki alvara með samvizkufrelsið. Ef 10. grein er samþykkt óbreytt, svo að prestur sá, sem er í hrauðinu, fær ekki aðrar tekjur en af fasteign, og það frumvarp verður að lögum, sem er fyrir deildinni, að fasteignartíund verði af numin, þá er sýnt, hverjar tekjur prestsins verða. Hinn háttvirti landshöfðingi hefur tekið fram hinn 3. galla á frumvarpinu, sem er sá, að leysingja eigi er að neinu leyti gjört að skyldu, að gjalda kjörpresti sínum, og honum þannig óbeinlínis gefin verðlaun fyrir að fá sjer annan prest, og er það sannarlega ósæmileg hvöt til að yfirgefa prest sinn. Jeg get eigi ætlað, að nokkur af hinum heiðruðu þingmönnum, geti gefið samþykki sitt til þessa.

Eiríkur Kúld: Jeg hef fyrir mitt leyti aldrei getað aðhyllzt frumvarp þetta, en jeg skal gjöra hinni heiðruðu deild grein fyrir, hvers vegna jeg ljeði nafn mitt undir breytingartillögurnar. Það er fyrir það, að breytingin við 10. gr. frumvarpsins bætir úr ójetti þeim og ósanngirni, að svipta sóknarprestinn rjetti þeim, sem honum ber með öllum rjetti. Jeg er hinum heiðraða varaforseta samdóma um, að offur tilheyri lausatekjum prests. En þar sem hinn heiðraði flutningsmaður mælti móti breytingartillögunum af þeirri ástæðu, að leysingi ekkert þægi af sóknarprestinum, þá er jeg sannfærður um hið mótsetta. Þegar til dæmis leysingja fæðist barn, þarf sóknarpresturinn, þótt kjörprestur skíri barnið, að komast eptir því, hvað barnið heitir, og innfæra nafn þess í kirkjubókina. Í annan stað má svo ráð fyrir gjöra, að leysingi geti eigi átt

optlega kost á, að sækja til kirkju kjörprests síns, eða kjörprestur eigi geti messað nema sjaldan á sóknarkirkju leysingjans, og þá gjöri jeg ráð fyrir, að leysingi sje eigi guðleysingi eða hafi svo óbeit á guðsorði, að hann vilji ekki einhvern tíma fara til kirkju að heyra á ræðu sóknarprestsins. Jeg vil og mælast til þess, að hinn heiðraði flutningsmaður vildi upplýsa mig um það, hver húsvitja á hjá leysingja, hvort það er sóknarpresturinn eða kjörpresturinn. Jafnvel þótt honum færust svo orð á síðasta þingi 1879, að mig minnir, að hann teldi eigi húsvitjanir nauðsynlegar í *sínum sóknum*, og ljeti sjer þær í ljettu rúmi liggja, þá eru þær eigi úr lögum numdar, og því eru þær bindandi fyrir suma presta, þó hann áliti þær óþarfar.

Flutningsmaður: Það hafa komið fram miklar og sterkar varnir fyrir breytingartillögum þeim, sem gjörðar hafa verið við 10 gr. frumvarpsins, einkum af hendi hins háttvirta landshöfðingja. Jeg skal játa það, að jeg er farinn að linast á því, að halda uppi vörn fyrir þá grein frumvarpsius, enda skal jeg láta mjer í ljettu rúmi liggja, þótt þessi breyting sje gjörð á þeirri grein. Viðvíkjandi offrinu er það að segja, að brauðamatið telur það með föstum tekjum, en tilskipunin 1847 með aukatekjum, og einmitt það linar mig að standa móti breyting greinarinnar. Það er engin furða, þótt ekki sje tekið fram í frumvarpi þessu, að leysingi sje skyldur að gjalda kjörpresti, því að frumvarp þetta á eigi að vera lög um tekjur kjörprests, en við því er að búast, að borgun þeirra prestverka verði komin undir frjálsum samningi kjörprests og leysingja. En þótt prestar hjer hafi ekki orð á sjer fyrir að vera ágjarnir, hygg jeg varla þurfi að kvíða því, að kjörprestar muni veita þjónustu fyrir ekki neitt; svo hagsýnir munu þeir þó vera eptir almenningsorði, að þeir munu laun þiggja. Hinn háttvirti landshöfðingi sagði, að eigi mætti gjöra mönnum aðgengilegt, að skilja við sóknarprest sinn, og engin verðlaun megi leysingjum veita. Já, það er satt, og það vil jeg sannarlega heldur eigi. En það verður þó að teljast sanngjarnt, að leysingi sje þó eigi skyldaður til að greiða öll gjöld þeim presti, sem hann notar lítið eða alls ekki. Það mun ekki umbæta, ofan á óvild þá, sem fyrir er, að sóknarprestur geti sagt með sönnu: «Peningana verð jeg að fá; farðu hvert sem þú vilt, bara jeg fái laun mín»! Með þessu er leysinginn bundinn peningabandi við sóknarprestinn, þótt sálarbandið sje laust. Jeg skal ekki eyða miklum tíma til að svara hinum heiðraða þingmanni Barðstrendinga. Þótt sóknarprestur færi inn í kirkjubækur barnsfæðingar, hjónabönd og mannalát, virðist mjer, sem honum beri eigi allar fastar tekjur fyrir það litla ómak. Hvað húsvitjanir snertir, mun það affarasælla, að prestar gjöri eigi boð á undan sjer, er þeir fara til húsvitjunar, hvort sem er einu sinni á ári eða tvisvar, heldur komi að óviðbúnu á heimili þau, sem þurfa hans leiðbeiningar við og föðurlega umhyggju. Jeg get ekki haldið með þessum lögbundnu kaffihúsvitjunum, þar sem prestur kveður nær því, eins og þá hann kom. Þegar barnaskólar eru komnir upp, þarf presturinn að vitja um þá, og hafa umsjón með, að kennslan fari þar fram, eins og vera ber.

Þórður Magnússon: Jeg ætla að skýra fyrir hinni heiðruðu þingdeild, að jeg er meðmæltur frumvarpi þessu á þann hátt, að sóknarbandið verði leyst, en ekki svo, að kippt sje af sóknarpresti þeim tekjum, sem honum bera. Það má eigi ætla, að leysingi láti sig muna um, að borga kjörpresti ómak sitt, og sóknarprestur á eigi að missa nema aukatekjur sínar. Jeg vil því fylgja þeim breytingaratkvæðum, sem fram hafi komið um þetta atriði.

Með því að fleiri tóku eigi til máls, ljet forseti ganga til atkvæða, og var þá:

1. Breytingartillaga 6 þingmanna við 1. gr. samþykkt með 16 atkvæðum.
2. Breytingartillaga 6 þingmanna við 3. gr. samþykkt með 17 atkvæðum gegn 1.
3. Breytingartillaga 6 þingmanna við 5. gr. samþykkt með 16 atkvæðum.
4. Breytingartillaga 6 þingmanna við 9. gr. samþykkt með 16 atkvæðum.
5. Breyting 6 þingmanna við 10. gr. var samþykkt með 13 atkvæðum gegn 4.
6. Breytingartillaga 6 þingmanna við 10. gr. síðari lið samþykkt með 21 atkvæði.
7. Frumvarpið í heild sinni var samþykkt með 18 atkvæðum.

FYRSTA UMRÆÐA Í EFRI DEILD,
á 14. fundi, 21. dag júlímán.

Frumvarpið, eius og það var samþykkt við 3. umræðu í neðri deild, sjá I, 143—144.

Pjetur Pjetursson: Jeg hef ekki mikið á móti frumvarpi þessu í sjálfu sjer, að minnsta kosti finnst mjer það í hugsuninni rjett, að söfnuðirnir fái sjálfir að kjósa sjer annan prest, ef þeir eru óánægðir með eða geta ekki borið þá virðingu sem skyldi fyrir þeim presti, sem þeir hafa; en eins og til hagar hjer á landi, og eins og frumvarp þetta er orðað, þá ímynda jeg mjer, að það komi sjaldan fyrir, að lög þessi komi til framkvæmdar, og ber margt til þess, en þó einkum það, að opt er örðugt að ná til annars prests. Þetta er nú sú góða hlið málsins. En jeg get ímyndað mjer, að það verði vanbrúkað, einkum í því er ungdómsuppfræðingu snertir; það eru margir prestar svo vandir að ungdómsuppfræðingu, að þeim fjelli illa, ef foreldrar leyfðu börnum sínum að leita til annara presta, sem, ef til vill, væru ekki eins strangir með ungdómsuppfræðingu. Það er fleira, sem prestar þurfa að vanda um, og getur það haft áhrif á þetta mál og eins á samlyndi presta. Það á ekki við að fara út í hinar einstöku greinir á þessu stigi málsins, en yfir höfuð að tala kann jeg ekki við, að sveitarlimum sje gefinn kostur á þessu frelsi, að kjósa sjer sjálfir prest sinn. Það er heldur ekki sagt í frumvarpinu, hvernig að skal fara, þegar annað hjóna heldur sjer til sóknarprestsins en hitt til kjörprestsins, eða þegar börn sömu foreldra halda sjer sitt til hvers prestsins. Jeg ímynda mjer því, að það mundi varla veita af að setja nefnd í þetta mál hjer í deildinni, til þess að lagfæra frumvarpið, ef menn annars vilja halda málinu lengra áfram.

Benidikt Kristjánsson: Eins og kunnugt er, hefur mál þetta komið tvisvar ef ekki þrisvar fyrir þingið; fyrst kom það frá stjórninni, og þó hefur því ekki vegnað betur en þetta. Hjer er að ræða um sjálfsrjettindi, sem hver maður hefur, og þau rjettindi, sem stjórnarskráin veitir hverjum manni, sem vill neyta þeirra. Jeg hef enn ekki lesið hinar einstöku greinir frumvarpsins nákvæmlega, en jeg verð þó að vera á því, að nefnd verði sett í málið, og það því heldur sem fáir deildarmenn eru nú sem stendur bundnir við nefndir. Jeg tel sjálfsagt, að mönnum beri ekki að fleygja svona mikilsvarðandi málefni frá sjer, og sízt við 1. umræðu.

Stefán Eiríksson: Eins og allir vita, þá hef jeg verið mótfallinn þessu máli áður á þingum, en jeg held jeg leiðist nú til þess að vera með því, til þess að lofa tímanum að leiða í ljós þá miklu frelsishreifingu, sem í frumvarpinu á að vera fólgin. En jeg óttast það mest, að 16 ára gamall unglingur hafi ekki þá lífsreynslu, að hann geti skipt um til hins betra með prestaval sitt. Aðra galla, sem geta verið á frumvarpinu, má má ske laga, einkum ef málið kemst til nefndar. Þannig getur frumvarpið leitt til ósamlyndis milli safnaðanna og enda milli presta sjálfra; en nefndin kann að geta bætt úr þessu og óska jeg, að hún gjöri það sem bezt.

Því næst var málinu vísað til 2. umræðu, og nefnd samþykkt og í hana kosuir:

Benidikt Kristjánsson með 9 atkvæðum
Stefán Eiríkssen — 7 —•—
Pjetur Pjetursson — 5 —•—

Í nefndinni var Pjetur Pjetursson kosinn formaður, og Benidikt Kristjánsson skrifari og framsögumaður.

ÖNNUR UMRÆÐA Í EFRI DEILD,
á 21. fundi, 29. dag júlímánaðar.

Nefndarálit, sjá I, 269—270.

Framsögumaður (*Benidikt Kristjánsson*): Hin heiðraða deild sjer, að nefndin hefur gjört litlar breytingar á frumvarpinu, og það er tekið fram í nefndarálitinu, að þær fáu breytingar, sem hún hefur gjört, lúta að eins að því, að koma í veg fyrir vanbrúkun þess rjettar, sem veittur er með frumvarpinu; hjer er ekki að tala um neina verulega efnisbreyting, nema að eins í einu tilliti, þar sem nefndin stingur upp á, að rjetturinn til að leysa sóknarband sje bundinn við, að hlutaðeigandi sje fermdur og 18 ára, en í frumvarpinu er 16 ára aldurinn settur sem takmark. Jeg gjöri ráð fyrir, að margt megi segja um þessa breytingu; en 16 ára aldurinn má skoða sem það takmark, þegar maðurinn losast undan húsaganum, en í trúarlegu tilliti er hann orðinn myndugur, þegar hann er fermdur; að hinu leytinu er 18 ára aldurinn það takmark, þegar maðurinn fær fyrst fjárráð, þó að hann samkvæmt lögum verði að hafa meðráðamenn, meðan hann er ekki orðinn 25 ára; maður getur á þessu aldursskeiði sjálfur haft ráð yfir fje sínu, að minnsta kosti í hinu smærra, en ef um stærra er að gjöra, þá verður lögráðamaðurinn ef til vill að hafa hönd í bagga með. Eins og nefndin hefur tekið fram, þá er leysingu sóknarbandsins sem optast nokkur fjárgreiðsla samfara, og þess vegna er það, að nefndin hefur stungið upp á 18 ára aldurs takmarkinu, auk þess sem nefndin áleit, að menn gætu nógu snemma notið þessa rjettar, þó að hann væri ekki fyr veittur. Nefndin hefur stungið upp á, að bæta við 1. gr. þeirri ákvörðun, að sóknarprestar einir megi vera kjörprestar, og jeg held, að sama sje til tekið í hinum öðrum frumvörpum, sem hafa verið til meðferðar hjer áður á þingum; að minnsta kosti er í frumvarpinu frá 1879 svo að orði kveðið: «enda sje prestur sá skipaðnr yfir einhvern söfnuð»; enda getur það eigi dulizt, að það mundi valda óreglu, ef uppgjafaprestar færu að taka að sjer prestsstörf, eða ef prestar, sem eigi hefðu embætti einhverra orsaka vegna, færu að gjörast kjörprestar; gjöra má ráð fyrir, að svo muni geta að borið, ef lög ekki koma í veg fyrir það, og er það mjög óheppilegt. Líka hefur nefndin stungið upp á þeirri breytingu við 6. gr. frumvarpsins, að prestur, sem á að ferma þá menn, sem ekki hafa náð fermingu á 18 ára aldri, ráði vistarstað þeirra, en þó ekki fái þeim vist, nema í sínu prestakalli. Það hefur, ef til vill, átt sjer stað sú óregla, að tornæmir og ófermdir unglingar hafa verið látuir fara í annað prestakall langar leiðir burtu; þess konar óregla á ekki að eiga sjer stað, og kemur hún til leiðar vöntun á aðhaldi og eptirliti frá prestsins hlið. Nefndin hefur og stungið upp á, að nýrri grein sje bætt inn í frumvarpið; þessi grein miðar reyndar einungis til að taka það sjerstaklega fram, sem á að eiga sjer stað eptir núgildandi lögum og undir núgildandi kringumstæðum, að ef prófastur verður þess vís, að prestur hafi fermt, sem kjörprestur, barn úr öðru prestakalli, sem eigi hafi fært verið til fermingar, þá eigi hann að tilkynna það biskupi. Nefndin hjelt, að það ætti vel við, að taka þetta hjer sjerstaklega fram. Jeg skal svo ekki tala meira um aðgjörðir nefndarinnar, fyr en ef jeg heyri mótmæli fram koma. Jeg skal geta þess, að það eru prentvillur í nefndarálitinu, þar sem stendur: «Neðri deild», en á að vera: «Efri deild» og í

breytingartillögunum undir tölul. 2 á að vera «fáfræði» í staðinn fyrir «fáfræðis», sem mun vera miður rjett.

Ásgeir Einarsson: Mönnum kann nú að þykja, að jeg sje ekki fljótur að taka beituna. Frumvarp um leysing sóknarbands kom fyrst frá stjórninni, en ekki fjellst þinginu á það; svo fóru þingmenn sjálfir að koma með frumvörp í þessa átt, og skyldu menn halda, að þau mundu vera dálítið skárri en stjórnarinnar, en öll innihalda þau lítið frelsi. Þetta frumvarp, sem hjer liggur fyrir, bætir ekki úr skák; það á ógnarlega illa við, inniheldur misrjetti og hefur í tilbót lítið frelsi; en með þeim fáu orðum, sem nefndin vill bæta frumvarpið, þá hefur hún þó eiginlega alveg kippt fótunum undan þeim litla frelsisanda, sem var í því, þar sem hún vill breyta 1. gr. þannig, að sóknarprestar megi að eins vera kjörprestar. Ef þingið vill vera að káka við lög, þá á það að sjá svo um, að þau verði meira en að eins á pappírnum. Það er opt langt á milli presta, en nú skyldi vera uppgjafaprestur eða kapellán í brauðinu, er það þá nokkuð frelsi, að hann skuli ekki einu sinni mega skíra barn, taka til altaris, jarðsyngja eða þjónusta kerlingu, ef hann ekki er sóknarprestur? og því vil jeg benda til þess, að sú ákvörðun sje tekin úr, og frumvarpinu breytt að því skapi. Jeg tala ekki um prest, sem er óreglumaður og sem ef til vill þess vegna ætti heldur að láta vera að fást við prestsverk, en jeg tala um uppgjafaprest, sem kynni að geta messað einstaka dag í góðu veðri; það er nokkuð hart, að hann þá ekki skuli mega það, ef nokkuð frelsi á að vera í frumvarpinu, og jeg vil annaðhvort hafa frelsi eða ekki neitt; jeg kalla það ekki mikið, frelsi þó að manni t. a. m. norður á Horni sje leyft, að hann megi nota Vogsósaprestinn. Svo er og annað, sem hjer getur verið spursmál um, og það er það, að ef prestur er sóttur til að skíra barn úr einni sókn í aðra, þá er spursmál um, hvort hann má vera burtu úr sinni sókn; ef sóknarmenn gjalda honum full laun, þá eiga þeir heimting á að hafa hann, og vilja ef til vill ekki láta hann hlaupa frá sjer. Jeg vil gjarnan, að þetta frumvarp fái framgang, en það verður þá að vera svoleiðis lagað, að það nái í einhverja frelsisátt.

Magnús Stephensen: Það er að eins eitt atriði í breytingartillögum nefndarinnar við 1. gr., sem jeg vildi benda á; þar stendur: «Öllum húsráðendum og börnum þeirra, sem fermd eru og 18 vetra, sem og hverjum öðrum, sem fjár síns er ráðandi, skal heimilt að kjósa sjer o. s. frv.» Mjer skildist á framsögumanninum, að hann legði þá þýðing í orðin «fjár síns ráðandi», að það væru þeir, sem eru hálfmyndugir; en í lagamálinu er meint allt annað með því, og jeg skal í því tilliti skírskota til 17. gr. stjórnarskrárinnar, þar sem sagt er, að enginn geti átt kosningarrjett til alþingis, nema hann sje 25 ára og sje fjár síns ráðandi. Sá er ekki fjár síns ráðandi, sem hefur verið gjörður ómyndugur, ekki sá, er bú hans er þrotabú, eða hann er undir lögsókn (Retsforfølgning) samkv. L. 5—3—18, og það er víst ekki meining nefndarinnar að gjöra það að skilyrði fyrir því, að geta notið leysingarrjetts sóknarbandsins, að vera ekki í þessu ástandi, heldur sje það skilyrðið, að maðurinn sje 18 vetra, og «fjár síns ráðandi» sje að eins útlistun á því, það er að segja, að hann sje hálfmyndugur. Sje þetta meiningin, þá þarf nauðsynlega að gjöra breyting á þessu við 3. umræðu, því að svona má það eigi vera.

Framsögumaður: Viðvíkjandi því, sem hinn 4. konungkjörni þingmaður gat um, þá mun nefndin taka bendingar hans til greina á sínum tíma. Mjer virtist þingmaður Strandamanna ekki alveg dottinn úr sögunni með mótmæli gegn sóknarbandsleysingunni. Jeg vissi áður, að hann vildi heldur heilt en hálft; en það dugar ekki að heimta svo heilu kökuna, að vilja fá hana, hvort maður getur fengið hana eða ekki. Honum þótti það gífurleg takmörk á frelsi manna, að sóknarprestar einir mættu vera kjörprestar; hann vildi nota uppgjafapresta og kapellána, og líklega hefur hann viljað hafa

heimilisprest fyrir sjálfan sig, þó að hann gjörði það ekki uppskátt; þetta væri mikilvægur rjettur og gott fyrir þann mann, sem er svo efnum búinn, að hann getur haldið prest, sem getur sorgað fyrir sálu hans, eins og ef til vill heimamanna. Með tilliti til uppgjafaprestanna, þá gjöri jeg ráð fyrir, að þeir verði fáir til að eiga við preststörf, þegar þeir einu sinni eru hættir við þau. En þá eru kapellánarnir eptir, sem hann vildi nota, og jeg skal ekki bera á móti því, að það væri gott að fá þann rjett, að mega nota þá; en jeg efast um, að kapellániun megi takast nokkur prestleg störf í fang nema með leyfi húsbónda síns; þó að kapellániun væri ekki undanskilinn í frumvarpinu, þá væri því ekkert verulegt unnið við það, því að það hefði allt af þurft að fá leyfi höfuðprestsins, og ákvæði laganna munu ekki vera til fyrirstöðu því, að aðstoðarprestur með leyfi principalsins yrði kjörprestur, því að í raun og veru er kapellániun þá sama sem presturinn sjálfur. Jeg held, að þingmaður Strandamanna hafi um skör fram látið sjer vaxa í augum frelsisskort frumvarpsins.

Ásgeir Einarsson: Mjer þótti framsögumaður fara vægilega í að brjóta þá beinagrind, sem jeg var að reisa, en þar sem hann sagði, að kapellániun megi ekkert gjöra, nema sóknarpresturinn húsbóndi hans leyfi, eins segi jeg, að sóknarpresturinn ekki megi fara frá söfnuði sínum, nema söfnuðurinn leyfi honum það; það er sami rjettur, sem söfnuðurinn hefur gagnvart presti sínum, og presturinn hefur gagnvart kapellánunum, og þess vegna er það ekki samkvæmt sjálfu sjer, að leyfa ekki kapellánum að vera kjörprestar, þegar hann vanrækir ekki skyldur sínar. Þar sem framsögumaður var að tala um heimilisprest og sagði, að það væri ekki fyrir alla að halda hann, þá skal jeg segja honum það, að jeg hef vitað til, að kapellán hefur verið á annexíustað, og bóndinn hefur brúkað hann til þess að kenna börnum sínum; þegar svona á stendur, þá er hart, að kapellániun skuli aldrei mega gjöra neitt kjörprestsverk, að eins af því að hann er ekki sóknarprestur, en þó að hann að öðru leyti sje góður og gildur. Jeg segi fyrir mig, að jeg ætla mjer ekki að nota þetta frelsi, sem í frumvarpinu er, svo að mjer fyrir mitt leyti stendur á sama, hvort það lifir eða deyr; jeg ætla ekki að nota það, því að ef mjer líkar ekki við þann prest, sem yfir mig er settur, og jeg sje, að hann er bæði sjer og öðrum til hneykslis, þá er jeg ekki sú bleyða, að jeg þori ekki að kvarta við yfirvöldin, úr því að verið er að tala um frelsi á annað borð.

Pjetur Pjetursson: Framsögumaðurinn skýrði frá því, að aðstoðarprestur getur ekki verið kjörprestur nema því að eins, að húsbóndi hans gefi honum leyfi til þess. En jeg ætla að eins að geta þess, að eptir hjónabandstilskipuninni frá 7. des. 1827, þá er uppgjafaprestum bannað að gefa í hjónaband; það getur ekki nema þjónandi prestur gjört; ef því á að setja inn í þessi lög, að uppgjafaprestar megi vera kjörprestar, þá yrði annaðhvort að af nema þessa ákvörðun í tilskipuninni, eða hafa annan kjörprest til að gefa í hjónaband; en það held jeg að hlutaðeigendum þætti of umsvifamikið, og álít jeg því rjett og á góðum rökum byggt, sem nefndin hefur stungið upp á, að sóknarprestar einir megi vera kjörprestar.

Þá var gengið til atkvæða og var:

1. Breytingartillaga nefndarinnar við 1. gr. undir tölul. 1 samþykkt með 6 atkvæðum gegn 4.
   1. grein frumvarpsins þar við fallin.
2. 2. grein frumvarpsins samþykkt með 10 atkvæðum.
3. Viðaukatillaga nefndarinnar undir tölulið 2. samþykkt með 10 atkvæðum sem 3. gr.
4. 3. grein frumvarpsins (sem verður 4. gr.) samþykkt með 10 atkvæðum.
5. 4. grein frumvarpsins (sem verður 5. gr.) samþykkt með 10 atkvæðum.
6. 5. grein frumvarpsins (sem verður 6. gr.) samþykkt með 10 atkvæðum.

7. Breytingartillaga nefndarinnar við 6. gr. (nú 7. gr.) undir tölulið 3 a samþykkt með 10 atkvæðum.
8. Breytingartillaga nefndarinnar við 6. gr. (nú 7. gr.) undir tölulið 3 b og c samþykkt með 9 atkvæðum.
9. 6. grein frumvapsins (nú 7. gr.) með áorðnum breytingum samþykkt með 9 atkvæðum.
10. 7. grein frumvarpsins (nú 8. gr.) samþykkt með 10 atkvæðum.
11. 8. grein frumvarpsins (nú 9 gr.) samþykkt með 10 atkvæðum.
12. Viðaukatillaga nefndarinnar við 9. grein (nú 10. gr.) undir tölulið. 4 samþykkt með 10 atkvæðum.
13. 9. grein frumvarpsins (nú 10. gr.) með áorðnum breytingum samþykkt með 10 atkvæðum.
14. 10. grein. frumvarpsins (nú 11. gr.) samþykkt með 10 atkvæðum.
14. Málinu vísað til 3. umræðu í einu hljóði.

ÞRIÐJA UMRÆÐA Í EFRI DEILD,
á 23. fundi, 1. dag ágústmán.

Frumvarpið, eins og það var samþykkt við 2. umræðu, sjá I, 293—295.

Breytingartillaga
við frumvarp til laga um leysing á sóknarbandi.

Við 1. grein, í staðinn fyrir orðin: «og börnum þeirra — — fjár síns ráðandi» komi: «börnum þeirra og hverjum öðrum, sem fermdur er og 18 vetra.

Sighvatur Árnason. Ásgeir Eiuarsson.
Skúli Þorvarðarson.

Forseti: Það hefur komið breytingartillaga við frumvarp það, sem nú liggur fyrir til 3. umræðu, frá þremur háttvirtum þingmönnum, Sighvati Árnasyni, Ásgeiri Einarssyni og Skúla Þorvarðarsyni. En vegna þess, að þessari breytingartillögu var fyrst útbýtt nú á fundi, verð jeg að leita atkvæða hinna háttvirtu þingdeildarmanna um, hvort hún megi koma til greina nú við umræðuna.

Þingdeildarmenn samþykktu síðan í einu hljóði, að hin umrædda breytingartillaga mætti koma til umræðu.

Framsögumaður (*Benidikt Kristjánsson*): Jeg ætla, að nefndin hafi ekki neitt á móti breytingartillögu hinna þriggja þingmanna, sem nú er fram komin við 1. gr., því mjer skilst ekki betur, en að hún fari alveg í sömu stefnu sem 1. gr. nefndarinnar, enda mun breytingartillaga þessi fram komin af því, að einn lögfræðingur deildarinnar hreifði því, að orðatiltækin í 1. gr. nefndarinnar mundu eigi bera það með sjer í lagalegu tilliti, sem þau annars ættu að gjöra.

Sighvatur Árnason: Jeg þarf ekki að fara mörgum orðum um breytingartillögu mína og tveggja annara háttvirtra þingmanna, úr því þingdeildin hefur tekið henni svo mannúðlega, og leyft henni að komast að í dag. Jeg vona, að hin háttvirta deild sjái, á hverju breytingin er byggð. Oss þótti nefnilega orðatiltæki greinarinnar, «fjár síns ráðandi», koma í mótsögn við önnur lög í sambandi við frumvarpið. En af því jeg vona þessi tillaga fái framgang, skal jeg ekki fjölyrða meira um hana.

Forseti bar því næst breytingartillögu hinna þriggja þingmanna undir atkvæði, og var hún samþykkt með 10 atkvæðum. Frumvarpið þannig breytt var samþykkt í einu hljóði, og kvaðst forseti mundu senda það aptur forseta neðri deildarinnar, til þess að leggja það fyrir þá deild, sökum breytinga þeirra, er á því höfðu orðið.

EIN UMRÆÐA Í NEÐRI DEILD,
á 37. fundi, 8. dag ágústmánaðar.

Frumvarpið, eins og það var samþykkt við 3. umræðu í efri deild, sjá I, 321—322.

Flutningsmaður (*Arnljótur Ólafsson*): Frumvarp þetta er frá neðri deildinni með fyrstu, og var sent þaðan til

efri deildar. Nú er það komið frá efri deildinni aptur í nokkuð annari mynd. Breytingarnar eru helzt viðvíkjandi 1. og 7. grein, og svo hefur verið bætt inn í nýrri grein, sem nú er 3. grein. Jeg finn ekki ástæðu til að hafa móti neinni af þessum breytingum nema við 7. gr. Breyting á 1. gr. er meira í orði en á borði, að undanteknu aldurstakmarkinu, sem líka er getið um í 7. grein. Þessi nýja 3. grein þykir mjer eiga vel við, og hef jeg ekkert að athuga við hana, þótt jeg álíti hana fremur til fegurðar og prýði, en til þess fallna, að hún komi til framkvæmdar hjer á landi. En aptur er jeg talsvert á móti 18 ára aldrinum, þó jeg vilji ekki, að fyrir þá sök sje hafnað frumvarpinu. 18 ára aldurinn, sem aldurstakmark til að ráða vistarfari sínu, ríður í bága við 1. gr. í lögum 26. janúar 1866 um vinnuhjú, er leyfir 16 ára manni að ráða sig hjú, hvort fermdur er eða ófermdur, en þó með ráði sóknarprests síns, sje hann ófermdur. En 7. gr. þessa frumvarps virðist eigi gefa honum leyfi til þessa, nema hann sje 18 ára, þótt hann hafi samþykki sóknarprestsins. Ef nú unglingur þarf að fá leyfi sóknarprests, þar til hann er 18 ára, þá útilykur það þann lögrjett, er hann hafði áður þar til, er hann var 16 ára. Hjer virðist því að vera lagabreyting, að minnsta kosti í orði, en eigi á borði, að ætlun minni, því ef nú unglingur 16 ára fær leyfi sóknarprestsins, samkvæmt hjúalögunum til vistarráða, þá held jeg, að slíkt leyfi standi óhaggað enn sem áður, þótt frumvarp þetta verði að lögum. Þótt svona sje nú varið frumvarpinu, þá vil jeg ráða til að samþykkja það, og jeg hika ekki við, að gefa því atkvæði mitt. Engir stórgallar eru á því, en það hefur marga kosti í för með sjer, er allir komu frá neðri deild.

Eiríkur Kúld: Jeg get fyrst nú sætt mig við frumvarpið, og gef því atkvæði mitt vegna breytinga þeirra, er það hefur fengið í efri deildinni. Mjer þykir meira varið í 3. grein, en þingmanni Eyfirðinga fórust orð um. Hann sagði, að hún væri meira til fegurðar, en jeg ætla hana mjög nauðsynlega og þýðingarmikla vegna barnauppfræðingarinnar, þó jeg ekki óski, að hún þurfi að koma opt til framkvæmda. Jeg get ekki gjört eins mikið úr breytingunni á 7. gr., og hann gjörði. Þegar barnið eða maðurinn er ófermdur 18 ára að aldri, þá er eins mikil þörf á eptirliti prestsins á því, að það sje góður kennslustaður, sem hann fer í, eins og þegar hann er 16 ára, og því finnst mjer miklu heppilegar til tekið, að samistaðurinn sje í sömu sókn og prestsins. Þegar frumvarpið er þannig, þá get jeg gefið því atkvæði mitt.

Flutningsmaður: Það er ein athugasemd, sem jeg vildi einkum beina að hinum háttvirta þingmanni Barðstrendinga. Þessi athugasemd er fólgin í 1. og 7. gr., þar sem svo mikil áherzla er lögð á ferminguna. Mjer er nú spurn, hvort eigi sje lagt of mikið í ferminguna. Auðsætt er, að þeim mun meira sem lagt er í ferminguna, því minna verður úr skírninni. Mig furðar á, að þingmaður Barðstrendinga skuli vilja á þennan hátt rýra skírnina, því hún er rýrð með því, að gjöra frávik frá gildandi lögum í þá stefnu, að enginn megi ráða vist sinni, nema fermdur sje. Nú eru það lög í landi, að enginn megi lengur ófermdur vera en til fullra 18 ára, því þá er gjört ráð fyrir, að hann sje ekki fær til þess, sje fábjáni eða þess konar. 7. grein kveður svo á, að svo lengi sem unglingur er ófermdur, megi hann ekki ráða vist sinni; hann er gjör ófrjáls maður, einskis ráðandi, meðan hann er ófermdur. Það dugar ekki hót, að haun sje fyrir löngu skírður. Það er þessi athugasemd, er jeg vildi beina að hinum háttvirta þingmanni Barðstrendinga, að hann megi vara sig á, að mæla svo fast með þessu 18 ára aldursmarki, vegna rýringar á skírninni.

Eiríkur Kúld: Jeg skal ekki fara að þrátta við þingmann Eyfirðinga um skilning á skírn og fermingu. Honum hlýtur að

liggja það ljóst fyrir eptir stöðu hans, en undarlegt væri það, ef binda ætti vistarráðin við skírnina, svo að undir eins og barnið fer að tala, þá mætti það ráða sig í vist, fyrst það er skírt. Það kæmi þó nokkuð skrítilega fyrir. Jeg held því, að þessi skilningur þingmannsins sje ekki á góðum rökum byggður.

Jón Ólafsson: Jeg verð að taka það fram, að jeg get ekki gefið 2 greinum í frumvarpinu atkvæði mitt, af því að þær eru gagnstæðar gamalli meginreglu í íslenzkum lögum. Sextán ára aldurinn er frá Jónsbókar-tíð persónulegs myndugleika aldur, og er þessu enn haldið í yngri lögum, jeg meina hjúalögin, sem leyfa manni að vista sig 16 ára. En jeg vil taka annað fram: úr því jeg eptir núgildandi lögum um persónulegan myndugleika hef rjett, sem enginn getur meinað mjer að nota, til að stíga miklu stærra stig, en að kjósa mjer kjörprest innan ríkiskirkjunnar. Úr því jeg er 16 ára, mun enginn geta meinað mjer samkvæmt stjórnarskránni, að segja mig *alveg út úr* þjóðkirkjunni. Það er sjálfu sjer ósamkvæmt, að synja 16 ára manni um þann hinn minni rjett, þar sem stjórnarskráin hefur veitt honum annan yfirgripsmeiri rjett. Jeg skal taka aðra ósamkvæmni fram: samkvæmt hjúalögunum má jeg nú ráða mig í vist, úr því jeg er 16 ára, og get jeg notað það til þess, að ráða mig í vist yfir í sókn þess prests, er jeg vil hafa. Þannig kemur hjer fram bersýnileg ósamkvæmni við það, sem gildir í öðrum lögum. 3. grein er gagnslaus og þýðingarlaus, en hún er jafnframt meinlaus, og skal jeg því ekki amast við henni.

Síðan var gengið til atkvæða, og var frumvarpið í heild sinni samþykkt með 15 atkvæðum gegn 1, og kvaðst forseti nú mundu senda það landshöfðingja sem lög frá alþingi.

XVII.

Lækningar ólærðra manna.

Frumvarp til laga um lækningar þeirra, sem eigi hafa tekið próf í læknisfræði. Frá hinum 3. konungkjörna þingmanni. Frumvarpið er prentað í fyrri parti alþingistíðindanna, bls. 50.

FYRSTA UMRÆÐA Í EFRI DEILD,
á 6. fundi, 12. dag júlímánaðar.

Flutningsmaður (*Jón Pjetursson*): Jeg þykist ekki þurfa að mæla fram með frumvarpi þessu. Þau lög, sem nú gilda hjer á landi um hina svo kölluðu skottulækna, eru ekki eðlileg og eiga ekki við eptir því, sem til hagar hjer. Það er og almennt álit manna á meðal og á góðri skynsemi byggt, að sú þvingun á frelsi manna, sem hingað til hefur verið hjer á landi, hvað lækningar snertir, eigi að upphefjast. Jeg skal svo ekki fara fleirum orðum um frumvarpið að sinni, en vona, að þingmenn gjöra góðan róm að því.

Sigurður Melsteð: Jeg verð að taka undir með hinum heiðraða flutningsmanni,

3. konungkjörna þingmanni, og mæla með frumvarpi þessu, og legg það til, að við enda umræðu þessarar verði sett 3 manna nefnd í málið.

Ásgeir Einarsson: Jeg fyrir mitt leyti mæli ekki með því, að nefnd verði sett í þetta mál; jeg skil ekki, að nefnd geti í nokkru bætt frumvarpið, eins og það liggur hjer fyrir. Jeg hef tillögur frá mínum kjósendum um frelsi í þess háttar lækningum, og fara þær alveg í sömu átt, eins og þetta frumvarp. Jeg get heldur ekki sjeð, að lög um um þetta mál geti verið ljósari eða einfaldari en þetta, og vil því helzt ekkert láta breyta því. Jeg skil ekki í, hvers vegna menn vilja láta vera að setja nefnd í svona lítið mál, og einkum þegar það er augljóst, að nefnd getur ekkert bætt það. Jeg fyrir mitt leyti er þess vegna hreinlega á móti nefnd.

Landshöfðingi: Jeg er flutningsmanninum samdóma í því, að æskilegt sje, að breyta ákvörðunum þeim, sem nú gilda hjer á landi um skottulækna, en það er hið mesta vandamál, að gjöra þetta svo, að vel fari, svo að lífi manna sje ekki hætta búin. Að vísu er í frumvarpinu tekið fram eitt verulegt atriði í þessu efni, nefnilega það, hvort lækningatilraunir þeirra manna, er ekki hafa tekið próf, hafa gjört skaða eða ekki; þetta atriði er verulegt og nauðsynlegt, þegar ákveða skal hegningu fyrir skottulækningar; en hitt er ekki miður nauðsynlegt, að ákveða skýrt, hvernig skuli skera úr spurningunni, hvort læknarnir hafi gjört skaða eða ekki. Í frumvarpinu er þetta ekki tekið fram, og er það því alveg ónógt í þessu efni og jafnvel óaðgengilegt. Þar að auki ber og að taka tillit til þess, ef læknirinn tekur sjúkling á heimili sitt, hvort hann tekur borgun fyrir lækningar sínar, hvort hann yfir höfuð telji mönnum trú um, að hann hafi vit á lækningum; reyndar er bent til þessa í 2. gr. frumvarpsins, en samt er hún mjög óljós og ónóg, einkum að því er snertir orðin: «þykist maður hafa tekið próf í læknisfræði, án þess þó að hafa gjört það»; greinin sker ekki úr, hvenær þessi orð eiga við. Jeg leyfi mjer að taka það upp aptur, að það er mesta vandamál, að semja frumvarp um þetta efni, og það hefur heldur ekki heppnazt hinum háttvirta flutningsmanni, þó að hann sje hinn lögfróðasti maður landsins, og jeg er í efa um, að þetta muni nokkru sinni takast, nema því að eins, að þar til sje leitað ráða læknisfróðra manna.

Sighvatur Árnason: Jeg verð að taka undir með þingmanni Strandasýslu og álíta frumvarp þetta í alla staði gott. Mjer finnst að frumvarpið taki í þann strenginn, sem að öllu er liðlegri og hitti eðlilegri og rjettari veg, en farinn var í hitt eð fyrra. Væru skottulækningar bannaðar með lögum, þá er það mjög svo ófrjálst, og jeg vil segja óhafandi; reynslan hefur sýnt, að það hefur ekki haft mikið upp á sig, þó að menn hafi verið að elta þessa konar lækningar með ákærum og málaferlum; hinir fara sínu fram eptir sem áður, enda virðist það ótilhlýðileg aðferð, að ákæra menn, án þess þeir gjöri skaða, hvað þá ef reynslan sýnir hið gagnstæða. Reynslan hefur sýnt, að þeir einir fást við lækningar, sem af reynslu annara sýna, að þeir geta hjálpað og gjört öðrum gagn, og er ógjörandi að hindra slíkt; hinna, sem til einskis eru nýtir og ekkert gagn er að í lækningum, er ekki leitað. Af þessum ástæðum legg jeg það til, að frumvarpið gangi fram óbreytt í þeirri mynd, sem það nú liggur fyrir í.

Ásgeir Einarsson: Það er ekki hægt að fá tryggingu fyrir menntun þessara manna, sem geti gjört ábyrgð fyrir þekkingu þeirra; því að hjer á landi er enginn skóli og engin stofnun, þar sem hægt sje að prófa homöopatha; þeir verða þá að gjöra svo vel að fara til útlanda með ærnum kostnaði og fá

próf þar. Jeg get ekki neitað því, að mjer þykir heldur hart gengið að þessum ólærðu læknum, ef þeim er bannað að lækna, og þeir dregnir fyrir lög og dóm, þegar þeir af sannkristilegum mannkærleika hjálpa sínum nauðstadda náunga; en þó að þessir svo kölluðu lærðu læknar, sem sumir hverjir víst eru ekki lærðir nema að nafninu, já, þó að þeir skaðskemmi menn og spilli með káki sínu, þá eru þeir látnir ganga sjálfala; enginn þorir eða vill ljúka upp munni sínum gegn þeim, og af þeim er engin ábyrgð heimtuð; en af smáskamta-læknunum er ábyrgð heimtuð, og ef þeir lina þjáningar eins meðbróður síns, þá er það álitin sem synd á móti heilögum anda, ef jeg má svo að orði kveða.

Stefán Eiríksson: Mjer finnst alls ekki þurfa að setja nefnd í þetta mál; frumvarpið er ofur-einfalt og yfir höfuð aðgengilegt, svo að jeg ímynda mjer, að nefnd þurfi ekki að koma til greina. Eins og landshöfðingi tók fram, getur stundum orðið bágt að komast eptir, hvort hlutaðeigandi skottulæknir hafi gjört skaða eða ekki, en samt ætti það að vera auðvelt að taka manninn fyrir, undireins og það fer að kvisast, að hann hafi gjört skaða með lækningum sínum. Jeg vil nú ekki fara langt út í þetta mál fyrst um sinn, en að eins geta þess, að hinir svo kölluðu skottulæknar hafa gjört mörgum manni gagn í fjærveru lækna, og eptir allar þessar ofsóknir, sem allopatha- skottulæknar og smáskamtalæknar á þessum síðustu og verstu tímum hafa orðið fyrir, er víst engin vanþörf á, að einhverjar gildandi ákvarðanir sjeu teknar.

Pjetur Pjetursson: Jeg veit, að uppástungumanninum, hinum háttvirta 3. konungkjörna þingmanni, hefur gengið allt gott til að koma fram með frumvarp þetta; jeg veit og, að sá andi er hjer kominn inn, að leyfa skottulæknum að lækna að ósekju. En jeg er hræddur um, að það gangi eins seint og verði eins örðugt að sanna, að skottulæknar gjöri skaða með lækningum sínum, eins og um allopatha. Að mínu áliti er heldur ekki mesti skaðinn, sem skottulæknar gjöra, fólginn í því, að þeir við hafa röng og jafnvel hættuleg meðul, heldur fremur í því, að þeir koma í veg fyrir, að menn í tæka tíð leita hins reglulega læknis. Þó að jeg hafi ekki mikla trú á smáskamtalæknum, gjöri jeg þó mikinn mun á þeim og öðrum skottulækuum; smáskamtalæknum heppnast opt vel, og þeir gjöra miklu minni skaða; en það virðist ísjárvert, að þeir menn fáist við lækningar, sem alveg eru ómenntaðir og ekki þekkja þau meðul, sem þeir hafa um hönd, eða verkanir þeirra, og ekkert skynbragð bera á bygging mannlegs líkama. Það er vonandi, að þetta gjöri ekki nema ráðvandir menn og þeir, sem nokkurn veginn eru upplýstir; en þó að þetta sje siðferðisleg sannfæring mín, þá er þó engin vissa fyrir þessu, þegar ekkert próf er um menntun þeirra. Yfir höfuð að tala finnst mjer mjög ísjárvert að löggilda skottulækningar, eins og gjört er með frumvarpi þessu; það er annað mál, þó að maður líði þær og þoli þegjandi, meðan eigi er skaði að þeim. Af þessum ástæðum get jeg ekki gefið atkvæði mitt með frumvarpi þessu, eins og það liggur fyrir.

Flutningsmaður: Hinn hæstvirti landshöfðingi sagði, að ákvörðunin í 1. gr.: «nema það fullsannist, að hann með þeim hafi gjört einhverjum skaða» sje svo ótiltekin, að frumvarpið sje ónógt eða jafnvel ónýtt fyrir það, en maður getur eigi dæmt menn til hegningar fyrir, nema því að eins að full lagasönnun sje fyrir því; menn mega ekki dæma til hegningar eptir líkum; þegar eitthvað er fullsannað, þá er eðlilegt að hegna, en meðan ekkert er sannað, er eðlilegt að hegna ekki; þó að skottulæknarnir taki borgun, þá er það ekki óeðlilegt, þegar þeir mega lækna; það er og aðgætandi, að þeir þurfa opt að

ferðast eins og aðrir læknar, og það á þeim tíma, þegar þeir geta verið sjálfum sjer nytsamir; þeir þurfa og að kanpa meðul og fleira því um líkt. Það stendur í 2. gr.: «þykist maður hafa tekið próf í læknisfræði, án þess þó að hafa gjört það»; skottulæknirinn þarf ekki að segja, að hann hafi vit á lækningum, heldur sjá það aðrir, aðrir fá þá meiningu um hann; en ef hann skrökvar og segist hafa tekið próf, án þess að hafa gjört það, þá er það hegningarvert, því með því ginnir hann menn. Annars mun það tilfelli sjaldan koma hjer fyrir, að nokkur maður segist hafa tekið próf, án þess að hafa gjört það; en það getur vel komið fyrir, að einhver útlendingur komi hjer til lands, sem segist hafa tekið próf, og getur með því fengið marga til sín og ginnt þá frá að leita reglulegs læknis, og þá er 2. gr. frumvarpsins ekki þýðingarlaus. Hinn 1. konungkjörni þingmaður hafði það helzt á móti skottulæknunum, að menn vitjuðu ekki í tíma hins reglulega læknis; en hjer er opt ómögulegt að ná í hinn reglulega lækni í tíma, og þá er nauðsynlegt, að einhver hjálpi; á þá að gjöra menn ómynduga yfir heilbrigði þeirra? Það er ófært, að fá ekki að leita þess, sem maður vill; það kemur opt fyrir, að maður fótbrotnar, eða gengur úr liði, og ómögulegt að ná í lækni; það væri þá óeðlilegt í alla staði, að banna manni að binda um, sem getur það eða kippa í liðinn. Jeg er nú ekki svo vel að mjer í læknisfræðinni, að jeg viti, hvort homöopathiskir skottulæknar eru betri en hinir allopathisku; en jeg veit þó af mörgum allopathiskum skottulæknum, sem hafa verið mjög heppnir; jeg skal taka til Hallgrím Jónsson, er átti heima norður í Skagafirði; hann gjörði «óperatíónir», sem lærður læknir gekk frá; og einu sinni hafði merkur maður í Skagafirði hálsmein, sem reglulegi læknirinn ekkert gat átt við; skottulæknirinn spurði lækninn þá, hvort hann mætti reyna að hjálpa manninum, og leyfði læknirinn honum það, en sagði þó, að hann mundi ekki gjöra mikið gagn, því að hann áleit manninn dauðans mat; en Hallgrímur opnaði barkann á manninum, ljet þar inn pípu til að anda með og skar svo meinsemdina burtu; svo batnaði manninum, og má sjá af þessu, að hjer gat skottulæknirinn þó hjálpað, þar sem hinn lærði læknir var genginn frá. Þessi sami maður hafði og stungið á 13 sullaveikum, og hafði enginn þeirra dáið.

Því næst bar forseti upp til atkvæða, hvort nefnd skyldi kjósa í málið, en það var fellt með 8 atkvæðum gegn 2; en samþykkt með 10 atkvæðum að láta frumvarpið ganga til 2. umræðu.

ÖNNUR UMRÆÐA Í EFRI DEILD,
á 8. fundi, 14. dag júlímánaðar.

Sigurður Melsteð: Mjer virðist frumvarp þetta fara fram á það, að leysa óeðlileg bönd, sem verið hafa frá eldri lögum, og er það í því tilliti rjettarbót. Jeg verð því að hallast að frumvarpinu, því mjer hefur ávallt fundizt og finnst vera óeðlilegt, að leggja föst bönd á persónulegt frelsi manna í lækningum; mjer finnst það óeðlilegt að banna mönnum stranglega að leita þess læknis, sem menn vilja, þó að ólærður sje, og einkum finnst mjer, að þetta eigi ekki við á voru landi. Þó að læknaskipunarmálið sje komið í betra horf nú, en það var áður, þá er þó aðgætandi, að mörg af læknahjeruðunum á landinu eru svo ummálsmikil, að það er opt nær því ómögulegt að ná í lærðan lækni; þá er sannarlega hart að banna manni að leita sjer hjálpar hjá þeim, sem maður nær til, og sem maður ber hið bezta traust til. Annað tilfelli getur og komið fyrir; svo getur staðið á, að lærði læknirinn hafi haft einhvern sjúkling til lækninga og hafi gefizt upp við hann; er þá ekki hart að meina sjúklingnum að leita til hins ólærða læknis, sem hann hefur traust á? «Frekur er hver

til fjörsins», og því get jeg ekki láð neinum, þó að hann leiti þar hjálparinnar, sem hann hefur hjálparvon. Vegna þessa get jeg ekki annað sjeð, en að frumvarp þetta, sem hjer liggur fyrir, miði til þess, að af nema hin óeðlilegu bönd, sem hingað til hafa of mjög gripið inn í persónuleg rjettindi manna. Menn kunna, ef til vill, að vera hræddir um, að frumvarp þetta muni gefa tilefni til að fjölga skottulæknum, en það er jeg ekki svo hræddur um. Það er auðvitað, að þetta frelsi má ekki vera tryggingarlaust, en að eptirlit er nauðsynlegt, að lækning ólærðra lækna gjöri ekki skaða; en mjer virðist, að í frumvarpinu hafi hinn heiðraði flutningsmaður einmitt sett þessa tryggingu, með því að ákveða hegningu. Jeg held, að bannið, sem hjer hefur verið á undan, hafi einmitt orðið til þess, að æsa fýst manna til að brjóta á móti lögunum. Af þessum ástæðum, sem jeg hef tekið fram, verð jeg að vera hlynntur þessu frumvarpi.

Landshöfðingi: Við fyrstu umræðu þessa máls, tók jeg fram þá anomarka á frumvarpinu, sem gjörðu það, að frumvarpið í mínum augum er óaðgengilegt í því formi, sem það nú er. Þar eð flutningsmaður eða aðrir heiðraðir þingmenn ekki hafa fundið ástæðu til að taka athugasemdir mínar til greina, og gjöra breytingaruppástungur í þá átt, þá gef jeg ekki um að taka þær upp aptur, því það verður að eins til tímaspillis, en leyfi mjer að eins að skírskota til þeirra. Jeg vil þó bæta því við, að þar sem jeg fann 1. greinina óljósa og ónóga, þá hefur það sjálfsagt aldrei dottið mjer í hug, að það væri annmarki á þessari grein, að hún heimti fulla sönnun fyrir lagabrot það, er hún getur um, því það er vitaskuld, að sjerhvert lagaboð verður að innihalda ákvarðanir um sannanir fyrir brotinu, þegar hegna á, og það er undarlegur misskilningur af flutningsmanninum, að hann skyldi misskilja orð mín á þann hátt, sem hann gjörði; það er ekki örðugt að setja þessa ákvörðun inn í frumvarpið, en það mætti heldur segja, að það mætti alveg sleppa henni, af því að hún er sjálfsögð; en jeg tók einmitt fram, að það yrði að setja ákvörðun um það í frumvarpið, hvernig eigi að skera úr því, hvort skottulæknirinn í raun og veru hafi gjört skaða, og jeg leyfi mjer að efast um, að flutningsmanni og öðrum dómurum landsins veiti hægt að skera úr þessari spurningu eptir þessu frumfrumvarpi. Það er einmitt þetta atriði: hvernig á að skera úr, hvort skottulæknirinn hafi í raun og veru gjört skaða? Það er þetta atriði, segi jeg, sem nauðsynlegt er að gjöra ákvörðun um, og úr þessu verður ekki leyst nema með aðstoð gagnkunnugra, það er að segja læknisfróðra manna. Um ákvörðunina í 1. gr.: «er þó eigi skal hærri vera, en 60 kr.», má nærri geta þess, að hinn háttvirti flutningsmaður hefur ímyndað sjer, að maður með lækningatilraunum sínum, án þess að brotið heyri undir hin almennu hegningarlög, ekki geti gjört neinum manni stórskaða; en reynslan hefur sannað og mun sanna hið gagnstæða. Eptir skýringum flutningsmannsins á 2. gr. frumvarpsins, þá á hún einungis við þá menn, sem með berum orðum lýsa því yfir, að þeir hafi tekið próf, án þess þeir hafi gjört það. Jeg er samdóma flutningsmanninum í því, að þetta muni sjaldan eða aldrei koma fyrir, en þá er greinin líka þýðingarlaus. Jeg gat þess við 1. umræðu, að hún ætti ekki að vera alveg þýðingarlaus, og því er nauðsynlegt, að hún innihaldi ákvörðun um, hvernig að skal fara, ef skottulæknir telur mönnum trú um, að hann sje læknir, án þess hann með berum orðum segi, að hann sje læknir, og svíkur þannig aðra. Jeg er annars málinu yfir höfuð mjög hlynntur, og því óska jeg, að frumvarpið verði svo úr garði gjört, að mögulegt sje að samþykkja það sem lög.

Skúli Þorvarðarson: Jeg er alveg samþykkur hugsun hins háttvirta flutningsmanns að því leyti, að ekki sje þörf á að ofsækja skottulæknana, sem með hinni mestu samvizkusemi leitast við að lækna sjúka, og sem opt, að því er jeg þekki, hafa komið að góðu gagni. Það er og aðgæt-

andi, að það kemur opt fyrir, að ómögulegt er að ná í lærðan lækni, einkum á vetrum, bæði vegna vegalengdar, vatnsfalla og ýmissa annara torfærna. Jeg vil því ekki láta leggja skottulæknana í einelti með lögsóknum og öðrum ofsóknum; öll hjálp, bæði í þessu sem öðru, á að vera sem frjálsust og í hvers einstaks manns vald sett. Jeg veit líka, að margir fátæklingar eru svo fjelausir, að þá skortir efni til þess, að sækja dýran lækni langar leiðir, og verða þess vegna opt án læknishjálpar, þó að þeir þurfi hennar með. Þar að auki finnst mjer sú aðferð fara í bága við kristindómskenninguna, að banna manni að lina þjáningar náungans. En jeg er vel ánægður með áhyrgð þá, sem frumvarpið leggur skottulæknum á herðar, og er rjett að refsa þeim með ríflegum sektum, ef þeir brúka óvarfærni í lækningum og misbrúka þannig traust það, sem á þeim er haft.

Árni Thorsteinson: Jeg er samdóma hinum heiðraða flutningsmanni og þeim þingmönnum öðrum, sem hafa mælt með þessu málefni í því, að það sje mjög mikil þörf á því, að gjöra enda á ásigkomulagi því, sem hingað til hefur verið í þessu efni, og að koma eptirleiðis í veg fyrir þann vafasama skilning á lögunum, sem álitið hefur verið að væru gildandi í þessu máli. Jeg ætla að leyfa mjer að fara nokkrum orðum um frumvarpið sjálft. Yfir höfuð að tala get jeg sagt, að það sje svo tryggjandi, sem hægt er, og að mestu lýtalaust, þó í því sje heldur stuttlega farið yfir efni það, sem um er að ræða; en það eru nokkrar athugasemdir, sem jeg vil gjöra við frumvarpið. Það er þá fyrst 2. gr.; jeg sje enga ástæðu til, að henni sje haldið; þegar maður gefur sig út fyrir annað en það, sem hann er, í störfum sínum, og með því blekkir menn eða dregur á tálar, þá eru það hrein og bein svik; hann verður sekur um svik og honum verður hegnt eptir hegningarlögunum; eins er þó að um lækni sje að ræða; ef einhver maður segist vera læknir, en er það ekki, þá svíkur hann aðra, er tælast til þess að sýna honum traust, og honum má hegna eptir hegningarlögunum. Af þessu er jeg á móti 2. gr., og vil helzt, að henni sje sleppt; frumvarpið tapar heldur engu við það; mjer finnst það eins gott eptir sem áður. Byrjun 1. gr.: «Eigi varðar manni við lög, þótt hann o. s. frv». finnst mjer ekki nákvæmlega orðuð. Eptir eldri löggjöf, sem hefur verið við höfð hjer á landi, þá er stjórninni gefin heimild til að veita mönnum í *einstökum tilfellum* lækningaleyfi, þó að þeir eigi hafi tekið lækningapróf; en dæmi eru til, að lækningaleyfi hefur verið gefið, ekki að eins einstökum manni í einstökum sjúkdómi, heldur almennt. Jeg kynni því betur við að byrja greinina með einhverjum öðrum orðum, t. a. m.: «Eigi varðar manni um almenn lög, þótt hann eigi hafi rjett til að fara með lækningar o. s. fr.». Sumir kalla ef til vill þessi lög skottulækningalög, en þau eru ekki beinlínis skottulækningalög; það er ekki annað en lagfæring á því, sem nú er og hefur verið, svo að hver sá, sem getur, hjálpi og hafi heimild til þess. Þess vegna kann jeg ekki vel við orðin: «fáist við lækningar»; það líkist því, sem torskildast er í hinu gamla lagaboði: «gefur sig af með læknisiðn»; jeg kynni því betur við að orða þetta á þá leið: «veita öðrum lækningaraðstoð» eða því líkt. Það hefur verið sagt, að ekki sje gott að segja, hvort maður með lækningum sínum gjöri skaða eða ekki; jeg skal játa það, að það er í mörgum tilfellum ómögulegt að dæma um það; en fyrst maður hefur ekkert annað betra að halda sjer við, þá er ekki hægt við það að eiga; það verður að vera svo; mjer finnst það ekki fæla mig frá að fallast á frumvarp þetta, þó að það geti komið fyrir, að ekki sje hægt að sanna, hvort maðurinn hafi gjört skaða eða ekki. Allmargir glæpir og afbrot eru framin með leynd, og lögin geta eigi hegnt öðru en því, sem verður uppvíst Hjer er því ekki ver á vegi en í mörgum öðrum tilfellum. Ákvörðunin: «er þó eigi skal hærri vera en

60 kr.», gæti, ef til vill, sumum fundizt of lág, en það má gjöra hana hærri með breytingaratkvæðum, jafnvel ákveða einfalt fangelsi. Jeg skal svo ekki fara fleirum orðum um málið, en að eins geta þess, að þessar athugasemdir eru til þess gjörðar, að gefa flutningsmanninum bendingu um skoðun mína, svo að hann, með því að taka þær til greina, geti sem bezt náð mínu atkvæði.

Benidikt Kristjánsson: Það hafa komið fram ýmsar athugasemdir, bæði frá hinum hæstvirta landshöfðingja og hinum 5. konungkjörna þingmanni, einkum að því er snertir orðfærið. Hinum 5. konungkjörna þingmanni þóttu orðin: «fáist við lækningar», of auðvirðileg fyrir lækna. (*Árni Thorsteinson:* Nei). Eptir eðlilegri málsbrúkun er það orðatiltæki rjett, og eptir mínu áliti ekkert auðvirðilegt. Landshöfðingi virtist mjer vilja láta nema burt orðið: «fullsannað» (*Landshöfðingi:* Nei), og mjer virtist gefa í skyn, að dæma mætti menn til hegningar, án þess fullsannað væri. (*Landshöfðingi*: Misskilningur!) Ef svo er, þá er rjettarfari voru öðruvísi háttað en jeg ætla vera ber. Jeg álít, að það sje ekki sæmandi vorum tíma, að líða lengur tilskipunina frá 5. sept. 1794, þegar galdratrú var drottnandi, og menn þóttust geta læknað með göldrum og kynjaráðum; þess konar lög mega ekki líðast á vorum tímum, sem með sanni geta kallazt tími upplýsingarinnar, í samanburði við seinni hlut 18. aldar. Samkvæmt mannlegum rjetti og lögum er enginn sjúklingur skyldur til að leita sjer læknishjálpar, ef hann er sjúkur; ef hann hefur þennan rjett, þá get jeg ekki skilið annað, en að ólöglegt sje og á móti mannrjetti að segja: «Þú verður annaðhvort að fá hjálpina þarna eða hvergi». Menn verða og að gá að því, að til þess að geta hjálpað er ekki lærdómur einhlítur; náttúrugáfur gjöra opt meir að verkum en lærdómur. Þeir munu verða helzt til að lækna, sem af náttúrunni eru læknar, sem finna köllun hjá sjer til þess. Það er nær því óskiljanlegt, hversu opin augu sumra manna eru fyrir því sanna í einstökum greinum, sem þeir hafa köllun til, og enginn lærdómur getur vegið á móti slíkum náttúrugáfum, enda fylgir þeim áhugi og námfýsi. Margir af þeim homöopöthum, sem jeg þekki, eru lærðir læknar, þó að þeir sjeu ólærðir kallaðir; þeir hafa eigi að eins töluverða þekkingu, heldur einnig það, sem ekki er minna í varið, þeir leggja mikla alúð við lækningar; þeir ráðfæra sig vandlega við lækningabækur frægra lækna, og þar á meðal þeirra, sem lært hafa og stundað stórskamtalækningar; þeir grennslast eptir hinum huldu frumrótum sjúkdómsins, svo sem, hvort sjúklingurinn hafi áður haft nokkurn sjúkdóm innvortis eða útvortis, sem þeir geti ætlað að standi í nokkru sambandi við hinn núverandi sjúkdóm. Jeg skal ekki fara mörgum orðum um 2. gr. frumvarpsins; hún er ef til vill óþörf, ef brotið heyrir undir hegningarlögin; greinin er í öllu falli meinlaus, og jeg ímynda mjer, að það sje betra, að hún standi, til þess að hún verði mönnum minnisstæðari. Jeg læt ótalað um fjársektirnar; jeg þekki ekki inn á það, hvernig þeim verði hæfilegast skipað; en ef brot mannsins heyrir ekki undir hegningarlögin, þá er það ekki mjög saknæmt; það ber og að líta á það, þegar sektirnar skal ákveða, að hjer er að ræða um embættislausa menn, sem engin laun fá, en eiga ef til vill við fátækt að búa og leggja ef til vill búsýslu sína í sölurnar fyrir lækningar. Jeg hef heyrt, að viðmiðunin við próf ætti ekki við; það getur vel verið, ef um stórskamtalækna eina væri að ræða, að þá væri rjettara að miða við læknisleyfi; en eins og hjer á landi er ástatt, þá getur ekki verið að tala um læknisleyfi, að því er til samveikislækna kemur; allópathar hafa víst ekki sett sig svo inn í homöopathíuna, að þeir sjeu færir um að skera úr, hvort homöopatinn sje fær til lækninga eða eigi, og meðan þessi þjóst-

ur er á milli allópatha og homöopatha, álít jeg allópathana ekki vel fallna til að veita þetta leyfi.

Landshöfðingi: Jeg ætla að eins að geta þess, að það var misskilningur flutningsmannsins við 1. umræðu, að jeg hefði sagt, að ónauðsynlegt væri, að fullsanna þyrfti, að maðurinn hefði gjört skaða. Mjer þykir það líka undarlegt, að þingmaður Norður-Þingeyinga skuli einnig hafa misskilið mig; jeg þykist ekki hafa hagað orðum mínum svo, að ástæða sje til þess.

Árni Thorsteinson: Jeg ætla að eins að svara þingmanni Þingeyinga fáeinum orðum. Hann fann að þeirri athugasemd minni, sem jeg gjörði við orðin: «fáist við lækningar». Jeg tók það fram, að í orðunum liggur lík merking, eins og í tilskipuninni frá 5. sept, 1794, og sem hefur gefið tilefni til svo mikils misskilnings. Jeg get ekki skilið orðin öðruvísi, en að «sá, sem fæst við eitthvað», það sje sama og maður segi: «sá sem gjörir eitthvað að iðn sinni»; mjer finnst það gefið, að sá, sem fæst við eitthvað, hann gjöri það optar en einu sinni. Þess vegna þótti mjer heppilegri orðin: «veitir lækningaraðstoð, því að þó að einhver veiti lækningaraðstoð, þá er ekki víst, að hann gjöri það að iðn sinni. Ef svona er orðað, þá geta lögin líka náð til þeirra manna, sem, án þess að gjöra það að iðn, veita læknishjálp að eins í eitt skipti. Jeg er viss um, að þingmaðurinn fellst á þennan orðamun, ef hann kynnir sjer tilskipun frá 5. septbr. 1794, og allan þann misskilning, sem hún hefur valdið.

Flutningsmaður (Jón Pjetursson): Jeg get ekki sjeð, að orðin: «fáist við lækningar» geti valdið misskilningi. Það er svo sem auðvitað, að ef maður í einstöku tilfelli veitir læknishjálp og gjörir skaða, þá er það eins saknæmt, og mjer sýnist, að orðin eins geti náð til þess manns. Að sektin sje of lág, má margt um segja, en það getur verið, að, ef sektin er sett há, þá verði færri til að lækna, og það er á móti anda frumvarpsins. Að 2. gr. sje óþörf, get jeg ekki sjeð, því að þau tilfelli geta komið fyrir, að brotið heyri ekki undir 253. gr. hegningarlaganna. Það getur verið, að sumum þyki hegningin í 1. grein — svo jeg aptur hverfi til hennar — of há, því í Jónsbók er sagt, að ef maður leggur járn á annan mann í því skyni að lækna hann, og hann bíður skaða af, þá skuli það vera ósaknæmt. En nú, þegar reglulegir læknar eru komnir, þá getur maður verið strangari en á dögum Jónsbókar, þegar stjórnin sá ekki um læknishjálp. Að nokkur fái «veniam practicandi» fellur með öllu burt, ef þetta frumvarp verður að lögum.

Ásgeir Einarsson: Jeg stend ekki upp af því, að þörf gjörist að hrekja ýtarlegar þau mótmæli, sem komið hafa fram gegn frumvarpinu hjer í deildinni; því þessi mótmæli hafa litla þýðingu nú; það verður fyrst í framtíðinni, ef málið kemst til stjórnarinnar, að þau að líkindum fá þýðingu. Landshöfðingi telur það hin mestu vandkvæði, að framfylgja 1. grein frumvarpsins, með því það muni seint sannast, hvort skottulæknir hafi gjört nokkrum skaða með lækningum sínum. Jeg fyrir mitt leyti get nú ekki sjeð nein vandkvæði á því. En það varðar mestu að meta, hvað skaði er í lækningum. Jeg tel það skaða, ef manni misheppnast að binda um beinbrot eða kippa í liðinn; en það hefur komið fyrir, að hinum svo kölluðu lærðu læknum yfir sjest í þessu efni, en það gjörir nú líklega minna til, fyrst á þá hefur verið klínt einhverju kandídatsnafni. Allt öðru máli mundi vera að gegna, ef hinum svo kölluðu skottulæknum eða ólærðu læknum misheppnaðist í þessu efni, jafnvel þótt lítið væri, þá mundu þessir lærðu herrar ekki verða seinir á sjer, að fá þá dregna fyrir lög og dóm, og koma því til leiðar, að þeim framvegis yrði bannað að hjálpa sjúkum, er í

vandræðum sínum leituðu til þeirra. Þetta er nú rjettur hinna ólærðu lækna gagnvart hinum svo kölluðu lærðu. Þá held jeg það hafi þráfaldlega komið fyrir, að menn hafi dáið í höndum lærðu læknanna, en það getur nú verið spurning um, hvort það skuli telja skaða eða ábata; að minnsta kosti telur postulinn Páll dauðann sinn ábata. Annars er mjer óskiljanlegt, hvað þessum ólærðu læknum tekst að lækna, já, að þeim skuli þráfaldlega takast betur en hinum lærðu; hversu opt skeður það ekki, að þeir taka við, þar sem hinir eru frá gengnir, og reisa hinn yfirgefna, hjálparlausa sjúkling á fætur og eins og hrífa hann úr dauðans greipum. Fyrir mínum augum er þetta óskiljanlegt, já yfirnáttúrlegt. Eins og postularnir á hinum fyrstu dögum kristninnar ruddu kristinni trú braut gegnum hinar hættulegu torfærur hjátrúar, vantrúar, sidleysis og myrkurs, og voru gæddir því fjöri og glöggsæi andans, er aldrei verður ráðfátt, heldur sjer jafnan hinn bezta veg til að koma fram því háleita ætlunarverki, er þeim hefur verið á hendur falið — eins lítur svo út, sem eitthvert æðra máttugt vald standi við hlið margra þessara ólærðu lækna, og styðji þá og styrki til að halda áfram mannelskuverki sínu í tíma og ótíma, og opni augu þeirra svo, að þeir sjái eigi að eins hina dýpstu rót sjúkdómsins, heldur og hin beztu meðul til að af stýra honum. Því held jeg megi segja, að hjer sannist óþreifanlega, «að guð styrki góðan vilja», og jeg vona, að sá tími fari í hönd, að afsóknirnar gegn þessum mönnum hverfi.

Að endingu vildi jeg spyrja flutningsmann, hvort eigi mætti duga að nema úr gildi þessi eldri lög frá 5. sept. 1794 og 24. jan. 1838; jeg ímynda mjer, að það væri rjettara, annars skýt jeg því til flutningsmanns, sem bezt má vita, hvað rjett er í þessu efni. Svo skal jeg ekki fara fleirum orðum um þetta mál að sinni.

Flutningsmaður: Jeg álít það óþarft í þessum almennu lögum um skottulækningar, að þar sje sagt, að hin eldri lög um skottulækningar sjeu úr gildi numin, því þau falla burtu af sjálfu sjer með þessum lögum, ef þau ná lagagildi.

Ásgeir Einarsson: Það, sem dró mig til að minnast á lög þessi, og víkja þeirri spurningu að flutningsmanni, hvort eigi mundi rjettara að nema þau úr gildi, var það, að einn þingmaður úr neðri deildinni, sem átti tal við mig um þetta frumvarp, sagði, að nóg mundi vera, að nema þessi eldri lög úr gildi, og að þau mundu spilla fyrir málinu, ef þau væru látin standa í gildi. Jeg get þessa að eins af því, að jeg vil vara við öllum þeim þröskuldum, sem frumvarpið kynni að geta dottið um.

Því næst voru hinar einstöku greinar frumvarpsins bornar undir atkvæði, og var:

1. gr. samþykkt með 9 atkvæðum
2. gr. —»— — 6 —»—
3. gr. —»— — 9 —»—

og málinu síðan vísað til 3. umræðu með 9 atkvæðum.

ÞRIÐJA UMRÆÐA Í EFRI DEILD,
á 10. fundi, 16. dag júlímánaðar.

Flutningsmaður (Jón Pjetursson): Jeg þarf ekki að mæla með þessu frumvarpi frekar, en jeg hef gjört; frumvarpið mælir sjálft með sjer, þar eð það bætir ástand landsins í mjög áríðandi málefni.

Árni Thorsteinson: Hinn heiðraði flutningsmaður hefur ekki tekið til greina bendingar þær, seg jeg gaf honum við 2. umræðu þessa máls, og ímyndaði jeg mjer þó, að hann mundi gjöra það, til þess að hann því betur gæti náð mínu atkvæði. Fyrst að flutningsmaðurinn hefur ekki gjört þetta, og engin breytingaratkvæði hafa komið fram, þá liggur ekki annað fyrir en að samþykkja frumvarpið, eins og það er, eða hafna því. Löggjafarefnið er hjer mikið og erfitt; það þarf að taka svo margt til greina og gjöra greinarmun á svo mörgu, þegar um þetta mál er að ræða, að það er ekki hægt á þeim stutta tíma, sem málið er til

meðferðar að hafa það í hendi sjer, því frumvarp um þetta efni getur aldrei orðið ofvandað, og sýnir frumvarpið sjálft, eins og það er nú, að því er ábótavant. Jeg gat við síðustu umræðu um líkingu þá, sem mjer fannst vera á milli frumvarpsins og tilskipunarinnar frá 5. septbr. 1794, einkum með tilliti til orðanna «að fást við». Hjá þessu flæðiskeri hefði jeg viljað sneiða. Nú ætla jeg að bæta við nokkrum fleiri athugasemdum. Það er tiltekið í frumvarpinu, að maður skuli sæta hegningu, ef hann hefur gjört skaða með lækningum sínum, og er þá áherzlan lögð eingöngu á, hvort skaði hafi verið gjörður, og dæmt eptir afleiðingunum, eins og þær koma fram; hjer getur líka komið til greina «subjectivt» atriði; menn verða að gæta að því, hvernig afleiðingarnar koma fram, og af hvaða rótum þær eru sprottnar, hvort skaðinn er orsakaður af gáleysi eða fáfræði eða öðru, og laga hegninguna eptir því. Jeg ímynda mjer, að þetta þurfi engu síður að takast til greina heldur en það, hvort skaði hafi verið gjörður. Jeg hreifði því, að sektarupphæðin, 60 kr., væri of lítil; já, heldur lítið þykir mjer að meta heilsutjón eða skaða af lækningatilraun, þó eigi varði hegningarlög, ekki meira en gamalkýrverð, ef jeg má svo að orði komast. Jeg hefði kunnað betur við, að menn, ef þeir gefa tilefni til þess, væru látnir sæta sektum eða fangelsi eptir málavöxtum, án þess tiltekið væri, hve háar sektirnar eða fangelsið skyldi vera; það getur dómarinn fundið betur en aðrir. Sambandið milli 2. og 3. gr. er ekki heppilegt. Jeg gjöri þessar athugasemdir til þess, að menn geti gengið vakandi að því, hvernig frumvarp þetta er. Í 2. gr. er það þó veikast, að þar er tiltekið, að sektin skuli vera allt að 100 kr. eða einfalt fangelsi, en í hegningarlögunum getur sektarupphæðin orðið 2000 kr. Eins og jeg gat um áðan, ímyndaði jeg mjer, að hinn heiðraði flutningsmaður mundi taka bendingar mínar til greina og koma með breytingaratkvæði undir þessa 3. umræðu; jeg var fullviss um, að þær væru þess eðlis, að hann mundi gjöra það, en sjálfum mjer að svo komnu treysti jeg eigi að gjöra breytingaratkvæði, af því jeg hafði bæði lítinn umhugsunartíma, og einnig hefði viljað víkja frumvarpinu við á ýmsan hátt, sem hefði verið mjög erfitt. Jeg skal að endingu geta þess, að mjer finnst óheppilega orðað að segja: «tekið próf í læknisfræði». Það er ýmislegt, sem er eins háskalegt að segja, eins og það, að segjast hafa tekið próf. Nú á tímum viðgangast doktorsnafnbætur í öðrum löndum við skóla, sem annaðhvort eru til eða ekki til, ef til vill, og má fá þær keyptar af óvönduðum mönnum, sem auglýsa í blöðunum, að þeir skuli útvega þær. Eptir þessu frumvarpi er eins háskalegt að segjast vera doktor í læknisfræði, án þess að vera það, eins og að segjast hafa tekið próf. Þó að þessir annmarkar sjeu á frumvarpinu, sem jeg hef tekið fram, þá sje jeg ekki nægilega ástæðu til að fella það, af því að það getur fengið bætur í neðri deildinni, og orðið betur úr garði gjört, en það nú er.

Flutningsmaður: Það er slæmt, að hinn heiðraði 5. konungkjörni þingmaður skyldi ekki sjálfur semja frumvarp um þetta málefni; það væri þá víst ekki með eins mörgum agnúum, og þetta er. Hann sagði, að þvílíkt frumvarp gæti aldrei verið ofvandað; eptir því ætti þá aldrei að koma fram með það, ef svo bágt er að eiga við það; það sýnist mjer rjett afleiðing af því, sem hann sagði. Þingmaðurinn vildi láta aðgreina, hvort skaðinn, sem gjörður er, verður af gáleysi, fáfræði eða vísvitandi. Þetta þarf alls ekki. Það eru til almennar reglur, er menn fylgja, þegar dæma skal um saknæmi afbrota vegna fyrtjeðra atvika, og það á alls ekki að fara að tala um þvílíkt í hverju einstöku lagaboði; annars heyrir það undir hin almennu hegningarlög, ef maður skaðar annars heilbrigði vísvitandi. Hann sagði, að sektin væri of lítil og sagði hún væri ekki meira en meðalkýrverð; því tók hann ekki til reiðhesta-

eða ær-verð? Honum hefði nú kann ske þótt ærverðið of lítið. Það er komið undir tilfinningu hvers eins, hvað sektin skuli vera há, þegar fast ákveðin sekt er sett; það getur og verið, að það mætti yfirláta dómaranum að ákveða sektina í hverju einstöku tilfelli, en þó held jeg, að það sje hjer betra að til taka sektarupphæðina, til þess að hver og einn sjái, hvað er í veði; líka er hætt við, að færri mundu verða til að hjálpa, ef sektin væri sett of hátt. Hann fann að orðunum: «tekið próf», og gat um, að menn keyptu sjer doktorsnafnbót Jeg þekki nú ekki til þess, en ef þeir hafa keypt sjer doktorsnafnbót, þá eru þeir líka doktorar; þá geta þeir með sanni sagt, að þeir sjeu doktorar, og það er ekki hægt að hegna þeim fyrir það; en það er allt annað, þegar menn skrökva því upp, að þeir hafi tekið próf, en að þeir hafi keypt sjer doktorsnafnbót, svo jeg brúki þingmannsins orð, að eins til að ginna menn. Það mætti ef til vill fella burt orðin: «allt að 100 kr.», en það gjörir heldur ekkert til, þó að þau standi. Jeg finn mjer nú ekki skylt að fara fleirum orðum um þetta mál; jeg held, að það sje svo rótgróið hjá þjóðinni, að hún geti ekki lengur þolað að láta gjöra sig ómynduga yfir heilsu sinni, og láta segja við sig: «Þú verður að gjöra svo vel að leita þeirra lækna, sem stjórin setur, annars getur þú dáið drottni þínum».

Ásgeir Einarsson: Jeg get ekki annað en verið hinum 5. konungkjörna þingmanni þakklátur fyrir, að hann sýndi galla þá, sem eru á frumvarpinu; það verður víst heldur ekki vanþörf á að reyna til að láta frumvarpið vera sem bezt úr garði gjört; að minnsta kosti gat maður fullkomlega heyrt það á orðum landshöfðingjans hjerna um daginn, að frumvarpið mundi ekki fá framgang, ef nokkrir agnúar væru á því, sem hann gæti fett fingur út í, og jeg ímynda mjer, að hans tillögur í þessu efni verði ekki alveg þýðingarlausar hjá stjórninni. Jeg beuti flutningsmanninum á um daginn, hvort ekki mundi vera nóg að nema úr gildi hin gömlu lagaboð, sem höndla um þetta, en það hefur honum ekki sýnzt, þó að jeg ímyndi mjer, að það væri nóg stökk í fyrstu; það má þá allt af fika sig upp á skaptið seinna; það getur líka vel verið, að neðri deildin gjöri uppástungu um það, ef frumvarpið kemst þangað. Jeg legg það því til, að frumvarpið verði látið fara svona, eins og það er, til neðri deildarinnar; það er þá ekki nema mannleg yfirsjón, þó að eitthvað verði fundið að því þar, en jeg veit það, að flutningsmanninum og hinum 5. konungkjörna hefur ekki gengið nema hið bezta til.

Árni Thorsteinson: Flutningsmaður tók fram, að jeg yrði að komast til þeirrar niðurstöðu, af því sem jeg sagði áðan, að það væri ómögulegt að koma fram með frumvarp í þessa átt. Það yrði aldrei ofvandað, og því yrðu menn seint eða aldrei búnir með það. Það var sannarlega ekki min meining, heldur hitt, að menn yrðu að gjöra sitt ýtrasta til að vanda frumvarpið. Svar hans sýnir, að það, sem jeg álít galla á frumvarpinu, er í hans augum í raun og veru ekki eins miklir gallar, og jeg hjelt, og fyrst að hann heldur frumvarpinu, eins og það nú er, svo mjög fram, þá ímynda jeg mjer, að dómstólunum muni veita hægt að dæma eptir því, og hans meðhald er mjer næg trygging fyrir því, af því að hann sjálfur er í dómarastöðu, að það muni auðveldara að fylgja þessum lögum fram við lög og dóm, en jeg hef álitið, og þó að jeg hafi fundið ýmsa annmarka á frumvarpinu, mun jeg í trausti þessa gefa því atkvæði mitt.

Benidikt Kristjánsson: Jeg verð að álíta það mjög óheppilegt, að halda fram, að setja út á frumvarpið nú við 3. umræðu; því að tilgangurinn getur ekki verið annar en sá, að fella það; menn verða að gæta að því, að fyrst að við 3. umræðu ekki er hægt að laga frumvarp, þegar ekkert breytingaratkvæði er fyrir hendi, þá er ekki nema um tvennt að gjöra, annaðhvort að fella það, eða láta það ganga fram óbreytt; ef mótbárumennirnir hefðu látið sjer annt

um frumvarp þetta, þá lá beinast við, að þeir kæmu með breytingaruppástungur í tæka tíð, en fyrst að þeir ekki hafa fundið sig knúða til þess, þá bætir það frumvarpið ekkert, þó að þeir setji út á það nú, nema þeir ætli sjer að fella það. Jeg þori varla að mæla frumvarpinu bót; fyrst að hinir lögfróðu menn kasta svo dimmum skugga á það, þá ímynda jeg mjer, að hinum ólögfróðu sem mjer mætti þykja fara dimma í kringum sig. En svo að jeg sýni, að jeg hafi einhverja sannfæringu, þá skal jeg láta í ljósi, að jeg álít, að rjettara sje að fallast á frumvarpið, eins og það nú er; það eru ekki þeir agnúar á frumvarpinu, að það sje óhafandi. Menn verða að gá að því, að það getur ekki skoðazt sem «positiv» lög fyrir skottulækna, heldur að eins lög, sem fría þá frá hinni eldri löggjöf. Það vita allir, að slík lög, sem tilskipunin frá 5. september 1794, eru óþolandi hjer. Jeg hef áður tekið það fram, hvers vegna þau eru það; en jeg skal leyfa mjer að bæta því við, að jafnvel í þeim læknishjeruðum, sem læknum eru skipuð, er opt og tíðum ómögulegt að ná í lækni, hvað þá heldur í þeim læknishjeruðum, þar sem enginn læknir er, hefur verið og jafnvel mun um langan tíma hjer eptir ekki verða; jeg man nú ekki, hvað þau hjeruð eru mörg. Hitt veit jeg, að í Þingeyjarsýslu er enginn læknir, og hún er þó víðlend mjög, og yfir fjöll og öræfi að fara, hvort sem menn vilja leita læknishjálpar til Vopnafjarðar eða Akureyrar; væri þá ekki hart í annari eins sýslu, ef enginn mætti bjálpa sjúkling? Að svo mæltu skal jeg ekki fara fleirum orðum um frumvarpið, en að eins geta þess, að jeg fyrir mitt leyti samþykki frumvarpið, eins og það liggur fyrir, fyrst að engar breytingaruppástungur eru komnar fram, sem, ef til vill, hefðu bætt það.

Af því að þá tóku ekki fleiri til máls, bar forseti frumvarpið upp til atkvæða, og var það samþykkt með 9 atkvæðum, og kvað forseti það nú mundu verða sent neðri deild.

FYRSTA UMRÆÐA Í NEÐRI DEILD,

á 23. fundi, 27. dag júlímán.

Frumvarpið, eins og það var samþykkt við 3. umræðu í efri deild, sjá I, 123—124.

Benidikt Sveinsson: Jeg verð að lýsa þeirri skoðun minni yfir, að jeg álít rjettast og hyggilegast að fallast á frumvarp þetta breytingalaust. Það er auðsjáanlega byggt á þeim megingrundvellli, að hinu opinbera sje skylt að sjá mönnum fyrir lærðum og menntuðum læknum, er geti verndað líf og heilsu manna, svo að sem mest trygging sje fyrir; en á hinn bóginn er það eins byggt á því, að ómögulegt sje að neyða sjúklinga til leita þessara lærðu lækna, ef traust vantar eða atvik hindra, nje heldur að hægt sje að hindra þá, sem ekki eru lærðir, frá að segja þeim, er leita ráða hjá þeim, hvað þeir álíti hollt, og að ekki sje hægt að reisa ríkari skorður við þessu en svo, að hegning sje lögð við, ef hinum sjúka er gjörður skaði á lífi eða limum. Þetta er að minni hyggju alveg rjettur og eðlilegur grundvöllur.

Þá er enn ein ástæða til að fallast á þetta frumvarp, og hún er sú, að á þinginu 1879 bar jeg upp frumvarp til laga, í nokkuð líka stefnu, en þó byggt á öðrum grundvelli, sem sje þeim, að fá tryggingu fyrir, að hinir ólærðu samveikislæknar mættu lækna; en þessu frumvarpi var breytt í efri og neðri deild þingsins, og náði loks ekki staðfestingu konungs. Nú hefur frumvarpið verið borið upp og samþykkt í efri deild þingsins, þar sem svo margir lagamenn sitja, og vil jeg nú beygja mig fyrir lögspeki þeirra, og láta ábyrgðina lenda á þeim, ef þetta frumvarp ekki heldur nær staðfestingu konungs.

Eiríkur Kúld: Jeg hef nú raunar fátt um þetta frumvarp að athuga; jeg er ekki lagamaður, eins og menn vita, en jeg skýt

því til hinna báttvirtu löglærðu í deildinni, hvort ekki væri þörf á að bæta við frumvarpið grein, sem næmi úr lögum tilskipun 5. sept. 1794. En þegar um aðalstefnu frumvarpsins er að ræða, get jeg ekki annað en sagt, að mjer þykir óaðgengilegt, að leyfið sje svo rúmt, að hver megi lækna, nema sannað verði, að hann hafi gjört skaða. Hver á að dæma um það í hverju einstöku tilfelli, og hver getur dæmt um það? Það er óhætt að segja, að það getur orðið ærið vafningasamt, að framfylgja svolátandi lögum. Eitt atriði tek jeg hjer sjerstaklega fram: Hvað er meint með að «skaða»? Allir skottulæknar, hvort heldur homöopathiskir eða allópathiskir, geta gjört tvenns konar skaða, *positivan*, með því að brúka meðul, sem ekki eiga við sjúkdóm, eða þá of sterk meðul, eða þá: «*negativan*» skaða, með því nefnilega að verða orsök til þess, að betri læknishjálpar verði ekki leitað í tíma. Þó er það langt frá mjer, að vilja hafna aðalstefnu frumvarpsins; en það, sem einkum knýr mig til að gefa atkvæði með því, eru ofsóknir þær, er homöopathar, sem þó opt hafa orðið sjúklingum að liði, hafa orðið hjer að sæta.

Jón Ólafsson: Þegar talað er um, annaðhvort að gefa hverjum manni, sem vill lækna, leyfi til þess skilyrðislaust, eða þá að binda þetta leyfi vissum skilyrðum, þá er um *princip* að ræða, annaðhvort nefnilega að læknaskipunin sje frí, og ríkið styrki hana þá heldur ekki með fjártillagi, ellegar að ríkið sjer fyrir nægum hæfum læknum, annast, að embættin sjeu skipuð mönnum, sem fullnægja þeim skilyrðum, sem ríkið setur. Hið fyrra á sjer enn ekki stað hjer á landi, og er það því í mótsögn við sjálft sig, að koma með uppástungu um, að hver maður megi lækna, meðan ríkið þó launar lærðum læknum. Verði þingið því á þeirri skoðun, að veita hverjum sveitarómaga, sem vill, leyfi til að leika sjer að lífi manna og heilsu og kalla sig lækni, þá vil jeg bæta við einni grein, svo látandi; «Öll læknishjeruð á landinu leggist niður, jafnóðum og þau losna». Þá verður þó heil brú í frumvarpinu, sem ekki er, meðan það er, eins og það er óbreytt. Jeg gæti nú vel fundið mig í, að ríkið kostaði enga lækna, heldur ljeti það vera frjálsa atvinnu eins og í Ameríku. En ef menn vilja halda fast við ríkislæknaskipunina, þá vil jeg heldur ekki leyfa öllum takmarkalaust og tryggingarlaust að lækna. En þó rýmt væri um frá því, sem nú er, hef jeg ekki á móti, en þó þannig, að *einhver* skilyrði sjeu sett til tryggingar því, að sá, sem lækningaleyfi fær, hafi *einhverja* þekkingu. Það væri í öllu falli betra en þessi ómynd. Þingmaður Barðstrendinga talaði um, að nema úr gildi lög, sem jeg fyrir mitt leyti er alveg óviss um að nokkurn tíma hafi verið lög hjer á landi; en þó þau hefðu verið gildandi lög hjer á landi, er óþarfi að nefna slíkt, því að þau eru auðvitað felld úr gildi, ef frumvarp þetta væri gjört að lögum.

Benidikt Sveinsson: 2. þingmaður Suður-Múlasýslu tók af mjer ómakið að svara þingmanni Barðstrendinga. En það er annað, sem jeg ætlaði að segja fáein orð um, og það var í ræðu 2. þingmanns Suður-Múlasýslu sjálfs. Hann segir, að það sje *ósamkvæmni* í því, að gjöra slíkt frumvarp sem þetta að lögum, en hafa þó launaða lækna. En þetta er hreinn og beinn misskilningur hjá þingmanninum. Hið opinbera á allt um það að launa læknum, til þess að ávallt sjeu til menn, sem eptir áliti hins opinbera sjeu hæfir til þess að gegna læknisstörfum. En af þessu leiðir þó engan veginn, að öllum öðrum sje *bannað* að veita læknishjálp að viðlagðri hegningu, hvort sem þeir gjöra skaða eða eigi; enda væri það í sannleika hart, þar sem ekki verður betur sjeð af reynslu sjúklinganna sjálfra, sem eru beztir dómararnir í þessum málum, en að þeir í mörgum tilfellum geti veitt og hafi veitt allt eins góða hjálp og hinir lærðu læknar, stundum kannske betri og ódýrari. (*Halldór Friðriksson*: Ekki sannað, að þeir hjálpi). Vill þingmaður Reykvíkinga innfæra það

princip, að honum verði hegnt fyrir það, sem ekki verður sannað upp á hann? Það er að sakfella saklausan mann. Rjettlætið krefur ekki annars en þess, að það verði sannað, að þeir hafi unnið mein; verði *það* ekki *sannað*, verða þeir heldur ekki sakfelldir. Frumvarpið er því byggt á öldungis rjettum grundvelli, eins og við var að búast af hinum háttvirtu löglærðu þingmönnum í efri deildinni, sem einnig hafa sjálfir tekið þátt í að dæma dóma, þó ótrúlegt sje, sem vakið hafa megna óánægju og gremju um land allt, af því þeir hafa sakfellt menn, sem allir álíta að hafi *hjálpað* sjúkum, og það eptir lögum, sem að minni hyggju eru ekki gildandi hjer á landi.

Holgeir Clausen: Jeg álít, að frumvarpið væri brúkandi, ef það væri þverófugt við það, sem það er. Til hvers eigum við að vera að halda launaða lækna, læknaskóla, sem kennir læknisfræði o. s. frv., ef þeir, sem ekkert kunna í læknisfræði, geta læknað betur en þeir, sem eitthvað hafa lært? Jeg get ekki betur sjeð, en að í þessu sje einhver «*paradox*». Það er gamalt máltæki, að læknarnir hafi leyfi til að drepa okkur eptir vissum reglum; það getur nú verið gott; en þessum skottulæknum á að gefa leyfi til að drepa okkur eptir engum reglum, að eins ef þeir borga eitt merarverð. Þetta kostar lífið í okkur; jeg er þó viss um, að það er of lágt metið, að meta til dæmis hina heiðruðu þingmenn, sem hjer eru nú viðstaddir, á 60 kr. stykkið. Jeg get sagt dæmi upp á, hvernig gengur með þessa skottulækna. Það var hjeraðslæknir, sem hafði verið sóttur til konu, sem dó. Þegar hann kom heim, spurði kunningi hans hann, hvers vegna hann væri svona dapur á bragðið; læknirinn svaraði, að það væri nóg til að vera hryggur af, að horfa upp á þetta, sem hann hefði sjeð í dag. Þá hafði skottulæknir í 4 daga setið yfir konunni, áður en hjeraðslæknirinn var sóttur, en hefði hann verið sóttur í tíma, hefði hann getað hjálpað öldungis víst. Læknirinn sagði, að það væri ekki til neins að klaga, af því að hjer yrði ekkert sannað. Eigi maður yfir höfuð að hafa skottulækna, vil jeg láta þá borga langtum meira en 60 kr., fyrir að hafa leyfi til að fúska.

Jón Jónsson: Þingmenn Austfirðinga eru fastir í teóríi og principum; þeir hafa kynnt sjer lög og menntun annara landa, því að þeir hafa farið víða; þeir hafa líka opt frætt okkur hina á því, hvað væri rjett regla og rjett princip eða grundvallarregla við lagasetningu. En þeim hættir stundum við að gleyma hinum sjerstöku ástæðum hjer á landi. Það dugar ekki hjer, að vilja, hvernig sem á stendur, beita grundvallarreglum þeim, sem annarstaðar gilda, án tillits til þess, hvort þær eiga hjer við eða ekki. Jeg álít, að lækninga-ástandið hjer á landi sje alveg ófært, eins og það er, og þurfi til einhvers bragðs að taka. Sú tilraun, sem gjörð hefur verið hjer á landi til að byrgja upp landið með lærðum læknum, hefur reynzt *ónóg*. Lærðir læknar geta ekki lifað hjer án launa úr landssjóði; en hann endist ekki til að launa lækni í hverri sveit, sem með þyrfti, ef ætti að fylgja fram annari af þeim grundvallarreglum, er 2. þingmaður Suður-Múlasýslu benti oss á. Gott, segir þessi þingmaður, jeg vil þá draga inn öll læknaembætti, jafnótt og þau losna. En þó jeg yrði honum samdóma um þetta, veit jeg, að andinn í þinginu er ekki svo, að hann muni geta fengið þessu fram gengt, meðan þeir menn, er nú sitja á þingi, ráða lögum og lofum. Jeg verð líka, að benda hinum heiðraða þingmanni á, að það getur mikið vel samrýmzt, að leyfa öllum lækningar og hafa launaða lækna. Það mætti t. d. gjöra skottulækna að aðstoðarmönnum hjeraðslækna, þannig að þeir nytu tilsagnar og leiðbeiningar hjá hjeraðslæknum, en hins vegar væru háðir eptirliti þeirra. Þingmanni Snæfellinga skjátlast, þegar hann heldur, að skottulæknar geti drepið mann fyrir merarverð. Það getur ekki einu sinni enginn gjört. Verði maður öðrum manni að bana af gáleysi, varðar það eptir hegningarlögunum allt að 2 ára betrunarhúsvinnu

Frumvarpið er góðra þakka vert, en það þyrfti, ef til vill, breytingar við, og leyfi jeg mjer því að stinga upp á nefnd.

Þá bar forseti upp til atkvæða, hvort setja skyldi nefnd í málið, en sú uppástunga var felld með 15 atkvæðum gegn 5. Var þá umræðunni haldið áfram.

Guðmundur Einarsson: Þrátt fyrir þau mótmæli, sem komin eru fram móti frumvarpi þessu, get jeg ekki annað álitið, en að frumvarpið sje alveg nauðsynlegt, og að aðalstefna þess sje rjett. Það er öllum kunnugt, að hjer á landi eru læknar allt of strjált settir, og læknishjálp því með öllu ónóg, og er þá hart að banna þeim að líkna, sem líknað geta, altjend í bráðri þörf, og þar til að næst til hjeraðslæknis, því að «enginn má líknarlaus lifa». Það má ekki líta svo út, sem hin heiðraða deild vilji útibyrgja alla mannlega hjálp, en svo mun líta út, hafni hún frumvarpi þessu, eptir að hafa fellt ein 2 eða 3 frumvörp um ný og mjög nauðsynleg læknishjeruð. Læknar geta orðið með ýmsu móti. Sumir læra til að komast í lífvænlega stöðu, þó þeir sjeu kann ske alls ekki náttúraðir fyrir lækningar, og verða þeir allt af bálfónýtir; sumir læra af því, að þeir eru náttúraðir fyrir lækningar, og það verða hinir beztu. En nú eru einnig þeir til, sem eigi menntast á lögskipaðan hátt í læknisfræði, en sem sökum náttúrufars mennta sig sjálfir í þeim fróðleik, sem að læknisfræði lýtur, og fara að fást við lækningar, tilknúðir af nauðsyn og brjóstgæðum, þar sem læknafæðin er, eins og vjer þekkjum, og þessir, bæði konur sem karlar, hafa orðið sjúklingum að hinu bezta liði og læknað stundum þá, sem lærðir læknar voru uppgefnir við. Mjer finnst, að þinginu sje skylt að hlynna að þessari almennu nauðsyn með að samþykkja frumvarp það, sem liggur fyrir. Jeg er nú orðinn gamall maður, og hef jeg sjaldan heyrt þess getið, að ólærðir læknar muni hafa skaðað, en opt að þeir hafi hjálpað. En þó nú svo væri, að þeir hefðu í einhverju tilfelli skaðað, mætti þá ekki einnig finna dæmi þess hjá hinum lærðu læknum?

Jón Ólafsson: Mjer heyrist andinn vera svo í deildinni, að eigi muni koma fyrir mikið, að mæla móti þessu frumvarpi, en jeg verð þó að gjöra það. 2. þingmaður Skagfirðinga bar mjer á brýn, að jeg vildi láta skera alla lækna; þetta er ekki rjett, en jeg vildi bæta dálitlu við frumvarpið, til þess að gjöra það sjálfu sjer samkvæmt, því að jeg vil heldur greiða atkvæði með því, sem er sjálfu sjer samkvæmt, en því, sem er sjálfu sjer ósamkvæmt. Hinn heiðraði sessunautur minn tók fram, að hegningarlögin hittu þessa skottulækna, ef þeir fyrir gáleysi yrðu öðrum að bana; «fyr má nú rota en dauðrota». Og fyr má tjón gjöra en bana leiði af. Hegningarlögin hitta einnig þá menn, sem af skeytingarleysi eða gáleysi vinna öðrum minna tjón á limum eða heilsu, og get jeg því ekki betur sjeð, en að þessi ákvörðun um hegningu hefði mátt falla hurtu úr frumvarpinu, því að hegningarlögin ná til allra þeirra tilfella, sem gjört er ráð fyrir í frumvarpinu. En það má líka verða öðrum að skaða með öðru en gáleysi. Menn hafa orðið krypplingar alla sína æfi, að eins fyrir þá sök, að skottulæknir gjörði ekki það, sem hann átti að gjöra, en ekki af því hann gjörði neitt positivt skakkt. Það er líka bannað í lögum að fremja kukl og lesa í lófa o. s. frv. Og þetta er rjett, af því slíkt er eigi unnt að kunna, og þeir, sem þykjast kunna það, eru svikarar. Ef nú maður býðst til að lækna fólk, og hefur þó ekki hugmynd um sjúkdóma, þá er hann og svikari, sem dregur fólk á tálar til fjárplógs sjálfum sjer. Ef menn þessir þykjast geta læknað, verður þeim að vera auðvelt að sýna raun kunnáttu sinnar, ef hún er nokkur. En ef þeir þekkja ekki algengustu sjúkdóma, hversu mega þeir þá lækna? Jeg vil ekki heimta neitt strangt eða fullkomið próf, en að eins vottorð eins eða annars læknis á landinu fyrir því, að þeir, sem lækna vilja, þekki algengustu sjúkdóma. Geti þeir ekki aflað

þess, munu lækningar þeirra verða ljettvægar, því að jeg trúi því ekki, sem hinn háttvirti þingmaður Dalamanna virtist meina, að læknisfræði sje guðleg »inspiration» fremur en aðrar fræðigreinir. En viti þessir menn, að þeir kunni ekkert og geti ekki hjálpað, og sjeu þó að fást við lækningakák, þá eru þeir ekki betri en kuklarar og spákerlingar, því að þeir fara þá beinlínis með svik og pretti. Jeg hef aldrei viljað banna öllum að lækna, sem ekki hafa fullkomið læknispróf; það, sem jeg vildi, var að eins, að koma í veg fyrir, að vitlausum mönnum væri gjört heimilt að höggva með voðavopni í myrkri, sem hætt er við, ef leyfið er engum skilyrðum bundið.

Arnljótur Ólafsson: Mjer hefur heyrzt, að allir, sem talað hafa í þessu máli, hafi tekið frumvarpinu vel, og er því eigi þörf að mæla fram með því, enda mælir það fram með sjer sjálft. Mótmæli þau, sem fram hafa komið frá hinum háttvirta 2. þingmanni Suður-Múlasýslu eru fólgin í því, að honum þykir frumvarpið ekki fara nógu langt í frelsinu, og mótmælin frá hinum háttvirta þingmanni Barðstrendinga benda í þá stefnu, að honum þykir vafi á, hvort frumvarpið veiti nægan rjett, og vill því af nema 5. gr. í tilsk. 5. sept. 1794. Þannig eru allir málinu í sjálfu sjer hlynntir, og hef jeg engu við það að bæta, einkum þar sem hinn háttvirti 2. þingmaður Norður-Múlasýslu hefur tekið svo skörulega og greinilega fram rjettargrundvöll þess samkvæmt gildandi lögum vorum. En það er ein spurning, sem jeg vil leyfa mjer að koma fram með og jafnframt svara. Spurningin er þessi: Hvers vegna eru skottulæknar í landinu? Er það af því, að þeir sjeu að trana sjer fram, til þess að græða peninga? Já, það getur hitzt bara einstaka dæmi, að svo sje, en það er undantekning. Aðalorsökin liggur í allt öðru, og vjer sjáum hana fljótt, ef vjer skoðum landið og fastalækna-fjöldann. Aðalorsökin er: vegalengdin, færðin, veðráttan, spítalaleysið, stærð læknisumdæmanna o. s. frv. Ef maður slasar sig, fótbrotnar eða handleggsbrotnar í 1, 2, 3 mílna fjarlægð frá lækninum, nú, maðurinn verður að leita sjer læknis; læknirinn er þá máske ekki heima, svo fyrir sjúklinginn er of langt að bíða hans, og fær því einhvern handlaginn mann að binda um brotið. Hjer á landi hafa margir menn verið og eru enn nákvæmir við þess konar, og hefur þeim ekki verið sök á gefin. Á þennan hátt og af þessum orsökum hafa skottulæknar komið upp og fjölgað, af því langt hefur verið til læknis, og annars vegar enginn maður verið skyldugur að sækja lækni handa sjálfum sjer, eins og hinn háttvirti 2. þingmaður Norður-Múlasýslu tók fram. Hjer er þá spurning um, hvort gefa megi barni inn, sem liggur fyrir dauðanum, t. d. í barnaveiki, hvort draga megi mann upp úr vök eða vatni, sem er að drukkna, án þess að sækja lækni. Þetta dæmi og ótal fleiri sýna, hversu óhentug sje ákvörðunin um kæruvald hjeraðslækna í erindbrjefi þeirra 25. febr. 1824. Þegar nú þess er gætt, að þessir skottulæknar eru nauðleytamenn þeirra, sem annaðhvort ekki geta eða þá ekki kæra sig um að sækja hjeraðslækninn, þá virðist það hart, að láta þá sæta sektum, fangelsi eða öðrum afarkostum, fyrir hjálp sína. Það er hart, það er gagnstætt kristilegri kærleiksskyldu, að banna mönnum að veita hjálp þá, er þeir geta, nema svo sje, að menn misbrúki lækningarnar, en einmitt þá menn hittir lagafrumvarp þetta. Þegar nú þessi heiðraða deild fær þetta frumvarp frá hinni heiðruðu efri deild, vonast jeg eptir, að hún verði sjálfri sjer svo samkvæm, að vilja leysa þetta læknisband, þar sem hún hefur samþykkt nýlega frumvarp um leysing á sóknarbandi. Jeg efast ekki, að hin heiðraða deild verði sjálfri sjer svo samkvæm. Þá menn, sem vilja kynnu gjöra breytingar á frumvarpi þessu, vil jeg biðja að gjöra það ekki, þar sem það er komið frá hinum löglærðu og lögfróðu mönnum í hinni heiðruðu efri deild, nema hinir báttvirtu lögfræðingar þessarar deildar vilji gjöra það.

Þorlákur Guðmundsson: Jeg skal leyfa

mjer að láta þá skoðun mína í ljósi, að jeg vil styðja þetta mál. Þó að frumvarp þetta sje ekki stórt, er það þó vandasamt. Jeg álít það óhyggilegt af stjórninni, að halda fram sínum «principum», því að sú mun reyndin á, að skottulæknar verða allt af hjer á landi, þrátt fyrir allar ofsóknir á móti þeim, sem hjer eptir eins og hingað til einungis lenda á einstökum mönnum, meðan þessu ástandi er haldið. Mjer fannst hinn háttvirti 2. þingmaður Suður-Múlasýslu vilja af nema með öllu hjeraðslækna, en jeg er alveg mótfallinn þeirri skoðun. Það mun aldrei takast að út rýma skottulæknum, þótt stjórnin vildi vera með nefið niðri í hvers manns aski, eins og mælt er. Jeg held líka, að hjeraðslæknarnir hafi nóg eða að minnsta kosti þykjast hafa nóg, þó aðrir ljetti dálítið undir með þeim og uppfylli þörf almennings. Læknaumdæmi eru 20 á landinu, og þó hafa komið nokkur frumvörp fyrir þingið, að bæta við læknishjeruðum, og þar sem þau hafa verið felld, að miklu leyti af fjársparnaðarhugsun, og í von um rjettlátt frelsi í þessu efni, finnst mjer síður ástæða til að fella þetta frumvarp. Jeg held, að þeir, sem vilja breyta frumvarpi þessu, vilji fella það eða verða til að fella það; jeg álít, að deildin ætti að samþykkja það óbreytt, því að hún hefur þá ekki ábyrgðina, þótt það ekki nái samþykki konungs, heldur þökk fyrir að hafa aðhyllzt það. Jeg held, að hinn háttvirti sessunautur minn skilji ekki rjett tilgang frumvarpsins. Jeg vil leyfa mjer að spyrja hann, hvort hann mundi eigi vilja þiggja það, ef einhver, sem ekki hefði tekið próf í björgunarfræði, kæmi til að hjálpa honum í sjávarháska á þessari fyrirhuguðu vesturför hans. Jeg verð og að segja það um skottulækna, að það ber sjaldnar við, að þeir verði að skaða en liði; það eru miklu fleiri sannanir fyrir því, að þeir hafi orðið að liði og bjargað lífi og limum manna. Það er heldur eigi rjett, eins og hinn háttvirti 2. þingmaður Suður-Múlasýslu gjörði, að líkja þeim við kuklara, nú á vorum dögum, þegar ekkert þess háttar þekkist eða er orðið til.

Jón Jónsson: Hinn háttvirti 2. þingmaður Suður-Múlasýslu gat ekki skilið, til hverra sektirnar, sem nefndar eru í 1. gr. frumvarpsins, gætu náð. Jeg skal benda honum á það, að 206. og 209. gr. í hegningarlögum eiga við þá, sem af gáleysi baka öðrum þann skaða á sál eða líkama, að hann verður óhæfur að gegna skyldum sínum. En jeg skal taka mjer orð hins háttvirta þingmanns í munn. Fyrri má rota en dauðrota, fyrri má gjöra skaða, en að gjöra hann alveg óverkfæran, og sektirnar í 1. gr. frumvarpsins ná þannig til þeirra, sem óviljandi gjöra minni skaða, en þann, sem gjörir sjúklinginn óverkfæran. Jeg verð að telja það alveg rangt, að segja, að ólærðir læknar hafi hjer á landi læknað í gróðaskyni eða í sviksamlegum tilgangi, en ef nokkur fengist við lækningar í sviksamlegum tilgangi, þá yrði hann hegningarverður eptir 253. og 258. gr. hegningarlaganna Skottulækningarnar, sem svo eru kallaðar eru náttúrleg afleiðing af strjálbyggð landsins.

Holgeir Clausen: Jeg skal leyfa mjer að geta þess, að eptir skilningi mínum á frumvarpi þessu, getur sá, sem skemmir heilsu annars manns, ekki sætt þyngri refs., ingu en 60 kr. sekt, þótt sannað verði upp á hann, að hann hafi gjört það. En hvernig eigum við að fara að sanna það, þar sem hjer er ekkert heilbrigðisráð? Á Englandi og í Vesturheimi er enginn grafinn án vottorðs læknis um það, að hann hafi haft hann og að hann hafi dáið úr þessu eða þessu. Annars eru þá 12 menn settir til að rannsaka orsakir til dauða hans. Það getur vel komið fyrir að giptum mönnum ánægðum sjeu gefin inn kransaugu af konum sínum. En hjer gengur svo til. Maðnr kemur til prestsins og segir: «konan mín er dauð; jeg bið þig að grafa hana», og enginn gáir að, hvort aumingjakonan er drepin. Jeg get vel verið hinum háttvirta þingmanni Dalamanna samdóma um það, að til sjeu læknar af náttúrunni;

en þá þyrftum vjer engan læknaskóla; það er slæmt, að við höfum ekki lögfræðinga af náttúrunni, og presta af náttúrunni, þá þyrftum við ekki að borga eins mikið fyrir sálir vorar. Sá þarf ekki að hafa lært, sem annan dregur upp úr sjó, ef hausinn stendur upp úr; en ef hann er í kafi, þá þarf hann að hafa lært sund, því að menn kunna það ekki af náttúrunni, þótt hundar og kettir kunni það. Jeg get annars vel skilið, hvernig ástatt er með þessa lækna af náttúrunni; það er víst líkt eins og með Englendinginn, sem spurður var, hvort hann kynni að spila á langspil. Hann sagðist ekki vita það, því að hann hefði aldrei sjeð langspil. Það getur vel verið, að eins sje með lækna af náttúrunni. Jeg veit það ekki, en hitt veit jeg, að homöopathar hafa keypt kassa með meðulum í allavega litum glösum, hvítum, grænum, bláum og svörtum glösum, fyrir 80 kr., og selt svo aptur fyrir 800 kr., og máske 1000 kr. Ef kaupmenn græddu svona, get jeg vel ímyndað mjer, að til orða gæti komið á þingi, hvort ekki væri ástæða til, að hækka tolla á þeim. En hvað sem þessu líður, verðum vjer að álíta heilsuna meira virði en peninga.

Þorvarður Kjerulf: Jeg skal vera eins óheimtufrekur og jeg get framast verið í þessu máli, en jeg vil gjöra þá athugasemd, að þessar sektir hafa ekkert að þýða, því slíkt verður aldrei sannað. Jeg vil ekki beygja mig undir «Autoritet» sampingismanns míns um álit lögfræðinganna í efri deild, því þeir hafa ekki betur vit á þessu máli, en sumir í þessari deild. Jeg vildi áskilja mjer þann breytingarrjett, að þeir, sem fást við lækningar, sjeu skyldir að taka próf hjá lækni eða fá vottorð um, að þeir þekki algenga sjúkdóma hjer á landi. Þennan meðalveg vildi jeg fara, til þess að frumvarp þetta yrði landinu til gagns en eigi ógagns.

Halldór Friðriksson: Jeg get ekki fallizt á þetta frumvarp, því að það fer fram á, að gefa ótakmarkað leyfi til að fara með heilsu og líf manna, eins og hverjum einum þóknast. Það var tekið fram, að þessir menn væru ekki að trana sjer fram, en þeir *eru* einmitt að *trana sjer fram*. Þeir segja: «jeg get læknað», og svo bjóðast þeir til að lækna. Það er þó sannarlega undarlegt, að bera það fyrir, að læknalaust sje, og því þurfi skottulækna, þar sem þingið þó neitar um hvert læknishjeraðið á fætur öðru, neitar um alla fjölgun lækna. Þetta er hin mesta ósamkvæmni, því að það er þó hvað öðru gagnstætt, að neita um hina lærðu lækna, en veita skottulæknum leyfi til að fara með líf og heilsu manna eins og þeir vilja, leyfa þeim að tálma sjúklingum, að leita í tíma lækninga hjá þeim, sem kunna að geta bjargað þeim.

2. þingmaður Skagfirðinga vildi fela hjeraðslæknunum á hendur eptirlit með, að skottulæknar gjöri ekki skaða. Það er sannlega barnaleg uppástunga, því að það er alls eigi auðið fyrir þá, enda fengju læknarnir þá nóg að gjöra, ef þeir ættu ávallt að vera á ferð til að líta eptir skottulæknunum, og kenna þeim; og það er heldur alls eigi auðið fyrir lækna, opt og einatt, að sanna það, að skottulæknarnir hafi gjört skaða, þótt þeir hafi grun á því. Einn læknir sagði mjer, að maður, sem hann þekkti, mundi hafa dáið af lyfjum þeim, er skottulæknir hefði gefið sjúklingnum, en það væri eigi auðið að sanna það, því að hann hefði ekki fengið að sjá lyfin. Þessi sekt hefur því ekkert að þýða. Þetta er ekki minnsta hapt á skottulæknunum. Ef einhverjir eru læknar af náttúrunni, sem jeg efast mjög um, þá mun auðvelt fyrir þá að ganga undir próf hjá lærðum lækni, og fá þannig vottorð um, að þeir megi fara með lyf, án þess að gjöra skaða. En jeg er alveg sannfærður um, að ef sjúkdómi er svo varið, að ekki er hægt að ná í lærðan lækni, þá verður ekki um sektir talað við þann, sem bjargar. Hitt vita menn, að ef skottulæknar ekki gjöra beinan skaða, þá gjöra þeir opt óbeinlínis skaða, eða með öðrum orðum allt annað en þeir áttu að gjöra. Fyrsta skilyrði fyrir

lækninn er, að hann viti, hvaða sjúkdómur það er, sem hann á að lækna. Þetta virðist frumvarpið ekki að hirða um. Vjer höfum vottorð um þetta frá einum háttvirtum þingmanni, sem sjálfur er læknir; en jeg þurfti ekki þessa vottorðs, því að heilbrigð skynsemi getur sagt hverjum einum það. Þótt frumvarpið komi frá efri deildinni, þá er það engin sönnun. Sá, sem það kom frá, er enginn læknir. Mjer finnst þessi 60 króna sekt ekki geta samrýmzt við hin almennu hegningarlög. Ef menn vilja hæta frumvarpið, eins og 1. þingmaður Norður-Múlasýslu lagði til, þá skal jeg ekki spyrna móti því, en það finnst mjer líka nauðsynlegt skilyrði. Það er undarlegt, að taka sumt frá öðrum þjóðum, sem til framfara getur leitt, en fleygja því, sem þeir álíta mestu framfarirnar í. En þetta frumvarp mundi engin þjóð samþykkja.

Eiríkur Kúld: Það hefur margt verið talað bæði með og móti þessu máli. Jeg gæti aðhyllzt tillögu 1. þingmanns Norður-Múlasýslu, ef hægt væri að koma henni við. En jeg veit dæmi til þess, að maður sem fjekk «*veniam practicandi*», notaði það sem «homöopathi». Allópathiskur læknir á að gefa leyfið; geta okkar læknar þá sagt: «Þessi maður má vera homöopathi? Nei, þeir þekkja ekkert til homöopathíu. Sumir segja, að það eigi að aðhyllast frumvarpið, af því það sje frá efri deildinni. En það er ekki það sprottið. Það er eindreginn vilji þjóðarinnar, á að fá þetta band leyst, og þörf hennar á læknunum, sem hefur skapað það. Jeg tek það upp aptur: það er eingöngu þörfin og skorturinn sem heldur fram frumvarpinu. (*Holgeir Clausen*: Borgun). Þegar við þurfum einhvers með, þá þökkum við guði fyrir, að það fæst, hvað þá heldur þegar um líf og heilsu er að ræða. Jeg þekki mörg dæmi, þar sem allópathiskir skottulæknar hafa skaðað, en engin dæmi þess, að þeim hafi verið hegnt fyrir það; þar á móti þekki jeg engin dæmi þess, að homöopathar hafi beinlínis skaðað, þótt mörg dæmi sjeu þess, að þeir hafi verið dómfelldir. Reynslan hefur sjálft sýnt mjer og sannað, að homöopatharnir geta læknað, þótt allópathar vilji ekki við það kannast, og segi, að þeir hafi ekkert vit á því. Eitt atriði ræður sjerstaklega atkvæði mínu, sem sje, hvað þungum búsifjum homöopathar hafa þurft að sæta, þótt þeir hafi mörgum hjálpað. Jeg þekki dæmi þingmanns Snæfellinga og skal leyfa mjer að skýra það betur, en hann gjörði. Skottulæknirinn var *allópathiskur* og jafnframt var þar *yfirheyrð* yfirsetukona úr Reykjavík. Það er undarlegt um 2. þingmann Suður-Múlasýslu, sem anu frelsinu svo mjög í trúarbragðaefnum, að hann vill engin andleg bönd hafa; en ef jeg er veikur, þá vill hann einskorða þau bönd svo, að jeg má ekki fara til hvers, sem jeg vil, þó jeg trúi honum betur fyrir lífi mínu og heilsu, því sje hann homöopathi, þá þorir hann ekki að lækna mig, af því hann getur búizt við lögsókn, sektum eða fangelsi í staðinn.

Arnljótur Ólafsson: Það eru að eins fáar athugasemdir, sem jeg vildi gjöra. Þingmaður Snæfellinga vitnaði í lög Ameríkumanna. Jeg efast ekki um, að hann sje þeim kunnugur, en jeg efast um, að hann sje jafnkunnugur lögum hjer á landi, og það liggur þó hverjum þingmanni næst. Í lögum 12. apríl 1878 um skipti á dánarbúum og fjelagsbúum, 1. kap. 1. gr., stendur, að skýra skuli skiptaráðanda tafarlaust frá mannslátinu, og enn fremur, að prestur megi eigi jarða lík, fyr en honum er sýnt «vottorð um tilkynning látsins». Nú þegar tilkynnt er látið, og ef einhver grunur leikur á, að maðurinn hafi dáið voveiflega, þá kemur til skyldu skiptaráðanda að kveðja til hjeraðslækni, og hann á að gjöra uppskurð á líkinu, samkvæmt 10. gr. í erindisbrjefi hjeraðslækna. Svo þar er full trygging fyrir því, að allt sje gjört, sem gjöra skal, ef maðurinn deyr voveiflega. Þingmaður Reykvíkinga hafði það móti frumvarpinu, að sönnun væri ómögulegt að fá. Jeg segi: spámaður mikill er á meðal vor upprisinn.

Þó hafa lögfræðingar vorir verið á öðru máli, bæði uppástungumaður frumvarpsins og fleiri lögfróðir menn í efri deildinni. Vjer vitum um gamlan yfirrjettardómara (Þ. Jónassen), að hann sagði á þingi 1855, að 4 eða 5 mál hefðu komið fyrir landsyfirrjettinn, og að hlutaðeigendur hefðu verið sektaðir í 2 þeirra, svo þá var þó hægt að sanna brot og sekta fyrir. Jeg trúi mjög vel þingmanni Reykvíkinga, en lögfróðum mönnum þó betur. Jeg skal enn fremur vitna til brjefa ráðgjafans til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu í smáskamtamálinu forðum. Ráðgjafabrjefin eru 3, og þar er tekið fram, að eigi skuli mál til búa á hendur samveikislæknum, nema bert sje, að þeir hafi gjört stórskaða, eða lífi og heilsu hafi verið hætta búin. Hjer eru vitni gegn vitnum; en þessi vitni mín eru miklu sterkari. Jeg er ekki mótfallinn breytingu þeirri í sjálfu sjer, sem 1. þingmaður Norður-Múlasýslu hefur stungið upp á, en hún er óþörf, því hið sama er leyft í tilsk. 5. sept. 1794. Jeg byrja nú aptur á efninu. Úr því enginn maður er með lögum skyldaður til að leita læknishjálpar handa sjálfum sjer, þá er það bart, að gjöra þann mann að sakadólg, sem veitir hjálp eptir beiðni manns, ef hann getur, hvort sem sú hjálp er meiri eða minni. Því opt er eigi um annað að tefla, en annaðhvort að deyja drottni sínum, eða þá leita til þess, sem maður nær til, hefur efni á að borga, eða þá treystir bezt að muni geta hjálpað.

Jeg skil ekki, að mean skuli vilja tryggja alla þessa menn með vottorði, því þá tekur stjórnin alla ábyrgðina á sig. Jeg fer t. a. m. til læknis, sem mjer er velviljaður, og fæ hjá honum vottorð, og þarf það vottorð, ef til vill, ekki að vera áreiðanlegra, en einstaka vottorð lækna um heilsuleysi manns hafa reynzt eptir á.

Þorsteinn Thorsteinson: Hinn 2. þingmaður Skagfirðinga finnst mjer leggja hjeraðslæknum allt of þunga byrði á herðar, er hann vill láta þá hafa eptirlit með öllum skottulæknum, þótt hann eptir því, hvernig hann kemur fram á hinn bóginn, mundi fús á að rífka laun þeirra fyrir ómakið. Þar sem þingmaður Barðstrendinga talaði um andlegt frelsi, þá er hjer öðru vísi varið, en að fara frá presti til prests. Hjer er um að ræða, að fara frá lækni til manns, sem ekkert þekkir til að lækna. Jeg veit reyndar, að þeir menn eru til ólærðir, sem hafa hjálpað, en þeir eru mjög fáir, já, svo fáir, að óhætt mun að segja, að ekki finnist einn í hverjum landsfjórðungi, sem í raun og veru má kalla að geti hjálpað. Þeir gjöra það vegna peninga flestir þeirra, eða einmitt þeir lökustu, en hinir betri mikið síður. Jeg sje þörfina á að fá hjálp í þessu efni, og vil gjarnan styðja að því, að bæta úr henni; en peningar eru ekki fyrir hendi til að bæta læknum við. Hið eina ráð virðist mjer, að skottulæknar gangi undir próf, og jafnvel undir tilsögn; ef þeir kunna nokkuð, þá er þeim það innan handar að taka prófið, og maður þarf ekki að óttast strangleika hjeraðslæknanna í þessu efni, að þeir gengju of langt, því með fáum undantekningum munu þeir flestir svo heiðvirðir og rjettsýnir að maður hefur ástæður til að halda, að þeir mundu gjöra rjett í þessu efni. Hvort þessir aðstoðarlæknar á eptir brúka smá- eða stórskamtameðul, er mjer sama, og prófið ætti mest að ganga út á það, hvort þeir þekktu sjúkdómana eða ekki.

Jeg er viss um, að læknar mundu gjöra þetta með gleði, því umdæmi þeirra eru jafnan svo stór, að þeir yrðu fegnir að sleppa við nokkuð af ferðalögunum.

Það er einasta í þeirri von, að breytingaruppástunga í þessa stefnu komi fram og verði viðtekin, að jeg gef mitt atkvæði með, að þetta mál gangi til 2. umræðu.

Því næst var gengið til atkvæða, og var frumvarpinu vísað til 2. umræðu með 20 atkvæðum.

ÖNNUR UMRÆÐA Í NEÐRI DEILD,
á 38. fundi, 8. dag ágústmán.

Breytingartillögur
við frumvarp til laga um lækningar þeirra, er eigi hafa tekið próf í læknisfræði, eins og það var samþykkt af efri deildinni.

a.
Breytingartillaga
frá 4 þingmönnum.

1. grein orðist þannig:

Hverjum manni er heimilt að fást við lækningar, ef hann hefur staðizt próf í því, að einkenna algenga sjúkdóma hjer á landi hjá lækni, er náð hefur fullkomnu prófi í læknisfræði, eða fengið vottorð hans um, að hann hafi sæmilega þekking á slíku. Nú fæst einhver við lækningar, er eigi hefur staðizt próf þetta eða fengið hið lögheimtaða vottorð, og varðar það honum allt að 50 kr. sekt.

Alþingi 30. júlí 1881.
Þorvarður Kjerulf. Þ. Thorsteinson.
Jón Ólafsson. Eiríkur Kúld.

b.
Breytingartillaga
frá 2. þingmanni Skagfirðinga.

Við 2. gr. Öll þessi grein fellur niður, og kemur í hennar stað ný grein svo hljóðandi:

»Nú vill hreppsnefnd útvega sveitinni aukalækni, og skal þá hjeraðslæknirinn skyldur að veita lækni þessum þá tilsögn og leiðbeiningu, sem hann frekast getur í tje látið. Sömuleiðis er hjeraðslæknir skyldur til að aðstoða hreppsnefndir og aukalækna til að útvega byrgðir i hinum einstöku sveitum á hinum algengustu meðulum.

Jón Jónsson.

Benidikt Sveinsson: Jeg sje, að enginn vill taka til máls, og álít jeg það ljósan vott um það, að hin heiðraða deild hafi þá skoðun, að breytingar sjeu að eins til þess að ónýta mál þetta. Það hafa að vísu komið breytingar fram, en með því að uppástungumennirnir eigi fylgja þeim fram, þá verður varla mikið úr þeim, enda er frumvarpið bezt óbreytt, eins og það liggur fyrir, og þannig vil jeg gefa atkvæði mitt með því.

Jón Jónsson: Jeg ætla að leyfa mjer að mæla fram með breytingaruppástungu, sem jeg hef gjört og sem jeg vona að verði frumvarpi þessu heldur til bóta. Jeg benti þegar á það við 1. umræðu, að æskilegt væri, að gjöra skottulæknana, sem svo eru kallaðir, að aðstoðarmönnum hjeraðslækna, svo að þeir yrðu rjettnefndir aukalæknar, og jeg hef ímyndað mjer, að þetta gæti orðið með því móti, sem jeg hef bent á.

Lárus Blöndal: Það lítur út fyrir, að mál þetta ætli að fá góðan byr hjer á þingi, bæði í hinni heiðruðu efri deild, og eins hjer hjá oss, enda er það frá þeirri rót runnið, að eigi situr á lægri lögfræðingum eða alveg ólögfróðum mönnum, að fetta fingur út í það. Jeg er því alveg samdóma hinum heiðraða 2. þingmanni Norður-Múlasýslu í því, að bezt sje að láta hina heiðruðu efri deild hafa heiður eða vanheiður af lagaboði þessu í heild sinni. En hvað breytingartillögur hins heiðraða 2. þingmanns Skagfirðinga snertir, þá fæ jeg eigi sjeð, að þær sjeu til neinna bóta. Eptir þeim á hjeraðslæknirinn að vera skyldur til, að veita öllum skottulæknum á hverri hundaþúfu leiðbeiningu og tilsögn. En af því hinn heiðraði þingmaður eigi gaf í skyn, að hann ætlaði læknum neina þóknun fyrir þessa leiðbeiningu þeirra, þá finnst mjer hart, að gjöra þeim það að skyldu, að kenna öllum þessum grúa af fjölfræðingum, sem árlega sprettur upp í öllum áttum, því það getur

sannarlega orðið handarvik fyrir lækninn. En ef til vill hugsar hinn heiðraði þingmaður eptir að víkja þeim einhverju fyrir ómakið, þegar fjárlögin koma. Jeg vona, að deildin skoði vel huga sinn, áður en hún fellst á þessa breytingartillögu. Einmitt með því að leggja hjeraðslæknum þessar skyldur á herðar, að hafa tilsjón með skottulæknum og leiðbeina þeim, einmitt með þessu kemur hið opinbera ábyrgðinni á sitt bak, og gefur tryggingu, sem í raun og sannleika engin trygging er, og það var einmitt þetta atriði, sem, eins og tekið er fram í brjefi ráðgjafans fyrir Ísland, reið skottulæknalögunum frá alþingi 1879 til fulls, og sem gjörði það að verkum, að þau náðu ekki samþykki konungs. Eins og andi tímans og *«rás viðburðanna»* nú er, ætla jeg það skynsamast og tiltækilegast, að þegja við þessu lagaboði, og láta hina háttvirtu lögfræðinga efri deildar hafa allan veg og sóma af því.

Jón Ólafsson: Af því jeg og nokkrir aðrir þingmenn höfum komið fram með breytingartillögu við frumvarpið, þá verð jeg að mæla henni litla bót, eigi af því, að jeg vonist til að sannfæra hina heiðruðu deild í þessu máli, að því er til aðalefnisins kemur, heldur að eins af því, að jeg ímyndaði mjer, að menn með lögum þessum ætluðu sjer að koma einhverju til leiðar, og til þess þarf, að þau nái samþykki konungs, en það fæst aldrei, ef frumvarpið verður svo hraparlega úr garði gjört, sem það nú er. Það er þó ekki alveg ómögulegt, að samþykki hans kunni að fást, ef þessi breytingartillaga vor er tekin með. En af því jeg hef heyrt, að fáir hafi breytingartillögu þessa fyrir sjer, þá vil jeg biðja hinn háttvirta forseta að gjöra svo vel og lesa hana upp fyrir hinni heiðruðu deild, þegar til atkvæða verður gengið.

Arnljótur Ólafsson: Jeg játa, að breytingartillögur þessara 4 þingmanna eru hyggilegar í sjálfu sjer, en þær verða, ef þær komast á, þröskuldur fyrir því, að frumvarp þetta nái fram að ganga, því að til þess er þingtíminn orðinn of naumur. En jeg vil ekki spá neinu um það, hvort frumvarpið nái staðfestingu konungs, eins og það liggur fyrir, því það mun sýna sig á sínum tíma. Það er heldur ekki nauðsynlegt, að skottulæknar taki þetta próf; því að í því efni er minnst komið undir vottorðinu einu. Jeg hef nýlega talað við aðstoðarlækninn í Dalasýslu, og sagði hann mjer, að það væri laust við það, að aðsókn hefði aukizt að sjer, síðan hann fjekk lækningaleyfið, og hefði það því ekkert aukið álit sitt. Gefur það og að skilja, að landsmenn fara eigi eptir því, hvort maður hefur fengið *«laud»* eða *«haud»* við examensborðið, eins og gildir í raun rjettri um alla embættismenn, að álit þeirra fer meira eptir *reyndinni* en *prófi* því, sem þeir hafa tekið. Tilgangur frumvarpsins er ekki sá, að draga menn frá lærðum læknum og að skottulæknum, og það mun varla heldur vera tilgangur þeirra manna, sem búið hafa til breytingartillögur þessar, en þær ganga þó einmitt í þá stefnu, með því að gefa skottulæknum eitthvert gildi og álit með vottorði þessu í augum annara. (*Halldór Friðriksson*: «Svo?»). Já, því jafnskjótt sem einhver hefur fengið þetta vottorð hjá lækni, þá segir hann náttúrlega: «Jeg er makalaus að þekkja sjúkdóma; komið til mín; jeg þekki einkenni allra sjúkdóma; hjerna er vottorðið, lítið þið á».

Eiríkur Kúld: Það, sem kom okkur til þess, að koma fram með þessar breytingartillögur, var alls ekki það, að draga menn frá því, að leita hinna lærðu lækna, heldur miklu fremur hitt, að gjöra lögin aðgengilegri. Það hefur víða verið fundið að, og kvartanir hafa komið fram yfir því, að skottulæknar spryttu upp eins og fíflar í sólskinsbletti, og það var þetta, sem kom oss til að gjöra breytingartillögur vorar, og koma með þessu í veg fyrir það, að þeir væru á hverri þúfu, án þess menn hefðu nokkra vissu eða trygging fyrir þekking

þeirra; en úr þessu er ekki bætt með frumvarpi því, sem kom frá hinni háttvirtu efri deild. Vjer vildum og einkum með breytingartillögum þessum af stýra þeim málaferlum, sem orðið hafa, einkum hjer á Suðurlandi, út af lækningum. Það getur engin löggjöf bannað, að leita til þess manns, sem hver vill og ber traust til, því þá væri maður ekki lengur frjáls, en breytingartillögurnar fara einungis fram á það, að skottulæknirinn þekki almenna sjúkdóma, og þá er honum innan handar, að fletta upp í bókum hjá sjer og finna meðul, sem við þeim eiga. Jeg get heldur ekki talið það sem gilda ástæðu móti breytingartillögum þessum, að þær verði frumvarpinu til falls, því það er nógur tími til þess, að það gangi aptur til hinnar háttvirtu efri deildar til einnar umræðu, og jeg hygg, að hún muni, eins fyrir þessa breytingartillögu okkar 4 þingmanna, gefa því samþykki sitt, og sjá, að hún einungis er til bóta.

Jón Jónsson: Margar aðfinningar þær, sem hinn háttvirti 1. þingmaður Húnvetninga kom fram með móti breytingartillögu minni, áttu fullt eins vel við breytingartillögu hinna 4 þingmanna. Jeg þarf því ekki sjerstaklega að taka mjer nærri, og játa það fúslega, að uppástunga mín í raun og veru ekki er annað en breytingaruppástunga við tillögu 4 þingmanna. Jeg hef ímyndað mjer, að próf það, er getur um í þessari tillögu, verði annaðhvort til málamyndar eða þá svo örðugt, bæði fyrir hjeraðslækna og fyrir þá, sem undir prófið ætla að ganga, að ákvörðunin um það geti aldrei fengið verulega þýðingu. Leiðbeining sú, sem jeg hef stungið upp á, verður talsvert minni vandkvæðum bundin, og hinum ólærðu læknum fullt eins drjúg og tilsögn sú hjá hjeraðslæknum, er ætti að ganga á undan prófinu eptir tillögu 4 þingmanna. Loksins er það misskilningur, að jeg hef ætlað hjeraðslæknum að segja til öllum þeim læknum, sem þingmaður Húnvetninga gjörir ráð fyrir, þegar hann talar um, að hætt sje við að fá lækni á hverri hundaþúfu. Jeg hef að eins stungið upp á því, að hjeraðslæknar leiðbeindu þeim aukalæknum, sem hreppsnefndin mælir með.

Að því er snertir niðurlag breytingaruppástungu minnar, vil jeg leyfa mjer að taka fram, að vjer þurfum að gjöra eitthvað í þá stefnu, sem þar er bent á. Ekkert skip má fara langferð, hvorki frá þessu landi nje frá öðrum löndum, án þess að hafa byrgðir af hinum algengustu meðulum. Löggjöf og stjórn hefur þannig sjeð um, að ekki vanti meðul á skipum, sem hætt er við að geti ekki um langan tíma náð til læknis, en hjer á landi eru sveitir svo afskekktar, að opt verður ekki komizt frá þeim til annara sveita mánuðum saman. Breytingartillaga mín gjörir nú ráð fyrir, að hreppsnefndin hlutist til um, að nægilegar byrgðir af hinum algengustu meðulum verði til í sveitinni, og að hjeraðslæknarnir aðstoði þá í því.

Þorsteinn Thorsteinson: Jeg er að miklu leyti samþykkur hinum háttvirta 2. þingmanni Skagfirðinga, og líka að nokkru leyti samþykkur breytingartillögu hans, en eitt virðist mjer óeðlilegt í henni, og það er, að skylda lækninn til að gjöra þetta fyrir ekkert. Það er öldungis ónauðsynlegt, að gjöra þeim að skyldu, að útvega hreppsbúum meðul, því eins og jeg tók fram um daginn, hygg jeg, að þeir mundu gjarnan gjöra það sín eigin vegna, því menn vita, að þeir hafa sjálfir lyf og selja þau, og mundu því ekki ófúsir að selja þau hreppsbúum til þess að hafa hag af því. Þar sem hinn háttvirti þingmaður Eyfirðinga sagði, að tilgangurinn með breytingartillögu okkar væri víst ekki sá, að draga frá lærðum læknum, þá var það rjett skilið, því að tilgangurinn var sá, að gefa mönnum tryggingu fyrir því, til hvers menn leituðu, þegar líf og heilsa er í veði, og að hann vissi eitthvað um sjúkdóma og eðli manns; því þessar 60 kr., sem getið er um í frumvarpinu, er engin trygging, þegar líf og heilsa manna er í veði. Þessi próf eiga að vera til þess að sýna, að hjer er þó dálítil kunnátta, en það má alls ekki búast við, að þeir verði full-

komnir. Það er mjög óheppilegt, að hafa það fyrir ástæðu, að þetta verði til að fella málið, að samþykkja breytingartillögur; það væri sama og banna mönnum umræður um málið. Ef hinir háttvirtu þingmenn skoða vel þessa breytingartillögu, þá vona jeg, að þeir fallist á hana. Það er alls ekki meiningin, að öllum sje bannað að fást við lækningar, nema þeim, sem hafa tekið þetta próf, því jeg hef ekkert á móti því, að aðrir gjöri það, ef þeir gjöra það borgunarlaust, en það er óþolandi, að menn hafi það fyrir atvinnu og í gróðaskyni, því dæmi eru til þess, að menn hafa keypt meðalakassa handa sveitarómögum og látið þá græða á því, að selja meðulin, til þess að ljetta á sveitinni; jeg get varla ímyndað mjer, ef hinir háttvirtu þingmenn skoða rjett þessa breytingartillögu, að þeir haldi þeirri meiningu, að með henni sjeu skottulæknar «autoriseraðir», því það er alls ekki gjört með henni.

Magnús Andrjesson: Eitt af því, sem mjer virðist fyrst og fremst þurfa að athuga í þessu máli, er það, hverja breyting líklegt er að frumvarp þetta, ef það nær lagagildi, gjöri á lækningamálum landsins. Það lítur svo út, sem sumir þingmenn óttist, að af því mundi leiða, að skottulæknum fjölgi mikið í landinu. En það er sannfæring mín, að það ekki verði. Það er alkunnugt, að svo langt sem menn vita og muna aptur í liðna tímann, hafa jafnan verið svo að segja í hverri sveit einhverjir þeir menn, er nokkuð hafa kunnað til lækninga, og sjerstaklega verið nærfærnir við sjúklinga og meir eða minna látið þeim í tje ráð og lækningatilraunir. Hjá slíkum mönnum hefur mikill fjöldi sjúklinga notið þeirrar læknishjálpar, er þeim hefur að góðu orðið, enda hefur landið allt til þessa dags ekki verið svo vel skipað prófuðum læknum, að þeim hafi orðið náð, nema með mjög miklum erfiðleikum, og því er þeirra víða ekki leitað nema í sjerstökum tilfellum, þegar einhver sjerleg hætta er búin lífi eða heilsu manna. Eptir því sem mjer er kunnugt, hafa og skottulæknar, þangað til fyrir fáum árum, verið látnir að mestu leyti óáreittir, svo að þau bönd, sem í lögunum kunna að hafa verið í þessu efni, hafa því í reyndinni ekki haft neina þýðingu með tilliti til fjölda skottulæknanna. En nú, síðan lögsóknir hófust gegn þeim, segir hinn háttvirti þingmaður Barðstrendinga, að «þeir spretti upp sem fíflar í sólskinsbletti». Af því, sem jeg nú hef sagt, sjest þá tvennt: *að* fjöldi skottulækna hefur verið og er víðs vegar um landið, *þó* að frumvarp þetta sje ekki orðið að lögum; *að* þeim fækkar ekki, þótt nokkrir þeirra sjeu lögsóttir, og *að* því lítil líkindi eru til, að þeim fjölgi, þótt frumvarp þetta verði að lögum. Það er því hvorki til að fækka nje fjölga skottulæknum, að jeg óska þess, að frumvarp þetta nái fram að ganga, heldur af allt öðrum ástæðum. Fyrst og fremst virðist mjer það eðlilegur rjettur hvers manns, að hann sjálfur ráði mestu um það og hafi sjálfur ábyrgð á því, hverrar læknishjálpar hann vill leita, þá er hann verður sjúkur. Það er óhæfa, að meina þetta nokkrum fullveðja manni með fullu ráði og skynsemi, og það er einnig óbæfa, að banna öðrum að rjetta honum þá bjálparhönd, er hann getur. Í annan stað hef jeg tekið eptir því, að lögsóknir gegn skottulæknum hafa haft óheppilegar afleiðingar bæði fyrir þá sjálfa og embættislæknana. Þær hafa að minni ætlun valdið því, að hvorugir hafa verið látnir njóta sannmælis. Alþýða manna, sem kann því illa, að hún sje neydd til að vitja annars læknis, en þess, er hún óskar, gjörir stundum einmitt af þessari orsök minna úr embættalæknunum, en þeir eiga skilið, og meira úr skottulæknunum, en þeir eiga skilið. Það er opt svo, þegar eitthvað mætir mikilli mótspyrnu, að málið er þá ekki skoðað hlutdrægnislaust eða rólega á báðar hliðar. Þetta hefur einnig mótstöðumenn skottulæknanna hent,

ekki síðnr en aðra. Þeir hafa alls ekki verið vandir að tali um skottulæknana, og þess eru dæmi, að þeir hafa borið út um þá tilhæfulaus og meiðandi ósannindi, eins og ekki alls fyrir löngu, þegar mannskæð umgangsveiki gekk hjer í einu byggðarlagi, og í riti einu, sem þá kom út, var skottulæknum kennt um manndauðann, en óræk vottorð komu síðar fram fyrir því, að þetta var fjarri öllum sanni, og að það þvert á móti vildi svo til, að einmitt þegar smáskamtalæknir kom í sveitina, þar sem veikin var skæðust, ljetti manndauðanum.

Ef frumvarp þetta yrði að lögum, vona jeg, að þessi óeðlilegi «spenningur» milli embættislæknanna og hinna hætti, og að sambandið milli þeirra lagaðist. Jeg er sannfærður um, að það væri heillavænlegast bæði fyrir læknana og almenning, að friður og samkomulag væri milli embættislæknanna og skottulæknanna, svo að þeir stæðu ekki sem óvinir andspænis hverjir öðrum, heldur ynnu í bróðerni, hver sem bezt gæti, að því að lina og lækna mein manna; að hinn lærði læknir leiðbeindi hinum í hvívetna, en að skottulæknirinn reyni aptur að aðstoða hinn í öllu, sem hann getur. Með þessu móti er einnig hægra fyrir embættislækninn að vita um sjerhvað það, er hinn hefst að, þekkja innræti hans og samvizkusemi; og það mun þó vera rjettara og tilhlýðilegra fyrir embættislækninn, að kynna sjer þetta nokkuð, heldur en að hefja ofsókn út í loptið gegn skottulækninum, að eins fyrir þá sök, að hann fæst við lækningar. Ef slík ofsókn hittir þann, sem engan hefur skaðað með lækningatilraunum sínum, svo að menn viti, eða hafi ástæðu til að gruna, en sem hefur einlægan áhuga á að lina böl meðbræðra sinna, og vandar, sem bezt hann getur, allar lækningatilraunir sínar, og er ekki sólginn í svívirðilegan ávinning, þá vil jeg skjóta því til rjettlætistilfinningar hvers manns, hvort sú ofsókn eigi vel við eða muni hafa heillavænlegar afleiðingar. En jeg ætla mjer ekki á þessum stað að dæma um, hvort þetta hafi átt sjer stað.

Þar sem það hefur verið sagt, að sveitarómagar og aðrir slíkir menn yrðu skottulæknar, þá er þetta svo fjærri sanni, sem framast má verða, alstaðar þar, sem jeg þekki til. Það vill svo til, að jeg þekki nokkuð til flestra skottulækna í 4 sýslum hjer sunnanlands, og jeg hika ekki við að segja, að þeir allir, sem nokkuð kveður að í þeim efnum, eru heiðarlegir og vel metnir menn. Margir þeirra eru meðal merkustu bænda eða kvenna í sinni sveit, og í fjelagi sínu eru þeir taldir, eins og jeg sagði, heiðarlegir, greindir og góðgjarnir menn. Prófastar, prestar, hreppstjórar, hreppsnefndarmenn, og stundum konur þeirra og aðrir merkir menn, þetta eru skottulæknar Íslands, þeir er nokkuð kveður að sem læknum, en mjög fáir, ef þeir eru nokkrir, sem sagt verður um, að þeir sjeu sveitarómagar eða nokkur ómenni. Þetta er jeg svo sannfærður um að er satt, að jeg þori vel að skjóta því undir dóm almennings, hvort ekki sje svo. Með þessu er þó ekki sagt, að allir skottulæknar sjeu jafngóðir eða jafnmerkir sem læknar. Því fer fjærri. En merkilegt er það, að lögsóknirnar eru sízt hafnar gegn þeim skottulæknum, er minnsta hafa menntun og minnst þykir í varið, heldur einmitt hinum beztu þeirra. Frá læknanna hálfu var gjörð ýtrasta tilraun til, að þeir sjera Magnús á Grenjaðarstað og sjera Þorsteinn á Hálsi yrðu lögsóttir fyrir lækningar, en það var stjórninni að þakka, að því varð ekki framgengt. Þetta var þó reynt að gjöra við þá menn, er flestir munu viðurkenna að voru bæði góðir menn og ágætir læknar, og eru fleiri dæmi slíks. Jeg tek það upp aptur, að ef gott samkomulag er á milli embættislækna og skottulæknanna, þá er það bæði sjálfum þeim og öðrum til góðs, og jeg vona, að frumvarp þetta geti haft það í för með sjer,

verði það að lögum, þar eða það friðar skottulækna, svo lengi sem ekki er nein ástæða til að ætla, að þeir hafi gjört einhverjum mein, og veldur því, að alþýða manna skoðar athafnir og aðgjörðir bæði embættalæknanna og skottnlæknanna með meiri rósemi og stillingu en áður. Eptir því sem hagar til hjer á landi, getur almenningur ekki án skottulækna verið. Til þess eru mikils til of fáir embættislæknar, og meðan svo stendur, er það skylda lækna anna að nota sem bezt þeir geta, alla þá krapta, er bjóðast þeim til aðstoðar í lækningum. Þetta hafa og nokkrir hinir merkustu læknar sjeð og reynt, t. d. Hjálmarsen, sem hafði einmitt haft skottulækna sjer til aðstoðar, leiðbeint þeim og látið þá hafa nokkur hin helztu meðul (*Jón Ólafsson*: Nei). Jeg skil ekki, að hinn háttvirti þingmaður viti þetta betur, en kona hans og dóttir, sem sjálfar hafa sagt mjer það. Hið sama var og um Skúla sáluga Thórarensen. Jeg þekkti að minnsta kosti einn skottulækni, er stóð í líku sambandi við hann eins og hinir, er jeg áður nefndi, við Hjálmarsen.

Það er breytingaratkvæðin snertir, þá skal jeg játa, að breytingaratkvæði hinna fjögra þingmanna fer mjög vægilega og frjálslega í málið. En þó er jeg hræddur um, að það muni ekki vera til neinna bóta. Meðan lærðu læknarnir standa sem eins konar málspartar gagnvart skottulæknunum, þá er hætt við, að hinum síðar nefndu yrði erfitt að fá vottorð það hjá lækni, sem hjer ræðir um, nema ef skottulæknirinn væri í einhverjum sjerlegum kunningsskap við einhvern lækni; en þá er aptur óvíst, hvort vottorðið yrði fullkomlega áreiðanlegt. Og yfir höfuð hygg jeg, að það hefði litla þýðing. Hinum, sem ekkert vottorð hefðu, yrði ekki heldur aptrað frá lækningum. En vottorðið gæti þó valdið því, að skottulæknirinn yrði ef til vill djarfari en ella, þegar hann þannig hefur fengið eins konar löggilding, og hefur fyrir engum ábyrgð, nema samvizku sinni; því þó að þetta sje jafnan mikilsvert og nóg, þegar samvizkusamur maður á í hlut, þá getur þó hugsazt, að einhver sá maður taki að fást við lækningar, er djarftækari yrði í lækningatilraunum sínum fyrir þetta próf, sem þó væri ekki hvort sem er nema til málamyndar. Jeg vil ekki ala upp í skottulækninum neitt lærdómsdramb, en til þess gæti vottorðið orðið, heldur er einmitt áríðandi, að hann finni sífellt til þess, að þekking hans er ófullkomin og að hann þarf að fara varlega. Af þessum ástæðum ætla jeg að gefa atkvæði mitt með frumvarpinu óbreyttu, enda mundi sjerhver breyting, sem úr þessu yrði á því gjörð, valda því, að það ekki kæmist fram á þessu þingi.

Arnljótur Ólafsson: Jeg gleymdi alveg áðan að tala um breytingartillögu hins heiðraða 2. þingmanns Skagfirðinga, og það er þó ótilhlýðilegt, að ganga fram hjá jafn-athugaverðri breytingartillögu. Jeg vil nú leyfa mjer að bera upp nokkrar spurningar. Jeg veit ekki almennilega, hvað meint er með orðinu «aukalæknir»; líklega einhver annar læknir en hinn setti hjeraðslæknir í umdæminu, hvort sem þessi aukalæknir er lærður eða ólærður, rjettur læknir eða skottulæknir. Mikil skylda er nú hjeraðslækninum lögð á herðar, ef hann á að veita öllum skottulæknum alla þá tilsögn, sem hann «*frekast getur*». En þá kemur enn fremur sú skylda, að hann á að hjálpa hreppsnefndum og aukalæknum um byrgðir af algengum meðulum. Nú kemur t. d. aukalæknir og segir við lækninn: «Jeg þarf að fá byrgðir af meðulum. Jeg kemst ekki af með minna en klyfjaðan hest af búkhreinsandi meðulum og annan af uppsölumeðulum o. s. frv.; útvegaðu mjer þetta; þú ert skyldugur til þess. En jeg hef enga peninga; þú verður að lána mjer meðulin, þangað til seinna». Jeg veit ekki, hvort hinn heiðraði

2. þingmaður Skagfirðinga hefur gjört sjer þetta ljóst. En svo kemur nú annar hanki. Í hvaða sambandi ætli breytingartillaga hins háttvirta þingmanns standi við frumvarpið sjálft? Engu. Hún gengur alveg í gagnstæða stefnu. Breytingartillaga hans ætti að vera þáttur úr *lækningalögum*, en frumvarpið sjálft er þáttur úr *hegningarlögum*, nefnilega, að eins og manni eigi varðar við lög, þótt hann leiti hjálpar einhvers, þannig sje heldur eigi saknæmt að fremja þá kristilegu skyldu, að hjálpa honum. Allir þessir viðaukar, bæði breytingartillaga þeirra 4 þingmanna og eins breytingartillaga hins heiðraða 2. þingmanns Skagfirðinga fara í allt aðra stefnu en frumvarpið sjálft. Þær miða til að lögbelga skottulækna eða á útlendu máli sagt: «autorisere Quaksalveriet», og þær eiga því alls ekki hjer við, þótt þær sjeu af góðum toga spunnar, því frumvarpið er að eins lítil breyting á hegningarlögunum. Jeg tek þetta fram, svo að menn eigi gefi atkvæði í þessu af misskilningi. Jeg er samdóma hinum heiðraða 2. þingmanni Árnesinga í því, að jeg þekki engan flæking, er fæst við lækningar. Það eru mest prófastar, prestar, góðir bændur og meðalbændur, er við það fást. Hreppstjórar taka mest blóð. Jeg get sem sagt eigi sjeð, að breytingartillögurnar eigi við frumvarpið. Það er eigi mín meining, að vilja setja neinn helgiblæ á skottulækningar. Allur stórskaði, sem gjörður er með lækningum skottulæknanna, kemur undir hin almennu hegningarlög.

Benidikt Sveinsson: Hinn háttvirti 1. þingmaður Eyfirðinga hefur sagt það, sem jeg ætlaði að koma fram með. Að frumvarpið nái eigi staðfestu, getur enginn sagt. Breytingaruppástungurnar við frumvarpið ganga út á að viðurkenna skottulækna, og þar af flýtur náttúrlega og eðlilega ábyrgð hins opinbera. Sjálft frumvarpið er alveg «negativt»; það fer að eins fram á, að enginn lendi fyrir hegningardómi, nema sá, sem sannað verður upp á, að hann hafi gjört skaða með lækningatilraunum sínum. Með öðrum orðum, að einn maður megi í lagaleyfi leita annars, og sá í lagaleyfi veita honum alla þá hjálp, sem hann getur. Þetta er alveg samkvæmt anda og grundvallarreglu hegningarlaganna, og samkvæmt helgi mannlegs frelsis. Það dugar ekki að hugsa sjer hegningu án skilyrðis. Það væri þó sannarlega skrítið, ef konungur gæti eigi staðfest þetta lagafrumvarp. Stjórnin veit, að dómar, sem hafa hegnt mönnum fyrir það, að þeir hjálpuðu bágstöddum sjúklingum, sem leituðu þeirra, hafa vakið almenna gremju og óánægju um allt Ísland. Frumvarpið er komið fram af nauðsyn tímans og kringumstæðanna hjer á landi, og sönnunin fyrir því er einmitt sú, að frumvarpið er komið frá æðsta dómara landsins, sem þannig hefur fundið, hve óvinsælar og gagnstæðar almenningsáliti þær reglur eru, sem hann, þó ótrúlegt sje, hefur sjeð sig knúðan til að halda fram í þessu efni. Jeg vona fastlega, að frumvarp þetta muni fá lagagildi, ef það nær að ganga óbreytt, eins og það er, gegnum hina heiðruðu deild.

Jón Ólafsson: Jeg skal taka það fram, að jeg alls eigi held á móti *homöopöthum* eða homöopathíu. Jeg hef ekki þekkingu til að dæma um gildi lækninga-aðferða. Jeg er líka of vandabundinn *homöopöthum* til þess að tortryggja, að fræði þessi sje með heppni stunduð af mörgum samvizkusömum mönnum, þar sem faðir minn var homöopathi og talinn heppinn læknir. En jeg vil ekki láta hvern fúskarann hafa læknisleyfi, og þess vegna kom jeg fram með þá breytingartillögu, að skottulæknum yrði gjört að skyldu, að fá vottorð hjá viðkomandi hjeraðslækni um, að þeir þekki hina almennustu sjúkdóma, því þekking á sjúkdómum (*Diagnose*) hlýtur að vera sú sama í *homöopathiunni* og *allopathiunni*; og hvernig á nokkur að lækna, nema hann viti, *hvað* það er, sem hann á að lækna? Hitt er annað mál, með hverju hann læknar. Hinn heiðraði 2. þingmaður Árnesinga og hinn háttvirti 1. þingmaður Eyfirðinga voru samdóma í því, að þeir þekktu eigi til, að aðrir en góðir, menntaðir og dugandi menn hefðu fengizt við skottu-

lækningar. Það er meira en jeg get sagt, því jeg hef jafnvel heyrt getið um dæmi þess, að hreppsnefnd hefur sent hreppsómaga til *homöopatha* til þess að láta hann læra af honum, svo að hann síðar gæti varið sig sveit með meðalasölu og lækningum sínum. Einmitt þess konar vill breytingartillaga mín fyrirbyggja; hún vill fyrirbyggja, að þessir fúskarar, sem vaxa eins og gorkúlur á hverri hundaþúfu, hafi leyfi til að leika sjer með líf og heilsu manna, hve aumlega sem þeir kunna að vera að sjer. Margir *homöopathar* þekkja ekkert útlent mál svo til hlítar, að þeir geti lesið bækur á því, og, eins og allir vita, er engin bók til um *homöopathiskar* lækningar á íslenzku. Jeg skal leyfa mjer að segja eitt lítið dæmi: Jeg hef sjálfur sjeð forskript (*Recept*) eins *homöopatha* til lærisveins síns, þar sem hann segir: «Um *Dietina* þarf jeg ekki að tala; það getið þjer sjálfur sjeð í lækningabók þeirri, sem þjer fenguð hjá mjer, en hvað «*lefmóðinn*» (!) við víkur, þá má barnið ekki jeta súrt, salt» o. s. frv. Annað eins og þetta sjer nú hver heilvita maður að er alveg óbrúkandi. Það er misskilningur, þegar hinn háttvirti þingmaður Eyjafjarðarsýslu og þeir, sem honum fylgja, segja, að við með þessari breytingartillögu *autoriserum* skottulækna; frumvarp þeirra *authoriserar* þá hvern mann á landinu sem skottulækni (*Arnljótur Olafsson*: Frumvarpið er *negativt*, breytingartillagan *positiv!*). 1. þingmaður Eyfirðinga segir, að frumvarp sitt sje *negativt*. Já, það er *negativt* í formi, en *positivt* að innihaldi, það *autoriserar* hvern einasta strák á öllu Íslandi til þess að vera skottulæknir. Hinn háttvirti 2. þingmaður Norður-Múlasýslu sagði, að enginn gæti sagt, að þetta frumvarp yrði eigi staðfest. Hann fær nú sjálfur að reyna það síðar meir. Hinn háttvirti 2. þingmaður Árnesinga sagði, að Hjálmarsen sál. hefði haft skottulækni í hverju hjeraði í umdæmi sínu sjer til aðstoðar, og eigi kært þá, heldur leiðbeint þeim; en jeg verð að segja honum, að þetta er ranghermt; hann hefur víst miklu fremur kært skottulækna í umdæmi sínu fyrir landlækni. Jeg vil að lokum enn aptur taka það fram, að breytingartillaga okkar er alls eigi stýluð fremur móti homöopöthum, en allopöthum; hún er eingöngu stýluð móti fáfræðinni, vanþekkingunni, óhæfileikanum!

Þórarinn Böðvarsson: Jeg vil leyfa mjer að taka fram, af hverjum toga frumvarp þetta muni vera sprottið, og er það einkum sprottið af málssóknum gegn skottulæknum nú á síðari árum. Þess vegna er það og tilgangur frumvarpsins, að koma í veg fyrir þessar málssóknir gegn þeim mönnum, sem eigi hafa gjört skaða, heldur þvert á móti gagn. Það hefur opt borið við, bæði fyr og nú, að skottulæknar hafa tekið við sjúklingum, sem hinir lærðu læknar hafa árangurslaust verið búnir að reyna sig á, og læknað þá; þannig hefur það verið bæði á Norðurlandi og Vesturlandi, en jeg þekki minna til þess á Suðurlandi. Samkynja mál og þetta kom fyrir þingið 1879, og þá var það jeg, sem sagði, að það væri eina ráðið að hætta að hegna mönnum fyrir lækningar, nema þeir gjörðu skaða með þeim. Jeg vil, að frumvarpið megi haldast óbreytt, eins og það kom frá efri deildinni, því að þó að jeg engan veginn geti skoðað það annmarkalaust, þá er það þó betra en breytingaratkvæðið. Hvað breytingartillögu hins háttvirta 2. þingmanns Skagfirðinga snertir, þá get jeg ekki skilið, að nokkur þingmaður samþykki slíkt. Hinn háttvirti þingmaður Eyfirðinga hefur orðið harðorður og gamansamur um hana, svo að ekki er á það bætandi. Það eru einnig svo óeðlilegar ákvarðanir, að ef einhver hreppsnefnd vill hafa skottulækni í hrepp sínum, þá sje læknirinn skyldugur að kenna honum, svo sem hann getur *frekast í tje látið*. Aðrar eins ákvarðanir og þetta geta ekki staðizt í neinum lögum; orð þessi eru allt of óákveðin og yfirgripsmikil til þess. Breytingartillögur hinna 4 háttvirtu þingmanna eru af góðum toga spunnar, en þær spilla málinu, því þær miða að því, að gjöra eigi

að eins skottulækningar löghelgar, heldur og allan skaða, sem af þeim getur orðið; hann er þá jafnhelgur og sá skaði, sem lærðir læknar kunna að gjöra mönnum. Jeg vil leyfa mjer að benda á, hvort þeir hinir háttvirtu þingmenn, sem komu fram með breytingartillögurnar, hafi athugað það, hvernig 1. grein kemur saman við 2. grein frumvarpsins, því að minni hyggju er það sama tekið tvisvar upp. Jeg vil eigi fjölyrða meir um þetta mál að sinni, en mæli með, að taka frumvarpið óbreytt, eins og það liggur fyrir.

Guðmundur Einarsson: Þetta mál er nú orðið nokkurn veginn fullrætt, og skal jeg því vera sem stuttorðastur. Af reynslu er jeg alveg samdóma hinum háttvirtu þingmönnum, sem talað hafa með þessu máli, 1. þingmanni Eyfirðinga, 2. þingmanni Árnesinga, 2. þingmanni Norður-Múlasýslu og varaforseta, og skrifa jeg hátíðlega undir það, sem þeir sögðu. Jeg veit, að fyrir vestan eru það heiðvirðir karlar og konur, sem fást við slíkar lækningar, og það er hrein og klár gryla að segja, að sveitarómagar sjeu látnir fást við slíkt til að ljetta á sveitinni, því þótt það kynni að hafa borið við einhvern tíma, þá er slíkt langt frá því almennt. Þessi lög miða einungis til þess, að heimila mönnum að veita læknishjálp, án þess að þeir þurfi að sæta sektum fyrir það, ef þeir engan skaða gjöra. Ef breytingartillögur þær, sem fram hafa komið, kæmust á, yrði það til að fella frumvarpið og spilla því. Jeg mæli því mjög fram með því, að frumvarpið verði samþykkt, eins og það er.

Þorvarður Kjerulf: Það er þýðingarlítið að tala í þessu máli, því deildin er eins og í fleiri málum þegar búin að ákvarða sig áður. Breytingartillaga okkar fer að eins fram á, að tryggja þekking þessara manna, og þar af leiðandi heilsu manna. Jeg skil ekki heldur, að *homöopathar* vilji heldur hafa sektaróttann yfir höfði sjer, en fá þetta leyfi. Það lítur og nær því svo út hjá andmælendum þessa breytingaratkvæðis, sem þessi fræðigrein, sjúkdómsfræðin, sje önnur í *homöopathiu* en *allopathiu*. Enn fremur verð jeg þó að ætla, að ef þeir hafa þessa miklu þekkingu, sem menn segja, mundi þeim veita mjög ljett, að fá þetta vottorð, en ef þeir þekkja sjúkdóminn, þá gefur að skilja, að það er hægra fyrir þá að fletta upp í bókunum og sjá, hvaða meðal á við þennan og þennan sjúkdóm, heldur en að finna sjúkdóminn eptir meðulunum. Svo vil jeg geta þess, að jeg er þess fullviss, að samkomulagið mundi, ef þetta breytingaratkvæði kemst að, verða miklu betra milli lærðu læknanna og ólærðu læknanna, en verið hefur, og stjórnin heldur samþykkja það, en þess er mjer engin von, ef það fer svona lagað frá þinginu.

Halldór Kr. Friðriksson: Það er einkum út af orðum hins hártvirta 2. þingmanns Árnesinga að jeg ætla að tala fáein orð. Það er sannarlega mikill munur á, hvort skottulæknar eru að fást við lækningar eptir sínum eigin grillum, eða læknirinn segir við þá: «Farðu og gjörðu þetta». Hann vitnaði til 2 lækna, sem hefðu notað skottulækna sjer til aðstoðar; þetta getur vel verið, en það er sannarlega allt annað, þó læknirinn hafi einhverja áreiðanlega menn til að sjá um, að fyrirskipunum sínum sje fylgt, heldur en að skottulæknarnir sjeu að lækna upp á sitt eindæmi. Læknarnir geta sjaldnast verið yfir sjúklingunum. Það er naumast auðið, að þetta frumvarp nái samþykki stjórnarinnar, þar sem það er skylda hennar að útvega landinu lækna og hið opinbera kostar miklu fje til þeirra, því að frumvarp þetta fer í gagnstæða átt. Jeg get ekki sjeð, hvernig þingdeildin getur gjört sig kunna að því, að semja slíkt frumvarp, og gefa þannig hverjum sveitarómaga heimild til að lækna upp á sitt eindæmi; það er sannarlega að nota tímaun eigi, svo sem vera ber, að semja og ræða slíkt. Hvort skottulæknar hafi nokkurn tíma gjört gagn, það veit jeg ekki, en hitt er mjer kunnugt eptir sögn sjálfra læknanna, að þeir hafa stundum gjört skaða, og hindrað menn frá

að leita hinna reglulegu lækna, sem hefðu getað bjargað þeim, þangað til í ótíma var komið. Um breytingartillögu 2. þingmanns Skagfirðinga skal jeg ekki tala; hún er hún að fá sinn dóm, en að því er breytingartillögur 1. þingmanns Norður-Múlasýslu snertir, þá sje jeg ekki annað, en þær sjeu heldur til bóta, og það er hreinn misskilningur, að þær gefi skottulæknum lækningaheimild, því að eptir því verða þeir aldrei nema aðstoðarmenn læknanna.

Holgeir Clausen: Jeg skal ekki neita því, að jeg í þessu máli er alveg samdóma hinum háttvirta þingmanni Reykvíkinga, og hendir mig það þó ekki opt. Hinn háttvirti 1. þingmaður Gullbringusýslu og þingmaður Dalamanna tók fram, að menn gengju frá hinum lærðu læknum til skottulæknanna og fengju hjá þeim bót meina sinna. Þetta getur satt verið, að það komi fyrir, því enginn er svo fullkominn, að honum geti ekki skjátlazt, en hvað opt hafa menn ekki dæmi upp á, að menn hafa komið mjög illa útleiknir frá skottulæknum til hinna reglulegu hjeraðslækna? Jeg þekki til, að maður kom til skottulæknis, og spurði hann manninn, hvar hann ætti að fá öl. Það stæði þarna í bókinni, að við þessu ætti öl, en bókin var þýzk, og hjelt hann, að orðið *Oel*, sem þýðir *olía*, væri öl; svona er nú þekkingin, og svona skilja þeir nú bækurnar, sem þeir eru að fara með. Það getur vel verið, að margir heiðarlegir menn stundi skottulækningar, en það eru líka margir óheiðarlegir. Jeg hef reynt að sjá tilganginn með þessu frumvarpi, en ekki getað fundið hann, því jeg get ekki trúað því, að nokkur sje fæddur læknir, prestur eða lagamaður; ef svo væri, þá þyrftum við enga skóla, en þetta frumvarp er gripið úr lausu lopti. Menn vita, að margir sjúkdómar eru sóttnæmir og «*snikjandi*»; ætli menn væru þá ánægðir með, að láta skottulækna fást við þá, sem þeir ekkert þekkja til. Jeg er ekkert á móti, að þeir lækni borgunarlaust, en að þeir taki borgun fyrir það og hafi það til að græða á því, það finnst mjer ópolandi.

Magnús Andrjesson: Jeg held, að hinn háttvirti þingmaður Reykvíkinga hafi skilið orð mín nokkuð öðruvísi en jeg meinti þau. Jeg ætlaði mjer að segja, hvort sem mjer hefur tekizt, að gjöra það skiljanlegt, að það væri eðlilegast og happsælast, að lækningar væru eins og samvinna milli hinna lærðu lækna og skottulæknanna. Það var ekki meiningin, að þeir menn, sem jeg nefndi, Skúli og Hjálmarsen, hefðu ætíð sagt skottulæknunum, hvað þeir skyldu gjöra, og hvað ekki, og að skottulæknarnir aldrei hefðu læknað án leiðbeiningar og tilsagnar þeirra. Það var svo langt á milli þeirra og læknisins á stundum, að það hefði ekki verið auðið að koma því við. Embættislæknirinn sat t. a. m. í Landeyjum, en skottulæknirinn var í Hrunamannahreppi. Þar næst sagði hann, að það væri mótsögn, að samþykkja þetta frumvarp, þar sem landið kostaði svo miklu til lækna. Þetta finnst mjer engin mótsögn. Mjer finnst engin mótsögn í því, að hið opinbera af annari hálfu annist um, að til sje í hverju hjeraði læknir, sem trygging er fyrir að hafi læknisfræðislega þekking og gefi mönnum kost á læknishjálp hans, en í annan stað komi þó í veg fyrir, að nokkur sje neyddur til að leita lækninga einhvers tiltekins manns, þegar hann vill heldur leita hennar hjá öðrum. Mjer finnst eðlilegast, að landsstjórnin geti sagt við landsbúa: «Þarna hafið þið lækna, sem sjeð hefur verið um að hafi löggboðna þekking. Notið þið þá sem bezt þið getið ykkur til góðs. En ef þið viljið eiga undir því, að nota heldur aðra, þá er ykkur það sjálfrátt. Það er á ykkar ábyrgð». Þótt skottulæknar sjeu margir, og þótt þeir eptir minni sannfæringu gjöri mikið gagn, þá álít jeg hina nauðsynlega fyrir það. Það koma mörg sjúkdómstilfelli fyrir, sem engum er fært við að fást, nema lærðum og æfðum lækni, og sem enginn skottulæknir er svo djarfur að eiga við. Þannig er t. d. um marga þá sjúkdóma, er heimta handlækningar (*chirurgiskar operationir*). Þetta játa jeg. En þá vona jeg

einnig, að hinn háttvirti þingmaður Reykvíkinga játi líka hitt, að það er næstum óþolandi ófrelsi, að sjúklingur, sem um langan tíma er búinn að reyna, og reyna til hlítar, að fá lækning hjá hjeraðslækni sínum, að hann skuli þá með engu móti mega flýja eitthvað annað, ekki mega leita þess manns, sem hann þráir eptir að reyni við sig og hann hefur traust til, og að hinum sje meinað að rjetta honum hjálparhönd, eða sektaður að eins fyrir að reyna þetta, og engu síður fyrir það, þótt honum takist að lækna sjúklinginn. Þetta er óþolandi, og það því fremur, sem þeir menn eru til einnig meðal hinna lærðu lækna, er ekki eru alls kostar reglusamir, og eins og auðvitað er, þá er einnig þekking þeirra mjög misjöfn, og er mjer nær að halda, að til hafi þeir verið meðal þeirra, er ekki hafi stórum tekið fram sumum skottulæknum í læknisfræðum. Slíkt á sjer stað í fleiri fræðigreinum en þessari. Þingmaður Reykvíkinga hefur ekki tekið próf í lögfræði, þó er mjer nær að halda, að honum takist allt eins fimlega að verja eða sækja mál fyrir rjetti eins og sumum prófuðum málsfærslumönnum, og ekki mundi hann þurfa að lesa mjög lengi læknisfræði til þess, að hann einnig í þeirri grein gæti orðið að liði, og svo er um fleiri menn, sem hafa góðar gáfur og einlægan vilja. Það er óneitanlegt, að komið getur það fyrir, að einhver sá taki að gefa sig við lækningum, er ekki ætti það að gjöra; en jeg skil ekki annað, en þjóðinni sje það ætlandi, að greina slíka menn frá hinum, og það því fremur, sem hjer á landi er miklu hægra en í öðrum löndum, að þekkja hvern einstakan mann, vita hvernig á honum stendur, og hvort það er heiðarlegur maður, sem að minnsta kosti verði treyst til að gjöra eptir því, sem hann bezt getur og hefur vit á. Að meina mönnum slíkt, er eitt ærið til þess, að mæla með frumvarpinu. Það er því sannfæring mín, að agnúar þeir, er á því kunna að vera, að lögleiða lækningafrelsi á þann hátt, sem hjer er ráð fyrir gjört, sjeu eins og hverfandi stærð í samanburði við gagn það, er það hefur í för með sjer, og mjer liggur við að segja nauðsynina, sem á því er, eptir því sem á stendur.

Þegar hjer var komið umræðunum, óskuðu 8 þingmenn:

Lárus Blöndal,
Halldór Friðriksson,
Tryggvi Gunnarsson,
Arnljótur Ólafsson,
Þorvarður Kjerulf,
Holgeir Clausen,
Guðmundur Einarsson,
Þorlákur Guðmundsson,

að þeim væri hætt, og var það samþykkt.

Síðan ljet forseti ganga til atkvæða og var:

Breytingaratkvæði 4 þingmanna við 1. grein frumvarpsins felld með 13 atkvæðum gegn 8.

Breytingaratkvæði 2. þingmanns Skagfirðinga fellt með 17 atkvæðum gegn 2.

1. grein frumvarpsins samþykkt með 16 atkvæðum.

2. grein frumvarpsins samþykkt með 18 atkvæðum.

3. grein frumvarpsins samþykkt með 17 atkvæðum.

Frumvarpinu var vísað til 3. umræðu með 18 atkvæðum gegn 4; var nafnakall við haft og sögðu þessir

Já:

Eiríknr Briem,
Magnús Andrjesson,
Arnljótur Ólafsson,
Benidikt Sveinsson,
Egill Egilsson,
Eiríkur Kúld,
Friðrik Stefánsson,
Guðmundur Einarsson,
Jón Jónsson,
Lárus Blöndal,
Ólafur Pálsson,
Tryggvi Gunnarsson,
Þórarinn Böðvarsson,

Þórður Magnússon,
Þorkell Bjarnason,
Þorlákur Guðmundsson,
Þorsteinn Jónsson,
Þorvarður Kjerulf.
Nei:
Halldór Friðriksson,
Holgeir Clausen,
Jón Ólafsson,
Þorsteinn Thorsteinson.

ÞRIÐJA UMRÆÐA Í NEÐRI DEILD,
á 43. fundi, 11. dag ágústmánaðar.

Með því að enginn tók til máls, bar forseti frumvarpið upp til atkvæða, og var það samþykkt með 16 atkvæðum gegn 3. Kvað forseti það nú mundu verða sent til landshöfðingja sem lög frá alþingi.

XVIII.

Umsjón og fjárhald kirkna.

Frumvarp til laga um, að söfnuðir taki að sjer umsjón og fjárhald kirkna. Frá þingmanni Norður-Þingeyinga. Frumvarpið er prentað í fyrri parti alþingistíðindanna, bls. 71—72.

FYRSTA UMRÆÐA Í EFRI DEILD,
á 8. fundi, 14. dag júlímánaðar.

Flutningsmaður (*Benidikt Kristjánsson*): Jeg álít, að þess gjörist ekki þörf að svo stöddu, að mæla með þessu frumvarpi, af þeirri ástæðu, að það er því nær óbreytt frá því frumvarpi, er lagt var fyrir alþingi 1879. Það er að eins í einu litlu atriði, sem hjer er vikið frá frumvarpinu í hitt eð fyrra.

Stefán Eiríksson kvað frumvarp þetta gott að því leyti, að það gæfi söfnuðunum, ef þeir annars vildu, rjett til, að taka að sjer umsjón og fjárhald kirkna. Í hitt eð fyrra kvaðst hann annars hafa verið á þeirri skoðun, eins og sumum deildarmönnum væri kunnugt, og sömu skoðun hefði hann enn, að söfnuðirnir hefðu engan hag af að taka þetta að sjer, ef kirkjunum fylgdi eigi nema ljóstollur, offur og tíund. Þó kvaðst hann mundu geta gefið þessu frumvarpi atkvæði sitt, þar sem það væri svo höglega samið, og söfnuðunum stæði hjer til boða það frelsi, að hafa á hendi forráð kirkna sinna, ef þeir annars vildu sinna þessu frelsi. Af þessum sökum kvaðst hann vera málinu hlynntur, án þess þó að hann sæi, að í þessu væru nokkrar framfarir fyrir kirkjuna, eða hagsmunir fyrir söfnuðina. Í frumvarpinu stendur: «Nú er kirkja í skuld við forráðamann sinn, og úttektarmenn gjöra álag á hana, og skal þá forráðamaður hennar eigi að síður greiða álagið; en úttektarmenn meta, að hve mikln leyti skuldina skuli endurgjalda af tekjum kirkjunnar eptirleiðis». Þessi ákvörðun: «að úttektarmenn skuli gjöra út um, að hve miklu leyti skuldina skuli endurgjalda», finnst mjer ekki sem heppilegust; jeg vil heldur, að sóknarnefndirnar hafi þetta á hendi. Sama er að segja um það, þegar lán hefur verið tekið af almanna-fje, þá eru það, eptir frumvarpinu, úttektarmennirnir, sem eiga að meta, hvernig greiða skuli það, sem ógreitt er af vöxtum og afborgun. Þetta vil jeg einnig að sóknarnefndirnar gjöri,

og get því í þessn tilliti eigi verið samþykkur frumvarpinu, eins og það er nú orðað. Ef uppástungumaður vill koma sjer saman við mig um ýmsar smábreytingar á frumvarpinu eða laga það fyrir 2. umræðu, mun jeg sjálfsagt geta gefið því atkvæði mitt.

Pjetur Pjetursson: Yfir höfuð virðast mjer ákvarðanir þessa frumvarps vera mjög skynsamlegar. Þær miða til þess, að glæða safnaðarlífið og geta því stutt að því, að koma söfnuðunum til að hafa kirkjur sínar sómasamlega útlítandi. Jeg er alveg samdóma þingmanni Austur-Skaptfellinga, að rjettara sje, að sóknarnefndirnar meti, að hve miklu leyti skuldina skuli endurgjalda af tekjum kirkjunnar eptirleiðis, er kirkja er í skuld við forráðamann sinn, og úttektarmenn gjöra álag á hana, heldur en að þetta mat sje falið úttektarmönnum. Í frumvarpinu er sagt, að «þá er sóknarnefnd hefur tekið við fjárhaldi kirkju, skuli skoðunarlaun kirkju og kirkjureikninga niður falla». Út af þessum orðum vil jeg spyrja flutningsmanninn, hvort það sje meiningin, að visitatiur prófasta skuli afnumdar, því ef svo er, þá get jeg með engu móti gefið þessu atkvæði mitt. Visitatiur prófasta vil jeg með engu móti missa, því eins og það er eðlilegt, að endurbætur komi neðan að, frá söfnuðunum sjálfum, eins eru skoðunarferðir prófasta nauðsynleg trygging fyrir því, að kirkjunum sje sómasamlega við haldið, og þá er sjálfsagt, að prófastur fái lögboðin laun fyrir ferðir sínar. Jeg vona, að flutningsmaður skýri frá því, hvort það sje meining, að af nema skuli visitatiur prófasta, því ef svo er, þá get jeg ekki samþykkt það.

Flutningsmaður: Þar eð þetta er fyrsta umræða um frumvarpið, og eigi leyfist að fara út í hinar einstöku greinar frumvarpsins við 1. umræðu, þá get jeg ekki á þessum fundi svarað spurningum hins 1. konungkjörna þingmanns, en finn mjer aptur á móti skylt að gjöra það við 2. umræðu eða þá utanþings. Almennt get jeg þess út af ræðu þingmanns Austur-Skaptfellinga, að hjer er hvorki spurning um hag nje óhag, heldur um eðlilegt frelsi; því rjettarástandi, sem verið hefur, er eigi haggað, nema að því leyti, að söfnuðirnir öðlast rjett til þess, ef þeir sjálfir vilja, að taka að sjer umsjón og fjárhald kirkna. Í veraldlegum efnum hafa menn þegar fyrir löngn fengið slíkan rjett; þannig hefur hver hreppur umsjón og fjárhald síns þinghúss, og því er það engu síður eðlilegt, að söfnuðirnir hafi á hendi umsjón kirknanna. En þessi umsjón getur opt haft fjárútlát í för með sjer, og því væri ósanngjarnt, að gjöra söfnuðum að skyldu að taka að sjer kirkjurnar. Að svo stöddu skal jeg ekki fara fleirum orðum um frumvarpið, en vona, að það fái góðan framgang, þar sem það býður svo eðlilegt frelsi, og gjörir söfnuðunum kost á, að taka kirkjurnar að sjer, ef þeir sjálfir vilja.

Jón Pjetursson: Jeg skal láta þá skoðun mína í ljósi, að mjer fellur vel við frumvarp þetta í aðalhugsuninni. Það er mjög frjálslegt, og þröngvar eigi kosti neins, hvorki safnaðanna nje kirkjueigandanna eða kirkjuhaldaranna. Einstaka ákvarðanir frumvarpsins kunna að vera nokkuð harðar, og því vil jeg helzt leggja það til, að 3 manna nefnd verði sett til að yfirvega frumvapið ýtarlegar.

Sighvatur Árnaeon: Jeg verð að taka undir með þeim þingmönnum, sem talað hafa með þessu frumvarpi, að mjer virðist það mjög frjálsleg og sanngjörn ákvörðun, að söfnuðum sje leyft að taka að sjer umsjón og fjárhald kirkna, ef þeir svo vilja. Ef þetta frumvarp öðlast gildi, þá er það stórum til umbóta á ákvörðun 8. greinar í lögunum frá 27. febr. 1880 um sóknarnefndir; því að jeg álít hana, eins og hún er orðuð, ein út af fyrir sig, mjög ófullkomna. Jeg skal líka taka það fram, að því leyti sem mjer skilst, eru ýmsar ákvarðanir þessa frumvarps misskilningi undirorpnar, sjer í lagi á einum stað, og þar að auki álít jeg, að vanti eina eða tvær nýjar ákvarðanir, og því er jeg samdóma hinum 3. konungkjörna

þingmanni um, að ástæða sje til, að nefnd sje sett í málinu, til að íhuga það betur.

Pjetur Pjetursson: Jeg skal taka það fram, að það var ekki meining mín, er jeg mælti síðast, að fara út í einstakar greinar frumvarpsins, og það held jeg að jeg hafi heldur ekki gjört. Jeg nefndi úttektarmenn og visitatiur prófasta til þess, að gefa flutningsmanni bendingar, er jeg áleit nauðsynlegar í þessu efni, en jeg ætlaðist ekki til, að hann svaraði spurningu minni við þessa 1. umræðu. Jeg tek það svo fram aptur, að jeg er máli þessu mjög hlynntur, þar sem það sjálfsagt er meðal til að glæða hið kirkjulega líf, er jeg met svo mikils.

Því næst bar forseti undir atkvæði, hvort setja skyldi nefnd undir 1. umræðu og fresta henni, en það var fellt með 9 atkvæðum gegn 2, en málinu var vísað til 2. umræðu með öllum atkvæðum. Að því búnu var nefnd samþykkt með 6 atkvæðum, og í hana kosnir:

Benidikt Kristjánsson með 9 atkvæðum
Pjetur Pjetursson, — 6 —
Sighvatur Árnason, — 6 —

Var málið síðan afhent þingmanni Norður-Þingeyinga, sem hafði flest atkvæði.

Í nefndinni var Pjetur Pjetursson kosinn formaður, Benidikt Kristjánsson skrifari og Sighvatur Árnason framsögumaður.

ÖNNUR UMRÆÐA Í EFRI DEILD,
á 15. fundi, 22. dag júlímánaðar.

Nefndarálit, sjá I, 142—143.

Framsögumaður (Sighvatur Árnason): Nefndin hefur ekki gjört miklar breytingar við frumvarpið, svo að jeg ímynda mjer, að jeg þurfi ekki að halda langa tölu, til þess að halda svörum uppi fyrir aðgjörðum nefndarinnar, með því líka að málið fjekk góðan byr hjer við 1. umræðu. Undir tölulið 1 í nefndarálitinu er sett inn ný ákvörðun um, að atkvæði sóknarmanna sjeu gefin á fundi. Nefndinni þótti betur fara á því, heldur en að óákveðið væri, hver greiða skyldi atkvæði þegar til þess kæmi, að sóknarmenn vildu taka að sjer fjárhaldið. Viðauki nefndarinnar við 3. gr. undir 2. tölulið er því til tryggingar, sem greinin hljóðar um; í greininni er getið um, að þegar kirkja er í skuld, þá skuli úttektarmennirnir meta, að hve miklu leyti skuldina skuli greiða af tekjum kirkjunnar, en nefndin hefur að eins bætt því við, að mat úttektarmanna skuli liggja undir samþykki biskups. Undir 3. tölulið er lítill viðauki, sem gefur vissu fyrir, að formlega sje að farið í alla staði, þegar sóknarnefnd tekur við kirkju án reglulegrar úttektar, og sem frumvarpið ekki tók fram. Breyting nefndarinnar undir 5. tölulið leiðir af sjálfu sjer af viðaukanum, sem getið er um undir tölulið 6, að visitaziulann prófasta greiðist úr landssjóði. Nefndin hafði það fyrir augum, að það væri töluverð útgjöld fyrir fátækar kirkjur og töluvert aptur halð í eigum þeirra, að borga próföstum visitaziur, því að það er kunnugt, að margar kirkjur leggja lítið upp, ef til vill, ekki meira, en 30 kr. á ári, og þegar þar af eru teknar 5—6 kr., þá er það ekki þægileg byrði, ef tekin er $^1/_6$—$^1/_5$ af. En það er líka önnur ástæða, sem jeg fyrir mitt leyti legg mikla áherzlu á; vistaziur prófasta eru ekki einasta til þess að skoða kirkjurnar, heldur og til þess að líta eptir barnauppfræðingunni í sóknunum; þetta álít jeg mikla ástæðu fyrir því, að kostnaðurinn við visitaziur prófasta sje greiddur úr landssjóði; allar kirkjur landsins eru ein heild; þess vegna er sanngjarnt, að landssjóðurinn borgi skoðunarlaunin og fyrir eptirlitið með uppfræðingunni, sem er jafnnauðsynleg fyrir allt þjóðfjelagið. Jeg skal svo ekki fara fleirum orðum um málið, fyr en jeg heyri undirtektir þingmanna. En það er eitt atriði, sem jeg vildi hreifa og sem jeg man ekki hvort kom til tals í nefndinni, en sem jeg vildi vekja athygli á þingmönnum til athugunar, og það er það, þegar söfnuður á að byggja upp kirkju og þarf

að fá lán til byggingarinnar, hver á þá að greiða vextina? Frumvarpið hefur enga ákvörðun um það.

Magnús Stephensen: Jeg ætla að eins að minna deildina á, út af breytingaratkvæði nefndarinnar undir tölul. 6., að aptan við 4. gr. bætist: »Vísitatíulaun prófasta greiðast hjer eptir úr landssjóði«, að það hefur nýlega verið rætt í neðri deildinni frumvarp um laun prófasta, og var þar svo á kveðið, að greiða skyldi vísitatíulaunin úr landssjóði; en frumvarpið var fellt með miklum atkvæðamun, og verð jeg að vera því samþykkur. Jeg ætla því að vekja athygli deildarinnar á, hvort það sje vert, að samþykkja þetta breytingaratkvæði nefndarinnar, því að það getur orðið til þess, að frumvarpinu sje hætta búin, þegar það kemur fyrir neðri deildina, ef þessi ákvörðun er látin vera í því.

Jón Pjetursson: Jeg skal játa það, að aðalhugsun frumvarpsins er góð, að söfnuðirnir taki að sjer fjárhald kirknanna, en með samþykki hins opinbera, ef um ljenskirkjur er að ræða, og með samþykki eigandans, ef kirkjan er einstakra manna eign. En mjer finnast ákvarðanirnar í 3. gr. svo lagaðar, að eigandi kirkjunnar eða presturinn, sem hefur umsjón með kirkjunni, muni aldrei samþykkja að láta kirkjuna af hendi við söfnuðinn, þegar á að heimta af þeim meira álag en kirkjusjóðurinn hrökkur til. Við skulum setja, að prestur hafi nýlega fengið brauð og tekur við kirkjunni í illu standi og með litlu álagi; nú vilja sóknarmenn taka að sjer kirkjuna, þá verður þessi nýkomni prestur að gjalda álagið, er þá, ef til vill, verður metið hátt. Jeg held líka, að það geti hindrað kirkjubyggingu, þegar presturinn veit, að hann þarf ef til vill að borga allt saman; og á hinn bóginn er jeg hræddur um, að það fæli hið opinbera frá að veita lán til kirkju, ef úttektarmenn mega setja lánið niður, eins og þeir vilja. Jeg get ómögulega skilið það, sem stendur í greininni, öðruvísi: »Nú er kirkja í skuld við forráðamann minn og úttektarmenn gjöra álag á hana, og skal þá forráðamaður hennar eigi að síður greiða álagið; en úttektarmenn meta, að hve miklu leyti skuldina skuli endurgjalda af tekjum kirkjunnar eptirleiðis. Hafi lán verið tekið af almannafje til að byggja kirkju, skal greiða á sama hátt það, sem ógreitt er af vöxtum og afborgun, það er að segja, það á að greiða lánið eptir mati úttektarmanna. Jeg vil gjarnan samþykkja 1. og 2. gr., en hinar greinirnar get jeg ekki fallizt á.

Benidikt Kristjánsson: Hinn 4. konungkjörni þingmaður tók fram, að ekki væri tiltækilegt fyrir deildina, að samþykkja breytingaruppástungu nefndarinnar við 4. gr. undir tölulið 6. Hann skýrði frá, að í neðri deildinni hafði verið fellt, að landssjóðurinn borgaði próföstum laun fyrir vísitatíur og skrifstörf. Jeg skal engu spá um það, hver afdrif tillögur nefndarinnar um þetta efni muni fá í neðri deildinni, því síður sem jeg veit, hver afdrif þær muni fá hjer í þessari deild. En hjer víkur dálítið öðruvísi við; hjer er ekki að ræða um nema part af því starfi, sem farið var fram á í neðri deildinni að landssjóðurinn borgaði; hjer er því ekki upptekning á því frumvarpi, svo að þetta frumvarp þurfi að falla fyrir það. Hjer er að eins aðalspurningin, hvort tillögur nefndarinnar eru á sanngirni og rökum byggðar, og hvort embættismenn kirkjunnar standa ekki í sama sambandi við stjórnina, sem veraldlegir embættismenn; ríki og kirkja eru óaðgreinanlega sameinuð, og veiting kirkjulegs embættis liggur undir hið almenna veitingarvald. Veraldlegir embættismenn fá sjerstaka borgun úr landssjóði fyrir ferðir sínar og skoðunargjörðir, og hvað eru visitatiur annað? Þess vegna álít jeg, að því sje hjer farið á flot, sem er alveg í samræmi við það, sem á sjer stað um veraldlega embættismenn. En að hinu leytinu get jeg ekki sjeð, að sanngjarnt sje, að kirkjurnar skuli borga visitatiur af sínum sjóði; jafnvel þótt ástandið með fjárhaldið sje óbreytt, þá er það ekki á sem

sanngjörnustum grundvelli byggt. Það, sem prófastar gjöra, er minnst fólgið í því að yfirlíta kirkjur og kirkjureikninga, heldur er uppfræðingar-eptirlitið aðalstarfið, og jafnframt að grennslast eptir sambandinu milli presta og safnaðanna yfir höfuð og embættisfærslu presta. Þetta er því ósanngjarnara að gjalda af sjóði kirkjunnar, sem gjaldið er of hátt í samanburði við tekjur velflestra kirkna. - Jeg vil því vera öruggur í þeirri von, að þessi tillaga nefndarinnar verði hvorki felld hjer nje í neðri deildinni. Hinn 3. konungkjörni þingmaður gat þess, að hann væri yfir höfuð frumvarpinu meðmæltur; en honum þótti ákvörðunin í 3. gr. ósanngjörn og koma hart niður á hlutaðeigendum. Jeg veit ekki, hvort hann hefur verulega sett sig inn í ástandið, þegar á að afhenda kirkjur, eins og það er að lögum og í eðli sínu; en þessar ákvarðanir eru í samræmi við þær, sem nú eiga sjer stað eptir lögum og landsvenju. Hjer er gjört ráð fyrir ívilnun handa þeim, sem láta af hendi, og þessi ívilnun hefur hingað til átt sjer stað með sjerstöku samþykki stiptsyfirvaldanna. Það er eðlilegt, að maður, sem hefur kirkju undir hendi, og hefur tekið við henni í fullu standi, — og fyrir því verður ráð að gjöra — þá skili hann henni með venjulegu álagi, hvort hún er skuldug eða skuldug ekki. Að vísu eru kirkjur hjer ekki óvíða prestum til byrðar, en þessi byrði hvílir þá á prestakallinu eða tekjum prestsins, og hvar af á að taka það, sem kirkja þarf sjer til viðhalds og endurbyggingar, ef ekki á að jafna því niður eptir því sem á stendur á prestinn, sem hefur hennar ábyrgð og umsjón á hendi, eða þá kirkjueiganda? Jeg skal játa það, að það sýnist hart, að presturinn missi í, þegar skila á, en hver vegur er til þess að fría prestinn frá því? Með þessum kostum hefur hann fengið veitingu fyrir prestakallinu og tekið kirkjuna að sjer; og fyrst að svo er, þá er ótiltækilegt að láta söfnuðinn missa í við þetta, þar sem söfnuðinum er frjálst, að taka að sjer kirkjuna eða ekki, og hann mundi neita að taka kirkjuna að sjer og presturinn ekki losast við hana, þá yrði presturinn fyrir enn meiri skaða; þunginn verður því meiri, því lengur sem kirkjan er á prestakallinu. Jeg ætlast heldur ekki til, að landssjóður tapi nokkru fje við 3. gr. Það er presturinn, sem á að byggja kirkjuna og honum er veitt lánið upp á tekjur prestakallsins með 6% í vexti og afborgun í 28 ár. Söfnuðirnir geta ekki orðið skyldaðir til að borga slíkt lán, en úttektarmennirnir mega meta, hvað söfnuðirnir borgi af fje kirkjunnar til lúkningar þess, og liggur það undir staðfestingu biskups, og það getur því að eins komið fyrir, að kirkja álítist að hafa um fram af tekjum sínum eptirleiðis; en það, sem ekki er borgað, það á prestur sá að borga, sem skilar af sjer kirkjunni, eða eptirmaður hans í hrauðinu, ef hann fer fyr frá því. Hjer er að öðru leyti enginn neyddur, heldur er allt frjálst; söfnuðunum er veitt heimild til að taka að sjer kirkjurnar, ef þeir girnast; það er sú eina undantekning, ef umsjónin þykir prestinum of vaxin, þá má neyða hann til að sleppa fjárhaldi kirkjunnar, og þá getur maður sagt: «nauðsyn brýtur lög».

Jón Pjetursson: Jeg gat þess áðan, að jeg fellst alveg á anda 1. og 2. gr., en jeg er hræddur um, að 3. gr. gjöri það að verkum, að kirkjueigendur vilji ekki undirkasta sig því, að skila af sjer kirkjunum. Þingmaður Norður-Þingeyinga gat um, að lánið, sem veitt væri, væri veitt prestinum en ekki kirkjunni. Sá prestur mundi ekki gefa það eptir, að söfnuðurinn tæki að sjer kirkjuna, ef sjóður hennar hrykki ekki til að borga lánið, og úttektarmenn ákveða, að hann skuli borga það; þegar presturinn veit þetta, þá ímynda jeg mjer, að enginn prestur vildi gefa það eptir, að söfnuðurinn fengi kirkjuna. Hinn 4. konungkjörni þingmaður sagði, að viðbætir nefndarinnar aptan við 4, gr. væri ekki heppilegur, og er jeg honum alveg samdóma í því. Prófasturinn á að fá launin úr landsjóði, ef söfnuðurinn tekur að sjer kirkuna, en ann-

ars ekki; þessi ákvörðun hnýtir sig aptan við frumvarpið, en breytir þeim ákvörðunum eigi, hver eigi að borga prófastinum launin, eins og nú á stendur; þegar frumvarpi um, að prófastar fengju laun úr landssjóði var kastað í neðri deildinni, þá sýnist mjer undarlegt, ef þessi ákvörðun á að standa.

Árni Thorsteinson: Jeg ætla að leyfa mjer að fara því fram við forseta og deildina, hvort ekki megi við atkvæðagreiðsluna um 4. gr. bera upp byrjun greinarinnar og aptur að «og koma kirkjusjóðnum á vöxtu» sjerstakt, og svo tvo næstu málsliði hvern út af fyrir sig, svo að greinin þannig verði klofin í þrennt, þegar til atkvæða kemur.

Landshöfðingi: Jeg finn mjer skylt að leiða athygli hinna heiðruðu þingdeildarmanna að því, að varast má að leggja á landssjóðinn útgjöld, sem honum eru alveg óviðkomandi. Jeg er samdóma hinum 4. konungkjörna þingmanni um, að ráða frá viðaukaatkvæði nefndarinnar við 4. gr. undir tölul. 6. Þingmaður Norður-Þingeyinga tók fram, að það væri á sanngirni og rökum byggt, og að prófastar hefðu fulla heimting á að fá þessar aukatekjur borgaðar úr landssjóði. Þessi embættisverk snerta landssjóðinn, þegar landssjóðurinn á kirkjuna, annars ekki; og þar sem 4. gr. í frumvarpi þessu ekki fær gildi, fyr en sóknuðirnir taka að sjer umsjón kirknanna, þá dugar ekki að leiða rök að því, að það sje á rökum byggt, að prófastar skuli fá laun úr landssjóði fyrir vísitazíur, með því að kirkjurnar sjeu fátækar, og að það sje of þung byrði fyrir þær, því að þá eru það sóknuðirnir, sem eiga að borga. En eptir atkvæðagreiðslunni um hreppstjórafrumvarpið, þá hef jeg ekki mikla von um, að deildin fallist á það, sem að mínu áliti er sanngjarnt og á rökum byggt. En samt sem áður tek jeg það upp aptur, að mjer er skylt að vekja athygli deildarinnar á því, að það er varhugavert að leggja á landssjóð gjöld, sem honum eru alveg óviðkomandi.

Ásgeir Einarsson: Það hefur nokkuð verið minnzt á 3. gr., en þó ekki svo glöggt lega, sem jeg hefði óskað. Greinin byrjar svo: «Þegar kirkja er afhent sóknuði, skal prófastur með tveim óvilhöllum úttektarmönnum gjöra nákvæma úttekt á kirkjunni, eignum hennar, áhöldum og gripum. Skulu úttektarmenn meta sanngjarnt álag á kirkjuna og það, sem henni fylgir, ef þeim virðist þess þörf». Það er talað um það í 1. gr., að það skuli vera eptir samkomulagi milli kirkjueigandans og safnaðarins, hvort úttekt skuli fram fara eða ekki; en hvað lítið sem þá greinir á um, þá er samkomulagið úti; úttektarmennirnir eru hjer gjörðir að dómurum yfir, hvort álag skuli gjöra eða ekki. En ef jeg afhenti, þá vildi jeg hafa frelsi í því, að gjöra samning við sóknuðinn, og skjóta því svo undir hjeraðsfund og biskup, hvort samningurinn væri nokkuð heimskulegur. Jeg gjöri ráð um, að prestar og bændur, sem eiga kirkjur eða hafa umsjón með þeim, gefi sig ekki undir atkvæði úttektarmannanna. Yfir höfuð að tala held jeg, að 3. greinin megi öll falla burt. Um vísitazíur prófasta hafa þeir talað, sem mjer eru vitrari, og skal jeg því ekki orðlengja það. Mjer væri kært, að málið fengi að ganga svo fram, að samningarnir gætu verið sem frjálsastir, annars er mjer ekki sárt um, þótt málið falli að þessu sinni.

Framsögumaður: Viðvíkjandi bendingum þeim, sem þingmaður Strandamanna gaf, þá skal jeg geta þess, að nefndin mun fús á að yfirvega athugasemdir hans, og væri gott, ef hann vildi bera sig saman við nefndina.

Þar eð ekki tóku fleiri til máls, var gengið til atkvæða, og

1. breyting nefndarinnar við 1. gr. undir tölul. 1 samþykkt í einu hljóði.
2. 1. gr. frumvarpsins með áorðinni breytingu samþykkt með 10 atkvæðum.
3. 2. gr. frumvarpsins samþykkt í einu hljóði.
4. breyting nefndarinnar við 3. gr. undir tölul. 2 samþykkt með 8 atkvæðum.

5. breyting nefndarinnar við 3. gr. undir tölul. 3 samþykkt með 8 atkvæðum.
6. 3. gr. frumvarpsins með áorðnum breytingum samkykkt með 7 atkvæðum.
7. breyting nefndarinnar við 4. gr. undir tölul. 4 samþykkt með 7 atkvæðum.
8. breyting nefndarinnar við 4. gr. undir tölul. 5 samþykkt með 7 atkvæðum.
9. 4. gr. frumvarpsins: «Söfnuðir þeir . . . kirkjusjóðnum á vöxtu», með áorðinni breyting samþykkt í einu hljóði.
10. 4. gr. frumvarpsins: «Fyrir innheimtu . . . af árstekjum kirkjunnar», samþykkt með 7 atkvæðum.
11. 4. gr. frumvarpsins: «Þá er sóknarnefnd . . . niður falla» með áorðinni breyting samþykkt með 7 atkvæðum.
12. Viðauki nefndarinnar við 4. gr. undir tölul. 6 samþykktur með 6 atkvæðum.
13. Frumvarpinu vísað til 3. umræðu með 7 atkvæðum.

ÞRIÐJA UMRÆÐA Í EFRI DEILD,
á 18. fundi, 26. dag júlímánaðar.

Frumvarpið, eins og það var samþykkt við 2. umræðu, sjá I, 153—154.

Breytingaratkvæði
við frumvarp til laga um, að söfnuðirnir taki að sjer umsjón og fjárhald kirkna, eins og það var samþykkt við 2. umræðu.

a.

Breytingaratkvæði
frá 3 þingmönnum.

1. grein orðist þannig:
«Þegar tveir hlutir sóknarmanna í einhverri sókn, sem til kirkju gjalda, óska á almennum safnaðarfundi, að söfnuðurinn taki að sjer umsjón og fjárhald kirkjunnar, og eigandi eða umráðamaður hennar er fús að láta það af hendi, skal afhenda kirkjuna söfnuðinum, að fengnu samþykki hjeraðsfundar og biskups. Svo má og svipta sóknarprest fjárhaldi ljenskirkju, ef biskupi þykir hann ófær að hafa það á hendi og afhenda kirkjuna söfnuðinum, ef tveir hlutir sóknarmanna, er til kirkju gjalda, óska þess, þótt presturinn sje því ekki samþykkur.
2. og 3. grein falli burt; í stað þeirra komi:
«2. grein: Þá er fjárhald kirkju þannig á að ganga til safnaðar, skal prófastur gjöra nákvæma skilmála um afhendinguna í samráði við sóknarnefnd og kirkjueiganda eða umráðanda, sje kirkja afhent að þeirra vilja; en sje sóknarprestur sviptur fjárhaldi kirkju, þá í samráði við sóknarnefnd, og skal þá prófastur enn fremur kalla annan prest til þess, að vera við gjörðina í stað sóknarprestsins.

Í afhendingarskilmálunum skal ýsa kirkjunni nákvæmlega og tilgreina allar eigur þær, er kirkjunni fylgja, sem sje sjóður hennar, áhöld og skrúði, og sem til afhendingar koma, svo og um álag það, sem gjört verður á kirkjuna, hvernig það skuli meta og greiða. Ef kirkjueigandi, prestur eða aðrir eiga hjá kirkjunni, skal og ákveða, hvernig um skuld þá fari. Að því búnu skal prófastur sjá um, að haldinn verði almennur safnaðarfundur í sókninni, og málið borið upp á honum. Verði tveir hlutir atkvæða sóknarmanna þeirra, er til kirkju gjalda, með því, að söfnuðurinn taki við fjármálum kirkjunnar og umsjón, skal prófastur leggja afhending kirkjunnar undir samþykki hjeraðsfundar og síðan biskups. Að því fengnu tekur söfnuður við fjárhaldi og umsjón kirkjunnar».
4. grein verði 3. grein. Á eptir: «fyrir innheimtu — til kirkjunnar», komi: «ef henni græðist svo mikið fje eða meira».

Jón Pjetursson. Árni Thorsteinson.
Ásgeir Einarsson.

b.

Breytingaruppástunga
frá öðrum 3 þingmönnum.

1. Við 4. grein. Niðurlagsákvörðunin: «Vísitazíulaun prófastá greiðast hjer eptir úr landssjóði», falli burt.
2. Fyrirsögnin orðist þannig: «Frumvarp til laga um umsjón og fjárhald kirkna».

Magnús Stephensen. Sigurður Melsteð.
Jón Pjetursson.

c.

Breytingartillaga
frá nefndinni.

Fyrirsögn frumvarpsins orðist svo:
Frumvarp
til laga um umsjón og fjárhald kirkna.

Á fundinum var útbýtt breytingaratkvæði frá 3 þingmönnum, þeim: Jóni Pjeturssyni, Árna Thorsteinson og Ásgeiri Einarssyni, og var það þannig of seint fram komið eptir þingsköpunum; bar forseti því undir atkvæði deildarmanna með samþykki landshöfðingja, hvort breytingaratkvæðið mætti koma til umræðu, en það var fellt með 6 atkvæðum gegn 5.

Árni Thorsteinson: Með því að breytingaratkvæði það, sem jeg er skrifaður undir ásamt tveim öðrum þingmönnum, ekki hefur getað komizt að, þá vil jeg leyfa mjer að skora á forseta, að hann beri upp til atkvæða, hvort ekki megi fresta umræðunni, til þess að breytingaratkvæði þetta geti komizt að eptir lögboðinn tíma.

Forseti bar þá undir atkvæði, hvort fresta skyldi þessari 3. umræðu, en það var fellt með 6 atkvæðum gegn 5; var umræðunni því haldið áfram.

Framsögumaður (*Sighvatur Árnason*): Það virðist ekki þörf á að tala mikið fyrir frumvarpinu. Það hafa ekki komið fram margar breytingaruppástungur; en jeg skal geta þess, að breytingartillaga nefndarinnar er að eins orðabreyting á fyrirsögninni, og vona jeg því, að deildin verði henni ekki mótfallin. Viðvíkjandi breytingaruppástungu hinna 3 konungkjörnu þingmanna við 4. gr., skal jeg taka það fram, að nefndinni finnst það mjög óeðlilegt, að hafa á móti því, að vísitazíulaun prófasta sjeu goldin af almennu fje, því að hver einstök kirkja er limur á sama líkama, og kirkjuskoðunin er yfirumsjón kirkna, og þá virðist líka eiga við að borga fyrir hana af opinberu fje; og þegar litið er á eptirlitið með uppfræðingu ungmenna, sem kirkjuskoðuninni er samfara, þá er þetta líka opinbert eptirlit, eða yfirumsjón, sem ætti að greiðast fyrir af almennu fje. Þar við bætist og, að margar kirkjur eru svo fátækar, að þær eru ekki færar um að standast þetta gjald. Jeg hefði því óskað, að þessir 3 þingmenn hefðu komið með uppástungu í einhverja aðra átt en þessa, t. a. m. þá að af nema þessar árlegu vísitazíur prófasta, sem við gangast, að minnsta kosti á Suðurlandi; vísitazíur eru alveg óþarfar á hverju ári, og þó að það sannist með tilliti til barnauppfræðingarinnar, að «aldrei er góð vísa of opt kveðin», þá er það hreinn og beinn óþarfi með tilliti til kirkjuskoðunarinnar; það er nóg að kirkjur sjeu skoðaðar 3.—4. hvert ár, eða í stöku tilfellum optar, ef prófasti þykir það henta. Jeg skal svo ekki fjölyrða meir um málið að sinni.

Magnús Stephensen: Framsögumaður hefur ekki tekið vel í breytingaruppástungurnar við 4. grein, um að fella burtu úr frumvarpinu: «Visitazíulaun prófasta greiðast hjer eptir úr landssjóði». Jeg hefði nú verið framsögumanninum þakklátur, ef hann hefði viljað skýra deildinni frá, hvaða þýðing hann og nefndin leggja í orðin «hjer eptir». Þegar frumvarp þetta var seinast hjer til umræðu, skildist mjer, að þingmenn ekki væru samdóma um, hvað þau ættu að þýða; sumir skildu orðin svo, að visitazíulaun prófasta skyldu greiðast úr landssjóði, eptir að lög þessi öðluðust gildi, af öllum kirkjum undantekningarlaust, hvort sem þær væru komnar undir umsjón og fjárhald safnaðanna, eða þær væru enn í fjárhaldi beneficíaría, prívateiganda eða annara; aptur lögðu aðrir þá þýðingu í orðin, að visitazíulaun skyldi borga úr landssjóði að eins fyrir þær kirkjur, sem söfnuðirnir hafa tekið að sjer, en af öðrum kirkjum sem að undanförnu. Jeg fyr-

ir mitt leyti get ekki skilið orðin öðruvísi, en að landssjóðurinn eigi að taka að sjer borgun fyrir þær kirkjur, sem söfnuðirnir hafa tekið að sjer umsjón og fjárhald á, en ekki fyrir hinar; hjer er því söfnuðum gefin ívilnun fram yfir aðra kirkjuhaldara; þeir sleppa við það gjald, sem allir aðrir kirkjuhaldarar greiða; prívatkirkjueigendur borga opt úr sínum eigin vasa fyrir kirkjurnar, og prestar af litlum sjóði kirknanna; en söfnuðirnir þurfa ekkert að greiða og fá þar að auki 6% af árstekjum kirkjunnar fyrir að innheimta tekjurnar og koma þeim á vöxtu. Ef nefndin hefði verið sjálfri sjer samkvæm, þá hefði bún líka átt að ákveða, að þessar 6% skyldu greiðast úr landssjóði; úr því að kirkjan er einn limur á sama líkama, eins og framsögumaður komst að orði, þá er hún það líklega eins, að því er snertir þessar 6%, eins og með tilliti til visitatíulaunanna. Þeirri grundvallarreglu hefur alltaf verið fylgt hjer, og er enn fylgt, að kirkjurnar eigi að bera sig sjálfar; þeirri stefnu er fylgt í lögum 27. febr. 1880 um skipun prestakalla, og þó að henni sje þar ekki fullkomlega komið á, þá er það allt af stefnan og mun verða stefnan. Það er að eins einn liður í kirkjunni, sem landssjóðurinn hefur tekið að sjer, og það er biskupinn; en sú er orsök til þess, að það jarðagóz og annað fje, sem var ætlað til launa handa honum, hefur verið dregið inn í sjóð, sem þá var sjóður alls ríkisins, og því er náttúrlegt, að landssjóðurinn hafi tekið að sjer laun hans. Það er því mjög óeðlilegt, að láta landssjóðinn greiða visitazíulaun, en kirkjan sje að öðru leyti látin bera sig.

Framsögumaður: Mjer finnst tvennt ólíkt, borgun til þeirra, sem innheimta fje kirkjunnar og til þeirra, sem hafa yfirumsjónina yfir kirkjunni á hendi; það er annað innheimta á tekjum kirkjunnar og annað yfirumsjón hennar; það liggur þó sannarlega nær, að borga yfirumsjónina af almennu fje en innheimtuna. Viðvíkjandi skilningi seinustu orðanna í 4. gr., þá veit jeg ekki betur, en að nefndin hafi meint með þeim orðum, að undir eins og frumvarpið fengi lagagildi, þá ætti það að ganga jafnt yfir allar kirkjur, að leysast undan þeirri skyldu, að borga fyrir visitazíur. Ef það hefur ekki verið meining meðnefndarmanna minna, þá bið jeg þá að skýra frá því. Það getur verið, að hinn 4. konungkjörni þingmaður hafi nokkuð fyrir sjer, en jeg hef þó enn ekki sannfærzt svo, að jeg falli frá því, sem í frumvarpinu stendur.

Landshöfðingi: Jeg skal leyfa mjer að mæla sem bezt með breytingaruppástungu hinna 3 konungkjörnu þingmanna, af því að visitatíulaun prófasta eru landssjóðnum alveg óviðkomandi, og jeg skal í þessu tilliti taka undir með hinum 4. konungkjörna þingmanni. Jeg álít það skyldu mína, að vara þingmenn við, eins og jeg áður hef gjört, að leggja útgjöld á landssjóðinn, sem honum eru alveg óviðkomandi; hann á nóg með að greiða það, sem eptir hlutarins eðli er lagt á hann.

Jón Pjetursson: Framsögumaður sagði, að ákvörðunin í 4. gr. næði til allra kirkna; en það er ómögulegt að skilja það svo; þetta er nýtt lagaboð, sem að eins hljóðar um, að söfnuðurnir taki að sjer umsjón og fjárhald kirkna; það yrði að vera sjerskilt almennt lagaboð, ef ákvörðunin um prófastslaunin ætti að ná til allra kirkna; en þetta á einungis við um þær kirkjur, sem búið er að ræða um á undan í frumvarpinu, og jeg sje enga ástæðu til að gefa söfnuðunum meiri forrjettindi en öðrum kirkjuhöldurum.

Benidikt Kristjánsson: Það eru eiginlega niðurlagsorðin í 4. gr., sem hafa verið ágreiningsefni hjer í deildinni. Breytingaruppástungan gengur út á að nema burt þessi orð, og ástæðan fyrir því er, að visitatíulann prófasta álítast ekki þess eðlis, að landssjóður eigi að borga þeim; en menn gæta ekki að því, að það er ærið þungbært fyrir kirkjur, sem ekki hafa miklar tekjur, að borga þetta gjald. En jeg skal nú láta það liggja fyrir útan málið, hvort kirkjur eru færar um að borga þetta eða ekki, en snúa

mjer að eðli ákvörðuninnar í niðurlagi frumvarpsins. Jeg get ekki sannfærzt um, að það sje óeðlilegt, að gjalda launin af landssjóði, þó að hinir lögfróðu þingmenn hafi sagt það svo vera; hjer er að mínu áliti að ræða um ákvörðun, sem er í fullu samræmi við rjettarvenjur hjer á landi, þar sem aðrir embættismenn fá úr landssjóði borgun fyrir rannsóknarferðir sínar; kirkjan og kirkjulegir embættismenn eru ekki í öðru sambandi við landsstjórnina en þjóðfjelagið og veraldlegir embættismenn, því ríki og kirkja eru hjer óaðgreinanlega sameinuð. Það hefur verið bent til þeirrar stefnu sem viðtekinnar, að kirkjan eigi ekki að vera landssjóðnum til byrðar, en þó hefur kirkjan aldrei fengið meiri styrk úr landssjóði en nú hin síðustu árin; það hefur verið meira fje lagt til kirkna og prestastjettarinnar en nokkru sinni áður, og jeg get ekki sjeð, að löggjafinn hafi bent til þess, að kirkjan ætti að bera sig sjálf; en áður en löggjafinn kveður þetta upp, þá yrði hann að aðgreina fjárhag kirkjunnar og ríkisins, og láta kirkjuna fá það fje, sem hún á með sögulegum rjetti tilkall til; meðan hann ekki gjörir það, er ekki rjett að hafa það sem ástæðu, að kirkjan eigi að bera sig sjálf. Jeg held, að það sje rjett mælt, að löggjafinn aldrei hafi látið í ljós, að hann ekki framar vildi styrkja kirkjuna.

Jón Pjetursson: Mjer sýnist, að ákvörðunin: «Visitazíulaun prófasta greiðast hjer eptir úr landssjóði» vera sett inn í frumvarpið, án þess hún komi því nokkuð við, ef þar er átt við allar kirkjur. En það getur ekki átt við allar kirkjur; það er ekki svo mikið, að ákvörðun þessi standi í sjerskildri grein, heldur er hún sett inn í 4. greinina, en um hvað er verið að tala í frumvarpinu og einkum 4. gr. þess? Það er verið að tala um þær kirkjur, sem söfnuðurnir taka að sjer; þess vegna getur það ekki skilizt öðruvísi en svo, að þær kirkjur, sem söfnuðurnir hafa tekið að sjer, skuli vera lausar við að greiða visitazíulaun, en um aðrar kirkjur getur það ekki gilt, Það er óeðlilegt, að losa sumar kirkjur við þetta gjald, en sumar ekki.

Benidikt Kristjánsson: Jeg vil benda deildinni á, að það er komin fram önnur breytingaruppástunga frá nefndinni, um að fyrirsögn frumvarpsins breytist í: «Frumvarp til laga um umsjón og fjárhald kirkna», og ef þingið samþykkir lögin þannig, þá álít jeg, að það sje alveg á valdi dómstólanna að leggja þá þýðingu í 4. gr., sem þeim þykir við liggja. Ef jeg má láta í ljós mína meiningu, þá er hún sú, að ákvörðunin nái til allra kirkna. Jeg man ekki eptir, að í nefndinni væri talað um neina þýðing á ákvörðuninni; hún áleit hana svo ljósa, að ekki þyrfti að tala um hana. Visitazíustarfið er minnst fólgið í því, að skoða kirkjuna; en reikninga kirkjunnar þarf prófastur ekki að skoða, því að endurskoðun þeirra heyrir undir hjeraðsfundi; en hvaða eðlileg meining er þá í því, að kirkjan sem hús skuli þurfa að borga eptirlit prófastsins um það, hvernig sambandið er á milli prests og safnaðar, og hvernig presturinn stendur í sínu embætti? Ef nóg fje er fyrir böndum í kirkjusjóðnum, þá get jeg skilið, þó að menn grípi í hann, sem hendi næstan, en það eru fáar kirkjur, sem eru svo efnum búnar, og þó svo væri, þá væri nær að verja því fje í þarfir kirkjunnar sjálfrar, henni til prýðis, og til að hjálpa öðrum kirkjum, sem liggja þungt á umráðamönnum sínum og eru fáskrúðugar.

Þar eð ekki tóku fleiri til máls, var gengið til atkvæða, og var:

1. Breytingaruppástunga 3 þingmanna við 4. gr. undir tölul. 1 samþykkt með 6 atkvæðum.
2. Breytingaruppástunga frá 3 þingmönnum samhljóða breytingartillögu nefndarinnar samþykkt í einu hljóði.
3. Frumvarpið með áorðnum breytingum samþykkt með 8 atkvæðum.

Kvað forseti það nú mundu verða sent neðri deildinni.

FYRSTA UMRÆÐA Í NEÐRI DEILD,
á 31. fundi, 2. dag ágústmánaðar.

Frumvarpið, eins og það var samþykkt við 3. umræðu í efri deild, sjá I, 233—234.

Varaforseti: Jeg veit, að öllum hinum eldri þingmönnum, og líklega hinum yngri líka, er kunnugt, að á síðasta þingi kom fram frumvarp líkt og þetta, sem hjer liggur fyrir; það gekk í gegn í neðri deild og sömuleiðis í efri deild, með litlum breytingum, og kom svo aptur til neðri deildar, en þá lá illa á deildinni, svo hún felldi frumvarpið; en nú vona jeg, að liggi betur á deildinni, og að hún samþykki þetta frumvarp. Jeg skal ekki mæla margt með því, nje fara út í einstakar greinar, því jeg vona, að frumvarpið mæli með sjer sjálft. Kirkjur hafa hjer áður verið annaðhvort undir umsjón prestsins eða eiganda þeirrar jarðar, sem kirkjan er á. Kirkjurnar eru byggðar fyrir söfnuðina, og þeir halda þeim í raun rjettri við; þess vegna er það rjettlátt og eðlilegt, að söfnuðirnir fái að taka að sjer umsjón kirkna, ef þeir vilja, og sjái um, hve sómasamleg hún er. Jeg álít, að þetta geti átt góðan þátt í kirkjurækni, og reynslan sýnir, að hverjum er kærast um sitt, og er það ástæða til að ætla, að söfnuðum verði kirkjurnar enn kærari, þegar þeir sjá um þær sjálfir. Að svo mæltu skal jeg leggja það til, að málið gangi til 2. umræðu.

Með því ekki tóku fleiri til máls, bar forseti undir atkvæði, hvort málinu skyldi vísað til 2. umræðn, og var það samþykkt með 14 atkvæðum.

ÖNNUR UMRÆÐA Í NEÐRI DEILD,
á 37. fundi, 8. dag ágústmánaðar.

Varaforseti: Jeg skal að eins leyfa mjer að mæla fram með því, að frumvarpið verði látið ganga til 3. umræðu.

Með því að ekki tóku fleiri til máls, ljet forseti ganga til atkvæða, og var:

1. gr. frumvarpsins samþykkt með 17 atkvæðum.
2. gr. frumvarpsins samþykkt með 17 atkvæðum.
3. gr. frumvarpsins samþykkt með 18 atkvæðum.
4. gr. frumvarpsins samþykkt með 18 atkvæðum.

Að frumvarpið gengi til 3. umræðu, var samþykkt með 18 atkvæðum.

ÞRIÐJA UMRÆÐA Í NEÐRI DEILD,
á 43. fundi, 11. dag ágústmánaðar.

Enginn tók til máls; bar forseti því frumvarpið upp til atkvæða, og var það samþykkt með 20 atkvæðum.

Kvað forseti frumvarpið nú verða afgreitt til landshöfðingja sem lög frá alþingi.

XIX.

Póstflutningar.

Frumvarp til laga um breyting á tilskipun um póstmál 26. febrúar 1872 og lögum 15. október 1875 um breyting á sömu tilskipun. Frá 2. þingmanni Suður-Múlasýslu og 1. þingmanni Ísfirðinga. Frumvarpið er prentað í fyrri parti alþingistíðindanna, bls. 81.

FYRSTA UMRÆÐA Í NEÐRI DEILD,
á 17. fundi, 21. dag júlímán.

Flutningsmaður (*Jón Ólafsson*): Þetta frumvarp fer fram á formbreytingu en ekki efnisbreytingu. Eptir nú gildandi lögum má senda að eins ½ pund innanlands í krossbandi; þurfi maður að senda meira,

verður að skipta því niður eða búa til úr því böggul, en þetta er ómak fyrir sendendur. Þegar sendingin á að fara til útlanda, heimila lögin, að hún sje 4 pund, og er það hlægilegt, að flytja þyngra innanlands af þeirri orsök, að sendingin á seinna að fara til útlanda. Við erum þannig ófrjálslyndari við sjálfa okkur en útlendinga. En þetta kemur af því, að ákvæðin um innanlandssendingar eru eldri, en hinar, sem eru teknar eptir reglum alþjóða- póstsambandsins. Breytingin í 3. gr., að leyfilegt sje að borga víst undir hver 10 kvint, er einnig breyting til hagnaðar við sendendur. Bladamenn og aðrir, sem þurfa að senda prentaðar bækur og blöð, hafa mikinn hagnað af þessum breytingum; jeg vona, að menn ætli mjer ekki þær hvatir, að jeg gjöri þessar breytingar fyrir sjálfan mig, enda er jeg nú ekki lengur bladamaður. Við breytingar þessar eru ekki eins eyris útgjöld fyrir landssjóð, en mjög mikill er hægðarauki að þeim, bæði fyrir sendendur og afgreiðslumenn. 2. gr. á ætt sína að rekja til 1. þingmanns Ísafjarðarsýslu, og er hún mjög þarfleg. Hún er landsmönnum til beinlinis hags, og hreinn tekjuauki fyrir landssjóð, Sendingar af þeirri stærð hafa áður verið sendar sem fragtgóss, en nú, eptir þessari ákvörðun, er hægt að fá ábyrgð á þeim sem póstsendingum. 4. gr. er sprottin af því, að það hefur opt verið ókleyft fyrir pósta, að annast þær sendingar og böggla, sem menn hafa verið svo ónærgætnir að senda um hávetur yfir land; menn hafa t. a. m. sent þrjá pípuhatta í sendingu, og varð að kaupa hest undir þá, og eru það of dýrir hattar landinu, þó kaupendur þurfi ekki að borga mikið fyrir þá. Einnig veit jeg þess dæmi, að sent hefur verið 30 kr. virði af tvistgarni sem póstsending. Að gjörður sje munur á prentuðu máli og öðrum sendingum, er svo eðlilegt í sjálfu sjer, að um það þarf ekkert að segja, eða með því að mæla.

Með því að ekki tóku fleiri til máls, bar forseti upp til atkvæða, hvort málið skyldi ganga til 2. umræðu, og var það samþykkt í einu hljóði.

ÖNNUR UMRÆÐA Í NEÐRI DEILD,

á 19. fundi, 23. dag júlímánaðar.

Flutningsmaður (Jón Ólafsson): Þetta mál gekk svo greitt við 1. umræðu, að jeg sje ekki þörf á að fjölyrða um það eða mæla með því. Getur verið, að einhverjir vilji koma með breytingar við frumvarpið, og skal jeg þá, ef þær koma fram, vera fús á að taka þær til greina, svo framarlega sem þær fara ekki móti aðaltilgangi frumvarpsins.

Landshöfðingi: Jeg skal leyfa mjer að leiða athygli hinna háttvirtu þingmanna að einu atriði í þessu frumvarpi, er mjer virðist ísjárvert og þurfa breytingar við, en það er ákvörðunin í 1. gr. um sendingar, sem eru prentað mál í krossbandi eða einbrugðnu bandi, samanborin við 2. grein.

Hinn háttvirti flutningsmaður hafði rjett að mæla, þegar hann við 1. umræðu þessa máls gat þess, að krossbandssendingar innanlands eru meira takmarkaðar, en í hinu «internationala» póstsambandi, þar sem vjer frá útlöndum samkvæmt reglum þeim, er gilda fyrir allsherjar póstmál, getum fengið stærri krossbandssendingar allt að 4 pundum, og einnig getum sent til útlanda eins stórar sendingar; en hann tók það ekki fram, að það, sem hefur valdið þessu, sje fyrirkomulagið á póstflutningum í útlöndum, þar sem eru til járnbrautir og yfir höfuð þær samgöngur, sem ekki eru mögulegar hjer innanlands, að minnsta kosti eins og nú stendur á, þar sem öllum póstflutningum hjer á að ráðstafa á hestbaki. En ákvarðanirnar um krossbandssendingar, bæði í tilskipun 26. febr. 1872 og í samningum um hið allsherjar póstsamband, eru byggðar á þeirri aðalreglu, að þessar sendingar eigi að framflytja með brjefapóstunum, það er að segja: skilmálalaust með þeim pósti, er fyrst fer af stað,

eptir að sendingunum er skilað til flutnings. Hjer af leiðir, að nauðsynlegt er, við ákvörðun um krossbandssendingar, að taka tillit til þess, er póstarnir geta flutt, sjer í lagi á þeim árstíma, þar sem póstflutningarnir innanlands eru mestum örðugleikum bundnir, og þar sem ekki er mögulegt takmarkalaust að leyfa alls konar póstsendingar, eins og 4. gr. frumvarpsins til tekur. En þegar svo stendur á, virðist mjer mjög óheppilegt, að krossbandssendingar megi taka allt að 5 punda vigt, því þótt í 4. gr. ekki sje nema um prentuð mál í krossbandi að ræða, er það þó auðsjeð, að samkvæmt þessari grein megi senda ekki einungis blöð, heldur einnig alls konar bækur, en þá getur póstflutningurinn á vetrardag orðið alveg ómögulegur; þess vegna verður að mínu áliti nauðsynlega að breyta þessum ákvörðunum frumvarpsins.

Hinn háttvirti flutningsmaður tók það fram við 1. umræðu, að það væri sjer í lagi til bægðarauka fyrir blaðamenn, ef þessi breyting kæmist á, og þó að jeg fyrir mitt leyti óski að ljetta undir með þeim, þá fæ jeg ekki sjeð, að þetta sje nægileg ástæða, ef breytingin að öðru leyti hefur verulega ókosti í för með sjer, sem jeg nú hef reynt að sýna og sanna. Þar sem burðareyrir samkvæmt 3. gr. frumvarpsins skal vera 3 aura fyrir hver 10 kvint eða minni þunga, og jeg skal ekki hafa neitt á móti þessari uppástungu, þá verður þessi »Porto« í öllu verulegu hin sama, og nú er ákveðin fyrir böggulsendingar innanlands, og þá verður ábatinn af því, að senda blöðin í krossbandi ekki mikill fyrir blaðamennina; hann verður ekki annar en sá, að þeir komast bjá því ómaki, að búa um sendinguna á þann hátt, sem skipað er fyrir um böggulsendingar, og sem að öðru leyti, þegar flytja skal í póstkoffortum, mun vera langt um meir tryggjandi, en krossbandið eitt, og árangurinn af breyting frumvarpsins eingöngu sá, sem jeg álít óhafandi, að hann geti komið í bága við það, hvernig hagar til hjer í landi um vetrarpóstflutninga.

Jeg skal þess vegna leyfa mjer að skora á hinn háttvirta flutningsmann, að hann við 3. umræðu komi fram þeirri breytingu á 1. grein, að krossbandssendingar megi ekki vega meira en 1 pund, og að sleppt verði niðurlagsgreininni í 1. málslið 4. greinar »nema prentuð mál í krossbandi«, því eptir hinum gildandi lagaákvörðunum skal senda allar brjefapóstsendingar skilmálalaust með þeim pósti, er fyrst fer af stað, og krossbandssendingar eru brjefpóstsendingar, og því er þessi ákvörðun alveg óþörf. Að öðru leyti álít jeg verulega rjettarbót að frumvarpinu og vil styðja það.

Flutningsmaður: Jeg er hinum hæstvirta landshöfðingja mjög þakklátur fyrir, að hann vill styðja þetta mál. Jeg get reyndar ekki skilið, hvað ynnist, þótt krossbandssendingar yrðu takmarkaðar þannig, að þær mættu ekki vega meir en 1 pund, því blaðamenn verða þó að senda blöðin út, og mismunurinn er einungis sá, að þeir senda þeim mun fleiri pakka, og þetta eykur þeim einungis ómak, án þess að ljetta einu kvinti á póstunum. En jeg skal samt fyrir ummæli landshöfðingja taka mjer tilefni til að takmarka þetta þannig, að það nái hvorki til prentaðra bóka eða annara krossbandssendinga en blaðanna eingöngu. Það er og svo á Englandi, að munur er gjörður á »Newspapers« eða dagblöðunum, og öðrum sendingum, því að blöðunum er þar blynnt, og þeim veittur meiri rjettur; hjer gæti og verið ástæða til að láta þetta ná eingöngu til blaðanna, það er að segja um vetrartímann.

Forseti ljet því næst ganga til atkvæða um hinar einstöku greinir frumvarpsins, og var:

1. gr. frumvarpsins samþykkt með 13 atkvæðum móti 1.
2. gr. frumvarpsins samþykkt með 19 atkvæðum.

3. gr. frumvarpsins samþykkt með 17 atkvæðum.
4. gr. frumvarpsins samþykkt með 15 atkvæðum móti 2.
Að frumvarpið gengi til 3. umræðu var samþykkt með 21 atkvæði.

ÞRIÐJA UMRÆÐA Í NEÐRI DEILD,
á 23. fundi, 27. dag júlímánaðar.

Breytingartillaga
við frumvarp til laga um breyting á tilskipun um póstmál 26. febr. 1872,
frá flutningsmanni.

Við 4. gr.: Í stað: «prentað mál» komi: «dagblöð».

Flutningsmaður (*Jón Ólafsson*): Jeg finn ekki ástæðu til að tala langt í þessu máli, því það hefur gengið greitt og umræðulítið sem komið er, og vona jeg því, að hinir háttvirtu þingmenn sýni því enn hinn sama góðvilja. Jeg vil að eins geta þess, að jeg hef komið fram með breytingartillögu, til að verða við tilmælum landshöfðingja, að í 4. gr. í staðinn fyrir «prentað mál» komi «dagblöð», og vona jeg, að þingmenn gefi henni atkvæði sitt, því hún er að minni ætlun til bóta.

Var síðan gengið til atkvæða og breytingin samþykkt og frumvarpið sjálft með 22 atkvæðum.

Kvað forseti það nú verða afgreitt til efri deildarinnar.

FYRSTA UMRÆÐA Í EFRI DEILD,
á 21. fundi, 29. dag júlímánaðar.

Frumvarpið, eins og það var samþykkt við 3. umræðu í neðri deild, sjá I, 270.

Þar eð enginn tók til máls, bar forseti undir atkvæði, hvort málinu skyldi vísa til 2. umræðu, og var það samþykkt einu hljóði.

ÖNNUR UMRÆÐA Í EFRI DEILD,
á 23. fundi, 1. dag ágústmánaðar.

Magnús Stephensen: Það er einungis eitt atriði, sem er aðgæzluvert í þessu frumvarpi, og það er 2. gr.; hún hljóðar svo: «Böggulsendingar, sem sendar eru með póstskipunum hafna á milli á Íslandi, og ekki þarf að senda neitt yfir land, mega vega allt að 10 pundum». Þegar sá samningur var gjörður, sem nú er í gildi, milli stjórnarinnar og gufuskipafjelagsins, mátti ekki eptir póstlögunum senda þyngri böggulsendingar með póstferðum innanlands en 5 pund. Þess vegna eru allar böggulsendingar, sem meira vega, teknar sem flutningsgóz með strandsiglingaskipunum, og fær fjelagið borgun fyrir þær. Nú gæti fjelagið álitið, að sjer væri rangt gjört, þar sem hækkaður er þungi þeirra böggla, sem mega takast eins og póstseudingar með póstskipunum hafna á milli, en ekki með landpóstunum; en samt sem áður vona jeg, að fjelagið fari ekki út í þá smámuni, að heimta hækkun á hinu umsamda tillagi, þó að þessi litla breyting sje gjörð. Burðareyririnn fyrir krossbandssendingar er eptir þessu frumvarpi lækkaður, og verður því nokkuð kostnaðarsamara fyrir póststjórnina að flytja krossbandssendingar, en áður. Ef t. a. m. eingöngu krossbandssendingar eru fluttar á einum hesti, þá verða þær 10 fjórðungar að þyngd, og verður burðareyririnn þar undir 30 kr.; það sem því fengist í burðargjald fyrir tvö klyf eru 30 kr.; en nú kostar einmitt aukahestur norður á Akureyri 30 kr., svo að það stendur í járnum. En ef senda ætti krossbandssendingar austur í Múlasýslu, þá yrði póststjórnin að flytja þær þangað frá Akureyri fyrir ekki neitt, og það yrði kostnaðarsamt fyrir

póststjórnina. Allt um það vil jeg ekki vera á móti þessari ákvörðun, því það er æskilegt, að prentað mál og böggulsendingar komist sem greiðast út um landið, og landssjóður verður því að leggja nokkuð í sölurnar.

Landshöfðingi: Það er snertir ákvörðunina í 2. gr. um böggulsendingar, sem hinn 4. konungkjörni þingmaður gat um, þá er jeg honum samdóma í því, að jeg gjöri ráð fyrir, að gufuskipafjelagið muni ekki mótmæla því, því að ef jeg man rjett, þá er ekki til tekin nein upphæð í samningnum milli fjelagsins og stjórnarinnar. Þar sem í 1. gr. er sagt, að krossbandssendingar megi vega allt að 5 pd., þá skal jeg geta þess, að samkvæmt tilskipuninni 26. febr. 1872 er ekki meira en 50 kv. þungi ákveðinn; en samt sem áður skal jeg ekki vera á móti þessari ákvörðun, þegar 3. gr. er tekin til greina, sem ákveður 3 a. undir hver 10 kv. í krossbandssendingum. Þar sem í 4. gr. er sagt, að með ferðum landpóstanna frá því í nóvember og til þess í marz sjeu póstar eigi skyldir að taka böggla til flutnings þyngri en eitt pund, framar en þeim þykja hentugleikar leyfa, nema dagblöð í krossbandi, þá er jeg fyrir mitt leyti ekki á móti þeirri uppástungu.

Með því að ekki tóku fleiri til máls, sagði forseti þessari umræðu lokið, og bar upp til atkvæða hinar einstöku greinir frumvarpsins; var þá

1. gr. frumvarpsins samþykkt með 10 atkvæðum.
2. gr. samþykkt í einu hljóði.
3. gr. —»— - — —
4. gr. —»— - — —

Fyrirsögn frumvarpsins áleizt samþykkt án atkvæða.

Að málið gengi til 3. umræðu, var samþykkt í einu hljóði.

ÞRIÐJA UMRÆÐA Í EFRI DEILD,
á 25. fundi, 3. dag ágústmánaðar.

Enginn tók til máls, og bar forseti því frumvarpið undir atkvæði; var það samþykkt í einu hljóði.

Forseti gat þess, að málið nú yrði afgreitt til landshöfðingja sem lög frá alþingi.

XX.

Stjórn bæjarmálefna á Akureyri.

Frumvarp til laga um bæjarstjórn á Akureyri. Frá 2. þingmanni Eyfirðinga. Frumvarpið er prentað í fyrri parti alþingistíðindanna, bls. 130—136.

FYRSTA UMRÆÐA Í EFRI DEILD,
á 14. fundi, 21. dag júlimán.

Flutningsmaður (Einar Ásmundsson): Þegar jeg fór að heiman, báðu kjósendur

mínir á Akureyri mig að frambera fyrir þingið frumvarp það til laga um bæjarstjórn á Akureyri, sem hjer liggur fyrir, og mæla fram með því, að það fengi framgang. Þau bæjarstjórnarlög, sem nú gilda á Akureyri, eru orðin gömul, og þykja ekki lengur vera samsvarandi tímanum. Frumvarpið, sem hjer er fram lagt, hafa Akureyrarbúar sjálfir samið eptir því, sem þeir álitu bezt mundi haga, og skal jeg geta þess, að þau eru sniðin eptir bæjarstjórnarlögum Reykjavíkur, sem eru samin eigi alls fyrir löngu og þykja hafa vel gefizt. En með því lög þessi eru eigi og geta eigi verið að öllu leyti samhljóða bæjarstjórnarlögum Reykjavíkur, þá er haldið ýmsum gömlum ákvörðunum og ýmsum nýjum aptur bætt inn í; þess vegna getur mál þetta verið athugavert, og því óska jeg helzt, að hin heiðraða deild setji nefnd til að yfirvega málið nákvæmlega, ef einhver einstök atriði í þessu langa lagafrumvarpi gætu tekið bótum. Jeg leyfi mjer að leggja það til, að skipuð verði þriggja manna nefnd, og 1. umræðu síðan frestað, þar til nefndin hefur komið fram með álit sitt á frumvarpinu.

Því næst bar forseti undir atkvæði, hvort kjósa skyldi 3 manna nefnd, og var hún samþykkt, og í hana kosnir:

Einar Ásmundsson með 10 atkvæðum
Magnús Stephensen — 9 —•—
Árni Thorsteinson — 6 —•—

Var 1. umræðu síðan frestað.

Í nefndinni var Einar Ásmundsson kosinn formaður og Magnús Stephensen skrifari og framsögumaður.

FRAMHALD FYRSTU UMRÆÐU Í EFRI DEILD,

á 31. fundi, 9. dag ágústmán.

Nefndarálit, sjá I, 377—384.

Framsögumaður (*Magnús Stephensen*): Með því að þetta er framhald 1. umræðu, þá liggur ekki fyrir, að tala um einstakar greinir frumvarpsins og ekki heldur breytingar þær, sem nefndin hefur gjört við hinar einstöku greinir, heldur um málið allt í heild sinni. Samkvæmt 58. gr. stjórnarskrárinnar er það fyrirheiti gefið, að rjettur sveitarfjelaganna til að ráða sjálf málefnum sínum með tilsjón stjórnarinnar skuli skipaður með lagaboði. Þessu fyrirheiti er fullnægt með því, að öllum sveitarfjelögum er með sveitarstjórnarlögunum 4. maí 1872 veitt sjálfsforræði í sveitarmálefnum, og sömuleiðis Reykjavíkur-kaupstað með tilsk. 20. apríl 1872; en það eru tvö bæjarfjelög, sem enn ekki hafa fengið uppfyllt þetta fyrirheiti, sem sje Akureyri og Ísafjörður, en nú á að bæta úr því, að því er snertir Akureyri, með þessu frumvarpi. Akureyri var gjörð að kaupstað með reglugjörð 29. ág. 1862, og þá um leið að lögsagnarumdæmi út af fyrir sig. En bæjarstjórnarlög Akureyrar, sem hafa verið þar í gildi síðan, samsvara ekki þeim skoðunarhætti á bæjarmálefnum, sem á seinni árum hefur rutt sjer til rúms. Að vísu er Akureyrarbúum gefinn rjettur til að kjósa fulltrúa, sem taka þátt í stjórn bæjarmálefna, en vald þeirra er mjög takmarkað; þeir eiga að vísu *þátt* í stjórn allra þeirra mála, sem snerta eignir og stofnanir, tekjur og gjöld kaupstaðarins og ekki eru með neinni annari lagaákvörðun undanskilin, og má bæjarfógeti því ekkert á kveða um þau málefni án þeirra samþykkis, en verði meiri hluti fulltrúa ekki á sama máli og hann, á að skjóta málinu undir úrskurð amtmanns, þannig að bæjarfógeti sendir amtmanni álit sitt um málið, en því verður og að fylgja álit bæjarfulltrúa. Sömuleiðis er bæjarfulltrúunum heimilt að bera upp til umræðu hvert það málefni, er snertir hagi kaupstaðarins, en bæjarfógetinn á að leggja úrskurð á slíkar uppástungur, og ef bæjarfulltrúarnir eru óánægðir með úrskurð bæjarfógeta, mega þeir skjóta honum

til amtmanns. Þetta sýnir, að atkvæði bæjarfulltrúanna er mjög takmarkað, og að ekki er nærri eins frjálslegt fyrirkomulag á allri bæjarstjórn á Akureyri, eins og í Reykjavík. Tilgangur nefndarinnar er að beina þessu í betra horf og gefa Akureyri sama atkvæðisrjett um sín málefni, sem hvert annað sveitarfjelag hefur um sín og Reykjavík um sín. Frumvarpið, sem Akureyrarbúar hafa samið, gengur ekki eins langt, eins og nefndin álítur að vera eigi; það hefur haldið of mjög við hið gamla, og því ekki gefið bæjarstjórninni og þá sjerstaklega bæjarfulltrúunum það vald, sem æskilegt væri. Þessu hefur nefndin reynt að kippa í lag, með því að nema burt þá ákvörðun, að leggja ákvæði bæjarstjórnarinnar undir yfirúrskurð amtmanns, þannig að bæjarstjórnin eptir frumvarpi nefndarinnar fær fullkomið atkvæði um mál bæjarins, en stendur að eins undir landshöfðingja, og þegar bæjarfógeta virðast brotin vera lög, þá getur hann fellt þá ákvörðun úr gildi um stundarsakir, þangað til hann hefur leitað úrskurðar landshöfðingja, og er þetta samkvæmt sveitarstjórnarlögunum og bæjarstjórnarlögum Reykjavíkur. Jeg vona, að deildin aðhyllist stefnu frumvarpsins og breytingar þær, sem nefndin hefur gjört við það. Við 2. umræðu skal jeg skýra frá hinum einstöku breytingum nefndarinnar og ástæðunum fyrir þeim.

Þar eð ekki tóku fleiri til máls, var gengið til atkvæða og málinu vísað til 2. umræðu í einu hljóði.

ÖNNUR UMRÆÐA Í EFRI DEILD,

á 34. fundi, 11. dag ágústmánaðar.

Framsögumaður (*Magnús Stephensen*): Þó jeg vonist til, að deildarmenn hafi borið saman frumvarp nefndarinnar við hið upprunalega frumvarp, sem lagt var fyrir deildina, skal jeg samt sem áður í stuttu máli tilgreina hinar helztu breytingar, sem nefndin hefur farið fram á. 3 hinar fyrstu greinir nefndarfrumvarpsins eru hjer um bil alveg orðrjettar teknar upp eptir hinu upprunalega frumvarpi. 4. gr. kemur í stað 4. og 5. gr. og tveggja hinna fyrstu málsgreina af 6. gr. í hinu upprunalega frumvarpi. Grein þessi, eins og hún er hjá nefndinni, er sniðin eptir sveitastjórnarlögunum. Í henni er eitt nýmæli, að konur jafnt sem karlar hafi kosningarrjett og kjörgengi, og vonar nefndin, að því nýmæli verði tekið vel. En þeirri ákvörðun, að feður og afkomendur megi eigi eiga sæti í bæjarstjórninni í senn, þótti nefndinni engin ástæða til að halda, enda er engin samsvarandi ákvörðun um setu á alþingi. Seinni hluta 6. gr. er sleppt hjer úr, en hann er tekinn aptur upp í frumvarp nefndarinnar á öðrum stað. 7. gr. hins upprunalega frumvarps verður þá 5. gr. í frumvarpi nefndarinnar, og er sú breyting á gjör þessari grein, að bæjarfulltrúar skulu kosnir til 6 ára samkvæmt frumvarpi nefndarinnar, í stað þess, að eptir hinu upphaflega frumvarpi skyldu þeir kosnir að eins til 3 ára, og hefur nefndin í þessu farið eptir bæjarstjórnarlögunum í Reykjavík, enda virðist óheppilegt, að bæjarfulltrúar fari frá eptir ein 3 ár, því þá fyrst eru þeir orðnir vel kunnugir störfum sínum. Seinasta málsgrein 7. greinar er felld burt, en tekin upp annarstaðar. 8. gr. hins upprunalega frumvarps verður 6. gr. í nefndarfrumvarpinu; eru í þessari grein litlar efnisbreytingar, en þeirri ákvörðun sleppt úr: «þegar semja skal kjörskrár, skal bæði gjaldkeri bæjarins og aðrir bæjarfulltrúar vera kjörstjórninni til aðstoðar, ef þörf gjörist», með því að nefndin taldi það sjálfsagt, að bæjarfulltrúarnir væru skyldir til þessa, þó að það ekki væri tekið beinlínis fram hjer. 9. gr. hins upprunalega frumvarps verður 7. gr. í frumvarpi nefndarinnar, og eru í grein

þessari þær efnisbreytingar á gjörðar, að í stað þess, að hið upphaflega frumvarp gjörir ráð fyrir, að kjörfundurinn skuli boðaður með auglýsingarbrjefi, þá gjörir frumvarp nefndarinnar ráð fyrir, að kjörfundurinn sje boðaður eins og önnur þing eru boðuð í kaupstaðnum; en við auglýsingarbrjef þótti nefndinni eigi þörf að binda sig. 10. gr. hins upprunalega frumvarps felst og í þessari grein, en þó með þeirri breytingu, að atkvæði greiðist í einu um svo marga sem kjósa skal, og vildi nefndin með því koma í veg fyrir, að sami maðurinn gæti kosið sama mann þrisvar sinnum, þegar 3 skyldi kjósa, eins og gat átt sjer stað eptir hinu upprunalega frumvarpi, þegar hvern þeirra skyldi kjósa sjer í lagi, enda er slíkt kosningarfyrirkomulag hvergi tíðkanlegt, það jeg til veit. 8. gr. nefndarfrumvarpsins er ný grein, en upp í hana er tekið nokkuð af 7. gr. hins upprunalega frumvarps, og því við bætt, að enginn sje skyldur að taka móti kosningu, ef vanheilsa bannar, en kjörstjórn látin ráða, hvort hún tekur afsakanir þess, er neitar, gildar; en vilji hann ekki láta sjer lynda úrskurð kjörstjórnarinnar, að málinu sje þá skotið til bæjarstjórnarinnar, og skeri hún úr, hvort gildar sjeu ástæður hans. 11. gr. hins upprunalega frumvarps er orðin 9. gr. frumvarps nefndarinnar, án efnisbreytingar. 12. gr. hins upprunalega frumvarps er alveg felld burtu, og kemur ekkert í frumvarpi nefndarinnar í þessarar greinar stað; virtist nefndinni óþarft, að láta bæjarfulltrúa, sem kosnir eru, vinna þennan eið, þó sú ákvörðun standi í reglugjörð fyrir Akureyrarkaupstað 1862. 13. gr. hins upprunalega frumvarps er orðin 11. gr., en milli er skotið 10. gr. í frumvarpi nefndarinnar, sem er endir 6. gr. í frumvarpi því, sem lagt var fyrir deildina. Í grein þessari er það nýmæli, að bæjarfulltrúi megi, ef honum er vikið frá, skjóta kæru sinni til almenns bæjarfundar. Í Reykjavík er þessu öðruvísi fyrir komið; þar er það landshöfðinginn, sem sker úr, hvort ákvörðun bæjarstjórnarinnar um þetta efni skuli gilda eða eigi. Nefndinni þótti þetta óhagkvæm ákvörðun á Akureyri, þar sem svo langt er til landshöfðingja, enda gat hún ekki sjeð, að nein hætta væri af því búin, þó fundinum væri veitt þetta vald. Eins og jeg sagði, er 13. gr. hins upprunalega frumvarps orðin 11. gr. frumvarps nefndarinnar, og er sú breyting á orðin, að ákvæði upprunalega frumvarpsins um varaoddvita er numin burtu, því varaoddvitinn getur ekki gengið í oddvita stað, sjerstaklega vegna þess, sem mælt er fyrir í næstu grein á eptir, að oddviti megi fella ákvörðun bæjarstjórnarinnar úr gildi um stundarsakir, ef honum virðist hún gagnstæð lögum eða skaðleg fyrir kaupstaðinn; en nefndin gat ekki ætlað, að nokkrum bæjarfulltrúa yrði falið slíkt vald á hendur sem varaoddvita. Bæjarfógetinn gegnir oddvitastarfinu ex officio, og verður að fá einhvern annan settan í sinn stað, ef hann getur eigi verið sjálfur viðstaddur. Sömuleiðis er í greinina bætt ákvörðun um, að bæjarstjórnin skuli setja sjer þingsköp, er landshöfðingi staðfestir. 14. gr. hins upprunalega frumvarps er nú orðin 12. gr.; á grein þessari er gjörð sú breyting, að það skuli vera landshöfðingi, en ekki amtmaður, sem sker úr, þegar bæjarfógeti hefur fellt einhverja ákvörðun bæjarstjórnarinnar úr gildi, því að það er samkvæmt því fyrirkomulagi, sem með þessu frumvarpi á að koma á stjórn bæjarmálefna á Akureyri, að bæjarstjórnin standi ekki undir neinu öðru umboðsvaldi, en hinu æðsta hjer á landi, landshöfðingjanum, eins og á sjer stað um bæjarstjórn Reykjavíkur og amtsráðin. 15., 16. og 17. gr. eru teknar í frumvarp nefndarinnar sem 13., 14. og 15. gr. án nokkurrar efnisbreytingar; í 15. gr. áleit nefndin að óþarft væri að til taka upphæðina 50 kr. sem þá hæstu þóknun, er veita megi

bæjargjaldkera, og hefur bæjarstjórnin því eptir frumvarpi hennar frjálsar hendur að kveða á um, hversu há þóknunin megi vera. 18. og 19. gr. hins upprunalega frumvarps eru 16. og 17. gr. í frumvarpi nefndarinnar. Í 17. gr. er bætt við, að áætlanir um tekjur og gjöld skuli liggja frammi vissan tíma, til þess bæjarmenn geti kynnt sjer þær. Við seinustu málsgrein er og nokkur breyting gjörð, því að nefndinni þótti ófrjálslegt að einskorða heimildina, til að hækka bæjargjöld eitthvert ár, eins og gjört er í upprunalega frumvarpinu, og bætti hún því framan við málsgreinina orðunum: «án samþykkis landshöfðingja». 20. gr. hins upprunalega frumvarps er orðjett eins og fyrri málsgrein 18. greinar í frumvarpi nefndarinnar; en síðari málsgrein í 18. gr. nefndarinnar er bætt við til þess að taka af öll tvímæli um það, að leggja megi bæjargjöld á þær verzlanir og önnur arðsöm fyrirtæki, er eigendur þeirra eru búsettir annarstaðar. 21. gr. hins upprunalega frumvarps er nú orðin 19. gr. í frumvarpi nefndarinnar, en sú breyting er á orðin, að í stað þess að 3 menn skyldu sitja í niðurjöfnunarnefndinni samkvæmt hinu upprunalega frumvarpi, þá ákveður frumvarp nefndarinnar, að í henni skuli vera 5 menn, og skuli þeir kosnir til 6 ára í stað 3; er því einnig bætt inn í, að sami maðurinn megi ekki sitja bæði í niðurjöfnunarnefndinni, og bæjarstjórninni, sem er eðlileg afleiðing af því, að bæjarstjórnin á að dæma um gjörðir niðurjöfnunarnefndarinnar. 22. gr. er óbreytt 20. gr. nefndarfrumvarpsins. 23. og 24. gr. halda sjer einnig óbreyttar að öðru en því, að í 21. gr. nefndarfrumvarpsins, sem svarar til 23. gr. í hinu upprunalega frumvarpi, er sagt, «milli Akureyrar og sveitarfjelags í Danmörku», í staðinn fyrir: «sveitarfjelags á Íslandi og í Danmörku», því að hjer er einungis um Akureyri að ræða, ekki Ísland yfir höfuð. 25. gr. verður 24. gr. í frumvarpi nefndarinnar, og er engin breyting við hana, nema, að undirskriptirnar undir ávísanir á bæjarsjóð þurfa ekki að fara fram á fundi, sem gæti valdið miklum drætti á öllum fjárgreiðslum, ef langt liði milli funda, er opt kann að bera við, heldur að nægilegt sje, að ávísanirnar sjeu undirskrifaðar af oddvita og að minnsta kosti 3 bæjarfulltrúum. 26. gr. er 23., en 27. er 25. gr. í nefndarfrumvarpina. 27. gr. í nefndarfrumvarpiuu er alveg ný grein og er hún tekin eptir bæjarstjórnarlögum Reykjavíkur. 28. gr. þótti nefndinni of ófrjálsleg, því að fjárveitingarvaldið er eptir henni mjög takmarkað, og öll fjárráð bundin, svo að það getur ekki samrýmzt við annað sjálfræði, sem hjer er gjört ráð fyrir. Hefur nefndin því algjörlega breytt greininni, og er samsvarandi grein nefndarinnar sniðin eptir sveitarstjórnarlögunum og bæjarstjórnarlögum Reykjavíkur. 29. gr. í hinu upprunalega frumvarpi er 28. gr. í frumvarpi nefndarinnar; er sú aðalbreyting gjörð á þessari grein, að úrskurður reikninganna er samkvæmt grein nefndarinnar lagður undir bæjstjórnina sjálfa í stað amtmanns. En af þessu hefur aptur leitt, að í frumvarpið varð að taka ákvörðun um, að reikningurinn skyldi sendur landshöfðingja, þegar búið væri að úrskurða hann, svo að landshöfðingi gæti rannsakað, hvort hann í nokkru væri gagnstæður lögum, og komið fram ábyrgð á hendur þeim bæjarfulltrúum, sem væru valdir að slíkum ráðstöfunum, og í annan stað ákvörðun um, að bæjargjaldkeri eða aðrir, sem peningaábyrgð væri úrskurðuð á hendur, gætu leitað rjettar síns hjá dómstólunum. Loks er í 30. gr. ákveðið, hve nær lögin skuli öðlast gildi, og áleit nefndin, að landshöfðinginn gæti gefið ákvarðanir um það, sem með þarf í því efni, og sjer í lagi til þess, að breyting reikningsársins geti verið komin í kring þann

dag, sem lögin öðlast gildi, en hún verður einkum í því fólgiu, að gjöld þau, sem lögð verða á, fyrir fardagaárið 1882 til 1883, að eins skuli greidd með hjer um bil $^{7}/_{12}$ eða fyrir tímabilið frá 6. júní 1882 til 31. des. s. á. í staðiun fyrir heilt fardagaár.

Árni Thorsteinson: Jeg er, eins og hinni heiðruðu deild er kunnugt, einn af þeim, sem hafa sýslað við mál þetta í nefndinni, og var það eptir samkomulagi við nefndina, að jeg gjörði eigi ágreiningsatkvæði. Það, sem mjer og nefndinni bar í milli, var 10. gr. frumvarpsins. Jeg álít, að eigi sje rjett, að leggja það vald, sem greinin gjörir ráð fyrir, í hendur þeirra manna, sem sjálfir hafa kosið bæjarfulltrúann í bæjarstjórnina. Jeg álít, að það sje alls ekki rjett, að láta þessa sömu menu skera úr, hvort bæjarfulltrúinn hafi vanrækt skyldu sína, eða með öðru móti brotið af sjer að sitja í bæjarstjórninni, og það gæti haft ýmsar slæmar afleiðingar; jeg ætla þar á móti, að rjettara væri, að láta úrskurði í slíkum málum liggja undir landshöfðingja.

Um 4. gr. skal jeg lítið tala, þó jeg sje þeirri grein fremur mótfallinn; jeg hef að eins getað sætt mig við hana af því, að hún stendur í eldri bæjarstjórnarlögum fyrir Akureyri. Jeg álít, að heppilegra væri, að skipta bæjarbúum niður í 2 kjörflokka, annan almennan, en hinn, sem að eins hærri skattgreiðendur sjeu í, því að opt koma fyrir spursmál um ýms stærri fyrirtæki, er miða bænum til framfara, og þá er eðlilegra, að þeir, sem bera meiri skatta og leggja fje í sölurnar meira en aðrir, hafi og meiri áhrif á kosninguna, en þeir, sem borga lítið eða ekkert. Hið 3. atriði, sem mjer þykir athugavert, er breytingin á 17. gr. um lóðargjaldið, frá því sem áður var; en jeg hef því að eins getað sætt mig við það litla lóðargjald, sem lagt er á bæjarbúa, að þeir hafa sjálfir óskað þess.

Sighvatur Árnason: Jeg vildi að eins vekja athygli deildarinnar á 19. grein hins upprunalega frumvarps (17. gr. frumvarps nefndarinnar). Jeg get ekki fellt mig við, að sama gjald hvíli á ferhyrningsfaðmi í tví- eða þríloptuðu húsi sem í geymsluhúsi eða hjalli. Þetta kemur mjög ójafnt niður; það mun láta nærri, að 4 kr. gjald hvíli á 20 ferhyrningsföðmum, og koma þá rúmir 2 aurar á hverja ferhyrningsalin. Það, sem jeg hef móti þessu 20 aura gjaldi, er það, að það kemur svo misjafnt niður eptir verði húsanna. Jeg hef að eins hreift þessu, til þess að hinni heiðruðu nefnd gefist færi á, að skýra deildinni frá, á hverju þetta gjald er byggt.

Framsögumaður: Jeg skal leyfa mjer að geta þess viðvíkjandi því, sem binn háttvirti þingmaður Rangæinga tók fram um 17. gr., að 20 aur. skuli greiða af hverjum □ faðmi af húsagrunnum, þá er það tekið eptir ósk hlutaðeigandi núverandi bæjarstjórnar á Akureyri, og vildi nefndin því ekki breyta því, þótt henni þætti það ekki sem haganlegast. Nefndinni virtist, sem sje, gjörður of mikill munur á árgjaldinu af húsagrunnum og af óbyggðri lóð, þar sem af henni á ekki að greiða nema $^{1}/_{3}$ eyris eða $^{1}/_{60}$ part á móti húsagrunni. Hinn háttvirti 1. þingmaður Rangæinga vildi láta gjaldið fara eptir verði húsanna, en þetta gjald er ekki lagt á húsin, heldur á þá lóð, sem hefur verið útmæld manni til eignar, og er því gjaldið í raun og veru ævarandi árgjald, er kemur í stað kaupverðs, en ekki skattur; en þegar búið er að selja lóðina þannig, kemur bæjarstjórninni ekkert við, hvort á henni er byggt tví- eða þríloptað hús. Þar sem hinn háttvirti 5. konungkjörni þingmaður tók fram viðvíkjandi 10. gr., að honum líkaði ekki sú ákvörðun, að bæjarfundur ætti að skera úr, ef bæjarfulltrúa væri vikið burtu, þá hefur sú ákvörðun einnig verið tekin eptir ósk bæjarstjórnarinnar á Akureyri

Meiri hluta nefndarinnar fannst ekki hættulegt, að veita þeim mönnum, sem kjósa í bæjarstjórnina, einnig rjett til að skera úr, hvort sá, sem þeir hafa kosið, hafi brotið af sjer það traust, sem kjósendur báru til hans. Jeg get ekki gjört ráð fyrir þeirri hlutdrægni hjá þeim, að það sje hættulegt, enda finnst mjer frjálslegast, að þeir skeri úr því, en ekki umboðsvaldið, sem ekkert hefur með bæjarkosningar að gjöra; ef nokkuð hefði verið, þá hefði jeg heldur kosið, að heimild hefði verið veitt til að sá, sem þannig væri vikið burtu, mætti skjóta málinu undir dómstólana. Að ekki hefur verið gjörður munur á hærri og lægri gjaldendum við kosningar, eins og hinn háttvirti 5. konungkjörni þingmaður tók fram, hefur komið af því, að þar hefur einnig verið farið eptir ósk bæjarstjórnarinnar á Akureyri, og vildi nefndin ekki þrengja þessu inn í móti vilja hennar, þótt hún væri fremur á því, að svo ætti að vera.

Með því ekki tóku fleiri til máls, sagði forseti umræðunni lokið, og bar upp til atkvæða hinar einstöku greinir frumvarpsins ásamt tilsvarandi greinum nefndarfrumvarpsins sem breytingartillögum, og var:

1. gr. frumvarpsins samþykkt í einu hljóði.
2. — —»— með orðabreytingum nefndarinnar samþykkt í einu hljóði.
3. gr. frumvarpsins óbreytt samþykkt í einu hljóði.
4. gr. nefndarinnar samþykkt í einu hljóði. 4., 5. og 6. gr. fyrri hluti í frumvarpinu þar með fallið.
5. gr. nefndarinnar samþykkt í einu hljóði. 7. gr. frumvarpsins þar með fallin.
6. gr. nefndarinnar samþykkt í einu hljóði. 8. gr. frumvarpsins þar með fallin.
7. gr. nefndarinnar samþykkt í einu hljóði. 9. og 10. gr. frumvarpsins þar með fallnar.
8. gr. nefndarinnar (ný grein) samþykkt í einu hljóði.
9. gr. nefndarinnar samþykkt í einu hljóði. 11. gr. frumvarpsins þar við fallin. 12. — —»— felld með öllum atkvæðum.
10. gr. nefndarinnar samþykkt með 6 atkvæðum. Síðari kafli 6. gr. frumvarpsins þar við fallinn.
11. gr. nefndarinnar samþykkt í einu hljóði. 13. gr. frumvarpsins þar með fallin.
12. gr. nefndarinnar samþykkt í einu hljóði. 14. gr. frumvarpsins þar með fallin.
15. gr. frumvarpsins óbreytt samþykkt í einu hljóði sem 13. gr.
14. gr. nefndarinnar samþykkt í einu hljóði. 16. gr. frumvarpsins þar með fallin.
15. gr. nefndarinnar samþykkt í einu hljóði. 17. gr. frumvarpsins þar með fallin.
18. gr. frumvarpsins með orðabreyting nefndarinnar samþykkt í einu hljóði sem 16. gr.
17. gr. nefndarinnar samþykkt með 10 atkvæðum. 19. gr. frumvarpsins þar með fallin.
18. gr. nefndarinnar samþykkt í einu hljóði. 20. gr. frumvarpsins þar með fallin.
19. gr. nefndarinnar samþykkt í einu hljóði. 21. gr. frumvarpsins þar með fallin.
20. gr. nefndarinnar samþykkt í einu hljóði. 22. gr. frumvarpsins þar með fallin.
21. gr. nefndarinnar samþykkt í einu hljóði. 23. gr. frumvarpsins þar með fallin.
22. gr. nefndarinnar samþykkt í einu hljóði. 24. gr. frumvarpsins þar með fallin.
24. gr. nefndarinnar samþykkt í einu hljóði. 25. gr. frumvarpsins þar með fallin.
23. gr. nefndarinnar samþykkt í enu hljóði. 26. gr. frumvarpsins þar með fallin.
25. gr. nefndarinnar samþykkt í einu hljóði. 27. gr. frumvarpsins þar með fallin.
26. gr. nefndarinnar (ný grein) samþykkt í einu hljóði.

27. gr. nefndarinnar samþykkt í einu hljóði.
28. gr. frumvarpsins þar með fallin.
28. gr. nefndarinnar samþykkt í einu hljóði.
29. gr. frumvarpsins þar með fallin.
29. gr. nefndarinnar (ný grein) samþykkt í einu hljóði.
30. gr. nefndarinnar (ný grein) samþykkt í einu hljóði.

Fyrirsögn frumvarpsins áleizt samþykkt án atkvæða.

Að frumvarpið gengi til 2. umræðu, var samþykkt í einu hljóði.

ÞRIÐJA UMRÆÐA Í EFRI DEILD,
á 36. fundi, 13. dag ágústmánaðar.

Frumvarpið, eins og það var samþykkt við 2. umræðu, sjá I, 441—447.

Framsögumaður (*Magnús Stephensen*): Með því að mál þetta ljekk svo góðan byr við 2. umræðu, að það var samþykkt óbreytt, eins og nefndin bar það fram, og þar eð engar breytingar eru fram komnar nú, þá sje jeg ekki ástæðu til að tala frekar um málið, en jeg gjörði við 2. umræðu, og vona, að deildin sje því eins hlynnt eins og við 2. umræðu þess.

Þar eð ekki tóku fleiri til máls, var gengið til atkvæða og frumvarpið samþykkt í einu hljóði. Kvað forseti það nú mundu verða sent forseta neðri deildar með tilmælum um, að það yrði þar tekið til löglegrar meðferðar.

FYRSTA UMRÆÐA Í NEÐRI DEILD,
á 57. fundi, 20. dag ágústmánaðar.

Halldór Kr. Friðriksson: Jeg ímynda mjer, að það sje til lítils að ræða þetta mál eða gjöra breytingar við það, því að ef fara á að gjöra breytingar við það, yrði það til þess, að það næði eigi fram að ganga að þessu sinni. Á hinn bóginn ætla jeg, að það sje svo mikilsvert og svo mikil lagabót í þessu frumvarpi fyrir Akureyrarbúa, að vert sje að greiða fyrir því. Auk þess hygg jeg, að frumvarpið sje svo úr garði gjört, að breytinga þurfi ekki við. Jeg vildi því skora á deildina, að lofa málinu að ganga sem umræðuminnst gegnum 2. og 3. umræðu.

Jón Jónsson: Það er helzt ein ákvörðun í þessu frumvarpi, sem veldur því, að jeg greiði atkvæði með því, og það er, að konum er veitt bæði kosningarrjettur og kjörgengi jafnt karlmönnum. Að öðru leyti er það verulegur galli á frumvarpinu, að það er alveg sniðið eptir lögum um bæjarstjórn í Reykjavík (*Arnljótur Ólafsson*: Nei!), því margar ákvarðanir í þeim hafa reynzt óhafandi (*Halldór Friðriksson*: Nei!), þar sem nokkur frelsis- og framfaraandi er.

Halldór Kr. Friðriksson: Jeg ætla ekki að svara miklu upp á þetta. Jeg er sannfærður um, að lögin um bæjarstjórn í Reykjavík, sem þessi eru sniðin eptir, eru einmitt ef til vill hin gallaminnstu lög, sem komið hafa hjer frá þingi.

Fleiri tóku ekki til máls. Frumvarpinu var vísað til annarar umræðu í einu hljóði.

ÖNNUR UMRÆÐA Í NEÐRI DEILD,
á 59. fundi, 22. dag ágústmánaðar.

Með því að enginn tók til máls, ljet forseti ganga til atkvæða, og var málinu umræðulaust vísað til 3. umræðu.

ÞRIÐJA UMRÆÐA Í NEÐRI DEILD,
á 62. fundi, 24. dag ágústmánaðar.

Frumvarpið var umræðulaust samþykkt í einu hljóði, og lýsti forseti því yfir, að það yrði afgreitt til landshöfðingja sem l ö g f r á a l þ i n g i.

XXI.

Fangelsi.

Frumvarp til laga um sölu á fangelsinu í Húsavík. Frá 1. þingmanni Eyfirðinga. Frumvarpið er prentað í fyrri parti alþingistíðindanna, bls. 144.

FYRSTA UMRÆÐA Í NEÐRI DEILD,
á 19. fundi, 23. dag júlímánaðar.

Flutningsmaður (Arnljótur Ólafsson): Allir, sem vita, hvernig til hagar á Norðurlandi, vita, að Húsavík er skammt frá Akureyri, og ekki er fremur þörf á að hafa fangelsi þar, en í Skagafirði, og því síður en í Húnavatnssýslu; það er því engin nauðsyn á húsinu, en töluverður viðhaldskostnaður við það fyrir landssjóðinn. Nú finnst mjer ekki vert að leggja á landssjóð meiri kostnað en þörf er á, og því vildi jeg leggja það til, að húsið yrði selt og losaðist svo landssjóður við kostnað sinn, og jafnaðarsjóðurinn fengi þó dálítið af byggingarkostnaði fangelsisins endurgoldinn.

Eiríkur Kúld: Jeg er ekki kunnugur, hvernig hjer hagar til, en jeg hef heyrt, að skrifað hafi verið yfir dyrnar, að þetta væri góður geymslustaður fyrir mýs, sem lægju þar í korni. Sje húsið ekki notað til annars, þá er víst rjett að selja það.

Flutningsmaður: Mjer er ekki kunnug þessi saga þingmanns Barðstrendinga, því engin skýrsla hefur komið um hana til amtsráðsins. Hitt er víst, að fram á þennan dag hefur eigi þurft á húsinu að halda fyrir fangahús. Það hefur enginn verið látinn þar inn enn. Þetta álít jeg nóga ástæðu.

Benidikt Sveinsson: Jeg álít miklar ástæður fyrir því, að mál þetta fái framgang. Jeg get borið vitni um, að það hefur ekki verið ástæða til að nota fangahúsið í Húsavík í þeim tilgangi, sem það hefur byggt verið í, og jeg vona, að Þingeyingar fari ekki svo vesnandi, að það verði nokkurn tíma ástæða til að brúka það á þann hátt. Sá, sem byggði húsið, undraðist mjög yfir því, að slíkt hús skyldi vera sett á þeim stað, og svo nærri fangahúsinu á Akureyri. Húsið liggur þar að auki undir skemmdum, nema keypt sjeu kol og gjörður annar kostnaður til að við halda því. Söknarpresturinn mælt-ist til næstliðinn vetur, að fá herbergi í húsinu til að láta kenna þar börnum; þetta leyfði jeg, af því jeg áleit húsinu bót í því að fá ofnhita. Það styður og þetta mál, að Þingeyingum er nauðsyn á að fá geymsluhús fyrir vörur sínar, og mundu þeir þá kaupa það fyrir fullt, það er að segja sanngjarnt verð. Mjer virðist því rjett, að unna þeim kaupanna, því, eins og stendur, er húsið einungis óþarfur ómagi fyrir eigandann.

Með því að ekki tóku fleiri til máls, leitaði forseti atkvæða um, hvort málið skyldi ganga til 2. umræðu, og var það samþykkt með öllum atkvæðum.

ÖNNUR UMRÆÐA Í NEÐRI DEILD,
á 25. fundi, 28. dag júlímánaðar.

Með því að enginn tók til máls, bar forseti frumvarpið upp til atkvæða, og var það samþykkt með 22 atkvæðum. Sömuleiðis var samþykkt með 22 atkvæðum, að málið skyldi ganga til 3. umræðu.

ÞRIÐJA UMRÆÐA Í NEÐRI DEILD,
á 28. fundi, 30. dag júlímánaðar.

Benidikt Sveinsson: Það hafa engin mótmæli komið fram móti frumvarpi þessu, og jeg hygg, að engin mótmæli komi framar á móti því. Fangahús þetta hefur aldrei verið notað hingað til, til þess sem það var ætlað, því þess hefur aldrei verið þörf, og það er vonandi, að ekki þurfi að nota það í þeim tilgangi framvegis, enda er þá eigi langt að sækja til Akureyrar.

Með því að ekki töluðu fleiri, ljet for-

seti greiða atkvæði, og var frumvarpið samþykkt í einu hljóði.

Kvað forseti frumvarpið nú verða afgreitt til efri deildar.

FYRSTA UMRÆÐA Í EFRI DEILD,
á 25. fundi, 3. dag ágústmánaðar.

Frumvarpið, eins og það var samþykkt við 3. umræðu í neðri deild, sjá I. 279.

Benidikt Kristjánsson: Af því að hjer er að ræða um fangelsi, sem er í sömu sýslunni, og jeg á heima í, þó að jeg sje ekki þingmaður fyrir hana, þá skal jeg leyfa mjer að skýra frá, hvernig máli þessu er varið. Allan þann tíma, sem fangelsið hefur staðið, hefur það aldrei komið fyrir, að á því hafi þurft að halda; enn fremur er þetta fangahús að eins eina dagleið frá fangahúsinu á Akureyri, svo að það virðist engin ástæða til að hafa það til annars, en að láta það fúna niður á landssjóðsins kostnað. Þetta er full ástæða til þess, að þingið samþykki, að húsið verði selt, svo að landssjóður hafi þó eitthvert gagn af því. Jafnvel áður en húsið var byggt, mun hafa komið til stjórnarinnar sú tillaga frá amtmanni norður- og austuramtsins eptir áskorun hjeraðsfunda, að húsið yrði ekki byggt, en sú tillaga var ekki tekin til greina. Reyndar hefði stjórnin getað komið sjer út úr málinu, þótt samningur væri gjörður um bygging hússins, því að smiðurinn, sem samningur hafði verið gjörður við um bygginguna, byggði húsið ekki á þeim tíma, sem tiltekinn var. En þó að stjórninni hafi þá þótt þörf á fangabúsinu, þá hefur þó reynslan sýnt, að það er alveg óþarft. Jeg gef því atkvæði mitt fyrir þessari sölu.

Árni Thorsteinson: Jeg ætla að eins að gjöra eina litla athugasemd. Það er sú ákvörðun í frumvarpinu, að andvirði hússins skuli renna í jafnaðarsjóð norður- og austuramtsins. Þetta getur nú vel gengið, svo framarlega sem jafnaðarsjóðurinn heldur áfram að fullnægja öllum þeim skuldbindingum, sem leitt hafa af byggingu hússins. En ef norður og austuramtið vildi losast við að borga nokkuð af kostnaðinum, af því það hefur ekki verið notað, þá kynni jeg betur við, og held rjettara sje, hvernig sem þetta fer, að ákveða, að andvirðið skuli renna í landssjóð til lúkningar á fangelsiskostnaðinum.

Af því að ekki tóku fleiri til máls, var gengið til atkvæða, og frumvarpinu í einu hljóði vísað til 2. umræðu.

ÖNNUR UMRÆÐA Í EFRI DEILD,
á 27. fundi, 5. dag ágústmánaðar.

Breytingaruppástunga
við frumvarp til laga um sölu á fangelsinu á Húsavík, eins og það var samþykkt af neðri deildinni.

Frumvarpið orðist þannig:

«Fangelsi þau, sem ákveðin eru í tilskipun um byggingu hegningarhúss og fangelsa á Íslandi, 4. marz 1871, 2. gr., skulu framvegis að eins vera 6. Fangelsið á Húsavík skal lagt niður og selt við opinbert uppboð, og andvirði þess varið til afborgunar á skuld norður- og austuramtsins til viðlagasjóðsins út af byggingu fangelsa.

Jón Pjetursson. Magnús Stephensen.
Benidikt Kristjánsson.

Magnús Stephensen: Jeg skal að eins leyfa mjer að taka það fram, að, eins og sjest á breytingaruppástungu minni og 2 annara háttvirtra þingmanna við þetta frumvarp, er það ekki meining uppástungumanna, að gjöra neina efnisbreytingu á frumvarpinu, heldur að eins að gjöra það ljóst, að meining frumvarpsins er sú, að fangelsið á Húsavík skuli leggjast niður; en þar af leiðir aptur, að fangelsið verður selt við opinbert uppboð, og virðist þá rjettast að verja andvirðinu til að borga skuld norður- og austuramtsins til viðlagasjóðs út af byggingu fangelsa. Ef frumvarpið hefði orðið að lögum, eins og það lá fyrir, þá

hefði tilskipun 4. marz 1871 um byggingu hegningarhúss og fangelsa, og ákvæði hennar um, að á Húsavík skuli vera fangelsi, staðið óhöggvið, og stjórnin því orðið að byggja nýtt fangahús til þess að fullnægja ákvæðum tilskipunarinnar. Vjer höfum tekið þá ákvörðun í breytingaruppástunguna, að andvirðið skuli ekki renna inn í amtsjafnaðarsjóðinn, heldur skuli því varið til afborgunar upp í kostnaðinn við byggingu fangelsa. Þetta er beldur engin efnisbreyting, heldur miðar einungis til þess, að gjöra frumvarpið glöggvara, og aðgengilegra fyrir stjórnina að geta samþykkt það.

Því næst bar forseti breytingaruppástungu hinna þriggja þingmanna undir atkvæði, og var hún samþykkt í einu hljóði.

Frumvarpsgreinin var við það fallin.

Fyrirsögnin áleizt samþykkt án atkvæða.

Málinu var vísað til 3. umræðu í einu hljóði.

ÞRIÐJA UMRÆÐA Í EFRI DEILD,
á 30. fundi, 8. dag ágústmánaðar.

Frumvarpið, eins og það var samþykkt við 2. umræðu, sjá I, 400.

Með því enginn tók til máls, bar forseti frumvarpið undir atkvæði, og var það samþykkt í einu hljóði. Kvað forseti frumvarpið mundu verða afgreitt aptur til neðri deildarinnar.

EIN UMRÆÐA Í NEÐRI DEILD,
á 44. fundi, 12. dag ágústmánaðar.

Frumvarpið, eins og það var samþykkt af efri deildinni, sjá I, 425.

Enginn tók til máls; bar forseti frumvarpið upp til atkvæða, og var það samþykkt í einu hljóði. Forseti gat þess, að frumvarpið nú yrði afgreitt til landshöfðingja sem lög frá alþingi.

XXII.

Stjórn safnaðarmála.

A.

Frumvarp til viðaukalaga við lög 27. febrúar 1880, um stjórn safnaðarmála og skipun sóknarnefnda og hjeraðsfunda. Frá 2. þingmanni Eyfirðinga og þingmanni Norður-Þingeyinga. Frumvarpið er prentað í fyrri parti alþingistíðindanna, bls. 159.

FYRSTA UMRÆÐA Í EFRI DEILD,
á 16. fundi, 23. dag júlímánaðar.

Flutningsmaður (*Benidikt Kristjánsson*): Orsökin til þess, að frumvarpið var samið, er sú, að allvíða hagar svo til, að mjög erfitt er að sækja hjeraðsfundi. Það eru engin lög, sem ákveða safnaðarfulltrúum neina þóknun fyrir ferðir þeirra á hjeraðsfundi, og tíma þann, sem þeir verða að vera að heiman, meðan á fundunum stendur, enda hef jeg orðið þess var, að komið hafa fram umkvartanir út af þessu. Þegar safnaðarfulltrúar. sem kvaddir eru til hjeraðsfunda, eru bornir saman við sýslunefnd-

armenn, sem fá 2 kr. í fæðispeninga fyrir hvern dag, sem þeir eru að heiman til að sækja sýslufundi, þá kennir hjer nokkurs ójafnaðar, því líkt hlýtur að vera ástatt fyrir hvorumtveggja fulltrúunum. Menn gætu nú kannske gjört ráð fyrir hugulsemi af safnaðarins hálfu, og að hann veitti þóknun fulltrúa sínum, einkum ef hann væri fátækur maður og ætti að sækja fundinn yfir langan og örðugan veg. En þetta virtist ekki svo tryggjandi, að eigi þyrfti að ákveða þeim fæðispeninga með lögum. Hjer er líka bent á, hvernig eigi að ná þessum fæðispeningum, eða á hverja skuli jafna þeim niður. Sú aðferð er að minni ætlan sanngjörn. Skal jeg svo ekki halda lengri vörn uppi fyrir frumvarpi þessu, meðan jeg engar mótbárur heyri. Margir kunna kannske að segja, að þetta sjeu smámunir einir, en jeg bið menn gæta að því, að allur er jöfnuðurinn góður, svo í smáu sem í stóru. Jeg treysti því þess vegna og, að mál þetta fái að koma til 2. umræðu, svo að menn þá geti komið með þær breytingar við frumvarpið, sem máske yrðu því til bóta.

Ásgeir Einarsson: Jeg veit það fyrst nú, að umkvörtun hefur komið um þetta efni, því það hef jeg aldrei heyrt fyr. Jeg hef hvorki sjeð neinar umkvartanir um þetta vera komnar hjer til þingsins, nje heldur hef jeg orðið var við þær í hjeraði. Mjer hefði þótt viðkunnanlegra, að þessu máli hefði ekki verið hreift, fyr en óskir hefðu komið um það frá hjeraðsmönnum sjálfum. Að minnsta kosti veit jeg ekki til, að nein umkvörtun hafi komið um þetta í Húnavatnssýslu. Mjer þætti viðfelldnara, að hjeraðsnefndir fengju vald til að semja slík lög sjálfar, eins og sýslunefndirnar mega leggja smágjöld á syslubúa, heldur en þingið færi að byrja það. Jeg kynni því kannske betur við, að nefnd væri sett í málinu, þó ekki sje mikið í það varið.

Forseti bar því næst undir atkvæði, hvort setja skyldi nefnd í málið, og var það fellt, en að málið skyldi ganga til 2. umræðu, var samþykkt með 9 atkvæðum.

ÖNNUR UMRÆÐA Í EFRI DEILD,
á 18. fundi, 26. dag júlímán.

Viðaukatillaga
við frumvarp til viðaukalaga við lög 27. febr. 1880 um stjórn safnaðarmála, og skipun sóknarnefnda og hjeraðsfunda.

Frá 2. þingmanni Eyfirðinga og þingmanni Norður-Þingeyinga.

1. Frumvarpsgreinin sje «1. grein».
2. Aptan við orðin í 1. lið: «í sókninni» komi: «og innheimta það».
3. Aptan við frumvarpið bætist sem 2. grein þess:

«Skylduvinnu þeirri, er sóknarmenn eiga til að leggja, þá er kirkja er byggð eða kirkjugarður, skal sóknarnefndiu í sókninni jafna niður. Hafa skal nefndin og umsjón með því, hvernig verkinu er hagað.»

Stefán Eiríksson: Það var ekki rætt mikið um frumvarp það, sem hjer liggur fyrir, við 1. umræðu, og því finn jeg ástæðu til að fara um það nokkrum orðum, til að láta deildinni í ljósi, hver mín skoðun sje á þessu máli. Hinum háttvirtu þingmönnum, sem komið hafa með þetta frumvarp, hefur gengið það til, að útvega þessum safnaðarfulltrúum, sem sækja þessa hjeraðsfundi, 2 kr. í fæðispeninga um hvern dag. Þetta er nú sök sjer. En þá ákvörðun frumvarpsins, sem gjörir sóknarnefndunum að skyldu, að jafna gjaldinu niður innan sóknar, eða að innheimta gjaldið, álít jeg miður heppilega. Það er alls ekki þægilegt verk fyrir sóknarnefndina, að innheimta þetta gjald, og vera að rekast í því fram og aptur um sóknina. Það er auðsjeð, að þetta eykur ekki lítið störf sóknarnefnda; þess utan mun

þetta gjald verða óvinsælt, þar sem það bætist við gjöld þau, sem áður hvíla á sveitum og hreppum, og sem eru gjöld til jafnaðarsjóða, sýslusjóðsgjöld, þjóðvegagjöld, gjöld til prests og kirkju o. fl. Jeg er þess vegna allra manna ragastur til að auka þess háttar útgjöld í hjeruðum, ofan á það sem fyrir er. Nú hafa hinir sömu háttvirtu þingmenn komið fram með viðaukatillögu, sem sannarlega bætir ekki um, að því er snertir störf sóknarnefnda, því þar er þeim enn lögð byrði á herðar, með því þeim líka er gjört að skyldu, að jafna niður skylduvinnu þeirri, er sóknarmenn eiga til að leggja, þá er kirkja er byggð eða kirkjugarður. Þessi skylda hefur áður hvílt á hreppstjórum, og því skyldu þeir ekki nú hafa þessi störf; þegar verið er að ákveða þeim föst laun af landssjóði, þá ættu þeir einmitt að hafa þetta starf á hendi, en ekki sóknarnefndir. Af þessum ástæðum, sem jeg hef tekið fram, vil jeg því langhelzt leggja það til, að hinir heiðruðu flutningsmenn taki frumvarp sitt aptur.

Flutningsmaður (Benidikt Kristjánsson): Fyrst verð jeg að segja hinum háttvirta þingmanni Austur-Skaptafellssýslu, að jeg því miður get ekki orðið við þeirri bón hans, að taka frumvarpið aptur. Því, vegna þess að jeg bjóst ekki við, að nein áskorun mundi koma til mín í þessa stefnu, þá hef jeg ekki borið mig saman við þann háttvirta þingmann, sem var með mjer í því, að koma fram með þetta frumvarp fyrir þingið. Jeg verð samt að vonast til, að hinn háttvirti þingmaður Austur-Skaptfellinga efist ekki um góðan vilja hjá mjer, til að verða við bón hans. Hinn háttvirti þingmaður talaði fyrst um það, hvað innheimta gjaldsins væri örðug, en tók það svo fram síðar, hvað þessi gjöld, sem frumvarpið legði á sóknina, væru tilfinnanleg. En mjer finnst fyrst þurfa að tala um gjöldin, því það er auðvitað, að ef um engin gjöld væri að ræða, þá væri heldur ekki að tala um neina innheimtu. Vjer skulum þá fyrst virða fyrir oss þessi gjöld. Frumvarp okkar ákveður safnaðarfulltrúum 2 kr. í fæðispeninga hvern dag, er þeir verja til að sækja hjeraðsfund. Þetta finnst hinum heiðraða þingmanni tilfinnanlegt gjald. En jeg get naumast ímyndað mjer, að nokkrum hinna annara þingdeildarmanna geti fundizt þetta of hátt gjald. Því ef það á annað borð á nokkuð að vera, þá er þetta það minnsta, sem til verður tekið. Sýslunefndarmenn hafa fengið 2 kr. í fæðispeninga, og hafa þeir þótzt góðu bættir, ef þeir eigi hafa þurft að borga út úr sínum eigin vasa viðbót við kostnað sinn til sýslufundarferða. En ef nú þetta gjald þykir þungt fyrir heila sókn, þá held jeg það mætti þykja þungt fyrir einn mann, sem verður að borga það fyrir allan söfnuðinn. En það gjörir safnaðarfulltrúinn, þegar hann verður að kosta upp á sig á ferðinni fram og aptur, og á fundinum sjálfum, og svo þegar þar við bætist verkfall á heimili, meðan hann er burtu. Sú mótbára þingmanns Austur-Skaptfellinga, að þetta sje þungt gjald, get jeg því ekki betur sjeð en verði að falla um sjálfa sig. Jeg álít því, að jeg sje kominn að því, að þetta gjald, sem í frumvarpinu er ákveðið safnaðarfulltrúunum, eigi að standa. Þá vík jeg að hinu spursmálinu, innheimtu þessa gjalds. Hinn háttvirti þingmaður hefur ekki haft á móti ákvörðun frumvarpsins um, hvernig eigi að jafna gjaldinu niður á sóknarmenn. Jeg verð því að álíta, að bonum finnist sú ákvörðun eðlileg. Þá er spursmálið um, hver eigi að hafa innheimtuna á hendi, því einhver verður að gjöra það. Og hverjum stendur þetta nær, en einmitt sóknarnefndunum, sem næstar eru? Þingmanninum getur varla þótt tiltækilegt, að gjöra safnaðarfulltrúunum sjálfum að skyldu að innheimta þessi gjöld sín. Það væri sannarlega eitthvað ópægi-

legt að skipa fulltrúum þessum, að fara að sækja svo og svo marga aura til þessa manns, og svo og svo marga aura til hins mannsins o. s. frv.; enda er ekki ætlazt til, að hver fulltrúi hafi gjaldið, eins og það er í hans sókn. En eins og þetta ekki getur verið rjett, eins væri það líka ónærgætni, að gjöra próföstum þetta að skyldu, sem búa fjarri sóknunum. Skal jeg svo ekki fara fleirum orðum um frumvarpið sjálft, en þar á móti snúa mjer að viðaukatillögu okkar. Okkur varð á það slys, af því er þingmaður Austur-Skaptfellinga meinar, að bæta við þetta óhappa-frumvarp þeirri ákvörðun, að skylduvinnu þeirri, er söknarmenn eiga til að leggja, þá er kirkja er byggð eða kirkjugarður, skuli söknaruefndin í sókninni jafna niður. Þingmaðurinn hafði rjett að mæla, er hann sagði, að þetta hefði verið og væri skylda hreppstjóra að sjá um; þessu vill hann nú ómögulega ljetta af hreppstjórunum af þeirri ástæðu, að þeir eigi uú vís laun fyrir það, sem þeir gjöra í almennings-þarfir. Eu það er hvorttveggja, að hreppstjórar eiga engin laun vís, því frumvarp það, sem hann hefur í huga, er ekki orðið að lögum, og þó þeir fengju einhver laun, þá er þeim ekki ákveðin nein sjerstök borgun fyrir niðurjöfnun þessarar skylduvinnu, eptir því frumvarpi, sem rætt var hjer í deildinni. En það er þó auðsjáanlegt, að hreppstjórarnir þurfa þó líka að verja tíma til að sjá um framkvæmdina, og fá þó hreppstjórar að minni ætlun enga borgun fyrir það heldur. En þegar um nauðsynleg störf er að ræða, þá er rjett að láta þau koma niður á þeim, sem sanngjarnast er að takist þau á hendur, eða þeim, sem næstir standa. Söknarnefndirnar standa hjer nær í flestum tilfellum. Þær þekkja þess utan bezt ástand safnaðanna, og geta því betur jafnað gjöldunum niður eptir sanngjörnum reglum. Auk þess er söknarnefndunum hægra að stjórna verkinu. Skal jeg svo ekki mæla meira með þessu litla frumvarpi, fyr en jeg heyri sterkari ástæður móti því, en fram eru komnar.

Sighvatur Árnason: Jeg get að nokkru leyti verið samþykkur frumvarpi því, sem hjer er um að ræða, vegna þess, að jeg álít það sanngjarnt, að safnaðarfulltrúar fái þóknun fyrir að sækja hjeraðsfund, á sama stigi eins og sýslunefndarmenn fá fyrir að sækja sýslunefndarfundi. Því jeg álít, að það sje álika fyrirhöfn, að sækja hjeraðsfundi, eins og að sækja sýslufundi. Fyrst fyrirhöfuin er jöfn, og þýðing fundanna í sjálfu sjer er líka jöfn, þá get jeg ekki betur sjeð, en að sanngjarnt sje, að safnaðarfulltrúar og sýslunefndarmenn fái jafna þóknun. Enda verður ekki annað sagt, en að þessi þóknun sje væg, þar sem hún ekki er nema einungis fyrir fæðið. Þingmaður Austur-Skaptfellinga mælti á móti þessu frumvarpi yfir höfuð, og líka af þeirri ástæðu, að honum þótti það miður heppilegt, að leggja söknarnefndunum innheimtu gjaldsins á herðar. Jeg skal leyfa mjer að minna þingmanninn á, að hann var með þessu máli á þinginu 1879; þá kom mál þetta fyrir, en var fyrst fellt í neðri deildinni. En svo var það tekið upp aptur í efri deildinni, og þar var þingmaður Austur-Skaptfellinga með. Þingmaðurinn tók fram agnúa við þetta frumvarp, sem jeg fyrir mitt leyti verð að vera alveg samdóma honum um. Það er t. a. m. það, að þetta frumvarp kemur enn með einn sjerstakan toll, því það er, eins og hann tók fram, mjög örðugt og óvinsælt, að innheimta þessa mörgu tolla. Það þarf að semja skýrslu um þetta gjald, og svo fara að rekast í að heimta það, og hygg jeg helzt, að sú fyrirhöfn borgi sig ekki. Og ef nú sami maðurinn er söknarnefndarmaður og safnaðarfulltrúi, þá mun honum varla verða hlíft að innheimta sinn hluta, og segi jeg þá fyrir mig, að ef jeg ætti þannig hlut að máli, þá vildi jeg ekki vinna það fyrir 2

kr. um daginn, fyrir að sækja hjeraðsfund, að rekast í því. Það er af þessari ástæðu, að jeg er enn ekki ráðinn í, hvort jeg get gefið þessu frumvarpi atkvæði mitt. En ef nefndin eða þingdeildin sjálf gæti fundið aðra sanngjarna ákvörðun um, hvaðan gjaldið skyldi taka, þá gæti jeg verið frumvarpinu samþykkur. En jeg efast um, að þingdeildin fyndi veg, sem henni sjálfri líkaði. Mjer dettur reyndar einn vegur í hug, sem er sá, að gjaldið sje greitt úr sýslusjóði. Það kann nú að koma fram sú mótbára, að kirkjumál og þjóðfjelagsmál sje óskylt, en kirkjan og þjóðfjelagið er svo samtvinnað, eins og flutningsmaður tók fram í öðru máli, að vel má sameina þau hjer. Sje gjaldið greitt úr sýslusjóði, þá fellur það eins á alla sóknarbúa, en innheimtan verður sama sem engin, því að í sýslusjóð eru greidd lögskipuð gjöld, sem þarf að innheimta hvort sem er. Að endingu sný jeg mjer að einu atriði, því, hvort flutningsmenn ætlast til, að gjaldinu sje jafnað niður á sóknarmenn eptir efnum og ástandi, eða eptir tölu þeirra manna, sem gjalda til prests og kirkju. Eigi gjöldunum að jafna niður eptir hinu síðara, þá koma þau eigi vel nje rjettlátlega niður. Jeg kann t. a. m. ekki vel við, að hjú, sem telur fram ½ eða heilt hundrað, sje látið borga jafnt og þeir, sem telja fram margfalt meira. Mjer finnst í þessu efni verða að fara eptir efnahag manna, en ekki leggja jafnt á hið minnsta sem hið mesta. Sje það aptur meiningin, að gjaldinu skuli jafna niður eptir efnum og ástandi, þá finnst mjer vanta inn í frumvarpið ákvörðun um það.

Stefán Eiríksson: Jeg þarf nú ekki að fara mörgum orðum aptur um frumvarp þetta. Þingmaður Rangæinga tók það fram, sem jeg vildi hafa minnzt á. Flutningsmaður tók það fram móti því, sem jeg sagði áðan, að gjöld þessi væru ekki svo tilfinnanleg, en jeg tek það upp aptur, að þetta getur verið býsna-þungt gjald fyrir prófastsdæmið allt í heild sinni. Það er rjett, sem þingmaður Rangæinga tók fram, að jeg var með þessu máli á þinginu 1879, en jeg er nú kominn á þá skoðun, að þess gjörist engin þörf, að leggja þennan aukatoll á sóknarmenn, því vilji menn vinna þetta verk í þjónustu safnaðanna með fúsu geði án endurgjalds, eins og nú er orðin reynsla fyrir, því eru menn þá að leggja á tolla til þess, og án þess að óskir komi frá safnaðarfulltrúum þar um? Þingmaður Rangæinga minntist líka á það, að í frumvarpinu væri ekki til tekið, hvernig jafna ætti þessu gjaldi niður, en það hlýtur að vera meiningin, að jafna því niður eptir efnum og ástæðum. Því það sjá allir, að ekki getur verið rjett, að leggja sama gjald á þá, sem telja fram 30 hundruð, og hina, sem að eins telja fram ½ hundrað, þó hvorirtveggja hafi kosningarrjett og eigi að gjalda til prests og kirkju. Þessir og aðrir gallar þurfa að lagast, ef frumvarpið ekki verður fellt, sem jeg helzt óska.

Einar Ásmundsson: Jeg skal leyfa mjer að leiða athygli þingmanna að því, að frumvarp þetta er ekki skipandi, heldur að eins leyfandi. Það byrjar á þessa leið: «*Rjett er*, að hjeraðsfundur ákveði safnaðarfulltrúum 2 kr. í fæðispeninga um hvern dag o. s. frv.», en ekki: «Hjeraðsfundur *skal* o. s. frv.». Það er því að eins leyft með frumvarpinu, að ákveða þessa þóknun, ef hlutaðeigendur óska hennar. Jeg skal líka geta þess, að í mínu kjördæmi og víðar, sem jeg þekki til, hefur eigi fram komið nein ósk um borgun fyrir ómak safnaðarfulltrúanna að sækja hjeraðsfund. En þessi ósk hefur komið þó frá öðrum hlutum landsins. Frumvarpið er heldur ekki komið frá okkar brjósti, sem höfum borið það upp; en við höfum borið það fram eptir ósk annara þingmanna, sem beðnir voru að taka þetta mál að sjer, en sem vegna annara anna ekki gátu komið því við. Eptir

því, sem þeir segja frá, þá sjest eigi, að hjeraðsfundir verði sumstaðar haldnir, nema safnaðarfulltrúar fái borgun fyrir það ómak sitt, að sækja fundinn. Þess vegna álitum við, að rjettasti vegurinn væri, ekki að skipa, heldur að leyfa, þegar svo er ástatt, að veita safnaðarfulltrúum nokkra þóknun. Jeg sje ekki, að gjaldið geti verið lægra, en ákveðið er í frumvarpinu, ef það annars á nokkuð að vera, og álít sanngjarnt, að safnaðarfulltrúar fái sama gjald, sem sýslunefndarmenu fá, og skipað er með lögum. Það hefur verið mikið talað um, að erfitt mundi vera fyrir sóknarnefnd, að jafna þessum gjöldum niður, en jeg vona, að sá andi sje víða ríkjandi, að menn gangi ekki eptir því, að fá borgun fyrir, að sækja hjeraðsfundi, og þessi niðurjöfnun komi því óvíða til. En þar sem svo er ástatt, að hjeraðsfundum verður ekki haldið uppi, nema menn fái borgunina, þá álít jeg, að það sje sanngjarnast, að hennar sje krafizt af öllum sóknum prófastsdæmisins, og þá eptir hinum sanngjarnasta mælikvarða, þ. e. manntalinu, og gjaldinu jafnað niður innan sóknar af sóknarnefndinni á alla þá, sem atkvæðisrjett hafa á safnaðarfundi í sókninni til að kjósa sóknarnefndarmenn. Hjer getur varla átt við, að jafna niður eptir efnahag manna, eins og sveitargjöldum er jafnað niður. Þetta litla tillag virðist vera þess eðlis, að það eigi að koma sem jafnast á hvern einn, sem hefur fengið dálítil rjettindi með safnaðarlögunum. Sú skoðun hefur komið fram viðvíkjandi viðaukatillögu okkar, að hreppstjórar eigi fremur að jafna niður skylduvinnunni til kirkjubyggingar, en sóknarnefndir. En jeg skal leyfa mjer, að vekja athygli manna á því, að það getur verið erfiðleikum bundið fyrir hreppstjóra, að hafa þessa niðurjöfnun á hendi, því sumstaðar hagar svo til, að margar sóknir eru í einum hrepp. Jeg þekki hrepp, þar sem í eru 6 kirkjusóknir, en svo þekki jeg aptur, að ein sókn er í þremur hreppum. Ef nú hreppstjórar eiga að jafna gjaldinu niður, þá getur sumstaðar komið ærið þungt á þann hreppstjóra, sem á að jafna niður í mörgum kirkjusóknum; en þar sem hið síðara á sjer stað, að ein sókn er í fleiri hreppum, þá sjá allir, hve óhaganlegt það er fyrir umsjónarmann kirkjunnar, að þurfa að hafa marga hreppstjóra til að jafna niður; þetta starf liggur auðsjáanlega sóknarnefndinni næst. Ef þingmaður Strandasýslu vildi standa upp, þá vona jeg, að hann gæti sannað orð mín. Jeg man, að hann hefur sjálfur byggt kirkju, og treysti jeg honum til að skýra frá, hve heppilegt það er, að fela mörgum hreppstjórum umsjón með viðhaldi eða bygging kirkna og kirkjugarða í einni sókn. Að endingu skal jeg lýsa því yfir, að jeg hef ómögulega getað sannfærzt um, að tillögur þeirra, sem móti frumvarpinu hafa talað, væru til bóta, og hefði jeg þó gjarnan fallizt á þær, ef svo hefði verið. En þar sem engar tillögur hafa komið fram, sem hafa getað bætt frumvarpið verulega, þá vona jeg, að þingdeildin samþykki frumvarpið sjálft, eins og það er með viðaukatillögunni. En ef mönnum dytti betri ráð í hug, þá vildi jeg heldur, að hreytingaruppástungur kæmu fram við 3. umræðu, eða menn bæru sig saman við okkur flutningsmennina utan þings.

Ásgeir Einarsson: Jeg held jeg megi kannast við, að orð þingmanns Eyfirðinga sjeu á rökum byggð. Jeg þekki sannarlega, hvernig til gengur sumstaðar, þar sem 3 hreppstjórar eiga að sjá um viðhald eða bygging kirkjugarða, því þar sannast eins og optar, að »ekki verður búdrjúgt, þar sem margar eru ráðskonur«. Jeg veit bezt, hvað traust girðingin var um kirkjugarðinn á Þingeyrum. Vona jeg, að þar hefði verið ólíkt eptirlit, ef sóknarnefndinni hefði verið falin umsjón með byggingunni, enda hagar opt svo til, að hreppstjóri býr langt frá og

utansóknar og á því kann ske óhægt með, að hafa nákvæmt eptirlit með verkinu. En svo er líka líkara til, að sóknarnefndin tæki betur að sjer kirkjuviðgjörðir og kirkjubyggingar, en opt á sjer stað, og að hún kynni ekki við, að sjá moldarveggina í kirkjunum, eins og í örgustu hesthúskofum. Jeg verð því, að mæla fast fram með viðaukatillögunni, og það því fremur, sem kjósendur mínir hafa skorað fastlega á mig, að styðja að því, að því fyrirkomulagi, sem nú er í þessu efni, verði breytt til, einmitt í þá stefnu, sem viðaukatillagan fer fram á. Því í þessa dýrðlega erindisbrjefi fyrir hreppstjóra hefur þessari skyldu verið ljett af hreppstjórum, svo nú er enginn til þess. Mjer finnst lang-tiltækilegast, að fallast á það fyrirkomulag, sem viðaukagreinin fram fer á. Og er það tvöföld skylda, sem knýr mig til að fallast á viðaukatillöguna, nefnilega mín eigin sannfæring og vilji kjósanda minna.

Flutningsmaður: Þingmaður Rangæinga virtist benda á, að rjettast mundi, að greiða þetta gjald, sem hjer um ræðir, úr sýslusjóði. Það, sem kom honum til þessa, hefur sjálfsagt verið ímyndunin um örðugleika á, að innheimta þetta gjald. Hann tók það fram, að vel gæti það komið fyrir, að einn og sami maður væri bæði safnaðarfulltrúi og sóknarnefndarmaður, og það gæti því orðið óþægilegt fyrir safnaðarfulltrúann; að verða að krefja inn gjald handa sjálfum sjer. Í lögunum um stjórn safnaðarmála er það reyndar ekki tekið fram, að sami maður megi ekki vera bæði safnaðarfulltrúi og sóknarnefndarmaður. En það mun þó óvíða eiga sjer stað, og getur heldur ekki vel átt sjer stað, þar sem safnaðarfulltrúinn einmitt á að hafa yfirumsjónina með störfum sóknarnefndarinnar. Það er líka ómögulegt að segja, að þessi safnaðarfulltrúi sje að innheimta handa sjálfum sjer, af því að þegar búið er að jafna gjaldinu niður og innheimta það, á að senda það til prófasts, áður en fulltrúinn fær borgun sína greidda. Þingmaður Rangæinga gat þess og, að á frumvarpinu væri ekki mögulegt að sjá, hvernig ætti að jafna gjaldinu niður. Það er satt, að þetta er ekki ákveðið í frumvarpinu, en það er með vilja gjört. Höfundar frumvarpsins álitu, að bjer væri um lítið gjald að ræða, og að hjer ættu bræður hlut að máli. Því vildu þeir heldur ekki, að nein lagaákvörðun kæmist inn í þetta bræðraband, sem á að vera milli sóknarmanna. Við álitum, að ekki ætti bjer að fara eptir efnum og ástæðum, eins og þegar gjöld eru heimtuð til fátækrasjóðs og sýslusjóðs, því gjöld eptir efnum og ástæðum er sú gjaldgreiðsla, sem dregur of mjög dám af sameignarskoðun, sem ekki ætti að koma fram nema í þeim gjöldum, sem miða til framfærslu ómögum og þurfamönnum, þó hún hafi verið látin hingað ná til fleiri útgjalda. Jeg hef nú látið meiningu mína í ljósi um þetta mál, en jeg skal geta þess, að jeg tek þakklátlega móti öllum endurbótum á frumvarpinu, en get þess þó fyrir fram, að jeg vil ekki hafa neinn samfjelagsskap á þessum gjöldum, sem hjer ræðir um, við sýslusjóð.

Sighvatur Árnason: Jeg skal að eins geta þess, að þó jeg sje ekki samþykkur frumvarpinu, eins og það liggur fyrir, þá ætla jeg mjer samt að greiða atkvæði með, að það komist til 3. umræðu, í von um, að það taki umbótum þangað til.

Síðan var frumvarpið og viðaukatillagan borin undir atkvæði, og var:

1. Viðaukatillaga undir 2. tölulið um viðbót við 1. lið frumvarpsgreinarinnar felld með 7 atkvæðum móti 4.
2. Frumvarpsgreinin felld með 6 atkvæðum móti 5.
3. Viðaukauppástungan undir 3. tölulið samþykkt með 6 atkvæðum.

4. Fyrirsögnin felld með 6 atkvæðum móti 5.
5. Málinu vísað til 3. umræðu með 7 atkvæðum.

Á 24. fundi efri deildarinnar, 2. dag ágústmánaðar, tók flutningsmaður frumvarpið aptur, sjá næsta mál.

B.

Frumvarp til viðaukalaga við lög 27. febrúar 1880 um stjórn safnaðarmála og skipun sóknarnefnda og bjeraðsfunda. Frá þingmanni Strandamanna og 2. þingmanni Eyfirðinga. Frumvarpið er prentað í fyrri parti alþingistíðindanna, bls. 328.

FYRSTA UMRÆÐA Í EFRI DEILD,
á 24. fundi, 2. dag ágústmánaðar.

Benidikt Kristjánsson: Af því að jeg er viðriðinn frumvarp, sem varð fyrir illri meðferð hjer í deildinni, þannig að höfuð og bolur var tekinn ofan af líkama þess, þá tek jeg fæturna aptur, og vil helzt, að þeim sje fleygt út í skúmaskot. Hinir nýju flutningsmenn bæta upp missinn.

Flutningsmaður (Ásgeir Einarsson): Jeg þarf ekki að halda langa umræðu um þetta mál; frumvarpið ber með sjer, hvaða þýðingu það hefur; tilgangurinn bæði fyrir kjósendum mínum, sem báðu mig að bera þetta mál fram, og svo fyrir mjer sjálfum eptir minni sannfæringu er sá, að fá einhverja stjórnarmynd, sem ómissandi er til þess, að kalla menn til og segja þeim að lagfæra kirkjugarðsspotta eða segja fyrir um flutning efuiviðar til kirkju, og hverjir að því eigi að vinna; en til þess hefur enginn orðið og enginn settur verið, síðan þetta dýrðlega erindisbrjef hreppstjóranna kom og losaði þá frá þeim störfum. Mjer finnst líka, að það liggi eins nærri sóknarnefndinni, að sjá um þetta, eins og hreppstjóranum, sem ef til vill býr í annari sókn langt burtu, enda vildi stundum fara svo, að þeir stunduðu það ekki betur en þeir þurftu.

Að svo mæltu var málinu vísað til 2. umræðu með 8 atkvæðum.

ÖNNUR UMRÆÐA Í EFRI DEILD,
á 26. fundi, 4. dag ágústmánaðar.

Flutningsmaður (Ásgeir Einarsson): Eptir því sem frumvarpi þessu var tekið hjerna um daginn, ætla jeg, að jeg þurfi ekki að mæla með því, enda er frumvarpið svo smátt og lítilfjörlegt, að jeg vona, að enginn fari að leggjast á svo lítið barn.

Með því að ekki tóku fleiri til máls, ljet forseti ganga til atkvæða, og var frumvarpsgreinin samþykkt með 7 atkvæðum, og málinu síðan vísað til 3. umræðu með 7 atkvæðum.

ÞRIÐJA UMRÆÐA Í EFRI DEILD,
á 28. fundi, 6. dag ágústmánaðar.

Frumvarpið var umræðulaust samþykkt með 7 atkvæðum, og kvað forseti það nú mundu sent forseta neðri deildarinnar með tilmælum um, að leggja það fyrir deildina.

FYRSTA UMRÆÐA Í NEÐRI DEILD,
á 51. fundi, 16. dag ágústmánaðar.

Frumvarpið, eins og það var samþykkt við 3. umræðu í efri deildinni, sjá I, 408.

Þorlákur Guðmundsson: Skylda sú, er hvílt hefur á hreppstjórum, að jafna niður dagsverkum til skylduvinnnu við kirkjur og kirkjugarða, á nú að færast yfir á sóknaruefnd, og get jeg eigi sjeð ástæðu til þess nú, þegar einmitt er farið að launa hreppstjórum. Þeir geta eins gjört það eptirleiðis, eins og þeir hafa gjört það hingað til. Jeg mæli þess vegna móti þessu frumvarpi.

Eiríkur Briem: Mjer sýnist, að þótt frumvarpið sje eigi þýðingarmikið, þá sje

þó betra að hafa það, en hafa það ekki. Það er víða svo ástatt, að hreppaskil og sóknarskil fara eigi saman, og þá er óviðkunnanlegt, að hreppstjóri úr annari sókn jafni niður þessari skylduvinnu á sóknarmenn. Eptir því, sem nú er komið, á heldur eigi hreppstjórinn, heldur öll hreppsnefndin að hafa starfa þennan á hendi, en það getur líka verið, að hreppsnefndin sje utan sóknar, og þá er það óviðkunnanlegt og ósamkvæmilegt við þá grundvallarreglu, sem að öðru leyti er fylgt um niðurjöfnun á sköttum og skyldum, að sú nefnd jafni því niður, sem sjálf tekur engan þátt í gjaldinu, og sem gjaldendur hafa engan þátt átt í að kjósa.

Varaforseti: Jeg skal geta þess, að frumvarp þetta hefur einn kost, og hann er sá, að það greiðir úr þeim vafa, sem er á því, hver eigi að jafna þessari skylduvinnu niður og veita henni forstöðu. Hvorki sveitarstjórnarlögin nje hið nýja «instrúx» hreppstjóranna tekur það skýrt fram, hvort hreppstjórar eða hreppanefndir eiga að hafa þetta á hendi, og er að því leyti nauðsynlegt, að föst ákvörðun sje sett um það. Hinn háttvirti 2. þingmaður Húnvetninga tók það fram, að í sumu tilliti ætti það vel við, að hreppsnefndin hafi eigi starfa þennan á hendi, heldur sóknarnefndin, eins og frumvarp þetta fer fram á. Það er að vísu í því tilliti eðlilegra, að hreppstjórar hafi starf þetta á hendi, að þeir eru launaðir, en aptur er það líka fyrir sóknarnefndirnar, að þær skiptast á, og verður fyrir þá sök sýslan þessi ekki mjög tilfinnanleg fyrir þær. Jeg mæli með því, að frumvarpið komist til 2. umræðu.

Eiríkur Kúld: Jeg get ekki annað en mælt með frumvarpi þessu, en jeg skal bæta því við, sem hinn háttvirti varaforseti tók fram, að það er nauðsynlegt, að sóknarnefndirnar hafi þessa stjórn á hendi. Það geta verið einn eða tveir hreppstjórar, en 3 sóknir, og það er óeðlilegt, að utansóknarmaður blandi sjer inn í þau mál, sem beinlínis snerta sjerstaka sókn. Jeg mæli með frumvarpinu, að það gangi til 2. umræðu.

Með því ekki tóku fleiri til máls, var þessari umræðu lokið. Ljet forseti því næst ganga til atkvæða um, hvort frumvarpið skyldi ganga til 2. umræðu, og var það samþykkt með 11 atkvæðum gegn 6.

ÖNNUR UMRÆÐA Í NEÐRI DEILD,
á 61. fundi, 23. dag ágústmánaðar.

Enginn tók til máls og ljet forseti því ganga til atkvæða. Var frumvarpið þá samþykkt með 17 atkvæðum, og því vísað til 3. umræðu einnig með 17 atkvæðum.

ÞRIÐJA UMRÆÐA Í NEÐRI DEILD,
á 64. fundi, 25. dag ágústmánaðar.

Frumvarpið var umræðulaust samþykkt með 21 atkvæði, og kvað forseti það nú mundu verða afgreitt til landshöfðingja sem lög frá alþingi.

XXIII.

Um gagnfræðaskóla.

Lagafrumvarp um gagnfræðaskólann á Möðruvöllum. Frá fjárlaganefndinni. Sjá fyrri part alþingistíðindanna, bls. 326—327.

FYRSTA UMRÆÐA Í NEÐRI DEILD,
á 37. fundi, 8. dag ágústmánaðar.

Flutningsmaður (Arnljótur Ólafsson):

Nefndin í fjárlagamálinu leyfir sjer að koma fram með þetta frumvarp, og er tilgangur þess, að til taka nákvæmar, en áður er gjört, hvað sje gagnfræðaskóli. Fyrsta greinin tilgreinir tegundir gagnfræðanna í almennum orðum, með því að í henni eru taldar allar þær fræðigreinir gagnfræðinnar, sem kenndar geta orðið hjer á landi að svo stöddu. 2. greinin hljóðar um það, að þriðji kennari sje settur við skólann, því að reynslan hefur sýnt, að þar getur eigi búfræðiskensla þrifizt saman við gagnfræðiskennslu. Kennari sá, er var við skólann í vetur, hefur tekið það mjög vel fram í brjefi til skólastjóra; þetta brjef fjekk landshöfðingi, og verður það afhent forseta. Auk þessa stefnir allur hugur manna nú að því, að sjálfstæður búnaðarskóli komist á. Hin 3. grein frumvarpsins hljóðar um það, að skólastjóri hafi byggingarráð yfir Möðruvöllum og hjáleigum, og álít jeg það nauðsynlegt. Amtmaðurinn í norður-umdæminu hefur afhent skólastjóra byggingarráðin á Möðrnvöllum, og í byggingarbrjefi því, er skólastjóri gaf hinum nýja ábúanda þar í vor, stendur meðal annars, að ef ábúð hans verði skólanum á nokkurn hátt til skaða, þá skuli það varða uppsögn. Bóndinn skal skyldur að veita öllum piltum kost, og á skólastjóri að semja við hann um kostinn og verð á honum. Hvað kostnaðinn snertir, þá er munurinn að eins hjer um bil 500 kr., því að búfræðingurinn hefur 300 kr. og afgjald af Möðruvöllum, sem er um 300 kr., en þriðji kennarinn á að hafa 1600 kr. í laun. Jeg vona, að hinn háttvirta deild hafi ekki á móti frumvarpinu, því að kostnaðurinn, sem það fer fram á, er lítill, en þá fyrst er kennslan eðlileg og nægileg. Þessi skóli er menntnnarskóli alls landsins, og þó að skólinn sje á Möðrnvöllum, þá er það engin mótmæli á móti honum, því að svo er hjer um hvern æðri skóla, t. d. latínuskólann.

Þar eð fleiri óskuðu ekki að taka til máls, ljet forseti ganga til atkvæða, og var það samþykkt með 14 atkvæðum á móti 1, að málið skyldi ganga til 2. umræðu.

ÖNNUR UMRÆÐA Í NEÐRI DEILD,
á 43. fundi, 11. dag ágústmánðar.

Engar umræður urðu um málið, og var gengið til atkvæða, og fjellu þau þannig:

1. grein samþykkt með 21 atkvæði
2. — —— — 18 ——
3. — —— — 22 ——
4. — —— — 22 ——
5. — —— — 22 ——

og frumvarpinu vísað til 3. umræðu með 22 atkvæðum.

ÞRIÐJA UMRÆÐA Í NEÐRI DEILD,
á 49. fundi, 15. dag ágústmánaðar.

Framsögumaður (*Arnljótur Ólafsson*): Jeg þarf ekki að halda langa ræðu fyrir þessu máli, því það hefur gengið til 3. umræðu orðalaust, og er það vottur þess, að málið er nytsamt og á rökum byggt. Jeg skal nú leyfa mjer að taka fram þau helztu atriði, sem mál þetta er á byggt. Það, sem frumvarp þetta greinir á við lögin, sem nú eru um Möðruvallaskóla, er það, að eptir frumvarpinn er ætlazt til, að gagnfræðiskennslan sje aukin, en búfræðiskennslunni hætt. Því að reynslan hefur sýnt, að þær geta ekki blessazt saman. Nú er og í ráði, að stofna búnaðarskóla, og þá dregst búnaðarkennslan eðlilega þangað. Ef nú Möðruvallaskólinn á að verða að fullkomnum notum, þarf að auka þar kennsluna, einkum í stærðafræði, því það verður að hlúa að skólanum einungis sem gagnfræðisskóla til menntunar alþýðu. Skólann vantar enn þá einn kennara og húsrúm fyrir alla þá, er þangað til náms sækja. En þótt húsið rúmi eigi meir en í mesta lagi 50 lærisveina, er samt þörf á 3. kennaranum. Því sveinunum verður að skipta niður í 3 bekki, og ætlar nefndin, að 500 kr. árlega nægi til þess. Hversu mjög stækka þurfi skólahúsið sakir eptirsóknar þeirra, sem nema vilja þar, svo langt hugs-

aði nefndin eigi. Hún hefur einungis tekið til fje í aukafjárlögunum, sem hún ætlast til að byggt sje fyrir geimsluhús og leikfimissalur fyrir skólann. Í öllu þessu verðnr reynslan að kenna manni, að leggja einungis til það, sem nauðsynlegt er. Jeg vona, að hin heiðraða deild taki máli þessu með sama velvilja sem við hinar fyrri umræður.

Grímur Thomsen: Mætti jeg koma fram með eina spurningu, og hún er viðvíkjandi 3. grein frumvarpsins. Er meiningin í þeirri grein sú, að skólastjóri skuli bæði eiga kost á að búa sjálfur á jörðunni, og byggja hana öðrum, ef hann vill. Því ef hann einungis má búa á henni, þá fellst jeg á hana, en jeg get eigi fallizt á það, að hann megi byggja hana hverjum sem hann vill.

Framsögumaður: Skólastjóri á að hafa ráð yfir að byggja öðrum jörðina, því skólapiltar þurfa að geta fengið kost, og til þess þarf bryta, og því afhenti amtmaðurinn í norður- og austur-amtinu skólastjóra byggingarráð jarðarinnar ásamt sjálfum sjer. Skólastjóri segir nú, eptir frumvarpinn, við manni: «Þú skalt fá jörðina, ef þú veitir skólapiltum svo og svo gott fæði, sem eigi kostar meira en 1 kr. um daginn». Geti maðurinn ekki tekið þessum kostum, fær hann ekki jörðina, og leitar þá skólastjóri að öðrum ábúanda. En það er sjálfsagt, að ef einhver slíkur ábúandi verður skólanum til skaða, þá verður honum byggt út.

Grímur Thomsen: En hvernig fer nú, ef skólastjóri engan bryta getur fengið, er hann þá eigi skyldugur sjálfur til þess að taka piltana í kost?

Framsögumaður: Nú þykir mjer hinn háttvirti þingmaður Borgfirðinga fara að gjörast spurull. Jeg fyrir mitt leyti ætla nú, að getgáta hans muni naumast rætast. Í fyrra var þar kona, sem var ekki búandi, en veitti þó piltum kost. Þetta verður að vera líkt og var við skólann á Bessastöðum, en jeg vona þó, að hinn háttvirti þingmaður Borgfirðinga sje mjer samdóma um það, að meiri sje trygging þess, að fá góðan bónda á jörðina, ef rektor ræður byggingunni, af því búfræðingurinn átti áður að vera bryti skólans, en það fórst fyrir í efri deildinni 1879, og nú á hann að fara.

Halldór Kr. Friðriksson: Jeg verð að játa það, að jeg kann eigi við, að skólastjóri hafi byggingarráð fremur á þessari einu jörð, en á öðrum opinberum eignum. Jeg get ekki betur sjeð, en yfirvöldin og umboðsmaður geti eins útvegað hæfan mann, sem geti selt lærisveinum fæði, eins og skólastjórinn.

Jón Ólafsson: Mig furðar á því, að þeir þingmenn, sem hafa á móti 3. grein frumvarps þessa, skyldu ekki hafa komið fram með breytingartillögur við 2. umræðu, er bættu úr þessum annmörkum, ef þeim var annt um að lagfæra það. Jeg vona þó, að það sje ekki tilgangurinn með þessum athugasemdum þeirra, að vilja fella frumvarpið.

Síðan ljet forseti ganga til atkvæða og var frumvarpið samþykkt með 21 atkvæði, og kvaðst forseti mundu senda það forseta efri deildarinnar með tilmælum um, að leggja það fyrir deildina.

FYRSTA UMRÆÐA Í EFRI DEILD,
á 39. fundi, 17. dag ágústmánaðar.

Frumvarpið, eins og það var samþykkt við 3. umræðu í neðri deild, sjá I, 464.

Enginn tók til máls, og bar forseti því undir atkvæði, hvort málið skyldi ganga til 2. umræðu, og var það samþykkt í einu hljóði.

ÖNNUR UMRÆÐA Í EFRI DEILD,
á 41. fundi, 20. dag ágústmánaðar.

Ásgeir Einarsson: Af því jeg sje, að enginn ætlar að taka til máls, þá ímynda jeg mjer, að öllum líki þetta lagaframvarp vel, og sízt er jeg á móti því. Það má

segja um þennan skóla, að «leiðir eru langþurfamenn», því að nú hin síðustu ár hafa á hverju þingi komið lög um hann. Þetta er nú sú eina af hinum óæðri stofnunum, sem algjörlega liggur á brjóstum landssjóðsins, en þá vil jeg líka láta dálítið styrkja hinar stofnanirnar, sem eru að eins undirbúningur undir þessa, til þess að gjöra menn hæfa til þess að ganga á hana. Jeg vona, að 1. grein frumvarpsins verði ekki breytt á næsta þingi; það eru nú orðnar nálægt 20 vísindagreinir, sem á að kenna í skólanum, og þó er búfræðiskennslan tekin burt, svo að jeg ímynda mjer, að það nægi í bráðina. Um 2. gr. get jeg nú lítið sagt; það hafa aðrir betur vit á því en jeg, og væri gott, að þeir ljetu álit sitt í ljósi. Jeg sje það, að það eykur kostnaðinn, að bæta við nýjum kennara, en jeg reiði mig á það, að sá einn hefur fjallað um þetta mál í neðri deildinni, sem ekki er vanur að ausa gulli úr landssjóðnum, nema nauðsyn beri til, og jeg þykist viss um, að hann hefur ekki gjört þetta af rasandi ráði. Úr því að skólinn er kominn svona langt, þá sýnist mjer, að allir ættu að vilja hlynna að því, að hann kæmist í sem bezt horf, og gangi sem bezt.

Einar Ásmundsson: Mjer virtist þingmaður Strandamanna fara vinsamlegum orðum um þetta mál; hið eina, sem honum þótti að, var það, að honum þótti leiðinlegt, að svo opt skyldu koma lög fyrir þingið um stofnun þessa gagnfræðaskóla. Þetta er ekki svo mikið tiltökumál, þegar gætt er að því, að það hefur verið lítið um skóla til þess að mennta alþýðuna, fyr en þessi gagnfræðaskóli komst á stofn; menn voru því ekki svo inu í málinu sem skyldi; en því fleiri tilraunir sem gjörðar eru til þess að bæta hann, í því betra horf mun hann komast, og jeg vona, að eigi þurfi nú að gjöra fjórðu atrennuna á fjórða þingi til þess að bæta hann. Það hefur reynzt, að búfræðiskennslan getur ekki samþýðzt gagnfræðakennsluna; þegar tvær ósamkynja greinar eru þannig sameinaðar í einum skóla, þá verður önnurhvor venjulega að hafa yfirhöndina, og hjer hafa gagnfræðin orðið ofan á, sem eðlilegt er í gagnfræðaskólanum. Það hefur sýnt sig, að búfræðiskennslan getur ekki orðið að fullum notum á skóla þessum, og því hafa menn nú tekið þá stefnu, að gjöra gagnfræðiskennsluna fullkomnari en áður, en skilja búfræðina frá. Jeg álít það nauðsynlegt, að kennararnir sjeu ekki færri en 3, því að 2 bekkir duga ekki; þeir verða að vera 3, og jeg vil skjóta því til hinna háttvirtu skólagengnu þingmanna hjer í deildinni, hvort ekki muni vera nauðsynlegt, að þar sem piltar koma inn í skólann misjafnlega undirbúnir, að þeir geti átt kost á að vera fleiri en 2 ár í skólanum. Launin handa þessum viðbætta kennara held jeg að sjeu sanngjarnleg, og ekki of mikil, því að jeg held, að það þurfi hjer eins valda menn til að vera kennarar í þessum skóla sem í latínuskólanum. Það er 3. gr. snertir, þá hef jeg heyrt það reyndar utanþings, að sú ákvörðun kæmi ekki skólanum sjálfum við, og ætti því ekki heima í þessu lagafrumvarpi. Það er líka satt, að hún snertir ekki beinlínis skólann, en mjer sýnist hún hvorki gjöra til nje frá, og jeg verð að segja, að mjer stendur á sama, hvort hún er í frumvarpinu eða ekki; jeg sje ekki, að húu gjöri neinn skaða, og jeg sje heldur ekki, að hún sje skólanum neitt í hag. Um annað þarf jeg ekki að tala; það er sjálfsagt, að skólinn standi undir yfirumsjón landsstjórnarinnar, eins og ákveðið er í 4. grein, og að kostnaðurinn til skólans sje greiddur af landssjóði, eins og 5. greinin ákveður.

Þar eð ekki tóku fleiri til máls, var gengið til atkvæða, og

1. grein frumvarpsins samþykkt með 10 atkvæðum.
2. grein frumvarpsins samþykkt með 10 atkvæðum.
3. grein frumvarpsins felld með 6 atkvæðum gegn 4.

4. grein frumvarpsins samþykkt með 10 atkvæðum.
5. grein framvarpsins samþykkt með 10 atkvæðum.

Síðan var málinu vísað til 3. umræðu í einu hljóði.

ÞRIÐJA UMRÆÐA Í EFRI DEILD,
á 42. fundi, 22. dag ágústmán.

Frumvarpið, eins og það var samþykkt við 2. umræðu, sjá I, 492—493.

Frumvarpið var umræðulaust samþykkt með 10 atkvæðum, og síðan afgreitt til neðri deildarinnar.

EIN UMRÆÐA Í NEÐRI DEILD,
á 62. fundi, 24. dag ágústmán,

Framsögumaður (*Arnljótur Ólafsson*): Hin háttvirta efri deild hefur gjört þá einu breytingu á þessu frumvarpi, að fella úr þá grein, er hljóðaði um byggingarráð skólastjóra á jörðunni Möðruvöllum með hjáleigum. Reyndar virðist mjer breyting þessi óheppileg, en jeg vil þó ráða deildinni til að samþykkja frumvarpið, eins og það nú er, því þessi grein, sem er felld úr, ætti ekki að standa hinum öðrum greinum frumvarpsins fyrir þrifum.

Síðan ljet forseti ganga til atkvæða, og var frumvarpið samþykkt með 19 atkvæðum, og kvaðst forseti mundu senda það til landshöfðingja sem lög frá alþingi.

XXIV.

Um bann gegn innflutningi á útlendu kvikfje.

Frumvarp til laga um bann gegn innflutningi á útlendu kvikfje. Frá 2. þingmanni Suður-Múlasýslu, 2. þingmanni Norður-Múlasýslu og 2. þingmanni Skagfirðinga. Frumvarp þetta er prentað í fyrri parti alþingistíðindanna, bls. 49.

FYRSTA UMRÆÐA Í NEÐRI DEILD,
á 8. fundi, 21. dag júlímán.

Flutningsmaður (*Jón Ólafsson*): Frumvarp þetta, sem jeg stend undir ásamt 2 öðrum þingmönnum, er sprottið af hættu þeirri, sem innflutningur útlends kvikfjenaðar getur haft í för með sjer. Jeg veit, að hinum heiðruðu þingmönnum muni minnisstætt, hversu fjárkláðinn kom, og hverjar voru hinar hörmulegu og skaðlegu afleiðingar hans. Það gæti því sannarlega orðið of dýrt spaug, ef að, jeg vil segja, rælni einstakra manna kæmi slíkum hörmungum aptur yfir land og lýð. Í öðru lagi hef jeg talað við ýmsa búfræðinga bæði innanlands og utan, og hefur það verið eindreginn dómur allra þeirra, að þess konar innflutningur kvikfjenaðar hjer til landsins væri ónauðsynlegur; ekkert gott gæti af honum leitt, en að hann gæti valdið miklum skaða. Að því er snertir frumvarp þetta, skal jeg fúslega játa, að 2. gr. þess er ef til vill of stranglega orðuð, og mörgum kann að sýnast, að leyfa mætti innflutning kvikfjenaðar undir vissum tryggjandi skilyrðum. Sakir þess vil jeg láta þá ósk mína

í ljósi, að kosnir væru menu í nefnd, til þess að hugleiða þetta mál; og gæti svo nefnd sú breytt þessu frumvarpi á þann hátt, er þingmönnum virtist æskilegast, og happasælast yrði. Mjer virðist þriggja manna nefnd mætti nægja.

Síðan var samþykkt 3 manna nefnd með 13 atkvæðum og umræðunni frestað.

Í nefndina voru kosnir:

Jón Ólafsson með 16 atkvæðum
Benidikt Sveinsson — 9 —»—
Jón Jónsson — 9 —»—

Í nefndinni var Benidikt Sveinsson kosinn formaður, og Jón Ólafsson skrifari og framsögumaður.

FRAMHALD FYRSTU UMRÆÐU Í NEÐRI ÐEILD,

á 43. fundi, 11. dag ágústmán.

Nefndarálit, sjá I, 271—272.

Framsögumaður (Jón Ólafsson): Jeg sje enga ástæðu til að fjölyrða um þetta mál. Tilgangur nefndarinnar er auðsjeður, að sporna við innflutningi útlends fjár í landið, einkum því, er skaði eða tjón mætti að verða, og vill því að eins leyfa innflutning með tryggjandi skilyrðum.

H. K. Friðriksson: Það er nú um þetta frumvarp, eins og sum önnur, sem komið hafa til umtals á þinginu, að það miðar til að skerða persónulegan rjett manna, og það heldur freklega. Það er sannarlega hart, að banna bónda, sem vill og hefur ástæður til að bæta fjárstofn sinn með útlendu fje, það er hart, segi jeg, að banna honum það með lögum. Hin rjetta stefna nefndarinnar hefði verið sú, að banna innflutning á sjúku fje, og að fyrir skipa nákvæmar reglur um skoðun hins innflutta fjár, svo að vissa væri fyrir því, að fjeð væri eigi sjúkt af neinum sóttnæmum sjúkdómi. Það er gjört annarstaðar, og þegar sýki gengur einhverstaðar, þarf stranglega að banna að flytja fje þaðan inn í landið. Jeg skal gjarnan játa, að sauðfjenaður getur tekið miklum bótum hjá oss án þess, að bæta hann með útlendu kyni, en það er ófrelsi að mega ekki eiga skepnu, þó útlend sje, ef hún getur engum orðið að nokkrum sem helzt skaða; að banna bóndanum að reyna að bæta fjárstofn sinn með útlendu fje, það er óþolandi. Þetta leyfi, sem gjört er ráð fyrir að fá megi, þegar svo stendur á, á landshöfðingi að veita með aðstoð dýralæknis. Dýralæknirinn er nú enginn til, svo það er eigi auðið eptir því, sem nú er ástatt, að nokkur maðnr geti fengið þetta leyfi. Jeg tek það fram aptur, að hin rjetta stefna nefndarinnar hefði verið sú, að setja sem allra-öflugastar skorður við innflutningi sjúkra skepna í landið, og binda innflutning allan því stranga skilyrði, að full trygging væri fyrir því fengin, að fjenaðurinn væri ósjúkur, en eins og frumvarpið er, ræð jeg innilega frá, að samþykkja það.

Framsögumaður: Jeg vil leyfa mjer að taka fram, að það er ekki rjett hjá hinum háttvirta þingmanni Reykvíkinga, að með lögum þessum sje öllum bannað að flytja inn útlendar skepnur, og eiga þær, og það þótt þær sjeu heilbrigðar; en það getur verið, að hinum háttvirta þingmanni þyki það nóg, að lögreglustjóri skoði fjeð, og að honum þyki það eins góð trygging eins og skoðun dýralæknisins. En hvað sem um það er, þá má hinn háttvirti þingmaður vita það, að honum er leyfilegt eptir sem áður að flytja inn útlendan kvikfjenað, hvort sem það eru bústjórnarfjelagssvín eða annað. Það væri þá ekki í fyrsta sinn, þó að hinn háttvirti þingmaður ljeti flytja svín inn í landið, en þau hafa dáið, og ekki orðið landinu að neinum verulegum notum, nema þeim, sem ef til vill hefur lagt sjer þau til munns. En þar sem menn eru að tala um að flytja fje inn til kynbóta, þá held jeg mjer sje óhætt að segja það, að menn búast við meira gagni af því, en von er til að verði. Hinn háttvirti þingmaður Reykvíkinga sagði, að sjer fyndist eigi eiga að banna að flytja inn annað en veikar skepnur, og það er líka einmitt það, sem

frumvarpið fer fram á, að veikt fje verði eigi flutt inn í landið. Hinn háttvirti þingmaður ætti allra manna bezt að muna eptir þeim hörmungum og kostnaði, sem leiddi af fjárkláðanum, sem einmitt kom upp af innflutningi á útlendu fje, og því er hætta að setja ekki skorður við því.

Halldór Kr. Friðriksson: Mig furðar á því, að 2. þingmaður Suður-Múlasýslu segir, að eigi sje öllum bannað að flytja inn útlendar skepnur, og þó segir 1. grein frumvarpsins það skýlaust. Því verður eigi neitað, að það er bannað, en landshöfðinginn má að eins gjöra undantekningar frá þessu banni með ráðum dýralæknis; en hjer er enginn dýralæknir, og þess vegna yrðu þá þeir, sem vilja flytja inn fje, að hafa með sjer vottorð frá dýralækni á þeim stað, sem skepnan fer frá, og það vottorð yrði þýðingarlaust, því að læknirinn gæti að eins gefið vottorð um, að skepnan væri ósjúk þá, er hann skoðaði hana, en hann gæti ekkert vottorð gefið um það, að skepnan yrði heil, þegar hún yrði flutt til Íslands löngu síðar. Hinn 2. þingmaður Suður-Múlasýslu vill láta banna innflutninginn, af því að háski sje fyrir höndum, og árangurinn óviss, en jeg get ekki sjeð, að háski geti staðið af heilbrigðu fje, því að landshöfðinginn og lögleglustjórinn geta bannað að hafa fjeð saman við aðrar skepnur um tíma, unz full vissa er fengin fyrir því, að engin næm sýki felist í skepnunni. Að því er árangurinn snertir, þá getur verið, að hann sje óviss, en fái maður betra fje erlendis, en hjer er til, og fari eptir föstum og stöðugum reglum í blöndun fjársins, þá ætla jeg lítið efamál, að það geti orðið að góðu gagni, og tel jeg því ósanngjart að banna mönnum það, ef þeir sanna, að engin hætta sje fyrir höndum. Það er kunnugt, að hjer hefur verið fluttur inn útlendur nautpeningur, og flestir játa, að hann hafi reynzt ágætlega, og fyrir vestan hafa verið fluttar inn kindur frá útlöndum, þótt eigi sjeu þær margar, og veit jeg ekkert tjón hafa af því hlotizt. Eins og frumvarpið liggur fyrir, get jeg því ekki fallizt á það; en jeg vona, að hin heiðraða nefnd lagi frumvarpið, og gjöri þá breytingu, að sönnun fyrir, að skepnurnar sjeu heilbrigðar, sje skilyrði fyrir því, að menn megi flytja þær til landsins, og það verði hið eina skilyrði.

Grímur Thomsen: Það er að eins ein stutt spurning, sem jeg vil leyfa mjer að bera upp fyrir hina háttvirtu lögfræðinga nefndarinnar, um það, hvernig skilja eigi ákvarðanir frumvarpsins í 3. gr., að fjenaður, sem fluttur er inn í óleyfi eða óhirtur, skuli vera óhelgur og rjettdræpur. Jeg hef tekið eptir því, að þó að þess konar ákvarðanir standi í lögum, þá getur það dregið dilk eptir sig, og vona jeg, að uppástungumennirnir vilji orða þetta námkvæmara. Jeg er stefnunni samþykkur; hún er af góðum rótum runnin og nauðsynleg, en jeg álít varlegra, að orða 3. gr. öðruvísi.

Holgeir Clausen: Jeg ætla ekki að tala mikið, en geta þess að eins, að mjer sýnist tilgangur frumvarpsins rjettur, að vilja ekki hafa veikt fje inn í landið; en jeg álít, að það sje auðvelt að fá fje inn í landið á þann hátt, að með fjenu fylgi seðill frá dýralækni þaðan, sem fjeð er, og þar sem hann skoðar það, sem vottorð um heilbrigði þess. En jeg er því ósamþykkur, að banna að flytja inn í landið útlent fje, og hygg jeg, að heldur ætti að verja mörg þúsund krónum til þess, að fá betra kúakyn og hestakyn, en hjer er. Erlendis hafa menn opt stórar sýningar, og þar fá þeir, sem beztar skepnur eiga, verðlaun, svo að það borgar sig vel að bæta kynið, ef það og skyldi komast hjer á. Jeg hef sjálfur verið svo óheppinn að eiga tvær kýr, svo að jeg veit vel, hver kostnaður er við þær, og hvað þær gefa af sjer; það er sannarlega ekki mikið, en það kemur til af því, að hjer er ekkert gjört til þess að bæta kynið, og því verða skepnur hjer ónýtar. Jeg vil greiða atkvæði með því, að veikt fje verði eigi flutt í landið, en eigi með banni gegn innflutningi.

Framsögumaður: Jeg vil leyfa mjer að taka fram viðvíkjandi hinum tveimur

háttvirtu þingmönnum, þingmanni Snæfellinga og þingmanni Reykvikinga, að jeg get ekki sjeð, að það sje nema orðamunur á banni með undanþágum og leyfi með skilyrðum, en í sjálfu sjer er það eitt og hið sama. Hinn háttvirti þingmaður Reykvíkinga sagði, að hjer væri enginn dýralæknir, en þó er hann einmitt hjer í Reykjavík, og þó hjer væri enginn, þá verð jeg að segja, að nefndin áleit það ekki hlutverk sitt, að fara að búa til dýralækna. Hinn sami háttvirti þingmaður sagði, að það væri hart, að mega ekki flytja inn útlendan fjenað, ef dýralæknir gæfi vottorð um, að fjeð væri heilbrigt; og þess vegna vil jeg benda hinum háttvirta þingmanni á það, að þegar vottorð kemur frá dýralækni, þá má landshöfðinginn leyfa innflutninginn, en sá, sem vill flytja fjenað inn í landið, verður sjálfur að sjá um, að koma með vottorð frá dýralækni. Jeg ætla ekki að tala um, hvaða þörf er á þessum innflutningi, eða hvaða hagur getur orðið af honum, því að hjer liggur ekki fyrir að banna hann, heldur að eins að lögbinda skilyrði fyrir honum til að afstýra hættu, sem af honum gæti hlotizt, en þó skal jeg að eins geta þess, að búfræðingar segja, að útlent fje gangi úrættis hjer sakir hins stranga loptlags, sem hjer er; að minnsta kosti er það svo í Noregi um hið skozka fje, að það má að vísu á búnaðarskólum og fyrirmyndarbúum balda þrifnaði í því fje, en hjá bændum verður sú raun á, að það þrífst ekki, og þá skyldi maður halda, að sama ætti sjer því heldur stað hjer.

Eiríkur Kúld: Jeg er öldungis samþykkur hinum háttvirta 2. þingmanni Suður-Múlasýslu um tilgang frumvarpsins, en eins og það liggur fyrir, er það alveg óhafandi, því að það gengur of nærri borgaralegu frelsi. Það hefur verið tekið fram, að eigi væri vert að flytja hingað til landsins útlenda hesta, og getur það vel verið á rökum byggt, en jeg veit, að útlendar kýr hafa reynzt hjer vel. Á minni æfi, og er hún ekki löng, hefur þrisvar sinnum verið flutt fje til Vesturlandsins, nokkrar kindur af «Merino»-kyni, fyrst til Flateyjar, svo til Hrappseyjar, og síðan til bónda eins í Mýrasýslu; reyndar var arðurinn af kindunum sjálfum ekki mikill í bráðinni, en við kynblöndunina fjekkst hið bezta og fallegasta fje, sem jeg hef þekkt, og sjerstaklega ullargott; en að hið útlenda fje hafi gengið hjer úr sjer, það get jeg ekki sagt, að svo hafi reynzt í þessum tilfellum. Jeg er öldungis samþykkur hinum háttvirta þingmanni Snæfellinga um það, að það dugar ekki að leggja slíkt band á borgaralegt frelsi, eins og mjer virðist 1. gr. fara fram á, þar sem sagt er, að enginn megi flytja inn fje nema með leyfi landshöfðingjans, sem þó er takmarkaður við ráðleggingu dýralæknis, en hjer er enginn dýralæknir til. Eptir því, sem stendur í þessari grein, verður sá, er vill fá sjer útlent fje, fyrst að fara til landshöfðingja og hann að fá vottorð um frá útlendum dýralækni, að það sje hættulaust; svo fyrst löngu síðar kemur leyfið, og enda svo seint, að ekki væri ómögulegt, að það fje þá geti verið orðið veikt. Jeg vil leyfa mjer að skjóta því til nefndarinnar, hvort hún vill eigi breyta 1. gr., líkt og hinn háttvirti þingmaður Reykvíkinga hefur farið fram á. 3. greinina felli jeg mig heldur eigi vel við, og álít jeg varhugavert að setja slíkt í lög.

Jón Jónsson: Eins og þegar er búið að taka fram, hafði nefndin hugsað sjer, að vottorð þau, sem getur um í frumvarpinu, fengjust hjá útlendum dýralæknum; en þar að auki vil jeg leyfa mjer að benda á, að innan skamms kynnu að fjölga dýralæknar hjer á landi. Í gær var sýslufjelögunum veittar 15000 kr. til eflingar búnaði, og það finnst mjer eigi óhugsandi, að sýslufjelögin kynnu að vilja hvort um sig eða fleiri í fjelagi verja nokkru af því fje til að ráða dýralækni, á sama hátt og sýslunefndir fleirum sinnum hafa ráðið búfræðinga. Nefndin gjörði ráð fyrir, að landshöfðingi setti tryggjandi reglur um aðflutninginn í hvert sinn, er spurning yrði um hann, og

að í þeim reglum yrði skipað fyrir um sóttvarnir og eptirlit með hinu aðflutta fje. Hinn háttvirti þingmaður Borgfirðinga spurði, hvernig ætti að skilja ákvarðanirnar í 3. gr., og er hægt að svara honum upp á það. Samkvæmt greininni sjálfri er hver skepna rjettdræp, sem sleppur úr verði þeim eða hirðingu, er eigandi samkvæmt reglum landshöfðingja á að hafa á henni. Nefndin ætlaðist til, að slík kind væri óhelg öllum, er vildu drepa hana, og hefur slíkri reglu þráfaldlega verið fylgt fram hjer á landi, meðan verðir voru gegn fjárklánum. (*Egill Egilson*: Kúlusauðirnir!) Jeg veit vel, að sá lögreglustjóri, er ljet drepa þá kláðagrunuðu sauði, er þingmaðnr Mýramanna nú nefndi, af því að þeir höfðu sloppið yfir Deildargilsvörðinn, var dæmdur til að greiða eigandanum skaðabætur, en þetta er alveg eins dæmi. Margir aðrir, bæði lögreglustjórar og einstakir menn, hafa látið drepa kláðagrunaðar kindur, er sloppið höfðu yfir varðlínu, svo tugum skipti, án þess að nokkrum datt í hug að heimta skaðabætur fyrir það. Í öðrum löndum er einnig álitið sjálfsagt, þegar vörður gegn hættulegum dýrasjúkdómi hefur verið settur, að drepa öll þau grunuðu dýr, er úr verðinum sleppa. Það er sjálfsagt, að sá privatmaður, sem drepur aðflutta kind, verður að sanna, að hún hafi samkvæmt lögum þessum og reglum landshöfðingja verið rjettdræp; en geti hann sannað það, er hann einnig laus allra mála við eigandann.

Benidikt Sveinsson: Jeg gat ekk sannfærzt af ræðu hins háttvirta þingmanns Reykvíkinga um, að það væri ekki rjett að banna innflutninginn á kvikfje fyrir fram. En er það meining hans, að rjett sje að banna að flytja skepnurnar inn í landið, þegar þær *eru komnar* inn í landið? Jeg verð líka að frábiðja lögreglustjórunum þann starfa, að eiga að dæma um sjúknað fjenaðar, því að þeir geta ómögulega dæmt um, hvort einhverjar skepnur eru sjúkar eða ekki; það getur enginn heimtað af þeim, að þeir geti haft vit á því, og þess vegna er alveg nauðsynlegt, að dýralæknir gefi vottorð um slík mál, og það er öldungis nauðsynlegt, að vottorðið sje gefið *fyrir fram*, gefið áður en skepnan er komin inn í landið; með þessu eina móti er hægt að koma í veg fyrir, að sjúkar skepnur flytjist inn í landið. Hinn háttvirti þingmaður spurði um, hvað orðið «óhelgur» þýddi. Það hefur vafalaust verið spaug hjá honum, því að hann er svo lærður og svo sögufróður, að hann veit, hvað orðið «óhelgur» þýðir. Það hefur tvær merkingar; önnur er: sama sem «vanhelgur», og hin er: «rjettlaus», sem engan rjett á á sjer, enga lagavernd hefur, og ekkert eptirmál getur risið út af, hvernig sem með er farið, hvort sem er um lifandi eða dautt að ræða. Jeg skal benda hinum háttvirta þingmanni á 22. kapítula Jóns lagabókar; þar stendur: «ok er þá *óheilagt* heyit og engit», og síðar í sama kapítula: «síðan er *óheilagt* heyit og engit». Í kapítula 23. stendur: «ella er heyit óheilagt við búfje þess, er þar á beit svo nær». Í kapítula 32. stendur: «Þá er sá garður óheilagur við broti fyrir þeim, er þar þurfa at fara». Þannig kemur orðið fyrir í þessari merkingu í öllum íslenzkum lögum og sömuleiðis í daglega málinu, og það mun lifa framvegis í tungu vorri með hinni sömu merkingu, meðan við mælum voru máli. Það getur því ekkert verið á móti því, að hafa þetta orð í frumvarpi þessu, einkum þegar orðið «rjettdræpur» er með til skilningsauka fyrir þá, sem ekki þykjast skilja mælt mál.

Guðmundur Einarsson: Það er sannarlega vorkunn, þótt hinir heiðruðu flutningsmenn frumvarps þessa vilji gjalda varhuga við innflutningi á fje inn í landið; það er von, að mönnum sje í fersku minni, hvað af því hefur hlotizt og getur hlotizt. En þó verð jeg að lýsa yfir þeirri skoðun minni, að mjer virðist 1. gr. of hart orðuð og ofmikið band lagt á innflutning penings. Jeg verð því að vera meðmæltur breytingu á þessu við 2. umræðu, en þó þannig, að svo fullnægjandi skorður verði viðlagðar, að sótt-

næmi í peningi flytjist eigi inn. Það er eptir minni meiningu eigi eins happasælt og margir kunna að ætla, að flytja kvikfje hjer inn í landið til kynbóta. Jeg álít, að fje vort sje svo kyngott, að það heppnist bezt óblandað, og sje miklu bæfilegra að verjast sjúkdómum en blandað fje. Jeg er eigi á því, að «Merino»-fjeð sje flutt hingað; það er of finullað og skinnveikt fyrir loptslag vort og meðferð, en aptur á móti þykir mjer líkindi til, að Schumanns-fjeð, ættað frá Skotlandi, geti orðið hjer að góðu gagni, einkum á eyjum hjer í Faxaflóa, eða sunnanvert með honum og austur með landi, en þó með þessu nauðsynlega skilyrði, sem hinn háttvirti þingmaður Reykvíkinga tók fram, að það hafi sem bezta og líkasta hirðing, fóður og alla meðferð hjer, eins og það hefur alizt upp við. Það, sem er að frumvarpi þessu, er það, að það er of hart orðað, eins og jeg tók fram, og þegar því hefur verið breytt dálítið og liðkað, þá mun jeg gefa því átkvæði mitt.

Tryggvi Gunnarsson: Meiningin í frumvarpi þessu er góð, en orðunin og fyrirkomulag efnisins er miður en vel fyrirkomið. Jeg er hlynntur stefnu frumvarpsins og vil ekki fella það, því að það er vel hægt að bæta það svo, að það geti orðið vel aðgengilegt. Þetta er svo algengt mál í hverju einasta landi öðru en Íslandi, og svo víða lög fyrir því, að það hlýtur að vera ljett, að setja hjer lög um það efni. Flutningur á lifandi fje milli landa skeður daglega erlendis, og grundvallarreglurnar hljóta að vera hinar sömu fyrir þetta land eins og önnur. Jeg vil nú leyfa mjer að fara nokkrum orðum um greinar frumvarpsins. Í 1. gr. er bannað að flytja inn fje, nema landshöfðinginn leyfi. Það er nokkuð óeðlilegt, þetta skilyrði. Vel getur skeð, að það líði langur tími frá því, að dýralæknirinn gefur vottorðið um, að kindin sje heilbrigð, og þangað til að leyfi landshöfðingja er fengið. Svo stendur, að landshöfðinginn veiti undanþágu, og að reglurnar skuli prenta í stjórnartíðindunum deildinni B. Hvað á það að þýða, að setja slíkt á prent Getur það verið mótmeðal gegn pestarveiki? Og er meiri trygging í þeim reglum, sem landshöfðingi setur, en því, er þingið ákvarðar? Svo kemur 2. grein. Þar stendur meðal annars: «enda bæti hann allan skaða, sem af þeim fjenaði hlýzt». Eptir þeirri reglu hefði sá, sem lömbin flutti inn í Miðdalinn um árið, átt að borga allan kostnaðinn af fjárkláðanum. Það hefðu þurft að vera talsverðar eigur til þess, að borga það allt, en hefðu efnin hrokkið skammt, þá voru þessi ákvæði í lögunum gagnslaus. Það er og eptirtektavert, að sekt liggur við að brjóta *lögin*, en sekt og fullar skaðabætur, ef reglur landshöfðingja eru eigi haldnar, svo hans ráðstafanir eru rjetthærri en lög þau, er alþingi semur. Svo kemur 3. grein. Þar stendur: «sá fjenaður, sem inn er fluttur í óleyfi, skal óhelgur og rjettdræpur hverjum manni þeim, er hittir». Eptir þessu er svo, að ef jeg hef fengið kind frá útlöndum, án þess að hafa leyfi landshöfðingja til þess, og þó jeg hafi haldið kindinni inni hjá mjer svo eða svo lengi alveg heilbrigðri, og hleypi henni svo út alveg heilbrigðri, þá hefur hver sem vill leyfi til að skjóta hana, hvar sem hún sjest; þetta kann sumum að þykja hart. Eptir minni meiningu er eigi hægt að brúka nokkra grein frumvarpsins óbreytta, en reglur um sóttvarnir fyrir innflutt fje eru nauðsynlegar; má því ekki fella frumvarpið; hægt er að bæta það með breytingartillögum, og vil jeg fúslega sameina mig við hina háttvirtu þingmenn í því efni.

Varaforseti: Þetta mál ætti öllum þingmönnum að vera alvörnmál; það hefur allt af mikið illt hlotizt af fjárkláðanum, sem að minnsta kosti kom upp eptir að útlent fje var innflutt, til þess, að menn láti sjer það í ljettu rúmi liggja. Jeg skal leyfa mjer að geta þess, að eitthvert kvis hefur komið í vor um það, að flutt mundi verða inn skozkt fje á þessu sumri, og sökum þessa skoruðu menn í einu hljóði á okk-

nr þingmenn sína á sýslufundi, sem haldinn var í vor, að koma fram með frumvarp á þinginu, sem færi því fram, að innflutningur á útlendu fje væri alveg bannaðnr, eða að minnsta kosti ekki leyfður nema með strongustn skilyrðum. Þetta höfðum við í hyggju að gjöra, en slepptum því, þá er við urðum varir frumvarps þessa, sem hjer liggur fyrir. Að því er snertir galla þessa frumvarps, þá get jeg ekki sjeð þá. Það er annaðhvort að gjöra, að leyfa eða banna, og í þessu frumvarpi er innflutningur eigi bannaður svo, að hann sje ómögulegur, eins og nokkrir háttvirtir þingmenn hafa sagt; en það er bannað, án þess að fjeð sje sett undir opinbera gæzlu, og það verð jeg að álíta alveg rjett. Jeg get ekki sjeð, að það sje neitt óeðlilegt, eins og hinn háttvirti 1. þingmaður Suður-Múlasýslu sagði, að landshöfðinginn geti veitt undanþáguleyfi með tryggjandi skilyrðum; mjer finnst það heldur eigi skerða tilfinnanlega eignarrjettinn, eins og hinn háttvirti þingmaður Dalamanna sagði, þótt eigi sje leyft hverjum einasta manni sem vill, að flytja inn útlendan fjenað af monti eða hvaða hvötum, sem kann að vera. Sektirnar, sem til eru teknar í 2. gr., virðast ekki of háar, og þótt eigi sje vissa fyrir því, að hinn brotlegi eigi til fyrir sektunum, þá sje jeg ekkert á móti því, að leggja þær á, því að eins fer hjer að líkindum og annarstaðar í þess konar tilfellum. Hinn háttvirti þingmaður Borgfirðinga þóttist ekki skilja, hvað orðið «óhelgur» þýddi. Hinn háttvirti 2. þingmaður Skagfirðinga hefur svarað því; en jeg held, að orðið sje nokkurn veginn skýrt í frumvarpinu, þar sem með því stendur «rjettdræpur». Það er vonandi, að landshöfðinginn og ritari hans sjái svo um, að ekki þurfi að setja «commissorium» út af þessu orði.

Holgeir Clausen: Einu sinni var bóndi og sjómaður. Þeir hittust og spurðust tíðinda; spurði bóndinn sjómanninn meðal annars, hvar faðir hans hefði dáið; sjómaður kvað hann dáið hafa á sjó. Bóndi spurði, hvar afi hans hefði dáið. Sjómaður kvað hann einnig á sjó dáið hafa. Bóndi mælti þá: «En að þú skulir nokkurn tíma þora að koma á sjó, fyrst bæði faðir þinn og afi hafa þar bana beðið». Sjómaður spurði bóndann, hvar faðir hans hefði dáið. Bóndi kvað hann dáið hafa í rúmi sínu. Sjómaður spurði bóndann, hvar afi hans hefði dáið. Bóndi kvað hann og látizt hafa í hvílu sinni. «En að þú», mælti sjómaður, «skulir nokkurn tíma þora að koma í rúm, þar sem bæði faðir þinn og afi hafa þar bana beðið». Eins hygg jeg hinn háttvirti varaforseti sje hræddur við fjárkláðann, af því að hann var hjer einu sinni áður. En mjer finnst engin ástæða til að hræðast þetta; mönnum er innan handar að fá trygging fyrir því, að eigi sje flutt inn sjúkt fje. Það er hægt að fá eina 2 autoriseraða dýralækna frá Euglandi eða Kaupmannahöfn; það finnst mjer ætti að vera nóg. Að banna alveg innflutning á fje, virðist mjer of ófrjálslegt. Jeg held líka, að maður þurfi ekki að óttast fjárkláðann, hara nóg trygging sje fyrir því, að ekki sjeu fluttar inn kláðasjúkar kindur.

Jón Jónsson kvaðst vera hinum háttvirta þingmanni Dalamanna þakklátur fyrir ræðu hans; hann væri sá maður, er mesta reynslu og þekking hefði í þessum efnum. Eptir sinni ætlun þyrftu menn eigi að óttast drátt á undanþáguleyfinu, því að helzt væri það á sumrum sem menn vildu flytja inn fjenað, en þá væru gufuskipaferðir tíðar og hægt að koma brjefum til og frá landshöfðingja. Hinn háttvirti þingmaður Suður-Múlasýslu væri hræddur við sektirnar; en eptir frumvarpinu væri það auðsjáanlega að eins beinlínis skaðinn, en ekki óbeinlínis skaðinn, sem hinum brotlega ber að borga. Það væri hart, ef einhver annaðhvort af ásettu ráði eða af skeytingarleysi sleppti sjúkri kind í stóran fjárhóp á bæ, og bóndinn þyrfti að skera allan hópinn, að hann þá eigi fengi neinar bætur fyrir það frá þeim, er skaðann gjörði.

Þá er hjer var komið umræðunum, heiddu þeir

Friðrik Stefánsson,
Þórarinn Böðvarsson,
Þorsteinn Jónsson,
Þórður Magnússon,
Egill Egilsson,
Ólafur Pálsson,
Þorsteinn Thorsteinson,
Tryggvi Gunnarsson,

að umræðunni skyldi hætta, og var það samþykkt.

Síðan ljet forseti ganga til atkvæða um það, hvort málið skyldi ganga til annarar umræðu, og var það samþykkt með 20 atkvæðum.

ÖNNUR UMBÆÐA Í NEÐRI DEILD,
á 50. fundi, 16. dag ágústmán.

Breytingartillaga
við frumvarp til laga um bann gegn innflutningi á útlendu kvikfje.

Í staðinn fyrir 1. gr. komi:

Enginn má flytja til landsins frá útlöndum naut, sauðfje eða hross, nema hann hafi vottorð áreiðanlegs dýralæknis um það, að fjenaðurinn sje eigi veikur af neinum sóttnæmum sjúkdómi, þá er hann er fluttur á skip, nje komi frá þeim byggðarlögum eða bæjum, þar sem nokkur sóttnæmur sjúkdómur sje eða hafi verið fyrir svo skömmum tíma, að grunur um veikindi geti á legið.

2. gr. (ný grein).

Þá er fjenaður kemur hingað til lands, skal skipstjóri eða viðtakandi þegar skýra frá því lögreglustjóra, eða manni þeim, er hann setur fyrir sína hönd. Skal þess þá vandlega gætt, hvort hinar aðfluttu skepnur sjeu sjúkar. Nú reynist ein eða fleiri skepnur veikar af sóttnæmri veiki, skal þá allur hinn aðflutti fjenaður drepinn þá þegar á kostnað eiganda; en reynist skepnurnar ósjúkar, skal þess þó gætt, að þær hafi alls engar samgöngur við annan fjenað hina næstu tvo til fjóra mánuði eptir. Þá er lögreglustjóri hefur látið vandlega skoða skepnur þessar, skipar hann fyrir um, hvenær þeim megi sleppa saman við annan fjenað.

Í staðinn fyrir 2., sem verður 3. gr. komi:

Brot gegn lögum þessum varðar skipstjóra þann, er flytur sjúkan fjenað, eður viðtakanda hans, allt að 500 kr. sektum, er renna í landssjóð.

3. gr. frumvarpsins falli niður.

Fyrirsögniu orðist þannig:

LÖG
um sóttvarnir á aðfluttum fjenaði.

Tryggvi Gunnarsson. Arnljótur Ólafsson.
Þorvarður Kjerúlf. H. Kr. Friðriksson.
Eiríkur Kuld.

Tryggvi Gunnarsson: Enginn tekur til máls. Jeg hugsaði, að framsögumaður fyndi ástæðu til, að tala eitthvað um málið, þar sem svo stórvægilegt breytingaratkvæði liggur fyrir frá mjer og nokkrum öðrum þingmönnum; en þar sem hann lætur ekkert á sjer bæra, verð jeg að álíta, að hann sje samþykkur því, sem breytingartillagan fer fram á. Fyrirsögn þessa frumvarps er *bann* gegn innflutningi á útlendu kvikfje, en jeg vil taka fram, að í frumvarpinu er ekki *bann*, heldur leyfi með takmörkun, og sama er að segja um breytingartillöguna; hún fer fram á leyfi með takmörkun, en miklu eðlilegri takmörkun en frumvarpið. Í frumvarpinu er farið fram á, að landshöfðinginn, sem gefur leyfið, skuli einnig segja fyrir um, hvernig eða með hverjum kostum skepnurnar megi flytjast inn í landið. En, má jeg spyrja: er líklegt, að landshöfðingi geti sett betri almennar reglur eða nokkuð meira tryggjandi, en alþingi getur ákveðið með lögunum sjálfum? Jeg held ekki. Sumir hafa látið í ljósi, að bezt væri algjört bann gegn öllum innflutningi fjár og nautpenings, af þeim ástæðum að það geti eigi orðið kyninu til neinna bóta. Þetta held jeg að sje sprottið af misskilningi, því að

þótt víða sje hjer allgóður fjárstofn, vantar þó mikið á, að hann sje svo góður, að ekki megi bæta hann mjög mikið. Menn hafa áður metið gæði sauðfjenaðarins eptir mjólkurvexti í ám og mör í sauðum, eins og náttúrlegt var. Það er svo eðlilegt, að menn hafi viljað leggja mesta stund á og metið mest þá vöruna, sem dýrust var hjer á landi allt til þessa tíma; en á þessu er talsverð breyting orðin, síðan útflutningur lifandi fjárins til Englands byrjaði. Í því landi er pund af kjöti talsvert dýrara en mörinn; er því náttúrlegt, að hinn útlendi kaupandi líti meira á aðra kosti fjárins, en áður var venja hjer á landi, og eptir því hljóta landsmenn að fara, svo framarlega sem þeir vilja við halda þeim viðskiptum. Það er auðvitað, að sumstaðar er sauðfje hjer á landi með þessum kostum, eða getur orðið það með góðum viðurgjörningi, en kynbót með þeim hætti gengur mikið seinna, en þegar nýr stofn er aðfenginn, annaðhvort frá útlöndum eða í landinu sjálfu, þaðan sem búið er að bæta fjárkynið að mun. Enn fremur ber þess að gæta, að eptir því sem grasræktin eykst meira í landinu, eptir því eru meiri líkindi til, að nautpeningur fjölgi og uxum verði komið upp til að selja þá Englendingum, og þyrfti þá engu síður að bæta kyn þeirra en sauðfjárins. Mjer finnst því algjört bann gegn innflutningi mjög óeðlilegt og rússiskt, og vil því mæla með breytingartillögunni.

Framsögumaður (Jón Ólafsson): Jeg vil biðja hina heiðruðu uppástungumenn, og sjerstaklega hiun heiðraða 1. þingmann Suður-Múlasýslu, að skýra fyrir mjer 2. gr. breytingaruppástungnanna. Jeg skil hana ekki. Þar stendur: «Skal þess þá vandlega gætt, hvort hinar aðfluttu skepnur sjeu sjúkar». Hver á að gæta þess? lögreglustjórinn, eða sá, sem hann setur fyrir sína hönd, sem líklegast mun verða hreppstjórinn? Setji lögreglustjórinn nú hreppstjóra fyrir sína hönd, er þá hreppstjórinn skyldur til að vera svo lækningafróður, að hann geti sagt, hvort skepnan er sjúk eða ekki? Er þess von, að enda sjálfur lögreglustjórinn sje lækningafróður eða sjúkdómafróður? Á hreppstjórinn eða enda lögreglustjórinn að sjá með berum augum maur, ef það skyldi vera kláði, sem að kindinni gengur? eða á hann að vera skyldugur til að hafa verkfæri, sem til þess þurfa? Það er einnig athugavert í 1. gr. breytingartillaganna, að innflutningurinn er bundinn því skilyrði, að útvegað sje vottorð áreiðanlegs dýralæknis. Hver á að dæma um, hvort dýralæknirinn er áreiðanlegur? Er það lögreglustjórinn? eða hreppstjórinn? eða einhver annar bóndi, sem lögreglustjóri setur í sinn stað? Eigi nú hreppstjóri eða bóndi að gjöra það, getur vottorðið verið á því máli, sem hann skilur alls ekki, og það nafn, sem hann sjer undir vottorðinu, getur hann enga hugmynd haft um, hvort er nafn dýralæknis eða annars manns, hvað þá heldur dæmt um, hvort hann er áreiðanlegur dýralæknir eða ekki. Það mundi víst mega stinga flestum bændum út hvaða skrifuðu blaði á útlendu máli, sem vera skal. Eptir breytingaruppástungunum er því hreint engin trygging fyrir, að fjeð sje ósjúkt, og mætti alveg eins leyfa að flytja fje inn skilyrðislaust með hvaða pest, sem í því getur verið. (*Tryggvi Gunnarsson*: 4 mánuðir). Þeir 4 mánuðir eru allsendis þýðingarlausir, þegar enginn maður, sem vit hefur á, á að skoða fjeð á því tímabili.

Holgeir Clausen: Jeg er samdóma 2. þingmanni Suður-Múlasýslu um, að þetta er nokkuð, sem breytingaruppástungumenn hafa ekki hugsað sjer; en það væri hægt að fá áteiknun hjá þeim *konsúl*, sem er á þeim stað, sem fjeð er flutt frá, um það, að dýralæknirinn sje áreiðanlegur. Frá Danmörku mætti fá þetta vottorð hjá «*Landbohöiskolen*». Jeg vil með þessu að eins henda á gott ráð til þess, að fá tryggíng fyrir, að dýralæknirinn sje áreiðanlegur.

Framsögumaður: Það er hverju orði

sannara, að ákvæði breytingaruppástungnanna er óheppilegt, en um áteiknun *konsúlanna* vil jeg minna þingmann Snæfellinga á það, að það er ekki sjálfsagt víst, að *konsúlar* sjeu á þeim stað, sem fjeð er flutt frá. Og svo er annað: er þingmaðurinn viss um, að í öllum löndum sjeu «*officiellir*» dýralæknar? Eða þó þeir væru alstaðar til, og þó þeir gæfu vottorð, hefur þingmaðurinn þá nokkra vissu fyrir, að íslenzkir hreppstjórar skilji það? Hefur hann vissu fyrir, að skipstjórinn geti ekki komið með skiphorra-*certificat* sitt, með brjef frá kærustunni eða því líkt blað á útlendu máli, og sagt hreppstjóra-tetrinu, að það sje dýralæknis-vottorð? Skyldi ekki hreppstjórinn vera jafnnær?

Holgeir Clausen: Þá sje jeg ekki annað ráð en að öllum *konsúlum* og dýralæknum í heiminum sje gjört að skyldu, að kunna íslenzku. (*Framsögumaður*: Áður en breytingartillögurnar verða samþykktar?). Annars hjelt jeg nú, að einhver ráð mætti hafa til að útleggja vóttorðið. Yfir höfuð finnst mjer menn vera of hræddir. Hjer má nægja sama trygging og annarstaðar,

Benidikt Sveinsson: Brennt barn forðast eldinn, segir máltækið, en þetta máltæki sýnist ekki ætla að rætast hjer. Munurinn á frumvarpi nefndarinnar og breytingaruppástungunnni er hverjum manni auðsær; hann er í stuttu máli sá, að breytingartillögurnar beinlínis hvetja menn til að flytja fje inn, en frumvarp nefndarinnar letur þess. (*Tryggvi Gunnarsson*: Hvernig það?) Jú, það var einmitt ljóst af ræðu 1. þingmanns Suður-Múlasýslu; hann talaði um kosti við að flytja inn sauði og kýr; og það kalla jeg að hvetja til að gjöra það. Þingið ætti þó sannarlega sem brennt barn að forðast eldinn; það ætti sannarlega, segi jeg, að hugsa sig vandlega um, áður en það fer að ráða mönnum til eða hvetja menn til þess, að stofna landinu aptur í annan eins háska og kláðinn olli. Norðmenn, sem að mörgu leyti hagar líkt til hjá og okkur, hafa mjög á móti innflutningi útlends fjár, og gefa fremur verðlaun fyrir rýrara innlent fje en vænna útlent, eða innflutt, og þetta gjöra þeir einmitt af því, að þeir vilja hindra innflutning útlends fjár. Þeir vita, að kynbætir með útlendu fje er stopull; fjeð veður, ef til vill, betra og vænna fyrst í stað, en það dregur fljótt úr því; þar á móti sá kynbætir, sem þeir geta komið á með innlendu fje, er varanlegur og fer vaxandi. Jeg held, að hjer á landi sje enn engin veruleg reynsla komin á um það, hversu gott og vænt fje okkar getur orðið með innlendum kynbótum. Jeg er ekki viss um, að útlent fje, eða útlendar kýr, sje hóti betri, sízt hingað komið, þegar fram í sækir. Jeg játa, að 1. þingmaður Suður-Múlasýslu er fróður maður, og vel að sjer um ýmsa hluti, en mjer liggur við að neita honum um það, að hann geti byggt nokkurn dóm á reynslunni í þessu efni. Þá er sú hlið, sem nefndin hefur tekið í þessu máli, og hún er sú, að letja menn til innflutninga. Þingmenn eru ekki borgunarmenn fyrir þeirri ógæfu og tjóni, sem af því getur leitt, að flytja útlent fje hjer til lands, eins og reynslan hefur áður sýnt. Þessi mögulegleiki er þó enn til, ef breytingartillögurnar væru samþykktar (*Halldór Friðriksson*: Nei!). Jú, hann er enn til, og það er einmitt sá mögulegleiki, sem nefndin vill útiloka, að þingmaður Reykvíkinga geti byrjað aptur á sama gildinu og í fjárkláðanum. Það er betra, að fella frumvarpið alveg, en að samþykkja breytingartillögurnar, því að þær yfirgefa alveg tilgang frumvarpsins.

Þorsteinn Thorsteinson: Mig furðar alls ekki á því, þó 2. þingmaður Norður-Múlasýslu sje hræddur við fjárveikina eptir þá reynslu, sem við höfum haft, en mig furðar alveg á því, að hann skuli kalla það, sem breytingartillögurnar fara fram á, hvöt til að flytja fjenað inn í landið, því að sannarlega er það þó örðugleikum bundið samkvæmt breytingartillögunum. Frumvarpið þar á móti fer fram á hreint og beint bann, og það sýnir of mikla hræðslu. Mjer finnst

breytingartillögurnar vera skynsamlegar af því, að þær leyfa innflutninginn, en að eins með þeim skilyrðum, sem mega sýnast fullnægjandi trygging fyrir öllu tjóni, en langt er frá því, að þær hvetji til þess. Eins og þingmaður Snæfellinga benti á, er hægðarleikur, að fá fulltryggjandi læknisvottorð, því að þá grýlu hræðist jeg ekki, að fjeð komi frá þeim stöðum, þar sem enginn *consúll* er til, sem getur teiknað upp á vottorðið, og skylda til að fá slíka áteiknun hlýtur eptir hlutarins eðli að hvíla á þeim, er inn flytur, já, enda að hafa vottorðið á því tungumáli, sem hann veit að menn almennt skilja hjer á landi, og þetta mundi víðast hægt að búa sig út með, ef ekki í «*Original*», þá í staðfestu snúnu eptirriti. Þó nokkuð líf sje farið að koma í verzlun og samgöngur við önnur lönd, þá eru þær að minnsta kosti ekki nú sem stendur við neina slíka staði, þar sem *consúlar* ekki eru til. Sú reynsla er alstaðar annarstaðar, að kyn bætist við blöndunina; og er engin ástæða til að efast um, að það gjöri það einnig hjer. Jeg greiði því með ánægju atkvæði með breytingartillögunum.

Eiríkur Kúld: Jeg verð að segja það, að 2. þingmaður Suður-Múlasýslu hefur opt verið góðfúsari lesari, en þegar hann las breytingartillögurnar. Síðan jeg kom fyrst á þing 1853, man jeg aldrei til, að jeg hafi sjeð svo ófrjálslegt frumvarp koma inn á þing, sem þetta er. Það gengur því næst, að taka frjálsræði af mönnum, því að það varnar manni þess rjettar manns, að verja fje sínu, eins og maður álítur bezt henta, þar sem það gjörir manni ómögulegt, að bæta kynferði fjár síns með útlendu fje. 2. þingmaður Norður-Múlasýslu gat enga tryggingu sjeð í breytingartillögunum fyrir því, að útlend fjárpest flyttist ekki inn í landið. Þeim skilningi hans á breytingartillögunum skil jeg ekkert í; því að það er einmitt meining breytingartillaganna, að setja þá tryggingu, sem allt af hefur verið álitin fullnægjandi. Framsögumaður fann það að 1. gr. breytingartillaganna, að hreppstjórar væru engir dýralæknar; til þess skal jeg ekki svara neinu, því að það hefur verið gjört af öðrum, en að 2. gr. fann hann það, að engin trygging væri í skoðunargjörð þeirra manna, sem lögreglustjórinn setur í sinn stað, því að til þess þurfi beinlínis dýralækni; en jeg ímynda mjer, að skoðunargjörð samvizkusamra og greindra manna geti verið fullnægjandi, að minnsta kosti þykist jeg vita, ef kindur væru fluttar til Austurlandsins, að óhætt mundi að fela 2. þingmanni Suður-Múlasýslu þann starfa á hendur. Þar að auki er sá tími, sem nefndur er í breytingartillögunum, fullkomlega mikil trygging fyrir, að sjúkdómurinn geti ekki leynzt í fjenu. Breytingartillögurnar veita því allt eins mikla tryggingu og frumvarpið sjálft. Jeg set nú það tilfelli, að enginn dýralæknir væri hjer til, þó að einn sje til nú sem stendur, er hann á förum þegar minnst varir, en að 2. þingmaður Norður-Múlasýslu vildi kaupa sjer kind til að bæta fjárstofn sinn með; þingmaðurinn verður þá eptir frumvarpinu að skrifa landshöfðingja, og hann að skrifa til Hafnar og fá þar vottorð hjá dýralækni, til þess að geta veitt leyfið til að kaupa þessa kind. Jeg vona, að mönnum geti skilizt, að þetta muni verða ópraktiskt fyrirkomulag, þegar til framkvæmdarinnar kemur. Ef lög annars eiga að koma út um þetta efni, finnst mjer ekki áhorfsmál, að taka heldur breytingartillögurnar. Jeg er viss um, að laga má í hendi sjer þær misfellur, sem framsögumanni þótti vera á 2. gr. í þeim, einkum hvað orðfærið snertir.

Arnljótur Ólafsson: Mjer er mál þetta ekkert kappsmál, en það verð jeg að segja, að jeg kann ekki við frumvarp nefndarinnar. Jeg kann ekki við það, að öllum sje bannað að flytja inn skepnur, já, að öllum mönnum í heimi sje bannað að flytja hingað til lands fjenað; jeg vil ekki koma upp eins konar *China* hjer á norðurskauti heimsins, enda er það engin ástæða, því þá ætti eins að girða fyrir allar siglingar frá útlöndum. Það er eigi ávallt nægileg trygging fyrir

því, að sjúkir menn verði eigi fluttir í land. Í þessu máli er mest þörf á skynsamlegri varúð, en menn þurfa ekki að ætla sjer að byggja fyrir alla mögulegleika og ómögulegleika. Það annað er á móti 1. gr., að «þó má landshöfðinginn leyfa það». Hvernig hugsar nefndin sjer þessar lífsreglur hans? Jeg set svo, að landshöfðinginn sje hjer og dýralæknir einnig, en hver á að beita reglunum út um landið, þar sem enginn dýralæknir er? Landshöfðinginn verður að fela það valdsmönnunum á hendur, og þannig sömu mönnum, sem við viljum fela það á hendur í breytingartillögu vorri. Annaðhvort á landshöfðingi enga undanþágu að geta gjört, eða ef hann gjörir undanþágu, þá er komið í sömu vandræðin, eins og í breytingartillögu vorri, en þó verri að því leyti, að frumvarpið áskilur ekkert vottorð um heilsu fjárins, þegar það kemur á skip; en ef sjúkdómur kemur fram í skepnunum, þá mun hann optast búa í þeim, áður en þær koma út á skipið, þótt að sóttnæmi geti búið í skipinu og sýkt þær, en þetta ber miklu sjaldnar við. Jeg get ekki betur sjeð, en að breytingartillagan fari því fram, sem er almennt tryggjandi, að sá, sem fær fjenað fluttan til landsins, verði að hafa vottorð frá dýralækni um heilbrigði kvikfjárins, eða þá frá öðrum, sem hefur vald til að gefa það. Jeg bið menn vel að gæta að því, sem stendur í 2. gr., að lögreglustjóra skal þegar skýrt frá því, er fjenaður frá útlöndum kemur hingað í land, og að hann skal þá vandlega skoðaður. Setjum nú svo, sem opt kann verða, að skoðunarmenn hafi ekki gott vit á sjúkdómum. En það gjörir lítið til, því jeg vona, að kláðahræðslan sje svo mikil hjer á landi, að það geti ekki orðið að neinu tjóni, og að menn sjeu miklu fremnr of varkárir og hræddir, en hið gagnstæða. Menn vita og, að fjenaður er ekki alveg heilbrigður — hann er að minnsta kosti sjósjúkur, er hann kemur af sjó, og að þeir, sem ekki hafa gott vit á, segi því, að þeir þori ekki að fortaka, að fjenaðurinn geti verið veikur. Æfinlega er tilefni til þess, að gefa slíkt vottorð. Auk þessa á að gæta fjárins 2—4 mánuði, áður en því verður sleppt saman við annað fje. Er þá nefndin svo sjúkdómsfróð, að hún viti, hvort sjúkdómur geti leynzt í fjenu lengur en 4 mánuði? Ef deildin vill hafa nokkuð framgengt í þessu máli, þá virðist mjer mannúðlegra og rjettara, að fallast heldur á breytingartillöguna en frumvarp nefndarinnar. Nefndinni hefur þó sjálfsagt gengið gott til með frumvarpið, en hún hefur óneitanlega borið of mikinn kvíðboga fyrir, að kláðinn kynni að komast hjer inn aptur. Jeg veit og get sagt, að hinar mestu kynbætur á Englandi voru eigi af því, að útlent fje, frá Spáni t. d., væri flutt inn í landið, heldur af því, að hinn nafnfrægi *Bakewell* valdi úr innlendu fje og hirti það og tímgaði á hinn bezta hátt.

Jeg er eigi meðmæltur innflutningi á útlendu fje, en heldur eigi honum svo mótfallinn, að jeg vilji þvergirða fyrir hann, því að það yrði einnig árangurslaust.

Jón Jónsson: Jeg get ekki sjeð, að það sje neinn munur á þessum orðum: «það er öllum bannað» og «enginn má», eða hver er munurinn á þeim? Munurinn á nefndarfrumvarpinu og breytingartillögunni er þá einkum sá, að breytingartillagan vill fela lögreglustjórunum eða hreppstjórunum ábyrgðina á því, að skilyrðanna fyrir aðflutningi kvikfjár sje gætt, en vjer viljum, að landshöfðingi hafi ábyrgð þessa. Einnig er það, ef að fje sleppur úr sóttvörn, þá viljum við, að það sje óhelgt og rjettdræpt, en þetta vilja breytingartillögumennirnir fella burt, og væri fróðlegt að heyra ástæður hinna háttvirtu breytingarmanna fyrir þessari tillögu sinni. Viðvíkjandi 2 eða 4 mánaða tímabilinu, sem svo mikið hefur verið talað um, held jeg, að kláðasagan sýni ljóslega, að á þessu landi, þar sem vantar dýralækni, og þar sem bændur verða að hafa eptirlit með hinum sóttgrundaða fjenaði, getur drepsótt legið niðri, einkum í sauðfje, svo missirum skiptir.

Framsögumaður: Hinn háttvirti 1.

þingmaður Ísfirðinga lagði alla áherzlu á bann það, er frumvarpið fer fram á, en það er furða, að hinn háttvirti þingmaður skuli ekki geta skilið það, að bann með undantekningu er alveg það sama og leyfi með skilyrði. Hinum háttvirta þingmanni Barðstrendinga ætla jeg að svara því, að þar sem hann gaf mjer þau *Compliment*, að jeg hefði opt verið góðfúsari lesari en hjer á breytingartillögur 1. þingmanns Suður-Múlasýslu, þá kann jeg honum þakkir fyrir *Complimentin*, og skal endurgjalda honum þau með að segja, að hann hefur opt verið skarpskyggnari lesari, en hann hefur verið á þessar breytingartillögur. En jeg vil benda honum á það, að þegar um lög er að ræða, þá er eigi komið undir því, að vera góðfús lesari, heldur að vera skarpskyggn lesari. Hinn háttvirti þingmaður sagði einnig, að sá tími, sem nefndur er í breytingartillögunum, væri nægileg trygging fyrir því, að sjúkdómar gætu ekki leynzt í fjenu; en það er þó engin trygging fyrir því, að hið útlenda fje verði geymt aðskilið frá öðru fje, þegar engin sekt liggur við því eptir breytingartillögunum, þó að eigendur þess láti það fara saman við annað fje, heldur má maður óhlýðnast, án þess að fá nokkra refsing fyrir. Það er nefnilega að eins fyrsti viðtakandi, sem ekki má sleppa fjenu saman við, en hann má selja það öðrum eiganda, og sá eigandi hefur óbundnar hendur. En aptur á móti er gengið að skipstjóranum, og hann á að sæta miklum útlátum, ef hann flytur inn sjúkan fjenað. Það er einnig undravert, sem hinn háttvirti 1. þingmaður Ísfirðinga leyfði sjer að segja, að eigi væri hætt við, að fje yrði flutt inn í landið frá öðrum stöðum en þeim, þar sem væri dýralæknir eða *Consúl*, en það vantar mikið á, að þessi ályktun sje rjett, því að dýralæknar eru eigi nærri alstaðar, og hvað *Consúlana* snertir, þá hafa þeir ekki vit á dýralækningum, og því vil jeg ekki eiga vottorð undir þeim. Viðvíkjandi 3. gr., sem breytingartillögumennirnir vilja fella burt, þá álít jeg, að mjög mikið sje tapað við að missa hana, því að það er mikið aðhald fyrir eiganda fjárins að hlýða lögum og lögskipuðum reglum, ef hann veit, að hver, sem fjeð hittir, má drepa það, ef eigi er með það farið samkvæmt lögum.

Tryggvi Gunnarsson: Mjer er þetta mál ekki áhugamál, en jeg álít, að það sje nauðsynlegt fyrir nefndina, að aðhyllast breytingartillögurnar, ef hún vill, að frumvarpinu verði framgengt. Jeg tók áðan fram, að það væri ekki bann, heldur skilyrði, sem alþingi ætti að ákveða, og jeg skil ekki, hvernig menn geta treyst landshöfðingjanum betur í því tilliti, heldur en því, sem alþingi kemur sjer saman um. Hvað 3. gr. snertir, þar sem hver útlend skepna á að vera rjettdræp, þá vona jeg, að ekki sjeu fleiri en einn eða tveir í þingdeildinni, sem hana samþykkja. Það hefur komið fram sú mótbára, að eigi væri nægileg trygging í 2. gr. breytingartillaganna, en þó er hún enn þá minni í 1. gr. nefndarinnar. 2. gr. fer fram á, að þegar dýralækni vantar, þá skuli lögreglustjóri láta skoða fjeð, strax sem það kemur til landsins, og annast um, að það hafi engar samgöngur við aðrar skepnur 2—4 mánuðina fyrstu; hjer verður að minu áliti ekki farið öðruvísi að, og verður að álítast fulltryggjandi. Það hefur einnig verið talað, að breytingartillagan væri að eins til að hvetja menn til að flytja fjenað inn í landið, en það er eigi rjett; það gjörir hún ekki fremur en frumvarpið. Jeg held því heldur ekki fast fram, að nauðsynlegt sje að flytja fje inn til kynbóta, því að okkar kyn má vel bæta án þess, með því að fá úr öðrum sveitum betri stofn, eins og jeg hef áður sagt. Þannig gætu t. d. Eyfirðingar bætt fjárkyn sitt á 2—3 árum með því að fá fje úr Þingeyjarsýslu, þar sem það er miklu betra en í Eyjafirði, en aptur á móti þyrftu þeir tvöfalt lengri tíma til þess, að breyta hjá sjer fjárkyninu einungis með heygjöfum

og góðum viðurgjörningi. Viðvíkjandi því, að Norðmenn flytji ekki inn fjenað, eins og 2. þingmaður Norður-Múlasýslu hefur sagt, er það eigi rjett hermt, því að jeg hef sjálfur sjeð þar margt útlent fje, bæði hjá bændum, á búnaðarskólum, og svo á sjálfum búnaðarháskólanum í Ási, sem gengið hefur á undan öðrum í því efni. Eins og frumvarpið liggur fyrir, álít jeg það alveg óhafandi, svo að ekkert land í heimi mundi geta aðhyllzt annað eins lagaboð, ekki einu sinni Rússland.

Magnús Andrjesson: Ef þörf er á að gefa nokkur lög um þetta efni, þá virðist mjer sjálfsagt, að aðhyllast fremur frumvarp nefndarinnar, heldur en breytingartillögur þær, er hjer liggja fyrir. Í hvorutveggja er reyndar innflutningur á útlendu kvikfje bannaður nema með tilteknum undantekningum og skilyrðum, og að þessu leyti er því frumvarpið og breytingaruppástungurnar hvort öðru samhljóða; en það, sem að minni ætlun mælir mjög með frumvarpinu fram yfir breytingaratkvæðin, er það, að í því er ábyrgðin á innflutningnum dregin saman á einn stað, til landshöfðingjans, og það finnst mjer í þessu máli vera alveg nauðsynlegt; en eptir breytingartillögunum er ábyrgðin dreifð fyrst og fremst til allra lögreglustjóra umhverfis strendur Íslands, og ekki þar með búið, heldur einnig til annara þjóna þeirra, hreppstjóra og annara slíkra manna. Þannig má vel hugsa sjer, að í sama mund sigli mörg skip upp sitt á hverja höfn umhverfis landið með útlent kvikfje, og hver á nú að gæta að, hvort fjenaðurinn sje sjúkur eða ekki? Á einum staðnum getur verið að lögreglustjórinn sjálfur sje viðstaddur, og gjörir hann það; á öðrum staðnum og þriðja staðnum er einhver hreppstjóri eða bóndi í stað hans, sem á að gæta þessa; og verið getur, að margir þeir gjöri þetta vel og samvizkusamlega, en það er aðgætandi, að ef einn einasti af öllum þeim, sem hlut eiga að máli, sýnir hirðuleysi, þá er öllu landinu voði búinn, og ef nú illa tekst til, þá veit enginn, hver ábyrgð hefur á því, og sá, sem í raun og veru hefur valdið því, mun eiga hægt með að kenna það öðrum. Þetta virðist mjer háskalegt. En ef landshöfðinginn einn á að gefa leyfi til að flytja inn fjeð, þá að minnsta kosti veit hann jafnan af því fyrirfram, að von er á þessum fjenaði, og þar eð hann veit með sjálfum sjer, að hann einn hefur ábyrgð á því, ef einhver fjársjúkdómur færist inn í landið af útlendu kvikfje, þá er lítt hugsanlegt annað, en að hann jafnvel sjálfs sín vegna álíti nauðsynlegt að setja sem tryggastar varúðarreglur í hverju einstöku tilfelli, til þess að fyrirbyggja allt tjón af innflutningnum. En eptir breytingartillögunum er það alls ekki óhugsandi, að það gæti komið fyrir, að einhverjir hættulegir fjársjúkdómar læddust inn í landið gegnum greipar hreppstjóranna eða annara þjóna lögreglustjóranna. Á hinn bóginn skal jeg játa, að bæði frumvarpið og breytingartillögurnar leggja á frelsi manna það hapt, er jeg álít óhæfilegt, nema almenn og brýn nauðsyn sje til þess.

Framsögumaður: Viðvíkjandi spurningu hins háttvirta 1. þingmanns Eyfirðinga, hvort nefndin væri svo sjúkdómsfróð, að hún geti sagt, hvort 4 mánuðir sje nógur eða ónógur tími, þá vil jeg leyfa mjer að benda hinum háttvirta þingmanni á, að þegar hinir konunglegu *Commissairar* voru hjer, — en annar þeirra, prófessor Tscherning, var dýralæknir — þá ætluðu þeir 6 mánaða tíma til að sjá, hvort sýki kæmi eigi fram í fjenu. Þótt vjer nefndarmenn sjeum ekki dýralæknar eða sjúkdómafróðir, þá höfum vjer bjer dýralækna-álit fyrir oss, sem vjer höfum byggt á. Jeg hef komið fram með þetta frumvarp eptir undirlagi okkar bezta búfræðings, og jeg álít, að fulla nauðsyn beri til, að setja

skorður við innflutningi, því að eigi er lengra síðan en 2 sumur, að fje var flutt í reiðuleysi inn í landið. Hinn háttvirti 1. þingmaður Suður-Múlasýslu sagðist hafa sjálfur sjeð útlent fje í Noregi; það er mikið rjett; Norðmenn hafa reynt að flytja inn útlent fje, en hafa komizt að þeirri niðurstöðu, að það væri eigi til að bæta fjárkynið, og þess vegna eru þeir nú hættir við að flytja inn útlendan kvikfjenað, því að það, sem þeir hafa flutt inn, hefur úrkynjazt eptir 2 eða 3 kynslóðir. Á skólum og fyrirmyndarbúum má halda kyninu við, en til þess eru ekki tök fyrir bændur almennt. Það sannar því ekkert, þótt fyrirmyndarbú og skólar geti látið fje þetta þrífast. Ef þingmaðurinn vill setja upp «drivhus» á Íslandi, þá getur hann og fengið plöntur til að gróa þar, sem ekki mundu lífi halda í hverju túni á Íslandi.

Þorvarður Kjerulf: Mjer er ekki kunnugt um það, að sótt á kvikfje geti legið niðri í 6 mánuði, eins og hinn háttvirti 2. þingmaður Suður-Múlasýslu sagði, en hitt veit jeg, að það er hægt að halda sjúkdóminum niðri í 6 mánuði, ef allt af er verið að káka við að lækna hann. Jeg held, að sjúkdómurinn muni annars ekki haldast lengur niðri en 4 mánuði. Hinn háttvirti 2. þingmaður Árnesinga sagði, að munurinn væri mjög lítill á frumvarpinu og breytingartillögunum, og að betra væri að hafa ábyrgðina á einum stað. Á þá dýralæknirinn að ferðast út um allt landið og skoða kvikfje, sem er innflutt hjer og þar? Er það praktiskt fyrir kaupendur? Jeg ætla það geti orðið eins dýrt og hinn innflutti peningur. Svo get jeg ekki ímyndað mjer, að menn fari að flytja annan pening inn en nautpening, því að flytja inn útigöngupening held jeg að verði að litlu gagni, enda veit jeg, að margir búmenn eru á sama máli, þar sem hjer er allt annað loptslag en þar, sem fjenaðurinn yrði helzt fluttur frá. Menn munu fyrst reyna að blanda kynið í landinu og eiga að gjöra það. En með nautpening er allt öðru máli að gegna, því hann er mestan hluta ársins í fjósinu, og loptslagið hefur því eigi svo mikil áhrif á hann, sem útigöngupeninginn. Jeg held þannig, að það sje engin hætta á, að kvikfje muni verða innflutt annað en lítið eitt af nautpeningi.

Framsögumaður: Jeg er hinum háttvirta 1. þingmanni Norður-Múlasýslu þakklátur fyrir bendingar hans, en jeg held, að hann sje miklu betri mannalæknir en dýra. Hann sagði, að sjúkdómur mundi ekki leynast í skepnu lengur en 4 mánuði, nema væri verið að káka við að lækna hana, en hver getur gefið vissu fyrir, að það ekki yrði gjört? Hver ætli efist um, að eins lækningafróður maður, og hinn háttvirti þingmaður Reykvíkinga til dæmis, færi að káka við að lækna og baða og baða, ef hann hefði fengið kláðasjúka kind innflutta. Nei, hann er allt of kunnur að lækningum á rollum sínum til þess, að menn efist um, að hann mundi káka við þær, ef á lægi.

Jón Jónsson: Auk þess, sem jeg tók áður fram um sóttvarnartímann, vil jeg út af því, sem 1. þingmaður Norður-Múlasýslu sagði, taka það fram, að öll ógæfan í kláðamálinu kom einmitt af því, að menn voru einlægt að káka við kindur sínar, í blóra við þá, sem áttu að líta eptir kindunum, og svona verður það með alla sóttnæma sjúkdóma í kvikfje hjer á landi. Eptirlitið er sökum strjálbyggðar landsins svo veikt, að menn geta aldrei fengið tryggingu fyrir því, að þeir menn, sem eru hræddir við pestarsjúkdóm í fjenaði sínum, haldi ekki annaðhvort viljandi eða óviljandi sjúkdóminum niðri í fjenaðinnm með einhverju káki. Þess vegna þarf sóttvarnartíminn að vera lengri hjer en annarstaðar, þar sem taka má grunaða fjenaðinn frá eiganda og koma honum fyrir undir nákvæmt eptirlit hjá dýralækni.

Síðan var gengið til atkvæða, og fjell atkvæðagreiðslan þannig:

1. Breytingartillaga 5 þingmanna við 1. grein felld með 11 atkvæðum móti 10.
2. 1. grein frumvarpsins samþykkt með 12 atkvæðum móti 6.
3. 2. grein frumvarpsins samþykkt með 12 atkvæðum.
4. Breytingartillaga 5 þingmanna við 2. greiu við það fallin af sjálfu sjer.
5. 3. grein samþykkt með 12 atkvæðum móti 10. Var nafnakall við haft, og sögðu

Já:
Magnús Andrjesson,
Arnljótur Ólafsson,
Benidikt Sveinsson,
Friðrik Stefánsson,
Jón Jónsson,
Jón Ólafsson,
Lárus Blöndal,
Ólafur Pálsson,
Þórarinn Böðvarsson,
Þórður Magnússon,
Þorlákur Guðmundsson,
Þorsteinn Jónsson.

Nei:
Eiríkur Briem,
Eiríkur Kúld,
Grímur Thomsen,
Guðmundur Einarsson,
Halldór Friðriksson,
Holgeir Clausen,
Tryggvi Gunnarsson,
Þorkell Bjarnason,
Þorsteinn Thorsteinsson,
Þorvarður Kjerulf.

Við það var tillaga 5 þingmanna við 3. gr. fallin.

6. Að frumvarpið gengi til 3. umræðu, var samþykkt með 12 atkvæðum gegn 5.

ÞRIÐJA UMRÆÐA Í NEÐRI DEILD,
á 61. fundi, 23. dag ágústmán.

Frumvarpið, eins og það var samþykkt, við 2. umræðu, sjá I, 519.

Framsögumaður (Jón Ólafsson): Mál þetta var svo útrætt við 2. umræðu, að svo virðist, sem eigi þyrfti að eyða nú mörgum orðum að því, einkum þar sem engin breytingartillaga hefur komið fram við það. Og þótt nú sje orðið svo á liðið þingtímann, að tvísýnt sje, hvort mál þetta nái fram að ganga, finnst mjer eigi rjett, að deildin felli það, því að það getur verið góður undirbúningur undir næsta þing. Jeg skal leyfa mjer að geta þess, að það er leiðinlegt, að mál, sem var eins vel undir búið og þetta, og sem kom jafnsnemma inn á þingið, skuli eigi vera komið lengra á veg enn þá en þetta.

Með því eigi tóku fleiri til máls, var umræðunni lokið, og ljet forseti því næst ganga til atkvæða um þetta mál, og var það samþykkt með 13 atkvæðum gegn 5.

FYRSTA UMRÆÐA Í EFRI DEILD,
á 46. fundi, 24. dag ágústmán.

Sighvatur Árnason: Jeg vil leyfa mjer að mæla með frumvarpinu, að það fái framgang óbreytt, eins og það kom frá neðri deild, því að það er vitaskuld, að ef á að fara að breyta frumvarpinu, þá er það sama sem að fella það, þar eð tími þingsins er nú þegar á förum. Það er kunnugra en frá þurfi að segja, hversu mikið tjón hefur leitt af því tvisvar sinnum áður, að útlent kvikfje hefur verið flutt inn í landið, og því ættu menn að láta sjer það að varnaði verða, þar innflutningurinu getur valdið ósegjanlegum skaða og mæðu, og mig furðar á því, að enginn skuli hafa komið með frumvarp í þessa stefnu fyr en þetta. Það getur verið, að frumvarpið, eins og það nú er, þyki athugavert annaðhvort að orðfæri eða efni, en jeg álít, að ekki sjeu þeir gallar á

því, að það sje svo fráfælandi, að beri að kasta því; því að ef mönnum geðjast ekki sem alls kostar bezt við frumvarpið, þá er hægt í hendi að lagfæra það seinna, t. a. m. á næsta þingi; en jeg álít alveg nauðsynlegt að fá þessi lög nú þegar. Jeg veit dæmi til, að menn hlaupa til og flytja inn útlent kvikfje upp á eigið eindæmi án alls eptirlits, og það getur haft skaðlegar afleiðingar í för með sjer. Mjer er svo annt um málið, að jeg vil leyfa mjer að stinga upp á því við hinn háttvirta forseta, að hann hlutist til um, að það fái sem fyrst framgang, en það verður vitanlega ekki nema með afbrigðum frá þingsköpunum, þar eð tíminn er orðinn svo stuttur. Eptir þessar tvær árásir, sem landið hefur orðið fyrir, þá er illt, ef menn skyldu vera svo óvarkárir, að hafa engar reglur fyrir sliku, svo að menn geti verið viðbúnir þegar þriðja árásin kemur, því að eins og máltækið segir, þá er «seint frið að festa, þá fjendur ríða um hlað.

Þar eð ekki fleiri tóku til máls, var gengið til atkvæða, og frumvarpinu skotið til 2. umræðu með 9 atkvæðum.

ÖNNUR UMRÆÐA Í EFRI DEILD,
á 47. fundi, 24. dag ágústmánaðar.

Magnús Stephensen: 1. þingmaður Rangæinga hjelt í dag langa og kröptuga ræðu fyrir frumvarpi þessu, og skal jeg ekki vera mótfallinn frumvarpiuu yfir höfuð; en þó er í því ein ákvörðun, sem jeg get ekki samþykkt; hún er í 3. gr. frumvarpsins. Þessi grein þykir mjer geta gefið tilefni til þess gjörræðis, sem ekki ætti að eiga sjer stað, þar sem hver maður eptir henni getur vaðið út á skip, sem hefur útlent kvikfje innanborðs, er hjer á að koma í land, og drepið það, ef hann þykist vita, að fyrirmælum 1. greinar hafi ekki verið fylgt. En hitt flýtur af sjálfu sjer, að lögreglustjórnin verður að gjöra þær ráðstafanir, sem fulltryggjandi eru, um þann sjenað, sem fluttur kynni að vera til landsins í óheimild laganna. En með þessari 3. grein er jeg hræddur um að frumvarpið nái ekki samþykki konungs.

Sighvatur Árnason: Jeg er ekki mótfallinn neinu af því, sem hinn háttvirti 4. konungkjörni þingmaður sagði. Mjer þykir líka 3. gr. frumvarpsins athugaverð, enda mættu þær ákvarðanir um sektir, sem standa í 2. gr., nægja í þessu tilliti, hvað afbrot gegn lögunum snertir. En jeg horfi mest í það, að þingtíminn er nú á förum, svo jeg er hræddur um, að frumvarpið verði sjálfdautt í þinginu, ef breytingar eru gjörðar við það. En gæti frumvarpið allt um það náð fram að ganga, vildi jeg vera með breytingu á 3. gr., sem jeg hef nokkuð verið á móti, en sem jeg verð þó, ef til vill, nauðugur að aðhyllast, af því að jeg álít þetta frumvarp hæst nauðsynlegt.

Magnús Stephensen: Jeg skal fríða samvizku hins heiðraða 1. þingmanns Rangæinga, að því er tímann snertir. Hann veit sjálfur, að í dag hafa hjer verið gjörðar breytingar á 2 frumvörpum, sem má til að afgreiða á þessu þingi, og úr því þau þurfa að verða útkljáð, getur þingmaðurinn verið alveg rólegur. Jeg skal í öðru lagi geta þess, að af því að mjer var kunnugt um áhuga þingmannsins á þessu máli, þá leiddi jeg í tal við hinn háttvirta forseta, að sjá svo um, að frumvarpið gæti komið aptur til umræðu á morgun, og hefur hann lofað að fá samþykki landshöfðingja til þess. Hafi þingmaðurinn verið mótfallinn 3. gr. frumvarpsins áður, má hann því heldur greiða atkvæði með því, að fella hana, sem hann þá getur haft betri von um, að frumvarpið verði að lögum.

Sighvatur Árnason: Jeg held, að jeg

sætti mig nú vel við þessa aðferð, sem nú er bent á af hinum 4. konungkjörna þingmanni. En fyrst nú á annað borð á að gjöra breytingu á frumvarpinu, og fella úr 3. gr., vildi jeg setja nokkuð í staðinn, nefnilega ákvörðun um það, að fjenaður sá, sem ólöglega er innfluttur, verði tekinn til niðurlags með valdi að tilhlutun lögreglustjórnarinnar.

Var því næst gengið til atkvæða, og var:

1. og 2. gr. samþykktar með 8 atkvæðum hvor.

3. gr. felld með 6 atkvæðum.

Var málinu síðan vísað til 3. umræðu með 8 atkvæðum.

ÞRIÐJA UMRÆÐA Í EFRI DEILD,
á 48. fundi, 25. dag ágústmánaðar.

Frumvarpið, eins og það var samþykkt við 2. umræðu, sjá I, 551.

Breytingartillaga
við frumvarp til laga um bann gegn innflutningi á útlendu sauðfje.

Við 2. gr. Eptir orðin: «er fjenaðinn á» komi: «og skal fjenaðurinn gjörður upptækur og drepinn að tilhlutun lögreglustjórnarinnar».

Magnús Stephensen. Sighvatur Árnason. Benidikt Kristjánsson.

Forseti leitaði samþykkis deildarinnar til þess, að þetta mál mætti koma til umræðu þegar í dag, þar sem það hefði verið til 2. umræðu í gær, og þannig ekki liðið nógu langur tími milli umræðanna samkvæmt þingsköpunum; gat hann þess jafnframt, að landshöfðingi hefði fyrir sitt leyti gefið samþykki sitt til þessa.

Síðan samþykkti deildin í einu hljóði, að frumvarpið kæmi til umræðu.

Sighvatur Árnason: Jeg skal geta þess, að það hefur laumazt dálítil prentvilla inn í breytingartillögu okkar þriggja þingmanna; þar stendur: Eptir orðin: «er fjenaður á», komi: o. s. frv., en á að vera, eins og frumvarpið sýnir: Eptir orðin: «er fjenaðinn á», komi o. s. frv., sem jeg óska að verði lagfærð. Þessi viðbót, sem breytingartillagan fer fram á, á inn í 2. grein frumvarpsins, eins og það var samþykkt við 2. umræðu hjer í deildinni, og er þessi tillaga í stað 3. greinar frumvarps neðri deildarinnar, sem var felld hjer í deild. Jeg skal annars ekki vera orðmargur um þessa breytingu okkar, því jeg vona, að hinir háttvirtu deildarmenn geti fellt sig við hana. Eins og sjá má af breytingartillögunni, er hún sama efnis og 3. gr. frumvarpsins, en er á annan veg, sem er bæði vissari til framkvæmdar og ekki hæpinn í sjálfri sjer, eins og uppástunga 3. greinar frumvarpsins var eptir minni meiningu. Okkur uppástungumönnum þótti þessi ákvörðun þarfleg, og enda nauðsynleg, til þess frá upphafi til enda eindregið og alvarlega að tryggja það, sem þessi lög innihalda.

Því næst bar forseti breytingartillöguna undir atkvæði, og var hún samþykkt í einu hljóði.

Frumvarpið sjálft var samþykkt með 10 atkvæðum og síðan endursent neðri deild.

EIN UMRŒÐA Í NEÐRI DEILD,
á 66. fundi, 26. dag ágústmán.

Framsögumaður (*Jón Ólafsson*): Mjer þykir ekki þörf að fara mörgum orðum um frumvarp þetta nú; það kemur nær því óbreytt frá hinni heiðruðu efri deild, og hef-

ur hún að eins fellt úr 3. greinina, en jeg vona, að þeir, sem greiddu atkvæði með frumvarpinu áður, gjöri það eins nú, því aðalstefna þess er óbreytt fyrir þessu, og þótt jeg reyndar kynni betur við að hafa þessa grein með, þá finnst mjer það ekki varða svo miklu, að á það sje hættandi, að breyta frumvarpinu tímans vegna.

Var frumvarpið síðan samþykkt með 14 atkvæðum móti 3, og kvaðst forseti mundu afgreiða það til landshöfðingja sem lög frá alþingi.

XXV.

Um fiskiveiðar á opnum skipum.

Frumvarp til laga um bann gegn niðurskurði á hákarli á Húnaflóa innan línunnar milli Hornbjargs og Skagatáar. Frá þingmanni Strandasýslu. Frumvarpið er prentað í fyrri parti alþingistíðindanna, bls. 120.

FYRSTA UMRÆÐA Í EFRI DEILD,
á 13. fundi, 20. dag júlímánaðar.

Flutningsmaður (Ásgeir Einarsson): Jeg ætla nú ekki að fara að halda langa ræðu núna fyrst um sinn um þetta málefni. Það getur þó verið, að sumir sjeu þeir þingmenn hjer í salnum, sem ekki eru sem kunnugastir þessu máli, en jeg ætla samt að bíða, þangað til skorað verður á mig að gefa frekari upplýsingar. Þess skal jeg þó strax geta, að þar sem í frumvarpinu er tiltekin línan milli Hornbjargs og Skagatáar, þá getur það vel verið, að mönnum þyki það svæði nokkuð sjerstaklegt, og því get jeg þess, að jeg mun annaðhvort sjálfur breyta eða aðhyllast breytingaruppástungu í þá stefnu, ef deildinni þykir það eiga betur við. En hvað málið sjálft snertir í heild sinni, þá er það að segja, að frá ómuna-tíð hefur verið hákarlsafli á Húnaflóa, og Strandamenn stundað hann mjög mikið. Fyrst framan af, þegar ekki voru nema opin skip, var hákarlinn fluttur í land, og kom opt í góðar þarfir í harðindum. En síðar, þegar þilskipin komust á gang, þá ljetu menn sjer mest um það hugað, að ná lifrinni á land, en hirtu lítt um skrokkana, heldur skáru þá niður, mönnum til skaða og veiðinni til stórskemmdar. Sumir gátu þá róið fyr en aðrir, og þannig skemmt veiðina fyrir alla vertíðina. Kom þá mikill ágreiningur upp milli manna. Sumir vildu skera niður, en fleiri álitu það ótækt. Þegar hinn háttvirti 3. konungkjörni var sýslumaður í Strandasýslu, var reynt að fyrirbyggja þetta með samtökum; þessi samtök lukkuðust vel í fyrstu, en þess var eigi langt að bíða, að þau færu út um þúfur. Þegar nú samþykktarlögin um fiskiveiðar á opnum skipum komu út, reyndi sýslunefndin að fyrirbyggja þennan niðurskurð með því að ákveða með samþykkt sektir fyrir niðurskurð. En sektir þær, sem ákveðnar eru í lögum 14. desbr. 1877, um fiskiveiðar á opnum skipum, gátu eigi dugað til að hindra þetta, því þegar menn fluttu á land 20—40 tunnur lifrar, þá ljetu menn sig ekki muna um, að

greiða 100 kr. sektir, og var því skorið niður eptir sem áður. En það, sem lakast er, er það, að það er partur af Ísafjarðarsýslu, sem liggur inn að Húnaflóa, og þeir sem þar búa, hafa eigi getað haldið fund með Ísfirðingum, þegar niðurskurðarmálið var rætt þar, því þá var takmarkað við Hornbjarg að norðan, og þess vegna tók einungis bænarskráin tillit til Húnaflóa. Aðalbreytingin, sem hjer er farið fram á, er sú, að sýslunefndin megi með samþykkt ákveða sektir, sem líkindi eru til að muni betur hindra brot gegn fiskiveiðasamþykktum, en þær sektir, sem ákveðnar eru í lögum 14. desbr. 1877, um ýmisleg atriði, sem snerta fiskiveiðar á opnum skipum. Hvað tímatakmarkið snertir, að ekki megi sleppa hákarli í sjó til 1. sunnudags í einmánuði, þá er það sett af þeirri ástæðu, að að því liðnu koma þilskip Ísfirðinga út á hákarlaveiðar, og geta þá Strandamenn opt náð í góðan lifrarafla áður, eða jafnhliða þilskipunum. Í vor var nú ekki hægt að stunda veiðina fyrir ísum. Frá Gjögri og Reykjarfirði voru úti 3—4 skip, sem skáru niður, og svo þegar hin skipin komu, var allur afli farinn. Þetta málefni er því mjög áríðandi fyrir Strandamenn að fái framgang, og mjer er það kunnugt um Húnvetninga, að þeir vilja helzt, að aldrei sje skorið niður, og gjöra það heldur ekki. Þetta er því áhugamál kjósanda minna og enda fleiri, og því vona jeg, að deildin taki vel undir það, enda kemur hjer ekki neitt peningaspursmál fyrir landssjóðinn.

Sighvatur Árnason: Mjer dettur ekki í hug, að fara að hafa á móti sögu flutningsmanns um, að það sje almennt áhugamál kjósanda hans, að bann sje lagt á niðurburð á þessum tíma, sem í frumvarpinu ræðir, og að þeir sjái sjer hag við að flytja hákarlinn í land, en ekki bera hann niður. En eptir því, sem mjer virðist stefna frumvarpsins vera, þá get jeg ekki fellt mig við það. Mjer finnst annað spursmál liggja hjer undir samþykkt, það, að bera eigi niður, en þar á móti finnst mjer ekki eiga við, að fara að gjöra undantekningar frá hinum almennu lögum fyrir lítinn blett, að því er snertir sektirnar, þannig, að lifur á einum staðnum komi í staðinn fyrir krónur annarstaðar. Lög 14. desbr. 1877 um ýmisleg atriði, sem snerta fiskiveiðar á opnum skipum, ákveður í 7. gr. sektir fyrir brot gegn fiskiveiðasamþykkt frá 1—100 kr., en mjer skilst framvarpið vilja líka hækka þetta sektagjald, með því að gjöra upptækan allan afla, því það getur verið heill lifrarfarmur, sem um er að ræða, sem er í standi til að hlaupa svo hundruðum króna skiptir, og svo er sektagjaldið of rígbundið við allan afla, að mjer finnst. Þar að auki álít jeg það mjög svo ísjárvert, að breyta sektunum þannig, að hálfir farmar af lifur verði gjörðir upptækir fyrir að hafa sleppt þó ekki sje nema einum skrokki, og það kannske í slæmu sjóveðri, þó ekki væri lífsnauðsyn. Það getur líka verið talsverður skaði, að mega ekki afla meiri lifrar, ef hún býðst einungis af því, að menn verða að hirða og máske innbyrða skrokkana. Með því að skipa þetta, er líka auðvitað, að optar yrði hleðsla á skipiuu, sem getur orðið mjög hættulegt, einkum af því, að opt er langræði í þeim sjóferðum. Jeg get því ekki annað fyrir mitt leyti en lagt það til, að frumvarpinu verði annaðhvort breytt eða hafnað, eins og það nú er.

Einar Ásmundsson: Jeg vil ekki að svo stöddu verða til þess, að spilla fyrir þessu frumvarpi, þó mjer líki það engan veginn í því formi, sem það nú er. Flutningsmaður drap á, að hann mundi fús að koma fram með breytingaratkvæði, og því mun jeg bíða þar til það kemur, því vel má vera, að það verði ekki óaðgengilegt. Þess vegna skal jeg ekki vera á móti því, að málið gangi til 2. umræðu. Mjer virðist annars 1. þingmaður Rangæinga líta rjett á þetta mál í mörgu tilliti. Jeg áleit, að lög, sem sett eru um þetta efni, geti ekki orðið annað en viðaukalög við lögin 14. desbr. 1877, um ýmisleg atriði, sem snerta fiski-

veiðar á opnum skipum, og verði því að ná yfir allt land. Jeg vil, að sýslunefndunum sje með lögum gefin heimild til að taka eitthvað það inn í samþykktina, sem þær álíta betur fari, t. a. m. hærri sektir. Þessvegna vil jeg ekki, eins og hjer er gjört, takmarka heimildina við eina sýslu eða nokkurn hluta landsins, en jeg álít rjettast, að setja almenna ákvörðun í frumvarpið um þetta efni, því það má ganga að því vísu, að sýslunefndirnar taka ekki slíkar ákvarðanir inn í samþykktir, nema þær sjái í því hag almennings. Jeg get heldur ekki neitað því, að mjer finnst þessar sektir frumvarpsins vera ærið þungar, þegar þess er gætt, að 40 tunnur lifrar gjöra hjer um bil 24 tunnur lýsis, og hver lýsistunna kostar um 40 kr., þá er það ekki lítil fjárhæð, sem sá maður mætti greiða í sektir, er aflaði 40 tunna lifrar, en bryti fiskiveiðasamþykktina með því að skera niður. Jeg vona, að flutningsmaður athugi sjálfur þetta efni vel, og komi með breytingartillögu, sem ræður bót á þeim annmörkum, sem búið er að benda á og sem á frumvarpinu eru, svo sem fyrirsögninni og ýmsu öðru. Því þó að jeg í þetta sinn leggi það til, að málið gangi til 2. umræðu, þá er það ekki sagt, að jeg styðji að því, að það komist til 3. umræðu, nema það taki bótum.

Magnús Stephensen: Mjer skildist 1. þingmaður Rangæinga vilja leggja nokkuð annað í frumvarpið, en það, sem að minni ætlun er meining þess. Mjer skilst ekki, að frumvarpið fari fram á neitt nýtt bann, eða setji neinar nýjar reglur um fiskiveiðar, heldur að eins heimili sýslufundunum, að ákveða, að í stað sekta þeirra, sem ákveðnar eru í lögum 14. desbr. 1877, 7. gr., fyrir brot gegn fiskiveiðasamþykktum, skuli koma sú ákvörðun, að aflinn sje upptækur, ef þörf gjörist. Þessa heimild álít jeg alls ekki hættulega, því jeg trúi sýslufundunum svo vel, að ákveða eigi slíkar sektir, nema þeir sjái, að þær sjeu áríðandi til þess, að banninu sje hlýtt, en sýslufundirnir eiga að ákveða, hvað ákjósanlegt sje að banna, og hvað svo áríðandi, að slíkar sektir þurfi við að leggja. 1. þingmaður Rangæinga verður víst ekki á móti því, að frumvarpið komist til 2. umræðu, til þess að breytingar verði við það gjörðar. Jeg er líka á þeirra skoðun, að frumvarpið þurfi að ná yfir allt land, eins og lögin 14. desbr 1877, um ýms atriði, er snerta fiskiveiðar á opnum skipum, en ekki yfir eitt einstakt svæði að eins; sömuleiðis þykir mjer nokkuð hart að ákveða, að gjöra skuli allan aflann upptækan; mjer finnst rjettara að ákveða, að gjöra skuli svo og svo mikinn hluta hans upptækan, eptir því sem sýslufundur finnur ástæðu til. Jeg vona, að flutningsmaður taki þessum bendingum, og að það megi koma sjer saman við hann um breytingar á frumvarpinu.

Stefán Eiríksson: Það er nú þegar búið að tala nokkuð í þessu máli, og þarf jeg því ekki að vera langorður, enda er jeg ekki sem kunnugastur, hvernig til hagar á Húnaflóa. En af ræðum þingmanna hef jeg þó sannfærzt um, að öll nauðsyn sje að breyta verulega frumvarpi því, sem hjer liggur fyrir. Jeg skal t. a. m. taka það fram, að sektir þær, sem frumvarpið fer fram á, eru að mínu áliti mjög svo ósanngjarnar. Að hugsa sjer t. a. m. að ætla sjer að skylda mann, sem aflað hefur um 40 tunnur af lifur, en fleygt út einum hákarlsskrokki, að láta af hendi fyrir það allan aflann, þetta er svo ótilhlýðilegt, að það nær engri átt. Allt um það skal jeg ekki vera því mótfallinn, að málinu sje vísað til 2. umræðu, ef ske mætti, að það þangað til tæki æskilegum breytingum.

Flutningsmaður: Jeg gat þess strax, að frumvarpið þyrfti ef til vill að laga, og jeg vil gjarnan bera mig saman við lögfróða menn um það. Strandasýslumenn hjeldu, að menn mundu ef til vill ekki vilja

banna niðurskurð á öðrum svæðum, en til er tekið í frumvarpinu, og gátu því ekki stungið upp á, að bannið næði yfir allt land. Þeir hugsuðu, að þinginu mundi ekki þykja meira fyrir, að banna niðurskurð á hákarli á Húnaflóa, heldur en að banna selaskot á Breiðafirði, eins og það hefur gjört, og þeir vildu helzt, að bannið næði yfir allt land, en þorðu ekki að fara því fram. Það kom reyndar til umtals, og þess er getið hjer í bænarskránni, sem jeg hef undir höndum, að breytt væri 7. gr. í lögum 14. desbr. 1877, en okkur kom þó saman um, þegar jeg samdi frumvarpið, að láta það gilda að eins um Strandasýslu, því að ef lagagreininni væri breytt, þá benti það til, að bannið ætti að gilda um allt land. Þingmanni Skaptfellinga þótti sektirnar of háar, en jeg sje enga ástæðu til að hafa þær lægri; það fer víst engum að detta í hug, að kasta út einum skrokk, heldur hitt, að sleppa nokkru til muna, til þess að geta komizt með sem mest í land. Jeg er viss um, að þó að sektirnar væru settar mörg hundruð krónur, þá yrði niðurskurður almennur eptir sem áður; þeim þætti ekki mikið fyrir að borga það; og ef upptækur væri gjörður nokkur hluti, til að mynda $^1/_4$ aflans, þá vildu menn víst fúslega láta 10 tunnur af lifur, ef menn gætu komið 40 tunnum í land, Það ætti aldrei að leyfast niðurskurður á Húnaflóa á vissu tímabili, sem spillir svo mjög veiðinni. En jeg vil, sem sagt, bera mig saman við hina háttvirtu þingmenn, sem breytingartillögur hafa, til þess að laga frumvarpið.

Sighvatur Árnason: Jeg ætla að eins að gjöra eina athugasemd, en jeg vil þó geta þess fyrst, að jeg vil, að mál þetta gangi til 2. umræðu, í von um, að það þá geti fengið þær endurbætur. Það var eiginlega hinn 4. konungkjörni þingmaður, sem kom mjer til að standa upp núna. Mjer fannst nú, að okkur bæri saman, en hann sagði, að jeg legði aðra þýðingu í frumvarpið en hann, sjer í lagi viðvíkjandi þeirri hættu, sem gæti leitt af því, að hákarlinn er fluttur í land; jeg skal ekki þrátta um það við þingmanninn, en jeg veit dæmi til, að menn hafa komizt í hættu fyrir það, að halda öllu saman; en jeg get vel ímyndað mjer, að öðru máli sje að gegna um þetta á Húnaflóa, heldur en fyrir opnu hafi. Jeg vil geta þess, að ef það eiga að verða almenn lög, að eigi megi bera niður hákarl, þá verður eflaust fleira að koma til athugunar.

Flutningsmaður: Það var ekki meining mín, að bannið ætti að gilda um allt land; það er sýslunefndanna, að ákveða hver í sinni sýslu um, hvernig eigi að haga samþykktunum. Engin sýslunefnd er skyldug til neinna þess háttar samþykkta móti vilja sínum. Þingmaðurinn talaði um, að það væri hættulegt, að innbyrða hákarl vegna ofhleðslu, en það er ekki tilfellið. Því hann er hafður utanborðs, þegar afli býðst. Það getur að eins orðið hættulegt, ef skipin fá mótvind, þá talar enginn um, þó að menn skeri hákarlinn, því að þá getur það orðið mesta lífsnauðsyn.

Því næst var málinu vísað til 2. umræðu með 9 atkvæðum.

ÖNNUR UMRÆÐA Í EFRI DEILD,
á 16. fundi, 23. dag júlímánaðar.

Breytingartillaga
við frumvarp til laga um bann gegn niðurskurði á hákarli á Húnaflóa innan línunnar milli Hornbjargs og Skagatáar. Frá 2. þingmanni Eyfirðinga.

1. Frumvarpið sje orðað á þessa leið:

Í stað sekta þeirra fyrir brot gegn fiskiveiðasamþykkt, sem ákveðnar eru í lögum 14. desbr. 1877 um ýmisleg atriði, er snerta fiskiveiðar á opnum skipum, má ákveða í samþykkt, að allur hákarlsafli, sem á land er fluttur á opnum skipum frá 30.

degi nóvembermánaðar til fyrsta sunnudags í einmánuði, sje gjörður upptækur, ef nokkru af hákarlaskrokkum befur verið sleppt í sjó, án þess lífsnauðsyn lægi við, og fellur þá afli sá, sem fluttur er á land, í fátækrasjóð. Þó má ákveða þeim, er brotinu kemur upp, allt að helmingi aflans.

2. Fyrirsögn frumvarpsins sje þannig orðuð:

FRUMVARP
til viðaukalaga við lög 14. desbr. 1877 um ýmisleg atriði, er snerta fiskiveiðar á opnum skipum.

Flutningsmaður: Mál þetta fjekk svo góðan byr við 1. umræðu, að jeg vona, að jeg þurfi ekki að vera margorður um það í þetta sinn. Það er komin fram breytingartillaga, sem reyndar breytir mínu frumvarpi, það er að segja, hún er yfirgripsmeiri, en jeg felli mig samt betur við hana, svo að ef enginn er á móti henni, þá er jeg ánægður. Jeg vona svo góðs af þingmönnum, að þeir verði þessu frumvarpi hlynntir, og má kalla það sannarlegt nauðsynjamál fyrir Strandarsýslubúa, og jeg skírskota í því tilliti til hins 3. konungkjörna þingmanns; þegar hann var sýslumaður þar, þá vissi hann, að það var áhugamál allra sýslubúa.

Af því að ekki tóku fleiri til máls, var gengið til atkvæða, og var:

1. töluliður í breytingartillögu 2. þingmanns Eyfirðinga samþykktur með 9 atkvæðum.
   Þar við var frumvarpsgreinin fallin.
2. töluliður í breytingartillögu 2. þingmanns Eyfirðinga samþykktur með 9 atkvæðum.
   Þar við var fyrirsögn frumvarpsins fallin.
   Síðan var málinu skotið til 3. umræðu í einu hljóði.

ÞRIÐJA UMRÆÐA Í EFRI DEILD,
á 18. fundi, 26. dag júlímánaðar.

Frumvarpið, eins og það var samþykkt við 2. umræðu, sjá I, 224.

Breytingartillaga
við frumvarp til viðaukalaga við lög 14. desbr. 1877 um ýmisleg atriði, er snerta fiskiveiðar á opnum skipum. Frá Sighvati Árnasyni, Skúla Þorvarðssyni, Stefáni Eiríkssyni.

1. Inn í frumvarpsgreinina, á eptir orðunum «allur hákarlsafli» sje bætt: «eða nokkur hluti hans».
2. Orðin: «nokkru af» falli burt.

Flutningsmaður: Það er komið fram breytingaratkvæði, raunar ekki mikið, að eptir orðin «allur hákarlsafli» sje bætt «nokkur hluti hans»; jeg veit ekki, hvort þetta getur breytt meiningunni eða í hvaða tilgangi það er gjört, og þætti mjer vænt um, að uppástungumenn vildu upplýsa það. Hitt breytingaratkvæðið er, að orðin «nokkru af» falli burt, og er jeg ánægður með það, að minnsta kosti spillir það ekki, en bætir heldur. Jeg skal svo ekki fara fleirum orðum þetta, fyr en jeg heyri skýringar uppástungumanna.

Sighvatur Árnason: Jeg skal geta þess, að þessi tvö breytingaratkvæði, sem jeg ásamt tveim öðrum þingmönnum hef komið fram með, standa að nokkru leyti í sambandi hvort við annað. Í frumvarpinu er gjört ráð fyrir, að allur hákarlsaflinn skuli upptækur; en það er mín meining, að óeðlilegt sje, að sektargjaldið sje bundið við allan aflann; mönnum er kunnugt, að sektarákvæði hafa allt af mismunandi stig, en hjer er ekki nema eitt stig, og geta brotin þó vissulega verið misstór. Hjer getur minni sekt verið lögð við meira brot, og aptur meiri sekt við minna brot; það er t. d. óeðlilegt, að ef að eins einum eða tveimur skrokkum er sleppt, þá skuli heill farmur vera gjörður upptækur; en aptur getur svo verið, að mörgum skrokkum hafi verið sleppt, en aflinn, sem í land kemur, sje ekki nema helmingsvirði við hinn aflann. Það þarf allt af að hafa eitthvað

til hlaupanna, þegar ákveða skal sektir, og það þess heldur, þegar, eins og hjer er ástatt, að sektarupphæðin er eins óákveðin í eðli sínu. Mjer finnst því betra að breyta ákvörðuninni í frumvarpinu svo, að sektin sje ekki bundin við allan aflann.

Flutningsmaður: Það er meiningarmunur að því leyti milli mín og þingmannsins, að hann skilur svo, að hákarlinn sje fluttur uppi í skipunum í land, en í Strandasýslu er því ekki svo varið, því að þar er róið fyrir honum. En mjer sýnist, að hjeraðsfundasamþykktirnar geti ráðið, hvernig að skuli fara; jeg er því ekki svo mjög á móti breytingaruppástungunni, því að hún spillir ekki aðalmálinu, og ef deildin fellst á hana, þá skal jeg ekki vera á móti henni.

Sighvatur Árnason: Samþykktir hafa ekki heimild til að breyta því, sem stendur í almennum lögum; sekta-aflanum verður ekki skipt í sundur eptir ákvæðum frumvarpsins, hvort heldur að brotið er smátt eða stórt; hann hlýtur að vera allur upptækur, hvort hann er mikill eða lítill og hvernig sem á brotinu stendur; þess vegna er nauðsynlegt, að breytingaratkvæðið komist að.

Þá var gengið til atkvæða, og

1. tölul. í breytingaruppástungu 3 þingmanna samþykktur í einu hljóði.
2. tölul. í breytingaruppástungu 3 þingmanna samþykktur í einu hljóði.

Frumvarpið með áorðnum breytingum samþykkt í einu hljóði.

Kvað forseti málið þá mundu verða sent forseta neðri deildar með tilmælum um, að leggja það fyrir þá deild.

FYRSTA UMRÆÐA Í NEÐRI DEILD,
á 62. fundi, 24. dag ágústmánaðar.

Frumvarpið, eins og það var samþykkt við 3. umræðu í efri deild, sjá I, 236.

Þórður Magnússon: Jeg vildi gjarnan mæla með því, að frumvarp þetta fengi að ganga í gegnum deildina, því það er hið mesta nauðsynjamál, ekki einungis fyrir þær sveitir, sem þetta mál er upp komið í, heldur og fyrir fleiri hjeruð, þar sem líkt hagar til. Það er opt og einatt eina bjargræðið í harðindaárum, að dorga hákarlinn upp um ís í Ísafjarðar- og Strandasýslum og víðar, því það er kunnugt, að hákarlinn gengur inn á hvern fjörð og jafnvel upp í landsteina, þó að ís sje. En það verður ærið örðugt, að ná tilgangi samþykktanna, og má heita næstum ókleyft, að koma sektunum við um þetta efni, eptir þeim lögum, sem nú gilda í samþykktum. Þetta frumvarp, ef það verður að lögum, getur fyrirbyggt lagabrotið, því það er hið fyrsta og öflugasta aðhald, að aflinn sje gjörður upptækur. Það er því vissulegur munur, að hver og einn megi fara fram á ísinn og afla hákarlinn fram undan sínum bæ, ellegar hitt, að vera allslaus allan harðasta tímann úr árinu. Það sýndi sig bezt í vetur. Jeg mæli því sterklega með því, að frumvarpið fái að ganga til 2. umræðu.

Eiríkur Kúld: Jeg er ekki á móti frumvarpinu í sjálfu sjer, en jeg held það sje ekki nauðsynlegt í sjálfu sjer, af því það má ráða bót á þessu með hjeraðsamþykktum eins og öðrum fiskiveiðarmálum. Jeg vil styðja málið í sjálfu sjer, af því það er nauðsynjamál, en jeg held sem sagt, að ekki þurfi lög frá þinginu til að koma því í lag, sem hjer er um að ræða.

Þórður Magnússon: Jeg ætlast ekki til, að þetta sje öðruvísi en innan vissra takmarka. Í frumvarpinu er ekki farið fram á annað, en að mega gjöra samþykktirnar á þann hátt, að lögunum verði meiri gaumur gefinn, en hingað til hefur átt sjer stað.

Þorsteinn Thorsteinson: Hversu hentugt þetta kann að vera fyrir einstakar sveitir, skal jeg ekki umdæma, en jeg held það sje ónauðsynlegt sem lagaboð. (*Lárus Blöndal*. Nei). Jeg held það liggi undir verksvið fiskiveiðasamþykkta.

Lárus Blöndal: Jeg held það sje misskilningur hjá hinum háttvirtu þingmönn-

um, sem hafa haldið því fram, að ekki væri nauðsyn á lögum um mál það, er hjer liggur fyrir, þar eð það væri innan handar, að skipa fyrir um það með hjeraðssamþykktum. Sektirnar eru samkvæmt lögunum frá 14. desbr. 1877 svo lágar, að menn finna hagnað í að brjóta samþykktirnar. Ef mig minnir rjett, þá mega sektir þær, sem ákveðnar eru í samþykktum, ekki fara fram úr 100 kr.; þess vegna vilja margir hákarlagarpar vinna það til að borga þessar 100 krónur fyrir brot gegn samþykktunum. Til þess nú að koma í veg fyrir, að slikt eigi sjer stað, er í frumvarpinu farið fram á, að í hjeraðssamþykktir um fiskiveiðar á opnum skipum megi taka ákvörðun um að gjöra aflann upptækan.

Halldór Friðriksson: Jeg er ekki meðmæltur þessu frumvarpi, og hef aldrei verið hlynntur þessum samþykktum. Það er merkilegt, að 2. þingmaður Ísfirðinga skuli vera með þessu máli. Honum hlýtur þó að vera kunnugt (það mun ekki hafa verið alllangt frá honum, og er alkunnugt), að vegna þess, að maður einn fór um hánótt og flutti lóðir sínar og sýndi dugnað og atorku, þá var hann sektaður fyrir bragðið. Þessar samþykktir og þessi lög eru ekki til annars, en að drepa niðar allan dugnað og alla framtakssemi, og venja menn á slóðaskap, deyfð og leti. Sú ætlun gengur manna á milli, og er því miður almenn við Ísafjörð og eins við Húnaflóa, að þessi eða hin veiðiaðferð muni spilla veiðinni, þótt enginn viti neitt um það, hvernig fiskigöngunni er háttað, og geti eigi komið með neina líklega, því síður fulla eða áreiðanlega ástæðu fyrir ætlun sinni. Hjer fyrir sunnan hefur og verið kvartað og kvartað, en flestir munu þó hafa hrósað happi yfir því, að slík samþykkt komst ekki á. Það eru sannarlega harðir kostir fyrir þann, sem kæmi með 1000 kr. virði í land, og hefði fiskað meira, en hann gat innibyrgt, að allur aflinn skuli vera gjörður upptækur fyrir honum, og það í raun rjettri af engum öðrum ástæðum, en þeim, að hann sýndi dugnað, og hafði dáð í sjer til að bjarga sjer og öðrum.

Lárus Blöndal: Þingmaður Reykvíkinga sýnir það, að hann þekkir ekkert til í Húnaflóa eða yfir höfuð til þess máls, sem hjer ræðir um. Jeg get — eptir því sem gagnkunnugir og áreiðanlegir menn hafa skýrt mjer frá — frætt hinn háttvirta þingmann um það, að það er margreynt, t. d. á Gjögri og annarstaðar við Húnaflóa, að það tekur fyrir allan hákarla-afla þar, þegar farið er að skera niður, og þegar hákarla-jaktir úr Fljótum og frá Eyjafirði koma í flóann, fer á sömu leið. Jeg vildi því spyrja hinn háttvirta þingmann, hvort rjettara eða hyggilegra sje, að líta á stundarhag hins einstaka eða varanlega hagsmuni almennings.

Varaforseti: Jeg er þessu máli gagnkunnugur, og væru nokkur tiltök á því, að frumvarpið gengi fram sökum tímaleysis, skyldi jeg mæla með því. Mjer er það fullkunnugt, að einstakir menn af *þrákelkni*, ekki *dugnaði* (Heyr), skemmdu veiðina fyrir almenningi, bæði í Stranda- og Ísafjarðarsýslu, með því, sem menn kalla, að skera hákarl niður, eða láta hákarlsskrokkana í sjóinn. Það er reynsla allra sjómanna, sem stunda þessa veiði, að þegar þetta er gjört, þá hverfur allur afli seiut og snemma á því ári. Eins og 1. þingmaður Húnvetninga tók fram, þá er hjer að eins farið fram á, að sýslunefndin megi setja hærri sektir við, en áður hefur verið, af þeim ástæðum, að sektirnar hafa verið svo lágar, að þær hafa ekki hamlað mönnum frá, að brjóta samþykktirnar En sektirnar verða ekki ákveðnar hærri, en þær eru í lögunum um samþykktir.

Halldór Friðriksson: Mig furðar á því að heyra, að 1. þingmaður Húnvetninga þykist svo gagnkunnugur hákarli og háttum hans. Jeg mun þó þessu eins kunnugur og hann. Það er hægt að koma með það og fleygja því út sem fullri vissu, að þegar farið sje að skera niður undir Gjögri, þá hverfi allur hákarlinn. En hefur hann fylgt

hákarlinum á sjávarbotninum? Jeg efast um það. Það er kunnugt, að hákarlinn leitar út á djúpið, þegar kemur fram á sumarið. Þótt hákarlsskrokkarnir væru fluttir í land, mundi það þá víst, að hákarlinn færi ekki samt sem áður? (Margir: Jú!). Það er ofurhægt að segja jú; en það er óhægra að sanna það. Það leyfi, sem hjer er farið fram á, er sama sem sýslunefndin setji eða gefi þetta leyfi. Það er varlega farandi í það, að hepta atvinnuvegi manna, atorku og dugnað. Jeg segi *dugnað*, en ekki «*prákelkni*»; en þegar einhver vill neyta krapta sinna og sýna dáð og dugnað, þá er það einatt kallað «*prákelkni*», þegar það er eigi að skapi annara, sem annaðhvort ekkert vit hafa á málinu, eða sjá ofsjónum yfir afla annara, en hafa eigi sjálfir dáð í sjer, til að sýna sama dugnað. Jeg er sannarlega kunnugur þessu bæði vestan af Ísafirði og eins hjer úr Gullbringusýslu. Menn ímynda sjer og segja, að þetta komi af þeim eða þeim ástæðum, án þess að hafa nokkra hugmynd um orsakirnar. Jeg er sannfærður um, að það er ekki rjett að leggja hapt á þennan atvinnuveg, hákarlaveiðarnar, nema það verði sannað með gildum gögnum, að niðurskurðurinn sje hin sanna orsök til þess, að hákarlinn bleypur undan landi, en að það sje ekki tómur hugarburður, eins og jeg verð að ætla að enn eigi sjer stað.

Eiríkur Kúld: Jeg er ekki eins kunnugur hákarli, eins og hinn háttvirti þingmaður Reykvíkinga telur sig, enda hef jeg aldrei hákarl verið. En jeg er þó svo kunnugur, hvernig þessu hagar til á Breiðafirði og víðar, að jeg get sagt svo mikið, að það er engin heil brú í því, sem þingmaðurinn mælti á móti málinu sjálfu. Hann sagði, að niðurskurðurinn væri ekki þess ollandi, að hákarlinn ekki fengist. Það er þó alkunnugt og almennt viðurkennt, að undir eins og búið er að sleppa nokkrum hákarlsskrokkum niður að mun, þá tekur fyrir, eins og hákarlinn hverfi algjörlega, og er það ætlun flestra manna að hann muni þá leggjast á skrokkana og jeta þá; að hákarlinn jeti skrokkana af þeim, sem daudir eru, þó hákarl sje, sjest af því, að þegar mikið er um hann eða gengd mikil, þá veður hann ofan sjávar og jetur af skrokkum þeim, sem veiddir eru og bundnir við skipið, og verður þá svo nærgöngull, að það má enda veiða þá með skutlum. Á Breiðaflóa var áður góður afli og vissulega notasælli, meðan ekki var sleppt hákarli frá skipi nema í lífsnauðsyn, en síðan farið var að gjöra það, fór svo, að undir eins og hákarlinum var sleppt á miðunum, þurfti ekki að róa þangað aptur fyr, en ný gengd kom, því þá fer hann líklega dýpra og af grunnmiðunum. Jeg skal játa, að þessi ákvörðun, sem frumvarpið ræður til, geti verið varhugaverð, því það getur verið lífsnauðsyn að sleppa frá sjer afla til að ná landi, og ætti þá það mál helzt að koma undir álit hjeraðsnefndar. En að segja, að það sje að hepta atvinnu manna og dugnað, þótt þeim sje ekki með lögum heimilað, að spilla atvinnu fyrir öðrum, það get jeg ekki sjeð að eigi við rjett rök að styðjast. Þess ber einnig að gæta, að með þessu er miklum afla fyrir borð varpað. Norskur maður, Svend Foin, sem mestan hákarlsafla hefur á Norðurlöndum nú sem stendur og er þessu málefni gagnkunnugur, hefur sagt, að lifrin sje ekki meira verð en hákarlsskrokkarnir, sem í útlöndum eru margra peninga virði, og enda skinnið af hákarlinum, þótt það skrápur heiti, er tilreitt í Chagrin og haft við bókband. Menn sjá því, að hjer er miklu fje í sjóinn kastað. Það er leitt, að nú er svo liðið á þingið, að frumvarpið nær líklega ekki fram að ganga sökum tímaleysis, og vildi jeg þó gjarnan óska þess.

Þorsteinn Jónsson: Af því jeg hef verið við sjó, þá ætla jeg að gefa þær upplýsingar, sem mjer eru kunnar í þessu efni. Jeg hef reyndar ekki alla æfi verið við hákarlaveiðar, eins og þingmaður Reykvíkinga sagði, en þó síðan jeg var 20 ára. Eptir minni reynslu og eptir allra kunnugra manna dómi, sem jeg þekki til, þá held jeg engum blandist hugur um, að niðurskurð-

urinn er eitur og eyðilegging fyrir hákarlaveiðina. Við höfum haft mörg samtök að því og margra ráða í leitað, að reyna að koma í veg fyrir það, að skrokkarnir færu ekki í botn. En við höfum enga samþykkt gjört um það, að flytja hann í land, því við getum sjaldan sökum óstöðugrar veðuráttar legið nema einn dag í mánuði, og hugsum þá nátturlega mest um það, að fá sem mest þann daginn. Þess vegna skerum við niður, þegar við öflum svo mikið, að við þurfum þess, en beri svo við, að næsta dag sje blíðviður, svo að við getum rennt á ný, þá fáum við ekki bein, þó við förum jafnvel 3 til 4 mílur burtu frá fyrri legunni. Þessi lög yrðu því gagnslaus fyrir okkur af þeim ástæðum, sem jeg þegar hef talið, en af því jeg sje, að frumvarpið getur orðið að góðum notum, þar sem veðurátt er stöðugri, en grípur ekki inn í okkar rjett, þá vil jeg gefa því atkvæði mitt.

Jón Jónsson: Þingmaður Reykvíkinga sagði, að menn misskildu opt orðið «þrákelkni». En það er annað orð, sem eins opt er misskilið og það er *frelsi*. (Heyr!). Menn vilja opt með þessu orði *frelsi* tákna óstjórn og ofbeldi, og þann «dugnað», að vaða yfir og láta sem mest til sín taka (Heyr! Heyr!). En þetta er mikill misskilningur; ekkert ástand er ófrjálsara en það, sem heimilar einstöku dugnaðarmönnum að rifa allt undir sig. Það er skilyrði fyrir sönnu frelsi, að allir hafa jafnan aðgang til að bjarga sjer, og að lögreglustjórnin haldi «dugnaðarmönnunum» í skefjum, þegar dugnaður þeirra kemur í því, að skemma fyrir öðrum. Í Norvegi voru ástæðurnar eins fyrir nokkrum árum og þær eru hjer nú; dugnaðarmennirnir, sem svo voru kallaðir, spilltu öllum samtökum og hver skemmdi fyrir öðrum. (Heyr!). En svo sáu menn, að slíkt yrði til hins mesta skaða og komu föstu skipulagi og vissum reglum á fiskiveiðar sínar, og síðan hafa þeir aflað langt um meira en áður; síðan telzt afli þeirra í tugum millióna, þar sem hann áður var að eins örfáar milliónir. Jeg held því, að allt það miði til góðs, sem alþingi getur gjört til að efla góða reglu viðvíkjandi fiskiveiðum, og með því að frumvarp það, sem hjer liggur fyrir, gengur í þá stefnu, er jeg því mjög hlynntur.

Með því að ekki tóku fleiri til máls, var frumvarpinu vísað til 2. umræðu með 18 atkvæðum.

ÖNNUR UMRÆÐA Í NEÐRI DEILD,
á 66. fundi, 26. dag ágústmán.

Með því að enginn tók til máls, þá var gengið til atkvæða og frumvarpið samþykkt með 20 atkvæðum, og því síðan vísað til 3. umræðu, sömuleiðis með 20 atkvæðum.

ÞRIÐJA UMRÆÐA Í NEÐRI DEILD,
á 68. fundi, 27. dag ágústmán.

Af því að enginn óskaði að taka til máls, ljet forseti ganga til atkvæða, og var frumvarpið samþykkt með 19 atkvæðum.

Kvaðst forseti þá mundu senda frumvarpið landshöfðingja sem l ö g f r á a l þ i n g i.

XXVI.

Kosning presta.

A.

Frumvarp til laga um kosningu presta. Frá þingmanni Borgfirðinga. Frumvarpið er prentað í fyrri parti alþingistíðindanna, bls. 38.

FYRSTA UMRÆÐA Í NEÐRI DEILD, á 6. fundi, 9. dag júlímánaðar.

Flutningsmaður (*Grímur Thomsen*): Það vill svo vel til með þetta mál, að það er ekkert nýmæli hjer á landi. Sú stefna var hjer á 16. og 17. öld, að söfnuðirnir kusu sjálfir presta sína. Kirkjuordinanzía Kristjáns konungs 3. segir, að alþýða eigi að kjósa presta sína, en biskup samþykkja kosninguna. Á 17. öld eða 1607 og 1633 var gjörð breyting á þessu þannig, að beztu bændur skyldu kjósa prestinn; þó fjell þetta smám saman í dá, og var það fremur af deyfð en öðrum orsökum; en engin lögleg breyting var gjörð á því fyr en 10. maí 1737. Og hefur með ýmsum lagaákvörðunum síðar, svo sem konungsbrjefi 1740, og síðar með konungsúrskurði 14. maí 1850 og erindisbrjefi landshöfðingja verið ákveðið, að konungur og stiptsyfirvöld og landshöfðingi skyldu veita prestaköllin.

Eins og þetta hefur áður verið hjer á landi, eins hefur það og verið og er enn sumstaðar í öðrum löndum, t. a. m. í Svíþjóð, Skotlandi og Vesturheimi, og má vera það sje í fleiri löndum, þar sem jeg er ókunnugur. Í Svíþjóð hefur það viðgengizt síðan 1686 á dögum Carls XI. Nú hafa ný lög frá 27. febrúar 1880 hjer hjá oss stigið eitt fet í þessa stefnu, þar sem 7. gr. tjeðra laga veitir söfnuðinum heimild til, þegar brauð er undir veitingu, að mæla fram með einum þeirra, er um það sækja. En þegar þetta stig var stigið, þá hefur þess ekki verið nægilega gætt, að taka það fram, hvort veitingarvaldið ætti að taka þessa meðmælingu til greina eða ekki, og hefur það því ærið litla þýðingu. Menn eru því sáróánægðir með þennan litla rjett, og það mun vera vilji alþýðu, að á þessu verði sem bráðast bót ráðin; og hygg jeg því, að mál þetta sje á rjettum tíma fram borið, að sóknarnefndir eða söfnuðirnir fái þennan rjett, sem farið er hjer fram á. En í þessu litla frumvarpi þorði jeg ekki að taka nákvæmlega fram, hvernig kosningarnar ættu fram að fara. Mjer virðist, að það mætti vera eptir reglugjörð frá prófastum eða stiptsyfirvöldum, þannig að annaðhvort kjósi hver sókn út af fyrir sig, eða þá allar til samans á sameiginlegum fundi. En um þetta atriði hygg jeg að stiptsyfirvöldin eða prófastar geti samið þær ákvarðanir, er bezt þyki við eiga. Aðalatriðið er það, að enginn sje kosinn nema sá, sem hefur lögboðna hæfilegleika, og fyrir þessu atriði veitir 1. gr. frumvarpsins nægilega tryggingu. Hitt annað, sem minna er í varið og sem nákvæmar lýtur að kosningunni, mun koma af sjálfu sjer.

Þorkell Bjarnason: Jeg er flutningsmanni þakklátur fyrir það, að hann hefur komið með frumvarp þetta. En þó get jeg ekki verið honum að öllu leyti samþykkur. Að söfnuðirnir fái að ráða því, hver prestur þeirra verði, það er náttúrlegur og eðlilegur rjettur. Það er áríðandi, hvernig sá er, sem á að stuðla að því, að allt gott og göfugt, kærleiki og friður, þróist og útbreiðist í söfnuðinum. Jeg hygg því, að það sje bæði rjett og nauðsynlegt, að söfnuðirnir fái þennan rjett, því það eru líkindi til, að þeir velji helzt þann, sem mest mundi styðja að þessu, þann, sem er hæfastur fyrir þessa stöðu. En hverjum rjetti fylgir og um leið skylda, og í þessu frumvarpi er söfnuðunum lögð mikil og helg skylda á herðar. En að svo komnu er jeg hræddur um að söfnuðirnir hjer á landi sjeu ekki þessari skyldu

að fullu vaxnir, og rjetturinn verði því ekki ætíð vel brúkaður. Það er því mín skoðun, að það væri nauðsynlegt, að veitingarvaldið hefði fyrst um sinn hönd í bagga með, og vildi jeg því koma inn í frumvarpið ákvörðun í þá átt, að veitingarvaldið og söfnuðirnir rjeðu veitingunni; þá yrði skipun prestauna svo trygg, sem hægt er. Að öðru leyti er jeg frumvarpinu mjög hlynntur. Jeg álít, að það gefi mikla rjettarbót, og að það muni hafa blessun í för með sjer og happasælar afleiðingar.

Varaforseti: Jeg vil mín og annara vegna breyta eptir fyrirmælum forseta «að gæta hófs» í umræðum um þetta mál og tala sem stytzt. En jeg verð þó að fara nokkrum orðum um frumvarp það, er hjer liggur fyrir. Hvað fer frumvarpið fram á? Að taka veitingarvaldið frá þeim, sem nú hafa það, og fá það í hendur — hverjum? Því skal jeg síðar svara. Það, sem frumvarpið fer fram á, er ekki jus proponendi, rjettur til að stinga upp á, heldur jus vocandi, rjettur til að kalla, skipa presta. Jeg vil spyrja, hvort eigi væri nauðsynlegt, að bæta inn í þetta frumvarp, að hjer með væri 4. gr. stjórnarskrárinnar úr lögum numin. Hvað á að varast? Hvað á að ávinna? Mjer getur dottið í hug, að brauðin þyki veitt ranglega. Jeg skal fúslega játa það, að sá, sem á að veita brauðin, hefur margs að gæta og þarf á margt að líta, og þess vegna má ekki líta á eitt eingöngu, þegar hann er dæmdur; hann hefur að líta á hæfilegleika prestsins, á hag og þarfir safnaðarins, og á það, að hver og einn sje þar settur, sem bezt á við; en í þessu tilliti hygg jeg við mundum ekkert veitingarvald fá betra en það, sem nú er, og það eins fyrir það, þótt við eigi höfum ávallt annan eins biskup og þann, sem nú er, sem bæði er alkunnur að samvizkusemi, og auk þess þekkir persónulega flesta presta á landinu. Biskupinn veitir að vísu ekki, en ávallt munu tillögur hans mikils metnar, þegar hann er stöðu sinni vaxinn. Landshöfðinginn hefur veitingarvald hjer á landi, og hann hefur einnig mjög mörg tækifæri til að kynnast prestunum, og við veitingu hinna svo kölluðu konungsbrauða — sem jeg fyrir mitt leyti vildi helzt að engin væru — mun að mestu farið eptir tillögum biskups og landshöfðingjans. Það veitingarvald, sem hjer er stungið upp á, er allra-sízt betra en þeir. Jeg skal játa það, að það væri æskilegt, að söfnuðirnir gætu átt það atkvæði, sem þeir geta átt í veitingu brauðanna, þar eð presturinn stendur í nánara sambandi við söfnuðinn, en nokkur annar embættismaður. En þó er að minu áliti ekki allur munur í þessu tilliti á prestum, sýslumönnum og læknum, og jeg tek það aptur fram: Það er fyrir mínum augum ekki allur munur, á meðan kirkjan og ríkið er ekki aðskilið. En þó að þetta væri æskilegt, þá er annað mál, hvernig því verður komið fyrir, svo að vel fari. Í Danmörku hefur þetta mál verið rætt um 20 ár, og þó hefur það ekki komizt þar enn á. Þingmaður Borgfirðinga tók til dæmis Svíþjóð, Skotland og Vesturheim. Mjer er ekki kunnugt, hvernig þessu hagar til í Svíþjóð. Í Skotlandi, eða skozku kirkjunni, eiga söfnuðirnir reyndar mikinn þátt í kosningu presta, en «Consistoriet» *veitir* þó brauðin, þótt söfnuðirnir mæli fram með prestinum, og þessi aðferð veldur þar miklum erfiðleikum og drætti á veitingunni. Sje því farið fram, að presturinn sje kjörinn, eða brauðið *veitt* á safnaðarfundi, sem mjer finnst óhugsandi, með atkvæðafjölda, hver verður þá niðurstaðan önnur en sú, að veitingarvaldið kemur í hendur eins eða tveggja manna í hverri sókn, og það var einmitt það, sem jeg ætlaði að svara í fyrstu. Og þessir einn eða fleiri menn yrðu opt og jafnvel optast ókunnugir mörgum af sækjendunum, og mundi vild og vinátta þeirra einstöku manna ráða þar mestu. Jeg efast ekki um, að þetta yrði hið aumasta handahóf, eða sóknarmenn opt fengju lakari prest, en ef þeir hefðu ekki átt neinn kost á að kjósa hann sjálfir.

Jeg vil, að allir prestar sjeu góðir, og

breyti eins og vera ber, en jeg skal jafnframt geta þess, að það getur verið hæpið að treysta atkvæðum safnaðanna. Jeg hef sjálfur verið með, að dæma frá embætti þann prest, sem nálega allir sóknarmenn sóttu um að fá að halda. Þetta dæmi sýnir, að annað eins getur komið fyrir. En með því jeg er ekki málinu algjörlega mótfallinn, þá vil jeg leggja það til, að nefnd sje sett í það. Vil jeg þó undir eins lýsa því yfir, að jeg hef enga von um, að nefndin geti komið fram með aðgengilegar ákvarðanir um hluttöku safnaða í veitingu brauða fyrir næstu aldamót.

Var síðan samþykkt 3 manna nefnd, og hlutu kosningu með flestum atkvæðum þessir:

Grímur Thomsen, með 11 atkvæðum
Þorkell Bjarnason, — 10 —»—
Arnljótur Ólafsson, — 9 —»—

Í nefndinni var Grímur Thomsen kosinn formaður, Arnljótur Ólafsson skrifari og Þorkell Bjarnason framsögumaður.

FRAMHALD FYRSTU UMRÆÐU Í NEÐRI DEILD,

á 15. og 16. fundi, 20. dag júlímánaðar.

Nefndarálit, sjá I, 128—129.

Framsögumaður (Þorkell Bjarnason): Það, sem frumvarpið og nefndin fer fram á, er í raun og veru engin nýmæli. Í »kirkju-ordinanziu» Christians III. frá 1537 stendur, að beztu sóknarmenn skyldu kjósa prestinn ásamt prófastinum, og í »kirkjuordinanziu» Christians IV. frá 1607 er þetta nákvæmar ákveðið þannig, að sóknarmenn skuli velja 7 helztu bændur, sem ásamt prófastinum skuli síðan kjósa söfnuðinum prest. Þetta tíðkaðist fram yfir aldamótin 1700, en það hvarf þá og fjell, þó eins og löggjafarvald landsins og fleira. En þegar stjórnarbótin kom og með henni trúarfrelsið, þá fór að vakna löngun hjá söfnuðunum, til þess að hafa meiri áhrif á það en áður, hver væri skipaður yfir þá, til að gegna andlegum þörfum þeirra. Til að fullnægja þessari löngun, er frumvarp þetta samið. Höfuðbreytingan, nefndarinnar við frumvarpið eru tvær. Önnur sú, að kosningar presta eru lagðar í hendur sóknarnefndunum í staðinn fyrir í hendur alls safnaðarins, og gjörði nefndin það af tveim ástæðum. Fyrst er það, að örðugt er víða að sækja fundi á vetrardag, og gæti þá svo farið, ef þeir væru illa sóttir, þegar kjósa á prestinn, að einungis þeir, sem næstir eru fundarstaðnum, kæmu einir, og væru þó ekki ef til vill öðrum betur fallnir til að kjósa prestinn, og því mundi tilhlýðilegra, að sóknarnefndin gjörði það, þar eð hún mundi venjulega skipuð af beztu mönnum safnaðarins, sem af áhuga á málinu mundu koma allir á kjörfund. Sóknarnefndir eru skipaðar til að við halda siðsemi og friði í söfnuðinum, og því er ástæða til að ætla, að þær mundu helzt velja þann prest, er þær hyggðu sjer sem mest samhendan í þessu efni. Hin ástæðan var sú, að það var álit nefndarinnar, að ef einhver maður af sjerstökum ástæðum vildi fá sjerstakan prest, þá mundi hann síður fá því ráðið við sóknarnefndina, en alla búandi menn safnaðarins, og mundi því meiri trygging í kosningu sókuarnefndanna, en alls safnaðarins. Hin breytingin, sem nefndin hefur gjört við frumvarpið, er sú, að láta veitingarvaldið eiga þátt í veitingunni, og er það gjört til þess, að tryggja það, að veitingin geti farið sem allra-bezt og heppilegust fram. Meðan ríkið og kirkjan eru saman, verður ríkisstjórnin að hafa hlutdeild í því, hverjir skipaðir eru yfir söfnuðina. Uppfræðing barna stendur sjerstaklega undir umsjón presta, og því verður stjórnin einnig að eiga þátt í því, að prestsembættin sjeu sem beztum mönnum skipuð. Að því er snertir 7. gr., þá þótti nefndinni ísjárvert, að fela fáum mönnum að kjósa prest í eins fjölmennum og menntuðum söfnuði eins og er í Reykjavík. Með því að láta veitingarvaldið eiga þátt í veitingunni, vildi nefndin tryggja sem mest skipun prestsembættanna, og mun öllum koma saman um, að það sje á rökum byggt.

Þetta frelsi, sem söfnuðunum er hjer

veitt, er ekki fullkomið frelsi, en jeg vona það sje þó góður vísir til meira frelsis og framfara, og ef söfnuðirnir nota þennan rjett vel, þá muni þetta frelsi miða til þess, að þeir fái seinna meir fullkomið kosningarfrelsi. Jeg vona og óska, að málið fái fram að ganga, því hjer er um einhver hin dýrmætustu mannrjettindi að ræða, sem til eru.

Landshöfðingi: Jeg skal kannast við, að hinni háttvirtu nefnd hefur gengið hið bezta til með breytingunum við frumvarp það, er hjer liggur fyrir. En samt sem áður virðist mjer mjög vafasamt, hvort frumvarp nefndarinnar í raun og veru hafi góða rjettarbót inni að halda. Jeg vona, að jeg þurfi ekki að taka það fram, að jeg sje ekki apturhaldsmaður, hvorki þegar ræðir um borgaralegt frelsi, nje um trúarbragðafrelsið; jeg er að minnsta kosti sjálfur sannfærður um það, að jeg sje það ekki. En það, sem hjá mjer hefur vakið vafa þann, er jeg gat um, er það, að kosning sú á presti, eða hlutdeild sú í þessari kosningu, sem frumvarpið stingur upp á, geti orðið skaðleg eða hættuleg, bæði trúarlífinu og fjelagslífinu, ef ekki ástand það eða grundvöllur sá, sem á að byggja hana á, er til, og um það, að svo sje hjer á landi, verð jeg eptir minni þekkingu til þess mikillega að efast. Jeg vil sjer í lagi halda mjer til fjelagslífsins — aðrir í þessari heiðruðu deild geta betur en jeg dæmt um trúarlífið í söfnuðunum — en eptir minni sannfæringu er það nauðsynlegt skilyrði fyrir því, að löggjafarvaldið geti trúað söfnuðunum fyrir kosningu eða hlutdeild í kosningu presta, að lifandi fjelagsandi ríki milli mannanna, svo að allir, hvort sem þeir hafa verið í minni hluta eða meiri hluta kjósandanna, álíti sjer skylt, siðferðislega og löglega, að hlýðnast úrskurði meiri hlutans, og finni til þess, að meiri hlutinn eigi að ráða úrslitum sjerbvers máls, sem snertir hið borgaralega frelsi, eða sem frumvarpið kemst að orði: Afl ræður atkvæða; ekki einungis á þeirri svipstundu, sem kosningin stendur yfir, heldur einnig um allan þann tíma, sem hinn kosni prestur á að vera sálusorgari safnaðarins. Snúist hugur manna í þessu tilliti, og jeg er hræddur um, að svo muni opt eiga sjer stað, þá er að mínu áliti hin mesta bætta búin bæði trúarlífi og fjelagslífi safnaðarins. Hinir háttvirtu þingmenn geta sjálfir dæmt um það, hvort jeg hafi rjett að mæla, þegar jeg ætla, að þessi fjelagsandi, virðing eða »Respekt« fyrir úrskurði meiri hlutans ríki ekki sem stendur í fjelagi voru; þeir geta sjálfir dæmt um það, því jeg geng út frá því vísu, að hver þeirra hafi við stöku tilfelli fundið til þess með sjálfum sjer, hvort hann vilji láta sjer nægja atkvæði meiri hlutans, ef hann sjálfur sje í minni hlutanum, eða hvort hann finni hvöt til þess einmitt að stríða móti úrskurði hinna. Jeg játa það, að þessi kosningarrjettur sje fögur frelsishugmynd, theoretisk skoðuð, en þegar til framkvæmdarinnar kemur, getur hann orðið og mun að líkindum verða bæði skaðlegur og hættulegur, og þess vegna vil jeg biðja hina háttvirtu þingmenn að skoða huga sinn vel og vandlega, þegar þeir eiga að greiða atkvæði um þetta frumvarp, og ekki láti leiðast eingöngu af hinni fögru theoretisku frelsishugmynd, en taki tillit til hins verklega ástands safnaðalífsins.

Eiríkur Kúld: Jeg skal játa það, að það var margt í ræðu hins hæstvirta landshöfðingja, sem jeg hefði getað skrifað undir. Jeg efast ekki um, að nefndinni hefur gengið gott til, og fögur hugsun hefur vakað fyrir henni. Jeg er henni og í aðalefninu samþykkur, en þó hef jeg ýmislegt að athuga bæði við málið eða búninginn og efnið sjálft, og vil jeg reyna til að benda á nokkra smágalla. Hvað snertir rjett þann, er taka á frá veitingarvaldinu og leggja söfnuðunum í hendur , þá veit jeg ekki, nema hann gangi nógu nærri, ef ekki of nærri 4. gr. stjórnarskrárinnar; en um það skal jeg ekki fást, því jeg held, að það megi skilja greinina svo, að þetta sje áhættulaust. Það er eitt, sem mjer kemur und-

arlega fyrir, þegar jeg les frumvarpið, og það er, að biskup er alveg horfinn úr sögunni; ef 3 sækja, eiga þeir að sækja til landshöfðingja, og hann svo að skrifa sóknarnefndunum og segja: veljið þið nú, þessir hafa sótt! Ef nú einhver hefur gleymt að skrifa landshöfðingja, þá fer hann til prófasts, og hann er skyldur að koma brjefi hans til sóknarnefndarinnar í tæka tíð. En þetta er sumstaðar ómögulegt. Jeg tek til dæmis prófastinn í Barðastrandarsýslu, sem situr á enda umdæmisins, og ef nú Garpsdalur losnaði, þá er honum ómögulegt að koma brjefi þangað á 7 eða 8 nátta fresti, enda veit hann eptir nefndarálitiuu máske ekkert um, nær sóknarnefndin á að koma saman í þessu skyni, því hvergi er gjört ráð fyrir, að honum skuli það tilkynnt. Jeg skal leyfa mjer að minnast á orðið «heimasókn»; hvað er meint með því? Jeg veit, að sumstaðar hagar svo til, að engin heimasókn er; það eru til prestaköll, hvar engin beneficeruð kirkja er, heldur einungis bændaeign; hvar er þá heimasókuin? Það er og ein ákvörðun, sem jeg ekki kann við, að ef einir 2 menn sækja, þá hefur sóknarnefndin ekkert atkvæði um kosninguna. Nú skyldi annar vera mesti merkis- og ágætismaður, en hinn óreglumaður; ef nú sóknin vill hafa reglumanninn, en veitingarvaldið þekkir ekki til um óreglu hins, og hann að öðru leyti hefur einhverja kosti, sem veitingarvaldinu þykja mikils verðir, hvernig fer þá, nema svo, að söfnuðurinn fær einmitt þann prestinn, er hann vildi ekki fá. Þar sem leyft er að kjósa hvern þann, sem hafi *lögboðinn* hæfilegleika, þá getur hver óreglumaðurinn komið á fætur öðrum og sagt: «Jeg hef lögboðinn hæfilegleika; jeg hef tekið embættispróf»; en hefur að öðru leyti ekkert það til að bera, sem til prestskapar heyrir. Prestur þarf að hafa fleiri en *einn* hæfilegleika til að geta heitið hæfur til prestskapar. Jeg ímynda mjer, að tilgangurinn með frumvarpinu sje að gjöra góða rjettarbót, en hvers vegna á þá fjölmennasta brauðið á öllu landinu, Reykjavík, að fara á mis við öll þessi gæði, sem eru svo dýrmæt, en ef það eru engin gæði, þá gjörir það hvorki til nje frá. Þá vil jeg benda á málið; það er of fornt, og almenningur mun ekki skilja það; «*afl ræður atkvæða*» mun hvergi finnast í fornu máli. Sömuleiðis er ýmislegt í 3. og 5. gr., sem er eitthvað hálf-geggjað, en það er betra að hafa ljóst mál á lögum, svo allir geti skilið þau. Mjer virðist sem nefndin hafi of mikið ætlað að stæla eptir Grágás, hvað orðfærið snertir, en misheppnazt það svo, að sumstaðar verður meinigar villa, og má hæglega misskiljast. Það dugar ekki, eins og Chatheaubriand sagði: að einblína svo á fornöldina, að maður komi eins og aptur á bak inn í ókomna eða komandi tímann, og eins er með málið á þeim lögum, sem þingið á að búa til; þau verða að sníðast, hvað málið snertir, eptir tímanum.

Þórður Magnússon: Jeg vildi gjöra hinni háttvirtu deild ljóst, að jeg eptir sannfæringu minni, er málinu hlynntur. Jeg álít, að það yrði bæði prestum og söfnuðum til góðs, og örvi trúarlíf vort, sem nú er í værð. Mjer finnst það hljóti að vera gleðilegt fyrir prestinn, að vera valinn af söfnuði framar öðrum til að vera sálusorgari hans, og vera því alstaðar eins vel kominn, eins og góður faðir til góðra barna; mjer finnst líka gleðileg tilhugsun fyrir söfnuði, ef þeir ættu von á hjer eptir að sleppa við þá einokun, að kaupa þann prest dýru verði, sem þeir ekki vilja hafa. Jeg er líka viss um, þegar farið er að kjósa presta og keppa um þá af fleiri söfnuðum, þá gjöra þeir sjer allt far um að stunda embættið sem bezt. Viðvíkjandi nefndarálitinu um heimasókn, þá þekki jeg mörg brauð, þar sem engin heimasókn er. Jeg get heldur ekki verið svo sparsamur með kostnað fyrir veitingarvaldið, að jeg telji eptir því að skrifa öllum sóknarnefndum. Fleira ætla jeg ekki að athuga í þetta skipti.

Varaforseti: Jeg hef þegar áður lýst því yfir, að jeg væri hugmynd þeirri, sem liggur til grundvallar fyrir frumvarpi

þessu, meðmæltur. Hinu hef jeg borið og ber enn kvíðboga fyrir, að erfitt sje, að setja þær reglur um þetta, sem geti verið hagkvæmar, þær reglur, sem hafi nokkra þýðingu fyrir söfnuðina, en gangi þó ekki of nærri yfirstjórn kirkjunnar. Hið fyrra frumvarpið var sannarlegt frelsisfrumvarp, og verið getur, að jeg hefði ekki orðið hinn síðasti til að samþykkja það, ef það hefði getað staðizt. Jeg álasa ekki nefndinni, þótt hún ekki hafi getað yfirbugað alla erfiðleika; en þar sem flutningsmaður benti á, hvernig ástand kirkjunnar hefði verið hjer í fornöld, þá tók hann ekki skýrt fram, að þá var kirkjan frjáls og allt fram að 1660. Hvað snertir tillögur nefndarinnar, þá er tímalengdin og erfiðleikar á að koma brjefum á tilteknum tíma á móti þeim, enda mundi drátturinn opt verða mjög tilfinnanlegur; það gæti stundum varað heilt ár eða að minnsta kosti meiri hluta árs; þetta væri hægt að sýna með tölum. Flutningsmaður gat þess, að þetta væri vísir til frelsis, en það er sannarlega ekki nema vísir; ef frelsi á að vera, þarf jafnrjettið og að komast að, en frá þessu eru allir söfnuðir útilokaðir, þar sem ekki sækja nema 1 eða 2, og frelsið kemur þá að eins söfnuðunum í betri brauðunum að gagni; allir aðrir eru útilokaðir; er það frelsi? er það jafnrjetti? Jeg segi nei; það er ójöfnuður, og getur orðið tilefni til mestu óánægju. Veitingarvaldið á að láta sóknarnefndina vita, hverjir sæki; nú veitir hans hátign konungurinn allmörg brauð, hvernig á hann að láta sóknarnefndina vita það? á hann að fara að skrifast á við sóknaruefndina? Af þeim 3, sem sóknarnefndin til tekur, skal jafnan veita einhverjum; að öðru leyti segir: «Rjett er sóknarnefnd að kveða á, hvern hún vill belzt og hvern þar næst»; þetta er óljóst og ekki nægilega ákveðið; hver yrði þá niðurstaðan? hvað væri áunnið, ef frumvarp þetta yrði að lögum? að mínum skilningi ekkert verulegt, en ójöfnuður og óánægja mundu verða afleiðingar þess. Nú er hverjum söfnuði heimilt að mæla fram með hverjum presti sem er; verði frumvarpið að lögum, verða margir, kann ske flestir söfnuðir, sviptir þessari heimild, meðan öðrum er það heimilað; þessi ójöfnuður mun vekja mestu óánægju. Mjer finnst þetta því ekki nema hálfgjört og engin veruleg bót frá því, sem er; því í flestum tilfellum mundi konungur og landshöfðingi velja einhvern af þessum þremur, hvort sem væri. Jeg skal ekki mæla fleira að sinni, en geta þess, að jeg elska allt sannarlegt frelsi, en jeg hata það, sem hefur yfirskyn frelsis, en er það ekki í sannleika. Það liggur í tilfinningu minni, að jeg hef viðbjóð á þessu eintóma nafni, þar sem er ójöfnuður og ófrelsi.

Arnljótur Ólafsson: Það er til máltak, sem segir: «að lestur frábrugðinna bóka sje skemmtilegur». Þetta máltak á fyllilega við ræður þær, sem haldnar hafa verið með og móti þessu nefndaráliti. Hinn háttvirti landshöfðingi hreifði við aðalatriðum þessa máls, hann hreifði við grundvelli þess; hann talaði um trúarlíf og fjelagslíf safnaðanna. En svo kemur þingmaður Barðstrendinga, og minnist ekki einu orði á þennan grundvöll, sem er trúarlífið og siðferðislífið; honum virðist eigi koma til hugar, að hjer væri um trúarlíf safnaðanna að ræða. Ræða hans fór öll í þá átt, að setja út á útvortis hlið nefndarálitsins; hún lenti mest öll í útásetningum út á einstök orð í frumvarpi nefndarinnar, í einu orði sagt, út á málið. Í sannleika, þungt hefur hinum háttvirta þingmanni verið niðri fyrir, og þurfandi hefur hann verið að ljetta þessu á sjer, að hann skyldi endilega þurfa að gjöra það nú þegar við fyrstu umræðu. Þingmaður Barðstrendinga sagði, að veitingarvald — það var eitt af hnykslunarhellunum — væri landshöfðinginn, en varaforseti sagði, að það væri konungurinn (*Þórarinn Böðvarsson*: *stundum*). En jeg segi: veitingarvald er veitingarvald, og veitingarvald brauða hjer á landi er biskup, stiptsyfirvöld, landshöfðingi, konungur eða með öðrum orðum: öll þessi völd eru stig eður liðir í veitingarvaldinu. Biskupinn mælir með sækj-

endum; hann er því einn liður í veitingarvaldinu; jafnvel prófastarnir eru veitingarvald í þessum skilningi, því að allir þeir, sem hafa nokkurn þátt í veitingunni, eru meintir með orðinu «veitingarvald». Orðið «heimasókn» þótti 2. þingmanni Ísfirðinga geta valdið misskilningi. Mjer duttu satt að segja ekki í hug fyr en nú þau örfáu brauð, hvort þau eru eitt eða fleiri á Vesturlandi, sem ekki hafa ákveðið prestssetur, því að flest þingabrauð í landinu hafa til tekið prestssetur. Jeg veit, að í Norðlendinga fjórðungi eru tiltekin prestssetur bæði á klaustur- og þingabrauðum. En hvað um það, presturinn á þó einhverstaðar heima. Þar sem hann á heima, er hans heimasókn, svo að úr henni þarf aldrei nein leit að verða.

Varaforseti hafði mjög mikið út á 4. gr. nefndarálitsins að setja. Þar stendur sú ákvörðun, að þegar að eins 1 eða 2 sækja, skal sóknarnefndin eigi ráða kosningu. Þetta þótti honum ójöfnuður; en mjer þætti gaman að taka móti því breytingaratkvæði, sem færi fram á að veita jafnrjetti, þar sem að eins einn maður sækir. Veitingarvaldið ætti þá að kjósa annan helming hans, en sóknarnefndin hinn. Sama máli er að gegna um þau tilfelli, þar sem að eins 2 sækja; þar ætti þá sóknarnefndin að velja annan, en veitingarvaldið hinn, ef jafnrjetti á að haldast. Jeg skal enn fremur geta þess, að í 5 gr. nefndarálitsins er prentvilla; þar stendur: «lögboð*inn*», en á að vera: «lögboð*na*». Sömuleiðis á að standa í seinni hluta 3. gr. «hvort er sókn o. s. frv.» í stað: «hvort sókn er ein eða fleiri».

Eins og jeg sagði áðan, hefur lítið verið hreift við grundvelli málsins; en í því tilliti skal jeg að eins taka það fram, að sú hugsun vakti fyrir nefndinni, að söfnuðurinn skyldi samkvæmt trúarlífinu, sem í honum er, hafa leyfi til að kjósa sjer prest, en að veitingavaldið aptur ætti að hafa atkvæði í veitingunni samkvæmt þeim yfirráðum og umsjón, sem það hefur með uppfræðingu barna, almennri siðsemi og allsherjarreglu. Yfir sannfæring manna getur ekkert yfirvald, engin stjórn eða veitingarvald ráðið, hvort heldur sannfæringin er trú eða önnur sannfæring. Það hefur og opt verið tekið fram, og það af hinum frægustu rithöfundum, að landsstjórnin hafi nóg annað að sýsla, þó hún sje ekki að skipta sjer um sáluhjálparefni hvers einstaks manns; enda er sannfæringin, trúin, sá einkarjettur hvers frjáls manns, sem engin valdstjórn, enda engin harðstjórn getur frá honum tekið. En þar sem um kosningu embættismanns er að ræða, hjer prestsins, er það auðvitað, að söfnuðurinn hefur fengið sjer þann fulltrúa, sem honum hefur komið saman um að velja skyldi handa sjer prestinn, og þessi fulltrúi er sóknarnefndin. Jeg veit vel, að 46. gr. stjórnarskrárinnar hefur þau ákvæði inni að halda, er banna brot gegn almennu siðgæði og allsherjarreglu, en hitt er engu síður víst, að landsstjórnin er enginn dómari, hvorki eptir þessari grein nje eðli málsins, yfir hinu innra siðferði, dyggð hvers einstaks manns, nje trú hans sjálfs. Jeg veit, að jeg þarf ekki að minna hina háttvirtu herra prófasta, sem eru náskyldir sumum hinna háttvirtu þingmanna, á það, að kristinn söfnuður á að vera útvalinn prestaflokkur, og eigi hann að vera það, verður honum sannarlega ekki gefið of mikið frelsi með þessu frumvarpi, enda heyrðist mjer á hinum háttvirta varaforseta, að með nefndarálitinu væri eigi nóg frelsi gefið. Hann sagði, að nefndarálitið væri hálfverk. Nefndin væri honum sjálfsagt þakklát fyrir frelsisathugasemdir, ef hann kæmi með þær sem breytingaratkvæði við frumvarpið. Jeg ætla ekki að tala um þessa undantekning með Reykjavík; jeg gjöri ráð fyrir, að hinn háttvirti þingmaður Reykvíkinga muni svara til um það.

Þegar hjer var komið umræðunum, sleit forseti fundi, með því að hann hafði staðið yfir í 4 klukkustundir, og var umræðunum síðan haldið áfram á næsta fundi.

Benidikt Sveinsson: Hinn hæstvirti

landshöfðingi tók fram ýmsar almennar athugasemdir um stefnu frumvarps þessa, viðvíkjandi því meginatriði málsins, hvort það væri gjörlegt eða eigi, sem frumvarpið fer fram á, og hann játaði, að það væri samkvæmt anda kristindómsins, samkvæmt eðli og augnamiði kristilegrar kirkju, samkvæmt anda og grundvallarreglum stjórnarskrárinnar. En hann áleit, að þótt það væri samkvæmt öllu þessu, að það þó eigi að síður ætti ekki við ástand hjer á landi á þessum tíma, og gæti jafnvel haft *skaðlegar* og *hættulegar afleiðingar* fyrir hið kristilega kirkjulíf og trúarlíf manna. Mjer finnst þetta undarlegt, að það skuli ekki eiga við, fyrst það er samkvæmt anda kristindómsins, samkvæmt anda kristilegrar kirkju og samkvæmt anda stjórnarskrárinnar. Jeg verð að lýsa því yfir, að jeg hef aðra skoðun, af því að jeg skoða ástand tímanna eðlilega afleiðing laga þeirra og setninga mannlegs fjelags, sem hefur átt sjer stað í langan aldur. Vjer sjáum þann ómótmælanlega sannleik staðfestan af veraldarsögunni, að þar sem lögin eru óeðlileg og andvíg hinu sanna og rjetta, þar er mannkynið dottið niður í deyfð og dofinskap. Þetta eru eðlileg áhrif og afleiðing laganna og skipunar mannlegs fjelags, því vont trje getur ekki borið góðan ávöxt, og einmitt þess vegna er það eðlilegt, að frelsið sje með lögum innleitt, undireins og rödd þjóðarinnar heyrist; undireins og hún fer að andvarpa gegn ófrelsinu, skal það á braut numið. Þetta er hið helga hlutverk löggjafans, og sjálfsögð skylda hans. En hvers vegna er þá þetta frelsi iskyggilegt? hvers vegna hættulegt hjer á landi? Það er óhugsandi, að allir söfnuðir geti notað þetta frelsi í einu, því að prestar sitja nú í flestum brauðum, og er eigi ástæða til að ímynda sjer, að þeir deyi allir strax, eða segi af sjer, þótt þetta verði að lögum. Allir söfnuðir geta því eigi notað þetta í einu, og þannig fær þingið tíma og ráðrúm til að sjá smátt og smátt, hvort söfnuðurinn notar þetta frelsi rjettilega, hvort hann er hæfilegur fyrir það, hvort hann er svo andlega frjáls, að hann geti notað það samkvæmt tilgangi laganna og öllu því, er jeg áður taldi. En það sjest þar á móti *fyrirfram*, ekki í einu vetfangi heldur einmitt með sjálfri reynslunni, hún sem er gullvog sannleikans. — *En*, mjer finnst þetta frumvarp fara hálfa leið; jeg vil fara lengra; jeg vil, að frelsið sje meira en í orði; jeg vil, að það sje líka á borði; jeg vil, að söfnuðurinn hafi beinlínis leyfi til að kjósa sjer prest, og veitingarvaldið, hið æðsta kirkjuvald landsins, að eins *staðfesti* kosninguna, það er að segja: gefi kosningunni sitt lagalega—kirkjulega gildi, ef jeg mætti svo segja. Jeg verð að álíta, að þeir háttvirtu þingmenn, sem koma með frumvarp þetta, hljóti að vera mjer samdóma, og telji hjer eigi of langt farið. Jeg vil því áskilja mjer breytingaratkvæði í þessa stefnu við 2. umræðu. Nú vil jeg heyra mótmæli þingmanna og fræðast um, hvernig hinir háttvirtu þingmenn líta á málið, sem jeg vil styðja af fremsta megni.

Jón Ólafsson: Jeg get eigi neitað því, að ýmsar misfellur eru á nefndaráliti þessu, en hægt mun að bæta úr þeim, og vil jeg eigi finna að við nefndina, en óska að eins, að deildinni megi takast að gjöra málið svo vel úr garði, að það geti fengið framgang og náð samþykki konungs. Hinn háttvirti þingmaður Barðstrendinga tók fram, að ýmislegt væri í ákvörðunum frumvarpsins, sem örðugt mundi í framkvæmdinni. Þar sem talað er um í 2. gr., að, þegar 6 vikur eru liðnar frá auglýsingu brauðs, skuli veitingarvaldið senda skýrslu yfir sækjendur til sóknarnefndar o. s. frv., þá álít jeg betra, að sækjandi sendi bæði veitingarvaldinu og sóknarnefndunum umsóknabrjef sitt jafnsnemma, svo að sóknarnefndin geti þegar sagt álit sitt um sækjendur, og ef til vill væri rjettast, að sækjendur sendu bónarbrjef sín þegar til sóknarnefndar, en hún sendi svo áleiðis öll umsóknarbrjefin til biskups með ummælum sínum; en þessu má bæta úr með breytingaratkvæði. Sömuleiðis

hefur fundið verið að 4. gr. Þar er sóknarnefndinni gefinn rjettur að kjósa 2, ef 3 sækja, en eigi veitist rjettur til að kjósa annan, ef 2 eru sækjendur. En það er eigi hægt að veita þennan síðari rjett sóknarnefnd, nema með því að gefa henni fullt veitingarvald, því að ef veitingarvaldið er bundið við tillögur nefndarinnar og hún mælir að eins með einum, þá befur veitingarvaldið ekki annað að gjöra, en strá sandi á tillögu nefndarinnar. Það er eigi rjett, að þetta sje verra en áður, því að það er eins og áður var, en ekki verra. Þar sem hinum háttvirta þingmanni Barðstrendinga og hinum háttvirta varaforseta þótti ísjárvert, að veita sóknarnefndinni leyfi til að kjósa 3, ef fleiri sæktu, og heyrðist á hinum háttvirta þingmanni Barðstrendinga, að hann óskaði, að ef sóknarnefnd vildi af persónulegum ástæðum fá einn af umsækjendum fyrir prest, þá mundi hún fá eina tvo óreglupresta, draslarapresta eða pokapresta til að sækja, og mundi hún svo mæla með þeim ásamt þeim, sem hún óskaði að fá fyrir prest, og yrði þá veitingarvaldið neytt til að veita þeim eina brauðið, sem nefndin óskaði að fá. En ef veitingarvaldið líður pokana, þá getur það líka veitt þeim betri brauð, og það sjáum vjer daglega. En það sje enn hátt og heyranlega sagt, að slíkir menn eiga ekki að eiga sjer stað í prestsstjett, og eigi þeir sjer stað, er það eptirlitsleysi kirkjustjórnarinnar að kenna. En setjum svo, að svona færi, er þá stór skaði skeður? Svo illa getur þó aldrei farið, að verra sje en nú er. Þar sem í 5. gr. er talað um, að veitingarvaldið skuli veita einhverjum af 3, sem hafi lögboðna hæfilegleika, þá finnst mjer það eigi nóglega ákveðið, því að lögboðnir hæfilegleikar eru eigi annað en það, að hafa tekið guðfræðispróf. Nú getur hugsazt, að allir þeir 3, sem sóknarnefnd kýs, sjeu nýir óreyndir kandidatar, og sóknarnefnd þekki þá lítið, en veitingarvaldið vilji eigi láta neinn þeirra fá prestsembætti fyrir sínar ástæður, ef til vill af því það þekkir þá sem óreglumenn, og væri rjettara að binda veitingarvaldið eigi algjörlega í þeim tilfellum, þar sem eigi að minnsta kosti 1 eða 2 af sækjendum eru áður prestvígðir. Þess vegna ætti að setja þau skilyrði, að einn að minnsta kosti af þessum þremur ætti að hafa verið þjónandi prestur. Hinn hæstvirti landshöfðingi talaði um það, að minni hluti ætti að leggja sig undir meiri hluta; slíkt væri nauðsynlegt til fjelagsskapar og til þess fjelagsandi geti þróazt. Jú, þetta princip er að vísu gott og verður að viðurkennast; en ef nokkurstaðar á að bera virðing fyrir rjetti minni hlutanna og varast að ganga honum of nærri, þá er það einmitt í þeim efnum, sem snerta innstu hjartans trú og sannfæring manna; það er einmitt þar, sem sízt má ganga of nærri. Ef frumvarp um leysing á sóknarbandi kemst á, þá bætir það úr fyrir minni hlutanna rjetti. En hví er Reykjavíkur brauðið útundan? Skyldi vera nokkur ástæða til að ætla, að sóknarbörn þar vissu miður en aðrir, hvað til síns friðar heyrir? Þar sem nefndin leyfir, að sóknarnefnd kveðji til 4 bændur að kjósa með sjer, virðist mjer betra, að hún skjóti á sóknarfundi. Þar sem hinn háttvirti 2. þingmaður Norður-Múlasýslu vildi fara miklu lengra, held jeg, að það sje samkvæmt reglu, sem hann trúði mjer fyrir hjer um daginn að væri bezt meðal til að drepa eitthvert frumvarp; það væri nefnilega að ganga lengra, en hófi gegndi í krófum sínum, því þá spillti maður málinu. En það skal jeg segja hinum háttvirtu prófastum, sem hjer sitja á þingi, að ef þeim tekst að drepa þetta mál, þá fá þeir það í staðinn, að menn ganga hrönnum saman út úr þjóðkirkjunni, eins og átt hefur sjer stað í söfnuði einum nýlega, sem jeg heyrði til, og sem mestallur sá sig neyddan til að ganga út úr þjóðkirkjunni. Jeg veit, að þessir menn, hálft þriðja hundrað að tölu, hefðu heldur óskað, að geta verið kyrrir í þjóðkirkjunni. En þeir voru orðnir þreyttir á óstjórn hennar, og sögðu eins og draugarnir forðum: «Setið er nú, meðan vært er!» En lengur fannst

oss ekki að oss væri vært, og því fórum vjer út, knúðir af aðferð þjóðkirkjustjórnarinnar. Og þó jeg þyki ef til vill ekki spámannlega vaxinn, þá þori jeg að fullvissa þá geistlegu herra um það, að með því að spyrna móti því, að söfnuðirnir fái þann rjett, sem hjer er fram á farið, valda þeir því, ef þetta frumvarp fellur, að þá ganga menn hrönnum saman, hundruðum, já, þúsundum saman út úr þjóðkirkjunni. Þeim verður þá ekki annars kostur. En er hyggilegt að spenna bogann svo hátt?

Varaforseti: Jeg hef áður látið í ljósi skoðun mína á þessu máli. Jeg hef sýnt fram á, hve miklum drætti á skipun prestakallanna frumvarp þetta mundi valda, ef það yrði að lögum, en kostirnir eru engan veginn eins auðsæir. Jeg skal að eins svara hinum heiðraða 1. þingmanni Eyfirðinga því, að honum hefði verið betra að geyma fyndni sína um hálfu og heilu prestana, og svo mikill reikningsmaður og hagfræðingur er hann, að honum hefði ekki átt að vera of vaxið, að hafa brotið rjett, og þá mundi það eptir fyndni hans hafa átt að vera $^1/_3$. Jeg vil minna hann á það, að það er eigi jeg, heldur hann, sem hefur sagt, að hann skyldi koma með hagkvæmar og góðar ákvarðanir í þessu máli. Jeg hef lýst því yfir, að það væri mjög erfitt, að koma með góðar ákvarðanir um hluttöku safnaðanna í skipun prestakallanna. En hefði jeg tekið þetta mál að mjer, eins og hann, þá skil jeg ekki, að mjer hefði orðið ómögulegt að finna ráð til þess, að söfnuðirnir gætu látið í ljósi vilja sinn um það, hvern þeir vildu heldur, þó að eigi væru fleiri en 2 sækjendur. Það er galli, mjög mikill galli á frumvarpi þessu, að fæstum söknum kemur það að notum. En saga kirkjunnar bendir þó á eitt úrræði, að beztu menn í söfnuðum ásamt prófastinum skipi brauðin, þegar prestslaust verður og enginn sækir. Ef nú að eins 1 sækir, og söknarnefnd vill eigi aðhyllast hann, er það þá óhugsandi, að gefa henni þá rjett til að vera sjer sjálf úti um prest, sem veitingarvaldið eðlilega verður að skipa, þegar hann er fenginn Þetta finnst mjer alls eigi ómögulegt. Jeg tek það aptur fram, að hjer er talað um frelsi, að kjósa prest eptir trúarlífi sínu. Ef söfnuðurinn eða söknarnefndin er trúarlítil eða trúarlaus, er það þá frelsið, að fá að kjósa prest, sem er eins? (*Arnljótur Ólafsson*: Trúarleysi er ekki trúarlíf). Veik trú og svo sem dauð er líka trúarlíf; það er ekkert annað líf í sálunni, sem verður kallað trúarlíf. Samvizkan er frjáls, hvort sem presturinn er kosinn eða ekki. Guðsorð verður ekki bundið, guðsorð í samvizkunni verður heldur ekki bundið. Þetta frumvarp þarf ekki til þess. Hinn háttvirti 2. þingmaður Suður-Múlasýslu sagði á þá leið, að ef prófastum í deildinni tækist að fella þetta frumvarp og frumvarpið um leysing söknarbands, þá mundu svo og svo margir segja sig úr söknarkirkjunni Jeg skal ekkert dæma um það, hve mikill spámaður hann er. Jeg skal að eins segja honum, að jeg gaf að síðustu atkvæði með leysing söknarbandsins; hvernig jeg greiði atkvæði um þetta frumvarp, sannast, þegar þar að kemur.

Framsögumaður: Það hafa ýmsir talað nú, og flestir kastað þungum steini á nefndina, nema 2. þingmaður Suður-Múlasýslu (*Margir*: Nei!). Margir hafa sagt, að hún hafi farið of stutt. En þess verður að gæta, að eigi er hægt að gefa söfnuði eða söknarnefnd meiri hlutdeild í veiting brauða, en hjer er gjört, því að ef t. d, þegar 2 sækja, söknarnefndin til tekur, hvern hún vill heldur, og veitingarvaldið er skyldað til, að fara eptir því, þá er veitingarvaldið svipt öllum áhrifum í það sinn á veitinguna; um það getur engum blandazt hugur. Þegar spursmál er um, hvort rjettara sje, að láta söfnuðinn eða söknarnefnd ráða kosningu, þá verð jeg að telja heppilegra, að söknarnefndin gjöri það, því í henni eru þeir menn, sem söfnuðurinn hefur sýnt það traust, að velja þá fyrir fulltrúa sína, til þess að halda við friði og reglu í söfnuðinum og efla þar kærleika og samlyndi. Það er því meiri trygging fyrir val-

inu, ef sóknarnefndin kýs. Mjer er þetta alvörumál, og fyrir því hygg jeg, að nefndin hafi farið svo langt, sem hyggilegt og skynsamlegt er að fara. Þeir, sem tala um ófrjálslyndi nefndarinnar, álít jeg að vilji spilla fyrir málinu. Hinn háttvirti varaforseti vildi, að söfnuður gæti sagt upp presti með ½ árs fyrirvara, og prísaði frelsisástand kirkjunnar fyrir 1660. En varla skil jeg, að hann hefði viljað vera prófastur þá. Þá var frelsið þannig, að prestar voru reknir frá einu brauði til annars nauðugir, eigur kirkna gripnar og gjörðar upptækar, þegar mönnum sýndist svo, og þeir, sem eigi vildu sækja kirkju, sættu sektum eða hýðingu. Ófrelsið kom heldur eigi með einveldinu, því að það var eigi fyr en 1737 eða 1740, að konungur tók undir sig að veita hin stærri brauðin og ljet stiptamtmanninn veita hin smærri. Viðvíkjandi drætti þeim, sem hann talaði um að gæti orðið slæmur á veiting brauðanna, þá álít jeg betra, að söfnuðurinn fái þann prest, sem hann óskar eptir, þótt dálítið seinna sje, heldur en að honum sje settur prestur, er hann máske vill ekki sjá. Viðvíkjandi brjefaskriptum konungs og sóknarnefndar vil jeg minna hinn háttvirta varaforseta á það, að hans hátign konungurinn hefur ráðgjafa sjer við hlið, og er hann vanur að skrifa, er skrifa þarf. Hinn háttvirti þingmaður Barðstrendinga bar kvíðboga fyrir þungri byrði á prófastum, en hjer er eigi um neina of þunga byrði að gjöra, enda er enginn skyldur, að gjöra það, sem hann getur ekki. Jeg vona, að hin heiðraða deild álíti mál þetta mikilsvarðandi, og jeg veit, að nefndin mun taka öllum breytingum fúslega, sem fara í skynsamlega stefnu. Jeg álít ekki rjett, að svipta veitingarvaldið alveg veitingunni, því að það væri hjer um bil hið sama sem að greina ríki og kirkju, en jeg álít ekki tíma kominn til þess enn; hið andlega líf safnaðanna er eigi enn komið á það stig. Venjum fyrst söfnuðina við að nota þetta frelsi, og undir búa þá með því undir það frelsi, sem þeir máske síðar fá.

Benidikt Sveinsson: Það er virkilega ekki rjett, sem 2. þingmaður Gullbringusýslu bar mjer á brýn, eða ljet í veðri vaka, að jeg hafi ráðgjört breytingaratkvæði af þeim hvötum, að jeg sje ekki blynntur þessu máli. Sami þingmaður gat heldur ekki gjört mjer skiljanlegt, að frá minni hálfu lægi fyrir neitt, sem gæti gefið ástæðu til þessa misskilnings. Jeg verð enn að segja hið sama og áður, að mjer finnst þetta ranglátt hálfverk, því að það hlýtur hver maður að játa, að það er hrein tilviljun, hvort 1, 2 eða 3 sækja um það brauð, er veita skal. Enn fremur sje jeg ekki betur, en að sóknarnefndarinnar atkvæði geti orðið að engu haft, því að það stendur hvergi, að veitingarvaldið sje skyldugt til að taka tillögur sóknarnefndarinnar til greina. Jeg verð að taka það skýrt fram, að mín tillaga í þessu efni er fet í frjálsari stefnu, því að annars mundi sú raunin á verða, eins og jeg hef áður tekið fram, að «*feitu*» brauðin njóti ein þessa rjettar, en hin fátækari, sem 1 eða enginn sækir um, og sem þó hafa sömu andlegu þarfir, sömu eðlilegu rjettarkröfu, verði optast, ef ekki einlægt, á hakanum. Trúið mjer til, hjer mun blessað *krónubandið* koma fram, þó jeg vilji eigi ámæla hinum andlegu herrum; þeir eru líka menn. En þegar þessir fáu herrar gjöra í öðru orðinu ráð fyrir, að hjer sjeu óhafandi menn í prestsstöðu, hvað segja þeir þá? Þeir bera fram ákæru gegn veitingarvaldinu, að það uni við óhafandi menn í embættum; en þetta er einmitt það, sem þeir eiga að fyrirbyggja, að *nokkurstaðar* geti átt sjer stað, að þeim presti sje veitt embætti, sem er óhafandi í embættisstöðu, og sem enginn óskar eptir að fá fyrir embættismann.

Halldór Kr. Friðriksson: Jeg verð reyndar að játa, að frumvarpið kemur eptir minni ætlun til mjög lítilla bóta. En úr því menn vilja fara að hreifa þessu, og úr því menn vilja fara að fá fullt frelsi í þessa stefnu, þá verð jeg í rauninni að játa, að frelsið eigi að vera fullkomið. Í því verð

jeg að vera á máli 2. þingmanns Norður-Múlasýslu, og þá er sjálfsagt rjettast, að fara svo langt, að söfnuðirnir hafi einnig leyfi til að segja prestunum upp með t. a. m. hálfsmánaðar fyrirvara. Enn fremur ætti söfnuðinum að vera gjört að skyldu að útvega sjer prest, ef enginn sækir. En eiginlega var það vegna annars, sem jeg stóð upp í þessu máli. Þó að jeg sje móti frumvarpinu yfir höfuð, get jeg allra-sízt skilið síðustu grein þess; jeg get ekki skilið, hvað á að þýða þessi undantekning með eina sókn á öllu landinu; það er óeðlilegt, að þessi sókn hafi ekki sömu rjettindi og allar aðrar. Jeg vona, að deildin felli þessa grein úr, án þess að jeg komi með sjerstakt breytingaratkvæði um það, því að þess þarf eigi, eigi vegna þess, að Reykvíkingum sje svo annt um þennan kosningarrjett, heldur af því, að undantekning þessi er óeðlileg í lögum.

Holgeir Clausen: «Gaf hún enn blessuð», segir máltækið. Það er til í hverju máli orð, sem þýða eða eru höfð um einhverja vissa hugmynd; þannig höfum við til að mynda orðin: höfðingi, snillingur o. s. frv. Hvers vegna eru nú þessi orð til í málinu? Af því að við höfum haft brúk fyrir þau. Eins er um orðið: «pokaprestur», sem sjálfsagt þýðir prest, sem ekki stendur í stöðu sinni, eins og prestur á að gjöra. Jeg hef «respect» fyrir góðum presti, en jeg held, að enginn eigi bágara með að sjá pokaprest í hempu upp í prjedikunarstól, en jeg. Jeg verð að segja það, þó það sje sorglegt, að verða að segja það, að prestastjettin stendur ekki hærra en kaupmannastjettin hjer á landi, og ætti hún þó að gjöra það. Það er því móti öllu frelsi, að við fáum ekki leyfi til að sækja um presta, sem geta sagt okkur, hvernig við eigum að lifa og hvernig ekki. Jeg bið þingið að minnast þess, að við eigum að borga þessum mönnum, og til hvers er að borga þeim, ef það eru menn, sem við getum ekki brúkað? Gái deildin að því, að þær kirkjur, sem standa tómar nú, mundu við hvert tækifæri verða fullar, ef menn mættu sjálfir velja menn til að prjedika yfir sjer.

Eiríkur Kúld: Jeg vildi óska þingmanni Snæfellinga þess, að hann kæmist einhvern tíma í sóknarnefnd, svo að hann gæti haft þá ánægju, að velja sjer prest. Að öðru leyti verð jeg alveg að mótmæla því, að hann geti þekkt nokkur dæmi þess, er hann nefndi, nálægt sjer eða í Snæfellsnessprófastsdæmi. Hinum háttvirta framsögumanni verð jeg að svara upp á það, sem hann sagði, að mjer befði þótt það þung byrði á prófastum, að taka móti bónarbrjefunum. Það hef jeg aldrei sagt, heldur hef jeg sagt, að prófastunum væri með nefndarálitinu lögð sú skylda á herðar, sem þeim er ómögulegt, að fullnægja, því að frá veitingarvaldinu á engin tilkynning að ganga til þeirra beinlínis eptir nefndarálitinu, heldur til sóknarnefndarinnar, og getur prófasturinn því opt sakir vegalengdar ekkert vitað um, hvað fram fer, fyr en seint og síðar meir, þegar allt er orðið um seinan, eins og jeg í morgun sannaði með dæmi, er jeg tók fram um Barðastrandarsýslu. Framsögumaður hjelt, að prófastur mundi ávallt vita af kjördeginum, því að biskup mundi tilkynna honum hanu; en hvar er talað um það í nefndarálitinu, að leita skuli til biskups og prófasts í þessu tilliti? Hvergi. Biskup er þar eigi nefndur, og prófastur að eins á einum stað. Jeg verð að taka fram, að hinn háttvirti 1. þingmaður Eyfirðinga hefur ekki leyst úr þeim spurningum, er jeg lagði fyrir hann út af nefndarálitinu. Hann sagði, að veitingarvald væri sama sem veitingarvald. Að slá út um sig og segja þannig, dugar ekki, þegar beðið er um upplýsingar eða skýring í því, hvað nefndin hafi meint. Hinn háttvirti varaforseti hefur sýnt fram á, hve óhappalega þingmanninum tókst að liða sundur veitingarvaldið eða skipta því niður milli sóknarnefndarinnar og veitanda, þegar um 1 eða 2 umsækjendur er að ræða, svo jeg skal ekki fara um það fleirum orðum,

en einungis taka það fram, að einnig þetta sýnir, að á nefndarálitinu eru stórgallar. Sami þingmaður þóttist ekki geta skýrt mjer frá skilningnum á orðinu «heimasókn» af því, að hann þekkti eigi þau prestaköll, þar sem einungis væru bændakirkjur, nema svo sem 2 í vesturamtinu. Má jeg spyrja: hvar verður þá heimasókn í Skarðsþingum, Nesþingum, Flateyjarþingum, Hítarnesþingum, Ögurþingum og víðar? Að kalla það heimasókn, þar sem presturinn býr eða hefur búið, er hæpið. Presturinn getur verið dáinn, hvar er svo heimasókn prestsins? Presturinn, sem frá brauðinu fer, getur hafa átt jörð í prestakallinu og búið á henni, en annar prestur, sem kemur, er óvíst að eigi kost á að búa á sömu jörð, heldur í annari sókn, og hver er þá heldur heimasóknin? Jeg held annars, að jafnvel sje betra, að úr því menn láta sjer eigi nægja þann rjett til kosninga þessara, sem söfnuðirnir fá eptir lögum 27. febr. 1880, að fara sem allra-lengst, og heldur aðhyllast uppástungu 2. þingmanns Norður-Múlasýslu, en nokkurn tíma að aðhyllast þetta frumvarp nefndarinnar, eins og það er úr garði gjört.

1. þingmaður Eyfirðinga sagði í dag, að landsstjórnin ætti ekki að skipta sjer af trúarlífinu eða safnaðalífinu, og virtist mjer hann vilja byggja það á stjórnarskránni, en jeg vil benda honum á stjórnarskrárinnar 45. gr., þar sem sagt er, að hið opinbera skuli styðja og styrkja hina evangelisku lútersku kirkju á Íslandi, og eitt af því, sem til þess miðar, að svo verði, virðist mjer vera það, að landsstjórnin eigi þátt í, að söfnuðirnir geti fengið sem bezta presta.

Þorlákur Guðmundsson: Mjer virðist, að deildin ætti að láta þetta vera alvarlegt áhugamál; en jeg get ekki neitað því, að mjer hefur heyrzt sumir í deildinni taka gamansamlega í það. Þetta mál snertir þó hinar helgustu tilfinningar, sem hreifa sjer í brjósti hvers óspillts manns, og málið hlýtur að hafa mjög mikil áhrif á framtíðina eptir þeim frelsishreifingum að dæma, sem farið er að brydda á hjá þjóðinni. Það hefur verið haft hjer sem mótbára móti máli þessu, að þetta frelsi mundi verða misbrúkað af söfnuðunum. Hvaða frelsi er til, sem ekki má misbrúka, eða misheppnast að brúka. Það frelsi hefur aldrei til verið og mun aldrei til verða. Það hefur áður komið fyrir þjóð og þing, að leggja fjárhag kirkjunnar í hendur safnaðanna; þar með er ábyrgðin komin á berðar safnaðanna og álaga í fjárhagslegu tilliti, og þetta er uppbaflega komið frá prestastjettinni, en hvað hafa þeir gjört til að útvega söfnuðunum meiri rjettindi, en þeir nú hafa? Prestarnir hjer í deildinni ættu nú að sameina sig og styðja að því, að söfnuðirnir fengju samsvarandi rjettindi við ábyrgðina, og yfir höfuð vinna samhuga að því, að búa málið svo vel úr garði, að það geti komizt gegnum þingið, og náð samþykki konungs, og þá sæi maður fyrst, að það væri meira en á vörunum, að þeir vildu efla sannarlegt frelsi í þjóðkirkjunni hjer á landi.

Með því að ekki tóku fleiri til máls, sagði forseti umræðunni lokið og bar undir atkvæði, hvort frumvarpið skyldi ganga til 2. umræðu; var það samþykkt í einu hljóði.

ÖNNUR UMRÆÐA Í NEÐRI DEILD,
á 18 fundi, 22. dag júlímánaðar.

Framsögumaður (Þorkell Bjarnason): Hinn hæstvirti landshöfðingi skoraði í ræðu sinni í fyrra dag á hina háttvirtu þingmenn, að íhuga vel, hvort fjelagslífi voru væri svo varið, að minni hluti mundi geta sætt sig við það, sem meiri hluti gjörði, þá er um prestakosningar væri að ræða. Jeg vona, að vjer Íslendingar sjeum svo á veg komnir, að óhætt sje fyrir hina heiðruðu deild, að aðhyllast frumvarp þetta með breytingum nefndarinnar. Það má ganga að því vísu, að sóknarnefndirnar, sem jafnaðarlega munu

skipaðar vera hinum greindustu og heiðvirðustu mönnum hvers safnaðar, muni fara gætilega í prestskosningunni, leita ráða og álits safnaðarins, og byggja val sitt á áliti safnaðarins, þegar það er á góðum rökum byggt, svo menn hafi eigi rjetta ástæðu til að vera óánægðir. Það er víst heldur ekki dæmalaust, að söfnuðir sjeu nú óánægðir með veitingu á brauðum, og það ekki einungis minni hluti safnaðarins, heldur líka á stundum meiri hlutinn. Jeg held, að eigi sje ástæða til að ímynda sjer, að óánægjan verði almennari, þótt þetta mál fái fram að ganga, heldur miklu fremur minni. Mig minnir, að einhver af hinum háttvirtu þingmönnum gengi svo langt í frelsiskröfum við 1. umræðu þessa máls, jeg ætla að það hafi verið hinn háttvirti þingmaður Reykvíkinga, að hann vildi, að söfnuðurinn mætti segja upp presti sínum með hálfsmánaðar fyrirvara. Einhver annar háttvirtur þingmaður vildi, að kosningarrjettur væri í höndum safnaðanna, þannig að veitingarvaldið væri skyldugt til að veita þeim einum, sem söfnuðurinn til tæki. En jeg vona, að hinir háttvirtu þingmenn sjái, að rjettur veitingarvaldsins er þar með alveg af numinn, og er ekki nema nafnið tómt. Það er ekki líklegt, að yfirstjórn kirkjunnar geti látið úr hendi sjer svo alveg veitingarrjettinn, meðan kirkjan stendur undir yfirráðum stjórnarinnar. Stjórnin hlýtur að vilja ráða einhverju um það, hverjir prestar verða, þar sem þeir eiga fyrir hennar hönd að gæta uppfræðslu barna bæði í skript og reikningi, og gefa ýmsar skýrslur, sem eru áríðandi fyrir hið opinbera. Það má varla búast við, að stjórnin vilji ganga að þessum kostum. Jeg ætla nú að snúa mjer að hinum einstöku greinum.

Breytingunni í 1. gr.: «sóknarnefnd» í stað: «sóknarmenn» hef jeg áður fært ástæður fyrir, en hinar breytingarnar eru að eins orðabreytingar og gjöra því ekkert til. Þá er 2. gr. Einn háttvirtur þingmaður fann það til, að 6 vikna frestur væri langt of stuttur, en frestur þessi er hinn sami sem nú. Það eru nú lög, að veita brauð 6 vikum eptir að það er auglýst, og eins og enginn hefur hingað til tekið hart á, þó lítið eitt hafi liðið fram yfir 6 vikur, áður en eitthvert brauð hefur verið veitt, eins mun enginn heldur finna að, þótt bjer eptir dragast kynni veiting stöku sinnum lítið fram yfir 6 víkna tímann. Meining sú, sem jeg legg í orðin, að «senda áleiðis», er, að eigi sje sent út í bláinn, heldur sent á leið til prófasts. Þar sem einn háttvirtur þingmaður vissi ekki, hvað meint er með heimasókn, þá held jeg viðtekið sje að kalla heimasókn, þar sem «Benificium» er, en sje nú ekki neitt Benificium, þá verður sú sókn, sem presturinn er búsettur í, að kallast heimasókn. Að biskup er ekki nefndur í breytingartillögum nefndarinnar, kemur til af því, að nefndin hefur hugsað sjer veitingarvaldið hið sama, sem að undanförnu. Ástæðan fyrir því, að í 3. gr. er ákveðið, að, ef sókn er 1 í brauði, skuli sóknarnefndin kveðja til með sjer 4 hina beztu bændur sóknarinnar til að kjósa prestinn, er sú, að nefndinni þótti þá of fáir kjósa, ef þeir væru að eins 3; ættu allir búandi menn að kjósa, eða allir þeir, sem gjalda presti og kirkju, mundi opt leiða af því mikinn drátt, eða þá þeir einir kysu, sem næstir væru kjörfundarstaðnum, sem ekki má álíta beppilegt. Að til er tekið, að kirkjubóndinn kjósi með, kemur til af því, að prestur og kirkjubóndinn hafa optast meir en aðrir saman að sælda, svo það er eðlilegt, að kirkjubóndinn megi hafa atkvæði í því, hver verður prestur hans. Þetta eru líka leifar af hinu forna valdi kirkjueigandanna; þeir gátu áður tekið sjer þann prest, sem þeir vildu, án þess að spyrja biskup að, ef maðurinn hafði lögboðna hæfilegleika til prestsskapar, og það var eigi allsjaldan, að þeir ólu upp menn til að gjöra þá að prestum sínum seinna meir, og hefur því þessi ákvörðun við gamlan og góðan rjett að styðjast. Þá kemur 4. gr. Eptir stefnu nefndarinnar mátti eigi gefa sóknarnefndum rjett til að kjósa milli 2 manna. Það er hið sama, sem að segja

veitingarvaldinu, að veita einum tilteknum manni, en með því var um of skertur rjettur veitingarvaldsins. Að 5. gr. er stýluð svo, er sökum þess, að nefndin áleit eigi sanngjarnt nje rjett, að synja umsækjanda kosningar frá söknarnefndunum, þótt svo kynni að koma fyrir, að hann yrði of seinn með umsóknarbrjef sitt til veitingarvaldsins. 6. gr. er til þess að tryggja, að eigi verði þýðingarlaus kosning söknanefndanna. Þó bera sjerlegar ástæður til þess, að 7. gr. var sett svo. Í Reykjavíkursókn eru svo margir gáfaðir og upplýstir menn, að þeir geta eigi komizt allir í söknarnefndina, og ekki einu sinni víst, að binir beztu menn sjeu jafnan kosnir í hana; þar eru svo margir jafnsnjallir. En þetta er síður upp til sveita. Nefndinni fannst því ísjárvert, að leggja söknarnefndinni hjer þessa ábyrgð á herðar, sem gæti orðið mjög þungbær. Ef söknarmenn í Reykjavík yrðu opt óánægðir með kosninguna, gæti það orð komizt á Reykjavík, að hún væri óheppin í kosningum sínum; en nefndin vildi ekki gefa tilefni til þess, að slíkur orðrómur festist við Reykjavík.

Jeg ætla nú að láta hjer staðar numið að sinni. En eptir minni meining er mál þetta mjög þýðingarmikið, og það er mín innileg ósk, að hinir háttvirtu þingmenn styrki það, og að það nái fram að ganga.

Þorlákur Guðmundsson: Eins og opt gengur við framhald 1. umræðu, eru umræðurnar orðnar ærið langar, og finnst mjer ekki þörf á að orðlengja þær stórum. Jeg skal játa, að nefndin hefur gjört sjer far um að miðla hjer sem bezt málum, og reynt til að breyta frumvarpinu til bóta. Þó kann jeg ekki við, að kosningarrjetturinn sje lagður í hendur söknarnefndanna, því með því móti hygg jeg að rjettur safnaðarins sje stórum fyrir borð borinn. Það er sannarlega hart að gengið í þeim söfnuði, þar sem eru 50—70 búendur, að svo fáir menn skuli ráða lögum og lofum um kosningu prestsins, að því leyti að hún annars fæst; því þó söknarmenn sæktu ekki allir fundinn eða fáir einir kæmu, þá væri þeim sjálfum um að kenna, ef þeir ekki nenntu eða hefðu vit á að neyta síns helga rjettar, og yrðu svo að una þeim úrslitum, er yrðu; jeg hygg því, að þessi breyting nefndarinnar sje óheppileg. 7 nátta frestur til fundarboðunarinnar er of stuttur, því opt mundi ef til vill ekki veita af 7 vikum á vetrardag; jeg vil taka til dæmis í vetur sem leið, á sumum stöðum. Mjer virðist 14 daga frestur vera það minnsta, þó skal jeg ekki vera harður á því. Viðvikjandi 7. grein, þá ætti hún alveg að falla burtu; það er undarlegt, að þessi stærsti söfnuður landsins skuli ekki fá þennan rjett, jafnt við aðra söfnuði landsins. Menn mega þó muna það, að þegar Reykjavíkurbrauðið var síðast veitt, þá var mikil hreifing hjá söfnuðinum, og þá fjekk háskólakandídat það fyrir 20 ára gömlum skólakennara, háskólaguðfræðingi. Þetta hefur nú reyndar allt farið vel; en jeg ímynda mjer, að það hafi verið eitthvað annað en heiðurstilfinning fyrir sóma Reykvíkinga, sem þessu rjeð hjá nefndinni.

Varaforseti: Jeg mun hafa sagt við 1. umræðu þessa máls, að viðunanlegar ákvarðanir um þetta mál mundu varla koma fyrir næstu aldamót. Jeg sagði einnig, að jeg væri ekki hugmyndinni mótfallinn, en jeg er samþykkur því, sem hinn háttvirti landshöfðingi sagði, að tíminn sje enn ekki kominn — eptir stundaglasi 2. þingmanns Norður-Múlasýslu — til þess að bera þetta mál upp. Jeg hef sjeð í blaði, sem jeg tek töluvert mark á hvað leggur til almennra mála, jeg meina Ísafold, að tíminn sje eigi kominn til að fara þessu fram; því er jeg samþykkur. Framsögumaður kom með þá greinilegu ástæðu, að óánægjan yrði varla meiri en áður; hún þarf sannarlega ekki að verða meiri, en sumir hafa lýst henni yfir. Jeg vil leyfa mjer að spyrja: Hvað á að á vinna? Svarið mun vera, að söfnuðirnir verði ánægðari með prestana, en

þeir hafa verið það. Ef þetta er rjettur skilningur, þá skil jeg ekki, að þetta miði til þess, því þar sem allur þorri safnaðarins er undanskilinn því, að eiga hlutdeild í kosningu prestsins, þá er þetta til að vekja óánægju hjá þeim, eins og einnig á hinn bóginn bjá þeim söfnuðum, þar sem einungis eru 1 eða 2, sem um brauðið sækja, því þeir hafa engan kosningarrjett eptir þessum lögum. Einnig er stærsta prestakall landsins, Reykjavík, undanskilið, og gat jeg ekki sjeð, að ástæður framsögumanns fyrir því væru á rökum byggðar. Hvað ávinnst þá með þessu frumvarpi? Eptir mínum skilningi *ekkert* nema það, sem við nú höfum, því landshöfðingi hefur lýst því yfir, að veitingarvaldið fari eptir meðmælum safnaðarins í flestum tilfellum, og eptir þessum lögum, þá kemur það eingöngu þeim til nota, þar sem fleiri en 3 sækja um brauðið, og þá mun það verða svo í flestum tilfellum, að sókuarnefndin vill það sama og veitingarvaldið. Það tilfelli er vart hugsandi, að veitingarvaldið mundi velja annan en einhvern af þeim þremur, sem sóknarnefndin nefnir til.

Nefndin hefur komið með þá breytingu, að láta sóknarnefndir kjósa, í staðinn fyrir sóknarmenn. Þetta er þó sannarlega ekki í frelsisanda þessara tíma, að láta 5 eða 7 menn ráða fyrir 50, 70 eða 100 mönnum. 2. gr. er óljóst orðuð; ljósara væri að nefna biskupinn, því bænarskrár um það efni munu vanalega vera sendar til hans. Jeg vil benda nefndinni á, hvort ekki mætti fara aðra leið, því þessi er óheppileg, hvort ekki mætti gjöra þá ákvörðun, að þeir prestar, sem um brauðið sækja, skrifi sóknarnefndunum og skýri þeim frá því. Þetta yrði til þess, að minnka dráttinn á veitingu brauðsins, og er það mjög áríðandi. Þriðja grein ákveður, að þar sem ein er sókn, skuli sóknarnefndin kjósa 4 heztu bændur með sjer til að kjósa prestinn. Mjer virðist önnur aðferð hentari, og hún er sú, að kosnir væru menn, eða sóknarráð, er mættu koma fram með tillögur sínar um veitingu brauðanna. Þetta væri eðlilegra og frjálslegra, því sóknarnefndir eru hvort sem er ekki skipaðar til að taka þátt í veitingunni. Í hinum síðari greinum er að minnsta kosti ekki allt, sem jeg get fallizt á, en ef til kemur, er jeg í vafa um, hvort tilvinnandi er að gefa atkvæði með frumvarpi þessu, svo að lögum verði. Það getur verið spurning um, hvort veitingarvaldið er bundið með þessum orðum í 4. gr.: «*Rjett er*».

Þórður Magnússon: Af því jeg hef áður lítið eitt talað í þessu máli, þá finn jeg mjer skylt að halda meiningu minni fram. Mjer þótti það of lítið frelsi, þegar 2 sækja um brauðið, að mega þá eigi mæla með öðrumhvorum; jeg hefði óskað, að söfnuðurinn ætti kost á að velja um annanhvorn. Náist þetta frelsi, sem hjer ræðir um, þá er það mjög svo ónýtilegt, ef það getur ekki náð til allra brauða í landinu, en til þeirra brauða eingöngu, sem margir sækja um. Það ætti að minni meiningu einnig að ná til hinna, útkjálkabrauðanna, sem fáir sækja um. Þar að auki ætti kosningarrjetturinn að ákveða einungis einn, en ekki þrjá, því það er hvorki hálft nje heilt, þegar veitingarvaldið má veita þeim af þessum þremur, sem ef til vill stendur lægst í augum safnaðarins. Þótt jeg játi, að þetta sje mikilsverð og gleðileg rjettarbót, þá finnst mjer hún ærið ófullkomin, ef það eru einungis fáir menn í landinu, sem njóta hennar, og því get jeg ekki verið nefndinni samþykkur um þetta atriði. Jeg felldi mig betur við frumvarpið; en nefndin hefur spillt málinu, að mínu áliti, og mun það vart falla alþýðu vel í geð. «Betra er ekki en illa», og eins og nefndarálitið er nú, get jeg ekki gefið atkvæði með því.

Jón Jónsson: Þingmanni Árnesinga

þótti ísjárvert að fela sóknarnefndunum kosninguna á hendur, en þess ber þó að gæta, að þær eru kosnar á hverju ári, og mætti því opt, þegar prestaskipti stæðu til, kjósa sóknarnefndina með sjerstöku tilliti til prestskosningarinnar. Jeg skildi ekki ástæður framsögumanns fyrir því, að Reykvíkingar mættu ekki kjósa prest sinn. Það er kunnugt, að Reykvíkingum hefur tekizt misjafnlega með kosningar að undanförnu, en vonandi er, að þeim takist betur með tímanum að fylgja rjettum og góðum grundvallarreglum við kosningar sínar; en með því að svipta þá kosningarrjetti, verður þeim gjört alveg ómögulegt að bæta ráð sín.

Guðmundur Einarsson: Jeg er líkrar stefnu í þessu máli og um leysing sóknarbandsins; mjer finnst lítil þörf á því að svo komnu, og það getur verið stór vafi á, hvort þjóðin er vaxin því, nú sem stendur, að fá þetta frelsi. En jeg er allt um það á því, að nauðsyn beri til að rýmka um þetta frelsi, og reyna þannig til að stilla straum tímans, sem ella getur komið ólga í, eigi að fara að stífla hann. Jeg verð því að vera með nefndarálitinu, þótt á því sjeu að minni ætlun stórgallar, en svo mun optar vera, að sínum lízt hvað. Jeg get ekki verið samdóma 2. þingmanni Ísfirðinga um, að nefndarálitið sje verra en frumvarpið, því jeg álít málið hafi tekið bótum hjá nefndinni. Þar sem 1. þingmanni Árnesinga þótti ofmikið treyst sóknarnefndunum, þá er jeg ekki á því, að það spilli. Þetta líkist tvöfaldri kosningu, sem jeg hygg betri en hinar einföldu, þótt til alþingis ætti að kjósa. Nefndin befur viljað fara meðalveginn. Þyki mönnum nauðsyn til bera að breyta nefndarálitinu, þá er enn tími til þess fyrir 3. umræðu málsins.

Jón Ólafsson: Einn heiðraður þingmaður ljet í ljósi um frumvarp þetta, að það væri ótímabær burður, og að það gæti eigi fyr en 100 árum hjer frá orðið tímabært. En jeg skal þá segja honum það, að það er ekki þetta frumvarp, sem er «anakronisme», heldur eru þeir heiðruðu herrar, sem eru því mótfallnir, ein lifandi «anakronisme» hjer fyrir augum vorum í þingsalnum. Nei! frumvarpið er tímabært, og það jafnvel í dag. Hann vitnaði í það virðulega blað Ísafold. Jú, má jeg líka vitna í það heiðraða blað? Þingmaðurinn sagði, að straumur tímans í þessa stefnu væri enn eigi orðinn svo sterkur, að ástæða væri til að láta undan honum. Jeg skal vitna til sama blaðs, til að sýna, að straumur tímans er orðinn geysisterkur. 4. júní stóð, ef jeg man rjett, grein í Ísafold, sem taldi öll hugsanleg og óhugsanleg tormerki á því, að söfnuðir fengju nokkra hlutdeild í veitingum prestakalla. Sá maður, sem er, jeg vil segja meir en grunaður, já, allt að því sannur að sök að því, að vera ritstjóri Ísafoldar, hefur mjer til mestu gleði og ánægju, það játa jeg, 36 dögum síðar komið fram með þetta frumvarp, sem fer fram á, ekki að eins að veita söfnuðum hlutdeild í veitingu kalla, nei, heldur að gefa þeim fullkomið veitingarvald. Sá straumur tímans, sem á 36 dögum snýr manni, sem er svo kunnur að því að vera jafnan sjálfum sjer samkvæmur og óbifanlegur í stefnu og skoðunum, sem hinn háttvirti þingmaður Borgfirðinga, frá austri til vesturs sem skopparakringlu eða vindhana, er vissulega sterkur. Það vona jeg allir játi. Hinum háttvirta varaforseta og hinum háttvirta 1. þingmanni Ísfirðinga þótti það merkilegt rjettleysi, að söfnuður skuli eigi fá að velja um 2, gáandi ekki að því, að þar með væri söfnuðinum veitt alveg veitingarvald. Söfnuðir í þeim brauðum, sem eigi fleiri en 3 sækja um, eru eigi ver staddir en áður, eins og þeir prálega taka fram, heldur jafnt settir. Það er eigi unnt að setja þá hærra, en í heild sinni er frumvarpið til mikilla bóta, hvert stig þess til bóta, og þeir, sem lægst eru settir, eru *jafnt*

komnir sem áður, en ekki *ver*. Að bera kvíðboga fyrir því, að söfnuðir velji illa, er engin ástæða til, og það er ósómi að ætla söfnuðum slíkt. (*Lárus Blöndal*: Sjera Sigurgeir). Það er hið núverandi veitingarvald, sem hafnar hinu góða og aðhyllist og útvelur hið illa. Að annað eins hneyksli kemur fyrir sem það, að sóknarmenn sjera Sigurgeirs sækja um að halda honum sem presti, er að kenna því, að söfnuðirnir eru demóraliseraðir, og sú demóralisation er komin ofan að, frá biskupi og hans eptirlitsleysi. Það er einmitt ávöxtur af stjórn kirkjuvaldsins, eins og hún er nú. Verra getur ástandið ekki orðið. Hitt er ósannað, að slíkt hneyksli mundi fyrir koma, ef ástandinu væri breytt í þá átt, sem vjer viljum, styðjendur þessa frumvarps. Það hafa hljómað hjer þær raddir í salnum, að frumvarpið sjálft væri betra en nefndarálitið verra. En mín skoðun er eigi svo. Það eru að sönnu stórgallar á því, en það er þó miklu betra en frumvarpið. Við megum vara okkur, að fara ekki fram á of mikið, biðja ekki um meira, en líkindi eru til, að okkur verði veitt. Hinn heiðraði sessunautur minn sagði, að það væri ekki nema hálft frelsi, en jafnvel það er miklu betra en ekkert frelsi. Það er betra, að fá þetta, en ekkert. Jeg vil að eins óska þess, að frumvarp þetta nái fram að ganga eins friðsamlega og gengið hefur, þá er búið er að breyta því, eins og þarf. Jeg skal að eins taka það fram, að fái ekki þetta fram að ganga og haldist sömu hlekkirnir og áður, þá koma fleiri en hinn títt nefndi söfnuður á Austurlandi og segja sig út úr þjóðkirkjunni. Sá söfnuður sagði sig úr þjóðkirkjunni beinlínis af óánægju yfir kirkju-*stjórninni*. Og hver, sem þann söfnuð þekkir, mun játa, að hann er fullkomlega eins vel kristinn og beztu söfnuðir landsins. (*Halldór Friðriksson*: Það má nærri geta!). Þingmaður Reykvíkiuga þarf ekki skop að gjöra að því. Reyðfirðingar hafa jafnan verið góðir við presta sína, enda líka verið svo heppnir, að hafa góða presta lengst um. Og ávöxturinn er sá, að þeir standa ekki þingmanni Reykvíkinga að baki í kristilegu lífi og trú og kirkjulegum áhuga. Jeg er ekki spámaður nje spámannlega vaxinn, en það skulu hinir háttvirtu þingmenn vita, að haldist gömlu blekkirnir, munu fleiri söfnuðir ganga í fótspor þessa safnaðar, og þynnast fylkingar þjóðkirkjunnar. (*Halldór Friðriksson*: «Það er líklegt!)». Jeg vil segja hinum háttvirta þingmanni Reykvíkinga það, að hann hefur ekkert erindi að vera að vappa og tvístíga og aka sjer hjer fyrir framan sæti mitt og grípa fram í ræðu mína. Honum er sæmra, að hipja sig burt og sitja kyrrum í sæti sínu. Í setinu á hann bezt heima!

Eiríkur Kúld: Jeg skal játa það og lýsa því yfir, að hótanir hins háttvirta 2. þingmanns Suður-Múlasýslu, sem tvisvar er búinn að skýra þingdeildinni frá, að hann sje ekki spámannlega vaxinn, og sjálfsagt ekki heldur er það, hræða mig ekki, og munu ekki ráða mínu atkvæði. Hinn hæstvirti landshöfðingi tók fram ýmislegt viðvíkjandi þessu máli, og gæti jeg skrifað undir flest af því, sem hann sagði. Jeg ætla mjer eigi að fara að mæla móti stefnu máls þessa, en mjer finnst það ekki eins nauðsynlegt nú, ef leysing á sóknarbandi nær fram að ganga, því að þar með er fenginn nokkurs konar prestakosningarrjettur fyrir hvert einstakt sóknarbarn. En fyrst nú á annað borð er farið að leysa, vil jeg leysa til fulls. Jeg vil taka undir með hinum háttvirta 1. þingmanni Árnesinga, að frumvarpið sje betra, en nefndarálitið; frumvarpið fer of stutt, nefndarálitið lengra, en má ske ekki nógu langt. Jeg segi eins og Danskurinn: «Skal det være Gilde, saa lad det være Gilde». Skýring hins háttvirta framsögumanns á heimasókn

finnst mjer ekki fullnægjandi. Setjum svo, að prestur sitji í annexíusókninni. Er bún þá heimasókn? Er það þá heimasóknin, sem hann situr í, eða ekki?

Jeg skal svo leyfa mjer að benda á nokkur atriði í hinum einstöku greinum. Í 3. gr. er kirkjubóndanum gefinn jafn rjettur til að kjósa með. Ef nú kirkjubóndinn er hinn óhæfasti maður, hvers vegna á þá að veita honum þennan rjett, fremur en öðrum? Jeg verð enn sem fyr að álíta 6 vikna frestinn ónógan, þótt hinum háttvirta framsögumanni þyki hann nógur. Setjum svo, að brauð losni um miðjan vetur austur á landi, og nú skyldi vera annar eins vetur og síðastliðinn. Nú skal sækjandi senda sóknarbrjef sitt, en hvert? og hverjum? Biskup er ekki nefndur, segi jeg enn. Jæja, hann sendir það má ske til landshöfðingja, og landshöfðinginn aptur eptir þessar 6 vikur brjef til sóknarnefnda, og svo á hún innan 7 nátta að eiga kjörfund. Jeg vil taka undir með hinum háttvirta þingmanni Árnesinga og segja, að kann ske þurfi 4 sinnum 7 nætur, að minnsta kosti hefði ekki veitt af 4 sinnum 7 nóttum sumstaðar á Vesturlandi á umliðnum vetri. 7. gr. frumvarpsins er óhafandi, því að með henni er misboðið rjetti hinnar fjölmennustu og menntuðustu sóknar á landinu. Það er líka fátækleg ástæða hjá hinum háttvirta framsögumanni, að hjer muni óhappalegar takast að velja sóknarnefnd, en annarsstaðar á landinu. Það er undarleg tilgáta, að ætla menn muni í því efni vera hjer meira skyni skroppnir en aðrir. Þess ber líka að gæta, að sóknarnefndir eru kosnar árlega, svo að þótt einu sinni kunni að takast misjafnlega, stendur ekki sama sóknarnefndin um aldur og æfi. Svo er nú orðfæri nefndarálits þessa, sem sannarlega þarf umbóta við; jeg skal leyfa mjer að benda á fáein orð. Í 3. gr. ætti að nema burtu punktinn milli orðanna: «tæka tíð. Ef sókn», en setja «og» í milli í staðinn. Í 3. gr. vantar «sem» milli orðanna: «tilkveða hvort» og «sókn er ein». Í 5. gr. í staðinn fyrir: «En hver sá er umsækjandi rjettur», er betra að setja: «En sá er umsækjandi rjettur». Það fer betur, að hafa lög á almennilegu máli, en hafa ekki þennan Grágásarstýl og moldviðri, sem ekki sjest út úr; það á ekki við að hafa lagamál svo forn, að almenningur ekki skilji. Ef jeg á að geta aðhyllzt nefndarálit þetta, þarf það mikilla breytinga við, og sem sagt, tel jeg frumvarpið sjálft betra, en aðalefninu er jeg hlynntur.

Arnljótur Ólafsson: Jeg ætla fyrst að geta þess, að ein aðalbugmynd vakti fyrir nefndinni, og það var sú, að það væri sitt hvað að *vilja* og að *geta*. Nefndin vildi nú þræða meðalveginn, til þess á annan bóginn að fá nokkurt frelsi og hins vegar að geta gjört sjer nokkra vissa von um, að fá staðfestingu konungs. Þar sem í 4. gr. er ákveðið, að sóknarnefndin megi til nefna 3, og veitingarvaldið veita einhverjum af þessum 3 brauðið, þá skal jeg geta þess, að líkt kom fram á prestaþingi í Danmörku hjerna um árið, að þar var stungið upp á, að söfnuðurinn mætti til nefna 3, þegar rætt var um að veita söfnuðunum hlutdeild í kosningu presta sinna. Þessi grein frumvarpsins er sniðin eptir því, og vildi nefndin ekki fara lengra, til þess að geta gjört sjer vissa von um, að frumvarpið fengi staðfestingu konungs. Hinn háttvirti 2. þingmaður Ísfirðinga vildi fara svo langt, að söfnuðirnir mættu kjósa 1 af 2, en það væri sama, sem að taka alveg ráðin af veitingarvaldinu. Hann bjóst við, að það mundu verða mörg brauð, sem ekki sæktu um nema 1 eða 2; jeg ímynda mjer, að þau verði sárfá, og þó þau sjeu eigi fá eptir ástandi því, er verið hefur, þá verða þau að geta orðið framvegis miklu færri. Eptir 5. gr. frumvarpsins geta nú fleiri orðið umsækjendur en áður, svo kjósendur verða sjaldnar bundnir við tvo, og ef söfnuðinum er verulegt áhugamál að fá einn

fyrir prest, þá getur hann fengið einhvern þann þriðja til að sækja, svo kosning komist á. Með sjerhverju frelsi fylgir sú skylda, að nota það sem bezt og haganlegast, og svo er hjer. Jeg segi fyrir mig, jeg vil veita þannig frelsið, að mönnum jafnframt innrætist sú skylda, að nota það sem bezt. Fyrir því má frelsið og rjetturinn eigi vera alveg fyrirhafnarlaus. Hvað því viðvíkur, að sóknarnefndin skuli kjósa en eigi söfnuðurinn, þá er það að vísu satt, að þar koma fram tvöfaldar kosningar, en með því hygg jeg engu spillt. Jeg vil biðja hina háttvirtu þingmenn að lesa athugasemdir Páls amtmanns Melsteðs, þar sem teknar eru fram ástæður fyrir tvöföldum kosningum, og satt að segja, er jeg sannfærður um, að þær eiga mjög vel við hjá oss í svo strjálbyggðu landi. Jeg verð og að biðja menn að minnast þess, að tvöfaldar kosningar eru við hafðar í frjálsu landi, þar sem er forsetakosningin í Bandaríkjunum í Vesturheimi. Jeg verð og að biðja menn að gá að því, að það er ekki sóknarnefndin ein sem kýs, heldur og 4 beztu menn sóknarinnar, ef sókn er ein, og svo kirkjubændur optsinnis. Verða þá aldrei færri en 7 kjósendur, stundum 9, og ef til vill 11, og kemur þá eins konar sóknarráð, eins og hinn háttvirti varaforseti benti til. Aðrar ástæður en þær, sem jeg nú hef svarað, hafa ekki komið fram á móti nefndarálitinu, því í hinni snjöllu ræðu hins háttvirta þingmanns Barðstrendinga fann jeg ekki neina ástæðu á móti því, sem á röknm væri byggð. Viðvíkjandi kosningarrjetti kirkjubóndans, þá skal jeg geta þess, að hann stendur miklu nær í því efni en aðrir, og á meira saman við prestinn að sælda en aðrir; til hans kemur presturinn í hvert sinn, er hann messar við þá kirkju, og undir honum er mest komið siðlegt framferði á kirkjustaðnum.

Þar sem þingmaðurinn sagði, að hann vildi heldur heilt en hálft, þá skal jeg ekkert rengja hann í því efni, að minnsta hefur hann ætíð, þegar um há laun hefur verið að ræða, heldur viljað hið heila en hið hálfa; allir vita, hversu mikill framfaramaður hann er; við hinir erum ekki eins stórstígir, enda ímynda jeg mjer, að framförin fremur gangi en stökkvi, orðið er á latínu *progressus*, þ. e. framganga, sem smátt og smátt þokast áfram. Jeg álít, að betra sje að hafa minni rjettindi, sem menn kunna með að fara, en að hafa þau meiri og kunna ekki að færa þau sjer rjettilega í nyt.

Halldór Kr. Friðriksson: Mál þetta er orðið svo margrætt, að jeg sje ekki nauðsynlegt að bæta miklu við umræðurnar. Jeg verð þó að geta þess, að jeg er hræddur um, að málið sje enn svo illa úr garði gjört, að það sæti mikilli mótspyrnu. Jeg skal reyndar ekki sporna á móti málinu, en jeg skora á nefndina, að taka málið aptur til nákvæmari yfirvegunar, áður en það fer til 3. umræðu. Jeg veit ekki, hvað þessar takmarkanir eiga að þýða, sem nefndarálitið fer fram á. Jafnvel þó að eins 1 sækti, gæti verið spurning um, hvort sóknin ætti að vera skyldug til að taka móti honum; það gæti verið, að hún vildi heldur fá sjer annan, og það ætti hún að geta og hafa leyfi til. Sá 7 daga frestur, sem til er tekinn, er auðsjáanlega allt of stuttur. Þegar sóknarskjölin koma, mun prófastur eiga að veita þeim móttöku, þótt það standi nú reyndar hvergi tekið fram, og prófasturinn á svo að afhenda þau oddvita sóknarnefndarinnar; þetta tekur tíma svo langan, að það er eigi auðið innan 7 daga að hafa haldið fundi t. a. m. í tveim sóknum. Það er yfir höfuð ekki til neins, að ákveða ákveðinn tíma, nema oddvitinn sje beinlínis skyldur að senda þegar með skjölin, en hver á að borga þann kostnað? En sje ekki sent með þau, er eigi auðið, að reikna út, hvað lengi það kann að dragast, að þau komi á sinn stað. Ýmsar greinir og orð í nefndarálitinu þarf betur að hugsa um, og breyta. Orðið heimasókn er ekki ljóst; þegar presturinn er dauður, getur maður t. a. m. ekki talað um hans heimili, eða mið-

að heimasóknina við hans heimili, t. a. m. í þingabrauðum. Jeg skal að eins svara stuttu því, sem Reykvikingum hefur verið borið á brýn, að þeir hafi verið óheppnir i kosningum sínum, hvort heldur í bæjarstjórn eða annað; en jeg verð að segja, að það er óþarft og á ekki við, að 2. þingmaður Skagfirðinga beri þetta fram hjer í salnum. Það er ef til vill mest ástæða til að kvarta undan þeirri kosningu hjer, sem honum þykir bezt hafa heppnazt, og það er kosning hans sjálfs. Einnig skal jeg svara 2. þingmanni Suður-Múlasýslu litlu; hann hefur borið það fram hjer í salnum, að hann og aðrir hans sveitungar hafi sagt sig út úr þjóðkirkjunni, og ekki borið aðra ástæðu fyrir, en að einhver af heiðvirðustu prestum landsins hafi gjörzt sóknarprestur þeirra. Það getur verið full ástæða til að vanda vel þau lög, sem leggja annað eins frelsi og þetta í hendur á slíkum mönnum.

Grímur Thomsen: Það er sjer í lagi eitt atriði, sem jeg vil skýra, af því framsögumaður tók það ekki fram, nl. hvað til þess kom, að Reykjavíkurbrauðið var undanskilið. Sú stefna ríkti hjá nefndinni, að halda þeim sögulega þræði frá 16. öld. Biskuparnir í Skálholti og á Hólum höfðu rjett til að kveðja prest sinn, kirkjuprestinn á biskupssetrinu. Þessu vildi nefndin fylgja fram, svo veitingarvaldið gæti haft áhrif á, hver skipaður yrði í Reykjavíkurbrauðið. Þar við bætist, að söfnuðurinn er svo fjölmennur, að það ætti ekki vel við, að kosning prestsins væri á valdi 9 manna. Tveir þingmenn hafa vikið orðum að mjer í þá átt, að jeg hafi áður verið á annari skoðun en nú um þetta mál. Getur verið, en jeg er ekki skyldari en aðrir af þingmönnum að halda skoðun minni óbreyttri. Jeg skal og geta þess, að jeg fjekk áskorun frá Borgfirðingum um að bera þetta fram á þingi, og með því einnig hafa komið óskir um það frá öðrum stöðum, áleit jeg mjer skylt, sem þjóðkjörnum þingmanni, að bera málið fram, og vildi jeg láta þingið skera úr. Í lögunum um stjórn safnaðarmála o. s. frv. gjörir 7. gr. ráð fyrir þessu, og verður því annaðhvort að taka þá grein burtu eða veita söfnuðinum þennan rjett. Þremur þingmönnum hefur þótt frumvarpið betra en nefndarálitið. Einn þeirra, 2. þingmaður Ísfirðinga, mun hafa sagt það í hjartans einfeldni; en hinir tveir, þingmaður Barðstrendinga og hinn háttvirti varaforseti, — jeg vil ekki gjöra þeim getsakir — er jeg hræddur um, meintu það ef til vill ekki beinlínis. Skyldi það ekki hafa legið svo i þeim, að frumvarpið í sínu upphaflega formi mundi aldrei ná staðfestingu konungs, en að það nú eptir nefndarálitinu gæti náð henni? Nefndin vildi forðast stökk, eins og þingmaður Eyfirðinga komst að orði, og því fór hún þennan meðalveg.

Þá höfðu 8 menn beðið umræðunum hætt, og var það samþykkt. *Jón Ólafsson* beiddist að bera sig undan *áburði* og leyfði forseti það.

Jón Ólafsson: Þingmaður Reykvíkinga bar mjer það á brýn, að við hefðum sagt okkur út úr þjóðkirkjunni, eptir að við hefðum fengið heiðvirðan prest. En það er ekki nóg, þó við höfum fengið þann prest, úr því hann er ekki fær um að þjóna kallinu. Jeg skildi ekki fyrst, við hvað hinn háttvirti 2. þingmaður Skagfirðinga átti, er hann talaði um, að Reykvíkingar væru óheppnir í kosningum. En þegar jeg hafði heyrt þingmann Reykvíkinga tala, þá skildi jeg, hvað þingmaður Skagfirðinga meinti, og jeg kannast við, að þingmaður Skagfirðinga hefur rjett að mæla.

Varaforseti: Jeg verð einnig að fá leyfi til að segja fáein orð, einungis til að frábiðja mjer, að þingmaður Borgfirðinga beri það fram hjer í salnum, að jeg meini allt annað en jeg tala. Það, sem jeg hef sagt, er skiljanlegt, eins og orðin liggja, og hefur þingmaðurinn ekkert leyfi til að lesa annað út úr þeim. Hann gjörir nóg, ef hann heyrir og skilur það, sem talað er, þó hann viti ekki, hvað menn hugsa og meina.

Síðan fór atkvæðagreiðsla fram, og var

1. breytingaruppástunga nefndarinnar við 1. gr. frumvarpsins felld með 12 atkvæðum gegn 9.
2. breytingaruppástunga nefndarinnar við sömu grein samþykkt með 13 atkvæðum.
3. og 4. breytingaruppástunga nefndarinnar við sömu grein samþykktar án atkvæða sem orðabreyting.
1. gr. frumvarpsins með áorðnum breytingum var samþykkt í einu hljóði.
2. gr. nefndarinnar samþykkt með 15 atkvæðum gegn 2.
3. gr. nefndarinnar samþykkt með 15 atkvæðum gegn 1.
4. gr. nefndarinnar samþykkt með 15 atkvæðum gegn 1.
5. gr. nefndarinnar samþykkt með 18 atkvæðum.
6. gr. nefndarinnar samþykkt með 16 atkvæðum.
7. gr. nefndarinnar felld með 16 atkvæðum gegn 2.

Að frumvarpið með áorðnum breytingum gengi til 3. umræðu, var samþykkt með 22 atkvæðum.

ÞRIÐJA UMRÆÐA Í NEÐRI DEILD,
á 25. fundi, 28. dag júlímán.

Frumvarpið, eins og það var samþykkt við 2. umræðu, og eins og því síðan var breytt af nefndinni, sjá I, 235—236.

Framsögumaður (*Þorkell Bjarnason*): Það er tvennt, sem fundið hefur verið að breytingum nefudarinnar á hinu upphaflega frumvarpi. Fyrst það, að kosningarrjetturinn væri lagður í hendur sóknarnefndanna, en eigi allra búandi manna í sóknunum. En móti þessu var það jafnframt tekið fram, að kosningarrjetturinn mundi opt verða *illusóriskur*, eða meiri í orði en á borði, því vegalengd og torfærur á vetrardag gætu hamlað mönnum frá, að sækja fundinn nógu almennt, svo þeir, sem næstir væru fundarstaðnum, kæmu til að kjósa prestinn ef til vill einir. En með því nefndin sá, að þingdeildin vildi ekki láta sóknarnefndirnar hafa kosningarrjettinn, þá hefur hún bætt við nýrri grein, sem kveður á um, hvernig sóknarmenn skuli framkvæma kjörrjett sinn. Auk sóknarnefndarinnar skal nú kjósa 4 menn í júnímánuði ár hvert í hverri sókn, sem ásamt sóknarnefndinni eiga að kjósa prestinn. Þannig verður stöðug kjörnefnd, sem þá má skipta um árlega, ef menn vilja. Sóknarnefndin mun nú einnig jafnan kosin, ef frumvarp þetta verður að lögum, með tilliti til þess, að henni ber að kjósa prestinn. Hitt, sem fundið var að gjörðum nefndarinnar, var það, að sóknarmenn mundu ekki ávallt geta notað kosningarrjett sinn, og er það satt, þegar færri en þrír sækja. En með því engin tillaga er enn komin fram um það, hvernig á að fara að, ef einungis 1 eða 2 sækja um brauðið, svo að bæði söfnuðurinn geti neytt rjettar síns til að kjósa, og veitingarvaldið þó haft veruleg áhrif á skipun embættanna, þegar svo á stendur, þá gat nefndin ekki tekið tillit til þessa, eða breytt sinni stefnu í því efni. Vonandi er, að það komi nú sjaldnar fyrir framvegis en hingað til, að svo fáir sæki. Þeir, sem sækja lærða skólann, fjölga árlega, og eins þeir, sem ganga á prestaskólann. Jeg vona deildin samþykki frumvarpið, og skal svo ekki fara um það fleirum orðum.

Þórður Magnússon: Af því jeg heyrði seinna, að það mundi verða frumvarpinu til farartálma að fara lengra í frelsinu, en það til tekur, þá fjell jeg frá breytingaratkvæði mínu, og gef atkvæði mitt með frumvarpinu, eins og það liggur fyrir.

Jón Jónsson kvaðst vilja bera fram þá spurningu, hvort það væri formlegt fyrir nefndina, að koma með breytingar innan um sjálft frumvarpið og kvaðst ætla það væri ekki rjett.

Forseti: Þingmaður Skagfirðinga mun hafa rjett að mæla; það er enginn vafi á því, að það er engum heimilt og ekki nefndinni heldur, að koma með breytingar til 3. umræðu á annan hátt, en í sjerstöku breytingaratkvæðis formi. En með því framsögumaður

er ungur þingmaður og óvanur þingstörfum, virðist mjer mega stíga fram yfir þennan formgalla í þetta skipti, og skal jeg, ef enginn er á móti því, leyfa mjer að bera þessa nýju grein sjerstaklega undir atkvæði, og frumvarpið síðan á eptir.

Halldór Kr. Friðriksson: Jeg verð að mótmæla þessari aðferð forseta, því jeg álít hana gagnstæða þingsköpunum.

Forseti: Þar eð þingmaður Reykvíkinga hreifir mótmælum gegn því, að greidd sjeu atkvæði um greinina, þá verð jeg að vísa málinu til nefndarinnar aptur, og skora á hana, að koma síðan með málið í löglegu formi.

Tók síðan nefndin við málinu aptur.

FRAMHALD ÞRIÐJU UMRÆÐU Í NEÐRI DEILD,

á 28. fundi, 30. dag júlímánaðar.

Frumvarpið, eins og það var samþykkt við 2. umræðu, sjá I, 280—281.

Breytingar- og viðaukatillögur nefndarinnar við frumvarp til laga um kosningu presta,
eins og það var samþykkt við 2. umræðu í neðri deild.

1. Við 1. gr. Fyrir aptan: «sóknarmönnum», komi: «þeim, er gjalda til prests og kirkju».
2. Eptir 1. gr. komi ný grein, sem þá verður 2. gr. og orðist þannig:
«Sóknarmenn framkvæma kjörrjett sinn á þann hátt, að þeir kjósa á júnífundi ár hvert 4 kjörmenn auk sóknarnefndar, og skal kirkjubóndi, ef hann er til, vanalega vera einn af þeim. Þessir 7 menn eru kjörnefnd í hverri sókn, og kjósa þeir prest fyrir hönd sóknarmanna».
3. Við 2. gr., sem verður 3. gr. Í staðinn fyrir: «sóknarnefndar», komi: «kjörnefndar».
4. Við 3. gr., sem verður 4. gr. Í staðinn fyrir: «sóknarnefnd» á einum stað og «sóknarnefndir» á tveim stöðum, komi: «kjörnefnd» og «kjörnefndir».
5. Seinni liður 3. greinar (sem verður 4. gr.) frá: «Ef sókn er ein — — sem aðrir nefndarmenn» falli burt.
4. grein verður 5. grein.
6. Við 5. gr., sem verður 6. gr. Í staðinn fyrir: «lögboðinn», komi: «lögboðna», og fyrir: «sóknarnefndir», komi: «kjörnefndir».
7. Við 6. gr., sem verður 7. gr. Í staðinn fyrir: «(sbr. 4. gr.)», komi: «(sbr. 5. gr.)».

Framsögumaður (*Þorkell Bjarnason*): Jeg vona, að breytingar- og viðaukatillögur þær, sem fram hafa komið frá nefndinni við frumvarp þetta, sjeu nú í því formi, sem vera ber. Jeg tók síðast fram ástæðurnar fyrir þeim, og skal nú að eins bæta því við, að nefndin hefur bætt inn í 1. gr. þessum orðum: «þeim sem gjalda til prests og kirkju», til skýringar og skilningsauka.

Grimur Thomsen: Þessa viðaukatillögu nefndarinnar sje jeg nú fyrst, og jeg, sem þó var einn í nefndinni, mótmæli því þess vegna, að þetta sje viðaukatillaga nefndarinnar. Auk þess er viðaukinn ekki heppilegur, og ósanngjarnt, að svo megi eigi hinn fátæki sem hinn ríki taka þátt í prestskosningunni, og kosningarrjettinn eiga jafnt allir að hafa, hvort sem þeir gjalda til prests og kirkju eða ekki. Hjer er komið fram peningabandið, sem hinn háttvirti þingmaður Eyfirðinga hefur talað um, en ekki sálarbandið. Jeg lýsi því yfir, að þetta er ekki verk nefndarinnar, og verð jeg því að greiða atkvæði mitt á móti því.

Framsögumaður: Jeg játa það, að hinn háttvirti þingmaður Borgfirðinga var eigi við staddur, þá er við hinir nefndarmennirnir bættum þessu við í 1. gr. En skilningur hans er ekki rjettur á þessum orðum, því að á kjörfundi þeim, sem getið er um í 2. gr. og haldast á í júnímánuði, geta eigi aðrir en þeir, sem gjalda til prests

og kirkju, framkvæmt kjörrjett sinn. Fyrir því höfum við hinir nefndarmenn skoðað þetta sem tóma orðabreyting, sem gjörði ekkert til meiningunni, en væri að eins til skilningsauka. Hinn háttvirti þingmaður Borgfirðinga má eigi taka það svo, sem við höfum viljað ganga fram hjá honum.

Grímur Thomsen: Hinn háttvirti framsögumaður hefur rjett að mæla, að á júnífundinum geta eigi aðrir kosið, en þeir, sem gjalda til prests og kirkju, en þann má kjósa á júnífundi til kjörmanns, sem eigi geldur til prests og kirkju, þótt hann á fundinum hafi eigi kosningarrjett sjálfur. Þessi viðbót er ekki frá nefndinni.

Framsögumaður: Hún er þá frá meiri hluta nefndarinnar.

Forseti kvað mega álíta hana frá nefndinni, ef hún væri frá meiri hluta nefndarinnar.

Benidikt Sveinsson: Jeg hef áður sagt, að jeg er mjög meðmæltur tillögum um það, að söfnuðirnir fái meiri rjett, en nú á sjer stað, til þess að hafa áhrif á það, hver sje sálusorgari þeirra. En jeg hef ekki sagt, að jeg sje meðmæltur hverri helzt tillögu um þetta efni, hvernig sem hún er lögð, og hversu ónóg sem hún er til að fullnægja tilgangi sínum. Í 5. gr. þessa frumvarps stendur t. a. m.: »Nú eru umsækjendur 3, og er kjörfundarmönnum rjett 2 til að kjósa, en sjeu umsækjendur fleiri, skulu jafnan 3 til kosnir«. Jeg set nú, að 2 ágætir prestar sæki og 2 óhafandi prestar, — eptir orðum, sem fallið hafa hjer í salnum um presta, eru líklega sumir þeirra óhafandi — á þá að kjósa líka annan af þessum óhafandi prestum? Sóknarnefnd *má*, nei, hún *skal*, þannig til kjósa annan af þessum óhafandi prestum, en engan til kjósa, ef að eins 2 sækja um brauðið, og þá því síður, ef að eins einn prestur sækir. Það er vonandi, að hin heiðraða efri deild lagi þessa og aðra eins galla á frumvarpinu, sem eru mýmargir; en það er leitt að senda frá sjer frumvörp í því ástandi, að menn þurfi að óska, að efri deildin lagfæri þau, svo þau sjeu viðunandi, en þó fara nú þau því miður að tíðkast breiðu spjótin!

Framsögumaður: Jeg get ekki gjört ráð fyrir alveg óhafandi prestum. Ef 3 eru umsækjendur, má sóknarnefnd 2 til nefna, en veitingarvaldið veitir þeim, sem það álítur færastan, og það er ótrúlegt, að af þeim prestum fáist ekki einn brúkanlegur. Ef fleiri sækja en 3, má sóknarnefnd 3 til kjósa, og er það takmark ekki of þröngt. En eptir stefnu nefndarinnar var eigi unnt, að veita sóknarnefnd kosningarrjett, ef færri sæktu en 2, án þess að skerða rjett veitingarvaldsins. Nefndin hefur ekki sjeð neina mögulegleika til að haga þessu öðruvísi, enda hafa engar uppástungur komið um það, en hefði einhver getað bætt úr þessu, veit jeg, að nefndin mundi hafa tekið því þakklátlega.

Varaforseti: Jeg ætla að leyfa mjer að spyrja hinn háttvirta framsögumann að einni spurningu. Það er tekið til í 2. gr. frumvarpsins, að veitingarvaldið skuli senda skýrslu yfir umsækjendur til sóknarnefndar. Er ekki þetta almenn skylda? En hvaða þýðingu hefur þetta, ef að eins sækir 1 eða 2? Það er alveg þýðingarlaust, og verður eigi til annars, en að vekja óánægju, og tefja fyrir brauðveitingunni. Jeg vil nefna til Stað í Aðalvík eða Þönglabakka; um þau brauð sækja varla nema 2 prestar. Nú þegar 6 vikur eru liðnar, sendir veitingarvaldið skrána til sóknarnefndarinnar, og þar sem að eins sækir 1 eða 2, verður þetta að eins til þess, að vekja gremju hjá sóknarmönnum, er þeir slá upp í lögunum, og sjá, að þeir ekki hafa neitt að segja um veitinguna, en sjá að hinu leytinu, að aðrir söfnuðir, þar sem sækjendur eru fleiri, hafa fullan rjett til að láta í ljósi, hverja þeir kjósi.

Eirikur Kúld: Jeg verð að biðja hinn háttvirta framsögumann að upplýsa mig um eitt í frumvarpi þessu, sem jeg get ekki skilið í 1. gr., borinni saman við 5. gr. 1. gr. leyfir öllum sóknum að kjósa sjer prest, en 5. gr. bannar söfnuðinum

það, ef færri sækja en 3. Hinn háttvirti 2. þingmaður Norður-Múlasýslu huggaði sig við það, að hin heiðraða efri deild mundi leiðrjetta gallana á frumvarpi þessu, en jeg er ekki ánægður með það. Jeg vildi ekki, að neitt frumvarp væri svo illa úr garði gjört úr þessari deild, að hin heiðraða efri deild þyfti að laga það.

Framsögumaður: Jeg skal leyfa mjer að svara hinum háttvirta varaforseta því, að 2. gr. er ekki þýðingarlaus, því að samkvæmt 7. gr. safnaðarlaganna 1880 er sóknarnefndum heimilt að segja álit sitt um sækjendur, en þær geta það því að eins, að þær viti, hverjir þeir eru sem sækja. Þótt söfnuðurinn samkvæmt 4. gr. geti ekki kosið, ef færri sækja en 3, gefst þeim þó kostur á að segja álit sitt um sækjendur, ef skrá um sækjendurna er send þeim. Jeg skal geta þess, að jeg skildi ekki spurningu hins háttvirta þingmanns Barðstrendinga, og heyrði ekki, hvað hann sagði. Hann verður að fyrirgefa, þótt jeg heyri ekki eins vel og hann. Um daginn heyrði hann mig nefnilega tala þau orð, sem mjer aldrei duttu í hug, auk heldur að jeg talaði þau.

Varaforseti: Eptir þessari skýringu hins háttvirta framsögumanns svipta þessi orð greinar frumvarpsins: «Sæki færri en 3 um brauðið, skal kjörfundur engan tilnefna», svipta, segi jeg, þessi orð söfnuðinn þeim rjetti, sem hann hefur eptir gildandi lögum, því eptir þeim lögum, sem nú gilda, hafa þó allir söfnuðir rjett til að láta í ljósi vilja sinn, þó þeir hafi ekki heimtingu á, að hann sje tekinn til greinar, ef veitingarvaldinu sýnist annað.

Með því að ekki tóku fleiri til máls, ljet forseti ganga til atkvæða og var:

1. Viðaukatillaga nefndarinnar við 1. gr. samþykkt með 13 atkvæðum.
2. Ný grein nefndarinnar, sem 2. gr., samþykkt með 17 atkvæðum.
3. Breytingartillögur nefndarinnar við 2. og 3. gr. samþykktar án atkvæða.
4. Að seinni liðar 3. greinar falli burt, samþykkt með 14 atkvæðum.
5. Hinar aðrar breytingaruppástungur nefndarinnar voru samþykktar án atkvæðagreiðslu sem sjálfsagðar.
6. Um frumvarpið í heild sinni var við haft nafnakall, og sögðu

Já:
Eiríkur Briem,
Magnús Andrjesson,
Benidikt Sveinsson,
Egill Egilsson,
Friðrik Stefánsson,
Grímur Thomsen,
Guðmundur Einarsson,
Jón Jónsson,
Jón Ólafsson,
Lárus Blöndal,
Ólafur Pálsson,
Tryggvi Gunnarsson,
Þórður Magnússon,
Þorkell Bjarnason,
Þorlákur Guðmundsson,
Þorsteinn Jónsson,
Þorsteinn Thorsteinson,
Þorvarður Kjerulf.

Nei:
Eiríkur Kúld,
Halldór Friðriksson,
Þórarinn Böðvarsson,

og var frumvarpið þannig samþykkt með 18 atkvæðum gegn 3.

Kvað forseti frumvarpið nú verða sent forseta efri deildar með tilmælum um, að leggja það fyrir deildina.

FYRSTA UMRÆÐA Í EFRI DEILD,
á 24. fundi, 2. dag ágústmánaðar.

Frumvarpið, eins og það var samþykkt við 3. umræðu í neðri deild, sjá I, 281—282.

Pjetur Pjetursson: Það var ekki ætlun mín að taka til máls að þessu sinni, en úr því enginn ætlar að ræða, þá skal jeg leyfa mjer, að fara fáeinum orðum um frum-

varpið. Frumvarp þetta stefnir að því, að veita söfnuðunum meiri hlutdeild í kosningu presta sinna, en verið hefur. Jeg skal játa, að þetta er í sjálfu sjer rjett, en innan sinna takmarka. En þess verður að mínu áliti vandlega að gæta, þegar um það er að ræða, að veita söfnuðunum meiri rjettindi, að þá öðlist allir söfnuðir jafnrjetti. En það er langt frá því, að þessu sje að fagna í frumvarpi þessu, sem komið er frá hinni háttvirtu neðri deild. Það er auðsjeð, að eptir þessu frumvarpi koma hin smáu brauð eða útkjálkabrauðin ekki til að njóta jafnrjettis með hinum betra eða ríkari brauðum. Hin smáu brauð verða því hjer fyrir órjetti, því um þau sækja sjaldan prír, og því síður fleiri. Jeg ætla mjer ekki á þessu stigi málsins að fara út í hinar einstöku greinar frumvarpsins, sem mjer þó þykir víða mjög óheppilega orðað. Mjer kom fyrst til hugar, hvort þetta frumvarp mundi ekki vera á móti stjórnarskránni og þingsköpunum. En af því að konungur, sem veitir ýms brauð, hefur haldið þessu valdi sínu að nokkru leyti óskertu, þá er kannske rjett, að leyfa því að ganga í gegnum þingið. Í 4. gr. stjórnarskrárinnar stendur svo: «Konungur veitir öll þess konar embætti, sem hann hefur veitt hingað til. Breytingu má á þessu gjöra með lagaboði». Og í 20. gr. þingskapanna er kveðið svo að orði: «Lagafrumvörp, sem hafa inni að halda breytingu á stjórnarskránni eða viðbót við hana, skulu í fyrirsögninni vera nefnd sem frumvörp til stjórnarskipunarlaga; sjeu þau eigi nefnd svo, vísar forseti þeim frá». En jeg held því þó ekki svo fastlega fram, að frumvarp þetta stríði gegn fyrirmælum þessara greina, því það getur, ef til vill, til sanns vegar færzt. En hins vegar er það víst, að vald það, sem konungur hefur haft til að veita prestaköll, takmarkast með þessu frumvarpi.

Ásgeir Einarsson: Þegar frumvarp þetta kom fyrir þingið, og enda áður, þegar jeg sá hjer frumvarpið um skipun sóknarnefnda og hjeraðsfunda, duttu mjer í hug orð Grettis gamla: «Spár mínar eiga eigi langan aldur». Á þinginu 1879 var efri deildin að skafa utan af því litla frelsi, sem fólgið er í 7. gr. laganna um stjórn safnaðarmála og skipun hjeraðsfunda og sóknarnefnda, og þá tók jeg það fram hjer í deildinni, að það væri einmitt almennur vilji þjóðarinnar, að fá meiri þátt í kosningu presta sinna, enda er nú þetta komið fram. Þá tók jeg það líka fram, sem einmitt nú var tekið fram af hinum háttvirta 1. konungkjörna þingmanni, að brauðin væru langt of lítið jöfnuð. Það er líka alveg satt; það er sá eini agnúi á þessu máli, að öll brauð hafa ekki jafnan rjett til að geta notið þessara laga. En þó svo sje, þá get jeg huggað mig við, að það er ekki mjer að kenna; því lýsa alþingistíðindin frá 1879 bezt. Þau sýna, að jeg var mótfallinn, að mál það gengi fram, og gaf ekki atkvæði mitt með neinn í frumvarpinu, nema 4. gr. Það er óþarft, að vera nú að tala um þennan ójöfnuð á brauðunum, því hann er svo auðsjen, og það er líka ósjálfrátt að leiðast í ljós, hve laglega var gengið frá brauðamálinu þá á þinginu. Þó það væri þá borið bæði ofan í mig og aðra, þegar við sögðum, að brauðamálið væri ekki nærri nógu vel undirbúið, til þess að hættulaust væri, að útkljá það þá þegar, þá er það þegar nú, og er ekki langt um liðið, búið að sýna sig og sanna, hverjir hafi haft rjettara fyrir sjer. En allt fyrir þennan agnúa held jeg þó, að ekki sje ástæða til að fella þetta mál, því vonandi er, að þessi ójöfnuður lagist smátt og smátt, enda er nú komin bænarskrá til neðri deildarinnar, sem fer fram á, að brauðin verði sem fyrst jöfnuð. Jeg hef þá öruggu von, að þingdeildin, þrátt fyrir þennan agnúa, hafni nú ekki þessu frumvarpi, því þessu máli þarf og verður þjóðin að fá framgengt sem fyrst. Þingið er vonandi nú skipað svo upplýstum mönnum, að það ratar ekki inní þá villu, sem átti sjer stað fyr á tímum, þegar menn t. a. m. voru að þrátta um það lítilförlega atriði,

hvort þingsalurinn mætti vera opinn, svo allir gætu heyrt það, sem fram færi; þá höfðu menn það sem ástæðu á móti þessu, að enginn nema hinn iðjulausi Reykjavíkurskríll mundi þyrpast þar að, en reynslan hefur sýnt annað. Eins þótti mönnum þá ódæði, að konungur skrifaði nafn sitt undir hinn íslenzka texta laganna, sem hann ekki skildi neitt í. Og var þessu neitað í mörg ár, þangað til loksins að því varð framgengt. Eitt dæmi get jeg nefnt enn, sem sýnir, hvað menn voru þá smámunasamir. Það þótti ófært, að konungsfulltrúi talaði íslenzku á þinginu, þar sem slíkt hlyti að særa tilfinning hans hátignar, en einn sómamaður í Hróarskeldu var þó svo skynsamur, að álíta, að hið gagnstæða mundi ekki síður hljóta að særa tilfinning Íslendinga. Tek jeg þetta til dæmis upp á það, hve ófært, já, jafnvel hlægilegt það er, ef þingið hafnar áríðandi málum, þótt eitthvað smávegis sje athugandi við þau.

Pjetur Pjetursson: Jeg skal að eins leyfa mjer að bæta nokkrum orðum við það, sem jeg tók fram áðan. Jeg hef orðið þess áskynja, að tillaga hefur komið fram í neðri deild þingsins um að skora á landshöfðingja, að sjá um, að allir, sem sækja um brauð, skrifi eigi að eins landshöfðingja, heldur og sóknarnefndinni í því brauði, sem þeir ætla sjer að sækja um; þetta er að minni ætlun heppilegur og praktiskur máti til þess, að söfnuðirnir geti neytt rjettar síns í stjórn safnaðarmálanna. Auk þessa er og komin áskorun um, að brauðin hangi uppi í 10 vikur, til þess víst sje, að söfnuðirnir fái tíma til að hugsa sig um og geti látið vilja sinn í ljósi um, hvern af umsækjendunum þeir vilji hafa. Þegar slíkar skýrslur koma frá sóknarnefndunum, þá er það siðferðislegt aðhald fyrir veitingarvaldið, að fara eptir tillögum þeirra, nema sjerstakar ástæður sjeu því til fyrirstöðu. En þetta er ekki, eins og jeg sagði, nema siðferðislegt aðhald; en nú vilja menn fara skrefi lengra og ákveða lagalegt aðhald; en hvort það heppnast, þori jeg ekki um að dæma.

Forseti: Jeg skal taka það fram, að jeg sje ekki, að þetta frumvarp komi í bága við 4. gr. stjórnarskrárinnar nje 20. gr. þingskapanna. Þess vegna sje jeg ekki ástæðu til að vísa málinu frá, enda er málið búið að ganga gegnum neðri deildina.

Með því að ekki tóku fleiri til máls, sagði forseti umræðunum lokið og leitaði atkvæða um, hvort málið skyldi ganga til 2. umræðu; var það samþykkt með 9 atkvæðum.

ÖNNUR UMRÆÐA Í EFRI DEILD,
á 26. fundi, 4. dag ágústmán.

Pjetur Pjetursson: Jeg gat um það við 1. umræðu þessa máls, hvaða ójöfnuði frumvarpið, eins og það hjer liggur fyrir, kæmi til leiðar milli safnaðanna, þar sem meir en helmingur safnaðanna hjer á landi yrði útilokaður frá því, að geta notið þessa rjettar, af því að það eru svo fáir, sem sækja um útkjálkabrauð og þau, sem fátæk eru. Nú ætla jeg að leyfa mjer að tala fáein orð um hinar einstöku greinir frumvarpsins. Í 3. gr. stendur: «Þá er liðnar eru 6 vikur frá auglýsing um, að brauð sje laust, skal veitingarvaldið senda skrá yfir umsækjendur brauðsins áleiðis o. s. frv». Hjer er ekki sagt, hversu langt veitingarvaldið á að senda þessa skrá, hvort það á að senda hana stutt eða skammt, en að eins til tekið, að það eigi að senda hana áleiðis. Jeg veit heldur ekki, hvort það er ætlið hægt, að koma því við, sem í 6. gr. stendur: «En sá er umsækjandi rjettur, ef umsóknarbrjef hans er fyrir kjördag komið áleiðis annaðhvort á kjörfundinn eða til prófasts». Hafi umsækjandi ekki sent veitingarvaldinu bænarskrá sína, þá getur það ekki sent kjörfundinum hana, og ef allir tækju upp á því, að senda kjörfundinum bænarskrár sínar, þá gæti veitingarvaldið alls enga skrá sent. Það má og vel hugsa sjer, að tveir umsækjendur sendu veitingarvaldinu skrár sínar, en hinir kjörfundinum;

veitingarvaldið veit þá ekki nema af þessum tveimur, og er þá ekki skylt að senda kjörfundinum nokkra skrá, heldur veitir öðrumhvorum þeirra, sem til þess hafa sótt um brauðið. Þannig er þessi ákvörðun, að umsækjendur megi senda bænarskrár sínar beinlínis á kjörfundinn, í mótsetningu við hina í 3. gr. og því alveg óhafandi. Í 5. gr. stendur: «Nú eru umsækjendur 3, og er kjörfundarmönnum rjett 2 til að kjósa, en sjeu umsækjendur fleiri, skulu jafnan 3 til kosnir». Jeg vil setja, að 4 sæki um brauðið og 2 af þeim sjeu óreglumenn, sem söfnuðurinn ómögulega vildi hafa fyrir prest; en þegar kjörfundurinn er nú skyldur til að senda meðmæli með 3, þá verður hann að til taka annan þessara óreglumanna. Menn mundu nú segja, að veitingarvaldinu dytti ekki í hug að kjósa óreglumenn, og það er líka satt. En af hverju er frumvarpið sprottið? Er það ekki sprottið af vantrausti á rjettlætistilfinningu veitingarvaldsins? Jeg held svo sje. En ef söfnuðurinn treystir veitingarvaldinu til þess að kjósa ekki óreglumanninn, sem jeg til tók áðan í dæmi því, er jeg setti, þá er mótsögn í því, því að þá er það komið undir rjettlætistilfinningu og dánumennsku veitingarvaldsins, að það ekki fleygi honum upp á söfnuðinn. Mjer sýnist það mjög hæpið, að hafa slíkar ákvarðanir í frumvarpinu, því að þá erfiða lögin á móti sjálfum sjer og tilgangi sínum, sem er að hafa lagaaðhald að veitingarvaldinu. Jeg get ekki sjeð, að nokkur skynsöm stjórn geti látið þetta frumvarp, eins og það nú er, verða að lögum. Þegar jeg við 1. umræðu talaði um málið sjálft, þá áleit jeg, að rjett væri, að söfnuðirnir hefðu atkvæði með, þegar um brauðaveitingar er að ræða; en jeg er því ekki hlynntur, að söfnuðirnir fái bæði töglin og hagldirnar, eins og sagt er; eins og til hagar hjer á landi, ímynda jeg mjer, að það mundi ekki hafa góðar afleiðingar, því að annaðhvort þekkja söfnuðirnir ekki hæfilegleika umsækjanda til hlítar eða geta látið leiðast til að mæla með einhverjum fyrir velvildar og vináttu sakir, t. a. m. með aðstoðarpresti, sem hefur komið sjer vel við söfnuðinn, en ganga með því fram hjá sómamönnum, sem verðskulduðu að fá brauðið. En hvað leiddi af þessu? Það mundi kæfa niður allt menntalíf og alla menntunarlöngun meðal presta; menn eru svo gjörðir, að þeir vænta þess, að verðleikar sínir sjeu teknir til greina, en þegar það er ekki gjört, þá deyfir það löngunina til þess að taka framförum á menntunarinnar vegi. Jeg skal svo ekki tala meira um málið að sinni, en lýsa því að eins yfir, að jeg get ekki gefið þessu frumvarpi atkvæði mitt.

Benidikt Kristjánsson: Jeg er alveg á sama máli sem hinn 1. konungkjörni þingmaður í því, að frumvarpi þessu er í mörgu ábótavant, en jafnframt er málið svo mikilsvert, að æskilegt væri, að lög væru til í þessa stefnu. Þess vegna óska jeg og treysti deildarmönnum til þess, að lagfæra frumvarpið við 3. umræðu, því að hverjum þingmanni er þá innan handar að koma með breytingartillögur, og er jeg fús á að koma mjer saman við aðra háttvirta þingmenn um breytingar.

Ásgeir Einarsson: Jeg fellst mikið vel á það, sem þingmaður Norður-Þingeyinga sagði; jeg sje, að það eru ýmsir gallar á frumvarpinu, og að það er ekki alfullkomið, en svo er nú um fleiri; mjer þóttu einnig gallar á frumvörpunum, sem komu í hitt eð fyrra um sóknarnefndir o. s. frv., en sagði þó, að jeg vildi heldur hafa þau heldur en ekki neitt; það gæti orðið prófsteinn á þjóðina, og svo sannaðist á eptir, hvort þau væru að nokkru gagni eða ekki; eins vil jeg láta þetta frumvarp vera prófstein á þjóðina og veitingarvaldið. Í frumvarpinu er veitingarvaldinu gefinn töluverður taumur, að sjá um, að kosningarnar verði ekki vanbrúkaðar, en mjer þykir hann reyndar nokkuð slakur, en þó vil jeg ekki láta herða á fyr en sjest, að veitingarvaldið fer ekki eptir rjettlætistilfinningu. Sá fær sjaldan lof, sem á ljósi heldur, og eins er með veitingarvaldið; það fær opt ekki sem beztar

þakkir fyrir gjörðir sínar, og þess vegna ímynda jeg mjer, að það megi verða fegið að fá söfnuðina í ráðaneyti með sjer, svo að öll skuldin skelli ekki á veitingarvaldinu, ef illa kynni að takast til. Þeir ýmsu agnúar á frumvarpinu, sem hafa verið teknir fram, eru ekki svo hættulegir í byrjun; það eru fleiri lög, sem innihalda eitthvert númæli, að að þeim má finna, en svo má allt af laga það seinna, sem reynslan sýnir að ábótavant er og ekki á við. Það var tekið fram um daginn, að ójöfnuður kæmi fram í frumvarpinu milli brauðanna, og einkum yrðu það útkjálkabrauðin, sem yrðu út undan; en jeg held, að boðskapurinn um, hverjir sæktu, gæti eins komið í tæka tíð til þeirra; það mætti þá haga því svo, að lengri tími væri fyrir þau brauð. Í 5. grein er sagt, að kjörfundarmenn megi kveða á, hvern umsækjanda þeir kjósi helzt og hvern næstan. Þetta sýnist ekki vera skaðlegt, heldur miklu fremur vera leiðbeining fyrir veitingarvaldið, og það er svo sakleysislega að orðum komizt, að það getur ekki verið saknæmt. Það hefur verið talað um, að söfnuðirnir væru ekki þeim prestum, sem um sæktu, kunnugir, og mundi kosningin því lenda á kapellánum, ef þeir eru vel liðnir. Þetta get jeg vel ímyndað mjer, og jeg sje ekkert á móti því, þegar söfnuðinum hefur fallið vel við kapelláninn. En hvað ókunnugleikann snertir, þá held jeg, að söfnuðirnir sjeu ekki prestunum ókunnugri heldur en ráðgjafinn í Danmörku, og dæmin sýna, að hann hefur ekki æfinlega farið eptir tillögum biskups, sem ætti þó að vera prestunum kunnugastur. Það getur sýnzt nokkuð ófrjálslegt, að þegar umsækjendur eru ekki fleiri en 2, þá má sóknin hvorugan tilnefna. Þessu mætti ef til vill breyta, en það er ekki vert að fara nú þegar langt út í það, heldur láta reynsluna sýna, hvers við þarf og hvað bezt hentar, og færa sig þá heldur áfram en ekki aptur á bak. 1. grein byrjar svo: «Heimilt skal sóknarmönnum þeim, er gjalda til prests og kirkju». Hjer vil jeg láta bæta við: «og hafa óflekkað mannorð», því að í flestum kosningarlögum eru þessi tvö bönd lögð á kosningarrjettinn; þessu er líka hægt að bæta inn í við 3. umræðu. Jeg skal svo ekki tala meira, en vona, að þeir þingmenn, sem hafa betur vit á málinu en jeg, gjöri hentugar breytingar á frumvarpinu.

Árni Thorsteinson: Þingmaður Strandamanna, sem allt af er svo glöggur og skarpsær, tók einmitt það fram, sem jeg vildi sagt hafa, að þjófum og ræningjum væri ekki leyft að eiga þátt í kosningu presta, og þess vegna vil jeg láta bæta inn í 1. gr., að þeir einir megi kjósa, sem hafa óflekkað mannorð. Ýmsir aðrir þingmenn hafa gjört athugasemdir við frumvarpið, sem jeg get fallizt á, en mjer virðist hjá þeim vanta, hvernig eigi að gjöra að því, sem ábótavant er. Ef jeg á að láta í ljósi skoðun mína um frumvarpið, þá er hún sú, að það byrjar með orðum og engu öðru en orðum. Fyrirsögnin segir, að frumvarpið sje um kosningu presta. Hvernig inniheldur frumvarpið það? Það inniheldur ekki kosningarrjett, heldur að eins uppástungurjett, og hann skorinn af nöglum sjer, þar sem að eins nokkrum mönnum í sókninni er leyft, ekki að kjósa, heldur að stinga upp á þrem prestum, sem veitingarvaldið getur svo valið úr. Jeg ímynda mjer, að málinu væri miklu betur borgið, ef hver maður í sókninni hefði beinlínis kosningarrjett; þá væri þeim tilgangi betur náð, að söfnuðirnir með atkvæði sínu fengju að ráða prestum sínum, heldur en að leggja það í hendur nokkurra manna í sókninni. Það er ekki rjett að mínu áliti, að kosningarrjetturinn sje látinn vera ótakmarkaður; jeg ímynda mjer, að veitingarvaldið jafnframt söfnuðunum ætti að hafa dálítið eða nokkurt band á kosningunum, en þegar verðleikar eru að mestu eða talsverðu jafnir hjá öllum umsækjendum, þá ættu söfnuðirnir beinlínis að kjósa, og þá ætti þessi rjettur ekki að vera uppástungurjettur, heldur beinlínis kosningarrjettur, lagður í hvers manns hönd. Þetta gjörir það að verkum, að eins og frumvarpið er

nú, get jeg ekki gefið atkvæði með því, en, ef til vill, ef því er breytt. Mjer fyrir mitt leyti sýnist bezt að snúa öllu við, og taka málið frá annari hlið en í frumvarpinu er gjört; látum söfnuðina kjósa milli þeirra, sem veitingarvaldið segir hæfasta, og með því fá þeir kosningarrjett í staðinn fyrir uppástungurjett eptir þessu frumvarpi. Að öðru leyti skal jeg geta þess, að í öðrum löndum er málið víða skoðað frá þeirri hlið, sem jeg skoða það.

Stefán Eiríksson: Það er nú búið að ræða töluvert um þetta mál nú við þessa 2. umræðu, þó að það kæmist þegjandi í gegn við 1. umræðu; þingmenn hafa víst glöggvað sig betur á því undir þessa umræðu heldur en áður. Jeg er samdóma þingmanni Norður-Þingeyinga um það, að breytingar þurfi að gjöra á frumvarpinu, og jeg fyrir mitt leyti væri fús til að koma mjer saman við hann um breytingar til 3. umræðu; en aptur á móti er jeg ekki samdóma hinum 5. konungkjörna þingmanni um það, sem hann talaði; hann sagði, að söfnuðunum væri ekki gefinn nema uppástungurjettur með þessu frumvarpi. Þetta get jeg ekki sjeð að sje rjett, því að það stendur með berum orðum í 7. gr.: «Veitingarvaldið skal brauð veita einhverjum þeirra, er til eru kosnir, en engum öðrum». Eptir þessu finnst mjer að söfnuðirnir hafi meira vald heldur en hreinan og beinan uppástungurjett, og meira að sega, þeir hafa það vald, sem dugar að mestu. Hinn 1. konungkjörni þingmaður tók til dæmis, að 2 af þeim, sem kjörfundurinn mælti með, væru óreglumenn, en það geta líka allt verið óreglumenn. En hvernig sem nú það er, þá stingur þó kjörfundurinn sjerstaklega upp á einum, og jeg ímynda mjer þá, að hann til nefni þann, sem hann hefur traust og þekking á. Yfir höfuð að tala ímynda jeg mjer, að ákvarðanir frumvarpsius megi vel brúka með lagfæringum, og það þurfi ekki að vera að hártoga þær út í yztu æsar. Ef mönnum þykir eittbvað, sem betur mætti fara, þá er ekki annað en koma með breytingar undir 3. umræðu, eins og jeg og fleiri hafa stungið upp á.

Sigurður Melsteð: Jeg fyrir mitt leyti vil fallast á anda frumvarpsins, þar sem það miðar til þess, að gefa söfnuðunum rjett til að eiga hlutdeild í kosningu presta. Það getur orðið til þess, að vekja og styrkja kirkjulegt fjelagslíf og styrkja föðurlegt og sonarlegt samband milli safnaðarins og prestsins; því get jeg ekki annað en verið anda þessa frumvarps hlynntur. En jeg er hræddur um, að svo verulegir agnúar sjeu á frumvarpinu, að þeir rekist hver á aðra, svo að það geti ekki orðið góð og greið lög. Hinn háttvirti 1. konungkjörni þingmaður tók ýmislegt fram, og þarf jeg ekki að taka það upp aptur. Þegar menn bera saman 3. og 6. gr., þá geta í framkvæmdinni komið ýmisleg tilfelli fyrir, sem mjer virðast að ekki muni geta samrýmzt þessum greinum frumvarpsins. Þannig er í 3. gr. sagt, að veitingarvaldið skuli senda kjörfundinum skrá yfir umsækjendur brauðsins; en það er ekki tekið fram, hvað þessi skrá á að innihalda, hvort hún á að innihalda nöfnin tóm eða leiðbeining til kjörfundarins um, hvaða hæfilegleika umsækjendur hafa o. s. frv. Í 6. gr. er tekið fram, að umsækjendur megi líka senda umsóknarbrjef sín beinlínis til safnaðarins. Nú er mjer spurn: Hvernig geta söfnuðir í fjarlægum ömtum þekkt nýútskrifaðan kandídat? Söfnuðirnir þekkja hann ekkert, vita ekki, hvernig hann er að sjer, hvaða einkunn hann hefur fengið, eða hvort hann er laus við þá meinbugi, sem geta bægt honum frá að verða prestur. Nú gæti hugsazt, að þegar söfnuðurinn kýs einhverja tvo af þremur, sem um sækja, þá kysu þeir, einmitt af því þeir ekki þekkja umsækjendurna, þá, sem vantaði þá kosti, sem þyrfti til þess að geta orðið prestur. Hvernig á veitingarvaldið nú að fara að? Það getur ekki veitt þeim brauðið, sem kjörfundurinn til nefnir. Þannig er það bert, að frumvarpið er svo lagað, að þessar

greinir komast í bága hvor við aðra, og verða naumast samrýmdar.

Pjetur Pjetursson: Þingmaður Austur-Skaptfellinga tók það fram, að eptir 5. gr. hefðu kjörfundarmenn rjett til, að kjósa til einn eða tvo af þremur umsækjandi prestum eða kandídötum, og er það að vísu rjett, en það er aðgætandi, að veitingarvaldið er alls ekki bundið við annanhvorn af þessum tveimur, heldur getur það tekið þann þriðja, ef því svo lízt, og þó umsækjendur sjeu fjórir eða fleiri, og kjörfundarmenn því geti kosið til þrjá þeirra, þá er veitingarvaldið heldur ekki bundið við þessa þrjá. Jeg kann langtum betur við aðferð þá, sem hinn háttvirti 5. konungkjörni þingmaður benti á, að söfnuðunum yrði veittur fullkominn uppástungurjettur. Þetta verður líka hægt með því móti, sem jeg tók fram við 1. umræðu, að skora á landshöfðingja, að skipa svo fyrir, að þeir, sem sækja um brauð, skrifi eigi að eins landshöfðingja, heldur og sóknarnefndinni, og leiti meðmæla hennar, og til þess, að nægur tími sje til að koma þessu í kring, ættu brauðin að hanga uppi í 10 vikur. Nú er einmitt framkomin í neðri deildinni uppástunga til þingsályktunar, sem fer fram á þessa áskorun til landshöfðingja. Að ákveða, að hve miklu leyti menn vilja binda veitingarvaldið í lagalegu tilliti til að taka þann, sem kjörfundarmenn mæla með, er ekki frágangssök. En það er sjálfsagt, að eins og nú stendur, er veitingarvaldið í siðferðislegu tilliti bundið við þann, sem sóknarnefndin mælir með, ef engar sjerstakar ástæður eru því til fyrirstöðu. Reynslan hefur líka sýnt það nú síðustu árin, að veitingarvaldið hefur ætíð tekið það til greina, þegar söfnuðirnir hafa kosið einn fremur öðrum fyrir prest sinn, og það síðast í sumar við veitinguna á Árnesi í Strandasýslu. Þó þetta væri ekki tekið til greina við veitinguna á Hólmum í Reyðarfirði, þá er það öðru máli að gegna, þar sem bæði voru sjerstakar ástæður, og lögin frá 27. febr. 1880 höfðu ekki fengið staðfestingu, þegar málið var sent hjeðan. Þetta er sá eðlilegi vegur fyrir þingið til þess að sýna, hvernig söfnuðirnir geta neytt þessa rjettar, sem lögin frá 27. febr. ætla þeim. Þar er að eins sagt yfir höfuð, að söfnuðirnir hafi rjett á, að mæla með einhverjum sjerstaklega. En þessi uppástunga sýnir, hvernig söfnuðirnir geti neytt þessa rjettar síns.

Árni Thorsteinson: Jeg tek það upp aptur, sem jeg sagði áðan, að mjer sýnist frumvarp þetta veita söfnuðunum mjög litla tryggingu fyrir, að þeir fái þann, sem þeir helzt óska fyrir prest. Veitingarvaldið getur frjálslega valið um milli tveggja eða þriggja, sem kjörfundarmenn stinga upp á. Sá fyrsti er augasteinn safnaðarins, en ef til vill ekki veitingarvaldsins, sem því getur tekið annanhvorn hinna tveggja, sem söfnuðurinn vildi langtum síður. Þannig verður þessi uppástungurjettur alveg þýðingarlaus, því það er svo langt frá, að söfnuðirnir eigi víst að fá þann, sem hann helzt kýs. Ef t. a. m. söfnuðurinn eða eptir fumvarpinu kjörfundarmenn eiga til að kjósa 3 af umsækjendum, þá getur sá fyrsti verið gæðaprestur, sem söfnuðurinn vill helzt fá, annar meðalprestur og þriðji ljelegur, sem kjörfundarmenn ljetu fylgjast með sem hinu þriðja eptir atvikum, eins og opt gjörist við kosningar, þá er veitingarvaldið alls ekki bundið við hinn fyrsta eða annan, heldur getur það eins vel tekið hinn þriðja, ef því svo lízt. Í 2. gr. er svo ákveðið, að kirkjubóndi, ef hann er til, skuli vanalega vera einn af kjörmönnum. Jeg er nú ekki svo kunnugur hjer á landi, sem vera skyldi, og hef sjaldan átt kost á að hafa atkvæði um kirkjuleg mál; en þó jeg hafi farið víða, þá hef jeg aldrei getað fundið, að kirkjubændur væru yfir höfuð svo fremri öðrum í söfnuðinum, að þeir gætu verið sjálfkosnir kjörmenn. Kirkjubóndi getur verið jafnvel illa innrættur í kirkjulegum efnum, sjálfsagt ekki fremri öðrum í þeim, og þá finnst mjer óviðurkvæmilegt, að hann sje sjálfkosinn í kjörnefnd. Ef jeg ekki misskil orðið kirkjubóndi, þá ímynda jeg mjer, að

með því sje átt við heimabónda á kirkjustað. Nú er svo, að optast býr presturinn sjálfur á prestssetrinu, og þá ætti hann sjálfsagt að vera sjálfkjörinu kjörfundarmaður, en hann er þó einmitt formaður sóknarnefndarinnar. Sóknarmenn kjósa eptir 2. gr. ár hvert 4 kjörmenn auk sóknarnefndar, og skal kirkjubóndi vanalega vera einn af þeim. Ef jeg skil orðin rjett, þá á kirkjubóndinn að ganga í kjörnefndina, en þessi ákvörðun finnst mjer alls ekki heppileg. Jeg fyrir mitt leyti vil fara út af þeim vegi, sem frumvarpið heldur, og inn á aðra götu. Þess vegna vil jeg ganga inn á breytingaratkvæði í þá átt, að söfnuðum sje veittur rjettur til að kjósa beinlínis einn af umsækjendum, og veitingarvaldinu sje áður leyft að taka þá burt, sem það álítur miður verðuga.

Ásgeir Einarsson: Mjer skildist hinn háttvirti 1. konungkjörni þingmaður taka orð hins 5. konungkjörna svo, sem hann hefði mælt með því, að söfnuðirnir fengju fullkominn uppástungurjett. En þá hef jeg ekki skilið hinn 5. konungkjörna þingmann rjett, því mjer skildist hann vilja láta uppástungurjettinn vera hjá veitingarvaldinu, en aptur að söfnuðirnir fengju fullan kosningarrjett. (*Árni Thorsteinson*: rjett, alveg rjett). Þá er það jeg, sem hef skilið orð þingmannsins rjett, og skal jeg játa, að jeg kyuni mjög vel við þá ákvörðun. Mjer heyrðist enn fremur hinn 1. konungkjörni þingmaður telja það heppilegt, að umsækjendur skrifuðu sóknarnefndunum, um leið og þeir skrifuðu veitingarvaldinu, og leituðu meðmæla þeirra. Þessi uppástunga var borin upp á einum hjeraðsfundi, sem jeg var á, en það varð þó ekki meira úr henni í það skipti, en þótti þó eiga vel við. En ef á annað borð á að vera að fáta við frumvarpið, þá ætti að koma þessari uppástungu inn í frumvarpið. Hvað viðvíkur mótbáru hins háttvirta 5. konungkjörna þingmanns gegn því, að kirkjubóndi sje sjálfkjörinn kjörmaður, þá er jeg honum alveg samdóma í því, því þó jeg sje sjálfur kirkjubóndi, þá er jeg alveg fús á, að gefa þann rjett eptir. Jeg kann allt af mjög illa við, þegar verið er að trana mönnum fram sem sjálfsögðum til hvers sem vera skal, ef menn geta ekki áunnið sjer stöðu sína með eigin verðleikum sínum. Við slík einkaleyfi er mjer mjög illa. Ef menn því ekki geta áunnið sjer sjálfir þessa kosningu, þá vil jeg ekki láta binda menn þar eins og við tjóðurhæl. Nú eru komnar fram nýjar og mikilvægar breytingaruppástungur við frumvarpið, eptir því sem ráða má af ræðum þeirra, sem talað hafa nú í þessu máli, og ef menn vildu nota sjer ákvarðanir stjórnarskrárinnar og þingskapanna, sem leyfa, að setja nefnd á hverju helzt stigi málanna, sem vera skal, þá gætu menn nú stungið upp á, að nefnd yrði sett í þessu máli hjer í deildinni. Þó tíminn sje nú að vísu orðinn naumur og ekki hægt að segja, hvað lengi nefndin yrði að ræða málið, þá skal jeg þó leyfa mjer, að skjóta því til forseta, hvort hann ekki vilji bera þriggja manna nefnd undir atkvæði þingdeildarinnar.

Forseti bar því næst undir atkvæði, hvort setja skyldi nefnd í málinu, og var það fellt með 8 atkvæðum á móti 3.

Þar eð fleiri óskuðu ekki að taka til máls, bar forseti hinar einstöku greinar frumvarpsins undir atkvæði, og var:

1. gr. samþykkt með 6 atkvæðum
2. — —»— — 6 —»—
3. — —»— — 6 —»—
4. — —»— — 6 —»—

Um 5. gr. var, vegna óljósrar atkvæðagreiðslu, viðhaft nafnakall.

«Já» sögðu:
Benidikt Kristjánsson,
Ásgeir Einarsson,
Einar Ásmundsson,
Sighvatur Árnason,
Skúli Þorvarðarson,
Stefán Eiríksson.

«Nei» sögðu:
Magnús Stephensen,
Árni Thorsteinson,

Jón Pjetursson,
Pjetur Pjetursson,
Sigurður Melsteð.

5. gr. þannig samþykkt með 6 atkvæðum móti 5.

6. gr. felld með 6 atkvæðum móti 5.

Um 7. gr. var vegna óljósrar atkvæðagreiðslu viðhaft nafnakall.

•Já• sögðu:
Benidikt Kristjánsson,
Ásgeir Einarsson,
Einar Ásmundsson,
Sighvatur Árnason,
Skúli Þorvarðarson,
Stefán Eiríksson.

•Nei• sögðu:
Magnús Stephensen,
Árni Thorsteinson,
Jón Pjetursson,
Pjetur Pjetursson,
Sigurður Melsteð.

7. gr. þannig samþykkt með 6 atkvæðum móti 5.

Fyrirsögnin áleizt samþykkt án atkvæða.

Málinu vísað til 3. umræðu með 10 atkvæðum.

ÞRIÐJA UMRÆÐA Í EFRI DEILD,
á 30. fundi, 8. dag ágústmánaðar.

Frumvarpið, eins og það var samþykkt við 2. umræðu, sjá I, 330—331.

Breytingartillögur
við frumvarp til laga um kosningu presta, eins og það var samþykkt við 2. umræðu í efri deild.

a.

Breytingartillögur
frá Ásgeiri Einarssyni, Benidikt Kristjánssyni og Stefáni Eiríkssyni.

1. grein.

Þá er brauð losnar, er öllum sóknarmönnum, þeim er hafa óflekkað mannorð og gjalda til prests og kirkju, heimilt að kjósa sjer prest af þeim, er um brauðið sækja, og hafa hina lögboðnu hæfilegleika til prestsskapar.

2. grein.

Sá, er sækir um laust brauð, skal senda umsóknarbrjef sitt í tveim samritum, annað til biskups, en hitt til prófasts í því hjeraði, sem brauðið er veitt í.

3. grein.

Þá er 10 vikur eru liðnar frá því, er brauðið var auglýst til veitingar, skal biskup senda hjeraðsprófasti skrá yfir alla umsækjendur, og má biskup, ef fleiri en tveir hafa sótt um brauðið, mótmæla, að einn eða fleiri þeirra verði kosnir. Eigi má biskup ryðja þannig fleirum en þriðjungi umsækjanda.

4. grein.

Hjeraðsprófastur auglýsir söfnuði eða söfnuðum nöfn þeirra umsækjanda, er biskup hefur eigi mótmælt. Af þeim skal söfnuðurinn eða söfnuðirnir kjósa sjer sóknarprest á þeirri stund og stað í prestakallinu, er prófastur ákveður; stýrir sóknarnefnd kosningunni, ef eigi er nema ein sóknarnefnd í prestakallinu, en sjeu þær fleiri, kjósa allir sóknarnefndarmenn 3 menn úr sínum flokki í kjörstjórnina. Rjett er, að prófastur sje sjálfur viðstaddur kjörfundinn, ef honum virðist þörf á.

5. grein.

Kosningin skal fram fara, að svo miklu leyti sem verða má, á sama hátt, sem kosningar til alþingis. Enginn getur orðið kosinn sóknarprestur, nema hann fái meiri hluta atkvæða þeirra sóknarmanna, sem kosningarrjett hafa í prestakallinu eptir 1. grein og sem neyta atkvæðisrjettar síns á kjörfundi.

6. grein.

Eptir að kosning hefur fram farið, sendir kjörstjórnin tafarlaust prófasti kosningargjörðina, staðfesta með vottorði sínu um, að hún sje rjett. Síðan sendir prófastur biskupi skýrslu um kosninguna, og skal þá biskup gefa hinum kosna presti veitingarbrjef.

b.

Breytingaratkvæði
frá Pjetri Pjeturssyni, Jóni Pjeturssyni og Sigurði Melsteð.

1. grein. Við 1. og 2. gr.

Sjerhver sá, sem sækir um brauð, skal senda hlutaðeigandi sóknarnefnd eða sóknarnefndum, ef þar eru fleiri sóknir en ein, samrit af umsóknarbrjefi sínu og leita meðmæla safnaðarins.

2. grein. Við 3. gr.

Sóknarnefndir skulu senda til landshöfðingja tillögur sínar um sækjendur, áðnr en 10 vikur eru liðnar frá því er auglýst var, að brauðið væri laust, og til taka, hver sækjanda þeim þyki bezt fallinn til að fá brauðið.

3. grein. Við 4. gr.

Veitingarvaldið skal jafnan fara eptir tillögum sóknarnefnda í veitingu brauða, nema einhverjar sjerlegar ástæður sjeu því til fyrirstöðu.

4. grein. Við 5. og 6. gr.

Nú líða 10 vikur frá því er auglýst var, að brauð sje laust, og koma engar tillögur um veitingu þess frá sóknarnefndum, skal þá veita það á þann hátt, er nú tíðkast.

Ásgeir Einarsson: Við frumvarp þetta hafa komið fram nokkrar breytingar, og kemur nú mest undir, hvort þær verða samþykktar. Þær breytingar, sem 3 háttvirtir deildarmenn hafa komið fram með, hafa bætt úr frumvarpinu að nokkru leyti, en þó er jeg nú hræddur um, að umbæturnar sjeu ekki svo miklar eða góðar, að þær fullnægi öllum þingmönnum. Jeg læt nú bíða, að fara mörgum orðum um þær, þangað til jeg heyri meðmæli með þeim, sem sannfæra mig; það getur vel verið, að þau komi. Þó sumar breytingarnar sjeu góðar og til bóta, þá get jeg ómögulega fallizt á sumar. Jeg skoða þetta mál svo, að hjer eigi að vera samkynja höfuð og líkami. Kristindómurinn er einn líkami, og þegar við höfum presta og prófasta, vil jeg, að biskupinn sje höfuðið yfir þeim. Það er náttúrurjettur, og forn rjettur Íslendinga, að þeir hafi leyfi til að kjósa sjer presta sjálfir að nokkru leyti, og það hef jeg heyrt á mönnum úr öllum áttum, að þeir vilja, að söfnuðirnir hafi leyfi til að kjósa presta, og um það álít jeg að sje allt öðru máli að gegna en um aðskilnað ríkis og kirkju; því að þar finnst mjer stigið einu stóru feti of langt. Um það ætla jeg að megi segja, eins og Þorgeir Ljósvetningagoði sagði, þegar kristni var lögtekin: Ef lögunum er skipt, þá er friðnum skipt. Leysing sóknarbandsins mun skipta friðnum, en þetta eykur friðinn og staðfestir hann; það hvetur presta til að vanda siðferði sitt. Þær mótbárur hafa komið fram hjá sumum þingmönnum, að frumvarp þetta geti orðið til þess, að aðstoðarprestar verði teknir fram yfir eldri presta, en ef aðstoðarprestarnir eru góðir og samvizkusamir menn, get jeg ekkert sjeð á móti því, að þeim sje falið vandasamt starf. Jeg held því, að stefnan í þessu frumvarpi sje yfir höfuð að tala góð, en það, sem að kynni að vera, mundi mega laga. Hinn háttvirti 1. og 5. konungkjörnu þingmenn hafa beint málinu í eðlilega og náttúrlega stefnu, og hefur hinn háttvirti 1. konungkjörni þingmaður sýnt fram á, að lengja mætti tímann, sem brauðin stæðu uppi, og hefur hann greitt fyrir málinu. Jeg vona, að hin heiðraða deild vilji styðja þetta mál, sem getur orðið, og sjálfsagt verður til þess, að efla trúarlífið og hvetja embættismennina til þess, að standa vel og sómasamlega í sinni stöðu, eins og þeirrar stjettar mönnum sæmir.

Pjetur Pjetursson: Jeg held, að það sje ekki gustuk að tala meira um þetta frumvarp, en komið er. Jeg verð þó að geta þess, að jeg hef hið sama móti 5. gr. frumvarpsins, sem jeg hafði við 2. umræðu; 5. gr. er nefnilega óbreytt og hefur mótsögn inni að halda. En það er einnig annað orð, sem stendur í 3. og 4. gr. og sem ekki getur staðizt; það er orðið »heimasókn«. Í þingabrauðum er engin heimasókn, og þó það væri sagt við umræður þessa

máls í neðri deildinni, að heimasókn væri þar, sem prestinum er úthlutað ábúðarjörð, þá svara jeg því, að það á sjer ekki alstaðar stað, að prestum sje úthlutuð ábúðarjörð, og þar sem það kann að vera gjört, getur vel komið fyrir, að presturinn búi á allt annari jörð en þeirri, sem honum var útblutuð, og hvað á þá að kalla heimasókn? Presturinn getur haft tvær jarðir undir, sína í hvorri sókninni, og hvar á þá að kalla heimasókn? Jeg álít, að þetta gjöri frumvarpið alveg óhafandi. Við, sem gjörðum breytingaratkvæðin við frumvarpið, ætluðum ekki að finna nýjan grundvöll, en við vildum vísa söfnuðunum á praktiskan veg til að nota þann rjett, sem þeir hafa samkvæmt lögum 27. febr. 1880, 7. gr., um stjórn safnaðarmála, en hertum þó aðhaldið að veitingarvaldinu, og álít jeg, að eðlilegt skref sje stigið til framfara, ef deildin vildi aðhyllast breytingaratkvæði okkar 3 þingmanna, en að öðrum kosti álít jeg málinu alveg steypt um koll.

Ásgeir Einarsson: Við ætlum ekki að koma okkur vel saman fyrst um sinn, því að þeir, sem móti mæla, álíta frumvarpið, eins og það er, óhafandi, og jeg get með engu móti fallizt á breytingaratkvæðin. 3. gr. talar um, að veitingarvaldið fari eptir tillögum safnaðanna, nema *sjerstakar kringumstæður banni*. En hver á nú að meta þær sjerstöku ástæður, sem kunna að banna veitingarvaldinu að veita samkvæmt tillögum sóknarinnar? Ætli veitingin verði ekki að standa við sama, hvað sem um þessar sjerstöku ástæður má segja? Þá skulum við heldur fella frumvarpið allt með breytingaratkvæðum og öllu saman, heldur en að samþykkja þetta. Látum vera, að stjórnin vildi ekki samþykkja þetta frumvarp, eins og það er óbreytt, og segjum þá eins og Pjetur mikli: Látum Karl frænda sigra oss, svo að við lærum að sigra hann. Kristnin hefur opt átt í stríði; hún hefur opt haft gott af þessu stríði, og getur haft það enn, og þó að þessi rjettarbót í kirkjunni, sem þetta frumvarp fer fram á, falli nú um koll, getur verið, að það sje skóli fyrir kirkjuna, sem hún lærir í að koma því fram, sem henni er fyrir beztu, en sem enn þá er ef til vill ekki kominn tími til að fá.

Pjetur Pjetursson: Þingmaður Strandamanna spurði, hver ætti að meta hinar sjerstöku ástæður, sem gætu valdið því, að veitingarvaldið sæi sjer ekki fært, að fara eptir tillögum sóknarmanna um veitinguna. Jeg get ekki svarað þingmanninum öðru en því, að það verður að vera veitingarvaldið, sem metur hinar sjerstöku ástæður, og það traust verður að bera til þess, að það vanbrúki ekki þetta vald að orsakalausu, enda er almenningsálitið svo kröptugt, að það mundi fordæma veitingarvaldið, ef það að orsakalausu breytti frá höfuðreglunni í þessu efni, en seint mun það verða, að veitingarvaldið hafi ekkert atkvæði um veitingu brauða.

Með því ekki tóku fleiri til máls, ljet forseti ganga til atkvæða. Breytingartillögur þeirra Ásgeirs Einarssonar, Benidikts Kristjánssonar og Stefáns Eiríkssonar, voru teknar aptur af uppástungumönnum, og skyldu koma fram sem sjerskilið frumvarp. Voru þá breytingaruppástungur Pjeturs Pjeturssonar og 2 annara þingmanna bornar upp til atkvæða, og var:

1. Breytingartillaga þeirra við 1. og 2. grein felld með 6 atkvæðum móti 3.
2. Breytingartillaga hinna sömu við 3. gr. felld með 7 atkvæðum gegn 3.
3. Hinar aðrar breytingartillögur þessara 3 þingmanna voru þar með fallnar.
4. Síðan var frumvarpið óbreytt borið upp til atkvæða, og var það fellt með 8 atkvæðum á móti 2.

B.

Frumvarp til laga um kosningu presta. Frá þingmanni Strandamanna, þingmanni Norður-Þingeyinga og þingmanni Austur-

Skaptfellinga. Frumvarpið er prentað í fyrri parti alþingistíðindanna, bls. 362.

FYRSTA UMRÆÐA Í EFRI DEILD,
á 32. fundi, 10. dag ágústmán.

Flutningsmaður (Ásgeir Einarsson). Þó að þetta frumvarp sje nú til 1. umræðu, þá hefur þó svo mikið verið talað um efni þess, og búið að skýra það á allar lundir, að jeg þarf ekki að vera langorður. Deildin má vera þakklát þeim konungkjörnu þingmönnum, sem beindu þessu máli í frjálslegra og betra horf, og einkum hinum 5. konungkjörna þingmanni, sem benti á það, sem þessi uppástunga einkum er byggð á, að söfnuðirnir kjósi prestinn, þegar biskup er búinn að ryðja þriðja partinum af umsækjendum, og eins hinum 1. konungkjörna þingmanni, sem gaf góðar bendingar um aðferðina. En samt hreifa sjer nokkrar efasemdir um málið; menn eru hræddir um, að þetta fyrirkomulag sje óhentugt hjer á landi, og í annan stað, að stjórnin muni ekki samþykkja frumvarpið. Jeg skal nú þá fyrst tala um, við hvað þeir eru hræddir, sem álíta þetta óhentugt hjer á landi. Þeir eru hræddir um, að kapellánar yrðu fyrir kjöri, sem sóknarmönnum hafa verið geðfelldir. En þó svo verði, þá skeður ekkert nýtt undir sólinni, því að menn hafa dæmin fyrir sjer, að kandidötum, nýskroppnum af prestaskólanum, hefur verið veitt fyrir eldri prestum; þessi ástæða er því einskisvirði, því að hún hefur komið og getur komið fyrir veitingarvaldið, sem nú er. Þá skal jeg minnast á, hverjar orsakir stjórnin geti haft til þess, að neita um svona sanngjarna beiðni. Þingið hefur nú samþykkt lög um leysing á sóknarbandi, og hvað er kjörprestum þar leyft? Að skíra barn; það er nú það fyrsta, sem maður þarf með; að konfirmera barnið, að gefa í hjónaband, og taka til altaris. Þá get jeg ekki annað sjeð, en presturinn verði að messa um leið við margar af þessum athöfnum. Er það nú samkvæmt sjálfu sjer, að söfnuðurinn megi kjósa prest til alls þessa, en honum sje meinað að kjósa sjer þann fyrir algjörðan sálusorgara, sem honum er kærast. En hvað getur nú flotið af þessu, að mönnum er leyft að kjósa sjer kjörprest? Það flýtur þar af, að söfnuðurinn, ef presturinn er þeim ógeðfelldur, leitar þá til annars prests, og hinn reglulegi prestur missti talsvert af tekjum sínum; og það gæti sumstaðar vel farið svo, að hann þyrfti aldrei að messa; þessu væri hægt að koma við t. a. m. á Melstað og Staðarbakka; þar sem stutt er milli kirkna; söfnuðurinn til Melstaðs gæti hæglega fengið prestinn á Staðarbakka til að messa yfir sjer og farið til kirkju þangað, og kæmi svo aldrei til kirkju á Melstað; ef honum er presturinn ógeðfelldur, þá yrði þar aldrei messað, og prestinum mætti þá þykja leiðinlegt að taka tekjurnar fyrir ekki neitt, en missa þó mikið. Þá er enn eitt. Menn halda ef til vill, að það sje hættulegt, að biskupinn ryðji þriðjungnum; mönnum þykir það ef til vill of lítið; en jeg vil segja, að þegar kandidatar og prestar eru orðnir svo á sig komnir, að það þarf að ryðja meira en þriðjung, þá fer mjer nú ekki að lítast á blikuna. En hvað það snertir, að menn vilja ekki láta biskupinn ryðja, þá ætla jeg, að ráðherrann muni ekki gjöra það betur og sje lítið kunnugri hjer á landi en biskupinn. Menn hafa lengi haft hjer á landi mætur á biskupum sínum, og guð hefur líka gefið okkur margan góðan biskup, og við þurfum ekki lengra að fara en til þess bisknps, sem nú er, og eru það engar ýkjur, sem skáldið kvað til hans:

„Það fræ, sem þú á fósturjörðu sáir,
ei fölnað getur vetrarhríðum í,
því andi helgur á það geislum stráir,
og ódauðleikans frjóvgun veitir því.

Þetta er satt; jeg veit, að lestrarbækur hans eru lesnar með ábuga um allt land, og þær hafa hrært og glatt margt kristið hjarta. Er þá ekki náttúrlegt, að menn vilji eiga þessa yfir sjer, og eiga hin seinustu úrslit andlegra kirkjumála sinna undir þeim, heldur en undir verzlegu valdi úti í Dan-

mörku. Svo að jeg get ekki sjeð, að nein ástæða sje fyrir stjórnina, að neita þessari beiðni. Jeg vil ekki fara fleirum orðum um þetta nú, en ef mótmæli koma, skal jeg reyna að segja eitthvað, og vona jeg, að jeg standi þá heldur ekki einn uppi.

Árni Thorsteinson: Ræða flutningsmanns hefur upplýst mig um margt, sem jeg ekki skildi áður. En það er enn eitt, sem mjer er óljóst og sem jeg bið hinn heiðraða flutningsmann að fræða mig og aðra deildarmenn um; það eru ýms atriði, sem snerta málið í heild sinni. Jeg álít, að það sje gott að tala um það nú, til þess að málið sje sem bezt undir búið undir 2. umræðu. Það stendur í frumvarpinu, að biskup megi ryðja allt að þriðjungi af umsækjendum, það er að segja, ef umsækjendur eru 3, þá á hann að ryðja einum. En hvernig á nú blessaður biskupinn að fara að ryðja, ef umsækjendur skyldu vera 4, 5 eða 7; ef umsækjendur eru 5, hvort á þá að ryðja einum eða tveimur? Það er þetta, sem jeg skil ekki, og sem engin ákvörðun er í frumvarpinu um. Það er og annað, sem mig langar til að vita. Hverjar eru ástæður til þess, að einmitt prófasturinn á að auglýsa kjörfundinn, skipa dag og stund, og segja: »Þarna eigið þið að koma saman!« Mig langar til að vita ástæðurnar fyrir þessu, þær eru víst einhverjar, og jeg efast ekki um, að þær sjeu rjettar og á rökum byggðar. Hvers vegna á prófasturinn að hafa þennan verkahring, og hvers vegna ákveða lögin, að hann skuli vera viðstaddur á kjörfundinum? Mig langar til að vita, hvaða þýðingu það á að hafa, að hann geti komið á kjörfundinn, ef honum svo þóknast. Þessi fundur er haldinn fyrir opnum dyrum.

Pjetur Pjetursson: Mjer þykir þetta mál mikils umvarðandi. Jeg sje, að þetta frumvarp hefur tekið aðra stefnu en þá, sem frumvarp það hafði um sama efni, sem fellt var fyrir skemmstu hjer í deildinni. En mjer þykir þetta svo mikið vandamál, að jeg get ekki áttað mig á því þegar í stað. Þetta frumvarp fer lengra en hitt, þar sem veitingarvaldið hjer er tekið frá konungi og stjórn. Málið er svo mikilvægt, að jeg vil leyfa mjer að stinga upp á því, að nefnd sje sett í það, og ætla jeg að 3 manna nefnd muni nægja.

Benidikt Kristjánsson: Jeg þarf ekki að bæta miklu við það, sem þingmaður Strandamanna hefur sagt í máli þessu, og það því síður, sem málið er hjer nú til 1. umræðu. Það er snertir nefndaruppástungu hins 1. konungkjörna þingmanns, þá skal jeg ekki vera henni mótfallinn, þótt jeg sjái, að málið muni dragast fyrir þá sök, og þótt jeg sjái, að frumvarp þetta ekki er í svo verulegum atriðum frábrugðið öðrum, sem fram hafa komið í þessa stefnu, að þess sje þörf. Af því að jeg ekki hef mikið að tala, þá ætla jeg að leyfa mjer að taka ómakið af flutningsmanni með að svara spurningum þeim, sem hinn 5. konungkjörni þingmaður beindi að honum, fyrst um það, hvernig biskup ætti að neyta rjettar síns þess, að ryðja þriðjungi umsækjanda. Það er sagt svo í frumvarpinu, að biskup skuli ekki ryðja meira en þriðjungi. Jeg held, að það liggi í augum uppi, hvað í orðunum felst; biskup skal þá fyrst ryðja einum, þegar 3 umsækjeudur eru, og 2, ef 6 eru, og jeg ímynda mjer, að biskupinn muni naumast fara að parta menn í sundur, þegar svo illa stendur á, að hann á brot í umsækjanda eptir ruðningarrjetti þeim, sem hjer er gefinn. Hin önnur spurning hins 5. konungkjörna þingmanns var sú, að hann óskaði að vita, hvernig á því stæði, að prófastur væri settur til að boða og vera viðstaddur á kjörfundinum. Eptir skipun hjeraðsfunda og safnaðarnefnda, er ekki neinn viss maður, sem verði á bent til að gangast fyrir kosningum öðrum fremur, en það er auðgengið að prófastinum, og jeg sje ekki ástæðu til að álíta, að ótækt sje að trúa honum fyrir þessum starfa og ætla honum hann. Jeg skal svo ekki fara lengra út í málið undir þessari umræðu, en einungis benda deildinni á, að eins og hinn

1. konungkjörni þingmaður tók fram, þá er málið mjög mikilsvarðandi, og því álít jeg það mikinn ábyrgðarhluta fyrir deildina, að stinga því nú undir stól, og láta allar þær umræður, sem orðið hafa um málið, bæði nú og áður, verða að engu. Jeg álít, að löggjafarvaldið bljóti að sjá, að eigi tjái að spyrna á móti broddunum. Hjer er að ræða um þann rjett, sem söfnuðirnir hafa áður haft um langan tíma, frá því í kaþólskunni og á hinum fyrstu lúthersku tímum fram á 17. öld, en sem þeir hafa verið sviptir nú á seinni tímum. Þetta er svo eðlilegur rjettur, að varla getur annað verið eðlilegra, og það mundi hvert mannsbarn sjá, ef menn væru ekki orðnir svo vanir því fyrirkomulagi, sem nú er. Það er eðlilegt, þegar um kosningar presta er að ræða, að æðsti embættismaður kirkjunnar hjer á landi eigi hlut að máli, en þær heyri ekki undir útlent vald nje veraldlegt, því að þó að kirkja og ríki sjeu óaðgreinanleg eptir því fyrirkomulagi sem er, þá eru þau þó sitt hvað og þurfa að vera það í þessu.

Árni Thorsteinson: Það fór, sem mig grunaði, að söfnuðunum væri með þessu veittur ríflegur rjettur, því að hvort sem 3, 4 eða 5 hafa sótt, þá fellur ekki nema einn úr kjöri, og ef 6, 7 eða 8 hafa sótt, ekki nema tveir, og það er of lítið, úr því að ruðningarrjettur á annað borð er gefinn. En hvað því viðvíkur, að prófasturiun skuli auglýsa kjörfundinn, þá álít jeg, að það sje ógjörningur, að láta hann hafa þennan rjett, nema með því móti, að tiltekið sje í frumvarpinu, með hvaða fresti og hvernig hann á að auglýsa kjörfundinn. Að öðru leyti er jeg málinu fremur velviljaður.

Flutningsmaður: Athugasemdir þær, sem hinn 5. konungkjörni þingmaður hefur gjört, held jeg að uppástungumenn muni með þökkum taka til greina; hann heldur áfram, þar sem hann hefur byrjað, að greiða fyrir málinu, svo það yrði sem bezt úr garði gjört. Hvað töluna snertir á þeim, sem biskup má ryðja burt, þá er hægt að ákveða hana nákvæmar, þegar stendur á stöku. En um það, að prófastur skyldi auglýsa kjörfundinn og vera þar viðstaddur, þá álitu uppástungumenn, að það þyrfti að hafa einhverjar varúðarreglur, svo að söfnuðirnir síður yrðu tortryggðir um, að órói og æsingar hefðu átt sjer stað. Jeg held, að uppástungumenn vilji gjarnan bera sig saman við hinn 5. konungkjörna þingmann um þessi atriði; og jeg ímynda mjer, að málið sje mönnum orðið svo kunnugt, að menn geti glöggvað sig á því án nefndar. Menn hafa hingað til ekki verið svo fúsir á að setja nefndir í flóknari mál, en þetta er. Þess vegna get jeg fyrir mitt leyti ekki gefið atkvæði með því, að nefnd verði sett.

Af því að ekki tóku fleiri til máls, bar forseti undir atkvæði, hvort nefnd skyldi setja eða ekki. Var málið fellt frá nefnd með 7 atkvæðum gegn 4, en því vísað til 2. umræðu með 10 atkvæðum.

ÖNNUR UMRÆÐA Í EFRI DEILÐ,
á 35. fundi, 12. dag ágústmán.

Flutningsmaður (Ásgeir Einarsson): Þetta mál er nú búið að ganga í gegnum svo marga hreinsunarelda, að jeg held, að óþarft sje að fara nú um það mörgum orðum. Í þetta sinn skal jeg því að eins leyfa mjer að hreifa nokkrum efasemdum, sem vöknuðu seinast um frumvarpið. Jeg ætla þá fyrst að snúa mjer að hinum háttvirta 5. konungkjörna þingmanni, sem mest og bezt hefur beint þessu máli í það horf, sem það nú er komið í; en nú hefur hann viljað gjöra betur en vel, með því að leiðrjetta bendingar uppástungumanna. Hann tók það fram, að þar sem í frumvarpinu stæði, nefnilega í 3. gr., að biskup mætti ryðja þriðjungi umsækjanda, þá væri þetta ekki skiljanlegt, ef umsækjendur væru 3, og ef fleiri væru, sagði hann, að það gæti ef til vill ekki verið hægt að ryðja einum þriðjungi. En jeg veit, að hinu háttvirti þing-

maður skilur, að ekki er hægt að fara að stykkja menn í sundur, því hinir einstöku prestsbútar mundu verða lítt uppbyggilegir fyrir söfnuðinn; jeg veit líka, að sá háttvirti þingmaður getur reiknað út, hver er einn þriðjungur af fleiri umsækjendum. Í þriðju greininni stendur: «og má biskup, ef fleiri en tveir hafa sótt um brauðið, mótmæla, að einn eða fleiri þeirra verði kosnir. Eigi má þó biskup ryðja þannig fleirum, en þriðjungi umsækjanda». Það var sem sje meining uppástungumanna, að ef ekki væru nema tveir umsækjendur, þá gæti biskup tekið hvorn þeirra, sem hann vildi; ef þeir væru 3, þá mætti hann ryðja einum, en að nauðsynlegt væri rjett æfinlega að ryðja 2—3, því það gæti farið svo, að menn af einhverjum hvötum vildu kjósa einhvern einn, t. a. m. aðstoðarprest, sem hefði verið lengi hjá föður sínum, en sem þó ekki væri eins verðugur eins og aðrir. Þessum gæti biskup þá rutt, og það styrkir þetta mál, að enginn getur verið því kunnugri, en einmitt biskupinn, hverjir af umsækjendunum eru sómasamlegir og bæfilegir, og hverjir ekki, og það er víst óhugsandi, að nokkrum geti dottið í hug, að bann muni taka úr þá betri, en láta hina lakari vera eptir, og ráða til, að þeir sjeu teknir til greina. Í sambandi við þetta þótti ófrjálslegt, að prófastur skyldi ekki mega taka þátt í kosningunni, og skal jeg ekki þrátta við menn um það, en uppástungumönnum þótti nauðsynlegt, að prófastur væri sjálfur viðstaddur á fundinum, því ef sá maður, sem söfnuðurinn vildi kjósa, eigi er þess verðugur, þá gæti prófasturinn eflaust opt leiðbeint mönnum. Eins gæti prófastur afstýrt æsingum á fundum, ef sumir vildu kjósa einhvern, sem væri miður til þess fallinn, en aðrir ekki, og því þótti rjettara, að hann væri sjálfur viðstaddur, en ekki vildu uppástungumenn gjöra honum þetta að skyldu, því vel getur komið fyrir, að prófastur vegna fjarlægðar og annríkis ekki geti sótt fundinn. Líka gæti prófastur haft áhrif á kosninguna með því, að benda biskupi á, hver honum sýndist beztur af fleirum, sem kynnu að sækja um brauðið úr hans prófastsdæmi. Enn fremur hefur verið drepið á, að ekki ætti vel við, að láta kosningu presta fram fara eptir sömu reglum, sem kosningar til alþingis (sbr. lög um kosningar til alþingis 14. september 1877, 32.—35. gr.), en jeg sje ekki, hvað getur verið á móti þessu, því þetta er ekki fólgið í öðru en því, að bóka atkvæðin, sem greidd eru á fundinum, og bóka nöfn umsækjanda, og svo atkvæðin, sem hver fær, svo biskup sæi, hvað margir hefðu kosið, og hver hefði verið kosinn, og með hve miklum atkvæðufjöldu. Jeg get ekki sjeð, hvernig þessu, sem hreift hefur verið, verði breytt, því engin breytingaratkvæði eru komin fram, en ef einhverjir vildu koma með breytingar, sem betur færu, þá mundum vjer uppástungumenn taka því þakksamlega, því okkar ósk og vilji er það, að allt það verði fyrirbyggt, sem getur valdið því, að málið fari illa útbúið frá þinginu.

Pjetur Pjetursson: Jeg hef áður látið það álit mitt í ljósi, að jeg vildi gjarnan stuðla að því, að söfnuðir fengju meiri þátt en hingað til í kosningu presta sinna, og því var það, að jeg ásamt öðrum kom með breytingaratkvæði í þá stefnu við frumvarp neðri deildarinnar, en hinni heiðruðu deild hefur víst ekki sýnzt það fara nógu langt, því það náði ekki samþykki hennar. Þetta breytingaratkvæði gekk í þá átt, að gefa söfnuðunum kost á að segja álit sitt um, hverjir af umsækjendunum væru hæfilegir, og hverja þeir vildu helzt, og það er sjálfsagt, að veitingarvaldið hefði æfinlega verið bundið við þessar ástæður sóknanna, nema alveg sjerstaklegar ástæður væru því til fyrirstöðu, og jeg er alveg sannfærður um, að veitingarvaldið mundi aldrei víkja frá vilja sóknarmanna, nema þessar sjerstaklegu ástæður væru fyrir hendi, enda yrði það ekki til annars, en að gjöra veitingarvaldið mjög óvinsælt; en kæmi það fyrir, að veitingar-

valdið án sjerstaklegra ástæða gengi fram hjá ósk og vilja sóknarmanna, þá væri það ný ástæða fyrir þingið, til að fara feti lengra. En þetta frumvarp fer ekki einungis lengra, en breytingartillaga okkar, heldur fer það enn lengra en frumvarp neðri deildarinnar, svo að jeg, enda þótt jeg ætli mjer að tala lítið eitt um þetta frumvarp, er engan veginn samþykkur hinni nýju stefnu þess.

Fyrst skal jeg leyfa mjer að benda á 2. gr. Þar stendur: «Sá, sem sækir um laust brauð, skal senda umsóknarbrjef sitt í tveim samritum, annað til biskups, en hitt til prófasts í því hjeraði, sem brauðið er í». Eins eðlilegt eins og það var, eptir breytingaruppástungu okkar, að umsækjendur sendu samrit af umsóknarbrjefi sínu, annað til landshöfðingjans, en hitt til safnaðanna, til þess að leita meðmæla þeirra, eins óeðlilegt er þetta, að senda prófasti jafnskjótt annað samritið, en biskupi hitt. Að senda prófasti annað samritið af umsóknarbrjefinu, til hvers er það? Jeg get ekki sjeð, að sú ákvörðun hafi annan tilgang en þann, að vera viss um, að biskup ekki stingi neinni bænaskrá undir stól, en slíkt er ósæmileg tortryggni og ekki annað. Í 3. gr. stendur: «Þá er 10 vikur eru liðnar frá því, er brauðið var auglýst til veitingar, skal biskup senda hjeraðsprófasti skrá yfir alla umsækjendur». Þeir sem sækja um brauðið, þeir senda sjálfsagt strax bænarskrár sínar. Til hvers eru þá þessar 10 vikur? Þessi lenging á tímanum verður til þess og ekki annars, en að brauð, sem eru í fjarlægð, ekki verða veitt innan missiris frá því þau losnuðu. Það er því með öllu óþarft eptir þessu frumvarpi, að tíminn sje lengdur fram yfir það, sem nú er, og auk þess er það skaðlegt, þar sem veiting brauðsins dregst svo lengi. Eptir breytingaruppástungu okkar átti söfnuðinum að gefast tækifæri, til að kynna sjer kosti umsækjanda, og gefa þeim meðmæli sín, er þeir helzt kysu, og til þess var nauðsynlegt að hafa 10 vikur; en þessa þarf alls ekki eptir þessu frumvarpi, því 10 vikur þarf enginn til að skrifa bænarskrá um prestsembætti.

Í 3. gr. stendur enn fremur: «og má biskup, ef fleiri en tveir hafa sótt um brauðið, mótmæla, að einn eða fleiri þeirra verði kosnir». Ef ekki sækja nema 5, þá má biskup ryðja einum. Jeg er sannfærður um, að hver, sem verður biskup, muni þakka hjartanlega fyrir, að undan skilja þennan eina og lofa söfnuðinum að gjöra það sjálfum. Það er auðsjeð, að það er ekki nema tómt yfirskyn, að biskupi er veitt þetta vald, sem einungis verður til þess að gjöra hann óvinsælan.

4. gr. ákveður, að sóknarnefndin skuli stýra kosningunni, en jeg skil ekki, hvers vegna prófasturinn má ekki stýra kjörfundinum, eins og hann má stýra hjeraðsfundi. Líklega getur enginn bannað prófastinum að sækja kjörfundi, því þeir verða þó víst ekki fyrir luktum dyrum, en jeg held, að hann kæri sig ekki mikið um það, ef hann hefur ekkert þangað að gjöra.

Í 6. gr. er ákveðið, að prófastur skuli senda biskupi skýrslu um kosninguna, «og skal þá biskup gefa hinum kosna presti veitingarbrjef». Það er mikil ánægja, að biskupinn skuli eiga að hafa þá æru, að láta *skrifa* veitingarbrjefið. Jeg held það væri bezt, að einhver annar hefði þessa æru, t. a. m. oddviti sóknarnefndarinnar. Ef kandidat verður fyrir kosningu, þá á biskup sjálfsagt að vígja hann! Mjer finnst frumvarp þetta, eins og það er, öldungis óhafandi.

Sigurður Melsteð: Þegar þetta mál kom fyrst fyrir þingið, þá gladdi það mig, því jeg hef verið með sjálfum mjer, er og verð málinu innilega hlynntur, ef það kemur fram í haganlegum búningi, því þá getur það orðið til þess, að glæða hið kirkjulega líf, styrkja og staðfesta sambandið

milli prests og safnaða. En það hlýtur að vera öllum ljóst, að þetta mál, eins og önnur, verður að koma fram í haganlegum búningi, sniðið eptir öllu fyrirkomulagi og þörfum landsins. En þetta mál hefur nú fengið aðra stefnu, en jeg hafði hugsað mjer það, og skal jeg því með fáum orðum gjöra grein fyrir, hvers vegna jeg ekki get fallizt á frumvarpið, eins og það nú liggur fyrir, Hinn háttvirti 1. konungkjörni hefur nú tekið flest það fram, sem jeg ætlaði að segja, og þarf jeg því ekki að vera langorður.

Jeg skal þá fyrst leyfa mjer að taka það fram, að úr því biskup á samkvæmt 3. gr. að senda hjeraðsprófasti skrá yfir alla umsækjendur, þá get jeg ekki betur sjeð, en að óþarft sje, að koma með þá ákvörðun í 2. gr., að sá, er sækir um laust brauð, skuli senda samrit af umsóknarbrjefi sínu til prófasts í því hjeraði, sem brauðið er í. Mjer er næst að halda, að þessi ákvörðun sje sprottin af ástæðulausri tortryggni, og vil því, að hún falli burt sem öldungis óþörf. Að því er snertir 4. gr. um stöðu prófastsins við valið, þá er jeg samdóma flutningsmönnum um það, að æskilegt sje, að hann sje viðstaddur á kjörfundinum, en jeg vil, að honum sje veitt meira vald í þessum efnum en frumvarpið veitir honum, og er jeg í þessu alveg samdóma hinum háttvirta 1. konungkjörna þingmanni. Mjer finnt sjálfsagt, að prófasturinn stýri kjörfundinum, því prófasturinn er eptir stöðu sinni millilíður á milli biskups og safnaðarins, og mætir eins og fulltrúi biskups gagnvart söfnuðinum, og á hinn bóginn sem fulltrúi safnaðarins gegnt biskupi; af þessu leiðir, að það er bæði rjett og eðlilegt, að prófasturinn stýri kjörfundinum. Svo er líka t. a. m. í Svíþjóð, þar sem söfnuðirnir sjálfir kjósa presta sína; þar er prófasturinn optast settur af veitingarvaldinu til að stýra kjörfundum. Þetta er verulegur galli á frumvarpinu, en þó er það smámunir einir í samanburði við ákvörðun 6. greinar, sem gjörir mjer það alveg að frágangssök, að fallast á frumvarpið. Þar er veitingarvaldið tekið frá konungi, en gefið biskupi; þetta getur að mínu áliti ekki samþýðzt kirkjurjetti vorum. Eptir hinum lútherska kirkjurjetti er konungurinn yfirbiskup kirkjunnar; hann veitir hin kirkjulegu embætti, ekki af því að hann er veraldlegur stjórnari, heldur af því að hann er yfirbiskup kirkjunnar, eins og hann veitir hin veraldlegu embætti, af því hann er landsstjórnari. Í persónu konungsins sameinast hið æðsta kirkjulega og hið æðsta veraldlega vald; það er því ekki sem veraldlegur stjórnari, heldur sem yfirbiskup kirkjunnar, að hann veitir kirkjuembættin. Þetta atriði í hinum lútherska kirkjurjetti er ekki tekið til greina í frumvarpinu, og þar af leiðir einkum, að jeg get ekki gefið því atkvæði mitt.

Stefán Eiríksson: Eins og hin háttvirta deild hefur sjeð, er jeg einn af uppástungumönnum þessa frumvarps, og þykir mjer því illt og undir eins undarlegt, að það skuli hafa mætt þessari mótspyrnu, þar sem vjer uppástungumenn einmitt vildum laga oss eptir þeirri stefnu, sem fram kom á þinginu í því frumvarpi, sem hjer var fellt áður. Þetta frumvarp fer að mestu í sömu stefnu, eins og hið fyrra frumvarp, og liggur enda nær breytingaratkvæði hins háttvirta 1. konungkjörna þingmanns, sem hjer er fellt áður. En eigi að síður hefur hann þó fundið margt og mikið að frumvarpinu. Aðalmismunurinn á hinu fyrra frumvarpi og þessu er sá, að veitingarvaldið er hjer dregið inn undir biskupinn. Hann segir til, hverja kjósa skuli, með því hann ryður þeim úr, er honum þykja miður hæfir, og segir sem svo við söfnuðinn: meðal þessara máttu kjósa, en annara ekki. Þannig er það fjærri, að biskupinn sje sviptur valdi sínu. Mig furðar því stórlega á skilningi hins 1. kon-

ungkjörna þingmanns á 2. gr., sem hann lætur vera sprottna af tortryggni uppástungumanna til sín. Jeg get fullvissað hinn háttvirta þingmann, að uppástungumönnum hefur aldrei komið til hugar, að biskup mundi stinga neinni bænarskrá umsækjanda undir stól, og verð jeg að segja, að slík orð eru ósæmandi og ekki samboðin þeim skilningi, sem hver hlutdrægnislaus maður hlýtur að leggja í 2. grein frumvarpsins. Hinn háttvirti 6. konungkjörni þingmaður talaði mikið um það, að í 6. grein væri veitingarvaldið dregið undan konungi. Það getur nú verið, að þetta megi taka svo, og frumvarpið nái ekki lagastaðfestingu þar fyrir, en konungur hefur veitt og veitir að eins fá brauð, enda kalla jeg fyrir mitt leyti biskupinn, en ekki konunginn aðalumsjónarmanu kirkjunnar hjer á landi. Það hefur enn fremur verið fundið að því, að prófasti væri ekki ætlað að stýra kjörfundinum. Jeg fyrir mitt leyti sje enga óhæfu í þessu, enda gæti það vel komið fyrir, að prófastur einhverra hluta vegna kæmist ekki á kjörfundinn, helzt ef hann er fjarlægur kjörfundarstaðnum. Uppástungumönnum kom til hugar, að rjett væri, að skýrslurnar um tillögur og ruðning biskups gengju í gegnum prófast til safnaðanna, og efast jeg ekki um, að prófasturinn, ef hann er samvizkusamur, flýti sem mest fyrir afgreiðslu kosninganna, eins og hann líka með því, að vera á kosningarfundinum, getur leiðbeint sóknuðunum með kosningarnar, svo allt fari sem skipulegast og reglulegast fram. Jeg hef hugsað nákvæmlega um þetta mál, og vil því eindregið, að það fái framgang, með því þetta er sá rjettur, sem á að vera í höndum safnaðanna með yfirumsjón biskups.

Flutningsmaður: Jeg bjóst sannarlega ekki við þessari skúr, en hún hefur samt ekki getað gjört mig gagndrepa. Hinn háttvirti 1. konungkjörni þingmaður sagði, að uppástungumenn hefðu farið hjer í frumvarpinu lengra en hann, en þeir fóru þó ekki lengra en til biskupsins. Þeir lýstu því yfir, að þeir vildu, að veitingarvaldið væri hjá biskupi og sóknuði, en ekki hjá konungi eða ráðherra, enda hefur það sýnt sig, að þetta allra-hæsta veitingarvald hefur veitt embættin eptir eigin geðþótta, og ef maður annars kærði sig um það, þá væri víst hægt, að nefna dæmi þess, að þó biskup og enda landshöfðingi hafi mælt með einhverjum umsækjanda, þá hafi ráðherra eða konungur þó veitt embættið öðrum. Jeg þarf ekki að tala margt um þetta atriði, því það er svo margt, sem mælir með því, að þetta vald sje í höndum biskups, hins æðsta andlega valds innanlands. Jeg held það sje sprottið af ofmikilli kurteysi hjá hinum háttvirta 1. konungkjörna þingmanni, að hann vill ekki, að hið eðlilega vald sje fengið hinum háæruverðuga biskupi. Þar sem segir í 2. gr., að umsækjandi skuli senda umsóknarbrjef sitt í tveim samritum, annað til biskups, en hitt til prófasts í því hjeraði, sem brauðið er í, þá tóku uppástungumenn þessa ákvörðun upp í frumvarpið af því, að það kom bending í þessa átt fram í ræðu hins háttvirta 1. konungkjörna þingmanns á dögunum, þegar þetta mál var fyrir deildinni, og miðar þetta einungis til þess, að kosningin geti gengið fljótar fyrir sig, þegar sóknuðurinn fengi að vita fyrir fram, hverjir sæktu um brauðið. Sama er að segja um þessar 10 vikur, sem eptir 3. gr. eiga að bíða, þangað til biskup sendir prófasti skrá yfir alla umsækjendur. Þessi ákvörðun er einmitt sprottin af því, að hinn háttvirti 1. konungkjörni þingmaður tók það fram á dögunum, að sá 6 vikna tími, sem tiltekinn var í frumvarpi neðri deildarinnar og sem viðgengizt hefur hingað til við brauðaveitingar, væri of stuttur, og breytti hann þessum 6 vikum í 10 vikur í breytingaratkvæði sínu; þetta kom uppástungumönnum til að ákveða þennan 10

vikna tíma. Hinn háttvirti þingmaður sagði áðan, að þessi tími væri langt of langur, og gæti valdið því, að brauð yrði ekki veitt fyr en eptir missiri. En má jeg spyrja, hvað lengi hafa mörg brauð orðið að vera prestslaus hingað til? eða, það sem er verra, hvað mörg brauð hafa ekki orðið að fá þjónustu langar leiðir að, þar sem prestar úr fjarlægð hafa átt að þjóna þeim? Jeg held það sjeu ærið mörg brauð, sem ekki hefur verið messað í nema 2 eða 3 sinnum á ári. Það sýndi sig líka á þinginu í hitt eð fyrra, að mönnum tók ekki sárt, þó það leiddi af brauðasamsteypunni, að hljeyrði á messum. Það var fundið að 3. gr., og þótti það óeðlilegt, að prófastur væri ekki látinn stýra kjörfundinum; já, jeg fyrir mitt leyti er svo langt frá, að vera á móti því, að hann stjórni kjörfundinum, og er jeg fús að samþykkja breytingu í þá átt til 3. umræðu, en uppástungumenn þorðu ekki að taka svo djúpt í árinni, að skylda hann til þess, því þeim datt í hug, að prófastur vegna annríkis ekki gæti komið því við, og svo hitt, að vegalengd og torfærur gætu gjört honum erfitt eða kannske ómögulegt að sækja fundinn. En hvað er að vera kjörfundarstjóri? Það er að lesa upp atkvæðin og láta skrifa þau, og held jeg þurfi engan lærðan prófast til þess; en sem sagt: jeg finn mjer skylt að styðja að breytingu í þessa átt, ef hún kemur fram til 3. umræðu, því þó ekki sje annað, þá er þó virðulegra og tignarlegra, að hafa háæruverðugan prófast fyrir kjörfundarstjóra. Að biskupinn skrifi eða láti skrifa veitingarbrjefið, get jeg ekki fundið að sje nein óhæfa, enda held jeg mætti finna dæmi til þess, ef vel væri leitað, í sögu landsins. Hinn háttvirti 6. konungkjörni þingmaður hefur þó tekið enn dýpra í árinni. Hann sagði, að frumvarpið færi fram á, að taka veitingarvaldið frá konungi, og taldi þetta hið mesta ódæði; en jeg verð að gjöra ráð fyrir, að þingmaðurinn hafi lesið 4. gr. stjórnarskrárinnar' sem segir: «Konungur veitir öll þess konar embætti, sem hann hefur veitt hingað til. *Breytingu má á þessu gjöra með lagaboði*». Jeg bið hinn háttvirta þingmann að gæta að því, að þessu má breyta með lögum, svo það getur ekki verið neitt brot á stjórnarskránni, þó frumvarpið vilji fá biskupi ásamt söfnuðunum veitingarvaldið í hendur. Hjer er alls ekki um það að ræða, að fara eins og herskarar og taka valdið af konungi með vopnum; nei, hjer er ekki beitt öðru en leyfilegum meðulum, heldur göngum vjer eins og börn til föður og biðjum hann að veita biskupi vorum þetta vald með söfnuðunum. Ef svo ráðherrann eða konungur finnur ástæðu til að synja oss um bæn vora, þá vona jeg, að ráðherrann færi ástæður fyrir því, hvers vegna oss var neitað, svo vjer getum hagað oss þar eptir á næsta þingi, en þeir munu sanna, hvað gott það er, að neita sanngjörnum bænum, sem svo að segja öll þjóðin ber upp. Menn þekkja víst 46. gr. stjórnarskrárinnar, sem segir: «Landsmenn eiga rjett á að stofna fjelög til að þjóna guði með þeim hætti, sem bezt á við sannfæringu hvers eins; þó má ekki kenna eða fremja neitt, sem er gagnstætt góðu siðferði og alls herjar reglu». Það er sjálfsagt, að ef menn borga presti sínum, þá raskast lögin ekki, en nú skyldu menn vilja stofna sjer sjerstakan söfnuð, og hvernig færi þá? jeg veit ekki betur, en að hinn illa ræmdi og ramm-ósiðaði mormónaflokkur hafi sent hingað úlfa í sauðaklæðum, sem hafa með fagurgala sínum og lygaspuna tælt hjer ýmsa fáráðlinga og tekið sjer söfnuð og það nálægt húsgöflum þeirra, sem áttu að vernda söfnuðinn. Hvar var þá hinn andlegi konungur, sem átti að vernda kristnina? Já, jeg er viss um, að ef nokkuð gæti glætt hið veika trúarlíf, þennan andlega, ef jeg

mætti svo segja, dauðasvefn, sem nú er hjá oss Íslendingum, þá væri það frjálslegri kirkjustjórn, þá væri það fullkomin hlutteking þjóðarinnar í stjórn kirkjunnar, og þá einkum hlutteking eða frelsi að velja presta sína. En að trúarlífið sje fjörugt og vakandi og byggt á sönnum og algildum grundvelli, á því er sannarlega ekki vanþörf, því sagan ber þess ljósan vott, bæði hjá vorri þjóð og annarstaðar, að þar sem deyfð og doði er í andlegum, þar er líka meðfylgjandi vanblessun í tímanlegum eða borgaralegum efnum. Þetta var enda skoðun hjá heiðingjum, svo vjer getum líka tekið undir með Ingólfi, er hann sagði: «Svona fer fyrir þeim, sem ekki vilja blóta».

Sighvatur Árnason: Jeg hef ekki tafið þetta mál áður með umræðum; þess vegna vil jeg nú með fáum orðum gjöra grein fyrir atkvæði mínu. Mjer finnst það vera sá eðlilegasti og eini rjetti vegur, að söfnuðirnir fái sem mest atkvæði í veitingu brauða, því það er vitaskuld, að söfnuðurinn og presturinn eru þeir tveir partar, sem mest hafa saman að sælda í andlegu og borgaralegu lífi. Söfnuðurinn er sá, sem á að njóta ávaxtanna af verkum prestsins, og hann á að njóta alls góðs af verkum hans bæði í veraldlegu og andlegu tilliti. Og þegar litið er til þess vanda, sem hvílir á veitingarvaldinu, og á það, hve óþakklátt verk þess er, þá sýnist mjer það gæti verið því hollt, og ætti að vera því ljúft, að styðja að því, að söfnuðurinn sjálfur fengi tiltölulegan þátt í þessu valdi, og mjer finnst það gæti orðið aðhald fyrir prestinn að reynast söfnuði sínum, eins og hann á að reynast honum, hollur og skylduræknn, og hins vegar gæti það gefið söfnuðinum aðhald til að reynast prestinum vel gagnvart því, að hann gefur söfnuðinum það traust, að vilja vera hans prestur og meðlimur. Eins og hinn háttvirti flutningsmaður tók fram áðan, er Íslendingum, eptir 46. gr. stjórnarskrárinnar, leyft «að stofna fjelög til að þjóna guði með þeim hætti, sem bezt á við sannfæringu hvers eins»; hvers vegna má söfnuðurinn þá ekki eiga rjett á, að kjósa sjer fyrir prest einn af þeim, sem sækja um brauðið, sem laust er. Mjer sýnist þetta vera svo samvaxið þessari grein, að það sje sjálfsagt, að söfnuðurinn megi mestu ráða í þessu efni. En hvað viðvíkur frumvarpinu og mótbárum þeim, sem við það hafa fram komið, þá eru sumar þeirra á rökum byggðar, og á vel við að taka til greina það, sem hinn háttvirti 1. konungkjörna og hinn háttvirti 6. konungkjörni þingmaður bentu á. Viðvíkjandi 10 vikna frestinum í 3. gr., þá er hann, að mínu áliti, óþarflega langur, og ekki til annars en að brauðið, sem losnað hefur, verður prestsþjónustulaust um opt óþarflega langan tíma. Viðvíkjandi sömu grein, þá er það óþægilegt fyrir biskupinn, að víkja einum ór tölu umsækjanda, en mjer fyndist miklu rjettara, að láta biskupinn sjálfráðan, hvort hann vildi gjöra það eða ekki. Jeg vil styðja að því, að frumvarpið verði lagfært til næstu umræðu, og af því jeg er málinu hlynntur, vil jeg, að það verði sem bezt úr garði gjört.

Benidikt Kristjánsson: Jeg skal reyna að leiða hjá mjer að taka það upp aptur, sem framsögumaður þessa máls og þingmaður Skaptfellinga hafa haft máli þessu til varnar, og bið jeg þingdeildina að afsaka mig, ef mjer skyldi verða það á. Það hefur komið fram, að sumum í deildinni hefur þótt með frumvarpi þessu nokkuð djúpt tekið í árinni; en jeg ætla, að ekki sje ástæða til að lá okkur flutningsmönnum það, því að það er einmitt fyrir þá sök, að sú raun hefur orðið á, að veitingarvaldið ekki hefur viljað gjöra mikið úr rjetti þeim, sem þegar er veittur með 7. gr. safnaðarlaganna. Jeg verð að álíta, að ákvæði þeirra laga hafi verið gjörð af veitingarvaldinu alveg þýðingarlaus, en þau eiga þó að hafa þýðingu, þótt þau lítinn

rjett veiti, því að þar er sagt með berum orðum, að söfnuðirnir hafi rjett til þess, að mæla með einum umsækjanda. Það er reyndar satt, að orðin gefa söfnuðunum ekki verulega hluttekningu í veitinguuni, og mjer dettur ekki í hug, að leggja þann skilning í greinina, en þeim er gefið ráðgefandi vald; og þegar söfnuðinum er veittur rjettur til að segja álit sitt um þá menn, sem sækja, þá er eðlilegt og sjálfsagt, að þessum rjetti er áþekkt varið eins og t. a. m. þegar alþingi fyrrum var að eins ráðgefandi þing. Þá mátti stjórnin ekki gjöra neitt að lögum hjer á landi, nema hún leitaði álita alþingis um það áður Veitingarvaldið er skyldugt að gjöra söfnuðinum það mögulegt, að segja álit sitt um umsækjendur á undan veitingunni; en því láni hefur ekki verið að fagna hingað til, því að söfnuðurinn alloptast hefur ekki vitað neitt um, hverjir umsækjendur væru, fyr en veitingin fyrir brauðinu hefur komið. Það er einmitt af þeim orsökum, að uppástungumenn vilja dýfa árinni dýpra í, svo veitingarvaldinu hljóti að vera það ljóst, að söfnuðum hjer á landi sje veitt atkvæði í brauðaveitingum, að þeir hafa komið fram með þetta frumvarp, og einmitt af því má ekki lá þeim það, þó að þeir hafi viljað gjöra lögin sem skýlausust. Jeg skal svo stuttlega minnast á það, sem hinn 1. konungkjörni þingmaður fann frumvarpinu til. Jeg man ekki betur, en að honum þætti sú ákvörðun í 2. gr., að umsækjendurnir skuli senda umsóknarbrjef sín bæði til biskups og prófastsins, óeðlileg og sprottin af tortryggni um það, að biskupinn mundi stinga einhverju umsóknarbrjefinu undir stól. Ef hinn 1. konungkjörni þingmaður hefði lagt sig í framkróka með að vera góðgjarn, þá hefði hann víst fundið aðra þýðingu og tilgang í greininni; og hvorki mjer eða hinum uppástungumönnunum datt einu sinni slík tortryggni í hug; en hitt vakti fyrir okkur, að æskilegt væri fyrir söfnuðinn, að fá sem fyrst að vita, hverjir sæktu, og sem fyrst að fá upplýsingar um hvern prest, sem sækir. Jeg held, að það sje mikið í það varið fyrir hvern söfnuð, að hafa tíma til að komast eptir, hverjir það eru, og hvernig þeim er varið, sem sækja; og jeg held, að það hafi einmitt þegar komið bending í deildinni úr annari átt um þetta. Hann sagði, að 10 vikna tími væri allt of langur, og mundi það verða til þess, að brauðin yrðu prestslaus meira en missiri. Að vísu má hugsa sjer mörg tilfelli, þar sem ekki þarf svona langan tíma, en ef brauðið er á þessu landshorninu, en sá, sem um sækir, á hinu, þá ímynda jeg mjer, að fresturinn sje ekki of langur. Mig minnir líka, að það hafi verið tekið fram áðan, að bendingar um 10 vikna frest hafi áður komið fram í deildinni, þegar rætt var um hið fellda frumvarp, svo þessi frestur hefur ekki átt upptök sín í hjarta uppástungumanna. Þar sem talað er um í 3. gr., að biskup hafi rjett til að ryðja þriðjungi umsækjanda, þá sagði hann, að þessi rjettur væri ekki nema yfirskyn, og það mundi valda biskupi óvinsæld eina. Jeg verð að skilja þessi orð þingmannsins svo, að hann álíti, að uppástungumennirnir hafi sett þessa ákvörðun í frumvarpið einungis af yfirskyni og til að blekkja. En jeg skal ekki fara fleirum orðum um, hvaða þýðing slík ummæli mundu hafa í sjer fólgin; heldur um hitt, að þetta mundi leiða til óvinsældar, og ætla jeg, að það ekki sje á rökum byggt. Ætla það sje þá nokkru síður til óvinsældar, að veita ekki öllum embættið, sem umsækja? Þegar þingmaðurinn heldur, að það muni auka óvinsæld, að álíta einn síztan af fleirum, þá verður hann eins að álíta það auka óvinsæld, og ekki minni, að álíta einn verðugastan af þremur eða fleirum. Jeg get ekki sjeð, að það sje nokkuð meiðandi í því, eða það sje þýðingarlaust, þó að biskupi sje veittur þessi rjettur. Þingmanni Rangæinga til leiðbeiningar skal jeg og geta þess, að biskupi er ekki gjört að skyldu að ryðja; hann getur látið það vera, ef hann vill. Það hefur virzt auðvirðileg ákvörðun, að biskup skuli gefa

veitingarbrjef, og það hefur jafnvel heyrzt hjá sumum þingmönnum, að «að gefa veitingarbrjef» væri sama sem «að skrifa veitingarbrjef», það er að segja: Þeir hafa lagt þá þýðingu í orðin, að biskup ætti ekkert annað að vera í þessu efni en skrifari veitingarbrjefsins. Hvað er að gefa veitingarbrjef? Hvað er veitingarbrjef? Veitingarbrjef er veiting brauðsins. Veitingarbrjefið gefur þeim, sem veitt er, rjettindi, og leggur honum skyldur á herðar, og að gefa veitingarbrjef er að veita brauðið, eða með öðrum orðum eptir frumvarpinu: að samþykkja og staðfesta kosningu safnaðarins; og jeg sje ekkert auðvirðilegt fyrir biskupinn, þó að hann gjöri það. Það hefur verið álitið sem óþarfi og jafnvel hneykslanlegt, að prófastur mætti vera viðstaddur á kjörfundinum, en þó ekki stýra honum. Er nokkur prófastsleg virðing í því eða prófastlegt starf að stjórna fundi eptir ákveðnum reglum? Jeg held, að það sje ekki starf, sem hefur neitt geistlegt í för með sjer. Nei, það er alveg óþarft, að prófasturinn stýri kjörfundinum; en hitt, að hann sje þar viðstaddur, er eðlilegt, því að hann er þar sem meðalgöngumaður milli biskups og safnaðarins, og það getur hugsazt, að þörf sje til, að hann sje þar viðstaddur, til þess að allt fari reglulega fram, og geti með tillögum sínum verkað á hugi manna, ef hann sjer, að kosningin ætlar að fara í ólagi. Honum er hjer ekki gefið neitt verulegt starf, sem hann á að framkvæma eptir bundnum reglum, heldur á hann að vaka yfir, að allt fari sómasamlega fram. Það hefur komið fram sú skoðun, að hjer sje fyrst tekinn steininn úr, þegar veitingarvaldið er tekið frá konungi. Frumvarpið er þó byggt á lagalegum grundvelli, og skal jeg í því tilliti benda á 4. gr. stjórnarskrárinnar. Jeg skal játa það satt vera, sem tekið hefur verið fram, að konungurinn sje eptir lútherskum kirkjurjetti æðsti biskup kirkjunnar. En er landshöfðingi þá líka á sama hátt æðsti biskup kirkjunnar? Þegar konungurinn selur einhverjum manni í hendur að veita prestsembættin, er þá ekki eðlilegra, að hann selji það í hendur biskups, heldur en landshöfðingja? Hjer er að mínu áliti eðlileg breyting gjörð, og jeg held, að þó að veitingarvaldið á fáeinum brauðum sje tekið frá konungi, þá sje það ekki «crimen laesae». Mörg brauð eru veitt af landshöfðingja nú, og fyrir þetta þing kom frumvarp frá stjórninni um, að konungur veitti ekki önnur brauð en þau, sem væru fyrir ofan 1800 kr. Mjer þykir það snubbótt fyrir þingið, að málið skuli hafa verið rætt svona mikið bæði í efri og neðri deild, og að á eptir skuli ekki verða svo mikið, að það fæðist mús.

Að svo mæltu skal jeg leyfa mjer að fara nokkrum almennum orðum um málið. Umkvartanir um óreglu presta bjer á landi og leti hafa hljómað í hverju blaði og hljómað fjöllunum hærra. Jeg vitna ekki til dagblaðanna af því, að jeg sje á sama máli og þau. Jeg játa ekki, að trúarleysi sje hjer almennara en áður; jeg er ekki á því, að prestar gégni ekki skyldu sinni fyllilega, eptir því sem fyr hefur verið, að þeir fylgi ekki fyllilega tímanum; jeg verð að biðja þingmenn að afsaka mig, þó að jeg tali um, að fylgja tímanum, þó að jeg tali svona verzlega, að prestar sjeu þau tímans börn að þeir fylgi tíma. Jeg er miklu fremur á því, að tiltölulega sjeu prestar betri nú en áður, að þeir hafi tekið jafnvel meiri framförum en menn í öðrum vísindum hjer á landi. En þjóðin er vaxin frá því fyrirkomulagi á kirkjulegum málefnum, sem nú er, og þegar hún er vaxin frá því, þá brýzt hún undan því fyr eða seinna, ef til vill með óskaplegu magni; þess vegna er hyggilegt fyrir löggjafarvaldið að losa um böndin. Hvað blessun ætla menn að hlotnist af því, að láta menn vera hugsunarlausa um sín safnaðarmál, hugsunarlausa um það

hvern prest þeir skuli hafa, heldur að hann er lagður upp í hendurnar á þeim? Sannarlegt trúarlíf getur ekki blómgazt hjer á landi, nema menn sjeu kallaðir til þess, að hugsa um hin kirkjulegu málefni og stjórna þeim sjálfir. Látum svo vera, að það aldrei fari í fyrstu nema í nokkrum ólestri sumstaðar, en því að eins lærir barnið að ganga, að móðirin sleppir því, áður en hún er viss um, að það geti gengið án þess að detta. Jeg skal láta mjer liggja í ljettu rúmi, sem mest jeg get, hvernig deildin fer með þetta mál; jeg skal leitast við að sannfæra sjálfan mig um, að atkvæði hennar í þessu efni sjeu happasæl og viturleg, en hvort jeg get það, læt jeg ósagt.

Pjetur Pjetursson: Jeg skal að eins játa, að í 2. gr. er talað um «10 vikur» og «samrit», eins og var í breytingaratkvæði okkar; en þar var það eðlilegur liður í breytingunum; en hjer í þessu frumvarpi get jeg ekki sjeð neina skynsama meiningu með því. Mjer kom ekki til hugar, að uppástungumennirnir vildu meiða biskupinn, en jeg gat ekki sjeð neinn annan tilgang en þann, sem jeg nefndi, þó að jeg vildi nauðugur ætla, að þeir tortryggðu biskupinn svo. Jeg skal geta þess í tilefni af orðum þingmanns Skaptfellinga, að konungurinn veitir hjer öll brauð, annaðhvort beinlínis eða óbeinlínis, það er að segja: hann lætur aðra veita fyrir sig, hvort sem hann heldur lætur landshöfðingja eða aðra gjöra það; en eptir því stjórnarformi, sem hjer er, þá lætur hann landshöfðingja veita. Jeg veit, að í stjórnarskránni stendur, að konungur veiti öll þau embætti, sem hann hingað til hafi veitt, en þessu megi breyta með lögum, svo að jeg álít ekkert ólöglegt í frumvarpinu; en ef frumvarpið fær framgang, þá hætta allir prestar að vera konunglegir embættismenn. Þingmaður Norður-Þingeyinga gat þess, að söfnuðum hefði með 7. gr. í lögum 27. febr. 1880 um stjórn safnaðarmála verið veittur rjettur að mæla með einhverjum umsækjanda, þegar brauðið er laust. Þetta er satt, og engum getur komið til hugar, að vefengja það, en það er ekki sagt, hvernig þeir skyldu neyta þessa rjettar síns, og það var það, sem við vildum sýna með breytingartillögum okkar; þar átti «samritið» við, til þess að söfnuðirnir gætu sem fljótast fengið að vita, hverjir sæktu, til þess að þeir gætu neytt þessa rjettar síns, og í þessum tilgangi þurfti frestur inn að vera 10 vikur, en enginn maður er svo lengi að skrifa umsóknarbrjef, eins og ætlazt er til eptir þessu frumvarpi. Að trúarlífið sje hjer dauft, finnur enginn betur en jeg; jeg hef heyrt það kennt hinni kirkjulegu stjórn, en í þess konar orðatiltækjum á jeg ekki gott með að botna. Jeg veit ekki, hvort menn meina veiting brauðanna með þessu orði: kirkjustjórn eða ekki. Frá Hólmabrauði liggur á lestrarsalnum skjal, þar sem sagt er, að það sje kirkjustjórninni að kenna, að kirkjulífið sje svo dauft hjer á landi, og því verði þeir að segja sig út úr þjóðkirkjunni. En það vill svo vel til, að í því brauði er sá prestur, sem er hinn mesti sómi andlegu stjettarinnar, svo að það dæmir sig hjer um bil sjálft. Frumvarp þetta getur verið að megi laga, en eins og það nú er, ímynda jeg mjer, að það geti ekki eflt málið. Uppástungumenn hafa ekki sýnt, hvers vegna þeir setja frestinn 10 vikur, og jeg get ekki skilið, hvers vegna þeir hafa gjört það, nema til þess að breyta eptir okkar tillögum, en þar var það nauðsynlegt, en hjer ekki. Jeg skal svo ekki tala meira um málið; ef uppástungumönnum þykir þörf á því, þá geta þeir gjört breytingaratkvæði við frumvarpið, en jeg finn enga hvöt hjá mjer til þess.

Sigurður Melsteð: Hinn 1. konungkjörni þingmaður er nú að mestu búinn að taka það fram, sem jeg ætlaði að segja. Jeg ætla að eins að leiðrjetta nokkuð það, sem þingmaður Norður-Þingeyinga sagði.

Mjer datt ekki í hug, að 6. gr. innibindi í sjer nokkurt «crimen laesae majestatis»; en þegar landshöfðingi veitir, þá er það í raun-inni hið sama sem konungurinn veiti, því að landshöfðinginn er umboðsmaður konungsins. Ef konungurinn vill, þá getur hann sett annan umboðsmann, en það er allt af konungurinn, sem veitir, beinlínis eða óbeinlínis. En það finnst mjer ótilhlýðilegt, að konungurinn sje bundinn við að gjöra einhvern vissan mann að umboðsmanni sínum, eins og hjer er gjört, heldur hlýtur hann að hafa frjálsar hendur í því tilliti.

Flutningsmaður: Jeg þarf nú ekki svo mörgu að svara. Það hefur verið talað um, að söfnuðirnir ekki hafi getað notið þess rjettar síns, sem þeim er veittur með 7. gr. safnaðarlaganna, af því að það sje ekki tiltekið, hvernig þeir eigi að neyta hans. Þegar mál þetta var hjer á þingi í hitt eð fyrra, þá var jeg því meðmæltur, en mjer kom ekki til hugar, að það þyrfti að takast fram, hvernig veitingarvaldið skyldi framkvæma lögin. Jeg veit ekki betur, en að sýslum enn auglýsi lögin og segi um leið, hvernig eigi að framkvæma þau, án þess nokkrar reglur sjeu settar fyrir því í lögunum sjálfum. Jeg hlýt að hafa misskilið hinn 1. konungkjörna þingmann; mjer heyrðist hann segja, að hann vissi ekki, hvað meint væri með kirkjustjórn; jeg hjelt þó, að hann væri svo að sjer í kirkjusögu, að hann hlyti að vita það. Hann talaði mest um, að sjer þætti óþarflega langur 10 vikna fresturinn; jeg skil ekkert í því; hann var þó sá fyrsti hjer í deildinni, sem benti til þess að hafa þennan frest; en mjer er það ekkert kappsmál, og menn geta þá gjört frestinn styttri, ef svo sýnist. Mig minnir ekki betur, en að árið 1847, þegar mál þetta kom fyrst fram, þá hafi jeg átt tal um málið við hinn 1. konungkjörna þingmann, og þá man jeg ekki betur, en að hann væri alveg á sömu meiningu og jeg er nú.

Magnús Stephensen: Jeg hef ekki fyr lagt neitt til þessa máls, og er ástæðan sú, að mjer hefur ekki verið málið svo ljóst, að jeg hafi getað komizt að nokkurri fastri niðurstöðu, sem jeg hafi getað fylgt. Jeg hef þótzt geta sjeð agnúa á tillögum þeim, sem fram hafa komið, en ekki getað komið fram með uppástungur til þess að beina þeim í betra horf. Nú sem stendur er hin æðsta stjórn kirkjumálefna hjá konunginum, en þar af leiðir ekki, að það sje hið æskilegasta og bezta fyrirkomulag, og að því mætti ekki beina í betra horf. Hingað til hefur ekki verið gjörð nein uppástunga um breyting á stjórn kirkjumálefna í heild sinni heldur um ýms einstök atriði í þeim, og hjer liggur nú eitt fyrir: um kosningu presta. Það er talsverður vandi að taka einn einstakan þátt úr stóru máli og ætla sjer að ráða bót á honum, án þess að breyta öðrum; og þessi þáttur, sem hjer er um að ræða, er ekki minnst varðandi partur í stjórn kirkjumálefnanna, og það er varla hugsandi, að honum verði ráðið svo til lykta, að hann ekki komi í bága við hina. Eptir því fyrirkomulagi, sem nú er, er presturinn ekki eingöngu embættismaður safnaðarins, og ekki eingöngu kirkjunnar, heldur líka embættismaður hins veraldlega valds; þess vegna verður að hafa allt þetta þrennt fyrir augum, þegar um það er að ræða, að koma öðru skipulagi á veitingu prestsembætta. Mjer virðist allir að eins hafa litið á söfnuðinn, en ekki hina partana, sem hjer eiga að koma til greina, og því verður skoðan þeirra einstrengingsleg. Það eru ekki lítilfjörleg störf, sem prestunum eru falin á hendur af hinu verzlega valdi; þeir eiga að halda bók yfir fædda og dána, og gefa vottorð um þessi atriði, og hafa þessi vottorð fullt sönnunarafl fyrir öllum dómstólum. Þeir eiga að sjá um uppfræðing barna, ekki að eins í kristindóminum, sem þeir gjöra sem embættismenn kirkjunnar, heldur og í

skript og reikningi, sem þeir ekki gjöra í þarfir kirkjunnar. Þeir gefa í hjónaband ekki að eins sem embættismenn kirkjunnar, heldur sem embættismenn hins veraldlega valds, af því að fyrir hinu veraldlega valdi getur ekkert hjónaband gilt nema það, sem presturinn hefur staðfest; þeir taka og þátt í sveitarstjórnarmálum. Öll þessi atriði eru að mínu áliti svo þýðingarmikil, að það getur ekki komið til greina að útiloka hið veraldlega vald frá að hafa atkvæði með, þegar um prestsembætti er að ræða. Meðan ekki er gjörð breyting á því fyrirkomulagi, sem nú er, þannig, að prestarnir eingöngu sjeu embættismenn safnaðanna, þá get jeg ekki gefið atkvæði mitt með þessu frumvarpi. Orsökin til þess, að jeg hef tekið þetta fram, er sú, að þessu máli er fylgt fram með svo miklum ákafa, að ef einhver þingmaður leyfir sjer að hafa á móti þessu fyrirkomulagi, sem hjer er farið fram á, þá virðist eiga að gjöra sjerstaklega ábyrgð gildandi á hendur honum, og jeg fyrir mitt leyti vil ekki skorazt undan að bera þessa ábyrgð.

Benidikt Kristjánsson: Jeg ætla að leyfa mjer að svara hinum 4. konungkjörna þingmanni nokkrum orðum. Mjer skildist hann álíta það aðalgallann á frumvarpinu, að það væri ekki tekið til greina, að prestarnir væru líka embættismenn hins veraldlega valds, og jeg skil svo orð hans, að ýms vottorð, sem prestarnir eigi að gefa, tapi þýðingu sinni, ef kosning presta er í höndum safnaðanna. Jeg ímynda mjer, að biskupinn sje settur af konunginum en ekki kosinn af söfnuðum, og að veitingar þær, sem hann gefur, sjeu því að nokkru leyti veiting stjórnarvaldsins. Hvernig er um hreppstjórana hjer á landi? Þeir eru kosnir eptir frjálsri atkvæðagreiðslu, einungis að amtmaður tekur einn af þremur. Gefa þeir ekki skýrslur, sem nauðsynlegar eru, og sem þurfa að vera tryggilegar? Eptir setningu hins 4. konungkjörna þingmanns, þá þyrfti annaðhvort konungurinn eða annað veraldlegt vald að skipa hreppstjórana. Hreppsnefndirnar eru alveg kosnar eptir frjálsu hreppsbænda vali, og þó eru störf þeirra þess eðlis, að hin borgaralega stjórn verður að byggja á þeim sem gildum og góðum; og hvers vegna getur þá ekki presturinn og störf hans verið gild og góð, þó að konungurinn skipi hann ekki? Mjer finnst, að öll embættisverk hans sjeu eins góð og gild, þó að söfnuðurinn velji hann. Jeg verð því að játa, að þessar mótbárur hins 4. konungkjöra þingmanns ekki eru sjerlega sláandi.

Magnús Stephensen: Jeg bjóst aldrei við, að hinum heiðraða sessunaut mínum mundi finnast mikið til röksemdaleiðslu minnar. En þar sem hann fór að bera saman hreppstjóra og presta, þá álít jeg það mjög óheppilegan samanburð. Hann játaði sjálfur, að hreppsnefndirnar styngju upp á þrem mönnum, og svo skyldi amtmaður velja einn af þeim fyrir hreppstjóra; en hjer eiga söfnuðirnir að til nefna einn mann, og svo á biskup að skrifa veitingarbrjef — jeg leyfi mjer að hafa orð hins háttvirta 1. konungkjörna þingmanns: «*skrifa veitingarbrjef*». Heldur þingmaðurinn, að þetta sje jafnt hlutfall? Það getur ekki önnur verið meiningin, en að biskup eigi að «skrifa» veitingarbrjefið, og þó að sett sje inn í frumvarpið, að hann eigi að «gefa veitingarbrjef», þá er það ekki nema til þess að villa sjónir fyrir mönnum, að ætla að leggja aðra þýðingu í orðið «gefa» heldur en «skrifa», því þingmanninum dettur víst ekki í hug, að biskup geti neitað að gefa þeim manni veitingarbrjef, sem söfnuðurinn hefur kosið. Fyrst að þingmaður Norður-Þingeyinga ekki veit það, þá skal jeg segja honum það, að hreppstjórarnir gefa ekki nein vottorð, sem hafa lagalegt sönnunarafl, eins og prestarnir; þess vegna verður stjórnin að hafa hönd í bagga með, að halda taum á því, hverjir það eru, sem veitt eru brauðin. Jeg er því sem áður fastur á minni fyrri skoðun, þar eð hinu verzlega valdi er ekki gefinn þáttur í veitingunni. Jeg skal og taka það

fram, að það, að biskupi er gefinn rjettur til að ryðja 1 af 3, 4 eða 5, er alveg þýðingarlaust, og sama sem að bann hafi engan rjett.

Þar eð ekki tóku fleiri til máls, var gengið til atkvæða og var:

1. gr. frumvarpsins samþykkt með 7 atkv.
2. — —»— —»— — 6 —
3. — —»— —»— — 7 —
4. — —»— —»— — 6 —
5. — —»— —»— — 6 —
6. — —»— —»— — 6 —

Málinu var síðan vísað til 3. umræðu með 9 atkvæðum.

ÞRIÐJA UMRÆÐA Í EFRI DEILD,
á 37. fundi, 15. dag ágústmán.

Breytingartillaga
um frumvarp til laga um kosningu presta.

1. 3. gr orðist þannig:
«Þá er 8 vikur eru liðnar frá því, er brauð var auglýst til veitingar, skal biskup senda hjeraðsprófasti skrá yfir umsækjendur. Hefur biskup vald til að mótmæla kosningu þeirra umsækjanda, er eigi hafa tekið prestsvígslu, ef honum þykja ástæður vera til þess».
2. Við 4. gr. Fyrir orðin: «er prófastur ákveður» komi: «er sóknarnefndarmenn prestakallsins koma sjer saman um, og auglýsa öllum sóknarmönnum með nægum fyrirvara».
3. Við sömu gr. Orðin: «Rjett er —— þörf á» falli burt.
4. Við 6. gr. Fyrir: «veitingarbrjef» komi: «köllunarbrjef».

Sighvatur Árnason. Skúli Þorvarðsson.
Einar Ásmundsson.

Þar eð breytingartillögu hinna 3 þingmanna ekki hafði verið útbýtt fyr en á fundinum, bar forseti undir atkvæði þingdeildarmanna, hvort hún mætti koma til umræðu, þó hún væri of seint fram komin eptir þingsköpunum, og var það samþykkt í einu hljóði.

Flutningsmaður (Ásgeir Einarsson): Jeg ætla mjer ekki að tala margt um þetta mál í þetta sinn. Bæði jeg og aðrir eru búnir að ræða það fram og aptur, svo að ekki virðist þörf að halda nú langar tölur. Hvað viðvíkur breytingartillögu þeirri, sem nú er framkomin, þá fel jeg deildinni, að fara með hana, eins og henni bezt líkar. Það er margt eða kannske flest í henni, sem jeg get fallizt á, þó jeg hafi verið búinn að hugsa vandlega um málið, og sje ekki mikið fyrir að breyta þeirri hugsun, sem jeg var kominn á, en sem sagt, jeg fel deildinni breytingartillögurnar, því þær eru þannig lagaðar, að þær raska ekki stefnu málsins. Á seinasta fundi, sem þetta mál var fyrir, gjörði jeg ráð fyrir að geyma mjer að svara fáeinum orðum, sem mjer þótti mest vert af þeim orðum, sem þá voru töluð gegn frumvarpinu. Einu þingmaður, mig minnir hinn háttvirti 4. konungkjörni, gjörði þá athugasemd á síðasta fundi, er þetta mál var til umræðu, að mál þetta væri eins og slitið út úr stærri heild, sem sje aðalkirkjumálinu, og þótti honum hjer farið of stutt, og óþarfi að taka fyrir þetta atriði, heldur skildist mjer hann vilja láta aðskilja kirkjuna frá ríkinu, ef málið ætti að vera fullkomlega gjört. En jeg get alls ekki sjeð, að þetta mál sje tekið út úr aðalkirkjumálinu, því þetta er alveg nýtt mál, ný uppástunga, sem ekki hefur komið fram áður á þinginu. Uppástungumenn vildu heldur ekki fara lengra út í málið, en hjer er gjört, því þeir vildu, að þetta frelsi, sem hjer er farið fram á, væri nokkurs konar prófsteinn á þjóðina, til þess menn gætu sjeð, hvort hún kynni með að fara, og ætluðust þeir til, að þessi lög eins og sveitarstjórnarlögin miðuðu til að vekja þjóðina til umhugsunar um eigin hagi sína, svo vel í andlegu sem í veraldlegu tilliti. Úr þeim mótbárum, sem komið hafa gegn þessu frumvarpi, að það

væri þannig lagað, að fara mætti í kring um það, get jeg ekki mikið gjört, og detta mjer í því tilliti í hug orð Örsteðs sáluga, sem talinn var mesti lögspekingur í Danmörku á sínum tíma, er hann sagði, að það væri ekkert lagaboð undir sólinni, sem ekki mætti fara í kring um. Hvað snertir fyrstu breytingartillöguna, þá sýnir hún, að uppástungumenn hafa viljað gjöra hjer miðlun. Það kom fyrst fram á dögunum, að mönnum þótti 6 vikur of stuttur tími við brauðaveitinguna, og því leyfðum vjer okkur að ákveða 10 vikur í frumvarpi okkar, en sá tími þótti sumum helzt til langur; nú hafa uppástungumenn farið meðalveginn og stungið upp á 8 vikum, sem jeg fyrir mitt leyti hef ekkert á móti. Um breytingaratkvæðin yfir höfuð læt jeg mjer liggja í ljettu rúmi, og að því er snertir 4. breytingu, að fyrir orðið: «veitingarbrjef» komi: «köllunarbrjef», þá líkar mjer sú breyting vel, og þykir mjer það orð fallegt og vel valið. Það kom fram á dögunum sú skoðun, að óþarfi væri, að prófastur væri við staddur á kjörfundinum, og hafa uppástungumenn því undir 3. tölulið á breytingartillögunni viljað fella úr orðin: «Rjett er — — þörf á»; en jeg vil ekki, að þessi orð sjeu tekin burtu; því þegar prófastur er við staddur, þá er það trygging fyrir biskupinn, að allt hafi farið reglulega fram á kjörfundinum, en jeg vil ekki með neinu móti, að kosningarjetturinn sje vanbrúkaður. Þess vegna vil jeg fyrst hafa nokkur takmörk, en ef það sýnir sig, að þau skaða, þá má seinna þröngva að. Jeg get því ekki fallizt á þessa breytingu.

Einar Ásmundsson: Jeg hef hingað til ekki tekið þátt í umræðunum um þetta mál, og ætlaði mjer heldur ekki að gjöra það, en af því jeg er bendlaður við breytingartillögu þá, sem nú er fram komin, þá vil jeg með fáum orðum láta í ljósi skoðun mína á málinu. Jeg hef fylgt umræðunum um þetta mál og yfirvegað athugasemdir þær, er fram hafa komið móti frumvarpinu, en af því mjer hafa ekki sýnzt þær neitt verulegar, þá hef jeg hingað til greitt atkvæði með frumvarpinu, og virðist mjer svo, sem jeg enn verði að gjöra það.

Af öllum þeim athugasemdum, sem gjörðar hafa verið við frumvarpið, virðist mjer mótbára hins háttvirta 4. konungkjörna þingmanns þyngst á metunum, sem er sú, að meðan þjóðfjelagið og kirkjan eru sameinuð, þá megi stjórnin ekki sleppa hendi sinni af veitingu prestsembættanna. Hinn háttvirti þingmaður gat þess, að presturinn væri að miklu leyti í þjónustu stjórnarinnar og hennar embættismaður, en ekki einungis embættismaður kirkjunnar, og skal jeg ekki bera á móti því, að þetta sje rjett skoðað. En jeg get ekki kallað, að stjórnin sleppi hendinni af prestunum eða kosningu þeirra, meðan hún annast kennsluna á prestaskólanum og ræður því, hvað prestaefnunum er kennt, skipar biskupinn og lætur hann vígja prestana, enda er það einmitt vígslan, sem gjörir prestinn að presti, en ekki lærdómurinn, því þó maður hafi gengið á 20 háskóla og tekið 20 sinnum próf í guðfræði, þá verður hann ekki prestur fyrir það; það er fyrst vígslan, sem innsiglir hann og gjörir hann að presti. Nú þegar stjórnin er búin að útvelja hæfilegan og fullgildan mann til prestskapar, þá er ekki annað eptir, en að ákveða, hvar hann skuli vera prestur; en ef einhver maður er hæfilegur til að vera prestur á þessum stað, hvers vegna er hann þá ekki eins hæfilegur til að vera það á hinum; ef hann er álitinn hæfur til að vera prestur suður og vestur á Reykjanesi, því er hann þá ekki eins hæfur til að vera prestur norður og austur á Langanesi, og ef hann er hæfilegur til að vera prestur norður og vestur á Hornströndum, hvers vegna skyldi hann þá ekki vera eins hæfilegur til að vera það suður og austur í Öræfum. Jeg get þá ekki sjeð, hvað getur verið á móti því, að söfnuðirnir fái að velja sjer þann prest, sem þeir helzt óska, og söfnuðunum væri bezt ætlandi að þekkja, hverjir eru bezt til þess fallnir, að vera prestar þeirra hvers um sig, því það getur vel verið, að einn sje vinsæll og hentari þessum söfnuði, en annar, og

hvaða orsök getur þá verið til þess, að banna söfnuðinum að fá þennan prest, úr því hann á annað borð má vera prestur einhverstaðar. Jeg get ómögulega sjeð annað, en að stjórnin hafi hönd í bagga með prestaskipuninni eptir sem áður, þó frumvarpið verði að lögum; sá, sem á annað borð er hæfur til að skíra börn, útdeila sakramentunum, gefa í hjónaband o. s. frv., og stjórnin álítur færan til þess á þessum stað, hvers vegna skyldi hann þá ekki vera eins fær til að gjöra þessi verk á öðrum stað? Um aðrar mótbárur við frumvarpið ætla jeg ekki að tala, því þær eru, að mínu áliti, mjög svo ljettar. Vjer þrír þingmenn höfum orðið samtaka í því, að koma með breytingartillögur við frumvarpið. Það kom fram sú skoðun hjer um daginn, að 10 vikur væri of langur tími til að auglýsa laust prestakall, en aptur þótti 6 vikur of stuttur tími, og því vildum vjer fara meðalveg og ákveða, að 8 vikur skyldu líða frá því brauðið var auglýst til veitingar, og þar til biskup skyldi senda prófasti skrá yfir umsækjendur. 3. gr. höfum við að öðru leyti leyft okkur að orða öðruvísi, en gjört er í frumvarpinu; þar stendur: . . . «má biskup, ef fleiri en tveir hafa sótt um brauðið, mótmæla, að einn eða fleiri þeirra verði kosnir. Eigi má þó biskup ryðja þannig fleirum, en þriðjungi umsækjanda». Þessu höfum vjer sleppt, og látum engan hafa vald til, að svipta þá, sem einu sinni hafa fengið prestsvígslu og unnið hafa prestaeið, þeim rjetti að koma til greina við valið; að eins viljum vjer, að biskup hafi vald til að mótmæla kosningu þeirra umsækjanda, sem eru kandídatar, og ekki hafa tekið prestsvígslu, því stjórnin og kirkjan er ekki búin að setja sitt innsigli á þessa menn og einkenna þá sem hæfa til prestsþjónustu. Þessi breyting virðist oss eðlileg og samkvæm anda þessara laga. Þau mótmæli, sem komu fram á dögunum gegn því, að prófastnr ákvæði stund og stað í prestakallinu, hve nær og hvar kjörfundurinn skyldi haldinn, virtist oss á rökum byggð, og þótti oss rjett, eðlilegt og frjálslegt, að láta sóknarnefndarmenn prestakallsins koma sjer saman um þetta, og því tókum vjer þessi mótmæli til greina í breytingartillögu vorri. Sömuleiðis var það tekið fram einkum af hinum háttvirta varaforseta, að það mundi ekki verða til góðs, að prófasti væri veitt með lögunum heimild til að vera á kjörfundinum, og virtist oss því rjett að sleppa þeim orðum úr 4. gr., sem veittu honum þessa heimild. Að síðustu höfum vjer breytt einu orði í síðustu grein frumvarpsins, því oss þótti rjettara að nefna staðfestingarbrjef biskups «köllunarbrjef», en veitingarbrjef, því eins og hjer stendur á, þá er það eiginlega söfnuðurinn, sem veitir, en biskupinn að eins staðfestir köllunina, og það virðist oss líka tilhlýðilegt að hann gjöri.

Magnús Stephensen: Jeg verð að vera á sömu skoðun nú við 3. umræðu þessa máls, eins og við 2. umræðu. Mönnum hefur ekki getað tekizt að breyta skoðun minni síðan við 2. umræðu. Eins og fyrirkomulagið er nú á stjórn kirkjumálefnanna, þá hefur konungur hið æðsta vald í öllum kirkjumálefnum, og þetta á ekki að eins við hjer, heldur og í Danmörku og öðrum löndum, þar sem hin evangelisk-lútherska kirkja er þjóðkirkja, og eðlileg afleiðing af því er það, að konungur veitir öll geistleg embætti; en þó að þessu sje þannig varið, þá er er ekki þar með loku fyrir skotið, að söfnuðirnir geti fengið einhverja hlutdeild, eitthvert atkvæði í veitingu prestsembætta, en þetta atkvæði getur eptir mínum skilningi aldrei verið fullnaðaratkvæði, heldur hlýtur fullnaðaratkvæðið ávallt að vera hjá konunginum, hvort sem hann veitir embættin beinlínis sjálfur, eða óbeinlínis gegnum landshöfðingja eða aðra embættismenn. Svo lengi sem konungur hefur hið æðsta vald í andlegum efnum, og svo lengi sem presturinn er ekki eingöngu embættismaður safnaðarins, heldur einnig embættismaður hins veraldlega valds, svo lengi get jeg ekki sjeð, að rjettur safnaðanna til að taka þátt í kosning prestanna geti verið annað en uppástungurjettur.

Frumvarp neðri deildarinnar fór því að mínu áliti í rjetta stefnu, en þetta frumvarp fer allt of langt, og kemur beinlínis í bága við stjórnarfyrirkomulag kirkjunnar og við verksvið prestsembættanna, þar sem það fer fram á, að veita söfnuðunum fullt atkvæði um það, hverjir skuli verða prestar þeirra, eða ráða einir veitingu brauðanna, og á þessu verður engin breyting, þó breytingartillögur hinna þriggja þingmanna verði samþykktar, því þær eru ekki nein efnisbreyting, nema ef vera skyldi breytingin við 3. gr., þar sem stendur: «Hefur biskup vald til að mótmæla kosningu þeirra umsækjanda, er eigi hafa tekið prestvígslu, ef honum þykja ástæður vera til þess»; í stað þess, að biskup hefur eptir frumvarpinu vald til að ryðja allt að þriðjungi umsækjanda, hvort sem þeir eru vígðir eða óvígðir. Hinn háttvirti þingmaður Eyfirðinga lagði áherzlu á það, að biskupi væri með þessari breytingartillögu veitt vald til að mótmæla kosningu þeirra umsækjanda, sem ekki hefðu nokkurs konar stimpil til að mega vera prestar, en mjer finnst þessi röksemdaleiðsla ekki geta átt við kapelána, því þó biskup álíti einhvern færan til að vera kapelán og þjóna brauði upp á annars prests ábyrgð, þá er ekki sagt, að hann hafi gefið honum stimpil til að þjóna prestsembætti upp á eigin ábyrgð. Ef menn því vildu fylgja skoðun þingmanns Eyfirðinga, þá ætti biskup að hafa vald til að mótmæla kapelánum, sem aldrei hafa fengið myndugleika til að þjóna prestsembætti upp á eigin ábyrgð.

Að öðru leyti má segja um þetta mál, að það sje mikið vandamál, sem þarf langrar og ítrekaðrar íhugunar við, og því hefur þessum tíma verið vel varið, að því leyti, sem margar skoðanir hafa komið fram um málið, sem hafa gjört það, að menn nú hafa ljósari hugmynd um það, en áður; en að ráða málinu til lykta nú á þinginu, álít jeg ekki heppilegt. Skoðanir manna eru mjög misjafnar og ólíkar. Efri deildin hefur aðra skoðun á málinu, en neðri deildin, og innan deilda eru skoðanir manna einnig mjög mismunandi. Þar að auki er svo, að þó þessi deild samþykki frumvarpið, þá er mjög hæpið, að neðri deildin gjöri það, og þó neðri deildin samþykki frumvarpið, þá er jeg sannfærður um, að það nær aldrei staðfesting konungs, þar sem frumvarp þetta fer fram á, að hafa alveg endaskipti á því fyrirkomulagi, sem verið hefur um langan aldur og er enn á veitingu prestsembætta; því í stað þess, að konungur hefur nú einn allt vald í veitingu prestsembætta, þá er þetta nú með frumvarpinu fengið í hendur söfnuðinum einum, því jeg get enga takmarkandi þýðingu lagt í það, þó biskupi sje veitt vald til að mótmæla nokkrum umsækjendum eða gefa köllunarbrjefið. Mjer fyndist eðlilegast, að byrja með því, að takmarka vald konungsins í brauðaveitingum á þann hátt, að söfnuðunum sje veitt nokkur hlutdeild eða atkvæði með um veitingarnar, og reynslan svo beri vott um, hvernig það fyrirkomulag sýnir sig í framkvæmdinni, og ef það sýnir sig, að það hefur vel farið, þá er tími til að rýmka það seinna. Að endingu skal jeg lýsa því yfir, að jeg er sem fyr eindregið á móti frumvarpinu, og sömuleiðis breytingartillögunum, sem ekki bæta það í neinu tilliti.

Flutningsmaður: Það datt ofan yfir mig, þegar jeg heyrði skoðanir hins háttvirta 4. konungkjörna þingmanns, og þegar jeg heyrði hann efast um, að konungur hefði svo mikið vald, að hann gæti veitt söfnuðunum vald til að kjósa sjálfir presta sína. Jeg skal enn leyfa mjer að benda hinum háttvirta þingmanni á 4. gr. stjórnarskrárinnar, þar sem stendur: «Konungur veitir öll þess konar embætti, sem hann hefur veitt hingað til. *Breyting má á þessu gjöra með lagaboði*». Eptir þessari grein stjórnarskrárinnar get jeg ekki betur skilið, en að konungur geti samþykkt hverja breytingu á veitingu prestsembætta, sem löggjafarþingið samþykkir. Þingmaðurinn sagði, að hann vildi fyrst reyna að veita söfnuðunum uppástungurjett. Þessi uppástunga komst nú inn á ráðgjafarþingið, og hvað var mikið gjört úr henni

þá. Hinn báttvirti þingmaður vill ekki, að þessu máli sje nú ráðið til lykta, og ætlar, að þó efri deildin samþykki það, þá muni neðri deildin og allra sízt konungur veita því samþykki sitt, en jeg hef áður sagt, að jeg væri alls ekkert á móti því, þó svo færi, en jeg álít, að málið verði aldrei betur rætt, en ef það fengi nú að fara til neðri deildarinnar, og henni gefinn kostur á, að taka það til meðferðar, og ef svo ólíklega fer, að neðri deildin fellir það, þá er efri deildin úr sökinni, en ef nú neðri deildin samþykkir, en konungur aptur á móti veitir því ekki staðfesting sína, þá vona jeg, að konungur eða ráðgjafinn færi gildar ástæður fyrir neituninni. Á þessum ástæðum gætu menn svo byggt skoðanir sínar á næsta þingi, því jeg efast ekki um, að ráðgjafinn færi skynsamar ástæður fyrir synjuninni. Vjer erum heldur ekki svo óvanir því, að oss sje synjað um bænir vorar, og það jafnvel ekki síðan þingið fjekk löggjafarvald; vjer erum heldur ekki svo óvanir við ósamþykki hjer á þingi í vorum stærstu og mest umvarðandi málum. Vjer munum allir, hve deildar skoðanir manna voru í stjórnarbótarmálinu forðum, og hve lengi konungur neitaði því máli um staðfestingu, þangað til menn um síðir urðu á eitt sáttir, og þá var þess heldur ekki lengi að bíða, að vjer fengjum stjórnarbót, og svo mun fara um þetta mál, og jeg treysti því, að drottins almætti muni styðja það og styrkja, og þá mun það fá framgang, hvað sem mótstöðumenn þess segja og spá. En jeg treysti því, að deildin samþykki frumvarpið, hvað sem hún gjörir við breytingartillögurnar. Jeg skal þó að síðustu taka það fram, að jeg hef ekki á móti þeirri breytingu, að sóknarnefndarmenn ákveði stundina, þá er kjörfundinn skal halda og staðinn, þar sem hann skal halda, en á hina breytinguna, að prófastur megi ekki koma á kjörfundinn, get jeg ekki fallizt. Jeg álít, að það sje rjett og geti verið hollt, að prófastur komi á fundinn, ef honum þykir þess þörf, en hins vegar vil jeg ekki gjöra honum það að skyldu, ef honum þykir það óþarfi. Ástæður mínar fyrir þessari skoðun hef jeg tekið fram áður; jeg læt mjer hjer að eins nægja að geta þess, að nærvera prófasts mun auka álit fundarins í augum biskups.

Benidikt Kristjánsson: Jeg hef einu sinni áður tekið til máls um þetta frumvarp, en finn nú að nýju ástæðu til að fara um málið nokkrum orðum, og skal jeg reyna að forðast að taka það upp aptur, sem talað hefur verið um þetta mál. Við þessa umræðu er fram komin breytingartillaga við frumvarpið, sem jeg fyrir mitt leyti hef ekkert á móti, enda þótt hún sje gjörð við frumvarp, sem jeg hef átt hlut að og skrifað undir, já, jeg skal segja það hreinskilnislega, að jeg játa, að hún sje heldur til bóta, en að öðru leyti er hún ekki neitt sjerlega mikilsvarðandi.

Jeg þarf ekki að taka það upp aptur, sem hinn háttvirti þingmaður Eyfirðinga sagði, að stjórnin hefði enn, þótt þetta frumvarp yrði að lögum, töluvert hönd í bagga með veitingu prestsembætta; hún hefur umsjón með prestaskólanum, annast vígslu prestanna, lætur taka af þeim prestaeiðinn. Þetta ætla jeg sje nægileg trygging fyrir stjórnina, að þeir, sem sækja, sjeu hæfir til að vera í brauðum bæði sem veraldlegir og geistlegir embættismenn. Hinn háttvirti 4. konungkjörni þingmaður gekk nú harðast fram móti frumvarpinu, og hóf sóknina, þegar þeir, sem byrjuðu áhlaupið, voru farnir að linast í sókninni og hopa á hæli. Hann fann það helzt að frumvarpinu, að það gjörði algjörða breytingu á öllu fyrirkomulagi því, er væri á hinni evangelisk-lútersku kirkju, eigi að eins í Danmörku, heldur og í öllum löndum, sem játuðu hina evangelisk-lútersku trú, þar sem konungurinn væri höfuð kirkjunnar — líklega hjer á jörðu. Það getur nú verið gild ástæða, ef það liggur í eðli hinnar evangelisk-lútersku trúar, að konungurinn sje höfuð kirkjunnar! En, má jeg spyrja, leiðir þetta fyrirkomulag af því, að hún er evangelisk? Það get jeg ekki skilið;

eða máske það sje af því hún er lútersk? Máske það liggi fremur í því orði. Lúter var þó ekki nema maður, sem hafði guðlega köllun, eins og svo margir aðrir guðsmenn; fyrir utan það, að mjer er ekki ljóst, að þetta sje ráðstöfun frá Lúter sjálfum. En það liggur i skipulagi lútersku kirkjunnar: samvizkufrelsi og trúarfrelsi, og hvers vegna þá ekki líka safnaðarfrelsi? Jeg verð líka að segja, að mjer þykir það undarlegt, að sama þing, sem leyfir hverjum einstöknm safnaðarlimi, að taka sjer þann prest, er hann vill, annan en sóknarprestiun, skuli ekki vilja gefa söfnuðinum í heild sinni rjett til að kjósa sjer prest. Hinn háttvirti 4. konungkjörni þingmaður vildi hafa kapelánana á sama bandi sem aðra guðfræðinga, er ekki hefðu tekið prestsvígslu, af því þeir þjónuðu ekki embættinu upp á eigin ábyrgð. En má jeg spyrja: vinna ekki allir kapelánar prestaeið? hafa þeir ekki ábyrgð á gjörðum sínum í hvert sinni, sem þeir vinna prestsverk? Kapelánarnir hafa þó fengið þetta innsigli, sem þingmaður Eyfirðinga nefndi það, til prestsþjónustu, svo að hver söfnuður ætti að mega kjósa þá fyrir prest. Það er enn eitt atriði, sem jeg skal leyfa mjer að benda á og sem jeg held að ekki hafi verið tekið fram, en sem þó er þýðingarmikið atriði. Áherzlan liggur á því skilyrði, að presturiun geti gegnt köllun sinni í söfnuðinum sem prestur. En jeg ætla, að sá prestur sje forgefins skipaður yfir söfnuð, sem ekki getur áunnið sjer elsku safnaðarins, traust og virðingu; en hver er tryggingin fyrir því? Á aðra hliðina sú, að söfnuðurinn hafi sjálfur valið hann, en á hina hliðina sú, að presturinn sje elskuverður og virðingarverður maður. Þessu er allt öðruvísi varið með veraldlega embættismenn; þeir þurfa ekki aldeilis nauðsynlega hvorki elsku eða virðingu þeirra, or þeir eru skipaðir yfir, ef þeir einungis eru árvakrir embættismenn og rjettlátir. Jeg segi ekki, að þeir geti tekið undir með Súllu, sem sagði, að sjer væri sama, þó menn hötuðu sig, ef menn einasta óttuðust sig. Sýslumanninum t. a. m. er ekki um það eitt að gjöra, að menn elski sig og virði, ef hann er árvakur og gegnir vel stöðu sinni; en presturinn þar á móti, ef hann ekki ávinnur sjer elsku og virðingu safnaðarins, þá niður brýtur hann, í stað þess að hann á að upp byggja. Þetta vakti fyrir þinginu, þegar verið var að ræða um sóknarbandsleysinguna. Hvað sem menn vilja ræða um þetta mál, og hvaða álit sem menn hafa um það, þá álít jeg, að hjer sje að ræða um mikilsvarðandi mál, sem fram fylgja á af alefli. Það getur nú verið, eins og tekið hefur verið fram, að ekki sje nauðsynlegt, að þetta frumvarp verði nú að lögum, en þó það verði samþykkt hjer í deild, þá er það ekki orðið að lögum fyrir það; þá er neðri deildin eptir, og þó hún samþykki það líka, þá á það eptir að ná samþykki konungs, og mig minnir, að hinn 4. konungkjörni þingmaður spáði því, að það mundi aldrei verða. Maður getur allt af sagt, að með því að ræða málið í báðum deildum, þá koma fram meiningar manna um málið, og það er líka mjög æskilegt, og jeg ætla, að það megi treysta vizku konungs og ráðherrans að sjá, hvað bezt á við í þessu efni, og bera vit fyrir þinginu, ef á þarf að halda, en ef ráðherrann verður á sama máli og þingið, þá er það ný vissa fyrir því, að þingið hafi ekki gjört glappaskot.

Pjetur Pjetursson: Jeg ætlaði ekki að tala meira í þessu máli, en jeg var búinn að tala, en af því mjer heyrðist hinn háttvirti þingmaður Norður-Þingeyinga segja, að þeir væru farnir að hörfa aptur, sem fyrst hefðu hafið mótmæli gegn þessu frumvarpi, þá stend jeg upp til þess að láta hann vita, að það er engan veginn svo fyrir mjer. Jeg hef enn ekki breytt þeirri skoðun, sem jeg hafði á þessu máli við 1. og 2. umræðu þess. Jeg hef ekki aðrar ástæður nú móti frumvarpinu, en þær, sem jeg hef áður til fært. Jeg hef tekið það fram bæði við 1. og 2. umræðu, að jeg væri því hlynntur, að söfnuðirnir fengju nokkurn atkvæðisrjett í kosningu presta

sinna, en hjer þykir mjer farið langt of langt, en þó þingmaður Eyfirðinga álíti ástæður mínar ljettvægar, þá hef jeg þó komið með ástæður, sem enn eru óhraktar, á móti frumvarpinu. Jeg skil ekki, að þetta frumvarp geti orðið að lögum, eins og það er orðað, og ekki heldur þó breytingartillögurnar verði samþykktar, því þær bæta frumvarpið lítið. Þó að jeg þess vegna hafi þagað, þá er það engan veginn af hugleysi fyrir mjer, heldur af því, að jeg hef lært að þegja, þegar jeg sje, að ástæður mínar eru ekki teknar til greina, og mjer þykir ekki svo gaman að heyra mig sjálfan tala, að jeg geti ekki þagað,

Stefán Eiríksson: Jeg ætla einungis að leyfa mjer að tala fáein orð um þetta mál, áður en gengið er til atkvæða. Það komu fram í neðri deildinni nokkuð hörð orð frá einum þingmanni, þegar ræða var um leysing á sóknarbandi, um óreglu presta, og þetta frumvarp, sem hjer ræðir um, fer nú einmitt fram á, að gefa prestum aðhald til að vanda vel stöðu sína, og eptir minni meiningu gefur þetta frumvarp miklu meira aðhald í þessu efni, en frumvarpið um leysingu á sóknarbandi, sem þó átti að vera aðalástæða þess. Það kom spádómur um það bæði frá hinum 1. og hinum 4. konungkjörna þingmanni, að þetta frumvarp mundi ekki ná samþykki konungs, en það er nú hægt að spá fram og aptur um það efni, en annað að vita það með vissu. En jeg álít það gott, að málið komi fram fyrir stjórnina, hvort sem hún leggur til, að það verði staðfest eða ekki; en jeg get ekki sjeð, hvaða ástæðu stjórnin geti haft til að neita söfnuðunum um þann fyllsta rjett þeirra. Jeg get ekki betur sjeð, en að söfnuðirnir eigi heimtingu á því, að mega kjósa presta sína, því að því betur sem kosningin heppnast, því betri verður upplýsingin í söfnuðinum, en aðalástæðan er, sem sagt, fyrir löggildingu þessa frumvarps, að prestarnir við það, að söfnuðirnir hafi þann rjett að kjósa prest sinn, muni vanda betur stöðu sína, því satt að segja er þeim sumum ábótavant í því efni.

Því næst bar forseti breytingartillögur hinna þriggja þingmanna, Sighvats Árnasonar, Skúla Þorvarðarsonar og Einars Ásmundssonar, undir atkvæði, og var:

1. töluliður samþykktur með 6 atkvæðum
2. —»— —»— — 9 —»—
3. —»— —»— — 7 —»—
4. —»— —»— í einu hljóði.

Frumvarpið í heild sinni þannig breytt var samþykkt með 6 atkvæðum.

Forseti kvað frumvarpið nú verða sent forseta neðri deildarinnar með tilmælum um, að leggja það fyrir deildina.

FYRSTA UMRÆÐA Í NEÐRI DEILD,

á 57. fundi, 20. dag ágústmánaðar.

Frumvarpið, eins og það var samþykkt við 3. umræðu í efri deildinni, sjá I. 472—473.

Varaforseti: Jeg er hinum háttvirta forseta samdóma um, að þetta frumvarp megi nú kallast nýtt frumvarp, eins og það er nú orðið, þegar það kemur frá efri deildinni; og af því að þetta er 1. umræða, má jeg ekki fara út í einstök atriði. Sá er að vísu munur á þessu frumvarpi og hinu, að það er þó meining í þessu, þar sem hitt var nálega meiningarlaust, sem fór til efri deildarinnar. Gæti þetta frumvarp að lögum orðið, þá væri þó sá kostur við það, að öllum söfnuðum er gefinn kostur á, að eiga þátt í kosningu presta, og yrði með því komið í veg fyrir þá óánægju, sem það mundi valda, ef að eins sumum söfnuðum gæfist kostur á að taka þátt í kosningunni, en sumum, og jafnvel flestum alls ekki, og það á hinum rýrustu brauðum, sem optast eru skipuð hinum lakari prestum. En þessi hefði orðið niðurstaðan eptir hinu fyrra frumvarpi. En jeg tel það víst, að þetta frumvarp getur ekki náð staðfestingu konungs. Eptir 4. grein stjórnarskrárinnar á konungur að veita

branðin. Þar stendur að vísu, að gjöra megi breytingu á þessu með lögum, en því er enn alls eigi breytt með lögum, og er því frumvarpið beinlínis á móti stjórnarskránni. Konungurinn er hinn æðsti yfirmaður kirkjunnar og æðsti biskup hennar, og kirkjan er þjóðkirkja, en söfnuðirnir ekki frjálsir söfnuðir, hver út af fyrir sig. Um hin einstöku atriði ætla jeg mjer ekki að tala við þessa umræðu, en það getur verið, að jeg komi með breytingaratkvæði til 2. eða 3. umræðu.

Jón Ólafsson: Jeg vil að eins leyfa mjer að leggja það til, að deildin lofi frumvarpinu að fá framgang breytingarlaust, því að það er auðsætt, að ef á að fara að gjöra breytingaratkvæði við frumvarpið, þá getur því ekki orðið framgengt á þessu þingi, en það er þjóðinni ofmikið áhugamál til þess, að þingið megi fella það. Jeg vona, að hinn háttvirti varaforseti gefi því atkvæði sitt, er hann hugsar sig betur um. Að frumvarpið stríði móti stjórnarskránni, nær engu tali. Ef konungur samþykkir frumvarp þetta, þá er þar með að lögum breytt ákvæðum 4. gr. í stjórnarskránni, og það á alveg löglegan hátt. Þeir, sem ekki fást við að skilja, en láta sjer nægja trúna, munu að vonum hafa næga trygging fyrir því, að frumvarpið stríði ekki á móti stjórnarskránni, í því, að lögfræðingar efri deildarinnar hafa samið það.

Af því að fleiri tóku ekki til máls, lýsti forseti því yfir, að umræðunum væri lokið, og var því næst samþykkt með 13 atkvæðum, að málið skyldi ganga til 2. umræðu.

ÖNNUR UMRÆÐA Í NEÐRI DEILD,

á 61. fundi, 23. dag ágústmánaðar.

Eiríkur Kúld: Það hefur verið sagt hjer í salnum við fyrri umræður þessa máls, að einstöku prestar sjeu svo ósiðvandir, að söfnuðir megi eigi við þá una, og getur vel verið, að einstök dæmi finnist til þessa; að minnsta kosti þykist jeg vita, að frumvarp það, sem hjer liggur fyrir, muni ef til vill vera af þessum rótum runnið. Hvað sem sagt varð um frumvarpið, eins og það gekk til efri deildarinnar, verð jeg að álíta, að það hafi nú hjá efri deildinni tekið þeim stakkaskiptum og komi nú í þeim búningi til okkar aptur, að það sje með öllu óaðgengilegt. Eins og jeg áður hef lýst yfir þeirri skoðun minni, að frumvarpið sje í sjálfu sjer eigi áríðandi, eins verð jeg enn að halda því fram, því að hjer á landi er mjer ekki kunnugt að nein slík óánægja sje með veitingu brauða, að þessi breyting á því fyrirkomulagi sje nauðsynleg. Samkvæmt 3. gr. frumvarpsins hefur biskup einungis þann einkarjett, að hann má mæla móti óreglumönnum, sem ekki eru prestvígðir; hann hefur þá ekkert leyfi til að mæla móti prestvígðum manni, hvernig sem hann kann að vera; gæti þessu samkvæmt hæglega farið svo, að söfnuðurinn fengi þann prest, sem miður gegndi. En það getur komið fyrir annað tilfelli, að enginn prestvígður sæki um brauðið, heldur að eins einhver kandidat, sem biskup álítur óhæfan og mælir móti; hver verður svo afleiðingin? Brauðið fær að vera prestlaust, ef kandidatinn er annaðhvort svo mikill óreglumaður, að biskupinn samkvæmt skyldu sinni verði að mæla móti honum, eða hafi aðra þá ókosti til að bera, sem biskupinn álítur að gjöri hann óhæfan til að vera prestur. Móti því, að brauðið undir þessum kringumstæðum standi óveitt og prestlaust, eru engar ráðstafanir gjörðar í frumvarpinu, og engin skylda lögð á söfnuðinn að vera sjer í útvegum um prest til brauðsins, en þetta hefur veitingarvaldið hingað til álitið sjer skylt. Samkvæmt 5. gr. frumvarpsins er jeg hræddur um, að gjörræði gæti ráðið kosningu, þar sem að eins er heimtaður meiri hluti atkvæða til þess, að kosningin sje gild; eitt einasta atkvæði getur þá ráðið kosningunni. Eins og til hagar hjer um kosningar, bæði til alþingis og annars, gætu æsingar komið svo miklu til

leiðar, að reglumaðurinn verði á hakanum fyrir óreglumanninum. Við 6. gr. frumvarpsins kastar fyrst tólfunum. Samkvæmt þeirri grein er biskupinn gjörður að skrifara hjá sóknarnefndunum; hann hefur beinlínis ekkert annað vald. Þegar svona lög koma frá alþingi, er jeg hræddur um, að margur úti um landið fari að brosa, og er það óviðkunnanlegt, að alþingi gefi sjálft tilefni til þess, að það verði til athlægis. En að öðru leyti er jeg alls ekki hræddur við svona lagað frumvarp, því að engin stjórn getur látið sjer detta í hug, að samþykkja það, þar sem vald það, er samkvæmt 4. gr. stjórnarlaganna heyrir konungi til, er algjörlega dregið úr höndum honum; því eptir frumvarpinu hefur konungur ekkert að segja við veitinguna, ekki landshöfðingi, ekki biskup, nema að því leyti sem hann fær leyfi til að skrifa fyrir söfnuðinn veitingarbrjef prestsins. Jeg vona, að deildin sjái það sóma sinn, að fella þetta frumvarp, en gjöri hún það ekki, vona jeg þó að minnsta kosti, að stjórnin samþykki það ekki.

Þorkell Bjarnason: Jeg er samþykkur mörgu af því, sem hinn heiðraði þingmaður Barðstrendinga sagði, nema í því, að prestakosningar sjeu ónauðsynlegar yfir höfuð að tala; þar get jeg ekki verið með honum. En þó jeg áður hafi verið með því, og sje því enn meðmæltur, að söknarmenn fái að kjósa presta sína, þá finnst mjer efri deildin hafa skemmt þetta mál; hún hefur tekið undir sig hjer meira stökk, en við mátti búast af jafnkyrrlátum og spökum mönnum, sem þar eru, þar sem hún vill taka alla skipun prestakallanna úr höndum veitingarvaldsins; jeg verð því að álíta, að óhyggilegt sje, að samþykkja málið í þessari mynd, sem það liggur hjer fyrir, og bezt sje að láta það bíða, því þá verður ljóst á næsta þingi, hvort þjóðin vill alveg leggja skipun prestakallanna í hendur safnaðanna, eða láta hana vera bæði í höndum veitingarvaldsins og safnaðanna, eins og frumvarp neðri deildarinnar fór fram á. Jeg er hræddur um, að fortölur og flokkadrættir við kosningar geti valdið því, að skipun prestakalla verði með þessu móti engu betri en verið hefur, og hygg jeg því ráðlegast sje, að fresta málinu til næsta þings, svo að landsmönnum gefist kostur á, að hugsa um það og ræða það í blöðunum. Þetta mál er svo áríðandi, að rjett er, að gefa almenningi færi á að láta um það álit sitt í ljósi, áður en því er ráðið til lykta.

Friðrik Stefánsson: Samkvæmt 31. gr. stjórnarskrárinnar er hver þjóðkjörinn þingmaður skyldur að tala eptir sannfæringu sinni. Bæði vegna þess, og einnig vegna þess, að þetta er vilji kjósanda minna, gef jeg með glöðu geði atkvæði með þessu frumvarpi óbreyttu. Þingmaður Barðstrendinga var þar á móti hræddur um, að stjórnin mundi ekki vilja samþykkja svona frjálslynd lög. En þingmaðurinn á ekki að hugsa um það, ef honum að öðru leyti líkar sú frjálsa stefna, sem frumvarpið hefur. Stjórnin þarf þess með, því heldur sem hún er ókunnug, að sjá vilja og meiningu þingmanna, hvort sem það er í samræmi við hennar meiningu eða ekki; þingmenn eiga ekki heldur að vera að þreyta sig á því, að geta sjer til, en vita þó ekki að gjör, hvað stjórnin muni samþykkja eða ekki. Ríki prestanna, sem slíkra, er ekki af þessum heimi, og því er það nauðsynlegt, að meiri aðskilnaður komist á milli kirkjunnar og ríkisins. En það getum við verið vissir um, að stjórnin sleppir aldrei svo tökunum, að kirkjan verði ríkinu hættuleg, eins og hún var fyrir siðaskiptin. Útásetningar þingmanns Barðstrendinga út á 6. gr. hafa ekki mikið að þýða, því að það er ekkert óvirðulegri staða fyrir biskupinn að vera skrifari söknarnefndanna en landshöfðingjans. Það sem hann talaði um, að *agitationir* myndu eiga sjer stað hjer, þá vil jeg minna hann á, að þær eiga sjer ekki síður stað annarstaðar, og sýna þær að eins, að menn hafa áhuga á málunum.

Ólafur Pálsson: Jeg hef áður verið þessu máli meðmæltur, en nú, eins og það er orðið, get jeg ekki annað en verið móti

því; mjer finnst efri deildin hafa spillt svo málinu, að það er nú svo út búið, að jeg er nú með sjálfum mjer sannfærður um, að það öðlast aldrei samþykki, eins og það nú liggur fyrir, og gef jeg því atkvæði mitt á móti því.

Jón Jónsson: Jeg get vel ímyndað mjer, að þingmaður Barðstrendinga sje á móti þessu frumvarpi, því það er ekki samkvæmt stjórnarkreddum hans, en jeg get síður skilið í því, að 2. þingmaður Gullbringu- og Kjósarsýslu skuli hafa móti því, þar sem hann hefur áður talað svo, sem hann væri því hlynntur, að efla andlegt líf safnaðanna; það verður æfinlega örðugt, að skipa fyrir um kosningu safnaða á prestum sínum; en mjer finnst, að þær ákvarðanir, sem nú liggja fyrir, sjeu fullt eins aðgengilegar og þær, er lágu fyrir í frumvarpi því, er áður hefur verið rætt hjer á þingi. Hvað vald biskupsins snertir, þá virðist mjer það samkvæmt frumvarpinu jafnvel meira, en það vald, sem biskup nú hefur. Samkvæmt hinum nú gildandi lögum er þannig á móti því, að veitingavaldið, konungur eða landshöfðingi, veiti brauð, þrátt fyrir hörðustu mótmæli biskups. Annað mál er, að slíkt sjaldan mun koma fyrir. Þingmaður Skaptfellinga óttaðist, að stjórnin mundi ekki samþykkja þetta frumvarp, en hvað veit hann um það? En skyldi sessunautur hans, þingmaður Borgfirðinga, hafa hvíslað einhverju að honum um þetta, þá vil jeg svara báðum þessum því, að þeir eigi að greiða atkvæði samkvæmt sannfæringu sinni, og eigi samkvæmt því, sem þeir álíta að stjórninni sje ljúft eða leitt.

Eiríkur Kúld: Jeg skal ekki svara 2. þingmanni Skagfirðinga mörgum orðum; mjer fannst á ræðu hans, að hann væri á líkri skoðun og jeg, að málið hefði vesnað við meðferðina í efri deild. En jeg vildi þó leiðrjetta þá missögn í ræðu þingmannsins, að biskupinn fái samkvæmt frumvarpinu, eins og það nú liggur fyrir, meira vald, en hann hafði eptir hinu fyrra, því að það er þvert á móti. Viðvíkjandi orðum 1. þingmanns Skagfirðinga, verð jeg að láta þingmanninn vita, að jeg tek ekki þau orð hans til þakka, er hann lætur sjer það um munn fara, að jeg tali ekki eptir sannfæringu minni, og verð að frábiðja mjer slík orð og getsakir. Í þessu máli, sem öðrum, tala jeg eptir sannfæringu. En er það víta-vert, þó jeg tali af minni sannfæringu, en ekki móti henni, þó hún fari í sömu stefnu og mundi verða meining stjórnarinnar?

Friðrik Stefánsson: Það er misskilningur af þingmanni Barðstrendinga eða misheyrn, ef hann hefur tekið orð mín svo, að hann talaði ekki eptir sannfæringu sinni. Jeg sagði, að því ókunnugri sem stjórnin væri, því meira þyrfti hún þess með, og því meira væri áríðandi, að þingmenn tölnöu eptir sannfæringu sinni.

Síðan var gengið til atkvæða, og var
1. og 2. gr. frumvarpsins samþykktar með 11 atkvæðum móti 5.
3. gr. samþykkt með 11 atkvæðum móti 9.
4. — —»— — 11 —»— — 8.
5. — —»— — 10 —»— — 7.
6. — —»— = 10 —»— — 8.

Var síðan frumvarpinu vísað til 3. umræðu með 11 atkvæðum móti 6.

ÞRIÐJA UMRÆÐA Í NEÐRI DEILD,
á 64. fundi, 25. dag ágústmánaðar.

Breytingartillögur
við frumvarp til laga um kosningu presta, eins og það var samþykkt í efri deild.

1. Við 3. gr. «Hefur biskup . . . ástæður vera til þess» falli burt. Í þess stað komi: «Ef fleiri eru umsækjendur en einn, nefnir biskup til 2 af þeim, sem sækja, og mega söfnuðirnir kjósa milli þeirra».
2. Við 4. gr. Fyrir: «er biskup hefur eigi mótmælt» komi: «sem biskup hefur tilnefnt».
3. Við 6. gr. Fyrir síðustu málsgrein:

«Síðan sendir ..... kosna presti köllunarbrjef» komi: «Prófastur sendir biskupi skýrslu um kosninguna, og verður bún samþykkt af konungi eða þeim, sem hefur til þess umboð hans, og gefur hann út köllunarbrjefið».

4. Við 5. gr. Fyrir: «meiri hluta atkvæða» komi: «$^2/_3$ hluta atkvæða».

Þórarinn Böðvarsson. Þorkell Bjarnason.
Eiríkur Kúld. Guðmundur Einarsson.
Lárus Blöndal. Þorlákur Guðmundsson.

Varaforseti: Jeg veit ekki, hvort þetta frumvarp hefur nokkurn verjanda í deildinni, en jeg hef nú ásamt fleirum leyft mjer að koma fram með breytingaratkvæði við það. Jeg skal geta þess, að það mun einungis hafa staðið á mínu atkvæði síðast, að frumvarpið gengi ekki til þessarar umræðu, en jeg greiddi atkvæði með því, ekki af því, að mjer þætti frumvarpið frambærilegt, eða hjeldi, að það mundi verða samþykkt þannig af stjórninni, heldur til þess að gefa mönnum tækifæri á, að laga það. Jeg álít, að frumvarpið sje reist á skökkum grundvelli, og fæ ekki betur sjeð, en kirkjan verði með því regluleg fríkirkja og engri yfirstjórn háð. Jeg er alls ekki ánægður með yfirstjórn kirkjunnar og álít, að hún þurfi umbóta með, en að byggja lagafrumvörp þannig, það álít jeg ekki rjett. Jeg hef leitazt við, að koma þeim breytingum á frumvarpið, að það verði nokkurn veginn samkvæmt því, sem nú er. Biskup hefur vald til að ryðja nokkrum frá, sem ekki hafa tekið prestsvígslu, og honum þykir ástæða til þess; ástæða gæti verið, þegar prestur hefur enga hæfilegleika; þessi ákvörðun held jeg sje of rífleg, að biskup hafi ekkert að segja um hina. Jeg hef stungið upp á, að biskup til nefni 2 og söfnuðurinn hafi rjett til að kjósa annanhvorn þeirra. Þessa ákvörðun álít jeg hafandi; hún gefur öllum söfnuðum, sem geta haft þennan rjett, kost á að kjósa, og biskupinum er með því gefið meira vald, en hann nú hefur; yfirstjórn kirkjunnar gjörir ekki annað en staðfesta kosninguna. Þetta álít jeg góða og rjetta breyting, og vona, að allir þingmenn skilji uppástunguna, og finn jeg að svo komnu ekki ástæðu til að mæla frekar með henni, en verði þessar breytingar minar ekki samþykktar, hika jeg ekki við, að greiða atkvæði móti frumvarpinu.

Jón Jónsson: Ef deildin fellst á þessa breytingu, mun útsjeð um, að málið nái fram að ganga á þessu þingi, og þá er allur sá tími, sem varið hefur verið til að ræða þetta mál, orðinn árangurslaus. Jeg játa, að hið sama getur orðið, þó við samþykkjum lögin, því stjórnin getur hafnað þeim, en á því höfum vjer enga ábyrgð. Úr því að frumvarpið þrátt fyrir galla þá, sem á því kynnu að vera, er vel notandi, og getur orðið undirstaða undir frekari breytingum á þjóðkirkju vorri í frjálslega og þjóðlega stefnu, get jeg ekki, sem fulltrúi Skagfirðinga, verið með að fella það annaðhvort beinlínis eða þá óbeinlínis með breytingaruppástungum.

Forseti: Jeg get huggað þingmenn með því, að það er ekki hætt við, að frumvarpið geti ekki náð fram að ganga á þessu þingi, þótt samþykktar kynnu að verða nokkrar breytingar á því, nema ef efri deildin ekki fellst á þessar breytingar; annars er tíminn nógur.

Grímur Thomsen: Jeg er samdóma hinum heiðraða 2. þingmanni Skagfirðinga, að ef breytingar verða samþykktar við frumvarpið, þá verði það til að eyðileggja málið. Þetta frjálslega frumvarp er komið frá hinni heiðruðu efri deild, þar sem sitja bæði biskup landsins, forstöðumaður prestaskólans og merkur prófastur, og því álít jeg óhætt fyrir neðri deildina, sem vön er að fara nokkuð lengra, að samþykkja frumvarpið óbreytt. Það er von, þó jeg sje þessu frumvarpi hlynntur, því þetta frumvarp er nú mjög líkt því frumvarpi, sem jeg kom upphaflega fram með, í aðalstefnu sinni. Efri deildin hefur tekið af því þann apturbaldsblæ, sem komst á það hjer í deildinni, og hika jeg því ekki við að gefa því atkvæði mitt, eins og það nú er, óbreyttu.

Eiríkur Kúld: Jeg álít málið, eins og það kom frá hinni heiðruðu efri deild, öldungis óhafandi. Hinn háttvirti þingmaður Borgfirðinga kveðst fallast á frumvarpið, af því að það komi frá efri deild, þar sem sitji bæði biskup landsins, forstöðumaður prestaskólans og merkur prófastur; þetta getur þá, eptir því sem honum fórust orð, ráðið hans atkvæði, en ekki mínu; það er sannfæring mín, að frumvarpið, eins og það nú er orðið, sje ónotandi. Jeg sýndi við 2. umræðu þessa máls fram á gallana á því, og tek það upp aptur, að jeg álít það nærri hlægilegt í augum þjóðarinnar, þar sem biskupinn er orðinn skrifari hjá sóknarnefndunum; annað er hann ekki eptir frumvarpinu, nema að hann má undan skilja 2 umsækjendur, þó með því skilyrði, að þeir sjeu óvígðir. Afleiðingin hjer af getur orðið sú, að sá, sem er óhentugri, kemst að, en reglumaðurinn situr á hakanum, ef hann ekki er prestvígður. Eptir þessu frumvarpi er veitingarvaldið auðsjáanlega tekið úr höndum hans hátignar konungsins, og jeg veit ekki nema það gangi of nærri 4. gr. stjórnarskrárinnar. Jeg vona og hugga mig við, að þótt frumvarpið fái framgang á þinginu, sem líklegt er eptir því, sem hinum háttvirta þingmanni Borgfirðinga fórust núna orð, þá samþykki stjórnin það ekki, því það mundi hafa skaðlegar afleiðingar.

Jón Ólafsson: Jeg vil styrkja þetta mál, og jeg verð að vera hinum háttvirta þingmanni Borgfirðinga og 2. þingmanni Skagfirðinga samdóma um, að breytingar á frumvarpinu verði til þess að fella málið, því það er ekki líklegt, að hiu heiðraða efri deild fallist á þessar breytingar, þar sem frumvarpið við þær verður enn ófrjálslegra en frumvarp það, sem áður fór hjeðan; það má miklu fremur nærri ganga að því vísu, að hún fallist ekki á breytingar þessar. Þar sem hinn háttvirti þingmaður Barðstrendinga sagði, að þingmaður Borgfirðinga hefði sagt, að hann vildi fallast á frumvarpið óbreytt, af því það kæmi frá hinni heiðruðu efri deild, þá er þetta ekki alls kostar rjett hermt, því hann hafði það fyrir aðalástæðu, að það væri nú líkara hinu upphaflega frumvarpi, sem hann kom fram með. Jeg ímynda mjer, að þeir, sem eru vissir um, að þetta frumvarp nái ekki staðfestingu konungs, þeir muni þó gefa frumvarpinu atkvæði sitt, til þess þeir fái að sjá, hvað stjórninni þykir að því, og geti á næsta þingi komið með frumvarp, sem þeir eru vissir um að stjórnin fellst á.

Þorkell Bjarnason: Jeg álít þetta frumvarp miklu verra en það, sem fór hjeðan frá deildinni, en þó jeg sje hræddur um, að stjórnin muni ekki samþykkja það, eins og það nú er, þá ætla jeg samt, samkvæmt því sem hinn heiðraði 2. þingmaður Suður-Múlasýslu tók fram, að gefa því atkvæði mitt, því þá er þó það unnið fyrir málið, að maður hefur fengið að heyra álit stjórnarinnar, sem getur orðið til gagns fyrir þetta áríðandi mál á næsta þingi.

Varaforseti: Viðvíkjandi mótbáru hins heiðraða 2. þingmanns Skagfirðinga skal jeg taka það fram, að ef það er ástæða til að flaustra frumvörpum af, að þau fái annars ekki framgang á þinginu, þá held jeg, að það sje betur ógjört, þar sem hann þó játaði, að frumvarpið væri *ísjárvert*. Hvað það snertir, að gefa stjórninni kost á að íhuga málið, þá held jeg, að hún geti það, þegar hún sjer frumvarpið í alþingistíðindunum. Hinn háttvirti þingmaður Borgfirðinga kvaðst hljóta að verða frumvarpinu meðmæltur, þar sem það kæmi frá hinni heiðruðu efri deild, þar sem sætu biskup landsins og forstöðumaður prestaskólans, en það getur margt farið fram í efri deildinni, án þess að þeir sjeu því samþykkir, enda efast jeg ekki um, að þeir hafi verið þessu frumvarpi mótfallnir. Hinn háttvirti 2. þingmaður Suður-Múlasýslu sagði, að frumvarp það, sem fór áður hjeðan frá deildinni, hefði verið frjálslegra, en þetta frumvarp yrði, ef þessar breytingar kæmust á. Þetta er ekki rjett; það, sem mest er í varið, er, að það verði sem almennast; hitt var að eins bundið við einstaka söfnuði; sumir höfðu eptir því engan rjett. Hinn

háttvirti 2. þingmaður Gullbringusýslu vildi gefa frumvarpinu atkvæði sitt, af því að stjórnin mundi ekki samþykkja það, til þess að menn fengju að sjá ástæður hennar móti því. Jeg verð að kalla þetta merkilega ástæðu; jeg held, að allir þingmenn geti ímyndað sjer, hverjar ástæður stjórnin mundi til færa. Jeg vil ekki fara þá leið, að búa til frumvörp, sem eru óbrúkandi, ef ekki hneykslanleg, einungis til þess að fá að vita ástæður stjórnariunar á móti því, og til þess að fá að vita, hvernig frumvörp eiga *ekki* að vera. Það er sannarlega dýr aðferð til að fá að vita, hvernig frumvörp eiga að vera.

Jón Ólafsson: Það er ekki til þess að fá að vita, hvernig frumvörp eigi að vera, eins og hinn háttvirti varaforseti sagði, — því að á því á hið löggefandi þing að hafa vit — að vjer viljum heyra ástæður stjórnarinnar móti frumvarpinu, heldur til þess að vita, hvernig vjer getum fengið máli voru framgengt. Það eru margar ástæður hugsanlegar fyrir stjórnina til þess að hafa á móti frumvarpinu, en hverjar þær kynnu að verða, það er mjer hulið og líklega hinum háttvirta varaforseta líka. Það getur vel verið, að stjórnin verði á sömu skoðun og hin heiðraða efri deild, og það getur líka verið, að hún verði á sömu skoðun og hinn háttvirti varaforseti, en það getur enginn sjeð fyrir, á hverri skoðun hún mundi verða. Þar sem hinn háttvirti varaforseti sagði, að 2. þingmaður Skagfirðinga hefði játað, að enda þótt frumvarpið væri ísjárvert, þá vildi hann samþykkja það óbreytt, þá held jeg, að hinn háttvirti varaforseti hafi misskilið hann. Mjer heyrðist hann segja, að þótt frumvarpið *kynni að virðast ísjárvert*, en ekki að það væri ísjárvert. En það er skiljanlegt, að hann vilji heldur rjettarbót með smágöllum, en alls enga rjettarbót.

Var þá gengið til atkvæða, og fjell atkvæðagreiðsla þannig:

1. Breytingaratkvæði 6 þingmanna fellt með 13 atkvæðum gegn 9.
2. Breytingaratkvæði 6 þingmanna fellt með 13 atkvæðum gegn 9.
3. Breytingaratkvæði 6 þingmanna fellt með 12 atkvæðum gegn 8.
4. Breytingaratkvæði 6 þingmanna fellt með 14 atkvæðum gegn 9.

Frumvarpið í heild sinni samþykkt með 12 atkvæðum gegn 11, og var við haft nafnakall og sögðu þá:

Já:

Benidikt Sveinsson,
Egill Egilson,
Friðrik Stefánsson,
Grímur Thomsen,
Holgeir Clausen,
Jón Jónsson.
Jón Ólafsson,
Þórður Magnússon,
Þorkell Bjarnason,
Þorsteinn Jónsson,
Þorsteinn Thorsteinson,
Þorvarður Kjerulf.

Nei:

Eiríkur Briem,
Magnús Andrjesson,
Arnljótur Ólafsson,
Eiríkur Kúld,
Guðmundur Einarsson,
Halldór Kr. Friðriksson,
Lárus Blöndal,
Ólafur Pálsson,
Tryggvi Gunnarsson,
Þórarinn Böðvarsson,
Þorlákur Guðmundsson.

Kvað forseti frumvarpið nú verða afgreitt til landshöfðingja sem lög frá alþingi.

XXVII.

Friðun á laxi.

Frumvarp til laga um friðun á laxi. Frá nefndinni í Elliðaármálinu. Frumvarpið er prentað í fyrri parti alþingistíðindanna, bls. 292—293.

FYRSTA UMRÆÐA Í NEÐRI DEILD, á 31. fundi, 2. dag ágústmánaðar.

Flutningsmaður (Jón Ólafsson): Frumvarp það, sem þingmenn hafa hjer fyrir sjer, er komið frá þeirri nefnd, sem kosin var af þinginu til að athuga þetta mál. Það er byggt á frumvörpum, sem hafa legið fyrir þinginu 1879, og lagað eptir þeim ákvörðunum, sem þá sýndust hafa beztan byr í báðum deildum; því vona jeg, að frumvarpið gangi friðsamlega og þögult gegnum deildina.

Þorkell Bjarnason: Jeg er kannske hinn eini af hinum heiðruðu deildarmönnum, sem um nokkur ár hef haft laxveiði undir höndum, og því hef haft tækifæri til að kynna mjer nokkuð við reynslu þetta mál. Lög um friðun laxins ættu að vera svo, að laxveiðin eyðist ekki, þar sem hún er, en af annari hálfu þó svo frjálsleg, að rjettur þeirra, sem laxveiði eiga, sje ekki um of takmarkaður. Tilgangur frumvarps þessa er tvennur: 1. að friða laxinn almennt, og 2. að friða laxinn svo í hverri á, þar sem fleiri eiga veiði, svo að veiði spillist ekki fyrir þeim mönnum, sem ofar búa við ána. Þessum tvennum tilgangi vill frumvarpið nú ná. En í viðleitni sinni í þessa átt þykir mjer frumvarpið sumstaðar fara of stutt, en sumstaðar of langt. Án þess að fara nú við 1. umræðu út í einstakar greinir frumvarpsins, skal jeg benda á tvær ákvarðanir sem dæmi upp á hvorttveggja. Of langt þykir mjer gengið í þeirri ákvörðun, að eigi má leggja net nje veiðivjel lengra en út í miðjan dýpsta ál, sem gæti opt orðið eigi lengra en faðmur; en dæmi upp á, að of stutt sje gengið í frumvarpinu, nefni jeg 3. gr. Ádráttarveiðar eru einmitt hættulegastar til styggðar laxi við árósa. Jeg hef gjört þessar fáu atsugasemdir í bráðina, en hugsa mjer annars að gjöra breytingaratkvæði við frumvarpið til 2. umræðu.

Grímur Thomsen: Jeg vil að eins benda hinum heiðraða 2. þingmanni Gullbringusýslu á, að það eru engin nýmæli, að ekki megi girða lengra út en í miðjan ál. Það er ákvörðun, sem tekin er orðrjett úr enskum og norskum lögum; enda getur þingmaðurinn um þetta fræðzt af alþingistíðindunum í hitt eð fyrra. Um hitt atriðið, þar sem þingmanninum þótti nefndarfrumvarpið fara of stutt, er öðru máli að gegna, og getur hann að öllum líkindum komið sjer saman við nefndina um það; en jeg er hræddur um, að nefndin geti ekki orðið honum samdóma um, að breyta þeirri ákvörðun, að leggja veiðivjelar eigi lengra en út í miðjan ál (*Þorkell Bjarnason*: Jeg sagði út í miðjan dýpsta ál). Jæja; það var einnig mín meining.

Síðan var málinu vísað til 2. umræðu með 14 atkvæðum.

ÖNNUR UMRÆÐA Í NEÐRI DEILD, á 33. fundi, 4. dag ágústmánaðar.

Breytingar- og viðaukatillögur við frumvarp til laga um friðun á laxi.

Við 1. grein.

1. Orðin: «miðri — mánudagsnætur» falli burt, en í staðinn komi: «náttmálum á laugardaga og til náttmála á sunnudaga»
2. Í 2. málsgrein: «10. dags septembermánaðar» breytist talan í: «1.».

Við 2. grein.

3. Á eptir orðinu: «árkvísl» bætist inn í: «þó getur hlutaðeigandi sýslunefnd eða sýslunefndir, eptir ósk meiri hluta þeirra manna, er veiði eiga í á, undan skilið hana frá þessari reglu og sett í staðinn aðrar ákvarðanir».

4. Aptan við greinina bætist: «og ef öðru verður eigi við komið, skal hreppsnefnd eða hreppsnefndir hafa heimild til að ákveða, að þeir veiði saman frá öðru landi árinnar eða árkvíslarinnar, eða þá sinn tímann hver».

Við 3. grein.

5. Aptan við greinina bætist: «Svo má og eigi við hafa ádráttarveiði í stöðuvötnum eða sjó úti fyrir árósum, sem lax gengur í, nema sýslunefnd eða sýslunefndir leyfi».

Þorkell Bjarnason.

Framsögumaður (Jón Ólafsson): Jeg finn ekki ástæðu til að tala fyrir máli þessu fyr, en ef jeg heyri mótbárur koma fram á móti því.

Þorkell Bjarnason: Öllum þingmönnum mun koma saman um, að laxveiði er mikilsvarðandi atvinnuvegur; af söltuðum laxi bjer af landi mun t. d. hafa út flutzt 1872 til 1875 árlega lax fyrir 30,000 kr. En það er vandasamt, að búa til lög um þetta efni, sem nái svo til allra og eigi svo við alla, að engra rjettur sje fyrir borð borinn, þegar um veiði er að tala, því víða er mjög ólíkt, hversu til hagar. Í Kjósarsýslu eru 4 ár, sem lax er í, og allar smá-ár; þó mun mikill munur vera á stærð á laxi, t. d. í Helliránum, Korpólfsstaðaá og Laxá í Kjós, og það er mjög vafasamt, hvort hin sama regla getur gilt fyrir allar þessar ár. Jeg held, ef vel væri, þá yrðu reglurnar að vera nærri eins margar, og árnar eru á landinu. Jeg felli mig því mjög vel við þá ákvörðun í frumvarpinu, að gefa sýslunefndunum sem mest vald í þessu efni. En nú ætla jeg að fara fáeinum orðum um hinar einstöku greinir frumvarpsins. Í 1. grein held jeg að það sje ekki heppilegt, að ákveða friðunartakmarkið frá miðri sunnudagsnótt til miðrar mánudagsnætur, því það getur hæglega misskilizt. Jeg ímynda mjer, að nefndin hafi meint með því kl. 12, en eptir því sem meint er vanalega í daglegu máli, þá er það kl. 2—3, og gæti það ef til vill orðið sumum til ásteytingar. Og hvers vegna á að binda þetta friðunartakmark við miðnætti? Er það til þess að gefa mönnum tækifæri á að stunda ólöglega veiði, þegar allir aðrir eru háttaðir og sofnaðir? Hvers vegna hefur nefndin ekki farið hjer eptir lögum Norðmanna? Þau ákveða frá miðjum aptni til miðaptans; jeg hef gjört breytingaratkvæði við þetta og sett takmarkið frá náttmálum til náttmála, af því mjer er kunnugt um, að flestir vitja um net sín kveld og morgna. Þá hef jeg og gjört breytingaratkvæði við tímatakmarkið, hvenær hætta skyldi veiðinni, og viljað færa það fram frá 10. september til 1. september, eptir þeirri reynslu, að lax gengur niður síðast í ágúst og fyrst í september, og sagði *Arthur Feddersen*, einhver mesti fiskafræðingur, sem Danir eiga, mjer, að laxinn gjörði það til að styrkja sig í sjónum, áður en hann fer að hrygna, en það byrjar hann varla fyr en seint í október. Jeg vil því færa þetta tímatakmark fram; annars kann jeg betur við þá ákvörðun, sem í þessu efni stendur í lögunum frá 11. maí 1876.

Þá kemur 2. gr. Jeg man ekki betur, en hinn háttvirti þingmaður Borgfirðinga segði við 1. umræðu, að sama ákvörðun væri í lögum Norðmanna og Englendinga. Þó nú þessi ákvörðun stæði þar, þá er engin sönnun fyrir, að hún sje ekki óbrúkandi hjer. Ef ekki má leggja nema út í miðjan dýpsta ál, þá getur svo farið, að netið nái svo að segja ekkert, því állinn getur legið öðru megin við landið, en áin breið fyrir utan

álinn og vel lagnfær. Þetta getur því orðið til þess, að svipta beinlínis einstaka menn þeim veiðirjetti, sem þeir eiga að hafa. En ef þessi ákvörðun skyldi nú ekki standa í lögum Norðmanna og Englendinga, hvað þá? Jeg hef kynnt mjer lög Norðmanna um þetta efni frá 1863 og lög Englendinga frá 1861, og ekki fundið hana, en þingmaður Borgfirðinga er víst trúverðugur maður, og mjer hefir líklega sjezt yfir hana, og ef svo er, væri vel gjört af honum, að benda mönnum á, hvar hún stendur í lögunum. Þá kemur 4. töluliður breytingaratkvæðisins við 2. gr. Jeg vil biðja menn að íhuga vel þessa ákvörðun frumvarpsins, að þar sem 2 eiga veiði báðum megin að á, megi aldrei skemmra vera bil á milli netanna en 40 faðmar eptir árfarvegnum upp og ofan; en ef hylurinn er nú ekki nema 20 faðma langur, hver á þá að víkja og láta af hendi sinn veiðirjett? Min breytingartillaga fer fram á, að hreppsnefnd skuli ákveða, að þar sem svo stendur á fyrir, veiði þá báðir öðrum megin árinnar eða þá sinn tímann hvor, því svo að eins geta báðir notað veiðina. Og finnst mjer nauðsynlegt, að þessi breytingartillaga komist á, ef þessi ákvörðun frumvarpsins á að standa óhögguð.

Þá kemur 5. töluliður. Jeg veit fyrir víst, að ekkert spillir eins mikið laxveiði og ádráttarveiði fyrir utan árósa, því það fælir laxinn frá, að ganga upp í árnar, og því var það, að jeg kom með þetta breytingaratkvæði. Mjer er kunnugt um, að fyrir nokkrum árum var töluverð veiði í Leirvogsá, en nú er hún öll horfin, og jeg heyri alla kenna það ádráttarveiðinni, sem þar hefur verið fyrir utan árósinn.

Þá kem jeg til 4. gr. frumvarpsins. Hvað er nú smálax? Ætli margan geti ekki greint á um það; sumir kalla þetta smálax, aðrir hitt, og engum ber saman. En nú bætir nefndin úr með því, að möskvar megi ekki vera minni ummáls en 9 þumlungar, þá votir eru; en jeg vil benda á, að með því að hafa netið tvöfalt, má veiða langt um smærri lax, en þann, sem er 9 þumlungar ummáls, þó möskvinn sje 9 þumlungar í hvoru netinu, og það er hvergi bannað. Yfir höfuð held jeg, að greinin sje ekki eins fullkomin, og æskilegt væri; en ein ákvörðun er þó góð í henni, og það er, að hún ákveður bilið, sem vera skuli milli rimlanna í laxakistum. Þá er 7. gr. Þar er ekkert ákveðið, hvað gjöra eigi við ólöglega veiði. Menn geta veitt ólöglega og veitt meira en fyrir 200 kr., sem er hæsta sektin, og það eru ekki góð lög, sem leiða menn svo í freistni að brjóta þau, því þegar menn hafa ágóða við að veiða ólöglega, þó menn sæti sektum, hygg jeg, að þeir muni finnast, sem ekki hika sjer við það. Jeg vil geta þess til sönnunar því, að menn geti veitt meira en fyrir sektinni, sem hjer er til tekin, að jeg þekki þau dæmi, að eins dags laxveiði hefur farið fram úr 300 kr. Þetta vona jeg að bendi á, að frumvarpið er ekki gott og gilt, eða sem bezt úr garði gjört. Hver á nú að taka sektina? Um það er engin ákvörðun. Á sá að gjöra það, sem fyrst kemst að því, að veitt er ólöglega, eða sýslumaðurinn eða hreppstjórinn? Jeg mun þó gefa frumvarpinu atkvæði mitt, ef breytingar mínar komast á, þó það sje ekki sem bezt.

Magnús Andrjesson: Mjer finnst breytingartillagan við 1. gr. óhafandi. Jeg þekki fleiri ár en eina, sem aldrei veiðist í fyrri en í september, og ef breytingaratkvæði þetta yrði samþykkt, þá væri veiðin í þeim eyðilögð. Þannig eru nokkrar ár í Árnessýslu. Það er eðlilegt, að svo sje með margar ár uppi til fjalla, því laxinn gengur ekki svo langt upp eptir fyr en seint. Jeg hefði heldur viljað færa takmarkið til 20. septembers frá 10., en til 1. s. m. Ef þessi breyting kæmist á, þarf fleiri breytinga með, þá yrði líka að færa takmarkið frá 10. júní til 1. s. m.; annars yrði friðunartíminn ekki

9 mánuðir. Breytingaratkvæðið við 2. gr. er heldur ekki gott, og gæti haft í för með sjer, að rjettur þeirra, sem ofar búa með ánum, yrði fyrir borð borinn af þeim, sem neðar búa. Annars felli jeg mig við flest í frumvarpinu, og mun greiða atkvæði með því, því jeg álít það góða og þarfa rjettarbót, eins og nú er ástatt.

Grímur Thomsen: Hinn háttvirti 2. þingmaður Gullbringusýslu er kunnugur laxveiði í einni á, og eptir því þóknast honum að gjöra athugasemdir við gamalt frumvarp; því þetta frumvarp er frá síðasta þingi; það fjekk þá bezta byr, og hinn heiðraði höfundur þess situr nú í efri deildinni. Að öðru leyti skal jeg geta þess viðvíkjandi orðatiltækjum þeim, sem þingmaðurinn beindi að mjer, þar sem hann vildi efast um, að það væri rjett hermt af mjer, að ákvörðunin í 2. gr., um að ekki megi leggja net eða garða lengra en út í miðjan dýpsta ál, fyndist annaðhvort í norskum eða enskum lögum, þá gegnir það furðu, að þingmaðurinn skuli ekki hafa lesið þetta, fyrst hann hafði bókina undir höndum, á meðan hann var að semja þessi hugvitssömu breytingaratkvæði, og þar sem hann hefur hana enn fyrir sjer.

Í alþingistíðindunum fyrir árið 1867, síðari parti bls. 272, stendur: «Nái nokkur fiski-stífla lengra en hálfa leið yfir á, þegar vatn er sem minnst í henni, skulu á henni vera *opin göng*», og enn fremur: «Hin opnu göng skulu vera milli stífluendanna, þar sem áin er *dýpst*». Þetta hefur þingmaðurinn ekki getað fundið; en jeg skal ekki fara fleirum orðum um það, hvernig hinn heiðraði 2. þingmaður Gullbringusýslu lesi, heldur snúa mjer að því, hvernig hann skrifi. Það kemur hjer fram í breytingaratkvæðunum. Hann vill breyta tímatakmarkinu og setja 1. september í staðinn fyrir 10., en hinn háttvirti 2. þingmaður Árnesinga hefur þegar sýnt fram á, hversu óheppilegt þetta er. Höfundur breytingaratkvæðisins þekkir einungis eina á og fer eingöngu eptir henni; viðsýnið er ekki meira; það nær ekki út fyrir Kjósina. Þetta er líka óþörf ákvörðun, því það er á valdi sýslunefnda, að ráða tímanum, eptir frumvarpinu. Allt svo fær þingmaðurinn ákvörðun frá sýslunefndinni í Kjósar- og Gullbringnsýslu, eða, jeg vona frá Kjósarsýslu, um það, hve nær hann megi byrja og enda laxveiði sína vor og haust.

Þá kemur breytingaratkvæðið við 2. gr. Það fer alveg fram á það sama og stendur í 5. gr. frumvarpsins; þess vegna er auðsætt, að þessi breyting, án þess að breyta nokkru í 5. gr., gjörir lögin með öllu óbrúkandi, en þingmaðurinn hefur ekki komizt lengra, þegar hann las 2. gr., og bjó til breytingaratkvæðið. Þar á ofan er honum þetta ekki nóg, heldur þarf einnig að hnýta því við, að við hlið sýslunefndanna skuli einnig koma til kasta hreppsnefndanna. Jeg verð að játa, að sú skoðun hefur aldrei fyr komið fram á þingi, að hreppsnefndir standi sýslunefndum jafnhliða að valdi og verksviði í sama málefni. Önnurhvor verður að hafa yfirtökin.

Verði nú sýslunefndin á einni skoðun og hreppsnefndin á annari, hvor skyldi þá lúta í lægra haldi? Jeg er hræddur um, að sýslunefndin yrði ofan á með sínar tillögur, ef 2. þingmaður Gullbringusýslu væri í henni. Breytinguna við 3. gr. get jeg fellt mig við; jeg hef að sönnu ekki talað við meðnefndarmenn mína, en jeg held nefndin geti gengið að henni. Reyndar er þetta tekið fram í frumvarpinu, þar sem sýslunefndum er heimilað að setja ákvarðanir um það, sem áfátt kunni að þykja í lögum þessum; en allt um það skal jeg ekki vera á móti þessari breytingu.

Jeg skal játa, að það komu fram ýmsar athngasemdir í ræðu þingmannsins, sem sýndu, að hann hefur mikið hugsað um,

hvernig fara mætti kring um þessi lög og jeg treysti honum til að fara í kring um þau, en það má um öll lög, ef viljinn er góður. Þingmaðurinn hefur lagzt djúpt, til að hugsa um það, hvernig hann gæti orðið lögbrotsmaður, ef þetta yrði að lögum. Hvað það snertir, er hann taldi ágóða að því, að veiða ólöglega og sæta sektum, þá getur það víðar komið fyrir. Að sigla fyrir hvert annnes og brjóta hvern agnúa með lögunum, er alveg ómögulegt. Það er einnig ómögulegt, að allir sjeu ánægðir með lögin. Sje hann óánægður með hin fyrri laxalög, þá vona jeg, að hann og fleiri, sem eru óánægðir með þau, muni játa, að þetta er bót frá því, sem nú er. Stefnan er sú, að gjöra ákvarðanirnar svo skýrar, að eptir þeim sje hægt að sjá og dæma, hvort brotið sje gegn löguuum eða ekki; þess vegna er hjer farið sem næst ákvörðunum Norðmanna og Englendinga, enda mun frumvarp þetta svo skýrt, að óhætt verði eptir því að fara, ef það verður að lögum. Jeg ætla að enda með því, sem mig furðar mjög á að heyra komið fram með á þingi, hvernig veiða megi með tvöföldu neti. Jeg er viss um, að 2. þingmaður Gullbringusýslu er samvizkusamur maður, en nefndin er saklausari en svo. að henni dytti í hug, að nokkur afbrotamaður væri svo hugvitssamur og tvöfaldur, að vilja brjóta lögin með tvöföldu neti. Það er reyndar gott, að þessar mótbárur komu fram, því ef hinn heiðraði þingmaður freistar að veiða með þessu móti, eru meiri líkur til, að sýslunefndin sje viðbúin að ná í hann, og kenna honum, hver er andi laganna. þótt einhvern bókstaf kunni að vanta.

Þorkell Bjarnason: Það hafa komið fram mótbárur frá 2 háttvirtum þingmönnum gegn breytingartillögum mínum. 2. þingmaður Árnesinga hugði 1. breytingaratkvæðið ekki hentugt vegna þurrka og vatnsleysis í ánum í Árnessýslu um sumartímann. En má jeg spyrja, hvort það er rjett eða ábatasamt að drepa laxinn, þegar hann er kominn að því að hrygna og orðinn horaður. En jeg skal ekki fara fleirum orðum um það. Þar á móti verð jeg að fara nokkrum orðum um ræðu þingmanns Borgfirðinga, því mjer virtist hún ekki á góðum rökum byggð. Hann sagði jeg þekkti að eins eina á. Hvaðan veit hann það? eða er þetta góðgjörn tilgáta? Hann er reyndar víðskyggn og sjálfsagt víðskyggnari en jeg á lög, þó að hann lesi þau á stundum, eins og sagt er að ein ónefnd persóna lesi biflíuna. En hver, sem les lög Norðmanna og Englendinga um laxveiði, mun sjá, að ákvörðun sú, er hann las upp, er allt annað en það, sem jeg talaði um, og hann sagði um daginn að stæði í þeim; honum hefur þar skjátlað. Hann sagði, að sýslunefndirnar gætu ákveðið veiðitímann, en jeg vil biðja hann að gá betur að og lesa 5. gr. frumvarpsins; þar stendur, að sýslunefndirnar megi ekki fara út fyrir grundvallarreglur þessara laga, og að þær megi ekki í nokkru haggast. Eru það ekki grundvallarreglur laganna, að veiðitíminn er fastákveðinn frá 20. maí — 20. ágúst, og frá 10. júní — 10 september? Mjer skilst, að þessar grundvallarreglur taki svo ýtarlega fram um tímatakmarkið, að ekki megi byrja eða enda öðruvísi, en að sýslunefndin megi einungis gjöra breytingar innan þessara takmarka, því ef hún mætti ganga lengra, þá væri henni heimilt að breyta lögum, sem alþingi hefur sett, en jeg ímynda mjer þingmaðurinn skilji þetta álíka vel, og hann sagði jeg hefði skrifað.

Þingmann Borgfirðinga furðaði á því, að hreppsnefndir væru nefndar í breytingartillögu minni, og sagði, að slíkt hefði aldrei fyr komið fram á þingi. Það er þó undarlegt, hvernig þingmaðurinn talar, þar sem þetta sama kemur einmitt fyrir í þessu frumvarpi, sem hann hefur sjálfur verið

með að búa til. Hann virðist að gleyma því, sem hann hefur sjálfur skrifað.

Hann sagði jeg hefði mikið hugsað um, hvernig fara mætti kring um þessi lög, og hvernig jeg gæti orðið lögbrotsmaður. Jeg veit ekki, hvað er að «injuriera» mann eða bera á annan ærumeiðandi sakir, ef ekki þetta. Veit hann inn í huga minn? Mikill er vísdómur hans. Jeg álít mjer skylt að hugsa um, hvernig lögin verði svo úr garði gjörð, að þan verði ekki brotin með rökum, af því jeg veit, að mennirnir eru ekki allir góðir. En sje hann svo saklaus og heilagur, að hann viti ekki, að neitt illt sje til, þá er von, þó að hann hugsi ekki um þetta; en hvernig getur þá þetta góðmenni ætlað mjer svona illan tilgang, eins og hann gjörði? Þau lög eru sannarlega ekki góð, sem fara má í kring um; og þessi lög gefa sannarlega tilefni til freistingar og undanbragða.

Halldór Friðriksson: Umræðurnar um þetta mál bæði fyr og síðar sýna, að það er ekki áhlaupamál, að búa til laxalög, einkum fyrir þá, sem hafa aldrei sjeð lax. Þingið hefur opt reynt til að semja lög um laxveiðar, en því hefur ekki enn tekizt það svo, að viðunandi þyki. Það þykja talsverðir gallar á lögunum 1876, og það hefur líka sýnt sig, að þeir eru, þegar svo kveður rammt að, að eigendur eða nýtendur verða fegnir heldur að fleygja frá sjer veiðinni algjörlega, heldur en þurfa að hlíta þeim afarkostum, sem lögin setja þeim. Í þessu frumvarpi er alveg hið sama; það ónýtir veiðina fyrir einstökum mönnum og gefur tilefni og vekur freistni til að fara í kring um lögin. Það er alkunnugt, að laxinn er misjafnlega stór, og það dugir ekki að setja fastar reglur um möskva og speli eða bil milli þeirra, sem gilda skuli um allar ár um allt land, því að með því getur svo farið, að veiðinni verði eytt í mörgum ám, og það hefur jafnvel verið gjört. 2. þingmaður Gullbringusýslu sýndi ljóslega fram á, að þetta lagafrumvarp er óhafandi. Þingmaður Borgfirðinga vitnaði í lög Englendinga, en þar stendur hvergi, að bannað sje að girða yfir dýpsta álinn, því að það væri hið sama sem að banna alla veiði; en það er sitt hvað, að girða yfir dýpsta álinn og að girða út í miðja ána. Norðmenn leyfa að girða út í miðja á, hvort sem dýpsti állinn liggur við annað landið eða í miðri ánni, enda væri það einatt hið sama, að banna að setja veiðivjel yfir dýpsta álinn, og að banna alla veiði í ánni; það veit bæði jeg og þingmaður Borgfirðinga, þótt hvorugur okkar sje laxfróður. Þessi ákvörðun er því alveg ófær og óhafandi hjer á landi.

Í veiðilögum Englendinga 1861 stendur sama ákvörðun og í Jónsbókar Llb. 56. k.: «Engi skal fyrir öðrum veiði spilla eðr banna þá, sem hann hefir að fornu haft». Englendingum þótti engin minnkun að taka þetta upp í sín lög. En ákvarðanir þessa frumvarps fara alveg gagnstætt því, að gæta eignarrjetts manna, og það svo, að hver þingmaður mun sjá, ef hann skoðar málið hlutdrægnislaust, að engin stjórn mun geta gengið að slíkum lögum. Ráðgjafinn getur ekki sett þessar reglur án þess að ganga of nærri eignarrjetti manna. Hin eina regla, sem jeg hygg að megi setja, og hin eina, sem hægt er að setja um friðun laxins, er, að drepa ekki ungan lax.

Flutningsmaður: Þingmaður Reykvíkinga sagði það væri ekki áhlaupamál að búa til lög, og það er nú aldrei nema satt. En jeg hjelt honum, sem sagt er að semji grammatík á milli mjalta, mundi ekki vaxa í augum, að búa til svona lítinn lagaskekil; það er þó ekki meira verk, en að semja vísindaleg rit. Jeg skal jafnframt leyfa mjer að benda honum á, að í frumvarpinu er ekki farið fram á, að takmarka veiðirjett eða eignarrjett manna fram yfir það, sem gjört

er í ákvörðunum þeim, er nú gilda um það efni. Laxalögin frá 4. maí 1876 segja það sama, og við höfum ekki þrengt að laxveiðunum (*Halldór Friðriksson*: «Við munum bráðum sjá»!). Jeg bið þingmanninn að vera ekki að taka fram í fyrir mjer; hann getur geymt sína vizku að sinni; hann á síðar kost á að svara.

Jeg get fyrir mitt leyti gengið inn á flest breytingaratkvæði hins háttvirta 2. þingmanns Gullbringusýslu. Þó er jeg samdóma 2. þingmanni Árnesinga um, að ekki sje heppilegt, að færa takmarkið frá 10. september til 1. Laxinn hrygnir svo misjafnt á ólíkum stöðum, að það gæti víða valdið skaða, ef þetta væri bundið við þann 1. september, eins og breytingartillagan fer fram á. Okkur er um að gjöra, að halda föstu við friðunar-*principið*, og þeim breytingum, sem ekki raska því, getum við tekið. Jeg vil taka það aptur fram, að tilgangur okkar er, að gjöra lögin sem ljósust, koma þeim í eina heild, og setja þær reglur um þetta efni, sem eigi geti orðið eins herfilega misskildar, og áður hefur átt sjer stað.

Grímur Thomsen: Jeg skal ekki eyða mörgum orðum til að svara hinum háttvirta vin mínum, þingmanni Reykvíkinga. Við höfum opt áður á þingi leitt saman hesta okkar í þessu máli. Allir vita og þekkja, hve kappsmaður hann er á þingi, en í sumum málum er hann, eins og hann sjálfur nefnir fjöruga og baldstýruga hesta, nokkuð stokkhálsaður. Hinn háttvirti þingmaður Gullbringusýslu var í vafa um, hversu breið göngin ættu að vera milli stífluendanna. Jeg vil benda honum á, að lesa í sömu opnunni í lögum Englands nokkrum línum neðar; þar stendur: «Göngin skulu hvergi vera mjórri, þar sem mjóst er, en svari $^1/_{10}$ hluta árbreiddarinnar; þó skulu göngin aldrei þurfa að vera víðari en 40 fet eða mjórri en 3 fet». Þarna getur hann sjeð og lesið, að göngin þurfa ekki að vera víðari en 40 fet og ekki þrengri en 3 fet eptir ensku lögunum, en jafnaðarlega $^1/_{10}$ af árbreiddinni. Hinn háttvirti þingmaður má heldur ekki taka orð mín svo, sem jeg beindi því að honum, að hann sjálfur mundi gjörast lögbrotsmaður, heldur hitt, að hann hefði hugsað svo vel um brot á lögum þessum, að menn gætu fengið góða leiðbeiningu í ræðu hans, þegar þeir læsu hana í þingtíðindunum, og langaði til að fara kring um lögin.

Hinn háttvirti þingmaður sagði og, að í frumvarpinu stæði ekki, hver ætti að taka sektirnar. Í 6. gr. frumvarpsins stendur, að sýslumaður skuli taka upp öll ólögmæt veiðigögn; hann setur lögreglurjett, dæmir hinn brotlega í sekt, o. s. frv. Jeg verð að biðja hinn háttvirta þingmann að gæta vel að því, og leggja áherzlu á það, að einmitt í frumvarpi þessu er yfirvöldunum gjört að skyldu, að taka upp hin ólögmætu veiðigögn, til þess að lengur sje eigi neinn vafi á, hver það á að gjöra. Þeir, sem þykjast verða undir eða hart út undan við þennan lögreglurjett, þeir geta áfrýjað málinu til æðri dómstóla, og er ákvörðun um það óþörf í lögum þessum.

En eitt er það, sem okkur láðist eptir í hitt eð fyrra, og það var, að undan taka mætti einstakar ár, eins og er í ensku lögunum; þar er undantekin áin Tweed. Eins gæti nú þingmaðurinn komið með þá breytingartillögu á frumvarpi þessu, að lög þessi skyldu ná til allra áa, nema Láxár í Kjós. Viðvíkjandi ákvörðunum frumvarpsins um hreppsnefndir hefur hinn háttvirti þingmaður heldur ekki rjett að mæla. Jeg vona, að hann skilji það, að það er annað, að gefa hreppsnefndinni vald til að ákveða, hvar og hvernig veiðivjelar skuli leggja, heldur en það, sem hann fer fram á í breytingartillögum sínum; því að það er hið sama, sem að gefa þeim það mikla vald, að ákveða um veiðirjett annara hreppsbúa, því að opt er það, að á skilur hreppa, og með því móti væri hreppsnefndinni gefið vald út fyrir sín takmörk. En ágreiningi milli hreppa verður sýslunefnd að skera úr.

Jeg get ekki, sem hinn háttvirti flutningsmaður, fellt mig við breytingartillögur hins háttvirta þingmanns, nema viðaukann við 3. gr.; honum mun jeg gefa atkvæði mitt.

Halldór Friðriksson: Jeg skal ekki svara öllum útúrdúrum 2. þingmanns Suður-Múlasýslu; en jeg skal að eins geta þess, að lög þau, sem hann vitnaði til, eru viðaukalög, og að ákvarðanir Jónsbókar standa því óhaggaðar eptir sem áður. En ef þetta frumvarp á að ná tilgangi sínum, vantar í það orðin: «Hjer með er 56. kap. í landsleigubálki Jónsbókar úr lögum numinn», og þarf að bæta þeirri ákvörðun inn í frumvarpið.

Þorlákur Guðmundsson: Jeg tók það skýrt fram á þingi 1879, að mjer líkaði þá ekki tímatakmarkið í lögunum, og að það mundi valda óánægju, sjer í lagi sumstaðar í Árnessýslu. Eins og það er viðurkennt, að þorskanetalagnir spilli fiskigöngu, á sama hátt er og með laxinn, að ef veiðin er byrjuð of snemma, getur það spillt fyrir þeim, sem ofar búa með laxánum. Jeg er því ongan veginn samþykkur hinum háttvirta þingmanni Gullbringusýslu um tímatakmarkið, og vil heldur sameina mig við hinn háttvirta samþingismann minn, að lengja heldur takmarkið fram um haustin. Þessi setning, sem hjer er sú sama, sem jeg mótmælti hjer á þingi 1879 um lagnir og uppteknigu á sunnudagsnóttum og mánudagsnóttum, áleit jeg óhafandi og álít svo enn, og verður til þess að kasta skugga á lögin, því að það er eins og hinn háttvirti þingmaður Gullbringusýslu tók fram, það er mjög óljóslega orðað og getur verið skilið á margvíslegan hátt, og aldeilis ómögulegt fyrir yfirvaldið, að hafa eptirlit með því, eða fyrir hina, sem veiði eiga í kring, að gá að rjetti sínum. Það er bæði ljósara og frjálslegra að binda það við náttmál, og ef sú ákvörðun ekki fær framgang, greiði jeg atkvæði mitt á móti frumvarpinu, því sú setning er skuggaleg og ófrjálsleg. Það er einnig mikið spursmál, hvort ekki er gengið of nærri eignarrjetti þeirra, sem veiði eiga í smáám, með þeirri ákvörðun, að eigi megi leggja lengra út en í miðjan dýpsta ál; því að það getur opt og tíðum verið hið sama, sem mega ekkert leggja, og er komið undir farveg árinnar.

Eiríkur Kúld: Ef jeg hef skilið rjett ræðu hins háttvirta þingmanns Borgfirðinga, þá hafði hann það fyrir ástæðu fyrir að lög þessi væru nauðsynleg, að brýna þyrfti fyrir yfirvöldunum, að það væri þeirra skylda, að gjöra upptæk ólöglegar veiðivjelar manna. Ef þetta er einungis tilgangurinn, þá eru þau alveg óþörf, því það er fyllilega leyft í binum eldri laxaveiðilögum, t. d. Jónsbók, og jeg get ekki sjeð, að frumvarp þetta bæti neitt ur lögum þeim, sem áður eru til um þetta efni, og yfirvöldin hafa sýnt, að þau álitu, að þau lög nædu ekki til þess manns, sem þess konar veiðivjelar hefur, úr því þau ekki hafa tekið upp veiðivjelar hans. Jeg verð að vera alveg á móti frumvarpi þessu en ef það fær framgang, vil jeg greiða atkvæði mitt með breytingartillögum hins háttvirta 2. þingmanns Gullbringusýslu. Jeg er orðinn leiður á þessum laxalögum á hverju þingi; þau kosta landssjóðinn ærna peninga, og eru má ske miðuð við eina einustu laxveiðaá á landinu, og hefur laxveiðin í henni orðið fyrir þeim ofsóknum, sem ekki eru góðar til afspurnar. Hví vilja menn vera að setja lög um þetta, meðan sams konar mál liggur fyrir hæstarjetti? Jeg álít, að þingið gjörði rjettast i að bíða með þessi lög, þangað til hinn æðsti dómstóll ríkisins hefur lagt úrskurð á, hvernig skilja á hin nýju laxalög. Jeg vil kalla þau ný, þótt þau sjeu síðan 1876; jeg vil álíta varúðarvert að breyta þeim að svo stöddu. Þótt menn segi, að laxalög á Englandi sjeu svona, þá eru menn ekki búnir að sannfæra mig um það, að hjer standi alstaðar eins á. Það er líka svo langt frá því, að sömu rjettindi geti gilt um allar ár. Jeg þekki fleiri staði svo, að sömu ákvarðanir geta ekki gilt alstaðar.

Þorsteinn Thorsteinson: Hinn háttvirti þingmaður Barðstrendinga er búinn að taka margt af því fram, er jeg vildi

sagt hafa, en það er eitt atriði, sem jeg er á annari skoðun en hinn háttvirti þingmaður. Jeg álít, að fyrst laxamál hefur komið svo opt fram á þingi, þá sje það einmitt vottur þess, að nauðsyn beri til, að friða laxinn á einhvern hátt. (*Margir*: Heyr!). Aptur á móti verð jeg að álíta, að hjer sje ekki hugsað svo mikið um einstöku ár, eins og sumir ætla. Þannig talaði hinn háttvirti þingmaður Borgfirðinga um sjerstaka á í Kjósinni. Jeg er fullkomlega á sama máli og hinn háttvirti þingmaður Barðstrendinga, að eigi sje rjett, að einblína á útlend lög. Þegar greindir menn hafa stundað veiði hjer, trúi jeg þeirra sögn betur en því, sem mjer er sagt að standi í útlendum lögum, og vil því heldur leggja meiri áherzlu á þekkingu reyndra manna. Mjer virðast breytingartillögur hins háttvirta þingmanns Gullbringusýslu mjög aðgengilegar. Hvað því viðvíkur, að láta hreppsnefndir taka þátt í ákvörðunum um veiðina, sje jeg enga hættu, þótt ár skipti stundum sveitarfjelögum, því eins geta ár skipt sýslufjelögum. En lög þessi þurfa að vera svo úr garði gjörð, að þau skerði ekki eignarrjettinn um of; vjer erum heldur eigi eingöngu að setja lög fyrir hina núlifandi kynslóð, heldur fyrir eptirkomandi niðja vora, og koma í veg fyrir það, að laxi sje út rýmt með of mikilli veiði. Jeg skal að endingu lýsa stuttlega því yfir, að jeg felli mig betur við frumvarpið, ef breytingartillögur þær, sem við það eru, ná fram að ganga.

Flutningsmaður: Frumvarp þetta er ekki miðað við eina eða tvær eða þrjár ár, heldur á það að heimfærast upp á hverja einustu á á Íslandi. Hinn háttvirti þingmaður Barðstrendinga hefur ekki rjett til að segja annað; hann hefur ekki rjett til að gjöra nefndinni nokkrar getsakir, eða rannsaka hjörtu og nýru nefndarmanna; hann getur það ekki, og á þess vegna ekki að reyna það. Hann talaði um, að það væri varúðarvert, að breyta nýjum lögum. Já, ekki hefur hann verið sjerlega spar á að koma fram með frumvörp og greiða atkvæði sitt með frumvörpum þeim, sem komið hafa nú hjer fram á þingi um breyting á hinum glænýju lögum um skipun prestakalla, ef það hefur verið til þess, að bæta brauðin. Enda er honum innanhandar að undan skilja með breytingartillögu einhverja laxá, eins og hinn háttvirti þingmaður Borgfirðinga tók fram. Hann vildi og heldur eigi, að menn tækju tillit til útlendra laga, því landslag væri þar svo ólíkt. Ef hinn háttvirti þingmaður vildi ómaka sig til Noregs og skoða þar landslagið og bera það saman við landslag hjer, þá mun hann finna, að það er svo líkt, sem mögulegt er í tveimur löndum. Jeg hjelt, að laxinn mundi eigi vera með allt annari náttúru þar og hjer, heldur mundi hann ef til vildi vera nokkuð líkur að eðlisfari.

Þorsteinn Thorsteinson: Þess ber að gæta, að Norðmenn hafa sett sín laxalög af því, að þeir voru nær því búnir að út rýma laxi í landi sínu, og fyrir því eru lög þeirra strangari. Hjer á landi er eigi hin sama ástæða til að hafa ströng lög. En enginn getur víst efazt um, að eðlisfar laxins sje líkt þar og hjer.

Flutningsmaður: Mjer gleymdist að benda hinum háttvirta þingmanni Barðstrendinga á orð þau, sem konungsfulltrúa fórust á alþingi 1867 um þetta mál. Þau eru svona í þingtíðindunum: «Jeg er hinni «heiðruðu nefnd samdóma bæði í því, að það «mál, sem hjer ræðir um, er mjög áríðandi «fyrir landið, sökum þess það snertir þýð«ingarmikinn bjargræðisveg landsmanna, og «einnig í því, að hið opinbera hefur rjett «til með lögum að ákveða, að hinn einstaki «noti svo eign sína, að aðrir við það ekki «bíði tjón á eignum sínum, eða á þann hátt «að það standi ekki almennings-velferð fyr«ir þrifum». Jeg held, að hinn háttvirti þingmaður hefði makalaust gott af, að kynna sjer þessi orð konungsfulltrúans og skoðun hans á þessu máli.

Holgeir Clausen: Ef nauðsyn ber hjer til að friða laxinn, þá álít jeg það rjett. Á

Englandi og Skotlandi er það nauðsynlegt, því að ár eru þar stuttar, en mikill fjöldi fólks, sem í kring býr. Hjer á landi eru árnar bæði lengri og færra fólk, sem notað getur veiðirjettinn, og finnst mjer því eigi eins mikil nauðsyn bera til, að friða hann. Hjer við bætist, að laxinn er selsins fæða, og þegar vjer fáum ekki að drepa selinn, vil jeg ekki friða laxinn handa selnum til að jeta. Jeg greiði því mitt atkvæði móti þessu frumvarpi.

Flutningsmaður: Jeg hygg, að það sje ókunnugleiki bins háttvirta þingmanns Snæfellinga, sem veldur þessari skoðun hans. Ef hann ferðast um Norðurland og Austurland, mun hann víða verða var við ár, sem Laxár heita, af því að áður hefur verið laxveiði í þeim, en sem nú er horfin og eyðilögð sökum of mikillar og takmarkalausrar veiði. Jeg hygg því, ef hann gætir þessa, muni hann vart efast um, að hjer sje þörf á friðunarlögum á laxi, og að hann muni því greiða atkvæði með frumvarpi þessu.

Arnljótur Ólafsson: Jeg hef því miður ekki verið viðstaddur umræður þessa máls, og þó jeg hafi nú beðið mjer hljóðs, mun jeg ekki geta um málið dæmt sem vera ber. Jeg man, að á næstliðnu þingi kom fram frumvarp til laxveiðalaga, er mjer líkaði í flestum greinum, og jeg má segja í öllum greinum nema í einni grein. Og jeg lýsi því yfir, hversu ókunnugur sem jeg er, að mjer líkar það frumvarp miklu betur en þetta.

Þetta frumvarp stefnir mjög að því, samkvæmt 1. grein, að fá sýslunefndum löggjafarvald í hendur í laxveiðamálum. Ef jeg vil girða fyrir veiðina, þá fer jeg til sýslunefndarinnar, og eptir breytingaratkvæðinu við 2. gr., þá á jeg allt undir ákvörðunum sýslunefndar og úrskurði. Önnur grein bori nsaman við 4. grein er í rauninni ekkert ann að en það, sem stendur í núgildandi lögum. Það er þessi þverúð, eða þvergirðingur í lögunum, sem mjer er ekki vel við. Jeg get ekki sjeð, ef breytingaratkvæðið kemst að, hvernig sýslunefndir geta breytt veiðiaðferðinni, nema með því að komast í bága við grundvallarreglur frumvarpsins.

Það, sem jeg held laxalögin eigi inni að halda, eru reglur, er alstaðar eiga við, og að þau síðan gefi sýslunefndunum leyfi til að gjöra smábreytingar eptir landslagi, eða eptir atvikum á hverjum stað, er þó eigi raski aðalreglum frumvarpsins. En hjer er þetta ekki lagt til grundvallar.

Að færa tímann lengra fram í septembermánuð, álít jeg ógjörning, því það er á móti reynslu laxfróðra manna hjer á landi. Þá er laxinn farinn að leita fyrir sjer til að hrygna, búinn að missa lit sinn og farinn að megrast. Jeg er ekki svo mjög á móti því, að færa takmarkið fram til 1. júní, en alveg á móti því, að færa það svona langt aptur. En engu að síður vil jeg spyrja: Hvað er á móti því, að veiða laxinn á vorin, undir eins og hann kemur? En hitt er aptur nóg á móti því, að drepa hann fram á haust, að hann er þá orðinn óútgengileg vara, og farinn að búa sig til að hrygna. Jeg tek það upp aptur, og jeg bið nefndina að athuga það, að hún ætti að taka upp í frumvarpið að eins þær ákvarðanir, er hún hugsar sjer geti alstaðar átt við, en að sýslunefndir með samþykki amtsráða gjöri þær nánari ákvarðanir, er geti átt við á einstöku stöðum, en geti þó samrýmzt aðalreglum laganna.

Flutningsmaður: Mig furðar á því, að þingmaður Eyfirðinga er á móti þessu frumvarpi, af því það sje eigi eins og frumvarpið 1879 um laxveiðar; en jeg man þó eigi betur, en þingmaðuriun þá greiddi atkvæði móti öðru frumvarpi, af því það innihjelt ekki það, sem hjer er (*Arnljótur Ólafsson:* Sökum 1. greinar). En hitt er jeg þingmanninum samdóma um, að hjer eigi að setja fastar reglur, er hvervetna geti átt við. Okkur var um að gjöra, að fá sameinað í *ein lög* það, sem áður er til í lögum og viðaukalögum, en annað fer frumvarpið ekki fram á, og vill ekki að neinu, eins og jeg

áður sagði, takmarka þann núgildandi veiðisjett manna.

Þá tóku eigi fleiri til máls, og kvað forseti umræðunni lokið; ljet hann því næst greiða atkvæði, er fjellu þannig:

1. Fyrri breytingartillaga Þorkels Bjarnasonar við 1. gr. samþykkt í einu hljóði.
2. Breytingartillaga hins sama við 2. málsgrein 1. greinar felld með 13 atkvæðum gegn 4.
3. 1. grein með áorðinni breytingu samþykkt með 13 atkvæðum gegn 2.
4. Breytingartillaga Þorkels Bjarnasonar við 2. grein felld með 13 atkvæðum gegn 4.
5. Viðaukatillaga hins sama við 2. grein felld með 14 atkvæðum gegn 6.[1]
6. 2. grein frumvarpsins óbreytt samþykkt með 13 atkvæðum gegn 5.
7. Viðauki Þorkels Bjarnasonar við 2. grein samþykktur með 13 atkvæðum gegn 8; var við haft nafnakall sakir óglöggrar atkvæðagreiðslu, og sögðu

Já:

Eiríkur Briem,
Eiríkur Kúld,
Friðrik Stefánsson,
Halldór Friðriksson,
Holgeir Clausen,
Jón Jónsson,
Jón Ólafsson,
Þórður Magnússon,
Þorkell Bjarnason,
Þorlákur Guðmundsson,
Þorsteinn Jónsson,
Þorsteinn Thorsteinson,
Þorvarður Kjerulf.

Nei:

Magnús Andrjesson,
Arnljótur Ólafsson,
Benidikt Sveinsson,
Grímur Thomsen,
Guðmundur Einarsson,
Lárus Blöndal,
Ólafur Pálsson,
Tryggvi Gunnarsson.

8. 2. grein frumvarpsins með áorðinni breytingu samþykkt með 13 atkvæðum gegn 5.
9. Viðauki Þorkels Bjarnasonar við 3. grein samþykktur með 19 atkvæðum.
10. 3. grein frumvarpsins með viðaukanum samþykkt með 18 atkvæðum.
11. 4. grein frumvarpsins óbreytt samþykkt með 14 atkvæðum.
12. 5. grein frumvarpsins óbreytt samþykkt með 17 atkvæðum.
13. 6. grein frumvarpsins óbreytt samþykkt með 20 atkvæðum.
14. 7. grein frnmvarpsins óbreytt samþykkt með 17 atkvæðum.
15. Að frumvarpið í heild sinni gengi til 3. umræðu, var samþykkt með 17 atkvæðum.

ÞRIÐJA UMRÆÐA Í NEÐRI DEILD,
á 53. fundi, 18. dag ágústmán.

Frumvarpið, eins og það var samþykkt við 2. umræðu, sjá I, bls. 329—330.

Breytingar- og viðaukatillögur
við frumvarp til laga um friðun á laxi.
(Frá nefndinni).

1. Við 2. gr. 5. línu, orðið «tveim» falli burtu, en í stað þess komi: «sínu hvoru».
2. Við enda 3. gr. komi: «svo má og eigi við hafa ádráttarveiði í stöðuvötnum eða á sjó úti fyrir árósum, sem lax gengur í, nema sýslunefnd eða sýslunefndir leyfi».
3. Við 7. gr., síðari málsgrein hennar: «Svo má og — eða sýslunefndir leyfi» falli burtu. En í stað þess komi: «þá skal og sá, sem ranglega veiðir bæta skaða allan, eptir 5 óvilhallra manna mati».
4. Ný grein, sem verður 8. gr.:
Mál um brot gegn lögum þessum eru opinber lögreglumál. Þó má sá, sem fyrir sökum er hafður, sleppa hjá málssókn, ef hann játar þegar brot sitt og greiðir sektir og skaðabætur allar að fullu, eptir því sem lögreglustjóri ákveður.

1) Þannig í gjörðabók neðri deildar.

Rjett er og að sá, sem fyrir skaða hefur orðið af ólöglegri veiði annara, reki málið sem einkalögreglumál.

5. Nýgrein, 9. gr.
Viðaukalög við Jónsbókar landsleigubálk 56. kap. 11. maí 1876, um friðun á laxi, eru hjer með úr lögum numin, einnig allt það, sem í nefndum kapítula Jónsbókar getur í minnsta máta verið gagnstætt grundvallarreglum þessara laga.
6. Ný grein, 10. gr.
Lög þessi öðlast gildi 1. apríl 1882.

Flutningsmaður (*Jón Ólafsson*): Hjer liggja að eins fyrir breytingaratkvæði frá nefndinni sjálfri. 1., 2. og 3. breytingaratkvæði eru að eins orðabreytingar, eða lítið annað, og 4. og 5. tekur að eins fram þau lög, sem nemast úr gildi við þessi lög. Þar sem enginn hefur gjört neinar breytingartillögur, nema nefndin sjálf, sje jeg ekki ástæðu til að efast um, að málinu reiði vel af og verði samþykkt við þessa 3. umræðu.

Þorkell Bjarnason: Jeg get í raun-inni fallizt á breytingar nefndarinnar; en því miður er þó ein ákvörðun í frumvarpinu, sem gjörir, að jeg get varla gefið atkvæði með málinu í heild sinni. Þessi ákvörðun er nefnilega sú, að ekki megi leggja nema út í miðjan dýpsta ál, og stendur hún hvorki í veiðilögum Englendinga nje Norðmanna, eins og sagt var hjer við 2. umræðu. Annars þurfti jeg að svara þingmanni Borgfirðinga nokkrum orðum, sem jeg mátti ekki gjöra við 2. umræðu, af því að jeg hafði þá talað tvisvar. Þingmaðurinn sagði, að nefndinni hefði líklega sjezt yfir að undanskilja Laxá í Kjós frá lögunum, og tók jeg þetta svo sem talað af grályndi til mín, en ekki í alvöru, og það af því, að jeg á veiði í þessari á. Hann sagðist hafa verið svo hreinskilinn og ráðvandur, að sjer hefði ómögulega getað dottið í hug, að menn mundu reyna til að fara kring um lögin; en hvernig gat þessu hreinhjartaða guðsbarni dottið það í hug, að aðrir menn, og það fulltrúar þjóðarinnar, reyndu til að setja sig inn í lögin að eins til þess að sjá, hvernig þeir gætu farið í kring um þau og orðið «lögbrotsmenn», og þau orð, sem þingmaðurinn hafði við mig og önnur slík hafa engin áhrif á sannfæringu mína, og komi það fyrir öðru sinni, að þingmaðurinn skerði svo æru mína, sem hann gjörði við 2. umræðu, mun jeg leita úrskurðar dómstólanna; jeg leyfi þingmanninum ekki að gjörast neinn konungur yfir mjer, og tillögum mínum. Jeg hef sama rjett til að tala og hann, og það er á fleira dómi en hans, hvernig að mínar tillögur eru á þingi.

Forseti: Þetta kemur málinu ekki við, og jeg vil biðja þingmanninn, að haga öðruvísi orðum sínum, þegar hnn stendur upp næsta skipti.

Grímur Thomsen: Jeg veit hvorki til, að jeg hafi skert nje viljað skerða æru þingmannsins; en sje hann svona upptektasamur, á hann ekki að vera á þingi; meira hef jeg ekki að segja um það.

Var síðan gengið til atkvæða, og var:

1. 2. og 3. breytingartillaga nefndarinnar samþykktar, hver með 17 atkvæðum.
4. Ný grein, sem verður 8. gr., samþykkt með 16 atkvæðum.
5. Ný grein, sem verður 9. gr., samþykkt með 15 atkvæðum.
6. Ný grein, sem verður 10. gr., samþykkt með 16 atkvæðum.

Frumvarpið í heild sinni með þessum breytingum var samþykkt með 15 atkvæðum.

Forseti kvað frumvarpið mundu sent verða efri deildinni.

FYRSTA UMRÆÐA Í EFRI DEILD,
á 41. fundi, 20. dag ágústmán.

Frumvarpið, eins og það var samþykkt við 3. umræðu í neðri deild, sjá I, 575—576.

Ásgeir Einarsson: Fyrst enginn tekur til orða, þá verð jeg að gjöra það, og

gjöri jeg það því fremnr, sem það er að nokkru leyti þörf á því, að talað sje um þetta frumvarp; því að þótt frnmvarpið bendi í frjálslegri átt, en laxalög þau, sem nú gilda, þá er þó sumt í því, sem þarf lagfæringar við. Mál þetta hefur komið opt á þing, og verið rætt ýtarlega, og frumvarp þetta er ekki ósvipað því frumvarpi um þetta mál, sem kom fyrir þingið í hitt eð fyrra, og sem þingmaður Árnesinga mælti svo skarplega á móti, að það var fellt. Þó að jeg fyrir mitt leyti sje ekki ánægður með laxalögin, sem nú gilda, þá hafa ekki komið neinar bænaskrár til þingsins um að breyta þeim, og finnst mjer því viðurhlutamikið og ekki rjett, að setja slík lög sem þessi alveg óaðspurt upp á þjóðina, áður en menn vita, hvort hún vill nota þau. Jeg skal svo ekki fara lengra út í málið að þessu sinni, en legg það til, að sett verði 3 manna nefnd i það.

Benidikt Kristjánsson: Mjer hefði þótt fróðlegt að vita hjá þingmanni Strandamanna, ef hann vildi segja mjer það, hve nær hann varð hlynntur friðunarlögum, sem nú gilda, því að jeg ætla þá að setja merki í almanakið mitt við þann dag, eins og einhvern merkisdag. Þar sem þingmaðurinn stakk upp á, að nefnd yrði sett í þetta mál, þá er jeg því alveg mótfallinn, því að efri deildin má búast við því, að hún fái nóg að starfa, það sem eptir er af þingtímanum, þó að hún fari ekki að eyða tímanum í að ræða mál í nefndum, sem svo ekki fá framgang vegna tímaskorts. Ef menn vilja fella málið, þá er ekki að gjöra sjer mikið ómak fyrir því áður; en ef menn vilja ekki fella það, þá má ræða það hjer í deildinni, án þess að eyða tíma í að láta nefnd íhuga málið, sem alls ekki þarf. Jeg er á því, að frumvarpið muni þurfa, ef vel væri, lítilla breytinga við; en jeg álít, að málið hafi verið svo opt rætt áður og vandlega og sje því orðið svo kunnugt, að það sje engum þingmanni ofvaxið, að koma með breytingartillögur við það, meðan það er undir umræðum. Jeg er á því, að ef frumvarp þetta yrði að lögum, þá fengist nokkur bót á því, sem nú er, einkum þar sem menn hafa fengið í vissa stefnu reynslu í þessu efni, síðan laxalögin, sem nú gilda, voru samin. Jeg legg það til, að málinu verði sem skjótast vísað til 2. umræðu, en er alveg á móti nefnd.

Ásgeir Einarsson: Jeg held, að þingmanninum hafi orðið of þungt fyrir brjóstinu af nefndaruppástungu minni. Jeg gjörði þessa uppástungu að eins í góðu skyni, því að jeg er fullviss um, að ef á að fara að koma með breytingartillögur, þá eyðist eins mikill tími til þess, eins og þótt nefnd hefði verið sett. Mjer hefði þótt bezt, að nefnd væri sett, sem semdi svo álit um málið, svo að þjóðin fengi leiðbeiningu um það frá báðum deildum alþingis, hvernig þær hugsuðu sjer það. Jeg skal ekki halda nefnd fast fram, en það er mín sannfæring, að frumvarpið þurfi lagfæringar við, og ef menn vilja nokkuð gjöra við það, þá verði það hvergi betur gjört en í nefnd.

Einar Ásmundsson: Þingmaður Norður-Þingeyinga tók fyrir skömmu fram, að tími þingsins væri svo að þrotum kominn, að það, að setja nefnd í mál hjeðan af, væri sama sem að stinga því undir stól. Hjer í deildinni var raunar í dag sett nefnd í annað mál, en það mál hafði aldrei komið til þingsins fyr, og það var því alveg nýtt; en þetta frumvarp kom til þingsins fyrir tveim árum, auk þess sem málefnið er margrætt þar á undan; þjóð og þingmenn hafa því haft nokkurra ára umhugsunartíma til að íhuga þetta mál, svo að hjer er margfalt minni þörf á að setja nefnd. Það munu líklega að eins 2 þingmenn hjer í deildinni, sem bera gott skynbragð á laxveiði; það eru þeir, þingmaður Norður-Þingeyinga og þingmaður Strandamanna; þess vegna finnst mjer æskilegt, að þessir þingmenn taki sig saman um að ræða

málið utanþings, og koma sjer saman um breytingartillögur, ef þeim virðist þörf á. Jeg finn því ekki, að það þurfi að setja nefnd; og ef að þeir yrðu nú í nefndinni, sem sjálfsagt má telja, væri hún sett, þá yrði væntanlega ekki mikið lið að hinum þriðja, þar sem ekki fleiri hafa svo gott vit á laxveiði sem þessir tveir þingmenn í deildinni. Jeg vil skjóta því til þingmanns Strandamanna, hvort hann ekki fellir sig betur við þetta frumvarp, en þau lög, sem gilda nú. (*Ásgeir Einarsson*; »Jeg má ekki tala«). Í þau lög hafa menn lagt ýmislegan skilning, og þau hafa valdið talsverðum óspektum; jeg vona því, að þingmaðurinn sje mjer samdóma um, að heldur þurfi að greiða fyrir þessu máli, en að geyma það enn þá tvö ár til. Það þarf ekki meira en þennan tveggja ára tíma, síðan í hitt eð fyrra, til þess að komast eptir, hvort það muni vera til bóta að víkja lögunum í þessa stefnu eða aðra; málið er ekki svo margbrotið. Ákvarðanir frumvarps þessa geta verið of nákvæmar eða of ónákvæmar; jeg skal ekkert um það tala, því að jeg ber ekki gott skyn á það.

Þar eð ekki tóku fleiri til máls, var gengið til atkvæða, og málinu vísað til 2. umræðu í einu hljóði, en fellt frá nefndarkosningu með 6 atkvæðum gegn 3.

ÖNNUR UMRÆÐA Í EFRI DEILD,
á 44. fundi, 23. dag ágústmánaðar.

Breytingaruppástungur
við frumvarp til laga um friðun á laxi, eins og það var samþykkt við 3. umræðu í neðri deild alþingis.
(Frá Ásgeiri Einarssyni, þingmanni Strandamanna).

Við 2. gr.

Greinin orðist þannig:

Ekki má leggja net eða garða nje aðrar fastar veiðivjelar í nokkra á lengra en út í miðja ána. Nú vilja menn leggja garð eða veiðivjel út í á frá báðum löndum, og skal þá svo leggja, að jafnan sje 40 faðma bil eptir endilangri ánni milli veiðivjelanna. Geti þeir, sem land eiga sinn hvorum megin að ánni, eigi orðið á eitt sáttir um það, hvar hvor þeirra skuli leggja sína veiðivjel, skal sýslunefnd eða sýslunefndir skera úr og segja fyrir, hvar og hvernig veiðivjelar skal leggja; svo er og sýslunefnd eða sýslunefndum heimilt að ákveða, að bilið milli veiðivjelanna megi vera styttra en 40 faðmar, ef þeim þykir nauðsyn til bera, svo að rjetti einskis veiðieiganda sje misboðið.

Ef á rennur í tveimur eða fleiri kvíslum, sem lax gengur um, þá má sá, er veiði á í ánni, ekki þvergirða nema eina þeirra, og ákveður sýslunefnd, hverja kvíslina megi þvergirða, enda eigi engir aðrir veiði í þeirri kvísl.

Nú vilja allir þeir, er veiði eiga að einni á, veiða í fjelagi, og mega þeir þá þvergirða ána með einni veiðivjel, en skyldir eru þeir að gæta að öðru leyti fyrirmæla laga þessara. Hið sama er og, ef maður á einn veiði alla í á.

Við 4. gr.

Fyrir »9 þumlungar ummáls« komi: »10 þumlungar ummáls«, og aptan við þá málsgrein bætist: »þó má sýslunefnd ákveða, að möskvarnir skuli vera stærri, ef þörf þykir«.

Við 7. gr.

Fyrir orðin: »20 til 200 kr.« komi: »allt að 200 kr.«

Benidikt Kristjánsson: Jeg gjöri ráð fyrir, að uppástungumaður breytingaratkvæða þeirra, er hjer liggja fyrir, ætli ekki að taka til máls, og skal jeg þá láta í ljósi mína skoðun á þeim. Breytingaruppástungurnar eru flestar meinlausar, en jeg ætla þó að taka það fram um 1. breytinguna á 2. gr., að jeg get ekki fallizt á hana. Hjer er

gjörð sú breyting, að ekki megi leggja net eða garða, nje aðrar fastar veiðivjelar, lengra en út í miðja á, í staðinn fyrir, að frumvarpið bindur þessi takmörk við miðjan dýpsta ál vatnsins. Jeg ætla, að hver maður sjái, að hjer er engin trygging fyrir því, að föst veiðivjel ekki verði sett, sem þvergirði fyrir alla laxgöngu í ánni; því ef állinn liggur nær öðrum árbakkanum, og maður má leggja út í miðja á, þá getur hinn helmingur árinnar verið svo grunnur, að enginn lax gangi um hann. Það er alkunnugt, að laxinn fer tíðast, ef ekki í öllum tilfellum, nema ef svo ber undir, að hann er að flýja undan sel, stiklar eða gengur dýpstu og straumhörðustu álana. Vilji menn setja takmark fyrir veiðirjett hvers einstaks manns, til að friða laxinn, þá álít jeg menn verði að binda sig við dýpsta álinn, en ekki við miðja ána. Jeg tek það því fram aptur, að jeg get alls ekki sætt mig við þessa breytingu, því jeg álít þessa ákvörðun óhafandi.

Jeg skal einnig taka það fram, að 3. málsgrein 2. gr. er óheppilega orðuð eptir breytingaruppástungunum, því hjer er gjört ráð fyrir því, sem naumast nokkur lög geta kveðið á um, því það er sízt svo að skilja, að nokkurt leyfi sje veitt með því, sem hjer er tekið fram. Eigi lögin að vera nokkur friðunarlög, þá verða þau að vera svo, að þau leyfi ekki þvergirðingar. Þau hljóta þó að hafa þann tilgang, að koma í veg fyrir, að eigandi eða aðrir spilli veiðinni fyrir sjálfum sjer eða öðrum, eins og er um friðun á æðarvarpi og æðarfugli. Friðunarlögin sem slik ganga ekki út á að skipta veiðirjettinum á milli manna, þau ganga ekki út á það, að eyða laxinum, heldur hitt, að varðveita tímgun laxins og við halda honum sjálfum. Það er ísjárvert fyrir löggjafarvaldið, að heimila það, sem *getur* eyðilagt laxveiðina, þá veiði, sem er mjög svo arðberandi, ef skynsamlega er veitt. Jeg vil því lýsa því yfir, að jeg get ekki fallizt á þessi ákvæði. Breytingin við 4. grein um það, að möskvarnir sjeu 10 þumlungar í stað 9, og að sýslunefndin megi ákveða, að þeir skuli vera enn stærri, er alveg óþörf, og er þýðingarlaust, að setja slíka ákvörðun inn í lögin, því jeg ætla það sje eptir frumvarpinu sjálfu á valdi sýslunefndanna, að ákveða stærri möskva en 9 þuml., þar sem þeim þykir það við eiga. Jeg skal því næst leyfa mjer, að segja mitt álit um stærð möskvanna, af því jeg hef nokkra reynslu fyrir mjer í því efni. Jeg ætla, að þessi 9 þumlunga möskvi fullnægi reyndar ekki þeim tilgangi, sem menn hafa ætlað og viljað ná með lögunum. Jeg álít því nær engan lax, sem úr sjó gengur, minni en svo, að 9 þumlunga möskvi haldi honum, En lögin ætlast þó vissulega til þess, að smærri lax geti sloppið í gegnum þennan möskva, sem og í gegnum vjel eða grindur. En af því 1. grein frumvarpsins kveður á um, að lax skuli hvervetna friðhelgur, og allar ár opnar standa einn sólarhring í viku hverri, þá vil jeg enga áherzlu leggja á þetta atriði. Sömuleiðis verð jeg að álíta, að lögin eigi að hafa ákvæði um það, að bil milli veiðivjela megi aldrei vera minna en 40 faðma eptir endilöngum árfarvegi. Það er óþarfi og jafnvel háski, að veita sýslunefndum sjerstaka heimild til að minnka það. Lagafrumvarpið ákveður það stytzta, sem megi vera á milli vjelanna, og jeg ætla, að minna bil megi ekki til taka.

Þannig finn jeg ekki ástæðu til að greiða atkvæði með breytingaruppástungunum, þótt jeg hafi eigi mikið út á þær sumar að setja. Reyndar hef jeg ávallt litið svo á þetta mál, að friðunarlögin, sem vjer nú höfum, mættu álítast viðunanlega tryggjandi, en af því komnar eru fram mismunandi skoðanir og skilningur á þeim, og jafnvel á meðal lagamannanna sjálfra er lögð mismunandi þýðing í þau, þá ætla jeg það rjett og hyggilega gjört af þinginu, að semja ný lög, ef þau gætu komið í veg fyrir allan undanfarandi misskilning og tekið af tvímælin í þessu efni.

Ásgeir Einarsson: Þingmaður Norður-Þingeyinga hefur reyndar farið vægilega með breytingaruppástungur mínar, en þó lítum við sínum augum hvor á silfrið með það, sem hann finnur að þeim. Hann álítur, hvað misdýpið snertir, þá sje þetta óþarft (*Benidikt Kristjánsson*: Skaðlegt) eða skaðlegt, en jeg hitt eins skaðlegt í frumvarpinu, að miða við dýpsta álinn, því að hann getur legið við annan bakkann, og þá held jeg sje nú gengið uokkuð fram yfir Jónsbók, sem leyfði að draga á annars manns land. Meining Jónsbókar mun ekki önnur en sú, að laxaveiðin sje ekki hindruð. Þingmaðurinn sagði, að þessi lög ættu ekki að skipta veiðinni, heldur friða laxinn, en þó finnst mjer annað koma fram í skoðun hans. Mig furðar á því, að hann skuli ekki vilja hafa möskvann stærri en 9 þumlunga; því jeg veit til þess, að 5 marka lax hefur veiðzt í slíkt net. Laxinn er eins og hvert annað fiskakyn þannig, að honum er laginn ýms vöxtur, en á hinn bóginn eru þó Íslendingar ekki enn búnir að sanna, hvort smálaxinn eða berglaxinn. sem kallaður er, sje sjerstakt fiskakyn. En hvað sem því líður, þá fellst ekki þingmaðurinn heldur á það, að bilið sje minna en 40 faðma, eða sýsluefndir megi breyta þessu. Mjer er það kunnugt, að fyrir norðan, þar sem 2 menn áttu laxveiði í sömu á, lagði annar einungis 1 faðm fyrir neðan hinn, og veiddi sá betur, sem ofar lagði. (*Benidikt Kristjánsson*: Frá sama landi?). Nei, þeir lögðu sinn frá hvoru landi. Hvað gæti ekki öfundsjúkur maður gjört? Rifið upp vjelina, ef ekki má muna þumlungi á dýpinu. Hvað sem er um þvergirðingarnar, þá álít jeg betra að veiða í fjelagi, því jeg veit dæmi til þess, að menn hafa þá veitt betur. En að það hindri tímgun laxins, þá er það þvert á móti, því þá geta menn sleppt hverjum þeim laxi sem vill, en þó menn sleppi nú einhverju, þá mun það gagnslítið, því þeir laxar, sem sleppa hjá, verða veiddir ofar í ánni. Jeg veit dæmi til þess, að maður sleppti smálöxum og markaði þá í sporðinn, en þeir voru veiddir fyrir ofan hann. Jeg álít enga veiðiaðferð betri en í fjelagi. Að öðru leyti er mjer þetta ekki kappsmál, þar sem jeg veit að það er einmitt sprottið frá Elliðaárnefndinni, en ekki eptir nokkurri bænarskrá frá landsmönnum sjálfum. Jeg ætla því ekki að tala um ræturnar, en ávextirnir koma síðar fram. En til þess kom jeg með breytingar mínar, að málið skyldi ekki koma alveg flatt upp á þjóðina.

Benidikt Kristjánsson: Jeg hef kann ske verið nokkuð framhleypinn, að taka til máls, áður en hinn heiðraði þingmaður Strandamanna hafði borið breytingum sínum hönd fyrir höfuð. En þó ætla jeg að leyfa mjer að gjöra eina eða tvær athugasemdir við skýringu hans á þessum breytingartillögum. Jeg tók svo eptir, að hann hjeldi, að þegar dýpsti állinn lægi við annan bakkann, þá mundi sá, er land ætti hinu megin að ánni enga veiði hafa. Það er þó auðskilið, að sá, sem á land að álnum, getur veitt, en hinn ekki eptir breytingu hans, því að hinn heiðraði höfundur breytinganna útilokar hann frá þessu. Hann vill með breytingartillögum sínum af nema þá ákvörðun 2. greinar frumvarpsins, að hreppsnefndin hafi heimild til að kveða á um það, að þeir, sem land eiga sinn hvoru megin að ánni, megi veiða frá sama landi. Ástæða þingmannsins fellur þá alveg um sjálfa sig, því frumvarpið gjörir einmitt ráð fyrir þessum tilfellum og bætir úr þeim. Hann fann að því, að jeg sætti mig við 9 þumlunga möskvana, en hann man ekki eptir því, að sýslunefndirnar mega semja samþykktir, er rýmki um, ef þær vilja, og ákveða möskvann stærri en 9 þumlunga, svo ekki er hægt að finna frumvarpinu þetta til foráttu. Hann ætlaði að slá mig laglega af laginu, þegar hann kom að 40 faðma bilinu í ræðu sinni.

Hann kom með fróðlegt dæmi um það, að sá, sem hefði lagt veiðivjel sína *einum faðmi* ofar en granni hans, hefði veitt miklu betur en hinn. Hvað sannar þetta? Það, að þeir hafa lagt saman að þvergirða ána, og að meiri laxgengd hafi verið í ánni þeim megin, sem hin efri veiðivjelin var lögð, því að hann játaði, að þeir hefðu lagt *sinn frá hvoru landi.* Það sannar þó alls ekki, að millibilið megi vera minna en 40 faðmar, en það sannar einmitt hið gagnstæða, að ef nokkur friðun á að vera fyrir laxinn, þá þarf nokkurt bil að vera milli veiðivjelanna, ef laxinn á að geta sloppið fram hjá þeim. Allt það, sem þingmaðurinn hefur mælt með breytingum sínum, er einmitt á móti þeim.

Viðvíkjandi fjelagsskapnum með veiðina, sem honum þótti svo notalegur og handhægur, vil jeg geta þess, að hann er mjög vænlegur til þess, að verða hættulegur fyrir frið og samlyndi manna á meðal. Jeg held hann gjöri ráð fyrir of miklu, ef haun ætlar, að heil sveit muni koma sjer svo saman, og að allir verði ánægðir með skiptin á veiðinni. Það verður og til þess, að venja menn á sofanda og slóðaskap, og til þess, að mörgum mundi þykja fýsilegt, að taka þannig hlut á þurru landi. En aðaláherzluna legg jeg á það, að það mundi verða til þess að eyðileggja laxveiðina. Þá er engin friðun fyrir því, að laxinn, sem upp hjá sleppur, yrði ekki tekinn ofar í ánni. Laxinn verður þó að hafa einhvern frið til að hrygna og tímgast. Til þess leitar hann upp eptir ánum á grynningar, sem sízt eru nálægt ósum, því það vita allir, að hvorki lax nje silungur hrygnir í djúpu vatni.

Sighvatur Árnason: Jeg játa það, að jeg er ekki laxfróður maður, og skal því ekki fara langt út. í, hvor þeirra tveggja þingmanna, sem talað hafa, hefur rjettara fyrir sjer. En mjer finnst spursmál um, hvort 2. gr. frumvarpsins er ekki brot á móti landsrjettindum, þar sem landslögin binda landamerkin við miðjan árfarveg, en önnur grein frumvarpsins bindur veiðirjettinn við dýpsta ál, og skýt jeg því spursmáli til hinna lögfróðu hjer í deildinni, hvort ekki geti verið þess vegna hæpið að halda þessari ákvörðun frumvarpsins.

Jón Pjetursson: Jeg get nú yfir höfuð að tala fellt mig við þessar breytingartillögur, sem fram eru komnar. Breytingartillagan við 2. gr. þykir mjer yfir höfuð heppileg, bæði 1. kafli hennar og sömuleiðis annar kaflinn, þar sem gjört er ráð fyrir, að á renni í 2 eða fleiri kvíslum, en mjer finnst 3. kaflinn standa í stríði við miðkaflann. Það er í miðkaflanum ekkert tiltekið um það, hvort aðrir eigi veiðina fyrir ofan eða ekki, svo þótt enginn annar eigi veiði fyrir ofan, má hann ekki þvergirða nema eina kvísl, en sýslunefndin á að ákveða, hver vera skuli, og þó má maðnr þvergirða ána eptir seinasta kaflanum, ef hann á einn veiðina fyrir ofan, því þar stendur: «Nú vilja allir í sameiningu veiða með þvergirðingum», o. s. frv. Þetta finnst mjer vera hvað á móti öðru.

Ásgeir Einarsson: Jeg þarf ekki að fara mörgum orðum um aðfinningar þær, sem þingmaður Norður-Þingeyjarsýslu bar fram. En viðvíkjandi þessum fjelagsskap í því að veiða, skal jeg geta þess að eins, að í greininni er þess ekkert getið, að menn skuli vera þvingaðir til að veiða í fjelagsskap; fellur því sú aðfinning hans burtu af sjálfri sjer. En það, sem hinum háttvirta 3. konungkjörna þingmanni þótti vera á móti samræmi greinanna eða breytinganna, vona jeg að gæti lagazt, ef við berum okkur saman um þær til 3. umræðu málsins, ef okkur skyldi sýnast þær vilja reka sig á.

Einar Ásmundsson: Því miður hef jeg lítið vit á þessu máli. En eins og nú á stendur með hin gildandi lög í þessu efni

að þau geta verið misskilningi undirorpin, ber brýna nauðsyn til þess, að lögin sjeu svo skýrð, að enginn misskilningur geti komizt að, og til þess eru ætluð þessi lög, sem hjer liggja fyrir samin. Einmitt þetta er fyrir mjer aðalatriði málsins. Þyki því ekki þeir gallar á frumvarpinu, sem gjöra það alveg óhafandi, vildi jeg ráða til að samþykkja það óbreytt. Breytingartillögur þær, sem fram eru komnar við málið í þessari deild, bæta málið að mjer sýnist ekki að neinum mun; en verði nokkrar þeirra samþykktar, tefur það svo fyrir málinu, að það getur ekki orðið útrætt á þessu þingi. Sjeu menn nú á sömu skoðun og jeg, að lög þessi sjeu nauðsynleg, og að þeir gallar sjeu ekki á frumvarpinu, sem gjöri það alveg óhafandi, vonast jeg eptir, að það verði samþykkt óbreytt; en þyki mönnum aptur á móti þeir gallar á því, að það bæti ekki úr því, sem nú á sjer stað, má eins vel fella það, eins og það er, eins og að vera að fara þá krókaleið, að samþykkja breytingartillögurnar, því að sjeu þær samþykktar, er málið með því eyðilagt vegna tímans. Jeg er alveg á sama máli og þingmaður Norður-Þingeyinga um það, að varhugavert sje, að leyfa þvergirðingar með nokkru móti, því að það leyfi má misbrúka mjög, þegar menn eru sólgnir í stundar-ávinning, en hugsa minna um varanlegan hagnað. Spursmál það, sem fyrsti þingmaður Rangeyinga bar undir hina lögfróðu, finnst mjer vera svo ljóst, að ekki þurfi lögfræðing til að svara því. Mjer finnst það liggja í augum uppi, að sá, sem á land að ánni þeim megin, sem állinn liggur ekki, — ef állinn nefnilega liggur undir bakkanum hinu megin, — megi ekki leggja veiðivjel lengra en út í miðja ána eptir gildandi lögum, og því ekki í álinn, ef hann liggur hinu megin við miðju árinnar; þetta virðist mjer liggja í hlutarins eðli, af því að maður á ekki lengra en út í miðja ána. Jeg álít, að frumvarp þetta sje til bóta, og greiði því atkvæði mitt með því óbreyttu.

Var síðan gengið til atkvæða um hinar einstöku greinir málsins, og var:

1. 1. gr. frumvarpsins samþykkt með 9 atkvæðum.
2. Breytingartillaga við 2. gr. samþykkt með 6 atkvæðum.
   Við það var frumvarpsgreinin fallin.
3. 3. gr. frumvarpsins samþykkt með 10 atkvæðum.
4. Breytingartillaga við 4. gr. felld með 6 atkvæðum gegn 5 að viðhöfðu nafnakalli.

   Já sögðu:
   Benidikt Kristjánsson,
   Ásgeir Einarsson,
   Jón Pjetursson,
   Pjetur Pjetursson,
   Skúli Þorvarðarson.

   Nei sögðu:
   Magnús Stephensen,
   Árni Thorsteinson,
   Einar Ásmundsson,
   Sighvatur Árnason,
   Sigurður Melsteð,
   Stefán Eiríksson.
5. Viðauki við 4. gr. felldur með 8 atkvæðum.
6. 4. gr. frumvarpsins óbreytt samþykkt með 6 atkvæðum móti 5.
7. 5. gr. frumvarpsins samþykkt með 7 atkvæðum.
8. 6. gr. frumvarpsins samþykkt með 9 atkvæðum.
9. Breytingartillaga við 7. gr. samþykkt með 8 atkvæðum.
10. 7. gr. með áorðinni breytingu samþykkt með 8 atkvæðum.
11. 8. gr. samþykkt með 9 atkvæðum.
12. 9. gr. samþykkt með 8 atkvæðum.
13. 10. gr. samþykkt með 6 atkvæðum.
14. Fyrirsögn frumvarpsins samþykkt án atkvæðagreiðslu.
15. Að frumvarpið gengi til 3. umræðu, var samþykkt með 8 atkvæðum.

ÞRIÐJA UMRÆÐA Í EFRI DEILD,
á 47. fundi, 25. dag ágústmánaðar.

Frumvarpið, eins og það var samþykkt við 2. umræðu, sjá I. 578—579.

Þar eð enginn tók til máls, var gengið til atkvæða, og var frumvarpið samþykkt með 9 atkvæðum; kvað forseti frumvarpið mundu verða endursent neðri deildinni sökum breytinga þeirra, er á því hefðu orðið.

EIN UMRÆÐA Í NEÐRI DEILD,
á 67. fundi, 26. dag ágústmán.

Frumvarpið, eins og það var samþykkt við 3. umræðu í efri deild, sjá I, 590—591.

Breytingartillögur
við frumvarp til laga um friðun á laxi, eins og það var samþykkt við 3. umræðu í efri deild.

a.

Við 2. gr. Síðasta málsgrein: «Nú vilja allir» o. s. frv. til «í á» falli burt.
Grímur Thomsen. Egill Egilsson.
Þorkell Bjarnason. Benidikt Sveinsson.
Ólafur Pálsson. Jón Ólafsson.

b.

1. Við 1. gr. Fyrir: «10. degi júnímánaðar til 10. dags septembermánaðar». komi: «1. degi júnímánaðar til 1. dags septembermánaðar».
2. Við 2. gr. Fyrir aptan síðustu orð fyrri málsgreinar («veiðieiganda sje misboðið») komi: «Alla úrskurði, fyrirmæli og ákvæði sýslunefnda skal leggja fyrir amtsráð til samþykkis».

Arnljótur Ólafsson. Lárus Blöndal.
Tryggvi Gunnarsson.

Flutningsmaður (Jón Ólafsson): Eins og frumvarpið er nú komið aptur frá hinni heiðruðu efri deild, hefur það fengið óheppilegan viðauka við 2. gr., sem gjörir það óaðgengilegt, ef því verður ekki breytt. Þar er komið inn í: «Nú vilja allir þeir» o. s. frv. Með þessu er horfinn sá tilgangur, sem nefndin hafði með að semja þessi lög, því að það var einmitt til að friða laxinn, og þess vegna mega þvergirðingar ekki eiga sjer stað. Fyrir því höfum vjer 6 þingmenn komið með breytingartillögu, að hin síðasta málsgrein 2. greinar falli burt, og jeg vona, að deildin, sem hefur sýnt svo mikinn áhuga í þessu máli, samþykki það, því að það er eini vegurinn til þess að frumvarpinu verði framgengt (*Halldór Friðriksson*: Þá er það fallið). Jeg heyri, að þingmaður Reykvíkinga, sem er vanur að nöldra fram í ræður annara, heldur, að frumvarpið falli þá, ef breytingartillagan verður samþykkt, en það þarf ekki að vera, því að á morgun má taka það til umræðu, enda er betra, að það falli, en að það sje svona. Hjer er einnig breytingartillaga frá öðrum 3 þingmönnum, en jeg veit ekki, hvort hún hefur komið svo snemma, að hún verði tekin til greina; hún kom einnig við fyrri umræðuna, og var þá felld, og jeg vona, að svo fari enn, því að jeg álít þessa breytingu ekki nauðsynlega. Þá er enn breytingartillaga, að aptan við greinina komi: «Alla úrskurði, fyrirmæli» o. s. frv. Jeg veit ekki, hvað þessi breyting á að þýða; það er reyndar amtsráðsmaður undir breytingartillögunni, og er þá líklegt, að hann hafi viljað auka völd amtsráðsins sem mest, en jeg get ekki sjeð, að amtsráðin geti haft betra vit á þessu máli en sýslunefndirnar; jeg verð því að álíta breytingartillöguna óheppilega, og ræð deildinni frá að samþykkja hana.

Arnljótur Ólafsson: Jeg finn mjer skylt að verja breytingartillögur okkar þriggja þingmanna við 1. og 2. gr. frumvarpsins. Jeg skal játa, að breytingartillaga okkar við 1. gr. er okkur ekkert kappsmál, og má hún gjarna falla. Við komum fram

með þessa breytingartillögu af því, að við ætluðum, að ekki væri rjett að banna veiði snemma vorsins, og að eigi ætti að banna að veiða lax, sem kemur úr sjó fram til 20. júní, eða svo lengi sem til er tekið í frumvarpinu. En á hinni breytingartillögunni er jeg fastur, eigi vegna amtsráðanna, heldur vegna laganna sjálfra. Jeg vil biðja hinn háttvirta 2. þingmann Suður-Múlasýslu að gæta að því, að í 1. gr. stendur, að sýslunefndir skuli ákveða laxveiðatímann *með samþykki amtsráða*, og sömuleiðis í 5. gr. eiga reglugjörðir þær, er sýslunefndir kunna að búa til, að leggjast fyrir *amtsráð* til staðfestingar. Hví mega þá ekki amtsráðin eins leggja samþykki sitt á, hve langt megi leggja net og garða, og hve langt bil skuli vera milli veiðivjela? Það er þó eins áríðandi og hitt. Jeg finn enga ástæðu til að sýslunefndirnar einar skeri úr þessu. En ástæðan fyrir breytingartillögunni er eingöngu, að koma samkvæmni inn í lögin, og jeg skil ekki í, að hinn háttvirti framsögumaður geti haft neitt á móti því, að 2. gr. sje bundin sama skilyrði sem 1. gr. og 5. gr. Það er ekki heldur meining mín, að jeg með breytingartillögunni vilji tefja fyrir frumvarpinu, heldur að eins að koma samkvæmni í lögin, og eigi að eins í þessi lög sjálf, heldur einnig að þau geti verið samkvæm öðrum samkynja lögum, svo sem samþykktum um fiskiveiðar. Þær eru fyrst fengnar sýslunefndunum og síðan amtmanni til staðfestingar. Jeg álít þess vegna nauðsynlegt, að þessu *amtsráði* sje einnig haldið í 2. gr. frumvarpsins.

Flutningsmaður: Jeg er hinum háttvirta þingmanni Eyfirðinga þakklátur fyrir hinar góðu undirtektir hans viðvíkjandi fyrri tillögunni, því hún er mikilsvarðandi, og oss nefndarmönnum er mjög annt um, að hún komist eigi að. En hvað hina síðari breytingartillögu snertir, þá skal jeg geta þess, að ef öðruvísi væri ástatt en er, þá mundum vjer eigi svo mjög berjast gegn henni. Ef hinn hattvirti þingmaður vildi gæta að því, hvað lagt er undir amtsráðið í 1. gr., og hvað lagt er undir sýslunefndirnar í 2. og 3. gr., þá mundi hann gjörla sjá muninn. Þegar talað er um, hvar eigi að leggja í einhverri á, og sv. frv., þá er það álit nefndarinnar, að amtsráðið sje eigi nógu kunnugt til þess, að geta dæmt um það í öllum sýslum og sveitum amtsins; en þar á móti hlýtur sýslunefndin að vera þessu miklu kunnugri, og í öllu falli á hún hægra með að útvega sjer nægar skýringar um það. Það er líka ósamkvæmni, að leggja 2. gr. undir úrslit amtsráðsins, en eigi 3. gr. líka; þar stendur fyrst í greininni: «nema sýslunefnd eða sýslunefndir leyfi». Á þá líka að fá leyfi amtsráðs fyrir þessu, eða ef til vill leyfi landshöfðingja, eða konungs? Það getur stundum staðið svo á, að það liggi á að fá þennan úrskurð, og þá getur orðið dráttur á, að verða að leita hans til amtsráðsins. En svo er enn þá ein ástæða fyrir því, að nefndin vill fella þessa breytingartillögu nú, og hún er sú, að ef breytingartillaga nefndarinnar ein verður samþykkt, þá er fljótlegra að fá því breytt í prentsmiðjunni, en ef breytingar hinna þriggja þingmanna næðu framgöngu, því við þær verður að bæta inn í frumvarpið og breyta því, en eptir tillögu nefndarinnar þarf að eins að taka út úr nokkrar línur, og með því móti getur frumvarpið komizt áfram, annars ekki; og jeg vona, að hin heiðraða deild vilji eigi vinna það fyrir tillögur hinna 3 þingmanna, að allt frumvarpið falli, og það því síður, sem þessar tillögur eru hjegómlegt valdspursmál milli sýslunefnda og amtsráða.

Halldór Friðriksson: Jeg skal leyfa mjer að svara 2. þingmanni Suður-Múlasýslu því, að hvort sem breytingar hinna 3 þingmanna eða nefndarinnar verða teknar, þá verður að prenta frumvarpið upp aptur. En þó það nú verði prentað svo fljótt, að það geti orðið lagt fyrir efri deildina fyrri hluta dagsins á morgun, þá vil jeg leyfa mjer að spyrja: hvenær á að setja það á dagskrá? Í kveld er enginn fundur. Það á þá að taka það

til umræðu, án þess það sje getið um það áður, án þess það sje sett á dagskrá; og þetta getur efri deildin eigi gjört.

Flutningsmaður: Ef breytingartillögur nefndarinnar einnar fá framgöngu, þá þarf að eins að stryka út 3 línur í frumvarpinu, og auk þess mun það víst, að letur frumvarpsins stendur enn í prentsmiðjunni, og þá held jeg að það sje vinnandi vegur, að kippa þessum 3 línum út úr því. Og hvað efri deildinni viðvíkur, þá er þingmaður Reykvíkinga til allrar hamingju ekki formaður hennar, og getur því eigi spillt fyrir frumvarpinu, þrátt fyrir hinn góða vilja sinn til þess. Jeg held forseti efri deildar geti enn þá breytt dagskránni svo, að málið verði tekið þar fyrir á morgun.

Grímur Thomsen: Jeg skal leyfa mjer að bæta því við, að jeg hef talað við hinn hæstvirta forseta efri deildarinnar um þetta, og hann hefur skýrt mjer frá, að málið muni geta gengið fram í þeirri deild, ef engar aðrar breytingar væru við það gjörðar en nefndarinnar.

Arnljótur Ólafsson: Mjer þykir hinn heiðraði framsögumaður gjöra of mikið úr því, til hverra vandræða það horfi fyrir málið, ef tillögur mínar og þessara tveggja þingmanna ná fram að ganga. Því ef það er nóg, að draga stryk yfir síðustu línur 2. greinar, þá má einnig skrifa þennan viðauka okkar aptan við 2. gr.; því það eru þó engin þingsafglöp, þótt menn hafi það fyrir sjer skrifað. Það er skringilegt, að standa skuli í 5. gr., að reglugjörðir sýslunefnda um þetta skuli lagðar fyrir amtsráð til staðfestingar, en hvorki úrskurðir hennar, fyrirmæli eða ákvæði um lagnir. Þetta er þó ósamkvæmni, sem jafnvel hinn heiðraði framsögumaður verður að játa. Það er full von, að hann hafi tekið ástfóstri við frumvarp sitt, en hann má eigi gjöra það svo ákaft, að nauðsynlegar breytingar geti eigi komizt að (*Flutningsmaður*: 3. grein!) Viðaukaatkvæðið nær einnig til hennar, því það stendur í því: «*alla úrskurði*» . Jeg skil eigi í því, hve viðkvæmu ástfóstri hann hefur tekið við frumvarp sitt, því að það hamlar alls eigi framgangi þess, þótt þessar tillögur nái fram að ganga.

Grímur Thomsen: Jeg skal leyfa mjer að benda hinum heiðraða þingmanni Eyfirðinga á það, sem stendur í 5. gr., að reglugjörðir sýslunefnda um skýrari ákvarðanir í lögum þessum um það, sem að framan er ákveðið, eiga að leggjast fyrir amtsráð til staðfestingar. Jeg get því ekki betur sjeð, en áhrif þau, sem hinn háttvirti þingmaður vill láta amtsráðin hafa eptir 2. gr., geti þau haft eptir fyrirmælum 5. gr. Það má vel vera, að það sje betra, að ítreka þetta atriði, hvað formið snertir, en efni laganna mun litlar bætur fá við það. Jeg vona og, að hinn háttvirti þingmaður sjái, að ef þetta mál á að fá framgang, þá má eigi gjöra við það fleiri breytingar en svo, að mögulegt verði, að málið geti komið til umræðu í efri deildinni á morgun.

Flutningsmaður: Jeg vil leyfa mjer að benda hinum háttvirta þingmanni Eyfirðinga á, að það, sem í 1. gr. heyrir undir samþykki amtsráðsins, eru almennar reglur, sem gilda fyrir öll veiðivötn, en ákvæði 2. og 3. gr. hljóða um það, hvort leyfa megi þetta eða þetta í þessari og þessari á, og eru því staðarlegar reglur, en ekki almennar. Jeg held líka, að þetta amtsráðssamþykki gæti orðið nokkuð umsvifamikið. Vjer getum hugsað oss, að einhver ágreiningur verði milli sýslunefnda á Austurlandi að vorlagi um eitthvert atriði 2. gr., þá þyrfti náttúrlega að senda mann til Akureyrar til amtsráðsins í norður- og austuramtinu, en þá stæði svo á, að amtsráðsmaðurinn þar væri suður í Reykjavík á alþingi. Þetta gæti orðið fremur óþægilegt, þegar fljótan úrskurð þyrfti að fá. Þetta yrði því öldungis «ópractiskt», þegar um staðarleg efni er að ræða.

Halldór Kr. Friðriksson: Jeg vil enn þá leyfa mjer að svara hinum háttvirta þingmanni Borgfirðinga. Setjum nú svo, að þetta frumvarp komist í kveld til forseta efri deildar, þá get jeg ekki sjeð fyrst og fremst,

hvernig hann getur látið ræða það fyrri hluta dags á morgun, því að hann þyrfti þá að setja það á dagskrá, að hann ætlaði að kalla saman fund, til að kalla saman fund, og í öðru lagi þótt þetta mál kæmist inn á fund, þá vil jeg leyfa mjer að spyrja: hefur forseti þá rjett til að neita þingmönnum um, að koma með breytingaratkvæði? Jeg segi *nei*. Fyrir því má forseti eigi taka málið aptur svo snemma til umræðu, að þingmenn geti eigi komið með breytingaratkvæði, ef þeir æskja, og verður því að fresta málinu, ef þeir vilja. Jeg vona, að menn sjái, að jeg tala þetta ekki af neinni hlutdrægni, en held mjer fast við rjett form. En um þá viðbáru, að það megi stryka út þær línur, sem nefndin vill fella, þá dugar það ekki, það þarf að prenta það. En viðvíkjandi 5. gr. skal jeg geta þess, að þar er að eins talað um reglugjörðir, en ekki um einstaka á. Enda sje jeg eigi, að amtsráðin megi eigi hafa atkvæði um það, að engum sje misboðið.

Flutningsmaður: Mig furðar ekki svo mjög á því, þótt hinn háttvirti þingmaður Reykvíkinga vilji telja mönnum trú um, að þessi breyting nefndarinnar verði til þess að fella frumvarpið; hann hefur sýnt það áður í umræðum þessa máls, að hann hefur haft fullan vilja á að fella það, en jeg vona, að hinir háttvirtu þingmenn sjái, að þetta þarf eigi að verða málinu til falls, og þeir láti ekki þingmann Reykvíkinga koma sjer til að fella það með þessu bragði. Letrið stendur í prentsmiðjunni óhaggað, og það þarf ekki annað en kippa úr þessum línum, og þá tekur það ekki af nema 10 mínútur að prenta það á ný. Jeg vona, að þingmenn fallist á þessa breyting nefndarinnar og frumvarpið að öðru leyti.

Var síðan gengið til atkvæða, og fjellu þau þannig:

Breytingartillaga 3 þingmanna við 1. gr. felld með 13 atkvæðum gegn 5.

Breytingartillaga 3 þingmanna við 2. gr. felld með 13 atkvæðam gegu 5.

Breytingartillaga nefndarinnar o. fl. við 2. gr. samþykkt með 14 atkvæðum.

Frumvarpið þannig breytt var samþykkt með 14 atkvæðum, og kvaðst forseti þá mundu senda það aptur til efri deildarinnar.

EIN UMRÆÐA Í EFRI DEILD,

á 51. fundi, 27. dag ágústmánaðar.

Frumvarpið, eins og það var samþykkt við eina umræðu í neðri deild, sjá I, 619—621.

Forseti leitaði leyfis þingdeildarinnar um, að mál þetta, sem á dagskrá stóð, mætti koma til umræðu á fundinum, að þar til fengnu leyfi landsböfðingjans, og var það fellt frá umræðu á þessum fundi með 3 atkvæðum á móti 6.

Forseti frestaði því næst fundinum þangað til 2¼ e. m.

Forseti setti aptur fund kl. 2¼ e. m., og bar þá að nýju eptir ósk 6 þingmanna undir atkvæði, hvort frumvarp til laga um friðun á laxi mætti takast til einnar umræðu á fundinum, og var það samþykkt með 8 atkvæðum móti 2.

Árni Thorsteinson: Þetta er eitt af þeim málum, sem hefði þurft að ræða vandlega, en mörg störf hafa í þetta sinni legið fyrir þinginu, enda hef jeg því ekki átt kost á að tala um þetta mál, fyr en nú að jeg mun stuttlega skýra frá, hvers vegna jeg er á móti frumvarpinu, eins og það nú liggur fyrir í heild sinni. Jeg skal fara stuttlega yfir, til þess ekki að tefja hinn dýrmæta síðasta tíma þingsins. Í fyrsta lagi sakna jeg þess, að hjer í þessu frumvarpi er ekki með einu orði talað um sambandið milli laxveiðanna og annarar veiðar, t. a. m. síldarveiðarinnar og silungsveiðarinnar, en þeim lendir opt saman, þar sem ádráttur er hafður. Þar næst skal

jeg með fáum orðum minnast á veiðitímann. Jeg álít þá ákvörðun alveg öfuga, þar sem það er lagt að nokkru í vald sýslunefndar eða syslunefnda, að ákveða, hve nær veiðin skuli byrja og hve nær enda innan hinna tilteknu takmarka; þar að auki álít jeg það alveg ófært, að leyfa að veiða til 10. septembers. Jeg álít, að laxveiðatíminn eigi ekki að ganga fram yfir 1. september, en aptur vil jeg segja það, að þegar laxinn fer aptur að leita til lands að vori, þá sje ekkert því til fyrirstöðu, að byrja aptur að veiða hann. Þá ákvörðun, að veiðina megi ekki byrja fyr, en 20. maí eða 10. júní, álít jeg þannig óheppilega. Þá álít jeg og ákvörðun 2. greinar um 40 faðma bilið milli girðinganna vera mjög vafasama, einkum af því þetta verður að vera hin almenna regla, sem sett er, en frá þessu má að vísu eptir frumvarpinu víkja með samþykki sýslunefnda, sem geta stytt bilið, ef þeim þykir ástæða til þess. Jeg álít, að bilið megi vera nokkuð styttra; þar sem botn er grýttur, álít jeg að bilið sje efalaust nægilega langt, ef það er 10 faðmar, en það fer þó sjálfsagt nokkuð eptir vatnslaginu. Sú hugsun gengur í gegn um allt frumvarpið, að láta sýslunefndirnar ráða, hvernig hinn einstaki eigandi megi nota eign sína, og honum er þannig fyrirmunað að leita dóms og laga, ef honum finnst sinn rjettur skertur. Enn fremur tel jeg það vafasamt, hvað menn hugsa sjer með þessum 40 faðma breiða vegi, sem ákveðinn er í 3. gr., er ekki má leggja net í úti fyrir árósum, einkum þegar það er tekið til greina, að lax gengur með fram ströndum, en ekki þar sem dýpst er. Hvað er árós? hvað er kvísl í á, ef menn greina á um það, eptir því sem sjerstaklega hagar til á hverjum stað? og hvernig á að fara að, ef að árósinn ekki leyfir 40 faðma millibil? Svo skil jeg ekki, hvers vegna verið er að innleiða nýmæli, þar sem hrein og bein lagaákvörðun er fyrir hendi, sem fara má eptir. Þannig sje jeg ekki annað, en að ákvörðnn 8. gr. sje óheppilega orðuð. Hvers vegna er ekki farið eptir 300. gr. hegningarlaganna? Þar er ekki ákveðið það skilyrði, að maðnr sleppi við málssókn, *ef hann játar brot sitt þegar*, og er það ætlun frumvarpsins, með því að láta sýslumann ákveða skaðabætur, að fyrirmuna þeim, er hlut á að máli, að fá skaðabót sína ákveðna á vanalegan hátt, eða þann, sem fyr er ákveðinn í lögunum, þar sem fimm menn eiga að meta skaðann? Þessari grein hefði þó hæglega mátt breyta með breytingaratkvæði, en hinum greinunum, sem til taka svo óljóslega ýmisleg atriði, er ekki svo hægt að breyta, nema með því að umsteypa þeim alveg, og þannig koma með nýtt frumvarp. Það er sjálfsagt, að þau veiðilög, sem vjer höfum í Jónsbók, ern í mörgum greinum vafasöm, og viðaukalögin eigi síður, en ef semja á ný lög, þá verða þau að vera skýr og ljós, og um fram allt ekki ganga of nærri eignarrjetti manna eða láta hann vera kominn undir tafli á sýslunefndarfundum. Til þess að vernda eins áríðandi atvinnuveg, sem laxveiðin er, þarf lög, sem betur eru úr garði gjörð en þessi, og því get jeg ekki gefið frumvarpinu atkvæði mitt, og þykist hafa fært ástæður fyrir því.

Þá hafði einn þingmaðnr beðið um orðið, en forseti neitaði því, og bar undir atkvæði, hvort umræðunum skyldi hætta, og var það samþykkt.

Frumvarpið var samþykkt með 6 atkvæðum, og afgreitt til landshöfðingja sem lög frá alþingi.

XXVIII.

Lánsstofnun og banki.

A.

Frumvarp til laga um stofnun lánsfjelags fyrir eigendur fasteigna á Íslandi. Frá stjórninni. Frumvarpið er prentað í fyrri parti alþingistíðindanna, bls. 561—566.

FYRSTA UMRÆÐA Í NEÐRI DEILD, á 4. fundi, 6. dag júlímánaðar.

Landshöfðingi: Það er kunnugra en frá þurfi að segja, að peningaekla hjer á landi er mjög mikil, og að örðugt veitir landsmönnum, bæði að útvega sjer hið nauðsynlega «*driftskapital*» eða fje það, sem með þarf til að efla bjargræðisvegi landsins, og einnig það, sem nauðsynlegt er til að borga með skatta og önnur gjöld til landssjóðsins. Það er því velferðarmál landsins að ráða bót á þessu; og menn hafa bent til ýmissa úrræða til að greiða úr þessu. Jeg tek til dæmis, að opt hefur verið reynt til þess með því, að stofna banka í landinu. Jeg fyrir mitt leyti játa, að þess konar stofnun væri mjög æskileg, ef henni yrði komið fyrir á viðunanlegan hátt. En þetta hefur hingað til ekki beppnazt. Þingmönnum mun það ekki ókunnugt, að leitazt hefur verið við, að fá «Nationalbankann» í Kaupmannahöfn, eða annan áreiðanlegan banka samastaðar, til að stofna útibú (Filialbank) hjer í landinu, en þeir hafa ekki verið fáanlegir til þessa, vegna þess að þeim þykir það víst, að kostnaðurinn, sem verður bankahaldinu hjer á landi samfara, verði svo, að það geti ekki borgað sig. Jeg er á því sama máli, að bankar hjer geti ekki borgað sig að svo stöddu, og því hef jeg eigi þorað að leggja það til, að hið opinbera, landssjóðurinn, taki að sjer upp á sinn kostnað að koma því líkri stofnun á. Jeg skal í sambandi hjer við geta þess, að landið er svo strjálbyggt, og samgöngurnar svo ófullkomnar, að það mun eigi nægja til að gagna öllu landinu verulega, að hafa einn banka, heldur mun þurfa að hafa marga bankakontóra, en þetta mundi sjálfsagt að mun auka kostnaðinn. Á hinn bóginn er gagn það í viðskiptum við aðrar þjóðir, sem banki geti gjört, minni en áður hefur verið gjört ráð fyrir, eptir að póstsambandið við útlönd er komið í svo gott lag, sem nú er. Í frumvarpinu leggur stjórnin það til, að reyna með stofnun lánsfjelags fyrir eigendur fasteigna á Íslandi, að ráða bót á peningaeklunni, og eru «Creditforeninger» þær í Danmörku, sem staðið hafa nú í hjer um bil 30 ár, teknar til fyrirmyndar í þessu tilliti. Þvílíkt lánsfjelag mun að mínu áliti fyllilega geta ráðið bót á þeim vandræðum, sem eru með að fá það fje, sem með þarf til þess, að efla bjargræðisvegi landsins, og óbeinlínis og smám saman mun þetta einnig hafa í för með sjer bót á peningaeklunni í heild sinni; og þar að auki getur lánsfjelagið vel stutt að því, að banki seinna komizt á stofn, með því að koma því til leiðar, að nóg af Creditforeningsskuldabrjefum sjeu til, sem geti notazt sem veð, eða trygging fyrir bankann. En til þess, að lánsfjelagið geti stuðlað að þessu, mun nauðsynlegt, eptir því sem hjer á stendur, að útbúa fjelagið með verulegum hlunnindum, til þess að lánstraust það, sem þessi stofnun á að byggja á, geti verið nægilega tryggt, og til þessa miðar frumvarp það, er hjer liggur fyrir, og eru þessi hlunnindi til tekin í 2. og 3. gr. frumvarpsins, en við 2. og 3. umræðu frumvarpsins mun gefast tími til að ræða þessar ákvarðanir. Á þessu stigi málsins skal jeg að eins geta þess, að tillag það úr landssjóði, sem stungið er upp á, er í raun og veru ekki mikið, þegar litið er til þess gagns, sem stofnunin einnig fyrir hið opinbera verður að hafa í för með sjer. En mest ríður á, að bæði hið opinbera og fjelagar lánsfjelagsins hafi tryggingu fyrir

því, að fyrirkomulagi fjelagsins verði vel hagað, og um þetta gilda ákvarðanirnar í 4. og 5. gr. frumvarpsins.

Jeg skal geta þess, að lánsfjelög í Danmörku, sem verið hafa stjórninni til fyrirmyndar við samning frumvarpsins, ekki njóta þeirra sjerstöku hlunninda, sem hjer er stungið upp á, heldur að eins þess, sem um getur í 2. gr. 1.—5. og 7. tölulið. Því þau lánsfjelög, sem hafa nokkur þessara hlunninda, t. d. «Rentegaranti» af ríkissjóðnum, eru fyrst stofnuð samkvæmt lögum fyrir Danmörk 28. maí f. á., og hafa fyrst tekið til starfa á þessu ári; en samt sem áður hafa þessi fjelög innan 31. desember 1880 veitt lán sem hjer segir:

1.	Østifternes Kreditforening, stofnuð 1851	113,986,900 kr.
2.	Fyns Stifts, stofnuð 1860 . . .	7,442,500 kr.
3.	Nörre-Jyllands, stofnuð 1851 . . .	59,665,600 kr.
4.	Vest- og Sönderjydske, stofnuð 1860 . . .	22,141,300 kr.
5.	Ny Jydske Kjöbstad- stofnuð 1871 . . .	6,986,100 kr.
	samtals:	210,222,400 kr.

Grímur Thomsen: Jeg ætla að byrja á því, að taka fram, að stjórniu og hinn háttvirti landshöfðingi eiga þakkir skilið fyrir, að frumvarp þetta er komið fram. Það er öllum kunnugt, hverjum örðugleikum það er bundið, að fá lán hjer á landi. Þessar stofnanir, sem hjer ræðir um, eru á því byggðar og í þeim tilgangi stofnaðar, að lán gæti fengizt með sem vægustum kjörum, og það frumvarp, sem hjer liggur fyrir, er sniðið eptir lögum, sem út komu í Danmörku 28. maí 1880. Hjer veitist lán, sem endurborgist á 45 ára fresti og með svo vægum kjörum, að einungis skulu goldnir 6 af hundraði, og er það mikill munur á þeim kostum og jafnvel á þeim kjörum, sem opinberar stofnanir og kirkjur hafa orðið að sæta hjer á landi, þar sem fresturinn hefur eigi verið lengri en 28 ár. Þó vil jeg geta þess, að í sumum greinum er frumvarp það, sem hjer liggur fyrir, eigi eins frjálslegt og og hið danska, sem það er sniðið eptir. Þannig gjöra hin dönsku lög ráð fyrir, að stjórnin að eins staðfesti kosningu formannsins, en þetta frumvarp, sem hjer er um að ræða, gjörir þar á móti ráð fyrir, að stjórnin kjósi formanninn; og virðist mjer þetta vera í apturhaldsstefnu, ef jeg mætti svo að orði kveða. Því næst gjörir danska frumvarpið ráð fyrir, að landssjóður greiði kostnaðinn við allar virðingargjörðir á fasteignum, sem lánað er upp á, og er þetta mikill hagur fyrir lántakendur, en íslenzka frumvarpið getur þessa eigi; þó gæti þetta komið inn í statútuna. Landshöfðinginn hefur rjett að mæla, þar sem hann talaði um, að þörf væri á að bæta úr peningaeklunni; en bætir slík stofnun, sem hjer ræðir um, svo mikið sem skyldi úr peningaeklunni? Það mun reynast, að þegar margir biðja um lán, og það er enginn efi á því, að margir koma til að biðja um lán, upp á fasteign sína, að þá verður það erfiðleikum bundið, að fá peninga útborgaða í svo miklar þarfir. Því hefur komið til tals, að bankar yrðu stofnaðir, þar eð einungis með því yrði bætt úr peningaeklunni; en lánsfjelög slík, sem það, er hjer ræðir um, mundi eigi í því koma að tilætluðum notum, þar sem minni skuldabrjef en upp á 50—100 kr. mundu varla verða gefin út, en margur þarf á minna að halda, og ekki ávallt víst, að skuldabrjefunum verði með hægu móti skipt í peninga út í hönd, nema að eins vaxtamiðarnir (Coupons), sem stjórnin eða landssjóður tekur í öll gjöld. Sökum þessara annmarka, sem jeg hef hjer tekið fram, ætla jeg að frumvarpið komi eigi að tilætluðum notum, þeim notum nefnilega, að bæta úr peningaeklunni. Þó mun jeg eigi greiða atkvæði móti frumvarpinu fyrir þessar sakir, heldur hef jeg einungis viljað með þessum orðum vekja athygli þingmanna á þessum annmörkum.

Halldór Kr. Friðrikson: Jeg álít ekki, að langar umræður þurfi um þetta mál; allir þekkja peningaleysið; en það kemur af þeim orsökum, sem frumvarpið bætir ekki

úr. Mjer hjálpar það ekki, ef jeg þarf á láni að halda, að fá skuldabrjef frá stofnun þessari, sem nemur svo og svo mörgum hundruðum króna; jeg verð að geta skipt þessu skuldabrjefi í peninga, því að vel getur verið, að jeg þurfi að borga út margar smáskuldir, og þegar jeg hef eigi peninga til þess, þá er jeg jafnnær, þótt jeg hafi skuldabrjefið í höndum, og einmitt af þessum orsökum kemur slíkt lánsfjelag eigi að tilætluðum notum, meðan eigi er bætt úr peningaleysinu. Allt um það álít jeg æskilegt, að stofnunin komist á, og sting jeg því upp á, að 5 manna nefnd verði kosin til að íhuga málið, og tel jeg heppilegt, að frumvarpið verði samþykkt með þeim breytingum, sem gjörðar kunna að verða við það.

Eiríkur Kúld: Jeg gekk nokkuð í tvær sveitir fyrst í þessu máli, en verð þó að segja það, að jeg er málinu mjög hlynntur, og óska helzt, að það gæti fengið framgang. Eiginlega stóð jeg upp til að leiðrjetta það, sem þingmaður Borgfirðinga sagði, nefnilega það, að eigi fengist minna lán en 100 kr. Frumvarpið gjörir ráð fyrir 50 kr. láni (4. gr.). Mjer er kunnugt um peningaekluna hjer á landi, sem einkum er miklu tilfinnanlegri upp til sveita, fjarri Reykjavík, því að hjer í grenndinni bæta peningar embættismanna talsvert úr þeim skorti. Jafnvel þó að jeg búist við, að meðal almennings verði fyrst um sinn nokkurs konar ópokki á brjefpeningum, sökum þess að bankaseðla-hrunið gamla er þeim eigi úr minni liðið, þá er það samt von mín, að brjefpeningar komi með tímanum að góðum notum, og að slíkt lánsfjelag, sem hjer ræðir um, mundi bæta nokkuð úr peningavandræðunum. En það er annað, sem jeg er mjög hræddur við að komi í bága, og það mun geta tafið fyrir þessari stofnun, að hún komist á fót, og það er nefnilega það, að jarðeigendur verði eigi svo fúsir á að ljá svo mikið veð, sem ráð er gjört fyrir; en má ske að einhver önnur ráð verði þá fundin, til að fá peninga.

Grímur Thomsen: Þingmaðurinn mun hafa misskilið mig; jeg meinti að eins, að hvort sem skuldabrjefið væri upp á 100 kr. eða minna, gæti það orðið örðugt að fá því skipt í peninga. En úr því jeg er staðinn upp á annað borð, skal jeg leyfa mjer að gjöra dálitla athugasemd. Í Danmörku er svo fyrir mælt, að þegar lán veitist, skuldbindur stjórnin sig til að annast allan kostnað við virðingargjörðina, og eru þetta hlunnindi, sem mundu koma sjer vel. Í 2. gr. frumvarpsins er það tekið fram, að 5000 kr. styrkur skuli veittur úr landssjóði eitt skipti fyrir öll, til að stofnsetja slíkt fjelag, og árlegur 2000 kr. styrkur til þess að greiða kostnaðinn við stjórn fjelagsins, en að hinn árlegi styrkur falli síðan niður. En hjá Dönum er eigi að eins veittur styrkur eitt skipti fyrir öll, heldur árlegt *fast* tillag til slíkra lánsstofnana.

Landshöfðingi: Jeg játa það, að þingmaður Borgfirðinga hefur rjett fyrir sjer í því, að sú ákvörðun stendur í lögum útkomnum í Danmörku 28. maí 1880, að virðingarkostnaðurinn borgist af stjórninni; en um þetta mun síðar gefast tækifæri að ræða, þegar hin einstöku atriði málsins verða rædd og tillögur nefndarinnar eru komnar fram. Það hefur verið tekið fram af þessum þingmanni og einnig af hinum háttvirta þingmanni Reykvíkinga, að peningaeklan sje mikil hjer á landi, en að frumvarp það, er hjer liggur fyrir, muni eigi bæta sem skyldi úr þessum peningaskorti. En í því tilliti vil jeg geta þess, að leiguávísanir (Coupons) eru reiðupeningar, þó að sjálf skuldabrjef fjelagsins sjeu ekki beinlínis peningar (sbr. 2. gr. 6. tölul. frumvarpsins), og bætir þetta því að nokkru leyti úr peningaskortinum; en þar að auki geta þeir, sem leiguávísanir eiga, látið borga þær út í peningum í Kaupmannahöfn.

Þingmaður Barðstrendinga ætlaði, að þetta mundi eiga langt í land að komast á fót, en í því get jeg ekki verið honum samdóma; jeg ætla þvert á móti, að slík stofnun geti komizt á á ársfresti, ef þing-

ið fellst á frumvarpið með þeim breytingum, sem við eiga.

Að því er snertir það, sem þingmaður Borgfirðinga kallaði apturhaldsstefnu, skal jeg leyfa mjer að benda á 4. gr. frumvarpsins, þar sem það er ljóst, eins og jeg áður tók fram, að mest sje undir því komið, að full trygging fáist fyrir því, að fyrirkomulagið á fjelaginu sje gott og áreiðanlegt, vegna landssjóðsins sjálfs. Þetta er því engin apturhaldsstefna, heldur skylda stjórnarinnar, að slíkt eptirlit verði haft með málefnum fjelagsins.

Síðan var eptir uppástungu þeirri, sem fram var komin, kosin 5 manna nefnd í málið, og hlutu kosningu með flestum atkvæðum, þessir:

1. Grímur Thomsen með 18 atkvæðum
2. Tryggvi Gunnarsson — 18 —»—
3. Egill Egilson — 15 —»—
4. Holgeir Clausen — 14 —»—
5. Ólafur Pálsson — 12 —»—

Síðan var málið afhent þingmanni Borgfirðinga.

Í nefndinni var Grímur Thomsen kosinn formaður og framsögumaður, og Egill Egilson skrifari.

FRAMHALD FYRSTU UMRÆÐU Í NEDRI DEILD,

á 17. fundi, 21. dag júlímán.

Nefndarálitið, sjá I, 125—126.

Framsögumaður (Grímur Thomsen): Jeg skal við þessa umræðu einungis geta um þær aðalbreytingar, sem nefndin hefur gjört á stjórnarfrumvarpinu og sem jeg vona að deildin aðhyllist. Höfuðbreytingarnar eru þrjár. Fyrsta breytingin er sú, að nefndin hefur gjört mun á *húsveði* og *jarðarveði* samkvæmt því, sem við gengst í Danmörku. Í öllum slíkum lánsfjelögum þar er það tekið fram, að lánsstofnunin megi aldrei lána meira en $^3/_5$ fyrir jarðar veð, en fyrir við í húsum að eins fyrir $^1/_2$ af virðingarverði húsanna; og hefur þeim líklega gengið það til, að brunabótartrygging er ekki eins góð og áreiðanleg og jarðir. Menn geta ekki tryggt húsin fyrir hruni eða fyrir fyrningu, þó þau tryggist fyrir eldsvoða; sami munur verður hjer á landi. Í þeim skýrslum, sem nefndin hafði undir höndum um 3 þess konar fjelög í Danmörku var þessu þannig hagað. Önnur breyting er sú, að oddviti fjelagsstjórnarinnar sje kosinn af fjelaginu, eins og hjá Dönum, en staðfesting á kosningu hans heyri undir ráðgjafann. Þó lánsfjelagið komist á hjer á landi, sem ekki getur orðið, nema landsmenn eptir stjórnarfrumvarpinu leggi fram að minnsta kosti 300,000 kr., auk þess, sem landssjóðurinn leggur til, þá virðist mjer ekki sanngjarnt, að stjórnin hafi það vald, að kjósa oddvita fjelagsins, þar sem þó landsmenn, ef stofnunin nær vexti og viðgangi, leggja fram ferfalt eða fimmfalt fje; þetta verður ekki hættulegt fyrir stjórnina, er hún má ávallt velja annan endurskoðunarmanninn, og svo hitt, að hún á að staðfesta kosningu oddvitans og má þá einnig hafna henni, svo að það virðist næg trygging fyrir hana (o: stjórnina).

Þriðja breyting nefndarinnar er sú, að með því nú er fyrir þinginu lagafrumvarp um að gjöra leiguburð af peningaláni frjálsan, þá virtist nefndinni ekki rjett, að binda leiguna við 4% og vildi því fá hærri vexti eða $4^1/_2$ af hundraði, en af þessu leiðir sjálfsagt, að hin árlega afborgun lántakanda af lánunum verða nokkuð hærri, en til var ætlazt í stjórnarfrumvarpinu, þó ekki svo, að hún nái 6%, heldur nemi staðar við hjer um bil $5^3/_5$%, og er það ekki óaðgengilegt fyrir þá, sem nú verða að borga í minnsta lagi 6%.

Sá kvíði kom fram hjá nefndinni, að eigi mundi auðgjört að koma skuldabrjefunum í peninga, eða það sem Danir kalla *Cours*, meðan ekki er vissa fyrir, að lántakendur geti fengið skuldabrjefin útgreidd í peningum út í hönd. Setjum svo, að jeg komi til lánsstofnunarinnar og biðji um lán, sem jeg og fæ útborgað í skuldabrjefi, en þá er sá hængur á,

að jeg get ekki gjört nema leigumiðann að peningum. Þess vegna er vafi á, hvort skuldabrjefið er eins gott og peningar. Bóndi, sem vill bæta jörð sína, tekur lán, en þarf á meiri peningum að halda en leigumiðar skuldabrjefsins hljóða upp á; látum hann hafa fengið 1000 kr., en af þessum þúsund krónum þarf hann þegar að leggja út í peningum 500 kr. Hvernig á hann þá að fá þessa peninga, er hann þarfnast, fyrir skuldabrjefið? Um þetta hafa «*Statutur*» Dana ákvarðanir, sem einnig gætu átt hjer við, ef lánsfjelagið kæmist á, nefnil. að fá hjá einhverju fjelagi eða banka fyrir borgun (Commission) reiðupeninga fyrir skuldabrjefið. Það sjer stjórnin og hinn hæstvirti landshöfðingi líka, að þörf er á, að reiðupeningar fáist fyrir brjefin, til þess að þau geti komið að tilætluðum notum. Margir mundu koma hjer á lestum og taka lán upp á 100 kr., 200 kr., 1000 kr. o. s. frv., en eru þá nokkur líkindi til, að þeir fái helming upphæðar skuldabrjefanna þegar greiddan í peningum? Nei, það er ómögulegt nema með samningum við stjórnina. Jeg vona því, að stjórnin, — því það er einnig henni sjálfri í hag — komi því svo fyrir, að peningar fáist fyrir skuldabrjefin, það er að segja, að þau verði þegar í hafanda höndum ígildi peninga (Omsætning). Þetta er kvíðinn. En jeg skal leyfa mjer að bæta því við, að einn af meðnefndarmönnum mínum fullvissaði mig um, að þegar fjelagið væri komið á stofn, þá mundu skuldabrjefin undir eins verða umsetjanleg, er þau væru komin upp í 4%, hjer á landi, og þá eins í Höfn. Jeg trúi meðnefndarmönnum mínum, en þó svo væri, þá nægir það ekki; peningarnir þurfa að koma strax og hjer á landi. Þetta er skilyrði fyrir því, að skuldabrjefin verði vinsæl, og að landsbúar sætti sig við þau sem gjaldeyri.

Landshöfðingi: Af því jeg samkvæmt þingsköpunum má ekki fara út í einstakar greinar, þá vil jeg ekki orðlengja um málið við þessa 1. umræðu. En jeg skal samt leyfa mjer að geta þess, að undirtektir nefndarinnar hafa glatt mig, þar sem hún í öllum verulegum atriðum hefur aðhyllzt frumvarpið. Breytingar hennar við einstakar greinar frumvarpsins, má ekki ræða nú, en jeg skal þó láta í ljósi þá von mína, að jeg, þó jeg kunni að finna ástæðu að hafa móti einstöku breytingum, muni ná fullkomnu samkomulagi við nefndina. Viðvíkjandi bendingu framsögumanns skal jeg leyfa mjer að geta þess, að stofnun lánsfjelagsins mun verða notuð til þess, að ráða bót á peningaeklunni í landinu, og jeg vil styðja að því, að reiðupeningar verði sem mestir manna á milli.

Jón Jónssou: Jeg er þeim mönnum samdóma, sem álíta, að peningaástand landsins sje ekki í því horfi, sem æskilegt er. 1. er örðugt að fá lán, þó nægilegt veð sje í boði; 2. er ekki auðvelt að koma þeim peningum, sem einstakir menn kynnu að geta lagt fyrir, á vexti hjá áreiðanlegum mönnum, eða á þeim stað, þar sem hægt er að ná þeim frá aptur, þegar hlutaðeigandi þarf á þeim að halda. Úr þessu þarf að bæta hvorutveggja; en þá er spurningin um, hvort það sje tilvinnandi, að leggja svo mikið í sölurnar, sem stjórnin og nefndin fer fram á í því frumvarpi, sem hjer liggur fyrir. Það er ekki einungis farið fram á, að landssjóðurinn veiti talsvert fje einu sinni fyrir allt og árlega, að hann takist á hendur talsverða ábyrgð, og veðsetji mestallar jarðir sínar, heldur á einnig að leggja talsverða byrði á þá menn, sem fengið hafa lán úr landssjóði. Það er gjört ráð fyrir, að þeir allir verði neyddir til að greiða þann kostnað, sem leiðir af því, að gefa út ný skuldabrjef fyrir lánum þeim, er þeir hafa fengið og þar að auki að undirgangast harðari skuldbindingar, einkum að því er snertir að borga kostnaðinn við stjórn lánsstofnunarinnar, og þar að auki 4½% vexti árlega. Þingið ætti að hugleiða, hvort það sje nauðsynlegt, að ráðast í þetta þrennt, til að bæta úr vandkvæðum þeim, sem eflaust eru fyrir hendi. Mætti ekki bæta úr þeim á annan hátt? Mætti t. d. ekki taka það fje, sem við eigum á leigu í dönskum skuldabrjefum, sem mun

vera hjer um 300,000 kr., og lána það út í landinu sjálfu? Ef það nú hrykki ekki, hvað væri þá á móti því, að landssjóðurinn sjálfur gjörðist einhver lánsstofnun, gæfi sjálfur út skuldabrjef. Landssjóðurinn þyrfti ekki að gefa út fleiri skuldabrjef, en ráð mætti gjöra fyrir að keypt yrðu í landinu sjálfu af þeim, er hefðu smásjóði, er þeir vildu koma í vexti. Það mætti láta hvern sýslumann hafa slík skuldabrjef til sölu fyrir landssjóðinn, og með því móti mætti bæta úr skorti þeim, sem er á sparisjóðum. Lánsstofnunin þarf aptur á móti að gefa út svo mörg skuldabrjef, að henni nægir ekki að selja þau innanlands; en utanlands verða íslenzk skuldabrjef varla seld öðruvísi en með afarkostum, og er jeg nefndinni samdóma um, að ekki dygði að gefa út skuldabrjef til sölu erlendis, sem hljóðuðu upp á minni vexti en 4½%. Þetta er eðlileg afleiðing af fátækt lands vors. Hið enska ríki getur fengið svo mikla peninga, sem það vill fyrir 3%, og 3% ensk ríkisskuldabrjef hafa opt verið seld meira en 100 í peningum fyrir 100 í skuldabrjefi, þannig að það hefir komið til tals, að setja niður vextina af ríkisskuldum í 2%. Danir geta selt sín skuldabrjef fyrir 99 í peningum fyrir 100 í brjefum, og gjalda þó einungis 4% í vexti af þeim, en slíks er ekki að vænta um íslenzk skuldabrjef, meðan atvinnuvegir landsins eru á svo lágu stigi sem nú er. Við verðum að gæta þess, að við erum fátæk þjóð, og megum ekki reisa okkur hurðarás um öxl. Hjer sem annarstaðar getur verið hættulegt, að fylgja í blindni fyrirmyndum annara þjóða. Tilgangur frumvarpsins, sem hjer liggur fyrir, er ágætur, en heppilegra hefði það verið, að menn hefðu beitt öðrum ráðum til að ná tilganginum, en hjer hefur verið gjört.

Tryggvi Gunnarsson: Það var fyrir nokkrum dögum orðinn siður hjer í deildinni, að byrja með því að þakka þeim, sem síðast talaði; jeg ætla nú líka að byrja með því, að þakka hinum hæstvirta landshöfðingja og stjórninni fyrir, að hafa komið fram með þetta frumvarp. Ef þetta yrði lög, er jeg viss um, að ekkert af lagaboðum þeim, sem nú liggja fyrir þinginu, mundi fá eins happasælar afleiðingar, því málið er í heild sinni þýðingarmikið, og mundi mjög auka peninga í landinu, þar sem mjög erfitt er nú að fá peninga, og sem svo margir kvarta yfir. Þingmaður Skagfirðinga sagði, að menn gætu fengið lán úr landssjóði; þetta má og opt, en það er opt ómögulegt; sami maðurinn verður kannske að bíða í heilt ár, með því fara verður eptir því, hver efstur er á fjárbónalistanum. Þegar skuldabrjefin eru komin nokkuð í gang, verður jafnhægt að fá peninga fyrir þau og vörur. Þegar nú einhver selur skuldabrjef í Kaupmannahöfn upp á 200,000 kr., þá koma inn í landið 200,000 kr. í gulli. Þeir peningar eru að verka í landinu, meðan skuldabrjefin liggja erlendis; hagurinn af þessu er auðsjeður. Í öðru lagi munu færri kaupa hin konunglegu skuldabrjef, ef lánsstofnunin kemst á fót, þar sem þeir fá bærri rentu hjá henni en annarstaðar, og með tímanum munu flestir selja konunglegu skuldabrjefin og kaupa skuldabrjef frá þessari stofnun, sem gefur ½% hærri rentu. Af þessu tvennu mun koma mikið inn í landið af peningum, mjög til bóta viðskiptum manna, og gjöra verulegar bætur á búnaðinum mögulegar. Við stofnun lánsfjelagsins verður leiguburðurinn af peningum eðlilegur og frjáls, því það, sem stofnunin tekur, verður eins og mælikvarði fyrir honum. Nú eiga menn bágt með að fá peninga til að kaupa jarðir, og auðmaðurinn, sem nokkuð græðir, hann kaupir einlægt nýja og nýja jörð, svo hinum fátækari verður ekki gefiun kostur á því. Þegar lánsfjelagið er stofnað, þá getur efnamaðurinn rentað peninga sína á annan arðmeiri og hagkvæmari hátt, en að kaupa jarðarskrokka, svo eptirsóknin eptir jarðakaupum minnkar, og hinn efnaminni á hægra með, að fá keypta ábýlisjörð sína, auk þess sem þeir þá eiga hægra með að fá lánið. Þetta verður því til að auka sjálfseign í landinu. Þar að auki verður þeim, er kaupa vill, opt ljettara fyrir að kaupa ábýli sitt, þegar ein-

hver vill losast við veðsetningu á jörð sinni, með því að selja hana öðrum, þá þarf sá, sem kaupir, ekki að borga nema það, sem seljandi var búinn að borga af láninu fram yfir rentur; þegar t. d. seljandi hefur tekið 1000 kr. lán út á veð í eignarjörð sinni, og vill að 10 árum liðnum selja jörðina og vera laus við lánið, þá er hann búinn að borga fram yfir rentur upp í lánið. Þessi upphæð er sú, sem kaupandi þarf strax að greiða, en hitt allt má standa með 6% afborgun. Jeg álít lánsfjelagið hið fyrsta stig til að fá banka, og miklu hægra að koma honum á á eptir. Þingmaður Skagfirðinga sagði, að það væri eins gott, að landssjóðurinn gæfi út skuldabrjef; jeg sje ekki, að það sje að neinu leyti betra, heldur miklu fremur hið gagnstæða. Honum þóttu og skuldabrjefin of há, og vildi hafa þau sum upp á 25 kr. Jeg sje ekkert á móti því, að hafa þau svo. Því næst skal jeg svo leyfa mjer að svara því, sem hinn háttvirti framsögumaður spurði mig að viðvíkjandi því, hvort nægir peningar væru fyrir hendi hjá lánsfjelaginu, þegar menn kæmu til þess, og vildu skipta á brjefum þess fyrir peninga. Jeg vil segja, að fyrir þessu verða forstöðumenn lánsfjelagsins að sjá, en ekki landsstjórnin, og álít jeg, að þeir ætti mjög hægt með að sjá um það. Jeg skal geta þess, að jeg hef átt tal við bankastjóra erlendis, sem kvaðst fús á að kaupa svo sem 200,000 kr. skuldabrjef, þegar lánsfjelagið væri búið að gefa út ½ milíón, og kæmu þá þannig 200,000 kr. í gulli inn í landið.

Arnljótur Ólafsson: Jeg skal fúslega játa, að frumvarpið hefur marga kosti til að bera, miðað við ástand það, sem nú er, til þess að bæta úr peningaskorti og gefa mönnum kost á, að gjöra peninga sína ávaxtarsama. Þrátt fyrir það álít jeg, að hvorki stjórnin nje nefndin hafi gjört sjer nægilega grein fyrir ástandi landsins. Alstaðar utanlands eru ríkissjóðir í skuldum, og við hliðina á þeim bankar, sem hafa forrjettindi, eða einkarrjettindi, eru «*privilegeraðir*». Þetta er gamalt fyrirkomulag í öðrum löndum, og eptir þessu fyrirkomulagi eru öll lánsfjelög sniðin. Sögulega eru lánsfjelögin þannig til komin, að þegar landsmenn eignast peninga og finna hvöt hjá sjer til að verja fje til arðsamra fyrirtækja, þá sameina þeir sig eptir ástandi landsins, þar sumir hafa, aðrir þurfa peninga. Ríkissjóðirnir eru nú erlendis fátækir, enda stórskuldugir, en bankarnir «*privilegeraðir*», svo enginn seðlabanki getur komið upp við hliðina á þeim. Hjer á landi er öðruvísi ástatt; landsmenn eru fátækir, en landsjóðurinn ríkur. Nú þarf að bera saman þann hag, sem landssjóður hefði af því, að setja upp seðlabanka, við þann hag, er þetta frumvarp gefur. Frumvarpið stingur upp á, að landssjóður skuli leggja í sölurnar 5000 kr. í eitt skipti fyrir öll, og síðan árlega 2000 kr., þangað til viðlagasjóður lánsfjelagsins er búinn að ná þessari nppbæð. Þetta á landssjóður að gjöra, án þess að hafa minnsta hagræði í staðinn. Eptir 4. grein staflið e. er samábyrgð landssjóðsins talin 1,000,000 kr., og eptir 2. gr. 4. tölulið standa allar þjóðjarðirnar í veði fyrir tillagshluta landssjóðs í fjelaginu, eða 200,000 kr. innstæðu. Þetta get jeg ekki álitið að verði til þess að auka sjálfseignina, svo sem hinn háttvirti 1. þingmaður Suður-Múlasýslu var að kenna oss að lánsstofnun þessi mundi gjöra, heldur geti það einmitt orðið bættulegt fyrir þjóðjarðasöluna, að binda þjóðjarðirnar í ábyrgðarband aptan við lánsfjelagsstofnunina. Viðvíkjandi sölunni á skuldabrjefum fjelagsins utanlands, sem hinn háttvirti þingmaður Suður-Múlasýslu tók fram, þá munu þau fyrst seljast með lágu verði, þar sem fáir innlendir menn beiðast eptir þeim, en fjelagið vill selja sem flest, svo fremra hlýtur að verða framboð, en eptirsókn. En svo síðar meir, eptir því sem brjefin ganga meira út, þá stíga þau að verði, en þar af leiðir, að hagurinn af verðauka brjefanna lendir hjá hinum útlendu kaupendum, svo ágóði sá fer út úr landinu. Ef landssjóðurinn keypti brjefin fyrir peninga sína og seðla, hefði hann allan áhatann.

Því á að svipta landsmenn þessum peningum og arði? Hagurinn getur orðið 12½%. Rök mín eru þessi. Þótt skuldabrjef fjelagsins gefi 4½ af 100 í vöxtu, eins og nefndin leggur til, þá er mjög líklegt, að þau sjeu með fyrsta engu verðhærri en konungleg skuldabrjef, er gefa manni 4 af 100. En svo síðar, þegar markaðurinn jafnar sig, og kaupgirni verður enda meiri en salgirni, þá ætti þau að standa 12½ hundruðustu bærri en ríkisskuldabrjefin, með því að 200 í skuldabrjefum fjelagsins gefa eiganda sínum jafnmikið í vöxtu sem 225 í ríkisskuldabrjefum. Fyrir því segi jeg: komum sjálfir á fót seðlabanka, og kaupum skuldabrjefin; en meðan vjer höfum hann eigi, höfum vjer engan hag, heldur útlendir peningamenn eingöngu. Jeg vona, að til sjeu bjer þeir þingmenn, sem þekkja, hver hagur er að hafa seðla. Seðlar eru hafðir í stað reiðu- peninga og eru handhægri í flutningi; þeir hafa þann sama starfa sem gull og silfur, að þeir eru almennur gjaldeyrir eða viðskiptaeyrir, og þeir hafa með tímanum sama traust sem peningar, þegar handbafi getur fengið þeim skipt fyrir peninga í bankanum, hvenær sem hann vill, eins og sjálfsagt á að vera. Taki menn seðilinn gildan, nær hann tilgangi sínum, sem er að vera fullgildur gjaldeyrir. Sama er mjer í kaupum og sölum, hvort skært gull er í krónunni eða ekki, að eins þegar hún er tekin gild, eins og í henni væri skærasta gull. Verðmunurinn kemur þá fyrst fram, er jeg vil láta smíða úr henni. Jeg ímynda mjer, að innlend peningaviðskipti muni nema um ½ milíón hjer á landi, og gæti þá bankinn gefið út 500,000 kr. í seðlum; þessir seðlar gjöra sama gagn og gull og silfur; móti þessu þyrfti hankinn ekki að hafa nema 200,000 kr. í sjóði fyrirliggjandi, og enda talsvert af upphæð þessari í vaxtbærum skuldabrjefum, og hefur hann þá 300,000 kr. arðberandi fyrir sig.

Þetta frumvarp er engan vegin fullnægjandi og er miklu rjettara, að byrja á banka í landinu, og hafa svo smáa bánka út um landið hingað og þangað.

Framsögumaður: Hinn heiðraði 2. þingmaður Skagfirðinga hefur rjett fyrir sjer í hugsuninni, en þegar kemur til framkvæmdarinnar, verður öðru máli að gegna. Jeg er viss um, að þegar hann gætir betur að, að hans augu munu upp ljúkast, og hann muni sjá, hversu nauðsynlegt það er fyrir menn og ómissaudi, að landssjóðurinn hjálpi til að koma þessari lánsstofnun á. Jeg vil taka hjer fram eitt aðalatriði, sem enn hefur ekki verið dregið fram, og það er það, að við slíkt lánsfjelag koma eiginlega 200 kr. inn á markaðinn í hvert skipti, sem 100 kr. eru teknar til láns. Til þess að gjöra þetta sem greinilegast og skiljanlegast, skal jeg taka dæmi: Jeg fer til sessunauts míns og bið hann um 1000 kr. lán til að endurbæta með jörð mína eða því um líkt. En um leið og jeg fæ þessar 1000 kr., gefur hann aptur út aðrar 1000 kr. í skuldabrjefi með leigumiðum, en heldur þó jafnframt því skuldabrjefi, sem jeg gaf honum, fyrir þessum 1000 kr. Þingmaðurinn talaði og um, ef jeg hef skilið hann rjett, að hjer með væri lögð svo þung byrði á landssjóðinn, þar sem frumvarpið gjörir ráð fyrir, að landssjóður leggi fje til byrjunar þessum búskap, og mun hann þá sjerstaklega hafa haft fyrir augum þessar 5000 kr. í eitt skipti fyrir öll og 2000 kr. á ári, sem ráð er fyrir gjört að landssjóður skjóti til. En landsstjórnin afhendir fjelaginu öll þau skuldabrjef, sem uppsegjanleg eru með ½ árs fresti, og mun það vera, eins og landshöfðingi segir, nálægt 200000 kr. Munurinn fyrir lántakendur verður þá einungis sá, að þar sem þeir nú eiga á hættu, að þeim verði sagt láninu upp í dag eða á morgun, þá hafa þeir fjeð nú að föstu láni um lengri tíma. Þau hlunnindi, sem þessu fjelagi verða veitt samkvæmt frumvarpinu, og sem vex þingmanninum svo mjög í augum, eru ekki meiri, heldur hin sömu, sem lánsfjelögum í Danmörku er veitt. Þar er ekki eingöngu starblínt á að auka og efla

landssjóðinn, heldur er reynt að sjá fyrir því, að hinar verklegu framfarir í landinu verði efldar, að landsmönnum sje gjört hægra fyrir að efla sína eigin velmegun. Hinn háttvirti 1. þingmaður Eyfirðinga sagði margt satt og rjett um gangverð skuldabrjefa, en eins og bæði jeg og aðrir óska, að seðilbankar væru þegar stofnaðir, ef mögulegt væri, svo er það mín sannfæring, að þetta sje einmitt leiðin til þess. Hann var hræddur um, að allur ágóðinn af skuldabrjefunum mundi lenda í höndum útlendinga, ef skuldabrjefin nefnilega koma á markað, og það er jeg einnig hræddur við, nema þegar megi hjer á landi gjöra þau í peninga, en því tók jeg og fram, að æskilegt væri, ef hægt væri, að gjöra samkomulag við stjórnina um, að hún útvegaði fjelaginu reiðupeninga fyrir skuldabrjefin. Yrði slíku samkomulagi á komið, mundi stjórnin brátt verða neydd til að útvega hægt og auðvelt borgunarmeðal, en það er einmitt með seðlum; það verður ekki gjört með gulli og silfri einu.

Tryggvi Gunnarsson: Það hafa að eins tveir þingmenn mælt móti þessu frumvarpi, en öllum hefur þó komið saman um, að nauðsyn beri til að auka peninga í landinu. Ráðið til þessa hafa þó sumir baldið að væri það, að koma upp bönkum, en á voru landi, sem bæði er strjálbyggt og fámennt, ætla jeg að hentugra sje að velja þann veginn til að auka peningana, að koma á stofn lánsfjelagi en banka, enda er lánsfjelagið ekki því til hindrunar, að banki komist á, heldur þvert á móti. Þar sem 1. þingmaður Eyfirðinga var hræddur um, að útlendir menn keyptu skuldabrjefin á mörkuðunum fyrir lítið verð, þá skal jeg svara honum því, að pappírar standa í því hærra verði, sem rentan er hærri; líklegt er, að brjef stofnunarinnar kæmu til að standa í viðlíka háu verði, eins og í hvert skipti er á hinum konunglegu skuldabrjefum.

Síðan var málinu vísað til 2. umræðu í einu hljóði.

ÖNNUR UMRÆÐA Í NEÐRI DEILD,
á 20. fundi, 25. dag júlímánaðar.

Atkvæðaskrá
við frumvarp til laga um stofnun lánsfjelags fyrir eigendur fasteigna á Íslandi.

1. Frumvarpsins 1. grein óbreytt.
—»— 2. grein:
2. Tölul. 1. óbreyttur.
3. — 2. Jón Jónsson: að töluliðurinn falli burtu.
4. — 2. Nefndin: að í staðinn fyrir: »4 af hundraði» komi: «4½ af hundraði».
5. — 2. breyttur eða óbreyttur.
6. — 3. Jón Jónsson: að tölul. falli.
7. — 3. Nefndin: að í staðinn fyrir: »allt að því 2000 kr.» komi: »allt að 2000 kr.»
8. — 3. Sama: að síðari málsgrein: »ársstyrkur — — 2000 kr.» falli burtu.
9. — 4. Jón Jónsson: að töluliðurinn falli.
10. — 4. Nefndin: að í staðinn fyrir: »lán upp á allt að 200,000 kr.» komi: »allt að 200,000 kr. láni».
11. — 4. Sama: að orðið: »allar» falli burtu.
12. — 5. Nefndin: að í staðinn fyrir: »Viðvíkjandi eignum þeim» komi: »um eignir þær», og fyrir: »eingöngu eru» komi: »eru eingöngu».
13. — 6. Nefndin: í staðinn fyrir: »megi taka leiguávísanir þær» komi: »sjeu skyldir að taka leigumiða þá», og fyrir; »þær» komi: »þeir».
14. — 7. Nefndin: að í staðinn fyrir: »því sem þeir hafa skuldbundið sig til» komi: »skuldbindingu sinni» og fyrir: »þar eptir» komi: »því næst».
15. Frumvarpsgreinin breytt eða óbreytt.
3. gr.
16. Nefndin: að síðari hluti fyrri málsgreinar: »en þó því að eins» o. s. frv. til

enda falli burt, en komi í staðinn: «en þó eigi við hærra verði en ákvæðisverði þeirra».

17. Jón Jónsson: að síðari málsgrein: «Stjórn viðlagasjóðsins» o. s. frv. falli burt.
18. Frumvarpsgreinin breytt eða óbreytt.

4. gr.

19. stafl. a. Jón Jónsson: að niðurlagið: «og eru þar með taldar» o. s. frv., falli burt.
20. — b. Nefndin: að í staðinn fyrir orðin: «er — — fram sem veð» o. s. frv. komi: «$^3/_5$ gangverðs jarða, og helmingi gangverðs húseigna, sem boðnar eru» o. s. frv.
21. — c. Nefndin: að fyrir niðurlagið: «Virðingargjörðirnar» o. s. frv. komi: «Virðingargjörðirnar og eptirlit með veðinu sje áreiðanlegt»,
22. — e. Nefndin: að fyrir: «helming» komi: «$^3/_5$ eða helming», og fyrir: «helmingurinn af virðingarverðinu» komi: «helmingurinn eða $^3/_5$ virðingarverðsins».
23. — e. Nefndin: að fyrir niðurlagið: «Eignir þær» o. s. frv. komi: «Eignir þær, sem landssjóður veðsetur, eru, hvað bina sameiginlegu ábyrgð (solidarisk) snertir, 1,000,000 kr. virði».
24. — e. Jón Jónsson: að niðurlagið: «Eignir þær» o. s. frv. falli niður.
25. — f. Jón Jónsson: að fyrir: «50 kr» komi: «20 kr.».
26. — g. Nefndin: að orðið: «skuli» í fyrstu línu flytjist í aðra línu, á eptir orðið: «eru».
27. — g. Nefndin: að fyrir orðin: «til þess þau verði borguð aptur smásaman» komi: «til afborgunar höfuðstóls», og fyrir: «viðlagasjóðsins» komi: «viðlagasjóðs þess».
28. — h. Nefndin: að fyrir orðin: «oddviti fjelagsstjórnarinnar — — fjelagsins» komi: «að fulltrúarnir kjósi stjórn fjelagsins alla, og annan endurskoðunarmanninn, en að oddviti fjelagsstjórnarinnar sje staðfestingu ráðgjafans háður, sem einnig kjósi hinn».
29. — h. Nefndin: að fyrir: «skyld til að» komi: «skyld að», fyrir: «árlega» komi: «á ári hverju».
30. — i. Nefndin: fyrir: «skyld til að» komi: «skyld að», fyrir: viðvíkjandi högum» komi: «um hagi», fyrir: «landshöfðingi megi» komi: «Landshöfðingja sje heimilt», fyrir: «láta» komi: «að láta».
31. — k. Nefndin: að fyrir: «samþykktunum» komi: «sjálfum samþykktunum»
32. 4. gr. breytt eða óbreytt.

5. gr.

33. Nefndin: fyrir: «hverju hundraði» komi: «hundraði».
34. 5. gr. breytt eða óbreytt.
35. 6. gr. óbreytt.

Framsögumaður (*Grímur Thomsen*): Jeg er hræddur um misskilning á stefnu nefndarinnar, af því jeg þóttist hafa tekið eptir því við 1. umræðu málsins, að menn skildu ekki vel fyrirkomulag frumvarpsins. Það hafa komið fram 2 mótbárur; önnur er sú, að ávaxtandi skuldabrjef mundu fara of mjög út úr landinu. Þótt nú svo kynni að fara, þá get jeg ekki sjeð, að það sje neinn háski; þess betur sem skuldabrjefin ganga út, þess betur blessast stofnunin, og því meira gull og silfur kemur inn í landið. En eitt er það, sem tapast, og það er leigan. Ef skuldabrjef upp á 200,000 kr. er selt í Englandi eða einhverstaðar ytra, þá fer leigan, 9,000 kr., út úr landinu, en um leið koma inn í landið 200,000 kr. í gulli og silfri í staðinn fyrir pappírinn. Nú er ráð fyrir

gjört, að landssjóður gjörist hlutareigandi í stofnuninni meðal annars að þeim 200,000 kr., sem núverandi skuldanautar landssjóðs (með *uppsegjanlegum* veðskuldabrjefum) greiða honum fyrir skuldir sínar til sjóðsins, og fær hann þá leiguberandi skuldabrjef og jafnframt ½% meira en hann nú fær. Er nokkur hætta á, að þessi brjef fari út úr landinu? Jeg get hugsað mjer, að landssjóður einhvern tíma grípi til þess, að selja nokkur af þeim til að styðja eitthvert gott fyrirtæki, en það er skylda hans að ávaxta fje sitt, sem hæst að honum er unnt, og meðan hann ekki fær hærri leigu annarstaðar, þá verður hann að halda sjer til lánsfjelagsins til þess að fá fje sitt ávaxtað. Sem stendur á landið 3—400,000 kr. í innritunarskírteinum, sem standa á vöxtum með 4%; ef þetta yrði nú ávaxtað hjer á landi með 4½%, þá yrðu því næst milli 3 og 400,000 kr. og smásaman meira kyrrar í landinu; þetta gjörir með hinum fyrnefndu 200,000 kr. 5—600,000 kr. Fje landsbúa í konunglegum skuldabrjefum er um 500,000 kr., og hefja þeir hjá landfógeta leigu af þeirri upphæð. Undarlegt skyldi mjer þykja, ef auðmenn vorir vildu ekki heldur ávaxta peninga sína, þar sem þeir fengju 4½%, en þar sem þeir fá sljetta 4%; þeir mundu því selja hin konunglegu skuldabrjef og kaupa ný skuldabrjef frá lánsfjelaginu. Ekki færu þeir peningar út úr landinu. Kyrrir yrðu þeir, og eru þá komnar 1,000,000 kr. til 1,100,000. Þá kemur fje ómyndugra, sem ávaxtað var áður í jarðabókarsjóðnum. Í lögum 18. febrúar 1847 var fjárráðanda (formyndara) leyft, að ef hann ekki gæti fengið 4% vexti af því fje, þá mætti hann setja það á vöxtu með 3½%, og tók landssjóður að sjer að greiða þessa vexti. Ef frumvarpið nú leyfir að kaupa þessi skuldabrjef fyrir fje ómyndugra, sem er um 263,000 kr., þá yrðu þeir peningar kyrrir í landinu. Og þá hlyti um 1½ milíón króna að verða kyrr í landinu að öllu þessu samantöldu, og væru þá kaupmenn ekki ófundsverðir af hagnaðinum af hinu, sem eptir verður. Jeg veit ekki til, að Danastjórn eða Danir sjeu neitt óánægðir með, þótt konungleg skuldabrjef gangi vel út erleudis, fyrir utan Danmörku, því skyldum við þá fást um slíkt? Hin mótbáran er sú: hvernig fer, ef lánsstofnunin skyldi ekki blessast og lánsfjelagið yrði uppleyst? Á því er engin hætta. Því samkvæmt 5. gr. er landshöfðingja heimilt að taka ráðin af fjelaginu og láta það hætta störfum sínum, ef útgjöld eru meiri en tekjur. Og samkvæmt 4. gr. má skuldabrjef, sem nemur meiru en því, er fjelagið á í veðskuldabrjefum, aldrei vera í veltu, og er vonandi, að stjórn fjelagsins og landshöfðingi sjái um, að þessum reglum verði fylgt, því bæði er það skylda og nauðsyn stjórnarinnar, enda eru henni gefin öll tæki til þess. Loks er þá ein mótbára, að það verði svo dýrt fyrir landssjóð að styrkja lánsfjelagið, þar sem eru 5000 kr. í eitt skipti fyrir öll, og 2000 kr. um vissan árafjölda, árlega. Ef löggjafarvaldið gengur að 4½%, græðir landssjóður 1000 kr. í leigu, og setji landssjóður viðlagasjóðinn inn í stofnunina, sem hann er neyddur til að gjöra sökum hinnar hærri leigu, þá græðir hann annað þúsundið til, eða þó nær tveim þúsundum. Landssjóður hlýtur því að græða meira, en hann leggur í sölurnar. Þá er nú ýmislegt fleira, sem þörf væri að minnast á, en jeg ætla að geyma það þangað til seinna og snúa mjer að breytingaratkvæðunum. Jeg ætla þá að byrja á breytingaratkvæði frá 2. þingmanni Skagfirðinga. Eptir því sem mjer skilst, er stefna hans sú, að hann vill ekki láta landssjóð styðja stofnunina. Jeg vil leiða athygli þingmannsins að einu, því sem sje, að hann vill, að landssjóður ekki ábyrgist stofnunina, en þó vill hann láta fyrri part 3. gr. standa óhaggaðan. Þetta mun vera móti

gildandi lögum 18. febr. 1847, þar sem ekki er leyft að lána fje ómyndugra, nema móti jarðarveði eða í jarðabókarsjóðinn, sem stjórnin ábyrgist, og mundi ekki mega verja því til að kaupa skuldabrjef, sem væru ótryggð. Þá vill hann láta seinni part 3. gr. falla niður; hvað gengur honum til að stryka hann út? Það get jeg ekki skilið. Það stendur reyndar á sama, því það stendur í fyrri partinum sem með þarf. Jeg ímynda mjer, að það væri rjettast fyrir uppástungumanninn, að taka hana aptur. Það eru og ýmsar aðrar fleiri athugasemdir, sem jeg hef að gjöra, en jeg ætla að geyma þær, og vona að mjer verði seinna gefið tækifæri að ræða þær, en nú vil jeg bíða og heyra tillögur hinna fróðu og heiðruðu þingmanna.

Landshöfðingi: Undirtektir hinnar háttvirtu deildar undir þetta mál við 1. umræðu virðast mjer gefa góðar vonir um það, að málið verði leitt til lykta á æskilegan hátt, og að frumvarp það, sem hjer liggur fyrir, verði samþykkt af hinni heiðruðu deild með breytingum, sem ekki snerta tilgang þess, að koma á stofn lánsfjelagi þess eðlis, sem frumvarpið stingur upp á.

Að vísu hefur hinn háttvirti 2. þingmaður Skagfirðinga borið upp breytingartillögur við frumvarpið, sem miða til þess alveg að ónýta það, eins og hinn háttvirti framsögumaður einnig tók fram; en þar sem allir kannast við, að þingmanni Skagfirðinga meðtöldum, að brýna nauðsyn beri til þess, að ráða bót á peningaskorti þeim, sem ómótmælanlega á sjer stað hjer á landi, og þar sem hann ekki einu sinni gjörir neina tilraun til þess í breytingartillögum sínum, að koma einhverju í staðinn fyrir lánsfjelag það, sem ætlazt er til að stofnað verði samkvæmt þessu lagafrumvarpi, vona jeg fastlega, að hin háttvirta deild aðhyllist ekki þessar tillögur hans. Jeg sagði, að hinn háttvirti þingmaður með breytingartillögum sínum ætlaðist til að ónýta þá tilraun, er hjer er gjörð frá stjórnarinnar hálfu, til þess að koma fyrir stofnun þess eðlis, sem annarstaðar hefur heppnazt mjög vel, og öll líkindi eru til að einnig muni heppnast hjer, ef stjórnin og fjelagið kosta kapps um vel og vandlega að búa um stofnunina, á meðan hún þarf þess með, sjer í lagi á fyrstu árum hennar; því honum er kunnugt um, að engin stofnun í þarfir almennings getur komizt á hjer án styrks, að minnsta kosti fyrst um sinn, af landssjóði, og veldur þessu fátækt landsins, sem honum í öðrum málum virðist svo ljúft að benda á, en sem honum sýnist alveg að gleymast, þegar ræðir um að gjöra alvarlega tilraun til þess, að komast úr þessu bágborna ástandi. Jeg tek það upp aptur: breytingartillögur hins háttvirta þingmanns miða til að *ónýta frumvarpið, án þess að setja neitt annað heilræði í staðinn*, jafnvel þótt hann kannist við, að landið þurfi þess með, því þingmaðurinn hlýtur að sjá, að þegar lánsfjelag það, sem hjer ræðir um, verður svipt öllum þeim hlunnindum, sem því eru lögð með frumvarpinu, þá verður ekki mögulegt, eins og nú stendur á, að stofna neitt lánsfjelag, og þó að ef til vill hinn háttvirti þingmaður sjálfur kynni að ráðast í þess konar tilraunir, þá er það deginum ljósara, að þvílíkt lánsfjelag getur ekki áunnið sjer neitt lánstraust, eða með öðrum orðum, það mundi verða alveg ónýtt. Bendingar þær, sem hinn háttvirti þingmaður kom með við 1. umræðu, að landssjóðurinn eða viðlagasjóðurinn skuli halda áfram lánsstörfum sínum, hefur hann ekki tekið upp í breytingartillögum sínum; þess mun því ekki þurfa við, að ræða þessar bendingar á þessu stigi málsins, en jeg skal einungis geta þess, að þótt viðlagasjóðurinn gæti leyst þetta ætlunarverk af hendi — en jeg er sannfærður um, að hann *geti ekki* gjört það, jafnvel þó að hann selji ríkisskuldabrjef þau eða innskriptarskírteini, er

hann á, — og þó landssjóðnum síðar meir veitist heimild til að útvega peninga með því, að gefa út skuldabrjef, þá er sá annmarki óaðskiljanlegur frá þessu fyrirkomulagi, að það vantar alla hlutdeild, allt eptirlit, alla sjálfsstjórn frá hálfu lántakandanna; en á þetta atriði legg jeg fyrir mitt leyti hina mestu áherzlu. Þegar útvegað verðnr gott innlent «*Værdipapir*», eins og skuldabrjef lánsfjelagsins sjálfsagt munu verða, ef hlunnindi þau, sem frumvarpið stingur upp á, verða veitt fjelaginu, þá getur viðlagasjóðurinn óhætt «*realiserað*» ríkisskuldabrjef þau, er hann á, og í stað þeirra keypt skuldabrjef lánsfjelagsins, en að öðrum kosti má hann ekki að mínu áliti binda höfuðstól sinn meir í «*prívat*»-skuldabrjefum, en nú á sjer stað, því þá má búast við því, að landssjóðurinn annaðhvort kynni að komast í vandræði eða þá neyðast til að segja þessum prívat-skuldabrjefum lausum, en þetta mundi auka peningaskort þann og vandræði þau, er landið líður undir, svo verulega, að ómögulegt sje að dæma um afleiðingarnar af þessu. — En að gefa út skuldabrjef fyrir hönd landssjóðsins, þori jeg ekki að mæla með, á meðan alveg er óútsjeð um það verðlag, sem þessi skuldabrjef verði seld með; getur hinn háttvirti þingmaður ábyrgzt, að gangverðið á því líkum skuldabrjefum nái hærri «Kurs» en hjer um bil 80 kr.? Jeg held ekki.

Hinn háttvirti 1. þingmaður Eyfirðinga talaði margt og fróðlegt við 1. umræðu þessa máls um viðskipta- og seðilbanka og því um líkt, og jeg er honum alveg samdóma um það, að mjög æskilegt sje, að koma þvílíkri stofnun á, en það voru ekki nema bendingar eða auðfræðislegar hugleiðingar, sem hinn háttvirti þingmaður kom fram með í ræðu sinni, og þar sem hann ekki hefur gefið þessum bendingum neitt form í breytingartillögum við frumvarpið, leyfi jeg mjer að ganga út frá því vísu, að hann ætlist ekki til að greiða atkvæði móti frumvarpinu. Jeg ætla nú ekki að svara þessum hugleiðingum, en margar þeirra eru mjög fróðlegar, eins og búast mátti við af hinum háttvirta þingmanni, en á hinn bóginn virtist mjer nokkrar þeirra vera meira «*polemiske*» móti frumvarpinu, en í eiginlegnm skilningi vísindalegar eða á rökum byggðar. Hinn háttvirti þingmaður gat þess, að banka mætti stofna með minni kostnaði fyrir landssjóðinn, en þetta frumvarp verður að hafa í för með sjer, og hann reyndi til að leiða rök að því; en að svo miklu leyti sem mjer skildust orð hans, heppnaðist honum ekki að sanna þetta; því þó að hann benti að því, að áreiðanlegan og duglegan banka mætti stofna með hjer um 200,000 kr., gjöri jeg ráð fyrir, að þessi bending sje ekki á neinum rökum byggð; væri hún það, skyldi jeg vera manna fyrstur til að mæla með stofnun því líks banka; en jeg er sannfærður um, að bæði til stofnunar og byggingar þvílíks banka, svo hann dugi, útheimtist 10 sinnum meira fje, og þar að auki að kostnaðurinn við bankahaldið heimti langt um stærra tillag úr landssjóði, en það, sem með frumvarpinu leggst á hann. Aptur á móti er jeg fyrir mitt leyti viss um það, að stofnun lánsfjelags þess, sem hjer ræðir um, muni styðja að því, að mögulegt verði síðarmeir að koma banka á stofn hjer í landinu, þegar lánsfjelaginu vex fiskur um hrygg, og með því bæði verði ráðin bót á peningaskortinum og komist upp gott innlent verðlagspappír, sem hingað til alveg vantar. Hinn háttvirti þingmaður Eyfirðinga kom fram með þá mótbáru, að 4. gr. e., viðvíkjandi hinni solidariska ábyrgð landssjóðsins allt að 1 milión króna, virtist honum mjög ísjárverð. Jeg skal geta þess í tilefni hjer af, að fyrst er það, að vonandi er, að þessi *solidariska* ábyrgð aldrei baki landssjóðnum nein útgjöld, ef fjelaginu verður vel stjórnað, og til þess

að tryggja þetta, miðar frumvarpið, að jeg held, á nægilegan hátt, enda má vel breyta þessari upphæð frá 1,000,000 kr. í 4 eða 500,000 kr., án þess að raska grundvelli þeim, er frumvarpið er byggt á. Hann fann það einnig að þessari ákvörðun, að hún leggi óbærilegt band á jarðeign landssjóðsins, sem gæti hindrað sölu á þjóðeignum, og þannig komið í bága við 23. gr. stjórnarskrárinnar. Jeg skal í þessu tilliti láta mjer nægja að skírskota til athugasemdanna, bls. 5, þar sem sýnt er fram á, að stjórnin hafi tekið tillit til þessarar mótbáru, og hvernig hægt muni vera að koma í veg fyrir hana. Loksins gat hinn háttvirti þingmaður Eyfirðinga þess, að það væri hinn mesti óhagnaður fyrir landssjóðinn, ef þessar «*Creditforenings Obligationer*» næðu háum «*Kurs*» og yrðu seldar til útlauda, því þá mundi afleiðingin verða sú, að landið færi á mis við þennan ábata, en hann tilfjelli útlendingum. Jeg skal játa það, að það er í fyrsta sinn, að jeg hef heyrt, að það sje einhverju landi í óhag, að «*Værdipapir*» þess nái góðu verðlagi, þvert á móti er hin gagnstæða skoðun almenn, að þetta einmitt sje hlutaðeigandi landi eða stofnun mest í hag, eins og það vafalaust sýnir, að landið eða fjelagið eigi hið nauðsynlega lánstraust, og skal jeg um þetta atriði skírskota til orða hins háttvirta framsögumanns. Þar að auki hefur hinum háttvirta þingmanni Eyfirðinga líklega yfirsjezt það, að frumvarpið gjörir ráð fyrir, að allur höfuðstóll viðlagasjóðsins verði gjörður arðberandi í þessum «*Creditforenings Obligationer*», og einnig má búast við, að landsmenn kaupi svo margar þeirra, og haldi þeim, sem frekast er unnt, eða með öðrum orðum, að bæði landið og landssjóðurinn hafi allan þann ábata af þessari stofnun, sem þeim er unnt.

Jeg tek það upp aptur, og vona hinn háttvirti þingmaður Eyfirðinga komist að þeirri niðurstöðu, að hann aðhyllist frumvarpið, sem hann hiklaust hefur kannazt við að hafi marga kosti inni að halda, þó að hann við 1. umræðu reyndi til að sýna ókosti þess, og að mínu áliti gjörði meira úr þeim, en ástæða er til.

Jeg skal nú snúa orðum mínum að nefndarálitinu og breytingaruppástungum hinnar háttvirtu nefndar við frumvarpið. Jeg er, fyrir mitt leyti, ekki mótfallinn breytingunni við 2. tölulið 2. gr., að í staðinn fyrir 4 af hundraði komi 4½ af hundraði, og jeg er nefndinni samdóma um, að þessi hækkun á hinum árlegu rentum af «*Kreditforenings Obligationerne*» muni hafa góð áhrif á þeirra «*Kurs*» eða gangverð. Aptur á móti mun þessi hækkun heldur íþyngja lántakendunum ekki alllítið, þó að jeg sje á sömu skoðun og nefndin, að þetta verði ekki nein frágangssök, þar sem bæði leigur og afborganir mundu þó ekki nema fullum 6%. Jeg skal þess vegna fela þetta atriði alveg í þingsins vald, og hverning sem atkvæðagreiðslan fellur um það, mæla með úrskurði þingsins.

3. tölul. 2. gr. Frumvarpið ætlast til að leggja fjelaginu styrk af 2000 kr. árlega, sem tillag til kostnaðarins við stjórn fjelagsins, einungis fyrir þann tíma, sem nauðsynlegt virðist að styðja fjelagið í þessu tilliti, eða, með öðrum orðum, á hinum fyrstu árum; aptur á móti stingur hin háttvirta nefnd upp á, að fella síðari málsgrein sama tölulíðs, sem hefur inni að halda ákvörðunina um þessi takmörk. Þetta hlýtur að vera veruleg breyting og sjer í lagi að auka byrði þá, sem með greininni er lögð á landssjóðinn; þess vegna skal jeg leyfa mjer að mótmæla þessari breytingaruppástungu, sem ekki mun hafa aðra afleiðing en þá, að gjöra það mögulegt, að ákveða þóknun eða laun fyrir fjelagsstjórnina í ríflegra lagi, á meðan frumvarpið gjörir ráð fyrir, að þessi þóknun verði ákveðin í

tiltölu við það, sem störf fjelagsstjórnarinnar smásaman fara vaxandi. Jeg skal gjöra áætlun um kostnaðinn við stjórn fjelagsins. Þegar fjelagið kemst á stofn samkvæmt 4. gr. stafl. a, er samkvæmt athugasemdunum við 4. gr. g, búið að borga inn til forstöðu- og viðlagasjóðs fjelagsins í minnsta lagi 12500 kr., sem með 4 % gefur árlega 500 kr., og við þær bætast $^2/_5$ % af upphæð lánanna, 2000 kr. árlega, og að meðtöldu tillaginu úr landssjóðnum verður uppbæðin samtals 4500 kr. Þessi upphæð má að mínu áliti og einnig nefndarinnar nægja, en þó ber að gæta þess, að þegar helmingur tillags þess, sem lántakendur eiga að gjalda árlega til viðlaga- og forstöðusjóðs fjelagsins, nema 2000 kr., eins og frumvarpið stingur upp á, þá verða tekjur forstöðu- og viðlagasjóðsins sem nú skal greina:

ársleigur af 25,000 kr., 4 %	1000 kr.
$^2/_5$ % af 1,000,000 kr. . . .	4000 —
	5000 kr.

eða 500 kr. fram yfir upphæð þá, sem álitin var nauðsynleg til að standa straum af kostnaði þeim, er stjórn fjelagsins útheimtir, og þá þarf fjelagið ekki neins frekari styrks við í þessu tilliti úr landssjóðnum. Hvað nú snertir þennan styrk sjálfan, eins og hann er til tekinn í frumvarpinu, má að mínu áliti húast við, að hann ekki baldist lengur en um nokkur fá ár, 3—5 ár ef til vill, og þá má ekki segja, að stofnun fjelagsins hafi verið landssjóðnum of dýr. En sjálfsagt má við hafa allan sparnað, sem skynsamlegur er, þegar ræðir um landssjóð.

Breytingar hinnar háttvirtu nefndar við 2. gr., tölul. 4., 5., 6. og 7. eru orðabreytingar, sem jeg fyrir mitt leyti fellst á.

Breytingin við 3. gr. er í raun og veru einnig orðabreyting, en þó er henni nokkuð öðruvísi varið en hinum. Þó að jeg ekki efist um, að hinn háttvirti þingmaður Suður-Múlasýslu hafi haft rjett að mæla, þegar hann skýrði deildinni frá, að þessar «*Credit-forenings Obligationer*» munda verða *nóteraðar* í Kanpmannahöfn, undir eins og 500,000 kr. verða framboðnar til sölu sama staðar, þá er það þó enn þá óvíst, hvenær fjelagsstjórnin gæti framboðið svo mikla upphæð í einu, og skal jeg í því tilliti vísa til 4. gr. d., en um upphæð landssjóðsins er að mínu áliti engin ástæða til að tala fyrst um sinn. Þess vegna mun það óhættara að halda 3. grein frumvarpsins óhreyttri, þar sem hún að efninu til er alveg samhljóða uppástungu nefndarinnar, undir eins og skuldabrjefin verða *nóteruð* á «*Börsen*» í Ksupmannahöfn, en hefur inni að halda góða reglu, sem er í fullri samkvæmni við það, sem ætlazt er til fyrir millibil það, sem kann að verða, þangað til «*kúrs*» verði *noteraður* á skuldabrjef fjelagsins. Jeg skal því skjóta því til hinnar háttvirtu nefndar, hvort hún finni ekki ástæðu til að taka þessa uppástungu aptur, og jeg skal taka það upp aptur: ákvörðun þessarar greinar í frumvarpinu getur ómögulega orðið fjelaginu til skaða, en hún getur að mínu áliti verið því til gagns, og þar að auki hefar hún inni að halda fasta reglu fyrir stjórn viðlagasjóðsins í síðari málslið greinarinnar, sem á þessum millibilstíma kann að koma til góðra nota. Að svo miklu leyti sem breytingar hinnar háttvirtu nefndar við 4. gr. eru tómar orðabreytingar, skal jeg fallast á þær, og þetta á við þær allar, nema við stafliði b. og h. Það er viðvíkur hinni fyrnefndu, að í staðinn fyrir «gangverði þeirrar eignar» komi: «$^3/_5$ gangverðs jarða og helmingi gangverðs húseigna, sem boðnar eru», skal jeg fallast á hana. Hvað snertir breytinguna við staflið h., skal jeg játa það, að hinum háttvirtu þingmönnum kynni að þykja hún frjálslegri en ákvörðun frumvarpsins, og þess vegna furðar mig ekki á, að hún sje horin upp, því hún hlýtur að vera afleiðing þess, er svo opt hefur komið fram á þessu þingi og sem menn kalla: «*stefnu tímans*».

En þegar betur verður að gætt, er hún það í raun og veru ekki, því í þessu máli er stjórnin að minnsta kosti eins frjálslynd og alþingi eða landsmenn yfir höfuð að tala, og getur einnig vel verið, að hún einnig sje það í öllum þeim málum, er snerta framfarir landsins, jafnvel þó að hún ekki við hafi þetta orð «stefna tímans», eins iðulega eins og nokkrum þingmönnum þóknast. Ákvörðun frumvarpsins miðar engan veginn til þess, að gjöra stjórn lánsfjelagsins miður frjálslega, heldur til þess að útvega fjelaginu hina mestu tryggingu fyrir því, að því verði ávallt stjórnað samkvæmt tilgangi þess. Þar sem landssjóðurinn við stofnun fjelagsins er stærsti hluteigandi þess, það er: eigandi að $^2/_5$ af öllum fjelagssjóðnum, virðist mjög eðlilegt, að stjórnin fyrir hönd landssjóðsins taki þátt í kosningu fjelagsstjórnarinnar, og í þessu tilliti mun ákvörðun frumvarpsins um, að oddviti hennar verði skipaður af ráðgjafanum, eiga vel við, og maður getur ekki borið þessa ákvörðun saman við lög þau, sem gilda fyrir álíka stofnanir í Danmörku, því ríkissjóðurinn er ekki í neinum þeirra hluttakandi eða fjelagi. Jeg skal þess vegna leyfa mjer að mæla móti þessari breytingaruppástungu, sem, þó að hún kynni að sýnast frjálslegri en ákvörðun frumvarpsins, í raun og veru er það ekki, en frumvarpið er meir samsvarandi stöðu landssjóðsins sem meðlims í fjelaginu. Jeg ætla svo ekki að orðlengja um þetta mál, en jeg skal enda með þeirri ósk, að hinir háttvirtu þingmenn með atkvæðagreiðslu sinni um það sýni og sanni, að þeim er umhugað um hin sönnu velferðarmál landsins.

Jón Jónsson: Það voru þung orð, sem hinn hæstvirti landshöfðingi og hinn háttvirti þingmaður Borgfirðinga fóru um breytingartillögur mínar. Þingmann Borgfirðinga heyrði jeg ekki tilfæra eina einustu ástæðu fyrir áburði sínum um, að jeg ætlaði alveg að ónýta lánsstofnun hjer á landi. Þvert á móti laut öll hans ræða að því, að sýna fram á, að hið fyrirætlaða lánsfjelag yrði að geta orðið landinu að miklu gagni, þó það yrði ekki útbúið þeim hlunnindum, sem jeg ætla að eigi að taka úr frumvarpinu. Það getur vel verið, að hann hafi ekki sjálfur sjeð þetta, en hver maður, sem þekkir lánsstofnanir, verður að vera mjer samdóma um, að röksemdaleiðsla hans einmitt gekk út á þetta. Menn verða vel að gæta þess, að lánsfjelagið, þó það missi þessi hlunnindi, fái öll þau hlunnindi, sem hafa verið álitin nægileg handa slíkum fjelögum, bæði í Danmörku og, það sem mjer frekast er kunnugt, í öðrum löndum. Og var ákvörðunin um ábyrgð ríkissjóðsins fyrir 4% vöxtum í lögum Dana frá 1880 nýmæli, sem voru því alveg óþekkt áður, og sem jeg ekki veit til, að nokkuð annað þing með fjárveitingarvaldi hefur viljað fallast á. Frá 1850—1880 höfðu lánsfjelög í Danmörku engin önnur hlunnindi en þau, sem verða eptir handa lánsfjelagi voru, þótt breytingar mínar fái framgang. Og lánsfjelag vort fær þar að auki þau hlunnindi, að skuldabrjef þess megi kaupast fyrir fje ómyndugra og fje viðlagasjóðsins. Þessi hlunnindi koma ekki í bága við lög um ómyndugra fje, og sýna ummæli þingmanns Borgfirðinga um þessi lög, að hann hefur aldrei lesið opið brjef frá 4. júní 1864. Röksemdaleiðsla þingmanns Borgfirðinga gekk fyrst út á, að *selja mætti erlendis skuldabrjef*, svo miliónum skipti, frá íslenzku lánsfjelagi, og kom honum því alveg saman við hinn háttvirta 1. þingmann Suður-Múlasýslu. En sje þetta svo, hvaða þörf er þá á, að landssjóðurinn útvegi fjelaginu kaupendur að um 500,000 kr. af skuldabrjefum þess. Þá sýndi hann fram á, að *auðmennirnir hjer á landi* mundu fúsir á að kaupa skuldabrjef lánsfjelagsins, og fje ómyndugra lægi hjer arðlaust, svo hundrað þúsundum skipti, og að fjárhaldsmenn mundu fegnir að geta

komið því á vexti, með því að kaupa skuldabrjef *lánsfjelagsins*. En slíkir kaupendur skuldabrjefanna munu sjálfsagt bjer á landi og annarstaðar kaupa skuldabrjefin, þótt landssjóður ábyrgist ekki vextina af þeim; menn munu líta mest á, að stjórnendur fjelagsins sjeu áreiðanlegir, og þeir munu ekki horfa meir í að kaupa skuldabrjef lánsfjelags, en að leggja peninga sína í sparisjóð, og hefur þó enginn sparisjóður hjer á landi vaxtaábyrgð landssjóðsins.

Hinn hæstvirti landshöfðingi tók fram með miklum krapti, að engin stofnun í þarfir almennings gæti þrifizt hjer á landi án styrks úr landssjóði. Jeg er honum alveg samdóma um það, að land þetta er fátækt og efnahagur manna bágbornari hjer á landi, en erleudis, og jeg hef opt, eins og hann sagði, tekið það fram, þegar spurning var um að skipa embætti hjer og launa þeim eptir útlendum fyrirmyndum; því svo er þó guði fyrir að þakka, að þrátt fyrir fátækt almennings, hefur mörg þarfleg stofnun náð vexti og viðgangi án styrks úr almennum sjóði. Hinn háttvirti þingmaður Suður-Múlasýslu er sjálfur forstjóri slíkrar stofnunar, og honum eða þeim mönnum, sem með honum stofnuðu Gránufjelagið, hefur aldrei komið til hugar, að biðja um styrk handa því úr almennum sjóði. En vjer höfum hjer á landi fulla reynslu fyrir því, hve hættulegt það getur verið fyrir slíkar stofnanir, að byggja þær að miklu eða öllu leyti á tillögum úr almennum sjóðum. Ekki blessaðist ullarfabrikan hjer í Reykjavík um árið, og fleiri dæmi mætti, ef til vill, til færa. Yfir höfuð gjörir hinn háttvirti þingmaður Borgfirðinga of mikið úr eptirliti því og afskiptum þeim, sem landsstjórnin á að hafa á lánsfjelaginu. Reglurnar þar um geta litið nógu fallega út á pappírnum, en þegar til framkvæmda kemur, er jeg hræddur um, að minna verði úr þeim, og víst er það, að bæði í Danmörku og á Englandi hafa slíkar stofnanir þrátt fyrir slíkt eptirlit af hendi stjórnarinnar, og þó að stjórnin eigi langt um hægra með að hafa slíkt eptirlit þar en hjer, þar sem vantar almenna þekkingu á lánsfjelögum, og þau blöð, sem vaka yfir öllu þess konar. Hins vegar gjörði hinn hæstvirti landshöfðingi of mikið úr eptirliti því, sem hluttakendur lánsfjelagsins mundu fá. Þess ber vel að gæta, að hluttakendur þess eru allir skuldanautar þess, og eiga mikið undir fjelagsstjórninni og fulltrúum hennar, þó lán þeirra í orði kveðnu sjeu óuppsegjanleg, meðan þeir standa í skilum, því stjórnin getur gjört aðfinningar við veð þeirra fyrir lánunum, og bakað þeim aukagjöld og orðið þeim þungbær með mörgu öðru móti. Þar að auki verður að minnast strjálbyggðar landsins og örðugleika á að sækja fundi þá, sem kjósa á stjórn og fulltrúa og ræða mál fjelagsins, og mun afleiðingin hjer af verða, að hinn einstaki hluttakandi hjer á landi eigi langtum meiri örðugleika en slíkir hluttakendur erlendis, með að gæta rjettar síns. Jeg veit með vissu, að þessi rjettur hefur í Danmörku hingað til haft mjög litla þýðingu; hann gat ekki varnað því, að eitt af fjelögum þeim, sem stofnað var 1850, varð gjaldþrota eptir fá ár. Enginn, sem hefur kost á að taka lán á annan hátt, leitar láns úr lánsfjelagi í Danmörku. Aðalannmarkinn við hlutnindi þau, sem jeg vil ekki veita lánsfjelaginu, er, að með vaxta-ábyrgðinni leggst alveg takmarkalaus byrði á landssjóðinn. Þó lánsfjelagið gefi út 100 miliónir í skuldabrjefum, á landssjóður að ábyrgjast $4^1/_2$% af þessari upphæð. Menn kynnu að segja, að við þessu væri ekki hætt, og er jeg mönnum samdóma um, að sú hætta er ekki fyrirsjáanleg í lífstíð þeirra manna, sem nú eru uppi, en hver veit, hvernig lánsfjelagið verður búið að spila eptir nokkra mannsaldra, og hvað verður þá úr landssjóðnum, ef lánsfjelagið verður gjaldþrota eptir að hafa gefið út margar miliónir króna af skuldabrjefum með vaxta-ábyrgð landssjóðsins? Annar annmarkinn er, að landssjóður ef hann, eins og frumvarpið ætlast til, leggur allar jarðir sínar í fjelagið, hindur hendur sínar að nokkru eða öllu leyti, bæði með

tilliti til þjóðjarðasölunnar og með tilliti til stofnunar banka, eða annara fyrirtækja, sem landssjóður ef til vill kynni að geta stutt með lánstrausti sínu, og sem gæti enn betur en lánsfjelag bætt úr peningavandræðum vorum. Úr þriðja annmarkanum, að heimtað er talsvert fje úr landssjóði bæði eitt skipti fyrir öll og árlega, gjöra menn ef til vill minna. Jeg fyrir mitt leyti álít Ísland svo fátækt, að því munar um 5000 kr. eitt skipti fyrir öll og 2000 kr. árlega.

Arnljótur Ólafsson: Það er einungis ræða hins heiðraða 2. þingmanns Skagfirðinga, sem hefur gefið mjer þor til að standa upp; annars var jeg kvíðandi, þar sem jeg hafði 3 máttarstólpa þingsins móti mjer. En það er þó skylda mín, þrátt fyrir alla þá virðingu, sem jeg ber fyrir þessum mönnum, að taka fram þá annmarka, sem mjer finnst vera á frumvarpinu, og skýra, svo sem mjer gefst kostur á, athugasemdir þær, er jeg hef að gjöra við frumvarp þetta.

Jeg hef við 1. umræðu málsins bent á, hvað landssjóður verður að leggja í sölurnar, og hefur enginn hrakið það, enda er það ekki hægt, því að þar tala tölurnar sjálfar fyrir sig. En nú er það annað, sem jeg vildi leiða athygli manna að og óskaði að fá skýringar á. Frumvarpið gjörir ráð fyrir, að landssjóðurinn borgi 2,000 kr. á ári; hvað lengi á hann að leggja til þetta árlega tillag? (*Tryggvi Gunnarsson*: 3 ár). Nú, 3 ár segir þingmaðurinn. En jeg er hræddur um, að það geti dregizt lengur. Í 4. gr. frumvarpsins, staflið *b.*, stendur sú ákvörðun, að hver bluttakandi láni móti veðskuldabrjefi sínu, þó svo, að aldrei fari lánið upp úr helmingi gangverðs þeirrar eignar, sem hann býður fram sem veð. Af þessu leiðir þá, að þegar 500,000 kr. eru komnar í veðskuldabrjefum í fjelagið, þá eru veðin orðin upp á 1,000,000 kr. Nú hefur fjelagið enga lántakendur aðra en hluttakendurna sjálfa. Úr því nú hluttakendur fá aldrei meira út í skuldabrjefum lánsfjelagsins, en sem svarar helming af gangverði eignar sinnar, sem í veð er sett, hljóta skuldabrjef fjelagsins að vera að eins *hálf milión*, þegar fjelagið hefur fengið *eina milión* að veði. Jeg get ómögulega skilið 4. gr. b. öðruvísi en svona. Getur verið, að jeg einn misskilji hana, en þó ímynda jeg mjer, að deildarmenn fleiri þurfi skýringar á þessari grein frumvarpsins. Jeg skal þá hverfa aptur að því, sem jeg spurði um: Á landssjóður lengi að borga þessar 2000 krónur á ári? eða með öðrum orðum: hve langur tími líður, þar til lánsfjelagið gefur út skuldabrjef upp á 1 milión króna? Þegar skuldubrjef lánsfjelagsins eru orðin 500,000 kr., er fjelagið bara stofnað, og árstillagið stendur, þangað til lánsfjelagið hefur fengið að veði aðra milión króna, til þess að geta gefið út aðrar 500,000 krónur, og þá fyrst hverfur skylda landssjóðsins til að borga þetta 2000 kr. árstillag. Hvað langan tíma þarf nú til þessa? Því get jeg ekki spáð, en það verður, mjer er óhætt að segja, meira en 3 ár.

Eptir því sem talið er í áreiðanlegri skýrslu í Þjóðvinafjelags-almanakinu, er jarðeign Íslands talin, þegar jarðar-hundraðið er metið á 100 kr., um . . 8,675,000 kr.
og kaupstaðarhús . . . . 1,880,000 —
það verður samtals . . . . 10,555,000 —
Þarf þá að veðsetja 1/6 part af allri veðeign landsins, til þess að árstillagið úr landssjóði falli niður. Hjer við er þó að athuga, að bændeignin er eigi nema 62,000 hundraða eða 6,200,000 kr. virði; í annan stað eru nú þegar allmargar bændeignir veðsettar, og æði-margir bændur munu eigi veðleggja jarðir sínar. En nefndin kastar enn meiri ábyrgð upp á landssjóð en þetta með því að fella burtu niðurlagsatriði 3. töluliðs, því þar með gjörir hún 2000 kr. tillagið æfinlegt. Sje nú þessi breytingartillaga felld, er landssjóður skyldugur til að borga tillagið þangað til lánsfjelagið kemur og segir: «Jeg þakka þjer nú fyrir hjálpina; nú þarf jeg þín ekki lengur með; jeg er nú orðin svo vel efnuð, að jeg kæri mig ekki um meira».

Þá kem jeg að 4. tölulið 2. greinar. Jeg verð að segja, að mjer þykir það kynlegt,

að landssjóður fari að taka lán, hann sem er sá eini ríki, sá eini, sem hefur peninga; hann sem á:

í innskriftarskírteinum . . .	306,000 kr.
í iðgjaldabrjefum	137,216 —
og enn fremur í kræfum brjefum	240,159 —
það er samtals .	683,375 —

Þetta voru eignir hans 31. des. 1880. Að þessi ríki sjóður skuli eiga að fara að taka 200,000 kr. lán, það er harðla kynlegt. Þessi lántaka á auðsjáanlega ekki að styrkja aðra menn, eða gjöra þeim greiðara fyrir að fá peninga, heldur er það gjört til þess, að útvega sem fyrst þessar 500,000 kr. Því vantrausti hefur nefnilega verið lýst hjer, að jarðeigendur muni ekki verða svo fúsir á að ganga í þetta fjelag, og þess vegna á landssjóður að taka lán, til að ráða úr þessum vandræðum. Jeg held, að hinn háttvirti landhöfðingi hafi misskilið mig við 1. umræðu þessa máls; jeg kvartaði ekki undan því, að landsins skuldabrjef stæðu of hátt, heldur mun jeg hafa látið í ljósi ótta fyrir því, að ef skuldabrjefum fyrir allri þessari upphæð, 500,000 kr., væri kastað allt í einu inn á útlendan markað, þá mundu þau fyrst í stað standa æði- lágt, og komast svo í hendur útlendra manna, en þá búið væri að kaupa þau upp, mundu þau hækka að verði, og þá mundu þeir þannig hafa allan hagnaðinn af, að þau stíga. Jeg verð að segja fyrir mig, að jeg er móti þessari tilhögun, að landssjóður taki slíkt lán, og með því veðbindi allar eignir landsins. Jeg hefði kunnað betur við, að ákvörðunin hefði verið öðruvísi, þannig nefnilega, að landssjóði hefði verið *gefinn kostur á* að vera hluttakandi í þessari lánsstofnun, en ekki að gjöra honum það að skyldu. Þetta verð jeg að taka fast fram, og legg jeg mikla áherzlu á það. Jeg viðurkenni góðan vilja landshöfðingjans og ötulleik hans, en jeg held þó, að umönnun hans fyrir að koma þessari lánsstofnun á hafi farið of langt með landshöfðingja, og komið honum til að fara of langt aptur með landssjóðinn í þetta skipti. Að landssjóður geti smátt og smátt selt jarðir sínar, skal jeg gjarnan trúa, en mjer þykir það dálítið undarlegt, að þær skuli veðsettar ónafngreindar. Landeign landssjóðsins er um 8000 hndr., sem eiga að vera veð fyrir þessum 200,000 krónum. En í 4. gr. e. stendur, að landeignir þær, sem landssjóður veðsetur, sjeu taldar að vera 1 milión kr., og verður þá jarðarhundraðið 125 kr. Selji nú landssjóður ¼ part af þessum eignum sínum veðbandslaust, hefur hann að eins 6000 jarðarhundruð eptir, og er þá hvert jarðarhundrað á 166 kr. 66 aur. o. s. frv. Allar þjóðeignir verða svo bundnar í þessu láni, að ekkert verður selt, nema ef landssjóðurinn *selur* sitt *veð*; en ef hann gjörir það, hvað geta kaupendurnir þá veðsett í þessum jörðum? Ekki eina þúfu. Jeg verð því að vera móti 4. tölul. 2. greinar, og vil láta færa ábyrgð landssjóðsins niður í 4. grein, staflið e, þar eptir.

En nú kemur í annan stað sú spurning fram: þegar landssjóður leggur svo mikið í sölurnar, hvað vinnur þá landið; hvað vinnur þá landið, hvað vinna landsmenn við það? Því mun af sumum verða svarað: landsmenn fá peninga; það koma peningar inn í landið. Jú, það gjöra þeir líka, meðan landsmenn hafa til að veðsetja nokkra jörð undir fótunum, eða nokkurt hús yfir höfðinu. En jeg spyr þá: Hví fá menn ekki peninga í landinu sjálfu gegn veði í jörðum sínum og húsum? Mjer mun verða svarað, þeir fá nokkuð, en þeir fá ekki nóg; kemur það þá til af peningaskorti í landinu, að þeir geta ekki fengið nóg? Ekki beinlínis af peningaskorti, heldur af því, að okkur vantar miðdepil (*centrum*) fyrir peningavíxlin; okkur vantar stofnun, sem eins og rjettir út aðra höndina til þeirra, sem biðja um lán, en hina til þeirra, sem vilja setja peninga á leigu. En slík stofnun er einmitt lánabanki, því hann tekur jafnt í móti lánbjóðendum sem lánbeiðendum. Það er víst og satt, að því stærra sem verksvið stofnunarinnar er, því margbreyttara veð sem hún getur tekið, því happadrýgri og nytsamari er hún og

einmitt það er annar kostur lánabankans, að hann tekur annað veð en fasteignarveð; hann kaupir veðskuldabrjef og önnur verðbrjef, og gefur peninga í móti. Jeg hverf nú að því, hvern *skaða* slík lánstofnun sem þessi gjörir landsmönnum, eða hluttakendum.

Gáum þá fyrst að því, að einstakir menn, nokkrir hreppar og önnur fjelög greiða nú 6 af 100 í 28 ár í vöxtu og iðgjöld, jeg kalla svo afborganir, af iðgjaldabrjefum sínum, og þá er skuldinni lokið. En hjer á að lúka 6 af 100 í 45 ár og þá er þó skuldinni eigi alveg lokið; mjer reiknast þá töpuð greiðsla 6 af 100 í 17 ár, eða 102 af 100, rúmur helmingsskaði. (*Grímur Thomsen*: Misskilningur). Nei, þetta er ekki misskilningur; þetta er rjettur skilningur, og það hryggir mig, að þingmaður Borgfirðinga skuli ekki geta skilið þetta, því að það er svo einfalt. Jeg bið þingmanninn athuga ástæðurnar við 4. gr. Þar segir, að hluttakendur skuli greiða alls $5^2/_{10}$ af 100; en eptir tillögu nefndarinnar við 2. gr. 2. tölul. verður það $5^7/_{10}$; þar við bætist $^1/_{10}$ af 100, sem er leiga af þeim $2^1/_2$ af 100, er þar getur, svo það verður alls $5^8/_{10}$ af 100. En svo bætist og hjer á ofan, að þeim verður að öllum líkindum sagt upp, öllum þessum aumingjum, sem nú hafa lán tekið úr landssjóði, og þeir verða sem allir aðrir að kosta virðing veðjarða sinna og fá vottorð úr veðmálabókunum. (*Halldór Kr. Friðriksson*: Nei!) Kemur enn fram skilningsskortur þingmanns Reykvíkinga, lesi hann betur 2. gr. 5. tölulið.

Er nú vert, að landssjóðurinn bindi allar sínar eignir til að fá þetta makalausa lán handa sjer og landsmönnum, að fá lán, það er vinnur þetta makalausa gagn? Og eptir þessar athugasemdir verður mjer fyrir að spyrja: Hví er nú verið að koma með þessa stofnun? hver er tilgangurinn? Ekki getur það verið til að þóknast lántakendum, því að þeir hafa skaða af því. Er það þá til þess að eyða fje landssjóðsins að eins að gamni sínu? Nei, engin ástæða er til að halda það. Jeg skal að eins geta eins til, einnar ástæðu fyrir þessu frumvarpi. Þeir, sem lána út nú sem stendur, hvort það eru sýslumenn, bæjarfógetar, landshöfðingjaritarinn eða aðrir, fá enga þóknun fyrir ómak sitt. Þetta er hið gamla vöggumein. Þetta þykir þeim of hart. Komið þið með lánsfjelag, segja þeir, svo við getum losazt við þessa byrði, sem við fáum ekkert fyrir að bera. Þetta er líka náttúrlegt; jeg lái mönnunum þetta ekki, einkanlega nú, þegar jafnvel hreppstjórar eru farnir að fá laun úr landssjóði og allgóða borgun að auki fyrir fyrirhöfn sína.

Jeg vildi að síðustu biðja hinn heiðraða framsögumann, að skýra ýmislegt fyrir mjer í nefndarálitinu; í annari málsgrein nefndarálitsins stendur «fæstar»; á það ekki að vera: flestar? Eins er um tölurnar í innilokunarmerkinu, þar stendur «200,000 kr.»; mun eiga að vera 20,000 kr. Jeg hugsaði, að þetta kynni að villa sjónir jafnvel fyrir hinum skarpvitra þingmanni Reykvíkinga, sem annars er manna lagnastur á að finna prentvillur; það er hann.

Tryggvi Gunnarsson: Það hafa margar athugasemdir komið fram í þessu máli, og ætla jeg mjer ekki að fara orðum um þær allar, heldur að eins um nokkrar, til þess að ljetta dálítið á hinum háttvirta framsögumanni.

Allir, sem talað hafa í þessu máli, hafa látið þá skoðun sína í ljósi, að nauðsyn beri til að fá peninga inn í landið, en þeir hafa ekki verið allir á sama máli um, hvernig ætti að því að fara. 2. þingmaður Skagfirðinga og 1. þingmaður Eyfirðinga hafa ekki verið á það sáttir, sem farið er fram á í frumvarpi stjórnarinnar. Hinn háttvirta þingmann Skagfirðinga greinir minna á við stjórnarfrumvarpið, því hann vill líka koma á lánsfjelögum, en á þann hátt, sem að mínu áliti er alveg óaðgengilegt.

Hinum háttvirta 1. þingmanni Eyfirðinga fórust svo orð við 1. umræðu þessa máls, að hann áliti hentugra, að koma á

banka, en hann sagði ekki frá því, hvernig hann ætti að vera, eða hvort hann gæti staðizt, heldur reif hann að eins niður frumvarpið um lánsstofnunina. Hann taldi það til, að hann hefði hjer ekki nægar bækur við höndina, en það álít jeg ekki nægar ástæður. Sje það álitið, að lánsstofnunin sje ekki hentugt meðal til að auka peninga í landinu, þá er nauðsynlegt að koma með eitthvað í staðinn 2. þingmaður Skagfirðinga fór fram á, að lánsfjelag væri stofnað af prívatmönnum, og áleit, að það gæti staðizt af þeirra eigin rammleik, en aptur á móti áleit hann, að lánsstofnun sú, sem er samkvæm frumvarpinu, væri mjög hættuleg fyrir landssjóðinn og hlutaðeigendur, því að hún gæti farið um koll, þegar minnst varði. Er ekki mótsögn í þessu? er ekki líklegt, að sú lánsstofnun, sem landssjóðurinn styrkir, verði styrkari á fótunum, og vinni meira traust, en það lánsfjelag, sem að eins einstakir menn eiga, og að hlutabrjef þess verði í hærra verði en hin? Sje hætta fyrir að ganga í það lánsfjelag, sem landssjóður styrkir„ þá er ekki rjett, að stofnsetja annað lánsfjelag, sem hlýtur að vera enn þá valtara, og þannig vera valdur að því, að hlutamenn missi meira eða minna af eign sinni.

Hinn háttvirti vinur minn, þingmaður Eyfirðinga, var að jafna saman lánsfjelagi og banka, og taldi bönkum marga kosti; en eiginlega eru bankarnir fyrir kaupmenn, sem þurfa snögglega á miklum peningum að halda og hafa mikla peninga í veltunni, taka þá inn á vissum tímum og skila þeim aptur á vissum tímum. En lánsstofnunin er meira fyrir bændur, þá sem fasteignir eiga eða húseignir. Eptir ástandi hjer á landi virðist mjer því lánsstofnun nauðsynlegri en banki; því að meiri þörf ber til, að efla bændur en kaupmenn, meðan verzlunin er ekki meira innlend orðin en hún er. Þegar peningarnir koma á haustin, geta þeir legið þúsundum saman arðlausir í bankanum lengstan tíma af vetrinum, en skuldabrjef lánsstofnunarinnar eru allt af arðberandi. Lánsstofnunin gæti orðið nokkurskonar sparisjóður fyrir vinnufólk og alla þá, sem vilja geyma peninga sína, og láta þá vinna sjer rentu. Við 1. umræðu kom það til orða, að eigi væri hentugt að útlendir menn keyptu skuldabrjefin, og landsmenn sjálfir yrðu þannig skuldunautar þeirra; en jeg bið þess gætt, að í landinu eru ríkisskuldabrjef upp á hjer um bil 500,000 kr. Ætli menn geti talið það hag fyrir landið, að peningar, sem nema þessari upphæð, hafi gengið út úr landinu, en inn í landið komið í staðinn skuldabrjefin? Jeg held varla. Eru þá Danir skuldunautar okkar sjer til skaða, þegar þeir hafa okkar peninga, en við þeirra skuldabrjef? eða hví skyldu menn þá geta talið það óhag, að skuldabrjef lánsfjelagsins gangi út úr landinu, en í staðinn komi peningar inn í landið. Ef það er alvara og álit manna, að það sje óhagur, þá er líka hægt, að gjöra þá ákvörðun í lögunum, að banna að selja útlendum mönnum skuldabrjefin; en sú ákvörðun mundi verða nokkuð hlægileg og gagnstæð öllu því, sem við gengst hjá þeim, er peningamarkað þekkja. Viðvíkjandi því, sem hinn háttvirti þingmaður Eyfirðinga sagði um veð landssjóðsins, þá er þess að gæta, að eigi er ákveðið í frumvarpinu, að það sjeu fasteignir einar, heldur er að eins sagt *eignir*; en landssjóður á bæði jarðeign og viðlagasjóð. Upphæð veðsins mætti líka ef til vill lækka, en hún er í frumvarpinu sett svona há, til þess að koma í veg fyrir þann kostnað, sem af virðingum á jörðunum mundi leiða. Enn fremur hefur það verið sagt, að hagnaður sá, sem hluttökumenn hefðu af lánsstofnun þessari, væri enginn, heldur mætti öllu fremur álíta hana til skaða fyrir landsmenn, því eptir henni þyrftu menn 45 ár til að afborga lán sitt með 6 %, í stað þess, sem þeir nú gætu afborgað lán úr landssjóði á 28 árum með 6%. Jeg er ekki á móti því, að þetta sje skaði, þegar það er skoðað frá þessari hlið. En hjer er eigi talað um að ljetta á rentum, heldur hitt, að gjöra mönnum mögu-

legt, að fá lán, fá peninga. Landssjóðurinn á ekki fje til að lána út nema liðugt hálfa milíón; fasteignir allar í landinu með húsum má álíta að sjeu 6 til 8 milíóna virði; af þessu er auðsjeð, að þó landsmenn þurfi að taka lán, til að vinna að jarðabótum eða öðru, og bjóði fullgilt veð í móti, þá geta þeir ómögulega fengið lán; landssjóðurinn er ekki þess megnugur að lána öllum þeim, er þurfa þess. Hjer er því ekki að tala um að ljetta á mönnum rentum, heldur að búa til peninga eða peningaígildi, til að gjöra það mögulegt fyrir menn að fá peninga móti fasteignarveði. Mjer virðist það smámunasemi, að líta svo mjög á þær 2000 kr., sem landssjóður á að styrkja árlega lánstofnunina með. Upphæð þessi er þó ekki hærri en svo, að samsvari launum handa lækni í einu læknisumdæmi, og hjer fyrir deildina hafa í þetta sinn verið lögð ekki færri en 3 frumvörp um að stofna ný læknaumdæmi. Ef það er álitið eitthvert hið mesta nauðsynjamál landsins, að auka peninga í landinu, þá er eigi mikið þó landssjóðurinn styrki þá stofnun nokkur ár með einum 2000 kr. Ekki get jeg heldur skilið í því, hvað geti verið á móti því, þótt landssjóður taki 200,000 kr. lán, og gjöri lánsfjelaginu þá ívilnun, sem er eigi til neins tjóns fyrir hann, þar sem hann fær meiri vöxtu af fje sínu, en hann hefur haft úr ríkissjóð Dana. Fyrst þingmaður Eyfirðinga hefur svo mikið í móti lánsfjelagi þessu, þá væri gott, að hann kæmi með það fyrirkomulag á banka, er hann álítur að ætti við hjer á landi, svo þingið gæti sannfærzt um, að hann væri hollari fyrir landið en lánsfjelagið. Jeg ætla að lokum að taka fram það, sem hinn hæstvirta landshöfðingja greinir á um við nefndina, sem er endir 3. gr. Jeg get ekki fundið neitt á móti því, að nema hann burtu, en það stendur eigi á miklu, hvort hann stendur eða fellur. Jeg vil mæla með því, að renturnar sjeu settar $4^1/_2$%, til þess að hvetja þá, sem eiga konungleg skuldabrjef, að selja þau og koma peningunum inn í landið fyrir þau. Þegar eigendur fá eigi nema 4% í rentu af þeim, er líklegt, að menn vilji selja þau og kaupa aptur brjef lánsstofnunarinnar, sem gefur í vöxtu $4^1/_2$% um árið.

Þegar hjer var komið umræðunum, var þeim frestað til næsta fundar.

FRAMHALD ANNARAR UMRÆÐU Í NEÐRI DEILD,

á 21. fundi, 25. dag júlímán.

Jón Ólafsson: 1. þingmaður Suður-Múlasýslu tók það fram, að landinu væri lítið borgið með bönkum, því að þeir væru nær því eingöngu fyrir kaupmenn. Þetta skil jeg ekki hvernig þingmaðurinn fer að segja; hann þarf þó ekki langt að fara frá því húsi, sem hann býr í í Kaupmannahöfn til þess á aðra hönd að sjá «*Industribanken*» og á hina höndina «*Landmandsbanken*», og það veit hann, að báðir þessir bankar eru stofnaðir til annars en að vera *disconto*-banar fyrir kaupmenn. Annar er stofnaður einkanlega fyrir iðnrekendur, en hinn fyrir bændur, og lánar hann mót jarðarveði. Í Ameríku eru «*farmerbanks*» einnig stofnaðir í sama tilgangi. Jeg ímynda mjer, að þingmaðurinn hafi sjerstaklega haft fyrir augum *disconto*-banka, en þeir geta einnig haft fleira að gjöra, eins og 1. þingmaður Eyfirðinga tók fram. Jeg verð að segja, að það þarf meira en að fá peninga inn í landið; við þurfum vissu fyrir, að þeir standi við í landinu. Í því tilliti höfum við gjört okkar í meðferð málsins um leiguburð á peningaláni, og berum við ekki ábyrgðina fyrir, þótt það frumvarp væri fellt í efri deildinni; en hefði það frumvarp ekki verið fellt, hefði hættan engin verið, því að það er ekki vöntun þess, að peningar sjeu til, sem veldur því, að svo torvelt er að fá peninga, heldur hitt, að rentufóturinn er bundinn. Eptir því sem mjer er kunnugt að hafið er af rentum á landfógeta-kontórnum, þá mun vera til um 1 milíón í konunglegum skuldabrjefum hjer í landinu, auk þeirra skuldabrjefa, sem renturnar kunna að vera hafnar af beinlínis frá

Kaupmannahöfn. Við höfum því svo mikið af peningum, að við látum 1 milíón út úr landinu fyrir konungleg skuldabrjef, og þann veg munu peningar jafnan fara, meðan leiguburður er eigi frjáls hjá oss. Konungleg skuldabrjef gefa um 4¼ p. C. nú; en gæti jeg lánað út peninga mína fyrir 5 eða 5½ eða 6 p. C. mót fasteignarveði, mundi jeg gjöra það, í stað þess að senda þá út fyrir konungleg skuldabrjef. Það, að við sendum peninga út úr landinu, það kemur ekki af peningaskorti, heldur af skorti á frjálsum leiguburði. Næði nú þetta frumvarp um lánsstofnun fram að ganga, mundi það verða stofnun banka til hindrunar, því á hverjn á bankinn að hvíla, þegar búið er að hepta þjóðjarðirnar allar? En bankinn er mörgum sinnum þarflegri; því er hætta við, að samþykkja þetta frumvarp, að það tekur frá okkur mögulegleikann að ná öðru betra og gagnlegra. Landshöfðinginn var reyndar hræddur um, að banki fengi hjer of lítið að gjöra, en jeg hef gjört mjer yfirlit yfir verksvið hans, og áætlun, sem ekki er í lausu lopti byggð, um hann, og ætla jeg, að reynslan mundi bezt sýna og sanna, að banki getur vel þriflzt hjer og gjört stórt gagn.

Holgeir Clausen: Af því að jeg var um daginn kosinn í þessa nefnd, ætla jeg að segja fáein orð. Annaðhvort hef jeg misskilið allt þetta mál, eða þá hinir hafa gjört það. Jeg hjelt, að tilgangurinn með þessari lánstofnun væri sá, að útvega peninga til að lána jarðeigendum, og fæstir munu þurfa fremur að fá eitthvað til að bæta með jarðir sínar en menn hjer á landi. En sje þetta tilgangurinn, þá á það ekkert skylt við að stofna banka; hann gæti heldur ekki staðið sig hjer, ekki, þó við tækjum allar þær 70000 manns, sem eru á landinu, og settum þær í Reykjavík (*Arnljótur Ólafsson Disconto*-banki, meinar þingmaðurinn). Enginn banki getur staðið sig, nema hann sje líka *Disconto*-banki. Þar á móti svona lánsfjelag get jeg ekki skilið annað en megi geta staðið sig, og maður á ekki að fleygja burtu hinu óhreina vatni, fyr en maður hefur fengið það hreina; við vorum allir samdóma um það í nefndinni, að breyta frumvarpinu sem minnst, og það er víst heppilegast.

Framsögumaður (*Grimur Thomsen*): Jeg skal fyrst leyfa mjer að vera þakklátur hinum hæstvirta landshöfðingja fyrir góðar undirtektir hans við aðgjörðir nefndarinnar, og jafnframt skal jeg geta þess, að þetta er eitt hið bezta frumvarp, er frá stjórninni hefur komið, og mun það, ef það nær fram að ganga, afla stjórninni þakklætis um langan tíma. Þetta er mín sannfæring, en nú er eptir að sýna, hvort þessi sannfæring eigi við rök að styðjast. Jeg held mjer fyrst til athugasemda hins háttvirta þingmanns Eyfirðinga. Hann kvað eiga illa við, að landssjóðurinn kæmi fram sem lántakandi. Væri meiningin sú, að landssjóðurinn væri að lána fje til að brúka í sínar þarfir, hefði þingmaðurinn rjett að mæla, en því er ekki þannig varið. Hann kaupir skuldabrjef upp á 200,000 kr., hann geymir þau, en selur þau ekki aptur. Hann á bæði lán útistandandi gegn jarðarveði, og margar jarðir, sem ekki gefa meira en 3 af hundraði í leigu. Nú getur hann bæði fengið 4½% skuldabrjef í staðinn fyrir hin fyrri 4% veðskuldabrjef, sem hann hafði í höndum gegn jarðarveði, og sem numu rúmum 200,000 kr., og þó hann, að nafninu til, setji jarðir sínar í veð, til þess að styrkja hina «*solidariskn*» ábyrgð, þá missir hann ekki leiguna af jörðunum. Hann fær því 4½ af sínum fyr uppsegjanlegu lánum, í staðinn fyrir 4%, og meðan hann ekkert lán tekur sjálfur hjá lánsfjelaginu, geldur hann enga vöxtu til fjelagsins, en heldur afgjaldinu af jörðum sínum eins fyrir því, þó þær að nafninu til sjeu sem veðsettar.

Af þessu er auðsjeður ábati sá, er landssjóðurinn hefur. Þingmaður Skagfirðinga gjörði samjöfnuð milli ríkissjóðs Dana og landssjóðsins, og sagði, að ríkissjóðurinn væri ríkari, en það er öfugt; hann er skuldugur, en landssjóðurinn er það ekki. Þingmaðurinn lagði mikla áherzlu á það, að hægt væri

að fá lán úr landssjóði fyrir 6. p. C. með 28 ára afborgun, og taldi það mun betra, en að fá lán í 45 ár með milli 5 og 6%. En má jeg spyrja: hvað lengi getur landssjóðurinn haldið þessu áfram. Og hvaða einstakir menn hafa fengið þetta lán? Ekki einn einasti. Það er einungis kirkjur og opinberar stofnanir, sem hafa fengið það. En nú get jeg og hver einstakur maður fengið lán, ef lánsfjelagið kemst á. Jeg hef líka fengið lán úr landssjóði sem kirkjueigandi með 4% og borga vissa upphæð á ári, en jeg vona, að hinir háttvirtu þingmenn skilji, að það eru betri kjör, að mega borga á 45 árum, heldur en eins og nú er, að verða að afborga á ári hverju, og líka greiða vexti. Þetta getur þingmaður Eyfirðinga skilið, ef hann vill. Hann lagði mikla áherzlu á árstillagið úr landssjóði, þessar 2000 krónur, og spurði, hvað langt liði, þangað til stjórn fjelagsins gæti sleppt því. Jeg sýndi fram á í dag, að það mundi ekki líða langt, (og jeg er sannfærður um það), þar sem fje ómyndugra, fje viðlagasjóðsins, skuldir einstakra manna til landssjóðs o. fl. mundi koma inn í lánsstofnunina, og þegar nú hálf önnur milíón væri inn komin, mundi fjelagið vera fært um að standa straum af sínum búskap, og um það var hann mjer og samdóma. Það er ekki gott að segja, hvað langan tíma þarf til þess, en það getur eins vel verið 2—3 ár, eins og lengur. Sumir hafa sagt, að það væri leitt fyrir lántakanda, að vera bundinn við að vera skuldunautur lánstofnunarinnar um 45 ár, en það gefur að skilja, að hver og einn geti losazt við skuldina, þegar hann vill; sömuleiðis að eigandi geti selt jörð sína, ef kaupandi vill undirgangast að taka hana, þótt hún sje í veði fyrir peningunum. Eins er því fyrir komið í statútum þeirra lánsfjelaga, sem þetta er sniðið eptir: seljandi má setja annan í sinn stað, og jarðir geta gengið kaupum og sölum og makaskiptum eins fyrir því, þó að þær sjeu veðsettar lánsfjelaginu. Mig furðar því á þeirri mótbáru, að þetta verði til þess, að hamla þjóðjarðasölunni og tálma sjálfsábúðareign. Jeg er viss um, að landssjóðurinn getur selt allar jarðir sínar, og jeg leyfi mjer að spyrja hinn hæstvirta landshöfðingja, hvort jeg hafi ekki skilið það rjett. Enginn mun því með sanni geta mótmælt þessu atriði. En þó svo væri, þá eru þjóðjarðir allar taldar: 8400 hundr., en bændaeign nemur 62000 hundr. og af þeim eru að eins 20000 hundr., í sjálfsábúðareign; hin 42000 hundruð virðast fyrst um sinn að vera nægileg til þess að vekja samkeppni þeirra, sem kaupa vilja ábúðarjarðir sínar, og sem með þessu frumvarpi, ef það verður að lögum, fá kost á því, að ná með ljettara móti en áður í það fje, sem þarf til að ná í ábúðarjarðir sínar.

Hinn 1. þingmaður Suður-Múlasýslu sagði, að lánsstofnunin mundi efla sjálfseign. Þetta er rjett, því það gefur að skilja, að allir efnamenn, sem safna að sjer jörðum, til þess að fá af þeim leigu, mundu vilja selja jarðirnar fyrir skuldabrjef, sem gefur þeim hærri rentu, en jarðirnar gefa sjálfar.

Jeg vona þingmönnum sje þetta skiljanlegt, og að hver maður játi og sjái, að það er satt og rjett.

Jeg sný mjer þá að hinum háttvirta 2. þingmanni Skagfirðinga. Hann bar mjer á beýn, að jeg þekkti ekki lög, sem gilda um það, að setja fje ómyndugra á rentu, og benti hann mjer á opið brjef frá 1864. En svo var því varið, að af því, að sumir kvörtuðu undan, að þeir gætu eigi ávallt komið fje ómyndugra á leigu gegn fasteignarveði, þá var leyft, að setja það á rentu gegn lausafje; *en aldrei meira en 200 kr.* hjá sama manni. Breytingaruppástunga þingmannsins er því móti gildandi lögum, því það væri ólöglegt, að setja meira fje af munum ómyndugs barns í ótryggð skuldabrjef, en 200 kr. (þó barnið ætti 2000 kr. eða meira), og það því að eins, að yfirsjárráðandi leyfi, og ekki sje kostur á að fá betri tryggingu og hærri leigu. Áður en jeg skil við þennan háttvirta þingmann, verð jeg að

skora á hann, að sanna, að jeg nokkurn tíma hafi mishermt nokkuð af ásettu ráði, eða í nokkru verulegu atriði. Annað er, að manni geti orðið að sítera ekki bókstaflega orðrjett, þegar maður hefur ekki heilt bókasafn með sjer upp á þing og fyrir framan sig.

Hinn heiðraði 1. þingmaður Eyfirðinga kvað kjör lántakanda verða verri en áður; en þetta hefði hann ekki sagt, hefði hann athugað málið betur. Menn, sem nú taka lán, ekki í 28 ár, heldur svo, að þeim verður sagt láninu upp, og þeir verða að borga það allt í einu, á vissum tíma, munu heldur kjósa, að halda því um langan tíma, því hverjum manni verður að vera notalegra og þægilegra, að borga smámsaman á löngum tíma og án uppsagnar. Jeg hef heyrt á sumum hjer í deildinni, að þeim þætti æskilegt, að koma upp banka, en gætum nú að, hversu ólíkt til hagar hjer eða í öðrum löndum. Við höfum lítið handfengið við að bjóða banka, lítið af verðskjölum, («*Værdipapirer*»), lítið af óslegnu gulli og silfri, lítið af vörubyrgðum, og engin víxlbrjef, sem allt er veðfje bankanna; vjer höfum í einu orði ekkert við að neinum mun annað en jarðarveð, sem banki mundi ekki gjöra sig ánægðan með. Við höfum sparisjóð í Reykjavík; hann getur verið okkur sýnishorn af banka; hvernig fer honum á veturna? hann liggur með peningana, en getur þar á móti ekki lánað öllum, sem biðja, á sumrin. Hann þarf að eiga skuldabrjef til þess allt af að geta fullnægt þörfunum. Aðsóknin að banka mundi verða bjer talsverð 2 mánuði, en engin 10 mánuði. Bankinn lánar þar að auki sjaldan upp á lengri tíma en 3 og 6 mánuði, og hvert gagn er þá að honum fyrir þá, sem þurfa lán upp á langan tíma? En við eigum jarðir, sem við getum sett í veð, og eigum því að koma upp lánsfjelagi, sem getur lánað upp á lengri tíma. Víxlbrjef, og sjer í lagi innanlands-víxlbrjef, munu eiga langt í land hjer, því að viðskipti milli fjórðunga, sveita og kaupstaða vorra eru svo lítil, að þau koma ekki að verulegum notum. Þó að jeg viti, að 1. þingmanni Eyfirðinga sje þetta áhuga- og alvöru-mál, þá ímynda jeg mjer, að jeg megi treysta því, að hann í einni athugasemd hafi brugðið frá alvörunni. Hann spurði, hví þetta frumvarp væri nú komið fram, og svaraði sjer sjálfur, að það mundi vera bezta ástæðan, að losa embættismenn við innheimtu, sem þeir þiggja eigi borgun fyrir; þetta hlýtur að vera spaug, og svara jeg því ekki. Jeg tek það þá fram að síðustu, að jeg held að því fari fjarri, að undirstaða undir banka sje til hjer í landi, en að slíkt fjelag sem hjer ræðir um, sje okkur einmitt hentugt, og landssjóðnum skaðlaust, eins og jeg hef áður reynt að gjöra hinum heiðraða þingmanni Eyfirðinga skiljanlegt. Sumir voru hræddir um, að hækkun rentufótarins mundi valda örðugleikum fyrir lántakendur, en þetta má forðast með því, að lengja gjaldfrestinn. Jeg skal ekki halda fast við, að oddviti sje valinn af fjelaginu og staðfest kosning hans af stjórninni. Jeg er heldur ekki fastur á því, að taka til þetta háa veð, 1 milíón. Það þyrfti líklega ekkert veð að til taka; heldur að eins segja: jarðir landssjóðsins; en um það verða að vera ákvarðanir, skýrar og skiljanlegar, að jarðirnar megi selja allt eins eptir sem áður; en það heyrðist mjer hinn heiðraði þingmaður Eyfirðinga alveg hafa misskilið.

Jón Jónsson: Hinn háttvirti þingmaður Borgfirðinga tók fram, að þegar hann hefði eitthvað rangt í ræðum sínum, væri það ekki af því, að hann vildi segja ósatt gegn betri vitund, heldur af því, að hann skildi ekki það, sem hann færi með. Hann verður nú sjálfur að vita það bezt, en víst er það, að hver misskilningurinn rak annan í ræðu þeirri, sem hann nú hjelt, og hef jeg aldrei heyrt mann, sem þóttist bera skyn á mál og geta frætt aðra um það, rata í aðra eins misskilninga og þá, sem hinn háttvirti þingmaður Borgfirðinga hefur ratað í. Hann sagði, að hlunnindi þau, sem getið er um í 2. gr. 4. frumvarpsins væri í raun rjettri

ekki hlunnindi handa lánsfjelaginu, en þar á móti stóreflis-blunnindi handa *landssjóðnum*; hann skildi þessa ákvörðun svo, að landssjóðurinn þyrfti ekki annað en að setja jarðir sínar í veð handa lánsfjelaginu, til þess samkvæmt þessari ákvörðun að fá 4½% af 200,000 kr. árlega. (*Grímur Thomsen*: Já). Þingmaður Bargfirðinga sjer þá ekki enn þá þennan hróplega misskilning sinn; hann beldur enn þá, að hjer sje að eins spurning um hlut, sem landssjóður á að taka á þurru landi!! En það er langt frá þessu. Þingmaður Borgfirðinga blandar hjer saman hlutaeiganda og skuldabrjefseiganda; landssjóðurinn er samkvæmt þessari ákvörðun hluteigandi í 200,000 kr., og á því á hverju ári að greiða lánsfjelaginu, auk 4½% vaxta og afborgunar, viðbót þá, sem lántakendur fjelagsins eiga að borga til að kosta stjórn fjelagsins, og til að bæta fjelaginu upp þann skaða, sem slíkt fjelag hæglega getur haft af gjaldþroti einstakra skuldunauta. Hvað mikið þetta verður, er ekki hægt að sjá, en jeg ímynda mjer, að þessir vextir muni verða um 7—8% (*Grímur Thomsen*: 5⅕%). Þingmaður Borgfirðinga heldur minna, en meira en 5⅕% verður það vissulega, því að sá reikningur, sem þingmaðurinn á við, er byggður á, að vextirnir verði ekki meiri en 4%. Það minnsta, sem getur orðið spurning um með 4½% vöxtum, er því, að öll ársrentan verði 6%. Landssjóðurinn á því samkvæmt 2. gr. 4. að greiða lánsfjelaginu að minnsta kosti 6% af 200,000 kr.; hann fær að vísu 4½% af sömu upphæð, en mismunurinn milli þessara tveggja upphæða er skaði hans, og verður hann neyddur til um 45 ár að greiða þennan mismun, 3000 kr. árlega auk 2000 kr. tillagsins, samkvæmt 2. gr. 3. Að rjettu lagi fær því lánsfjelagið samkvæmt báðum þessum ákvörðunum 5000 kr. ársstyrk úr landssjóði, auk 5000 kr. tillagi í eitt skipti fyrir öll. Annar misskilningur hjá hinum háttvirta þingmanni Borgfirðinga var það, að álíta ómagafje það, sem keypt var fyrir lánsfjelagsskuldabrjef, ótryggt, ef að landssjóðurinn vildi ekki ábyrgjast vextina. Það er sannarlega nóg trygging fyrir slíku fje, ef að fjelaginu er vel stjórnað, og sjest það bezt af slíkum fjelögum erlendis, sem blómgast án nokkurs styrks úr almennum sjóði. Tryggingin er, sem og gefur að skilja, innifalin í fasteignarveðum þeim, sem lántakendur eða hluteigendur fjelagsins verða að veðsetja, áður en þeir fá lán, og er trygging sú langtum meiri en sú trygging, sem opið brjef af 4. júní 1864 leyfir að lána megi út ómagafje við. Enn var það mikill misskilningur hjá þingmanni Borgfirðinga, þegar hann hjelt, að það væru veruleg hlunnindi fyrr lántakendur fjelagsins, að hafa borgunarfrest á höfuðstól í 45 ár. Hann gleymir sem sje, að þeir á þessum tíma eru skyldugir til að borga sjerhverja þá viðbót við hina sameiginlegu ársrentu sína, sem stjórn fjelagsins heimtar til að borga kostnaðinn við stjórnina eða bæta úr skaða fjelagsins. Hróplegur misskilningur er það, að ímynda sjer, að slíkt lán sje betra en þau lán, sem einstakir menn áður hafa fengið úr viðlagasjóði og öðrum opinberum sjóðum. Hann sagði, að einstakir menn hefðu ekki getað fengið, þótt þeir vildu, lán upp á 28 ára afborgun með 6% af hinni upprunalegu upphæð lánsins. En sje það rjett, þá er það stjórn hlutaðeigandi sjóða að kenna, og er alþingi innan handa að ákveða, að öll lán úr viðlagasjóði skuli veitast með 6% vöxtum og afborgunum. Verði það viðtekið, mun aldrei verða hætt við, að viðlagasjóð vanti peningaforða. Setjum, að viðlagasjóður hefði útistandandi 600,000 kr. á þennan hátt, þá kæmi inn á hverju ári í sjóðinn 28. partur höfuðstólsins eða rúmar 20 þúsundir auk vaxtanna, 24 þúsundir um árið. Og er það álitleg upphæð að hafa til umráða árlega með hinum venjulegu tekjum landssjóðsins. En hvað sem þessu líður, þá er hitt víst, að menn hafa haft lán úr opinberum sjóðum, svo mannsöldrum skiptir, án uppsagnar af hendi forstöðumanna stjórnarinnar, og hvorki landssjóður nje viðlagasjóður hefur

enn þá þurft að segja upp því fje, sem hann hefur lánað einstökum mönnum. Einstakir menn hafa þá í raun og veru haft langt um mildari lánskjör hjá viðlagasjóðnum en opinberar stofnanir. Hver einstakur maður, sem fjekk slíkt lán, gat gengið að því vísu, að ef hann stæði í skilum með vaxtaborgun og með viðhaldi á veðinu, mundi hann geta haldið láninu, þangað til að honum sjálfum væri hagkvæmt að borga. Hinum háttvirta þingmanni Snæfellinga og 1. þingmanni Suður-Múlasýslu kom saman um það, að lánsfjelag mundi þrífast hjer betur en erlendis, úr því að þörf slíks fjelags væri hjer meiri en annarstaðar. Jeg bið menn vel að gæta að því, að þetta er einmitt meðmæli með breytingartillögum mínum. Alstaðar um víða veröld, á Norðurlöndum, Englandi, Ameríku, komast lánsfjelög af án ábyrgðar landssjóðanna. Hví skyldi þá þurfa slíka ábyrgð hjer á landi, ef ganga má að því vísu, að lánsfjelag komist betur af hjer á landi en erlendis? Ummæli 1. þingmanns Suður-Múlasýslu um, að jeg vilji narra fólk inn í lánsfjelag, af því jeg vilji ekki veita því styrk úr landssjóði, skil jeg ekki, og er jeg hræddur um, að hugmyndir hans um lánsfjelag sje lítið ljósari en hugmyndir þingmanns Borgfirðinga. Gránufjelagið hefur engan styrk úr landssjóði, en samt hefur þingmaðurinn hvatt margan til að ganga í það, og vill hann víst ekki láta það heita narr.

Jón Ólafsson: Jeg vildi að eins leiðrjetta það, sem hinn háttvirti þingmaður Borgfirðinga tók fram viðvíkjandi bændabönkum, nefnilega að þeir lánuðu mest móti veði í lausafje, en ekki móti veði í fasteign, en það er sjer í lagi móti fasteignarveði. Þar sem hann af reynslu sparisjóðsins ályktaði, að banki gæti ekki staðizt hjer, þá er það býsna-«*overfladisk*» ályktun, því það er allur munur á sparisjóð og banka. Þingmaðurinn sagði, að hjer lægju peningar á vetrinn, sem ekki yrðu ávaxtaðir. Þetta er einmitt af því, að stofnunin er sparisjóður, en ekki banki. Í bönkunum fellur og stígur láns-rentan óaflátlega, en það verður ekki í sparisjóðum. Jeg vil segja hinum háttvirta þingmanni, að á Skotlandi streymir opt meira inn af peningum á vetrinn í bankana, eins og hjer í sparisjóðinn, en þá fellur útlánsrentan í bönkunum, og þá taka menn lánið, enda þótt þeir ef til vill ætli eigi að brúka það strax, af því að það borgar sig samt, fyrst það fæst með lágri rentu. Í sparisjóðnum er rentan söm sumar og vetur, og því safnast peningar fyrir á vetrum. Aptur stígur bankarentan aptur upp yfir meðaltal, er að termínsdögum líður. Jeg hef ekki tekið eptir, að hinn háttvirti þingmaður hafi svarað spurningu minni um það, hvað við hefðum til að stofna banka með, þegar þjóðjarðirnar væru festar. Ef landssjóður lánaði einstökum mönnum, eins og hann nú lánar ýmsum stofnunum og fjelögum (upp á 28 ára afborgun), þá væri það miklu betra, því einlægt hlýtur þá að streyma fje inn aptur í viðlagasjóðinn, þegar vextir og afborganir af lánunum eru borgaðir árlega. Straumurinn yrði þá eins mikill inn eins og út. Jeg vil taka það fram til viðvörunar, að mjer heyrast allir þeir, sem minnast á banka, líta eingöngu á «*discontobanka*», en gæta þess ekki, að það eru fleiri bankar til, og að vor banki yrði að vera fullt eins mikið «*farmersbank*» eins og «*disconto-banki*».

Landshöfðingi: Hinn háttvirti þingmaður Borgfirðinga hefur að vísu svarað því að miklu leyti, sem hinn háttvirti þingmaður Eyfirðinga tók fram, en jeg ætla þó að bæta þar við nokkrum orðum. Hinn háttvirti þingmaður var sjer í lagi mótfallinn 4. tölulið 2. gr., sumpart af því, að viðlagasjóðurinn eða landssjóðurinn, sem stendur, ekki þyrfti þess við að taka þessi 200,000 kr. til láns af lánsfjelaginu, og sumpart af því, að með þessu móti yrði fasteign landssjóðsins bundin veðbandi, því að ekki sje mögulegt, að selja jarðir landssjóðsins án þess fyrirfram að losa um þetta veðband; með tilliti til hins fyrsta atriðis

vísaði hann til athugasemdanna bls. 4., og bætti í raun og veru ekki neinu við það, sem þar er getið um í þessu tilliti, og get þess vegna látið mjer nægja, einnig fyrir mitt leyti, að skírskota til þessara athugasemda, þar sem skýrt er tekin fram þessi mótbára og leidd rök að því, hvers vegna landssjóðurinn samt sem áður eða þrátt fyrir hana kynni að hafa ástæðu til að styðja lánsfjelagið á þennan hátt. Að vísu hefur þessi ákvörðun inni að halda hlunnindi fyrir lánsfjelagið, og er þessum hlut samfara kostnaður fyrir landssjóðinn, og hann nemur árlega 2400 kr., hvorki meira nje minna. En þess er gætandi, að með þessu tillagi úr landssjóði ávinnur landssjóðurinn að liðnum 45 árum höfuðstól, sem nemur 200,000 kr., eða með öðrum orðum: viðlagasjóðurinn hefur með því að borga þessi 2400 kr. árlega lagt í sparisjóð upphæð, sem að 45 árum liðnum nemur alls 200000 kr. Hvað viðvíkur öðru atriðinu í mótbárum hans, er jeg þegar búinn að sýna, hvernig stjórnin hafi hugsað sjer að komast mætti hjá því að leggja það hapt á jarðareignir landsins, að ekki megi selja þær án sjerlegs leyfis í hverju einstöku tilfelli frá hálfu lánsfjelagsins, sem sje eptir samkomulagi við fjelagsstjórnina í veðskuldabrjefinu, að landssjóðnum skuli vera heimilt að selja hið veðsetta jarðagóz, t. a. m. allt að því ¼ af jarðahundruðunum, þannig að það, sem selt verður, gangi úr veðinu, án þess að þar fyrir verði borgað nokkuð upp í skuldina; en þvílíkur samningur er sjálfsagt eins tryggjandi, og þó að þetta beinlínis væri ákveðið í lögunum. Þar að auki mun það, ef ástæða kynni að virðast til þess, vera stjórninni innanhandar, eins og hinn háttvirti framsögumaður benti til, að semja við stjórn lánsfjelagsins um það, að í hvert skipti taki kaupandinn að hlutaðeigandi þjóðeign upp á sig ákveðinn tiltölulegan hluta af veðskuldinni, og mun á þann hátt þessi ákvörðun ljetta undir með þjóðjarðasölunni. En hvað sem öðru líður, getur 4. tölul. 2. gr. ekki orðið landssjóðnum hættulegur, og þó að hann ekki sjálfur þurfi lánsins við, þá vona jeg, að hinn háttvirti þingmaður játi, að það kynni að vera ástæða fyrir löggjafarvaldið til þess, að samþykkja þessa ákvörðun, ef hún gæti stutt að því, að góð stofnun kæmist upp, og að öðru leyti ekki væri hættuleg fyrir landssjóðinn. Hinn háttvirti þingmaður gat þess, að það, sem oss vantar, er milligöngumaður milli þeirra, er peninga hafa afgangs og þess vegna geta lánað út, og þeirra, er þurfa að taka fje til láns, og að þetta einmitt sje ætlunarverk banka; ef mjer hafa skilizt orð hans, var þetta meining hans. Jeg skal þá leyfa mjer að taka það fram, að lánsfjelag það, sem hjer ræðir um, einmitt er sá milligöngumaður, er hinn háttvirta þingmann vantaði, milli lántakanda og lánsgefanda, og í þessu tilliti er ekki neinn munur á lánsfjelaginu og bankanum; en munurinn er í öðru fólginn, sem sje að selja eða kaupa alls konar »Værdipapirer«, ávísanir, víxlbrjef o. s. frv., yfir höfuð að tala: að koma reiðu-peningum í veltu. Hinn háttvirti þingmaður taldi það annmarka á frumvarpinu, að þar sem nú er veitt sveitarnefndum, sýslunefndum, eða amtsráðum lán úr viðlagasjóði með 6% rentu og afborgun á 28 árum, þá mundi frumvarpið leiða til þess, að þessum lánum yrði breytt þannig, að afborgunartíminn yrði lengdur um 17 ár. Ef þessi athugasemd á að eiga við lán þau, er þegar eru veitt, er hún byggð á tómum misskilningi, því það hefur aldrei verið meiningin, að segja þessum lánum lausum, enda eru þau samkvæmt skuldabrjefunum óuppsegjanleg, ef ekki er brotið á móti lánaskilmálum af hálfu lántakandanna, en eigi hún við lán þau, er seinna kunna að verða veitt, þá er þess gætandi, að lánsfjelagið ekki er ætlað öðrum en eigendum fasteigna, og þess vegna að öllum jafnaði ekki nær til þeirra lána, er hann gat um.

Hinn háttvirti þingmaður skildi 4. gr. staflið b. þannig, að þegar búið væri að gefa út veðskuldabrjef fyrir 1,000,000 kr., hafi lántakendur ekki fengið meira en ½ milíón,

og skaut því til þingmanna, að skýra honum orð þessarar greinar, ef þau ekki ættu að skilja á þann hátt. Eg verð að játa, að þessi skilningur hins háttvirta þingmanns er mjer alveg óskiljanlegur, og jeg treysti mjer ekki til að koma honum í annan skilning þessara orða, þar sem hann ekki sjálfur hefur verið fær um það; en jeg skal einungis geta þess, að þegar lántakendur eru búnir að gefa út veðskuldabrjef fyrir 500,000 kr. með veði í fasteignum, er eptir virðingargjörðum eru helmingi meira virði, eða 1,000,000, þá hafa þeir af lánsfjelaginn fengið út borgaða alla þá upphæð, sem skuldabrjefin hljóða upp á, sem sje 500,000 kr.

Hvað snertir getgátur hins háttvirta þingmanns um það, að hinn eiginlegi tilgangur frumvarpsins væri sá, að hinir hálaunuðu embættismenn sjálfsagt óski að verða lausir við ómak það, sem er stjórn viðlagasjóðsins samfara, en sem þeir ekki fái neina borgun fyrir, og hann sagði, að hann hafði lesið þetta milli línanna, skal jeg geta þess, að maður sjálfsagt má lesa milli línanna það, sem honum sjálfum þóknast, en það, einmitt vegna þeirrar virðingar, er jeg ber fyrir hinum háttvirta þingmanni, virðist mjer honum ósamboðið, að lesa á þann hátt milli línanna á 3. bls. athugasemdanna: «svo og af því» o. s. frv.

Arnljótur Ólafsson: Jeg skal vera svo fáorður, sem mjer er unnt. Vil jeg fyrst svara landshöfðingja. Hann undraði þá fyrst skilning minn á 4. gr. b., bornum saman við 2. gr. 3. Menn muna, að jeg var þá að tala um, hversu lengi þessi árlegi styrkur eða þetta 2,000 kr. árstillag úr landssjóði mundi greitt verða. Samkvæmt 4. gr. a. og b. fellur árstillagið ekki niður, þó að lánsfjelagið hafi fengið veðskuldabrjef í fasteignum, sem eru 500,000 kr. virði, því að veðið á að vera tvöfalt veð. Þegar því lánsfjelagið á að geta heitið fullstofnað, verður það að hafa fengið 1 milíón í veðum, en gefið út veðskuldabrjef upp á 500,000 kr., og til þess að geta gefið út skuldabrjef upp á aðrar 500,000 kr., verður fjelagið að fá aðra milíón í veð, því að veðið er tvöfalt. Ef þetta er ekki rjett skilið, þá skil jeg ekki mælt mál. Og sje þetta rjettur skilningur, þá er það rjett, sem jeg sagt hef, að landssjóður hlýtur, samkvæmt 2. gr. 3. tölulið, að punga út til lánsfjelagsins 2000 kr. «árlegum styrk», þar til búið er að veðsetja því 2,000,000 kr. virði í fasteignum. Framsögumaður sagði, að landssjóður græddi á því, að gjörast hluttakandi, og gat jeg skilið sumt af ástæðum hans fyrir þessu, en sumt er mjer og verður óskiljanlegt. Framsögumaður gætti þess ekki, að landssjóðurinn borgar lánsstofnuninni vexti af sínu eigin fje, þessum 200,000 kr., 4½ af 100, og að hann missir beinlínis þá $^2/_5$ af hundraði, sem hann á samkvæmt 4. gr. g. að borga til forstöðu- og viðlagasjóðs lánsstofnunarinnar, og verður það 800 kr. ár hvert. Svo bætist og hjer við það 2½% tillag, er landssjóður verður að greiða, eptir sömu grein og sama staflið (4. gr. g.). En það er sama sem $^1/_{10}$ af 100, og 200 kr. af 200,000 kr. Tapar því landssjóður árlega til lánsstofnunarinnar, meðan hún stendur, 1000 kr. Þessa verður landshöfðingi einnig að gæta, þegar hann reiknar út, að landssjóður hafi á svo og svo mörgum árum losazt við allar veðskuldir sínar til lánsfjelagsins. Hjer sjáum við þá veiku hlið frumvarpsins. En jeg skal heldur ekki ganga fram hjá kostum þess. Það gjörir talsvert gagn; það útvegar peningavirði, en ekki peninga, inn í landið hverjum þeim manni, sem á annaðhvort jörð eða hús. Lengra kemst lánsfjelagið ekki. En það, sem að sjálfsögðu leiðir af því, að lánsstofnunin hefur ekki peninga, er fyrst og fremst það, að skuldabrjefin þurfa að gjörast að peningum, sem getur orðið næsta vafningasamt. En því næst nefni jeg annað, sem jeg legg mjög mikla áherzlu á, og það er það, að við fáum með þessu lagi engan *peningamarkað* í landinu; en hann *þurfum* vjer að hafa, ef við eigum nokkurn tíma að verða menn. Jeg tek það aptur fram: bankinn er millilíður milli lánbjóðanda og

lánbeiðanda, en það er lánsstofnunin ekki. En samt sem áður, stæði ekki hjer þessi ísjárverða hlnttaka landssjóðsins í fjelaginu, skyldi jeg orðalaust gefa frumvarpinu atkvæði mitt, en það er einmitt þessi punktur eða óheillaþúfa, sem veldur öllum ókostum. Jeg get heldur ekki sjeð, hví fjelagið má ekki heita stofnað, nema í það sje komnar 500,000 kr. En þegar jeg lít á lögin 28. maí 1880 fyrir kothændur í Danmörku, þá fer jeg að skilja, til hvers refirnir eru skornir, til þess að landssjóður sje andsvari einnar miljónar. En um það blandast víst engum þingmanna hugur, að þessi upphæð er of há í okkar lánsstofnunar-lögum, þó hún geti átt við hjá Dönum, sem hafa langt um meira fje undir höndum. En það sje jeg, að ríkissjóðurinn er ekki hluttakandi eptir hinu danska lagaboði, og til hvers á þá landssjóður að vera hjer hluttakandi? Okkur nægja 300,000 kr. til að byrja með. Látum landssjóð ábyrgjast vaxtagreiðslu skuldabrjefanna, en látum hann ekki vera hluttakanda eða lántakanda.

Framsögumaður: Að sönnu vissi jeg það, að hinn háttvirti 2. þingmaður Skagfirðinga ætlaði mjer ekki gott, en svo skyni skroppinn hjelt jeg ekki að hann ætlaði mig, að jeg teldi, að landssjóðurinn mundi græða á þessu 200 þúsund króna láni, sem hann gat um; því að hann þarf þó að greiða rentur af þeim. Jeg talaði um þær 200,000 kr., sem landssjóður fær goldnar í skuldabrjefum lánsstofnunarinnar (shr. ástæður frumvarpsins á 5. og 6. bls.) af hálfu hinna nú verandi skuldunauta landssjóðsins, og sem *þeir*, en ekki landssjóður, munu greiða lánsfjelaginu vextina af. Jeg þykist vera svo skilningsgóður, að jeg viti, að af hverjum öðrum 200,000 kr., sem landssjóður tekur til láns hjá lánsfjelaginu, verður hann, eins og aðrir, að greiða vöxtu. Eins og hinn háttvirti landshöfðingi hefur tekið fram, er veðsetning landssjóðsins meira í orði kveðnu, heldur en fyrir kemur, að framkvæmt verði. Jeg skal ekki fara langt út í hvert atriði, því að hinn háttvirti þingmaður er dauður, og má ekki tala optar og svara fyrir sig, en ekki fæ jeg skilið, hvernig hann ætlar að setja fje ómyndugra á vöxtu í ótryggð lánsfjelög, þar sem til dæmis eptir tilsk. um hlunnindi sparisjóða frá 1874 eigi er leyfilegt að ávaxta það í sparisjóðnum hjer, nema *um stundarsakir*, eins og sjá má af reglugjörð fyrir sparisjóðinn í Reykjavík. Svo skal jeg leyfa mjer að fara nokkrum orðum um ræðu hins háttvirta 2. þingmanns Suður-Múlasýslu. Honum þótti skoðanir minar á hönkum «*overfladiskar*», enda ristir hann sjálfur svo djúpt og fylgir botninum. Hann hefur gott vit á öllu og þekking á öllum málum, sem fyrir þingið koma, og talar í hverju máli; má því fyr vera, en jeg eða aðrir nái honum. Þessu til sönnunar skal jeg taka fram 2 atriði í ræðu hans. Annað er það, að hann sagði, að konungleg skuldabrjef hækki við frestinn, við tímalengdina; (*Jón Ólafsson*: Það hef jeg aldrei sagt.) en jeg skal segja hinum háttvirta þingmanni það, að þau hækka ekki við frestinn, heldur við það, að rentan fellur í gjalddaga; þá vilja menn helzt kaupa, og þá stíga þau í verði. (*Jón Ólafsson*: Skelfilega misskilur þingmaðarinn). Hið annað atriði var það, hvort þjóðbankar (*nationalbankar*) tækju fasteignarveð. Jeg skal leyfa mjer að skýra hinum háttvirta þingmanni frá, að jeg hef hjerna einmitt í höndunum lög um þjóðbankana í Vesturheimi, (*Jón Ólafsson*: Jeg talaði ekki um þjóðbanka, heldur «*Farmersbanks.*»); hann er því kunnugri en jeg, því jeg hef þar aldrei verið; en í þessum lögum stendur, að fyrirboðið sje að taka fasteignarveð lengur en um stundarsakir, og með ýmsum öðrum skilyrðum, sem of langt yrði að telja hjer upp fyrir hinum háttvirtu þingmönnum, en jeg skal lána hinum háttvirta þingmanni bókina, ef hann vildi glöggva sig á því, því að svo lítur út, sem hann þurfi að lesa betur ofan í kjölinn. (*Jón Ólafsson*: Jeg þekki þetta áður, og blanda ekki saman *Nationalbanks og Farmersbanks*).

Jeg skal svo snúa mjer að hinum háttvirta þingmanni Eyfirðinga. Jeg finn hjá honum yl og velvilja fyrir málefni þessu, og bygg jeg, að greiða megi úr misskilningi þeim, sem á sjer stað milli hans og hins hæstvirta landshöfðingja, án mikillar fyrirhafnar, sem er einkum á 4. gr., staflið b. Hinn háttvirti þingmaður Eyfirðinga hefur rjett að mæla, þar sem hann skilur þá grein svo, að lántakandi fái ekki lánsfje upp á meira en helming verðs eignar þeirrar, sem hann veðsetur. Orðar veðsetningarbrjefið svo, að N. N. hefur sett veð virt 2000 kr., og fær útborgað í skuldabrjefum 1000 kr., en veðskuldabrjefið hljóðar þar fyrir ekki upp á hærra lán en þessar sömu 1000 kr. Það, sem hann segir enn fremur, að upphæð sú, sem borguð er alls á 45 árum með 6 %, sje stærri en sú, sem borguð er á 28 árum með 6 %, er rjett. Það er eigi hægt að hafa það öðruvísi, því að því lengri sem greiðslutíminn er, því stærri verður upphæðin að endingu. Eptir hans eigin reikningi voru það af 3000 kr. lánsupphæð, 150 kr. á ári, sem borga þurfti, til þess að lúka því öllu á 45 árum, en 180 kr. til þess að borga sömu lánsupphæð á 28 árum. Nú er þess að gæta, að þannig eru það 30 kr. á ári, sem jeg þarf að greiða minna, ef jeg hef lengri frestinn, og ef jeg kann rjett að fara með þá peninga, gjöra þeir mjer gagn, svo að munurinn er ekki eins mikill og hinum háttvirta þingmanni virtist í fyrstu. Þessu gleymdi hann. Enn fremur reiknaði hann svo til, að það væru 800 kr. á ári, sem landssjóðurinn gæfi lánsstofnuninni og fengi ekkert í staðinn. Jú, hann fær það í staðinn, að gjöra landinu gagn og ganga á undan öðrum með bluttekning í stofnuninni, henni til eflingar. Um hin önnur atriði, sem okkur greinir á um, gæti jeg vel sameinað mig við hann og gjört smábreytingar. Það má vel vera, að ekki þurfi að binda stofnun lánsfjelagsins við þessa 500,000 kr. upphæð, því að eptir frumvarpinu fær lánstofnunin strax fje ómyndugra, sem nemur frá 2—300,000 kr., og enn fremur verður það skylda landsstjórnarinnar að verja skuldabrjefum viðlagasjóðsins í landinu sjálfu, svo að ef öllum skilyrðum er fullnægt, sem rjett eru, verður lánsstofnunin bráðlega miklu auðugri en 500,000 kr.; fyrir því er 4. gr. tölul. a. óþarfur. En þar á móti skyldu menn hugsa sig vel um, áður en 4. gr. tölul. e. er numin burt. Í rauninni er veðið ekki nema í orði kveðnu, en það er sett sem trygging og vissa fyrir fjelaginu og uppörvun fyrir aðra að ganga í það. Í Danmörku hafa verið stofnuð ýmisleg lánsfjelög síðan 7. des. 1857. Fasteignalánsfjelagið á Sjálandi hefur eflzt meira en nokkur gjörði ráð fyrir, og eptir því sem hinn hæstvirti landshöfðingi skýrði frá, nam það, minnir mig, um 12,000,000 kr. Loks er ein ákvörðun í statútum sumra þessara fjelaga, sem jeg vil benda þingmönnum á, og hún er sú, að þegar fjelögin eru búin að ná tilteknum vexti og viðgangi, mig minnir, þegar hjálparsjóður (*Reservefond*) fjelaganna er búinn að eignast yfir 6% af upphæð skuldabrjefanna, sem fjelagið hefur gefið út, þá kemur til greina, að skipta hinum meira umframarði milli hluttakanda stofnunarinnar, og með því ljettast þeim gjöldin, og er þetta nýr hagur, sem þeir verða aðnjótandi hjá lánsfjelaginu, en sem landssjóður aldrei veitir.

Því næst ljet forseti ganga til atkvæða um frumvarpið, og fjellu þau þannig:

1. 1. gr. frumvarpsins samþykkt óbreytt með 22 atkvæðum.
   2. gr. frumvarpsins:
2. Tölul. 1. samþykktur óbreyttur í einu hljóði.
3. Töluliður 2., breytiugaratkvæði Jóns Jónssonar fellt með 15 atkvæðum gegn 4.
4. Töluliður 2., breytingaratkvæði nefndarinnar samþykkt með 18 atkvæðum gegn 1.
5. Töluliður 2. með áorðinni breytingu, samþykktur með 16 atkvæðum.
6. Töluliður 3., breytingaratkvæði Jóns

Jónssonar fellt með 17 atkvæðum gegn 4.

7. Töluliður 3., breytingaratkvæði nefndarinnar, samþykkt án atkvæðagreiðslu.
8. Töluliður 3., breytingaratkvæði nefndarinnar tekið aptur.
9. Töluliður 3. með áorðinni breytingu samþykktur með 18 atkvæðum.
10. Töluliður 4., breytingaratkvæði Jóns Jónssonar, fellt með 14 atkvæðum gegn 3.
11. Töluliður 4., breytingaratkvæði nefndarinnar, samþykkt án atkvæða.
12. Töluliður 4., breytingaratkvæði nefndarinnar samþykkt, með 15 atkvæðum.
13. Töluliður 4. með áorðnum breytingum samþykktur með 18 atkvæðum gegn 5.
14. Töluliður 5., breytingaratkvæði nefndarinnar samþykkt án atkvæða.
15. Töluliður 5. með áorðnum breytingum samþykktur án atkvæða.
16. Töluliður 6., breytingaratkvæði nefndarinnar, samþykkt með 18 atkvæðum.
17. Töluliður 6. með orðabreytingum samþykktur án atkvæða.
18. Töluliður 7., breytingaratkvæði nefndarinnar, samþykkt án atkvæða.
19. Töluliður 7. með orðabreytingum samþykktur án atkvæða.
20. 2. grein frumvarpsins með áorðnum breytingum samþykkt með 17 atkvæðum gegn 5.
21. 3. gr. frumvarpsins:
22. Breytingaratkvæði nefndarinnar samþykkt með 14 atkvæðum gegn 3.
23. Breytingaratkvæði Jóns Jónssonar fellt.
24. 3. grein með áorðinni breytingu samþykkt með 14 atkvæðum gegn 4.
25. 4. gr. frumvarpsins:
26. Stafl. a, breytingaratkvæði Jóns Jónssonar fellt.
27. Stafl. a óbreyttur samþykktur með 13 atkvæðum gegn 5.
28. Stafl. b, breytingaratkvæði nefndarinnur samþykkt með 13 atkvæðum.
29. Stafl. b með áorðinni breytingu samþykktur með 16 atkvæðum.
30. Stafl. c, breytingaratkvæði nefndarinnar samþykkt með 14 atkvæðum.
31. Stafl. c með breytingu samþykktur án atkvæða.
32. Stafl. d óbreyttur samþykktur án atkvæða.
33. Stafl. e, breytingaratkvæði nefndarinnar samþykkt án atkvæða.
34. Stafl. e, breytingaratkvæði nefndarinnar samþykkt án atkvæða.
35. Stafl. e, breytingaratkvæði Jóns Jónssonar fellt með 13 atkvæðum gegn 8.
36. Stafl. e með áorðnum breytingum samþykktur með 13 atkvæðum gegn 6.
37. Stafl. f, breytingaratkvæði Jóns Jónssonar fellt með 12 atkvæðum gegn 8.
38. Stafl. f óbreyttur samþykktur án atkvæða.
39. Stafl. g, breytingaratkvæði nefndarinnar fellt.
40. Stafl. g, breytingaratkvæði nefndarinnar samþykkt án atkvæða.
41. Stafl. g, með áorðnum breytingum samþykktur með 18 atkvæðum.
42. Stafl. b, breytingaratkvæði nefndarinnar samþykkt með 15 atkvæðum.
43. Stafl. h, breytingaratkvæði nefndarinnar samþykkt án atkvæða.
44. Stafl. h með áorðnum breytingum samþykktur með 19 atkvæðnm.
45. Stafl. i, breytingaratkvæði nefndarinnar samþykkt án atkvæða.
46. Stafl. i með áorðnum breytingum samþykktur án atkvæða.
47. Stafl. k, breytingaratkvæði nefndarinnar samþykkt án atkvæða.
48. Stafl. k með áorðnum breytingum samþykktur án atkvæða.
49. 4. gr. frnmvarpsins með áorðnum breytingum samþykkt með 15 atkvæðum.
50. 5. gr. frumvarpsins:
51. Breytingaratkvæði nefndarinnar við 5. gr. samþykkt án atkvæða.
52. 5. gr. með áorðinni breytingu samþykkt með 19 atkvæðum.
53. 6. gr. óbreytt samþykkt með 17 atkvæðum.

Síðan var samþykkt með 17 atkvæðum gegn 4, að frumvarpið gengi til 3. umræðu.

ÞRIÐJA UMRÆÐA Í NEÐRI DEILD,
á 26. fundi, 29. dag júlímánaðar.

Frumvarpið, eins og það var samþykkt við 2. umræðu, sjá I, 229—231.

Breytingartillögur
við frumvarp til laga um stofnun lánsfjelags o. s. frv.

a.

Frá nefndinni, 2. þingmanni Húnvetninga, þingmanni Dalamanna og 1. þingmanni Ísfirðinga.

2. gr., 4. orðin: «og lánum» falli burt.
2. gr., 7. orðið: «eða — allt» falli burt.

b.

Frá nefndinni.

Í 4. gr. e. síðast: «í staðinn fyrir 1,000,000 kr. virði» komi: «400,000 kr. virði»

Framsögumaður (*Grímur Thomsen*): Jeg ætla þá að byrja með nokkrum athugasemdum, og ætla jeg þá fyrst að víkja máli mínu til hins háttvirta 1. þingmanns Eyfirðinga. Hann gjörir sig sannarlega ekki sekan í að gylla málið fyrir deildinni. Þar sem hann talaði um, að sá borgaði meira, sem endurborgaði á 45 árum, en sá, sem endurborgað á 28 árum. Það liggur í því, að hann greiðir lengur vexti, og um leið verður afborgunin miklu ljettari. Með því að taka til láns 1000 kr., sem eiga að endurborgast á 28 árum, þá borgar maður í allt 1680 kr., en sá, sem endurborgar á 45 árum, greiðir 2565 kr., en þegar þar frá dragast vextir í 17 ár, 833 kr., þá verða að eins eptir 1732 kr. Hinn háttvirti þingmaður Skagfirðinga sagði, að lánsfjelag eitt á Jótlandi hefði orðið gjaldþrota; þetta er ekki rjett; fjelagið var einungis sett undir «*administration*»; því var fenginn fjárhaldsmaður, fjelagsstjórninni vikið frá, og hinni nýju stjórn hefur heppnazt svo vel, að greiða úr öllum vandræðum fjelagsins, að í fyrra var það búið að borga allar skuldir sínar, án þess að nokku misti einn eyrir. Þetta er það sanna. Það hefur og komið til tals, að stofnun þessari væri hætta búin með gjaldþrot, en frumvarpið leyfir landshöfðingja að taka í taumana, ef honum sýnist með þurfa, og þar að auk hafa slíkar stofnanir blessazt svo vel annarstaðar, að engin ástæða er til að halda, að hún blessist ekki hjer. Lánsstofnun Kaupmannahafnar banda bændum hafði 1879 í tekjur 1,224,220 kr., en útgjöld 198,838 kr. eða rúma 1000,000 meira í tekjur. Hún borgaði hluttakendum (lántakendum) í gróða 1875: 6%; 1876: 5¾%; 1877: 5½%; 1878: 6%; 1879: 7%, og má af þessu einu ráða, hversu skuldabrjef stofnunarinnar hafa stigið í verði. Lánsstofnun Eydana frá 1851 græddi svo fyrstu 17 árin, að hún, samkvæmt statútunni 1861, sem ákveður, að greiða skuli hluttakendum tiltölulegan part í gróðanum, færði skuldir sínar niður um 1,077,575 kr., sem skiptist tiltölulega niður á lántakendur sem gróði. Þessi lánsstofnun átti í fyrra útistandandi í lánum 99,000,000 kr., og í viðlaga- og forstöðusjóði 3,594,343 kr. Lánsstofnun Norður-Jóta átti 1880 útistandandi 90,000,000 og í viðlaga- og forstöðusjóði 2,354,540 kr.

Jeg skal og leyfa mjer að minna deildina á, hvernig ástandið er hjer. Hjer sunnanlands — jeg veit ekki hvort það er líka norðanlands — setja menn jarðir sínar í veð fyrir kaupstaðarskuldum, og er skuldunautar geta ekki borgað skuldirnar, láta kaupmenn bjóða upp jarðirnar og selja opt fyrir lítið verð, og verða menn þannig flæmdir frá óðulum sínum og eignum. Þetta getur ekki komið fyrir, þegar lánsstofnunin er fengin; sá, sem skuldar, fær lán úr lánsstofnuninni og veðsetur jörð sína, borgar síðan sína kaupstaðarskuld og er laus við kaupmanninn, en jörðin verð-

ur aldrei frá honum tekin, að eins að hann borgi ákveðna afborgun og vexti af láninu.

Jeg skal og enn taka það fram, að þó jarðir landssjóðsins sjeu veðsettar, geta þær eins eptir sem áður gengið kaupum og sölum, þannig að veðið gengur frá seljanda yfir á kaupanda. Þar við bætist og, ef deildin aðhyllist breytingartillögu nefndarinnar, þá standa ekki nema 400,000 kr. af verði jarða landssjóðsins í hinni *solidarisku* ábyrgð, í staðinn fyrir 1,000,000 kr. Þá hefur og komið fram sú mótbára, að fjelaginu mundi hætta búin, ef fjelagsstjórnin yrði, mjer liggur við að segja, svo óráðvönd, að láta stærri skuldabrjef vera í veltu, en bún hefði veð fyrir, en þetta er henni ómögulegt, þar sem svo nákvæmt eptirlit verður haft með henni. Skuldabrjefin verða og útborguð í peningum við og við, eptir því sem viðlagasjóður fjelagsins hrökkur til, og ræður hlutkesti, hverra skuldabrjef verða útborguð. Sumir hafa og haldið, að lántakendur væru bundnir við skuld sína í 45 ár, en þetta er ekki svo, heldur er hverjum jarðeiganda heimilt að borga skuld sína, að hve miklu leyti og hve nær sem honum sjálfum þóknast. Þá er og ein ákvörðun, sem stendur að minnsta kosti í sumum dönskum statútum, og það er, að lána sveitastjórnum veðlaust móti ábyrgð hlutaðeigandi sveitarstjórnar. Það væri mjög hægt, að koma slíkri ákvörðun inn hjer, ef menn svo vildu, og væri ef til vill æskilegt.

Þá óttast og sumir, að kostnaðurinn við stjórn fjelagsins verði of hár, ferðir fulltrúa fjelagsins o. s. frv. Jeg skal í þessu tilliti benda á, að lánsstofnun Eydana ákveður í statútunni frá 1880 allt að 3 kr. á dag í ferðakostnað, meðan verið er að virða jarðir. Þetta þyrfti nú ef til vill að vera ríflegra hjá oss, en blessist stofnunin, munar hana ekki um það; því ef gjört er ráð fyrir, að af árlegri afborgun $5^{7}/_{10}$% sjeu $4^{5}/_{10}$ vextir, 1% afborgun, en $^{2}/_{10}$ gangi til kostnaðar við stjórn fjelagsins, þá gefur þessi upphæð af 1,000,000 kr. 8,000 kr., og af 500,000 kr. 4,000 kr., sem að við bættu því gjaldi, sem gjört er ráð fyrir að hver fjelagi eða hluttakandi gjaldi til þessa kostnaðar, þegar hann fær lánið, mundi vera nægilegt til að bera allan þennan kostnað, og þó hafa fje afgangs til að leggja í viðlagasjóð. Setji maður, að fjelagið gæfi út $^{1}/_{2}$ milíón, $^{2}/_{10}$% þar af 4,000 kr., og í viðbót 2,000 kr. úr landssjóði, þá yrðu það 6,000 kr., fyrir utan hið sjerstaka gjald frá lántakendum í eitt skipti fyrir öll. Þetta hlyti að verða nóg.

Sú ósk hefur opt komið fram hjer á þingi, að innritunarskírteina-upphæðin yrði flutt inn í landið, og sett hjer á vöxtu í peningaveltu innanlands. Þessa eðlilegu og almennu ósk landsbúa geta menn fengið uppfyllta, með því að aðhyllast þetta frumvarp. Þeim háttvirtu þingmönnum, sem ekki þykjast hafa getað komið tillögum sínum að nú, er innan handar að fá sjer flutningsmann í efri deildinni og láta þar koma fram sína speki. Hinn háttvirti þingmaður Skagfirðinga benti á um daginn, að gjaldkeri landsins væri sjálfsagður forstöðumaður stofnunarinnar, enda hefur þessi maður fyrstur hreift þessu máli hjer á landi og vafalaust hugsað það vandlega. Þessi maður er nú einnig þingmaður í efri deild, og má ganga að því vísu, að hann þar muni hafa gætur á, að þetta velferðarmál komist í sem bezt horf, og er þá ekki ólíklegt, að þar verði eins og hjer sett nefnd í málið. Verði því þá, sem vel getur skeð, í einhverju breytt, kemur það aptur til þessarar deildar, og þá geta þeir hinir háttvirtu herrar, sem þykjast hafa breytingar til hins betra eða jafnvel ný frumvörp í vasanum, komið viturleik sínum að.

Jeg skal fúslega játa það, að það er ekki laust við, að þetta sje orðið kappsmál fyrir mjer, af því jeg álít, að þetta sje ein sú mesta rjettarbót, sem okkur hefur nokkru sinni verið boðin af stjórnarinnar hálfu, og það er ekki víst, að hún bjóði okkur hana á næsta þingi, ef við höfnum

henni nú. Og jeg er viss um það, að margir mundu iðrast eptir því síðar meir, ef þeir felldu það frumvarp með atkvæði sínu, sem landsbúar mundu verða mjög þakklátir fyrir.

Jón Jónsson: Við fyrstu umræðu þessa máls benti hinn háttvirti þingmaður Eyfirðinga lauslega á kostnað þann til embættislauna, sem mundi verða samferða stofnun lánsfjelags hjer á landi. Jeg vil nú leyfa mjer að fara svo lítið ýtarlegar út í þessa hlið málsins.

Af athugasemdunum við stjórnarfrumvarpið, sem nefndin í öllu verulegu hefur aðhyllzt, sjest, að þeir menn, sem hafa starfað að stjórnarfumvarpinu, hafa haft fyrir augum lánsfjelög þau, sem stofnuð eru með lögum frá 28. maí f. á. fyrir eigendur smábýla í Danmörku, og má því ganga að því vísu, að samþykktir þessara fjelaga verði fyrirmyndir fyrir samþykkt lánsfjelags þess, sem hjer er spurning um að stofna.

Samþykktir þessar eru prentaðar í hinum dönsku lagatíðindum, og eru þær 2, önnur fyrir smábýli eða kot á Jótlandi, hin fyrir sjálenzk kot. Samkvæmt þessum samþykktum skal skipta ömtum þeim, þar sem lántakendur eru búsettir, í kjördæmi. Hvert kjördæmi kýs sjer fulltrúa, og skulu þessir fulltrúar koma saman minnst einu sinni á ári á þeim stað og þeirri stundu, er þeir sjálfir ákveða með atkvæðafjölda. Hver fulltrúi hefur í árslaun af fjelaginu 200 kr. föst laun, og það að auki 2 til 3 *pro mille* af þeim lánum, er menn í kjördæmi hans taka. Enn fremur fá fulltrúarnir, þegar þeir ferðast á fundi fjelagsins eða í öðrum erindagjörðum þess, 4 króna dagpeninga auk ferðakostnaðar. Þegar fulltrúar þessir eru komnir saman, kjósa þeir framkvæmdarstjórn fjelagsins, sem verður að vera búsett á þeim stað, þar sem fjelagið hefur aðalstöðvar sínar. Í framkvæmdarstjórn fjelagsins á Jótlandi eru 5 menn, og hefur einn af þeim 3000 kr. í árslaun, annar 1000 kr., og hinir tveir 500 kr. hvor, en í sjálenzka fjelaginu eru ekki nema 3 framkvæmdarstjórar, og hafa þeir að launum einn 2,000, annar 1,500 og hinn þriðji 1,000 kr.; þar að auki hefur hvort af þessum fjelögum 2 yfirskoðunarmenn, sem hafa laun, á Jótlandi 700 kr. árlega hvor, en á Sjálandi 400 kr. árlega. Jeg vil nú biðja hina háttvirtu þingmenn að íhuga þessar launaákvarðanir nákvæmlega, og sjer í lagi að reikna út, hver kostnaðurinn muni verða við ferðir 1 eða fleiri fulltrúa úr hverri sýslu hjer á landi á hverju ári á fjelagsfund hjer í Reykjavík, og jeg efast þá ekki um, að fleiri með mjer muni álíta hina frjálslegu stjórn slíks fjelags, sem svo mikið orð hefur verið á gjört, fullkeypta, og þegar bændum hefur vaxið í augu kostnaðurinn við alþingi, mun þeim víst ekki síður þykja þungbært, að bera kostnað þann, sem leiðir af slíkri fulltrúastjórn. Menn mega ekki segja, að slíkt geti gengið hjer, úr því það hefur gengið í Danmörku, því hjer er allt öðrugra en þar. Þar geta menn á klukkustund farið eins margar þingmannaleiðir, og vjer getum hjer komizt áfram bæjarleiðir. Samkvæmt hinum nefndu samþykktum eiga nú fulltrúarnir ekki að kjósa hina fyrstu stjórn fjelagsins; hún á að kjósast af almennum fundi fjelagsmanna Það er nú varla ætlandi, að menn úr fjarlægum sveitum, sem hafa fengið lán úr viðlagasjóði og sem engan ferðakostnað eða dagpeninga gætu fengið, fara að sækja slíkan fund. Það verða því brandmajórarnir eða smáborgararnir í Reykjavík, sem fá öll ráð á stofnunarfundi fjelagsins, og afleiðingin verður því líklega, að hin nefndu embætti verða veitt tómum brandmajórum, en slíkir menn geta verið góðir í bæjarstjórn í smáborg; til að

stjórna landsmálum eða standa fyrir lánsfjelagi handa öllu landinu munu þeir þar á móti varla hæfir.

Mjer finnst þess vegna, að lánsfjelagsstofnun, þó ekki væri um annað að ræða en örðugleikana fyrir fjelagsmenn eða fulltrúa þeirra að gegna fjelagsstörfum, eigi svo illa við landshætti vora, einkum strjálbyggð landsins, að alþingi ætti því að eins að leggja mikið fje til slíkrar stofnunar, að útsjeð væri um, að útvega mönnum peninga til láns á annan hátt. Allir menn virðast vera samdóma um, að ekki sje mögulegt að stofna lánsfjelag án þess að binda eigur viðlagasjóðsins. En þegar nauðsynlegt er að grípa til eigna viðlagasjóðsins til að bæta úr peningaeklu landsmanna, þá virðist einfaldast, að halda áfram þeim lánum, er hafa átt sjer stað úr viðlagasjóði. Hvað öðru líður, hlýtur þetta að vera vissara og óhultara fyrir þing og stjórn, en að fá fjelagi einstakra manna ráð á talsverðum hluta viðlagasjóðsins, og þar að auki að takast á hendur vaxtaábyrð fyrir ótiltekinni upphæð um ótiltekinn tíma. Lög um lán úr viðlagasjóði má hugsa sjer á ýmislegan hátt, og hef jeg leyft mjer í frumvarpi til laga um lán úr viðlagasjóði og landsskuldabrjef að stinga upp á nokkrum slíkum ákvörðunum. Ef ákveðið verður, að öll lán úr viðlagasjóði skulu endurborgast smámsaman, finnst mjer alveg hættulaust, að lána út alla innstæðu viðlagasjóðsins einstökum mönnum. En skyldu menn vilja halda nokkrum hluta viðlagasjóðsins tryggðum með ríkisskuldabrjefum, eða skyldi innstæða viðlagasjóðsins ekki hrökkva til að fullnægja öllum lánabeiðslum, virðist ekkert því til fyrirstöðu, að stjórnin útvegi fje það, sem vantar til framkvæmdar á nauðsynlegum og þarflegum fyrirtækjum, með því að gefa út skuldabrjef upp á landssjóð, er gengju kaupum og sölum á sama hátt og skuldabrjef þau, er ætlazt er til að lánsfjelagið gæfi út. Stjórnin gæti ráðið fullkomlega, hve mikið hún gæfi út af slíkum skuldabrjefum, og þyrfti ekki að neyða lántakendur til að taka við skuldabrjefunum í stað peninga, og sá annmarki við lánsfjelag, sem jafnvel nefndin hefur sjeð, að lántakendur fá í stað peninga skuldabrjef, sem mjög tvísýnt er hvort þeir geti komið út hjer á landi, kæmi því ekki til tals við það fyrirkomulag, sem jeg hef hugsað mjer. Aptur á móti gæti landsstjórnin með því að gefa út landsskuldabrjef ekki að eins útvegað fje til að hjálpa þeim um, er á lánum þurfa að halda, en einnig útvegað þeim einstökum mönnum, er hafa arðlaust fje fyrirliggjandi, vexti af því, og yrði lánsstofnunin þannig með fram sparnaðarstofnun fyrir allt landið, og líklegt, að menn mundu vilja verja sparifje sínu til að kaupa landsskuldabrjef fyrir, þó ársvextir af þeim yrðu minni en 4% eða ekki meiri, en sparisjóðir gefa.

Það eru ekki góð kjör, sem nefndin hefur ætlað þeim, er lán þiggja af lánsfjelagi, þar sem þeir eiga að greiða í vexti af lánum sínum 4½%; þar að auki ½% til að kosta stjórn fjelagsins, alls 5%, auk hinnar árlegu afborgunar; en þetta er þó sök sjer fyrir þá menn, sem þurfa að taka uý lán. Þeir vita, hvers þeir eiga von, og verða, áður en þeir taka lánin, að búa sig undir að borga í vexti, kostnað og afborgun af láninu um 6%, en ver eru þeir staddir, sem þegar hafa fengið lán úr viðlagasjóði gegn 4% ársvöxtum, og með von um að geta haldið þessum lánum, meðan þeir standa í skilum og halda við hinum veðsettu fasteignum á fullnægjandi hátt. Það mun vera ætlun stjórnarinnar og nefndarinnar, að segja öllum þessum lánum upp, undir eins og lögin um lánsfjelög hafa náð lagagildi, og með því móti neyða lántakendur viðlagasjóðsins til að ganga inn í lánsfjelagið. Afleiðingin af þessu verður, að allir þessir lántakendur þurfa eptirleiðis um 45 ár að borga 6% af lánum sínum í stað 4%. Reyndar er þá

einnig skuldin endurborguð eptir þessi 45 ár; en hve margir munu endast til að borga 6% af upphaflegri upphæð lánsins um 1½ mannsaldur? Hætt er við, að flestir falli frá eða verði gjaldþrota, áður en tímabilið er á enda. Margir af þeim, er hafa fengið 4% lán úr viðlagasjóði, eru nú frumbýlingingar, sem eiga fullt í fangi með að standa í skilum, þó þeir þurfi ekki að borga nema 4%, og er hætt við, að slíkir menn þoli ekki að fá ársvextina hækkaða upp í 6%, þó það væri um styttri tíma en 45 ár.

Tryggvi Gunnarsson: Það er vandi, að standa upp næst á eptir þessari löngu ræðu, ef maður ætti að hrekja allt það, sem sagt hefur verið, en það eru að eins fáein atriði, sem jeg vil leiðrjetta, sem kynnu að villa sjónir fyrir mönnum. Mjer heyrðist 2. þingmaður Skagfirðinga vera mjög á móti lánsfjelagi í fyrstunni, en síðar komst jeg að raun um, að hann er með því að hafa lánsfjelag, að eins vill hann hafa það með öðru móti. Munurinn er að eins sá, að hann vill láta landsstjórnina stýra fjelaginu, þar sem þetta frumvarp fer fram á, að landsmenn sjálfir gjöri það. Hann segir, að kostnaðurinn yrði með þessu móti minni, en jeg fæ ekki sjeð, að hann yrði minni, þótt fjelagið hjeti eitthvað annað. Þar að auki, þó að landssjóður lánaði allt sitt fje, þá hrykki það ekki til að fullnægja þörfum lansmanna. Hvað snertir lánsfjelög ytra, þá eru 5, sem hafa skuldbrjef, er standa yfir 100 kr. Hann kvaðst hafa heyrt mjög kvartað yfir lánsfjelögum, þegar hann hefði verið utanlands; hvernig ætli að standi þá á því, að gamlar lánsstofnanir þróast, og nýjar koma upp í viðbót? ef þær væru óvinsælar, svo enginn vildi nota þær, þá gæti þetta ekki átt sjer stað. Þá talaði hann mikið um þennan ferðakostnað fulltrúanna til Reykjavíkur annaðhvort ár. Jeg ímynda mjer, að opt mundi svo verða, að það mundu verða alþingismenn, og þá eru að minnsta kosti Skagfirðingar svo heppnir, að þeir eiga sinn fulltrúa búsettan í Reykjavík, og þurfa því engan ferðakostnað handa honum.

Þá segja og nokkrir, að ábyrgð landssjóðsins verði til eilífðar; en þetta er eigi rjett skoðað. Að 45 árum liðnum er lánunum lokið og þau öll endurborguð. Jeg veit það, að lánsstofnunin heldur áfram að gefa út skuldabrjef, en þá getur landssjóðurinn hætt að ábyrgjast, hvenær sem alþingið ákveður það, en á þeim skuldabrjefum, sem fjelagið gefur út, eptir að ábyrgðinni er sagt upp, hefur landssjóður enga ábyrgð. Það er alvenja í lánsstofnunum erlendis, að hlutabrjefunum er skipt í flokka; fyrsta, annan, þriðja o. s. frv., og getur verðið verið misjafnt dálítið á hverjum flokki; sömu aðferð mætti hafa hjer á landi; jeg vil taka til dæmis, að í fyrsta flokki skyldi vera hlutabrjef fyrir 800,000 kr., og svo þegar sú upphæð væri fengin, þá endaði 1. flokkur, og þá um leið hætti landssjóður að ábyrgjast þau brjef, sem eptir vissan dag væru út gefin, og þau talin í öðrum flokki. En það er auðvitað, að landssjóðurinn verður að ábyrgjast rentur af öllum þeim hlutabrjefum, sem eru í fyrsta flokki, þar til öll eru innleyst, en það getur varla dregizt lengur en 50—60 ár. Þetta vona jeg að þingmenn sjái að er rjett.

Mörgum þingmönnum hefur þótt það viðurhlutamikið, að setja allar jarðeignir landssjóðsins í veð. Úr þessu hefur nú verið bætt mikið með breytingar-og viðaukaatkvæði. Nú þarf ekki eptir því meira veð, en sem svarar ⅔ meira en lánið er, sem landssjóðurinn tekur hjá lánsfjelaginu, svo veðið verður að eins 333,000 kr., og hefur þá landssjóður meira en helming af jarðeignum sínum óveðsettar. Þó nokkrir hafi þá skoðun, að hentugast væri að selja allar jarðir landssjóðsins, en þessi lánsstofnun sje jarðasölunni til hindrunar, þá vil jeg taka það fram, að það er meira en hægt að selja

jarðirnar, þó þær sjeu veðsettar, eins og hinn háttvirti framsögumaður tók fram, bæði með því að veðið gangi yfir á kanpanda, og með því að landssjóður borgi skuld sína inn í lánsstofnunina og leysi veðið út. 2. þingmaður Skagfirðinga vildi láta landssjóðinn gefa út skuldabrjef og talaði um 1,000,000 kr. Upp á hvaða ábyrgð á landssjóðurinn að gjöra þetta? Náttúrlega upp á eignir landssjóðsins, fastar og lausar; en má jeg spyrja: eru fasteignirnar þá ekki veðbundnar engu síður en ráðgjört er í lánsfjelaginu, og sem menn álíta nú svo hættulegt?

Holgeir Clausen: Jeg skildi ekki fullkomlega það, sem þingmaður Skagfirðinga sagði, að hann hefði verið 6 ár utanlands sem fullorðinn, þekkt mörg lánsljelög og öll þótt dýr. Jeg skil ekki, hvernig hann getur komið fram með annað eins orð og *Brandmajór*. Utanlands er það annaðhvort slökkviliðsstjóri, eða þeir menn, sem brenna hús sín viljandi til þess að fá þau endurborguð af *assurancinum*. Jeg veit ekki, hvaðan er náttúrlegra að menn geti fengið menn, sem hafa vit á slíku, en einmitt úr Reykjavík, þar sem upplýsingin er mest. Jeg hef skilið þetta lánsfjelag svo, að það væri til þess, að gefa bændum kost á að fá lán til að bæta jarðir sínar, sem mikil þörf er á hjer. Við þekkjum frá fornöld, að þar sem nú eru í mesta lagi 10 nautgripir, þar voru þá 40—50—60—100 í fjósi. Þetta getur orðið til þess, að setja fætur undir bændur, og þá er hægra að koma á banka á eptir. Jeg vil vara þingdeildina við, að fella þetta af fíkn eptir banka, því þetta er nauðsynlegra en banki.

Arnljótur Ólafsson: Við 2. umræðu þessa máls tók jeg fram ýmsa af hinum sýnilegu ókostum frumvarps þessa, og skal jeg því fara sem fæstum orðum um þá. Jeg vil að eins nefna bluttöku og ábyrgð landssjóðsins og lakari kjör þeirra, sem standa í skuld um uppsegjanleg skuldabrjef við landssjóðinn, með öðrum orðum: þau lán, er landssjóður getur sagt lausum með hálfs árs fyrirvara. Það getur verið, að frumvarp þetta hafi innibundna einhverja þá kosti, sem setja má til jafns ókostum þessum. En það álít jeg að hver þingmaður sje skyldugur um, áður en hann greiðir atkvæði, bæði í þessu máli og í hverju máli sem er, að bera saman kosti og ókosti, og ef kostir reynast meiri, greiða þá atkvæði með, en ef kostir reynast minni, að greiða þá atkvæði móti frumvarpinu. Ef nú er vafi á, hvort kostir eru meiri en ókostir, þá finn jeg mjer skylt, að fara að dæmum Rómverja — jeg segi bara fyrir mig — og syndga heldur á þann bóginn, sem gætilegra er. Gætum nú vel að afleiðingunum hvorstveggja. Ef vjer fellum frumvarpið, þá er það hið sama sem að fresta því um 2 ár. En ef vjer samþykkjum það, er það hið sama sem að innleiða yfir oss allar afleiðingar frumvarpsins, án þess að geta stöðvað straum afleiðinganna, stöðvað rás viðburðanna. Lög geta stefnt rás viðburðanna og ástandi landsmanna í rangt sem rjett horf. Hryggilegar afleiðingar óhentugra laga eru opt langvinnar, með því að lögin breyta eigi að eins hinu ytra ástandi manna, heldur einmitt hinu innra: hugsanhættinum, skapferlinu, þreki viljans, í einu orði: hugsun manna og framkvæmdum. Jeg veit, að margir eru svo sögufróðir menn hjer í salnum, að þeir vita, hvað saga lands vors kennir oss í þessari grein. Hvernig var, þegar verzlunarokinu var af ljett 1787? Var öllu ástandi voru hrundið í lag á stuttum tíma með því? Eða 1854, þegar verzlunin var látin laus við aðrar þjóðir? Engan veginn. Jeg neita því ekki, að frumvarp þetta er oss gefið í bezta tilgangi. Allir, sem starfað hafa að frumvarpi þessu, þeir sem það hafa til búið, þeir sem mæla með því, þeir hafa allir haft peningaekluna fyrir augum. Hinum háttvirta landshöfðingja hefði víst ekki dottið í hug, að mæla svo mjög fram með frumvarpi þessu, ef það væri ekki hans fasta sannfæring, að

það mundi bæta úr peningaskortinum. En með hverju bætir þá frumvarp þetta úr peningaskortinum? Gefur það oss peninga fyrir veðskuldabrjef vor? Fáum vjer peninga fyrir að veðsetja húsin yfir höfðum vorum og landið undir fótum vorum? Nei, engan veginn, vjer fáum pappír fyrir pappír. Er það þó ekki merkilegt, þegar bæta á úr peningaskorti, að bæta úr bonum með pappírsmiða? Vjer fáum ekkert nema skuldabrjef fyrir veðskuldabrjef. Einhver kann að segja: «Skuldabrjefin má selja og fá peninga fyrir». Jæja, en hvar er þá markaðurinn? Þeir svara: «Í kaupstaðnum, hjá kaupmanninum». Gott er það. Jeg kannast við, að þeir hafa lengi verið og eru nálega enn hinir einu bankastjórar vorir. En hver af hinum háttvirtu þingmönnum, sem bjer sitja og bezt þekkja kaupmenn, vill ábyrgjast, að kaupmenn láti oss fá *peninga* móti skuldabrjefum þessum? Jeg er eigi og get eigi verið sannfærður um það fyr, en jeg hef einhverja trygging, eitthvert fast loforð fyrir því. En hitt veit jeg, og um það er jeg sannfærður, að kaupmenn muni taka skuldabrjefin upp í kaupstaðarskuldir. Það getur verið gott, að losast við skuldir í kaupstað, einkum ef menn kunna að færa sjer í nyt skuldlausa verzlun. En, segið mjer: hvernig losast skuldabrjefshandhafinn við sínar kaupstaðarskuldir? Hann losast svo, að byrja sjálfur skuldaverzlun við lánsfjelagið. Þjer kunnið að segja: gott er að losast úr klóm kaupmannsins. Satt er það, en mjer liggur við að segja í fullri alvöru: góður er móðurarmur kaupmannsins hjá klóm lánsstofnunarinnar, því það er þó eigi gefið, að kaupmaðurinn taki jafnháa vöxtu. Hvert eiga nú skuldabrjefahandhafar að fara til þess að fá peninga? Veðsetjendur verða að flýja fyrst á náðir lánsstofnunarinnar í Reykjavík og fá þar skuldabrjef. Það er sannarlega langt að fara norðan af Langanesi, eða vestan af Ströndum til lánsstofnunarinnar. En til hvers er þar að koma? Hún hefur enga peninga. (*Nokkrir þingmenn*: Jú). Jeg vil leyfa mjer að segja, að þeir, sem segja, að lánsstofnunin hafi peninga, þeir skilja ekki frumvarpið.

Frumvarp þetta er samið eptir fyrirmynd lánsfjelags fyrir smábændur í Danmörku; jeg tek það upp aptur, fyrir smábændur í Danmörku. Jeg finn ekki að því, að vjer fátæklingarnir, bændurnir, lánsþurfarnir erum settir á bekk með smábændum í Danmörku; nei, en að landssjóður er settur á þann bekk, það tek jeg mjer til. Í útlöndum kvíslast lánsfjelögin í margar greinar, eins og eðlilegt er, því að lánin eru svo mikil. Það er með lánsfjelögin sem hvern annan atvinnuveg eða iðnað; hann greinist í því fleiri smákvíslar, sem um meira er að gjöra. Eitt lánsfjelagið lánar skuldabrjef gegn fasteignarveði, annar, landssjóður, kaupir skuldabrjefin fyrir peninga. En hjer á landi er allt í bernsku, allt svo frumtíðarlegt. Hjer er engin peningastofnun í landinu til að kaupa skuldabrjefin. Fyrir því er á þessu voru fyrirhugaða lánsfjelagi þessi stórkostlegi höfuðgalli, að vjer upp til sveita fáum ekki peninga fyrir skuldabrjefin nema ofurlitla grýtu af fje ómyndugra, ekki nema sárlítið, því að mest af því er komið hingað í jarðabókarsjóðinn. Verði nú öllum skuldunautum landssjóðsins sagt upp lánum með ½ árs fresti, og skuldskeyttir við lánsfjelagið, eins og farið er fram á í athugasemdunum við frumvarpið, þá eru þau lán með öllu og öllu um 240,000 kr. Hinn háttvirti flutningsmaður tók fram, að landssjóðurinn græddi við það, þar sem hann fengi 4½% í stað þess nú 4%. Verið getur; en hverjir greiða? Af hverjum græðir landssjóður? Af þeim veslingsmönnum, sem í góðu trausti tekið hafa lán af landssjóðnum. Þeir eiga að gjalda 6%, eptir því sem ráða má af ákvæðum frumvarpsins. Samþykktirnar sjást ekki; jeg þekki þær ekki; jeg og vjer hinir höfum ekkert gagn af því, þótt hinni háttvirtu nefnd

máske sjeu þær kunnar, þótt hún kunni að bera þær í vösum sínum um göturnar. Vjer vitum því eigi, hverjar álögur liggja í samþykktunum.

Jeg gat þess við 2. umræðu þessa máls, að jarðir landssjóðsins væru veðbundnar. En nú hefur hin háttvirta nefnd og 3 háttvirtir þingmenn ætlað að bæta úr því með breytingartillögu, með því að fella úr þessi orð úr 2. gr. 4. tölulið, «og að jarðeignir landssjóðsins verði settar að veði fyrir láninu».

Má jeg nú spyrja — ekki hina háttvirtu nefnd, því það liggur fyrir neðan bana, að svara þeirri spurningu, ekki heldur hinn háttvirta 2. þingmann Húnvetninga, nje hinn háttvirta þingmann Dalamanna, — má jeg nú spyrja hinn háttvirta 1. þingmann Ísfirðinga, sem er hinn eini kaupfróði maður af öllum þesum, er nú bætt úr veðsetning jarða landssjóðsins með því, að fella úr þessi orð? Ef það er ekki, þá er þessi úrfelling þýðingarlaus. Skoðum nú frumvarpið sjálft. Í 4. gr. stafl. b. stendur: «Þó er virðingargjörð óþörf á því veði, sem landssjóðurinn setur fyrir láni því, sem getið er um í 2. gr. 4.» En 2. gr. 4. á nú eigi, samkvæmt breytingartillögunni, að geta um nokkurt veð. Og hvað nú? Ætli þessi setning í 4. gr. b. samanborin við 4. gr. e. verði, ef breytingin á 2. gr. 4. er samþykkt, þá tómur hortittur? Gætum nú að 4. gr. stafl. e; þar stendur: «eignir þær, sem landssjóður veðsetur, eru 400,000 kr. virði», samkvæmt breytingartillögunni. Stendur þetta allt eptir sem áður, eða stendur það ekki? Ef það stendur, þá er breytingartillagan við 2. gr. 4. með öllu þýðingarlaus. Jeg vil leyfa mjer enn fremur að benda á upphaf 4. gr. stafl. b, að «enginn verður tekinn í fjelagið að stærri upphæð en svo, að lánsfjeð aldrei fari fram úr $^3/_5$ gangverðs jarða og helmingi gangsverðs húseigna». Af þessari og fleiri greinum má sjá, að enginn getur orðið hluttakandi í fjelaginu nema gegn veði í landeign eða húsum. Til hvers er þá þessi breytingartillaga? Getur landssjóðurinn orðið hluttakandi í fjelaginu án þess að setja veð? Nei. Ef þessi tillaga er ekki tómur kerlingareldur, sem menn vilja þeyta upp í augun á oss, þá skil jeg ekki, hvað hún er. Landssjóðurinn má til að setja veð, ella kemst hann ekki inn í fjelagið (*Grímur Thomsen*: Það þarf að útskýra þetta). Já, jeg er hræddur um, að það þurfi að halda því vel undir skírn, þessu breytingaratkvæði.

Það stendur í athugasemdunum við frumvarpið, að eigi þurfi að virða jarðir landssjóðsins, og þó er verð sett á þær. Má jeg nú spyrja: er landssjóðurinn líka laus við það, að þinglýsa veðinu? Er gilt jarðarveð það, sem landssjóður setur, án þinglýsingar? Þarf ekki að nafngreina jarðirnar, skyldi þeim verða þinglýst? Það er ekki óhugsandi, ef einhver keypti einhverja af þessum veðsettu jörðum, að hann kynni betur við að vita, hvað sú jörð hjeti, eða hvaða jörð það væri, er veðsett var. Eptir því sem hinni háttvirtu nefnd kemur saman um, má eins selja þjóðjarðirnar eptir sem áður, með því að kaupandinn gengur inn í fjelagið. En hvað er þá orðið úr veði landssjóðsins? Hvað er nú þetta fyrirkomulag allt, má jeg spyrja, annað en kenningarþytur? Hvað er þá eptir af veðsetning landssjóðs? og hver er endirinn? Já, nóg er eptir, viðlagasjóðurinn, og endirinn er sá, að bæði eru jarðirnar lengi veðbundnar og viðlagasjóðurinn líka. Já, vjer höfum ekki sjeð statútur þessa lánsfjelags, en jeg hef hjer statútur lánsfjelags smábænda í Danmörku, sem mjer hafa ljeðar verið. Samkvæmt 19. gr. í statútunni 30. sept. 1880 er sjerhver fjelagsmaður skyldur að hlíta ákvæðum hennar, sem og eðlilegt er. Jeg skal ekki fara mörgum orðum um statútuna. 16. gr. leggur fjelagsmönnum þá skyldu á herðar, ef í þurrð rekur í fjelaginu, að leggja þau tillög fram að auki, er fulltrúar álíta við þurfi til að lúka sjóðþurrð (*Underskud*). Lántakanda ber að greiða 3 af þúsundi eða $^3/_{10}$ af 100 til fulltrúans. Þetta er þó talsvert gjald fyrir tóma pappíra. Enn fremur hefur aðalfund-

ur fjelagsmanna hin æðstu völd. Er nú mögulegt, að nokkur aðalfundur geti orðið bjer á landi? Jú, hluttakendur vestur á Hornströndum verða að koma hingað suður til Reykjavíkur á aðalfund, eða kjósa sjer og senda fulltrúa fyrir sig, en þeir þurfa þó dálítið til að lifa af, enda eiga og fulltrúar hluttakanda að hafa í kaup 3 af 1000 lánanna, eptir 57. gr. statútuunar, í sínu umdæmi hver þeirra. Þetta er þó byrðarauki, því naumast geta fulltrúar lánsfjelagsins færri orðið en fulltrúar þjóðarinnar. Við þennan kostnað bætist og sá, að launa embættismönnum lánsstofnunarinnar. Eptir þessari statútu, sem jeg hef hjer, eru 3 menn í fjelagsstjórninni, og hafa þeir allir til samans 4,500 kr., og báðir endurskoðunarmennirnir 800 kr., þetta er til samans 5,300 kr. Vjer vitum nú ekki, hvernig þessu verður fyrirkomið í samþykktum fyrir vort tilhugsaða lánsfjelag. En eptir 4. gr. frumvarpsins staflið h áttu að vera 1 oddviti og 2 meðstjórar, er fulltrúar kjósi; en nefndin hefur tiltekið, að «fulltrúar kjósi stjórn fjelagsins alla». Það lítur þá út fyrir, að fleiri verði en tveir, líklegt, að þeir verði 3, eins og í stjórnarfrumvarpinu er eða í statútum smábænda-lánsfjelagsins í Danmörku er ákveðið. Hvað þeir fá skuli í laun, er eigi sagt. Ef þeir nú eiga að lifa í Reykjavík, þá þurfa þeir ekki svo lítið, því að sagt er, að þar sje dýrt að lifa, og búast má við, að þeir verði «í eðli sínu sem aðrir menn», að þeir vilji eitthvað hafa fyrir snúð sinn. En jeg skal nú vera lítill í krófum mínum fyrir þeirra hönd; jeg skal búast við, að þeir sjeu sparsamir, og jeg skal setja allan kostnaðinn við stjórnina niður um $^1/_3$ við það, sem það er fyrir smábændurna dönsku, og gjöra það 3000 kr. En sjáum nú, hvað kemur upp úr kafinu. Þegar veð lánsfjelagsins hefur numið 2 miliónum, þegar það hefur fengið veðbrjef upp á 1 milión og hefur gefið út skuldabrjef upp á 1 milión, þá fyrst getur það sjálft staðið straum af kostnaðinum til stjórnar sinnar, en hefur þó eigi 1 eyri fyrir hús, ljós, eldivið, þvott o. s. frv. Ó, hvílík blessuð guðsgjöf er frumvarp þetta? Von er, þótt hinn háttvirti framsögumaður og aðrir meðmælendur þess dásami það, sem hina dýrmætustu náðargjöf, er hin innlenda og danska landsstjórn hefur látið oss í skaut falla, aumum og þurfandi þegnum sínum.

Má ske mönnum þyki þessi ummæli mín tómar aðfinningar. En jeg bið hina háttvirtu deild, að skoða ekki svo, sem jeg segi þetta í þeim hug, að gjöra frumvarpinu rangt til, heldur vil jeg að eins vekja athygli manna á því, að það er undarlegt og óskiljanlegt, að engar samþykktir eða frumvarp til samþykkta er lagt fram, heldur er þetta drifið upp á oss, án þess að oss sje auðið að vita, hvað á bak við kann að liggja. Vjer höfum ekkert gagn af því, þótt hin háttvirta nefnd kunni að hafa statútur í vasanum. Jeg dæmi máske of hart, en það er þá ekki sjálfum mjer að kenna, heldur nefndinni, og vanþekkingu minni, sem stafar frá þessu launpukri með málefnið í heild sinni. Að síðustu skal jeg taka það fram, að jeg er sannfærður um, að landssjóðurinn losnar eigi svo fljótt, þótt hinn háttvirti 1. þingmaður Suður-Múlasýslu segi, að ábyrgð hans megi «stoppa» með lögum. Mjer lízt nú illa á þetta «stopp»; en verið getur, að þinginu lítist vel á það. Jæja, segjum þá «stopp» eptir 20 ár. En hvað lengi varir þá ábyrgðin eptir 20 ár? Náttúrlega 45 ár. (Þingmaður Reykvíkinga og landshöfðingi hlógu). Já, þjer hlægið, og jeg hlæ líka, en í rammri alvöru, því jeg hlæ að því, að þið þykizt gjöra landinu hægt verk með því að leggja þetta lánsbeizli við landssjóðinn og hnýta honum svo aptan í þetta tagl í 65 ár; að þið þykizt gjöra landsmönnum þægt verk með því, að binda þá við þetta lánsfjelag, sem þeir þurfa að endurgjalda lán sín með 6% í 45 ár í staðinn fyrir í 28 ár, eins og nú er. Munurinn er auðsær; hann er munurinn á 6×45 og á 6×28, eða að lúka hvert 100 kr. lán með 270 kr., í stað þess, eins og nú er, með 168 kr. Þetta er því iskyggilegra, sem leiguburður gegn fasteignarveði er enn bundinn við 4%; því að

engin von er til, að frumvarpið um frjálsan leiguburð gangi fram á þessu þingi fyrstu 6 árin, þar sem það nú var fellt í hinni háttvirtu efri deild. Enginn peningamaður í landinu vill því lána gegn veði í fasteign fyrir 4%, fyrst skuldabrjefin gefa honum 4½%. Lánsbeiðendur eru því drifnir, reknir, pískaðir og keyrðir inn í þetta lánsfjelag. Eru þessar mótbárur mínar tómir loptkastalar? eru þær eintómur kenningarþytur eða hvað? Jeg er ekki eins mikill búmaður og bin háttvirta nefnd; það skal jeg játa; en mjer sýnist hún ekki hafa sýnt mikla verkhyggni í þessu máli. Jeg hef stundum reynt að halda mjer upp á spaugi, en þó með fullri alvöru í ræðu minni, því að jeg er hálfiasinn í dag; en að lokum skal jeg tala í fullri alvöru. Jeg vil spyrja hina háttvirtu nefnd, hvað það er, sem missist, þótt frumvarp þetta sje eigi lögleitt nú. Hvað er tapað, þótt því sje skotið á frest um 2 ár? Því það, sem hinn háttvirti þingmaður Snæfellinga sagði, að banki gæti allt að einu komizt hjer að fyrir þetta, held jeg sje á jafngóðum rökum byggt, sem sú von hans, að enginn muni taka til láns hjá lánsfjelaginu nema til jarðabóta; því að fyrst mun mönnum þó verða það fyrir, að leysa sig undan málssóknum út af kaupstaðarskuldum. En ef frumvarp þetta verður samþykkt, hindrar það, að vjer fáum það, sem vjer höfum rjett til að fá, og það er seðlabanki. Já, jeg sje, að menn hlæja. — Háttvirtu hlæjendur, jeg veit, að þjer, og þar á meðal er binn háttvirti þingmaður Reykvíkinga, að þjer hafið aldrei hugsað oss hærri sess, en skörina hjá smábændum í Danmörku. Jeg sje, að hinn háttvirti landshöfðingi hlær líka; jeg mundi hafa stillt betur til hófs orðum mínum, hefði jeg sjeð það fyr en nú. En má jeg þá bera upp þá spurning: Ætla menn það sje of dan fyrir oss, að fá seðlabanka? Jeg svara fyrir mig: Vjer erum eins verðir að fá seðlabanka, eius og nýlendur Englendinga í Eyjaálfunni, bæði «*Victoria*» og «*New South Wales*»; þar hefur hvert áreiðanlegt fjelag leyfi til að gefa út seðla. Vjer stöndum með enn frjálslegri stjórnarskrá í höndum en þeir; vjer höfum landssjóð upp á 690,000 kr. að minnsta kosti. Einhver kann nú að hugsa eða segja: Ef vjer förum og biðjum um bauka, mun stjórnin brosa í kamp og segja: «Hvað viljið þið með banka? blessaðir vesalingarnir! Hver þingmaður ræður sinni skoðun og trausti á ráðgjafa vorum; jeg ber það traust til hans, og jeg vona, eða þó bið og óska, að hinn háttvirti landshöfðingi sje með mjer í því, að stjórnin muni láta að bæn vorri, og leyfa oss að gefa út seðla, sem ganga í peninga stað í landinu. Nú sem banki er stofnaður með umsjón ráðgjafans, efast jeg ekki um, að seðlar hans gangi í peninga stað, þegar á þeim standa þessi orð: «Skiptist fyrir gull í bankanum». Upphæð sú, sem gengur milli vor í daglegum viðskiptum, er í minnsta lagi 700,000 kr. (*Grímur Thomsen*: Hún er meiri). Já, hún mun vera 1 milíón. Búum til seðla, og sleppum út smátt og smátt allt að 1 milíón, en höfum í sjóði 2—300,000 kr. fyrirliggjandi í gulli og silfri til að skipta við seðlum, en hitt í leigubærum veðbrjefum. En sem vjer nú höfum í veltu 500,000 kr. í seðlum um fram það gull, er liggur arðlaust í bankanum, 2 til 300,000 kr., þá höfum vjer í vöxtu 20,000 kr. til að lifa við og leggja í viðlagasjóð, auk alls þess hags, sem af seðlunum annars leiðir. Seðlarnir eru hagkvæmari til flutnings bæði með póstunum og fyrir menn, og það sem meira er í varið, að þótt þeir glatist, glatast ekki nema pappírinn.

Skoðum nú sameiginlega, hverjir ern kostir og gallar frumvarpsins. Hinn háttvirti 1. þingmaður Suður-Múlasýslu hefur ekki gjört sjer minna far um, að gylla kostina, en jeg að sverta gallana. Vjer höfum gjört það báðir í alvöru. Með því að stofna þetta lánsfjelag, sláum vjer á frest um ótiltekinn tíma stofnun seðlabanka, því að hið mesta af jarðeignum og húseignum er lánsstofnunin þá búin að taka frá bankanum. Með bankanum höfum vjer tapað margvíslegum

hag og 20,000 kr. tekjum um árið, en fengið lánsfjelag, þann ómaga á landssjóð, er tekur fyrst við 5000 kr. um sinn, og 2000 kr. árlegu tillagi um óákveðinn tíma, síðan 800 hvert ár, þ. e. $^2/_5$% af 200,000 kr. láni. Nei, það er meira, því auk þessara $^2/_5$%= $4^1/_{10}$% skal landssjóður greiða $2^1/_2$% tillag af upphæð lánsins til viðlaga- og forstöðusjóðsins. Þetta er til samans $^1/_2$ af 100, því vextir af 250 aurum eru 10 aurar=$^1/_{10}$ af 100 kr. Þarna er hinn mikli gróði, er hinn háttvirti framsögumaður er að gylla!? Landssjóður græðir $^1/_2$% á landsmönnum, en tapar aptur 1% til lánsfjelagsins. Dægilegur gróði!? Eu sleppum þessu.

Jeg segi, að vjer verðum að sigla nokkuð hátt, þegar um þjóðmetnað er að ræða. Jeg segi það aptur, að jeg tek mjer það til, að landssjóðurinn er settur á bekk með smábændum í Danmörku, og að vjer erum gjörðir ölmusumenn landssjóðsins. Vjer getum engu alvarlegu, engu stóru og miklu fram komið, ef vjer lítum allt af ofan í moldina fyrir fótum vorum, ef vjer lítum allt of lágt. Jeg veit, að hinn háttvirti 1. þingmaður Suður-Múlasýslu er mjer samdóma um, að Gránufjelagið var ekki stofnað af smásálum, og þó var ástand manna þá svo, að sjálfur amtmaður í norður- og austuramtinu þekkti ekki, hvað «actia» var. Mig furðar, ef minn heiðraði vinur, 1. þingmaður Suður-Múlasýslu, hefur nýlega hrapað svo langt niður, að hann sje kominn aptan við smábændur í Danmörku, hann, sem á hverjum vetri hefur umgengni við háhugaða göfuglynda danska menn og býr meðal þeirra. Hið sama vil jeg segja við hvern annan af hinum háttvirtu þingmönnum.

Jón Ólafsson: Það lítur út fyrir, að þessu frumvarpi ætli að byrja illa í ræðunum, hvernig sem fer, þegar til atkvæðagreiðslunnar kemur. Það er margt, sem mjer þykir að frumvarpinu, bæði að því er snertir efni og form, og sný jeg mjer fyrst að því, sem minna er um vert, að forminu.

Í 2. gr. 7. tölul. lætur nefndin orðið «tálma» stýra þolfalli; þar stendur «uppboði verði tálmað»; og fleira þessu líkt mætti telja upp í nefndarálitinu, en af því að tíminn er orðinn naumur, vil jeg ekki tefja með því, að elta það, en sný mjer að aðalefni málsins.

1. þingmaður Suður-Múlasýslu hjelt, að landssjóður losaðist við alla ábyrgð eptir 45 ár. En það þykir mjer þó hart, hafi jeg keypt skuldabrjef 44 árum eptir að lánsstofnunin var komin á fót, með þeim skilyrðum, að landssjóður ábyrgist mjer $4^1/_2$ árlega leigu, það þykir mjer hart, segi jeg, ef landssjóður þá árið eptir getur verið laus við alla ábyrgð. Þingmaðurinn hjelt, að eptir 5 ár gæti landssjóður sagt: «Nú ábyrgist jeg ekki neinum þessa $4^1/_2$ af hundraði í árlega leigu, sem hjer eptir gjörist hlutareigandi í fjelaginu»; en ef svo væri, væri hið helzta og aðgengilegasta skilyrði, sem fjelagið var stofnað með, fellt burtu, og lítur að minnsta kosti svo út, að stjórnin þá vilji að eins brúka þetta aðgengilega skilyrði til að ginna menn til að bjálpa til að stofna það. Jeg get ekki sjeð, að fjelagið geti fremur enn nokkur maður brigðað heiti sitt um ábyrgðina. Í 2. gr. 7. tölulið er mjög ísjárverð ákvörðun, því jeg get ekki betur sjeð, en að svo gæti farið, ef við hefðum miður ráðvanda stjórn, sem vel má gjöra ráð fyrir í lögum, sem gilda skulu um svo langan tíma sem þessi, að hún þá mundi nota sjer þessa ákvörðun til þess, að draga undir fjelagið jarðeignir manna, þær er veðsettar eru, ekki fyrir fullt verð, heldur fyrir hálfvirði. Það er ísjárvert, að gefa stjórninni leyfi til að ganga svo hratt að veðinu og fram hjá uppboði. Jörðin getur, þótt upp sje boðið, farið í uppboðinu fyrir minna en hálfvirði virðingarverðs síns, en þó hún færi fyrir hálfvirði, yrði eigandi hennar samt hart úti, því hann missir þó alla jörðina fyrir helming virðingarverðs hennar. Jeg veit, að ekkert er ómögulegt, að svona gæti farið; jeg þekki tilfelli frá Danmörku, að *procurator* ljet son sinn kaupa jörð, sem þannig var veðsett, og hafði áður löglega

auglýst uppboð, en gjörði það með svo smáu letri í Berlingi, að enginn hafði tekið eptir því, svo enginn kom til að bjóða. Menn þekkja það og hjer, að samtök eru gjörð, til að fá við vægu verði á uppboðum. 4. gr. b. álít jeg heldur ekki heppilega ákvörðun. Það er mörg húseign hjer á landi svo illa hirt, að þó hún væri í góðu standi og mikils virði, þegar hún er virt, þá gæti hún á 45 árum gengið svo úr sjer, að hún væri litils virði löngu fyr en eptir þann tíma. Þetta er því ótryggt veð fyrir fjelagið, eins og húsaveð allt af er ótryggt veð, þar sem hús geta farizt af þeim orsökum, sem ómögulegt er að vátryggja fyrir, svo sem jarðskjálftar, hrunni af öðrum orsökum o.s.frv. Sú ákvörðun, að lántakandi eða hlutareigandi, sem verður eitt og hið sama, skuli fyrst og fremst borga afborgun, leigu og svo hæfilega þóknun til stjórnarinnar og viðlagasjóðsins, virðist vera athugaverð. Við höfum enga hugmynd um, hve mikil þessi upphæð verður, sem þannig skal borga sem *þóknun*. 1. þingmaður Suður-Múlasýslu vildi sanna, hversu nauðsynleg þessi lánsstofnun væri, með því, að slíkar lánsstofnanir þrifust svo vel í Danmörku, en þetta þykir mjer lítil sönnun fyrir nytsemi þeirra. Okurkarlar þrífast líka vel, en fæstum dettur í hug að segja, að það sjeu nytsamir menn eða nauðsynlegir í mannfjelaginu. Í 4. gr. h. er allt í einu farið að tala um fulltrúa fjelagsins. Hvaða fulltrúar eru það? Þeir eru ekki nefndir áður, og maður veit ekki til, að þeir sjeu kosnir, fyr en maður allt í einu dettur þarna ofan á þá í 4 gr., eins og þeir væru sprottnir upp úr jörðinni. Þessir fulltrúar eiga svo að kjósa 2 endurskoðunarmenn, og er það slæm breyting frá stjórnarfumvarpinu. Samkvæmt því var þó trygging fyrir, að til þess yrðu valdir menn, sem stjórn landsins treysti, en það er auðvitað, að ráðgjafinn getur aldrei verið þekktur fyrir annað, en staðfesta kosninguna eptir innstillingu, jafnvel kosningu þess manns, sem hann sízt hefði valið sjálfur, hefði hann haft rjett til að velja; og gjörði nefndin því eins rjett, að stryka út hluttöku ráðgjafans í kosningunni.

Hví hefur landssjóður ekki atkvæði í kosningunni? Hann er þó stærsti lántakandinn; en enginn kýs fyrir hans hönd. Yfir höfuð að tala er nefndarálitið svo hálfkarrað, að ómögulegt er fyrir nokkurn mann að aðhyllast það, sem annars vill vita eða hafa nokkra hugmynd um, hvernig fjelagið á að verða, og er það sem von er á, þegar engar statútur fyrir fjelagið eru sýnilegar, eða fáanlegar. Að endingu vil jeg leiðrjetta þingmann Borgfirðinga; hann ætlaði hjer um daginn að hrekja það, sem jeg hafði sagt um *farmer banks*, nefnilega að þeir lánuðu móti fasteignarveði; en í stað þess heldur hann á í hendinni og þylur upp statútur «*nationalbanka*», sem hvergi áttu þar við. Jeg þykist vita, að margir deildarmanna sjeu enn ekki komnir niður í þetta mál, svo að þeir geti vel vitað, með hverju þeir eigi að greiða atkvæði; en þá menn vil jeg að endingu biðja að gæta þess, hvort meira er á hættu, að fresta þessu frumvarpi eða aðhyllast það; jeg bið þá, áður en þeir greiða atkvæði, að gæta þess vel, að þeir, sem aðhyllast það, sem þeir ekki þekkja, bera þyngri ábyrgð en þeir, sem, með því að bafna því um stund, að eins fresta málinu um 2 ár.

Því næst var umræðunum frestað til kveldfundar.

FRAMHALD ÞRIÐJU UMRÆÐU Í NEÐRI DEILD,

á 27. fundi, 29. dag júlímánaðar.

Þorsteinn Thorsteinson: Þingmaður Eyfirðinga gjörði mjer stærri æru, en jeg gat vænzt eptir, þar sem hann bað mig um upplýsingu, eða sem hann komst að orði, að fræða sig. Þetta skal jeg gjöra svo stuttlega sem unnt er. Mjer var óskiljanlegt, þegar hann sagði, að breytingaratkvæðið væri hafið yfir nefndina. Á þetta að skiljast svo, að nefndinni væri það of vaxið, að

koma fram með slík breytingaratkvæði? Þingmaðurinn sagðist ekki vera frískur, þetta finnst mjer líka auðheyrt á ræðu hans, eða rjettara auðfundið á skilningsleysinu, sem honum annars ekki er lagið. Tilgangur vor með breytingaruppástunguna var sá, að nema það burtu, sem gat orðið til misskilnings. Þingmaðurinn verður að gá að því, að lögin eru gefin fyrir allt landið, en ekki fyrir hann einan. Þetta gat valdið misskilningi meðal alþýðu, þegar talað er um, að veðsetja allar eignir landssjóðsins, og því vildum við með breytingaratkvæðum koma í veg fyrir þennan misskilning. Það, sem er ónauðsynlegt eða veldur misskilningi, á ekki að finnast í lögum. Þessa skýringu vona jeg þingmaðurinn taki til greina, en ef hann gjörir sig ekki ánægðan með hana, þá skal jeg gjöra honum þetta ljósara heima hjá honum, ef hann óskar þess. «Kerlingarvindinum» mun þingmaðurinn hafa slegið út, til þess að hressa sig eða láta brosa að sjer, en jeg álít meiri ástæðu til að kalla það «kerlingarvind», ef maður lætur þýðingarlaus og villandi orð standa í lagafrumvörpum, heldur en það, að taka þau burtu. Þingmaðurinn færði rök að því, að lánsstofnunin færði ekki meira en pappír, sem ekki gæti orðið að peningum, inn í landið; jarðir gætu ekki selzt o. s. frv. Það er öllum ljóst, að ef skuldabrjefin seljast erlendis, þá fást peningar, og hvað það snertir, að jarðir geti ekki selzt, þá hefur framsögumaður sýnt fram á, að þær geta alveg eins selzt, þó að þær sjeu veðsettar, og jeg vil bæta því við: þær geta jafnvel betur selzt. Margir fátæklingar munu því einmitt miklu betur geta keypt jarðir, með því að borga að eins helminginn strax og láta hitt standa fyrir láninu. Þetta hlýtur þingmaður Eyfirðinga að skilja. Hann fræddi oss á því sorglega ástandi, sem hjer fyrir nokkrum árum átti sjer stað; þá var það hann, sem einn þekkti hlutabrjef, þegar enginn annar hafði hugmynd um það. Hjer á landi hefur opt verið bágt ástand, en svo sorglegt hugsaði jeg það hefði aldrei verið á hans æfi, að sjálfur amtmaðurinn í norður- og austurumdæminu þekkti ekki hlutabrjef. Jeg er glaður yfir því að vita, að ástandið nú er öðruvísi, því fjöldi landsmanna þekkir vel þýðingu hlutabrjefa, og það enda þó þeir sjeu ekki svo lukkulegir, að eiga part í fjelagsverzlun þeirri, sem þingmaðurinn talar svo opt um; nú er ástandið svo, það er jeg viss um, að hjer vita margir, hverja þýðingu lánsstofnunin hefur. Jeg skal ekki lengja umræðurnar, með að útlista ábyrgð landssjóðsins; á banka er hún langt um meiri. Þessi lánsstofnun er góð, og hefði jeg ekki verið sannfærður um það áður, þá mundi jeg einmitt hafa sannfærzt af ræðum þeirra, sem hafa talað á móti frumvarpinu. Þeir eru að slá um sig með, að jarðirnar verði teknar lögtaki án dóms og laga, o. s. frv.; en við eigum hjer ekki við okurkarla, heldur við landsins stjórn, sem aldrei mundi þola rangsleitni eða órímilegheit (*Jón Jónsson*: Hvað er ekki stjórn fjelagsins? *Forseti*: Ekki samræður). Heyrið klukku forseta, og hlýðið þingsköpum nú, en þegar gripið var fram í fyrir mjer, þá vildi jeg bæta því við, að hjer er ekki að tala um, að við getum misst jarðirnar. Einu verð jeg að gjöra grein fyrir, hvers vegna jeg skrifaði undir, að málinu væri frestað. Jeg gjörði það með glöðu geði, ekki í von um að fá annað betra, en jeg hugsaði á þá leið: látum þá streyma inn með breytingaruppástungur; þær munu verða einskis virði, og ef þeim yrði sýnt fram á það, þá munu þeir láta sannfærast um, að þetta frumvarp er gott og gagnlegt. Þetta knúði mig til að fá málinu frestað, en jeg skal játa það, að jeg hugsaði þá ekki um hinn seinni tíma. En um það, að gefa atkvæði mitt með frumvarpinu, hefur mjer aldrei hugur hvikað. Þingmann Eyfirðinga vantaði bækur sínar um daginn. Þegar hann fær þær, er jeg viss um, að hann kemur með eitthvert annað frumvarp, má ske um banka, sem yrði svo aðgengilegt, að enginn utan þings eða innan mun voga að kalla það «kerlingarvind», eins og hann sagði um breytinguna. (*Arnljótur Ólafsson*: Jeg bið

forseta minnast þess, að jeg hef aldrei viðhaft þetta orð, sem þingmaðurinn stagast á.

Forseti: Jeg skal játa það, og til þess að jafna mál manna, skal jeg gefa þá upplýsingu, að hann sagði «kerlingareldur»). Ekki er það betra; mjer heyrðist að sönnu þingmaðurinn segja «eldur», en jeg hjelt það vera misheyrn; ræða hans líktist meir vindi, og það er í það minnsta von mín, að hin háttvirta deild láti hana sem vind um eyrun þjóta; því sannfæringu um, að lánsstofnun ekki væri gagnleg, gat víst enginn fengið af orðum hans, og þann «kerlingareld», sem hann hefur kastað út, treysti jeg honum til að slökkva sjálfum, eða rjettara blása af þeim, sem hann kann að hafa fest sig á. Ræðu þingmanns Skagfirðinga heyrði jeg ekki glögglega, það var svo mikill ómur fyrir eyrunum af hans of löngu ræðu, og af því salurinn var svo tómur. Hann var að spá í ókomna tímann um forstöðumenn fjelagsins, en það er óþarfi, að svara slíku, sem einungis er sagt til að villa sjónir fyrir mönnum.

Jeg vildi óska, að þingmenn skoðuðu vel frumvarpið; ef gallar finnast á því, mun mega fá þá bætta í efri deildinni, og jeg álít það mjög óheppilegt, ef það ekki fær lagagildi.

Forseti kvað því næst 2. þingmann Skagfirðinga hafa orðið, en er þingmaðurinn vildi enn geyma sjer það um hríð, kvaðst forseti þegar vera búinn að hleypa honum aptur fyrir þrjá, er talað hefðu, síðan hann bað um orðið; þingmanninum væri í sjálfsvald sett, hvort hann vildi tala nú eða ekki, en síðar gæti forseti ekki leyft honum að tala á þessum fundi.

Jón Jónsson: Jeg bið skrifarana að minnast þess, að forseti neyðir mig til að taka til máls, þó jeg eigi bágt með að tala, þegar þeir, sem helzt áttu að geta fundið að því, sem jeg hef tekið fram, sem og jeg skoraði á að svara mjer, bæði hinn hæstvirti landshöfðingi og framsögumaður, hafa ekki látið til sín heyra.

Jeg er ekki á móti lánsfjelagi, þar sem það getur staðizt án styrks úr landssjóði, og hef jeg með breytingaratkvæðum mínum við aðra umræðu þessa máls viljað gjöra það mögulegt fyrir einstök hjeruð eða kaupstaði, sem vildu stofna lánsfjelag, mögulegt, að koma slíkri stofnun á fót, og væri líklega helzt hugsanlegt, að slíkt gæti þrifizt hjer í bænum og í nærsveitunum.

Þingmaður Snæfellinga sagði, að jeg hefði ámælt Reykvíkingum og verið þeim óvinveittur. Þetta er ekki satt. Jeg leiddi einungis ljós rök að því, að þetta kosningarfrelsi, sem talað er um, það er tóm bóla fyrir aðra landsmenn en Reykvíkinga, og jeg gjörði það með engum óvildarhug til Reykvíkinga, því engum yrði það þungbærara en Reykvíkingum, ef lánsfjelag yrði stofnað á þann hátt, sem hjer er ráð fyrir gjört, og þó þeir fengju að ráða mestu í lánsfjelaginu, væri þeim það lítill hagur í samanburði við þau óbagræði fyrir þá, sem mundu leiða af því, að þeim húseigendum hjer í bænum, sem hafa fengið lán úr viðlagasjóði, yrði sagt upp lánunum, og þeir neyddir til að ganga inn í lánsfjelagið. Að þetta ekki sje tóm ímyndun bjá mjer, fjekk jeg ljósa sönnun fyrir, þegar jeg gekk af fundi í dag. Jeg hitti þá einn heiðvirðan húseiganda hjer í Reykjavík, sem sagðist hafa fengið 15000 kr. lán úr viðlagasjóði gegn veði í húseign sinni og greiða 600 kr. árlega sem vexti af láni sínu. Hann er greindur maður og þekkir, ef til vill, betur en hin háttvirta nefnd sjálf kosti og lesti lánsfjelags; en hann mat ekki meira kostina en svo, að hann taldi sjer alveg ómögulegt að halda húseign sinni, ef hann yrði neyddur til að fara með hana inn í lánsfjelag; hann fullvissaði mig um, að sjer þegar veitti fullörðugt að borga 4% vexti af láni því, sem hann hafði fengið; ætti hann að borga 2% í viðbót, mundi hann, löngu áður en þau 45 ár væru liðin, sem skuldin með þessu móti ætti að vera afborguð á, komast í gjaldþrot, og svo getur farið um fleiri húseigendur. En ef lánsfjelagið neyðist til að láta selja margar slíkar fasteignir,

þá er hætt við, að þær fari fyrir hálfvirði, og allur sá skaði lendir á lánsfjelaginu eða á hinum lántakendunum, er þá einnig, ef til vill, verða reknir í gjaldþrot. Þingmaður Ísfirðinga sagði, að stjórnin og þingið mundi sjá um, að allt færi í lagi, en þetta er mikill misskilningur. Þingið hefur ekkert við málið að gjöra, annað en það, að hjálpa til að leggja byrðar þær á landssjóðinn, er getur um í lagafrumvarpinu; fjelagsstjórnin verður alveg óháð þinginu, og eptirlitið af hendi stjórnarinnar hefur ekki mikið að þýða, þegar vandræðin duna yfir; þau gjöra sjaldan boð á undan sjer.

Þá kem jeg til þingmanns Snæfellinga. Hann virðist ekki að hafa gáð að því, að sem stendur hafa lántakendur aðgang að lánum úr viðlagasjóði gegn 4% vöxtum; en þessi lán verða að hætta, ef vjer samþykkjum þessi lög. Í Danmörku tekur enginn opinber sjóður meira en 4% vexti af fje því, sem hann lánar út, og eru það að eins þeir, sem ekki geta beðið eptir, að lán losnar úr opinberum sjóði, eða sem ekki geta útvegað alveg tryggjandi veð, er leita til annara lánsstofnana; en hjer vilja menn, með því að stofna þetta lánsfjelag, gjöra það alveg ómögulegt, að fá lán upp 4%. Þingmaðurinn talaði um, að jeg hefði verið hræddur um, að okkur vantaði duglega menn. Þetta er misskilningur. Jeg talaði um, að okkur mundi vanta þá menn, sem væru kunnugir slíkum lánsstofnunum og þeim, er hjer ræðir um.

Þingmaður Borgfirðinga hefur fylgt skoðunum sínum í þessu máli með miklu kappi; en jeg er hræddur um, að það fari með þetta mál eins og með önnur nýmæli, er hann hefur fylgt fram á hinum síðustu þingum, og sem hafa orðið lítið vinsæl og bakað landssjóðnum og þjóðinni byrðar, er menn hafa sjeð á eptir að ekki hefur verið þörf á.

Landshöfðingi: Jeg skal fyrst leyfa mjer að svara hinum háttvirta þingmanni Skagfirðinga fáum orðum viðvíkjandi því, sem hann sagði, að húseigendur í Reykjavík mundu fyrst kjósa stjórn lánsfjelagsins. En þessu er ekki þannig varið, heldur eru það stofnendur fjelagsins, og jeg vona, að það verði hinir háttvirtu alþingismenn landsins. Hvað ábyrgð landssjóðsins fyrir vöxtunum snertir, þá er hún sjálfsagt gildandi fyrir öll skuldabrjef, er gefin verða út, meðan ákvörðun frumvarpsins um það stendur óhögguð, en það er vonandi, að þessi ábyrgð kosti landssjóðinn ekki einn einasta eyri, ef eptirlit með fjelaginu verður nægilega tryggt, og skal jeg í því efni vísa til 4. gr., stafliða *h*, *i* og *k*, samanborinna við *d*. Hinn háttvirti 1. þingmaður Eyfirðinga tók fram, að lánsstofnun fyrir smábændur í Danmörku væri tekin til fyrirmyndar fyrir þessari lánsstofnun. Þetta getur verið til þess, að villa sjónir fyrir mönnum. Í hverju er þá frumvarp þetta sniðið eptir þeirri stofnun? Að eins í því, að landssjóður ábyrgist vöxtuna. Hinn háttvirti þingmaður Eyfirðinga sagði, að hann hefði eigi sjeð samþykktir fjelagsins. Það er sannarlega engin von, því að þær eru ekki til enn. Frumvarpið miðar einungis til þess, að stofna fjelagið, og þá er það er orðið að lögum, og konungur hefur staðfest þau, þá fyrst er að semja samþykktirnar, og verða þær staðfestar af ráðgjafanum. Hinn háttvirti 1. þingmaður Eyfirðinga sagði, að með þessu væru engir peningar fengnir, því að þetta væru tómir pappírar. Jeg er búinn að svara þessari mótbáru við 2. umræðu, og skal skírskota til þess, sem jeg þá tók fram og til 3. gr. frumvarpsins, er veitir viðlagasjóðnum heimild til að kaupa skuldabrjef lánsfjelagsins. Eptir þeirri grein getur viðlagasjóðurinn smámsaman selt hin konunglegu skuldabrjef, er hann á, til þess að kaupa «*Kreditforeningsobligationer*», og á þennan hátt fást peningarnir.

Þetta mál hefur nú verið rætt svo ýtarlega frá þeirra hálfu, er mæla með frumvarpinu, og frá þeirra, er mæla á móti því. Hinar helztu mótbárur móti frumvarpinu eru þær, sumpart að betra sje að stofna banka hjer í landinu en lánsfjelag þess eðlis, sem frumvarpið stingur upp á, sum-

part að betra væri, að láta viðlagasjóðinn eða landssjóðinn halda áfram störfum sínum eins og hingað til, og ef þörf virðist á því, að veita landssjóðnum heimild til að útvega nauðsynlegt fje, til að lána út, með því að gefa út skuldabrjef og koma þeim í reiðu-peninga; sumpart virtist þessum háttvirtu þingmönnum, að hlunnindi þau, er ætlazt er til að veitt sjeu lánsfjelaginu, væru of þungbær eða kostnaðarsöm fyrir landssjóðinn.

Þar sem málið í heild sinni ef til vill ekki er öllum háttvirtum þingmönnum eins ljóst og það er mjer, og þar sem jeg er innilega sannfærður um, að hjer er um hið mesta velferðarmál landsins að ræða, og það þess vegna þykir mjer mjög sorglegt, ef alþingi skyldi hafna þessu frumvarpi eða þá fresta því, eins og sumir háttvirtir þingmenn hafa beðið um, vil jeg, áður en gengið er til atkvæðagreiðslu, leyfa mjer stuttlega að skýra hinum háttvirtu þingmönnum frá skoðun minni. Jeg þarf ekki, vona jeg, að geta þess, að jeg skoða hvert mál, sem miðar til framfara og heilla landsins, með allri þeirri gætni og alvöru, sem í mínu valdi stendur, og jeg vil bæta því við, að sjer í lagi þetta mál hafi verið hugleitt af mjer um langan tíma og skoðað frá öllum hliðum, því það hefur lengi verið mjer ljóst, að það, sem mest veldur fátækt landsins og er framförum þess til tálmunar, er þetta tvennt: samgönguleysið og peningaeklan, eða örðugleikar þeir, er á landi hjer eru í samgöngum og í því, að útvega sjer fje það, sem er afl þeirra hluta, er gjöra skal.

Jeg tek það upp aptur, sem jeg sagði við 2. umræðu, að jeg álít stofnun banka hjer í landinu mjög æskilega, og að jeg fúslega vil styðja að því, að banki komist hjer á, en jeg er sannfærður um það, og jeg hef ef til vill hugsað meira um þetta mál, en þeir, er nú gjörast talsmenn banka hjer í þessum sal, að vjer getum ekki nema með ærnum kostnaði komið banka á stofn að svo stöddu, og sjer í lagi ekki án langtum meiri kostnaðar fyrir landssjóðinn en hjer ræðir um. Orsökin til þess liggur í því, hvernig hagar til hjer í landinu, þar sem ómögulegt er að koma peningum í veltu, nema í hæsta lagi tvisvar eða þrisvar á ári, en það, sem gjörir bankahaldið arðsamt, er einmitt það, að peningarnir eru ávallt í veltu, ekki tvisvar eða þrisvar, heldur 10 sinnum, 20, 100 sinnum á ári hverju, því þá má með litlum arði í hverri «*Omsætning*» hafa svo mikinn ábata af fje bankans, að hann getur staðið straum af kostnaði þeim, sem bankahaldinu er samfara. Hinir háttvirtu þingmenn hafa blandað saman «*Hypothekbanka*» og «*Discontobanka*», hinn fyrri er í raun og ekki annað en lánsfjelag, sama eðlis sem hjer ræðir um; hinn síðari er sá, sem á að bera kostnaðinn, sem bankahaldinu er samfara, en hann getur ekki gjört það hjer af þeim orsökum, er jeg hef getið um, sem sje, að *Discontobankinn* ekki að svo stöddu getur haft neitt að gjöra nema á nokkrum fáum mánuðum ársins, en er neyddur til í 8—9 mánuði árlega að hafa fje sitt liggjandi arðlaust Hinn háttvirti þingmaður Eyfirðinga hefur einnig nefnt seðilbanka, en jeg gjöri ráð fyrir, að hann hafi ekki ætlazt til að mæla með banka, sem gefi út peningaseðilinn, án þess að eiga hið samsvarandi *Valuta*, og undireins og þess er krafizt af handhafendum á þessum seðlum, sje fær um að innleysa þá með reiðu-peningum. Ef seðilbankinn ekki er fær um það, þá eru pappírspeningar hans einskis virði og geta aldrei áunnið sjer það traust, sem nauðsynlegt er til þess, að þeir verði gott «*Omsætningsmiddel*». Yfir höfuð að tala: «*Seddel-Emissionen*» er að vísu þýðingarmikið «*Privilegium*» fyrir banka, ef hann á samsvarandi «*Valuta*» í gulli og silfri, því það veitir honum hægt að útvega nægilegt «*Omsætningsmeðal*», en seðlarnir bera ekki rentu, og «*seðil-Emissionen*» gefur ekki af sjer neinn beinlínis arð. Kostnaðinn við bankahaldið má útvega á annan hátt, sem sje með hinum öðrum bankastörfum, og «*depositum*» það, eða

trygging sú, sem er nauðsynlegt skilyrði fyrir því, að trúa bankanum fyrir «*Seddel-Emissioninni*», verður að liggja alveg arðlaust á meðan. Jeg er fullviss um það, að banki getur ekki borgað sig að svo stöddu, og til þess að stofnsetja banka, sem dugir, útheimtist fleirum sinnum stærri tillög úr landssjóði, en lánsfjelag það, er hjer ræðir um; en jeg vona fastlega, að sá tími muni koma, að vjer munum geta stofnað banka hjer, og jeg er viss, að það er ekki neitt, er geti flýtt meira stofnun banka, en einmitt stofnun lánsfjelags þess, er hjer ræðir um, með því að ráða verulega bót á peningaskorti þeim, er landið nú líður undir.

Hinn háttvirti þingmaður Skagfirðinga hefur bent á annað fyrirkomulag, sem hann sjálfsagt telur betra en það, sem frumvarpið stingur upp á, en sem, þegar betur er að gætt, er alveg óaðgengilegt. Fyrst er það, að afgangur landssjóðsins, er samkvæmt fjárlögunum leggja skal í viðlagasjóðinn, ekki getur fullnægt þörfunum, og þetta blýtur að vera hinum háttvirta þingmanni fullkunnugt. Hjer við bætist, að ekki má búast við eins miklum árlegum afgangi af tekjum landssjóðs, eins og verið hefur hin síðustu 3 ár, sem sje hjer um bil 50—60,000 kr. árlega, en þessi fjárhæð hefur samt sem áður ekki verið nægileg til að fullnægja þörfum manna í þessu tilliti. Þá stingur hann upp á, að selja ríkisskuldabrjef þau, er viðlagasjóðurinn á, og lána upphæðina móti privat-veðskuldabrjefum. Jeg skal svara hinum háttvirta þingmanni því, að landssjóðurinn megi að mínu áliti ekki hafa minni sjóð, en hann nú á, í góðum «*Værdiepapirum*», sem hægt er að «*realisera*»; þegar þarfir landsins gjöra það nauðsynlegt að verja þessu fje til annara augnamiða, þá dugar ekki að grípa til *privat*-skuldabrjefa, því ef þeim verður sagt upp í meira lagi, munu skuldunautar komast í mestu vandræði. Ef lánsfjelag það, sem hjer ræðir um, verður stofnað, getur landssjóðurinn sjálfur í staðinn fyrir ríkisskuldabrjef keypt og geymt skuldabrjef þessa lánsfjelags, því þau munu með hlunnindum þeim, er frumvarpið stingur upp á, vera eins góð og áreiðanleg sem verðlagspappír eins og ríkisskuldabrjef, en að öðrum kosti ekki. Hinn háttvirti þingmaður stingur enn fremur upp á því, að veitt verði landssjóðnum heimild að lána með 4% rentu þannig, að á þann hátt verði útvegað fje það, sem með þarf til að fullnægja þörfum lánbiðjanda. Hann gjörir sjálfsagt ráð fyrir því, að þessi landskuldabrjef verði seld fyrir upphæð þá, er þau hljóða upp á; en þetta er að mínu áliti alveg ólíklegt, jeg þori að segja, alveg óhugsandi, þegar gætt er að því, hvernig hagar til í öðrum löndum með þvílík skuldabrjef. Það er satt, að ríkisskuldabrjef Dana sem stendur hafa hjer um bil *Pari-Kurs*, en þingmanninum er það kunnugt, að þetta engan veginn hefur átt sjer stað um langan tíma; þessi skuldabrjef hafa smámsaman hækkað hin síðustu 5 ár frá 80—100%, og «*Kurs*»peirra getur á sama hátt farið lækkandi á styttri tíma niður í 80% aptur. Það er öðrum ástæðum að þakka, að þessi ríkisskuldabrjef hafa svo háan «*Kurs*», en hjer stendur til ráða.

Fyrst er það, að bæði land og þjóð í Danmörk er langtum auðugri en vjer, og hefur hinn háttvirti þingmaður sjálfur sjerstaklega tekið þetta fram sem mótbáru móti lánsfjelaginu, en honum hefur alveg gleymzt það við þetta tækifæri; en jeg vona, að hinir háttvirtu þingmenn sjeu mjer samdóma í því, að það dugi ekki að koma fram með alveg sömu mótbáru í alveg gagnstæða átt; að hann gjörir þetta, verður að eins skiljanlegt, ef þingmanni Skagfirðinga gengur það til, alveg að ónýta mál það, er hjer liggur fyrir, án þess að setja neitt annað brúkanlegt í staðinn, eins og jeg gat um um daginn, og í annan stað eru í Danmörku sem stendur nægtir og meir en það af reiðupeningum, en hjer hinn mesti peningaskortur. Jeg er fyrir mitt leyti alveg viss um það, að þvílík landsskuldabrjef, eptir því sem hjer hagar til, ekki nokkurn tíma verða

seld til útlanda með hærri »*Kúrs*« en hjer um bil 80 %, og þá lendir verðmunurinn, hjer um bil 20 %, annaðhvort á landssjóði eða lántakanda sem beinlínis skaði. Þetta fyrirkomulag er þess vegna að mínu áliti alveg óaðgengilegt að svo stöddu, og jeg þori að fullvissa hinn háttvirta þingmann um það, að það muni aldrei verða lögleitt, á meðan þing og stjórn lætur sjer annt um hag landssjóðs og landsins, að minnsta kosti mun jeg fyrir mitt leyti mótmæla því, sem bezt jeg get. Þá er annar annmarki á uppástungu hins háttvirta þingmanns Skagfirðinga, en hann er sá, að jafnvel þótt að mögulegt væri með henni að fullnægja þörfum landsins með að útvega nægilegt lánsfje, en það er ekki mögulegt að svo stöddu — jeg tek það upp aptur, — þá er það landsstjórninni alveg ómögulegt, ef lán viðlagasjóðsins fjölga að mun, að hafa nægilegt eptirlit með þeim veðum, er sett eru til tryggingar lánanna, svo að hætt er við, að landssjóðurinn verði fyrir skaða við rýrnun veðanna, og þó að ómögulegt sje að dæma um það, hversu mikill skaði þessi kynni að verða, er auðsjeð, að hann getur orðið lángtum meiri en tillag það, sem stungið er upp á í frumvarpinu að veita lánsfjelaginu árlega; en bendingar hins háttvirta þingmanns um hlutdeild sýslumanna í eptirlitinu virðast mjer ekki fullnægjandi.

Eptir að jeg þannig hef leitt rök að því, að bendingar þær eða uppástungur, er komnar eru fram frá hálfu nokkurra háttvirtra þingmanna, ekki geta ráðið bót á peningaskorti þeim, sem allir játa að sje til hjerna í landinu í mesta lagi og að brýna nauðsyn beri til að komast úr, skal jeg fara fáeinum orðum um frumvarp það, er hjer liggur fyrir.

Ef þetta frumvarp verður lögleitt, mun stofnun lánsfjelagsins ekki bíða lengi og þá getur hver eigandi að fasteign hjer í landinu útvegað sjer, innan þeirra takmarka, er lögin ákveða, lán þau, er hann með þarf til þess að gjöra jarðabætur, efla atvinnuveg sinn o. s. frv., og hann getur fengið þetta lán með sanngjörnum kjörum, þó að þau sjeu nokkuð þyngri en á lánum þeim, sem viðlagasjóðurinn hefur áður veitt. En þessi heiðraða deild kannaðist um daginn, þegar hún samþykkti leiguburð á peningaláni, við það, að brýna nauðsyn bæri til þess, að hækka rentufótinn, svo hann samsvari virði peninga í samanburði við aðrar vörur. En hvort sem skuldanautur eiga að borga dálítið meira árlega af peningaláni en hingað til, þ. e., hjer um bil $^2/_5$ % eða eptir breytingu hinnar heiðruðu deildar á 2. gr. 2. töl. frumvarpsins $^9/_{10}$ %, þá munu allir þeir, sem þurfa peningaláns við, játa það, að það sje ekki afarkostur, og vegi ekki upp á móti því, að þeir geta átt það víst, að fá hið nauðsynlega lán, og að því verði þeim ekki sagt lausu í ótíma. Til að tryggja þessa stofnun, og án tryggingar gæti hún ekki gjört það gagn, sem ætlazt er til, er alveg nauðsynlegt eins og hjer hagar til, að hið opinbera í fyrstu styrki hana, og þessi styrkur er samkvæmt frumvarpinu sá, sem nú skal greina:

1. samkvæmt 2. gr. 3. töl. 5000 kr. í eitt skipti fyrir öll, og árlegur styrkur 2000 kr., þangað til helmingur tillags þess, sem lántakendur eiga að gjalda árlega til viðlagasjóðs og forstöðusjóðs fjelagsins, nemur 2000 kr. Þetta verður að eiga sjer stað, þegar búið er að lána út 1,000,000 kr.; það er ómögulegt að segja fyrir fram, hvenær svo langt verði komið, en þar sem landssjóðurinn samkvæmt 2. gr. 4. töl. gjörist fjelagi með 200,000 kr., og þar sem lán viðlagasjóðsins á móti uppsegjanlegum skuldabrjefum voru 1. janúar þ. á. 213,000 kr., og nú sem stendur hjer um bil 240,000, en þar eð margir hafa æskt láns af viðlagasjóðnum, sem ekki hefur verið mögulegt að láta þeim í tje á þessu augnabliki, hef jeg á lista mínum lánsbiðjendur um meir en 40,000 kr. fram yfir það, sem viðlagasjóðurinn getur lánað út sem stendur, en úr honum er veitt hið síðasta ár lán hjer um bil 60,000 kr., þá má nærri geta, að það mun ekki bíða lengi, áður en þessari 1 milíón verði náð, á að gizka ekki lengra en 3—5 ár.

2. Samkvæmt 2. gr. 4. töl. á landssjóðurinn að gjörast hlutareigandi í fjelaginu

fyrir allt að 200,000 kr. láni, og jarðir landssjóðsins að verða settar að veði fyrir láninu.

Jeg hef áður getið þess, að jafnvel þó að landssjóðurinn ekki þurfi að taka þetta lán, þá má vel leyfa honum að gjöra það, til þess að koma stofnun þeirri, er hjer ræðir um, sem fyrst á, og að styðja fjelagið með því að taka þátt í «*Administrations*-kostnaði þess að tiltölu við lánaupphæðina. Jeg vona, að öllum þingmönnum sje ljóst, að þessi ákvörðun miði sjer í lagi til þess, að koma stofnuninni sem fyrst á, því með henni getum vjer átt það víst, að mögulegt verði að stofna fjelagið að ári liðnu. Kostnaður sá, sem hjer ræðir um, eða tillag það, sem landssjóðurinn með þessu borgar fjelaginu um 45 ár, nemur árlega 800 kr., sem sje landssjóðurinn borgar árlega rentu af þessum 200,000 kr. á $5^{7}/_{10}$% . . . . 11400 kr.
en fær af 200,000 kr. *Kreditobl.*
á $4^{1}/_{2}$% . . . . . 9000 —
2400 —
af þessu er árl. afborgun á 45 árum á hverju ári. . . . . 1600 —
tillagið þannig 800 —
á ári eða $^{2}/_{5}$% til viðlaga-og forstöðusjóðsins.

Með þessari ákvörðun verður ekki lagt neitt verklegt hapt á umráð löggjafarvaldsins á fasteignum landsins, og skal jeg í því tilliti skírskota til athugagreinanna, blaðsíðu 5, og til þess, sem jeg tók fram við 2. umræðu, og bæta því við, að þessi ákvörðun geti ekki verið því til fyrirstöðu, að löggjafarvaldið daginn eptir eða sama dag, og þetta skuldabrjef verður gefið út, selji allar jarðir landssjóðsins, og bæði landssjóðnum og kaupendum mundi það vera til hægðarauka, að þeir geta borgað tiltölulegan hluta af kaupverðinu, með því að þessi hluti verður innistandandi hjá lánsfjelaginu, en allt tillag það, sem fjelaginu verður veitt af landssjóðnum, jeg skal taka upp aptur, verður:
1. í eitt skipti fyrir öll . . . 5000 kr.
2. árlega um 5 eða ef til vill 10 ár 2000 kr.
3. árlega um 45 ár eða þangað til kaupendur að fasteignum landssjóðsins eru húnir að taka að sjer tiltölulegan hluta af láni landssjóðsins . . . . 800 kr.

Ef vjer skiptum þessum styrki niður á 45 ár, þá verður hann hjer um bil 1200 kr. árlega, en aptur á móti aukast tekjur viðlagasjóðsins með $^{1}/_{2}$% af hjer um bil 240000 kr. þeim, er nú eru lánuð út móti 4%, árlega 1200 kr., og smámsaman, þegar ríkisskuldabrjef viðlagasjóðsins verða gjörð arðberandi í *Kreditforeningsobl.*, hjer um bil 300000 kr., aukast tekjur viðlagasjóðsins enn fremur með $^{1}/_{2}$%, 1500 kr.

Kostnaður landssjóðsins í tilefni af þessu frumvarpi er þannig þess eðlis, að hann ekki getur komið til tals, þegar ræðir um að styðja að einhverju hinu mesta velferðarmáli landsins, og jeg vona fastlega — jeg tek það upp aptur og aptur — að hin heiðraða deild samþykki þetta frumvarp.

Framsögumaður (*Grímur Thomsen*): Jeg skal hlýðnast óskum þingmanns Skagfirðinga, og ekki svara ræðu hans. Að eins eitt atriði vil jeg lagfæra, sem annarhvor okkar hefur misskilið. Hann sagði, að 2000 kr. væri lægsta upphæð, sem lánsstofnanir Dana mættu lána, en það er einmitt sú hæsta upphæð, sem lána má hverjum jarðeiganda. Hjer má lána upp á helming jarðarverðs, hvað dýrt sem jörðin er metin, t. a. m. fyrir veðsetningu Hóla í Hjaltadal, má lána 7000 kr. o. s. frv. Sú stofnun, sem hjer ræðir um, verður því stórvaxnari en lánsstofnanir fyrir smærri jarðeigendur í Danmörku, og vona jeg því, að þingmaður Eyfirðinga sætti sig við hana af þeirri orsök. Þá sný jeg mjer að þingmanni Eyfirðinga; jeg vildi hlýða glögglega á hina löngu og skemmtilegu ræðu hans, og mjer mun hafa tekizt það. Mótbárur hans voru 4: *hluttaka landssjóðs, kjör lántakanda, stjórn fjelagsins og pappírar fyrir peningana*, og þegar hann hafði talið upp alla þessa ókosti, sýndi hann fram á, hvað setja ætti í staðinn. Jeg skal fylgja þessum mótbárum eptir röð og skoða þær.

Fyrst er *hluttaka landssjóðsins*, en hinn háttvirti landshöfðingi hefur hrakið þetta,

svo jeg skal fara fljótt yfir það. En af því þingmaðurinn talaði um smásálir og stórsálir, þá vil jeg segja honum það, að landssjóðurinn kemur einmitt fram sem stórsál, sem auðugur peningamaður, sem vill leggja talsvert í sölurnar og hjálpa landsmönnum til stofnunarinnar, eins og norðlenzka stórsálin hjálpaði til að koma Gránufjelaginu á fót. Ef það er svo, að landssjóður kemur hjer fram með sama göfuglyndi, þá vona jeg þingmanni Eyfirðinga þyki hluttakan sanngjörn og höfðingleg. Landssjóður er þó þeim mnn göfngri, en norðlenzka stórsálin, að hann tekur upp á sig ábyrgð, því jeg er á sama máli og þingmaður Skagfirðinga, að ábyrgðin verður að standa fyrir öllum skuldabrjefum, sem hafa orðið til undir ábyrgðinni. Það væri háskalegt, að binda ábyrgðina við stuttan tíma.

Nú kemur annar ókosturinn: *kjör lántakanda*, og vil jeg taka fram tvennt, sem þingmaðurinn fann að í því efni, því hann finnur víða snaga fyrir hattinn sinn. Hann sagði þetta væru neyðarúrræði; menn væru reknir inn í þessa lánsstofnun. En jeg tók það fram í dag, og jeg tek það upp aptur: landssjóðurinn getur, eins og nú stendur á, sagt upp lánunum, hve nær sem honum þóknast, hvort heldur í dag eða á morgun, en lánsstofnunin *getur ekki sagt upp* láninu fyr en lántakandi krefst þess og kemur með sína peninga.

Að því slepptu, kvað hann ekki vera búið að semja «*statútur*» enn. Það er eðlilegt; fjelagsmenn eiga að semja þær á fyrsta fundi; stjórnin gat því ekki lagt þær fyrir þingið nú. Þar sem nú fjelagsmenu eiga að semja «statúturnar», þá er hægur vandi að láta þá, sem fyrst fá lán, sæta vægari kjörum, en hina, er síðar koma; en hinir fyrstu hluttakendur eru einmitt þeir, sem nú eru í skuld við landssjóðinn, og það veit þingmaðurinn að er regla í öðrum hlutafjelögum, og þykir ekki tiltökumál, að fyrri hluttakendur sæta betri kjörum en hinir, sem seinna koma (*Arnljótur Ólafsson*: Ekki í Gránufjelaginu). Látum þá sæta þeim kjörum, að þeim sjeu upp gefnar allar virðingargjörðir, og í öðru lagi þurfi ekki að gjalda til stjórnar fjelagsins fyrsta árið eða fyrstu árin. Landshöfðinginn sagði, að innskriptarskírteinin, sem eru ytra, mundu dragast inn í landið og yrðu fyrir þau keypt skuldabrjef stofnunarinnar; þar koma hjer um . . . . . 400,000 kr. í peningum inn í landið.

Þá koma . . . . . 300,000 — í minnsta lagi, sem sje fje ómyndugra, sem ekki að eins verður heim ilt, heldur skylt að setja í skuldabrjef fjelagsins.

Þá koma loks að minnsta kosti . . . . . 500,000 — fje efnamenn hjer á landi, sem keypt hafa konungleg skuldabrjef fyrir þessa upphæð, en ekki fá nema 4% af fje sínu.

Samtals koma þá, með þeim 200,000 — sem standa í uppsegjanlegum skuldum til landssjóðs . . . 1,400,000 kr. af peningum í veltu í landinu, og mun margur maður finna til þess, sem nú getur engan eyri fengið til láns, þó hann eigi gott veð fram að bjóða.

Nú kem jeg til *launa stjórnandanna*. Það er sjálfsagt allmikill kostnaður við lánsstofnunina. En þingmaðurinn vildi stofna banka, en hann tók ekki fram um kostnaðinn við það, og hefur hann þó líklega ímyndað sjer, að bankinn þyrfti einhverstaðar að standa, að hann þyrfti hús, ljós, eldivið, forstöðumenn: gjaldkera, bókhaldara, seðlateljendur, o. s. frv. Jeg skal ekki rekja þann kostnað; en jeg segi hitt, að kostnaðurinn við lánsstofnunina vinnst upp með tímanum bæði fyrir hana sjálfa og lántakendur. Það var eitt aðgætandi hjá þingmanninum, honum, sem *hugsar* svo vel um ræður sínar, að það var ein mótsögn í ræðu hans. Hann harmaði það, að frumvarpið um frjálsan leiguburð af peningaláni hefði fallið í efri deildinni, því nú mundu menn koma hópum saman og kaupa skuldabrjef lánsstofnunarinnar, sem væru

upp á 4½%, í stað þess að lána peninga sína út til einstakra manna upp á 4%, en hann gleymdi því, að þá koma einmitt inn þeir peningar, sem hann kvað lánsstofnunina hvergi fá fyrir pappírana sína.

Þá kemur 4. og síðasta *mótbára* þingmannsins, sem sje að hjer ætti að ráða bót á peningaskortinum með pappír.

Peningaeklan hættir einmitt við það, að menn fara heldur þangað, sem þeir geta fengið 4½%, en þangað sem þeir fá að eins 4%. Allt svo koma við það peningar inn í lánsstofnunina. Hann kvað ómyndugra fje vera bundið í jarðabókarsjóðnum. En því er ekki svo varið. Hverjum fjárráðamanni er skylt að fara með það þangað, sem hærri renta býðst, í þá staði, þar sem leyfilegt er að setja slíkt fje. Þetta fje, sem mun nema nálega 300,000 kr., hlýtur að koma inn í lánsstofnunina, og þá hefur hún þó að öllu fjenu samantöldu nokkur peningaráð.

Hinn háttvirti þingmaður Eyfirðinga mælti mjög fram með seðlabanka, og jeg er honum eigi einungis samdóma, heldur einnig samhuga í því efni. En við höfum ekki hið rjetta handfengna veð, stangagull og stangasilfur, verðbrjef, vörubyrgðir fyrir banka. Og svo er samgönguleysið, eins og landshöfðingi tók fram. Bankinn hefur ekkert að gjöra 9 mánuði úr árinu, en hann þarf að græða á hverjum degi til að geta borið sig, og það gjörir hann ekki hjá oss. Þar á móti getur lánsstofnun staðið, þó að lengri tími liggi milli lánanna, enda má einmitt veðsetja skuldabrjef lánsfjelagsins, ef maður vill fá peninga í bankanum til bráðabyrgða, og er því stofnun banka undir því komin, að jarðirnar fyrir skuldabrjef lánsstofnunarinnar komist á flot og geti orðið umsetjanlegar í peninga með hægu og þó góðu móti.

Jeg skal ekki þreyta þingmenn með lengri umræðum um þetta mál; jeg er sem áður sannfærður um, að það verður landinu til heilla, ef það nær fram að ganga, og jeg get ekki sjeð ókosti þá, sem á því eiga að vera. Jeg veit, að þeir, sem nú eru á móti því, munu iðrast þess von bráðara. Ef þetta frumvarp er fellt nú, efast jeg mjög svo um, að stjórnin komi með annað eins frumvarp að 2 árum liðnum, en hvernig fer með það lánsfjelag eða þá lánsstofnun, sem kemur frá einstökum mönnum og ekki hefur tryggingu fyrir rentunum, nje fær nokkurn styrk úr landssjóði? það skal jeg ekki spá um, en jeg ímynda mjer það nái trauðla nokkrum vexti eða viðgangi.

Þá höfðu 8 þingmenn beðið umræðunum hætt, og var samþykkt með 12 atkvæðum gegn 11, að svo skyldi vera.

Bar forseti því næst undir atkvæði breytingartillögur þær, sem komnar voru frá nefndinni, og var

1. Breyting nefndarinnar við 2. gr. 4. tölul. samþykkt með 15 atkvæðum gegn 1.
2. Breyting nefndarinnar við 2. gr. 7. tölul. samþykkt með 14 atkvæðum.
3. Breyting nefndarinnar við 4. gr. e. samþykkt með 14 atkvæðum.

Um samþykkt frumvarpsins sjálfs höfðu 8 þingmenn beiðzt nafnakalls. Þessir þingmenn voru:

Arnljótur Ólafsson,
Þorvarður Kjerulf,
Þorkell Bjarnason,
Þórarinn Böðvarsson,
Jón Ólafsson,
Jón Jónsson,
Benidikt Sveinsson,
Friðrik Stefánsson.

Var því nafnakall við haft og sögðu

Já:

Eiríkur Briem,
Egill Egilsson,
Eiríkur Kúld,
Grímur Thomsen,
Guðmundur Einarsson,
Halldór Friðriksson,
Holgeir Clausen,
Lárus Blöndal,
Ólafur Pálsson,
Tryggvi Gunnarsson,
Þórður Magnússon,
Þorlákur Guðmundsson,

Þorsteinn Thorsteinson.
Nei:
Magnús Andrjesson,
Arnljótur Ólafsson,
Benidikt Sveinsson,
Friðrik Stefánsson,
Jón Jónsson,
Jón Ólafsson,
Þórarinn Böðvarsson,
Þorkell Bjarnason,
Þorsteinn Jónsson,
Þorvarður Kjerulf.

Þannig var frumvarpið í heild sinni samþykkt með 13 atkvæðum gegn 10.

Kvaðst forseti mundu senda frumvarpið til forseta efri deildar með tilmælum um, að leggja það fyrir þá deild.

FYRSTA UMRÆÐA Í EFRI DEILD,
á 25. fundi, 3. dag ágústmánaðar.

Frumvarpið, eins og það var samþykkt við 3. umræðu í neðri deild, sjá I, 273—275.

Landshöfðingi: Mál þetta hefur verið ýtarlega rætt í neðri deild alþingis, og þó menn hafi verið langt frá á eitt sáttir í þessu máli, þá hafa þó allir verið á því, að það væri eitt hið mesta velferðarmál landsins, sem hjer er um að ræða, og óðruvísi verður sannarlega ekki litið á þetta mál, þar sem það fer fram á og stefnir að því, að ráða bót á peningaskorti landsins, sem óðru fremur er framförum þess til tálmunar. Sumir hafa verið þeirrar skoðunar, að heppilegra væri, að stofnaður yrði banki til að ráða bót á þessu. Aðrir hafa talið það betra, að breyta fyrirkomulaginu á stjórn viðlagasjóðsins og gjöra hann að almennri lánsstofnun. En aðrir hafa álitið þann veg heppilegastan, sem frumvarp stjórnarinnar fer fram á, að stofnað yrði privat-lánsfjelag með styrk úr landssjóði. En þrátt fyrir þennan meiningamun manna, hafa þó allir lokið upp einum munni um það, að brýna nauðsyn bæri til, að koma sem fyrst á fót einhverri þeirri stofnun, sem á beztan og heppilegastan hátt gæti bætt úr peningaeklu þeirri, sem stendur öllum framförum þjóðarinnar fyrir þrifum. Þar sem því ekki er nje getur verið neinn ágreiningur um þetta, heldur um hitt, hver sje hinn heppilegasti vegur, til að ráða bót á þessu þjóðarmeini, þá geng jeg út frá því sem vissu, að hin háttvirta efri deild taki þetta mál til nákvæmrar og ýtarlegrar yfirvegunar, og þá vona jeg deildin geti með tillögum sínum leitt þetta mál til góðra lykta. Á þessu stigi málsins þarf jeg ekki að fara fleirum orðum um sjálft frumvarpið, því jeg vona, að hin háttvirta deild skipi nefnd í málinu, og þá mun mjer gefast tækifæri til að fara um það fleirum orðum síðar. En jeg skal með fáum orðum leyfa mjer að taka það fram, að jeg álít stofnun banka mjög æskilega, og væri jeg fús á, að styðja að því, að hann kæmist á, ef jeg sæi, að það gæti tekizt án þess að stofna landssjóð í óbærilegan kostnað, en nú sem stendur er þetta ómögulegt án þess. En aptur á móti er það sannfæring mín, að stofnun lánsfjelaga til þess að ráða bót á þeim peningaskorti, sem nú er, muni vera hið fyrsta meðal til þess, að stofnun banka gæti tekizt innan skamms. Helzta mótbáran, sem fram hefur komið gegn þessum lánsfjelögum, er sú, að þau mundu hafa þann kostnað í för með sjer fyrir landssjóð, sem honum yrði of þungbær. En jeg vona, að þessi háttvirta deild muni, við ýtarlega yfirvegun, komast sumpart að þeirri niðurstöðu, að hlunnindi þau, sem nauðsynlegt er að veita lánsfjelögunum úr landssjóði til þess, að tryggja lánstraustið og standast allan kostnað, þó að þau sjálfsagt hafi kostnað í för með sjer fyrir landssjóð, en að samt sem áður þessi kostnaður sje ekki meiri, en svo, að hann samsvari því gagni, sem af fjelögum þessum getur leitt fyrir land og lýð, og sumpart að þeirri niðurstöðu, að stofnun lánsfjelaga muni hafa talsvert minni kostnað í för með sjer fyrir landssjóðinn, en stofnun banka. Jeg tek það upp aptur, að frumvarpið, eins og það er komið frá neðri deildinni, þarf nákvæmrar yfirvegunar við, og málið er í sjálfu sjer

svo mikilsvarðandi, að jeg efast ekki, að þessi heiðraða deild finni ástæðu til að setja nefnd í því.

Einar Ásmundsson: Jeg er hinum hæstvirta landsbōfðingja samdóma um það, að frumvarp það, sem nú liggur fyrir deildinni, snertir eitthvert hið mesta velferðarmál landsins, og jeg er þess fullviss, að stjórninni hefur gengið hið bezta til, að leggja það fyrir þingið. Neðri deildin er nú búin að hafa þetta mál til yfirvegunar, og hefur hún rætt það mjög ýtarlega. Menn hafa þar skipzt mjög í tvo flokka um það, hvort frumvarp stjórnarinnar eða þetta frumvarp, sem hingað er komið, og sem er nærri því eins og stjórnarfrumvarpið, væri hentugt eptir því, sem hjer hagar til. Máli þessu er svo varið, að jeg ímynda mjer, að öllum þingmönnum sje ekki orðið það svo ljóst undir eins, þar sem menn hjer á landi eru svo óvanir allri peningaverzlun. En af því málið hinsvegar er eitthvert hið mesta áhugamál þjóðarinnar, þá leyfi jeg mjer að stinga upp á því, að skipuð sje nefnd í málinu, og þessari 1. umræðu síðan frestað. Jeg vona, að það þurfi ekki að taka mjög langan tíma, en gæti hins vegar orðið málinu til skýringar.

Árni Thorsteinson: Jeg hef áður átt kost á, að rita um lánsfjelög, og hef jeg verið þeim hlynntur. Þar eð nú er 1. umræða um málið, skal jeg leyfa mjer að fara nokkrum orðum um allt málið í heild sinni. Það eru ýmsar og það jafnvel óglöggar hugmyndir, sem menn geta gjört sjer um lánsfjelög, af því þau eru óþekkt hjer á landi. Það hefur komið fram samanburður á lánsfjelögum og banka. Sumir hafa viljað hafa lánsfjelög, en aðrir banka, eins og hjer væri um annaðhvort af tvennu að velja. Það, sem menn verða að gjöra sjer grein fyrir, er þetta, hvernig lánsfjelög eru, hvaða augnamið þau hafa og hver hagnaður sje að þeim. Fyrsta spursmálið er þá: Er þörf á þeim? Já, þeirra er sannarlega þörf hjer, og það er eigi að eins þörf á lánsfjelögum, heldur og á banka, því að báðar þessar stofnanir miða til þess, að efla líf og fjör í öllum viðskiptum manna í milli. Því næst má spyrja, hver er fyrsta ástæðan til þess, að þörf er á slíkum stofnunum. Menn hafa svarað, að aðalástæðan væri peningaleysið í landinu. Það sje langt frá mjer að neita því, að þetta sje mikilvæg ástæða, en jeg get þó ekki talið þetta hina fyrstu og helztu ástæðu. Það er að vísu satt, að «peningarnir eru afl þeirra hluta, sem gjöra skal». En peningarnir eru ekki ætíð fastir í hendi, heldur mjög svo á reiki. Þeir takmarkast stöðugt við þörf manna til þess að hafa þá sem viðskiptameðal í kaupum og sölum og öðrum peningastörfum. Jeg skal leyfa mjer, að til færa dæmi þessu til sönnunar. Menn hafa sjeð, að á síðari árum hafa flutzt inn í landið um 150,000 kr. á ári frá útlöndum fyrir hross og lifandi sauðfjenað. Hefur þetta bætt verulega úr peningaskortinum? Jeg neita því ekki, að þetta hafi bætt nokkuð úr honum, en jeg verð að segja, að það hefur alls ekki gjört það eins verulega, eins og margir kannske ætla. Því þó að þessir peningar hafi að eins lent í einstökum sveitum, að góðum mun hafa þeir orðið að forlagseyri, verið brúkaðir til innkaupa og fluttir burt úr landinu og horfið við það úr viðskiptum manna á milli. Eins og jeg sagði, þá takmarkast peningaforðinn við viðskiptaþörfina; þeir ganga úr einni hendi og í aðra, og svo eru og verða að jöfnuði, þegar allt er tekið í heild, ekki meiri peningar til í landinu en til að annast viðskiptin. Helzta ástæðan fyrir þörf á lánsfjelögum er því ekki að minni ætlun eingöngu peningaleysið, heldur miklu fremur hið aumkunarlega ástand, að því er snertir sjávarútveginn og landbúnaðinn. Því þó nú sjeu um 70,000 manna í landinu, er ástandið í þessu efni þó engu betra, en þegar ekki voru nema 56—60,000 manna í landinu. Af hverju kemur þetta? Vjer finnum ástandið og verðum að sjá ástæðurnar, til þess að geta bætt úr því. Reynslan sýnir: nú eru færri kýr í landinu en áður, og að minnsta kosti ekki

meiri eða litlu meiri sauðfjenaður. Vjer sjáum, að fólkinu hefur fjölgað, en líka hitt, að viðurværismagnið hefur ekki aukizt að sama skapi. Þegar landbóndinn þarf að gjöra jarðabætur eða sjávarbóndinn að bæta útveg sinn, þá vantar peningana, aflið til að geta gjört sjer búnaðiun arðmeiri. Ef nokkurn tíma hefur verið þörf á peningum, þá er það einmitt nú. Hversu mikið er nú ekki gjört til þess, að mennta menn. Menn eru sendir á útlenda búnaðarskóla, og talað er um að stofna hjer búnaðarskóla. En það þarf meira. Það þarf að útvega bændum höfuðstól til þess, að þeir geti bætt jarðir sínar meira en áður. Sú menntun og þekking, sem dag eptir dag verður almennari hjá oss, útheimtir meira og hægra verksvið. Jarðabæturnar krefja meiri vinnu, en bóndinn sjálfur með eigin höndum getur orkað; af jarðabótuuum kemur arðurinn, en með arðsvoninni vaknar hvöt til starfa og að leggja kostnað í sölurnar. Vjer sjáum því, að öll þörf er á lánsfjelögum eða öðrum lánsstofnunum hjer á landi, hvort sem litið er til peningaleysisins eða þarfarinnar á nýjum framkvæmdum. Gætum nú að, hvernig þessi lánsfjelög fullnægja hluttakendunum. Þeir, sem skulda eru í einu fjelagi; þeir bera ábyrgð fyrir allri skuldinni; þeir aptur, sem leggja fje í lánsfjelögin, eru eins og í öðru fjelagi eða flokki sjer. Mitt á milli beggja stendur fjelagsstjórnin. Þeir, sem hafa lánað fje út, hafa ekkert með þá að gjöra eða sýsla, sem tekið hafa lánið, og þeir, sem tekið hafa lán, hafa ekkkrt með þá að gjöra, sem lánað hafa út. Fjelagsstjórnin annast allt sem milligöngumaður fyrir hönd lántakandanna, og gætir jafnframt þarfa þeirra, sem leggja til fjeð. Ef mjer væri það leyfilegt, skal jeg skoða lánsfjelögin frá hlið þeirra, sem leggja í þau. Ef auðmaður lánar út peninga prívat, þá er hann umsetinn af þeim, sem vilja fá lánið út og suður, hefur áhyggjur og umstang með að taka vexti og vaka yfir láni sínu hjá skuldunaut, sem er í fjarska við hann, og ef hann svo þarf á peningum að halda, þá á hann mjög erfitt með að fá þá inn. Af þessu leiðir vantraust hjá peningamönnunum, svo að þeir vilja heldur láta peningana liggja á kistubotninum, eða þá kaupa arðberandi skuldabrjef, þar sem vextirnir eru vissir og hægt að þeim að ganga eins og í þessu tilfelli. Svo skal jeg og ganga yfir til hinna, sem taka lánið; þeir eiga ávallt hægt að fá það í lánsfjelaginu, þeir eru ekki í neinu beinlínis sambandi við hina, sem lána. Þeir þurfa ekki að vera að hugsa um skuldadaginn, því afborgunin er bundin við lengri tíma, t. a. m. 45 ár, og geta borgað tiltekna upphæð smátt og smátt. Með þessum smáu afborgunum venjast menn á sparnað, og er það einn hinn góði árangur af lánsfjelögunum. Enginn taki þó orð mín svo, að jeg haldi fremur fram lánsfjelögum, en öðrum lánsstofnunum. Það hefur opt komið að gagni og getur verið hagkvæmt, að fá lán eins og nú með 4%, en að jafnaði eru lánsfjelög öllu betri eptir sem optast stendur á fyrir lántakendum. Hver, sem skuldar, veit, að það hefur ekki lítið að þýða, að vera að bugsa um skuldadaginn. Það er kunnugt, að það er eitt hið mesta átumein þjóðarinnar, hvernig jarðirnar hafa skipzt og partazt með erfðum og öðru. Ef menn gengju í lánsfjelögin, gæti það mikið hjálpað til þess, að þessi skipting jarðanna í smá parta minnkaði. Með stofnun lánsfjelaga mætti að miklu komast hjá skaðlegri útpörtun jarðanna, það er hentara að úthluta skuldabrjefunum. Einn hinn helzti kostur lánsfjelaganna er, að þau fremur öðru geta hjálpað til að koma á sjálfsábúð í landinu. Þær almennu ástæður til nauðsynjar lánsfjelaganna eru því: hægari aðgangur til að fá lán til framkvæmda, peningaverzlunin, sem eykst, og það, að fá skuldabrjef, sem geta gengið manna í milli. Nú eiga ýmsir menn rúma millíón í konunglegum skuldabrjefum. Ef nú væru stofnuð lánsfjelög, sem gefa út skuldabrjef, þá mundu þessir menn eins vel kaupa hin íslenzku skuldabrjef, og eins mundu margir, sem nú hika við að lána peninga, láta þá í lánsfjelögin

Það getur því að minni ætlun ekki verið vafi á því, að þörf sje að stofna lánsfjelög, en það verður að gjöra það á hentugum tíma. Hve nær er þá sá hentugi tími? Hann er þegar rentufóturinn er í lagi eða nokkurn veginn jafn. Nú er svo, að einstakir menn eiga í konunglegum skuldabrjefum rúma milíón, og standa þau í 99½% eða jafnvel 100, það er: fullu verði. Fyrir og um 1870 stóðu þau ekki hærra en í 85% eða stundum minna, og þá hefði ekki verið sá hentugi tími að stofna lánsfjelög. Jeg álít, að þegar leiguburðurinn erlendis er jafn við lagarentuna, þá sje hagur að því, að stofna slík fjelög. Þess vegna get jeg ekki verið þeim samdóma, sem vilja draga þessa stofnun, því að einmitt nú er sá hentugi tími. Eptir 2 ár gæti rentufóturinn ef til vill á konunglegum skuldabrjefum verið stiginn upp, og þau keypt fyrir 92—94%, og þá er óhentugri tími, að stofna lánsfjelögin. Jeg er því fullviss um, að það verður aldrei hentugri tími að stofna lánsfjelögin, en einmitt nú. Þessi stofnun er langt frá svo háskaleg, sem menn óttast. Hjer gengur allt eðlilega til, þegar menn fara að venjast við hana. Jeg skal nú víkja að frumvarpinu sjálfu; það er í heild sinni að mestu mjög gott í mínum augum, en eptir því verða menn að muna, að það stofnar ekki lánsfjelag, heldur gjörir að eins mögulegt, að lánsfjelag sje stofnað; það setur reglur, en hefur engin áhrif á, hvort lánsfjelag er stofnað eða ekki. Lögin fyrir lánsfjelagi eða banka þurfa allt af að koma á undan, til tryggingar og verndar; það getur vel verið, að þó að þessi lög sjeu gefin út, þá verði ekkert fjelag stofnað og enginn áhugi á að stofna lánsfjelag; en það er nauðsynlegt engu að síður, að hafa lögin, til þess að þau sjeu til, þegar á þarf að halda. Það er heldur ekki sagt, að lánsfjelagið verði stofnað alveg á sama hátt og til er ætlazt í þessu frumvarpi; það geta verið ýmsar ákvarðanir, sem ekki þykja við eiga, þegar til kemur, en sem sumrýmast því verksviði, sem stofnuninni er sett. Jeg skal nefna sem dæmi eina ákvörðun í frumvarpinu, og það er trygging sú, sem landssjóðurinn gefur, að goldnir verði 4½% p. a. af skuldabrjefum fjelagsins; en jeg get ekki fundið, að ástæða sje til, að fjelagið eptir þeirri ákvörðun ekki megi gefa þau út á 4% eða 5%, því að hversu háa vexti sem lánsfjelagið setur, þá ábyrgist landssjóðurinn að eins 4½% og ekki aðra lægri vexti, sem stofnunin kann að áskilja. Jeg álít t. a. m., að það væri rjettara, að ávaxta skuldabrjefin með 4%, en 4½ og 5%. Samþykktir fjelagsins ákveða þannig allt hið sjerstaklega. Jeg hef áður optlega hugsað um lánsfjelög, og mín skoðun hefur verið og er sú, að þau sjeu nauðsynleg, og að hjer í landi þyrfti jafnvel fleiri en eitt. Jeg skal gjöra, að jarðeignir í landinu sjeu 8,000,000 kr. og húseignir 2,000,000 kr.; helmingurinn af því er 5,000,000 kr., og ef tekið er veð, hvílandi í jörðum og húsum, upp á 4—5,000,000 kr., þá sjest, að það er nóg sviðrúm bæði fyrir banka og lánsfjelög. Jeg vil því mæla fram með frumvarpi þessu, bæði af því að lánsfjelög eru góð í sjálfu sjer, og af því, eins og landshöfðingi tók fram, að þau eru nauðsynlegt skilyrði fyrir því, að koma peningaskortinum hjer í landi í gott horf. Við þurfum sparisjóði, við þurfum að nota í viðskiptum vorum ávísanir, víxla, lánsfjelög, þá koma víxilbankar og hinir aðrir bankar af sjálfu sjer. Lánsfjelög útiloka ekki banka eða aðrar stofnanir, sem hjálpa til þess að gjöra peningaverzlunina liflegri hjer á landi og efla öll viðskipti með því, að gjöra hægt að fá peninga til hvers sem er, og sem verðskuldar það, að peningar sjeu í það lagðir. Jeg skal ekki fara út í einstök atriði í frumvarpinu, en vona, að deildarmenn virði mjer til vor-

kunnar, þó að jeg hafi talað um þetta mál, sem er svo áríðandi fyrir land og lýð, og mæli fram með því.

Þá var eptir tillögu þingmanns Eyfirðinga kosin 3 manna nefnd í málið, og fyrstu umræðu frestað. Fyrir kosningu urðu þessir:

Skúli Þorvarðarson með 6 atkv.
Einar Ásmundsson — 5 —
Jón Pjetursson — 5 —
Sigurður Melsteð — 5 —

var því varpað hlutkesti um þá 3, sem jöfn atkvæði höfðu fengið, og komu upp hlutir þeirra Jóns Pjeturssonar og Einars Ásmundssonar.

Í nefndinni var Jón Pjetursson kosinn formaður, en Einar Ásmundsson skrifari og framsögumaður.

FRAMHALD FYRSTU UMRÆÐU Í EFRI DEILD,

á 33. fundi, 11. dag ágústmánaðar.

Nefndarálit sjá I, 402—404.

Framsögumaður (Einar Ásmundsson): Jeg imynda mjer, að eins og þetta mál er nú komið, þá þurfi ekki miklar umræður um það á þessum fundi. Nefndin hefur lýst yfir skoðun sinni á málinu í áliti því, sem hjer liggur fyrir, og kannast hún fyllilega við hinn góða tilgang þess, og að það fari í rjetta stefnu, að því leyti sem reynt er að ráða bót á peningaeklunni í landinu. En af því að nefndin áleit, að mál þetta væri mjög mikilsvarðandi, þá leitaðist hún við að sjá fleiri vegu, og að reyna að skoða sem flesta vegu til þess að bæta úr peningavanhag landsins, sem öllum er kunnur. Þess vegna hefur nefndin leyft sjer að koma með sjerstakt frumvarp, er fer í sömu átt, en þó nokkuð á annan veg, sem síðar kemur til umræðu, og sem jeg því ekki skal tala frekar um í þetta sinn. Jeg vona, að allir sjeu nefndinni samdóma í því, að þetta mikilsverða mál þurfi að ræðast með stillingu, rósemi og hyggindum, en ekki að gjöra það að blindu kappsmáli, heldur eigi að skoða það á sem flestar hliðar. Nefndin hefur ekki komið fram með neinar breytingar við frumvarp þetta, en leggur það aptur til, að það sje látið ganga til 2. umræðu; hún hefur óskað, að annar vegur væri jafnframt rannsakaður, ef mönnum virtist, að hann væri betri að því leyti, að hann kynni að vera kostnaðarminni fyrir landssjóðinn; því að nefndinni befur þótt það aðalgallinn á lánsfjelagsfrumvarpinu, að tilhögunin yrði ærið kostnaðarsöm fyrir landssjóðinn. Jeg finn svo ekki ástæðu til að tala meira um þetta mál að svo stöddu.

Landshöfðingi: Jeg skal fúslega kannast við, að hinni háttvirtu nefnd hefur gengið hið bezta til með nefndaráliti sínu og frumvarpi því, sem hún hefur komið fram með um stofnun landsbanka á Íslandi, og sem stendur á dagskrá á þessum fundi. Þar sem nefndin leggur til, að stjórnarfrumvarpið sje látið ganga til 2. umræðu, og henni svo frestað, þar til sjeð verður, hverjar undirtektir bankafrumvarpið fær, þá er jeg henni alveg samdóma um það, og mjer virðist sanngirni mæla með því, að deildin taki þessa tillögu til greina. Að svo stöddu skal jeg ekki tala meira um málið, enda mun mjer gefast tækifæri á því seinna. Jeg vil taka undir með þingmanni Eyfirðinga, að jeg vona, að þingmenn hjer í deildinni skoði málið með stillingu og rósemi, en gjöri það ekki að neinu kappsmáli.

Þar næst var gengið til atkvæða, og málinu vísað til 2. umræðu í einu hljóði.

ÖNNUR UMRÆÐA Í EFRI DEILD,

á 44. fundi, 23. dag ágústmán.

Breytingartillögur
við frumvarp til laga um stofnun lánsfjelags fyrir eigendur fasteigna á Íslandi, frá nefndinni.

1. Við 2. gr. tölulið 2. Fyrir 4½ komi 4.
2. Við sömu gr. tölul. 3. Fyrir 5,000 komi 3,000, og fyrir 2,000 komi 1,000.

Síðari málsgrein liðsins orðist þannig: «Ársstyrkur þessi fellur niður, þegar fjelagið hefur staðið 5 ár».

3. Við sömu gr. tölul. 4. Þessi töluliður falli burt.
4. Við sömu gr. tölul. 7. Orðin: «eða, ef á þarf að halda, leggja hana fjelaginu út til eignar» — þetta allt falli burt.
5. Við 4. gr. staflið a. Fyrir 500,000 kr. komi 300,000 kr., og seinni hluti stafliðsins falli burt.
6. Við sömu gr. staflið b. Síðasta málsgr.: «Þó er . . . 4». falli burt.
7. Við sömu gr. staflið e. Síðasta málsgr.: «Eignir þær . . . virði» falli burt.

Framsögumaður (*Einar Ásmundsson*): Þar er nú til máls að taka, sem fyr var frá horfið. Þetta frumvarp hefur beðið nokkra daga, svo að sjeð yrði fyrir afdrif annars máls, sem nefndin leyfði sjer að leggja fyrir þessa deild, um stofnun landsbanka á Íslandi. Þessi deild ræddi það mál ýtarlega og samþykkti, og vona jeg, að það verði henni aldrei til ámælis, og sízt vildi jeg hafa stuðlað til þess, en neðri deildin hefur nú fellt málið, svo að ekki er framar um það að tala. Jeg þarf ekki að fara að tala um almenna peningaverzlun eða peningastofnanir; það mál hefur nú verið rætt mikið að undanförnu, og jeg býst ekki við, að hægt sje að skýra það frekar. Það mætti ef til vill ætla, að það hafi komið flatt upp á menn og ekki sem bezt undirbúna, að fara nú á þessu þingi að ræða um peningastofnanir og peningaverzlun; það er skammt síðan að farið var að rita um auðfræði hjer á landi, og menn eru því ekki langt komnir inn í þess konar efni. Jeg skal að eins leyfa mjer að segja það, að þetta mál er eitt af aðalmálum og nauðsynjamálum landsins, og menn þyrftu því að gjöra sjer ljósari hugmynd um það, en almennt er orðið; það þarf að komast inn í meðvitund fólksins, inn í hvern stað í landinu, hvert hús í stöðunum og hverja sál í húsunum. Aðalmunurinn á banka og annari eins stofnun, sem hjer er um að ræða, er sá, að bankinn er byggður á því, að menn sem eiga peninga, leggja saman peninga sína og verzla með þá; en slík stofnun sem þetta lánsfjelag er byggð á því, að menn vanti peninga, þurfi á peningum að halda, en hafi þá ekki. Þegar rætt var um bankann hjer í deildinni, þá þótti sumum aldrei ætlað nóg fje, er vera skyldi fyrirliggjandi til tryggingar seðlum þeim, sem út yrðu gefnir; en hjer í þessari stofnun virðist mönnum nægileg trygging án nokkurra fyrirliggjandi peninga; jeg get ekki skilið í því, að þessir hinir sömu menn, sem mest fundu að tryggingarleysi bankans, skuli aðhyllast sama tryggingarleysi hjá lánsstofnaninni; mjer finnst það ekki samkvæmt sjálfu sjer. Það hlýtur að vera öllum ljóst, að þessi stofnun, sem kölluð er lánsfjelag, og jeg vil vona, að bún beri nafn með rentu og þurfi aldrei að beita «ólánsfjelag», að þessi stofnun er ekki annað en tafl með pappíra; hún getur varla heitið peningaverzlun. Jeg skal skýra þetta með einföldu dæmi: Jeg þarfnast peninga, tek mjer pappír í hönd, sezt niður og skrifa, að jeg sje skuldugur stofnuninni um t. a. m. 1000 kr., og afhendi lánsstofnuninni svo þennan pappírsmiða. Móti þessu veðskuldabrjefi fæ jeg ekki 1000 kr. í gull- og silfurpeningum, því gull eða silfur hefur hún ekki, heldur skrifar lánsstofnunin annað brjef, og segir: «Jeg, lánsstofnunin, er skyldug eiganda þessa brjefs um 1000 kr.», og afhendir mjer svo þetta brjef. Jeg hef þá gefið stofnuninni skuldabrjef, og það, sem jeg fæ, er ekki annað en skuldabrjef. Munurinn er ekki annar. Það, sem jeg græði á þessum viðskiptum, er, að meiri líkur eru til, að aðrir menn beri betra traust til lánsstofnunarinnar held-

ur en til mín, einstaks manns, og þori heldur að kaupa hennar skuldabrjef heldur en mitt. Að kalla þessa stofnun «lánsfjelag», er ekki heppilegt orð; hið venjulega nafn, sem Danir gefa slíkri stofnun sem þessari, er samtvinnað úr latínu og dönsku, og ef orðinu væri snúið beinlínis á íslenzku, þá ætti stofnunin að heita «tiltrúarsameining», því að það er að eins tiltrú og ekkert annað, sem stofnunin er grundvölluð á; þetta vona jeg að öllum sje ljóst. Það má byggja á tiltrú, ef hún er til, og það má bjarga sjer við lánsfjelag, ef ekki er neinn betri grundvöllur til að nota. En jeg álít, að landssjóði beri ekki að leggja stórkostnað í slíka stofnun, og jeg álít það aðalgallann á þessu frumvarpi, að landssjóðurinn leggur til stórfje og tekur upp á sig afarmikla ábyrgð. Nefndin álítur, að landssjóður geti ekki lagt til svo mikinn kostnað, sem frumvarpið fer fram á. Frumvarpið ætlast til, að á fyrstu 5 árunum hafi landssjóðurinn 19,000 kr. kostnað til stofnunarinnar, fyrir utan alla ábyrgðina; ef stofnunin verður ekki á 10 árum orðin sjálfbjarga, þá verður kostnaðurinn 33,000 kr.; en eptir tillögum nefndarinnar verður hann ekki nema 8,000 kr. í 5 ár. Ef tillögum nefndarinnar verður fylgt, og stutt verður að fjelaginu með góðri stjórn, sem sje reglusöm og ráðvönd, þá álítur nefndin, að þessi stofnun sje að vísu betri en ekki neitt, og geti orðið undirbúningur til annars meira. Nefndin er á því, að færa ábyrgðina í 2. gr. 2. niður í 4%, eins og er í stjórnarfrumvarpinu. Eptir því sem á stendur hjer á landi í peningaviðskiptum, virðist ekki þörf á að færa ábyrgðina hærra upp en í 4%, og nefndin álítur, að landssjóðurinn gjöri full-vel að taka að sjer þá ábyrgð. Hin önnur breyting nefndarinnar er við tölulið 3 í sömu grein, að fyrir 5000 kr. komi 3000 kr. Nefndinni sýndist fullkomlega nægilegt til þess, að koma fótum undir stofnunina að veita 3000 kr., til þess að útvega hin nauðsynlegu áhöld, prenta skuldabrjef og þess háttar; jeg get heldur ekki skilið, fyr en jeg er búinn að sjá áætlun, að meira þurfi, og álít, að 3000 kr. enda sje ríflega tiltekið. Svo hefur nefndin álitið, að stjórn þessarar stofnnnar sje ekki svo vandasöm eða umsvifamikil, að hún þyrfti að vera svo ákaflega dýr, og því hefur nefndin leyft sjer að leggja það til, að árlegi styrkurinn úr landssjóði væri ekki nema 1,000 kr. Enn fremur hefur nefndin lagt það til, að styrkurinn væri ekki nema í 5 ár, því að hún álítur, að eptir svo langan tíma sje útsjeð um, hvort stofnuuin geti borið sig eða ekki, hvort hún geti áunnið sjer tiltrú eða ekki, og þess vegna þurfi ekki ákvörðuu um, að landssjóður leggi henni fje um óákveðinn eða endalausan tíma. Þriðja breytingartillaga nefndarinnar er sú, að 4. töluliður í 2. gr. falli burt. Í þessum tölulið er ætlazt til, að landssjóðurinn taki 200,000 kr. lán hjá stofnuninni, svari henni vöxtum af því, en fái aptur vexti af skuldabrjefum hennar upp á sömu upphæð, en þessir vextir verða þó eðlilega talsvert minni. Nefndinni virtist þetta pappírstafl of umsvifamikið, og að það væri ekki til nokkurs gagns fyrir lánsfjelagið en til skaða fyrir landssjóðinn; enda sjest það í ástæðunum fyrir stjórnarfrumvarpinu, að stjórnin hefur verið á báðum áttum, hvort rjett væri, að landssjóðurinn tæki þetta lán að þarflausu, og nefndin áleit, að ekkert væri unnið við það. Hinar aðrar breytingar nefndarinnar leiðir af sjálfu sjer af hinum breytingunum, og þurfa ekki útskýringar við. Jeg vil skjóta því til hinna háttvirtu deildarmanna, hvort þeir eigi vilji fallast á breytingar nefndarinnar, og byrja í smáum stýl til reynslu, svo að ekki verði sagt, að þingið hafi hafnað öllum tillögum, sem fram hafa komið um þetta efni, heldur tekið hið umsvifaminnsta. Skyldu menn ekki fallast á breytingartillögur nefndarinnar, heldur vilja hafa frumvarpið, eins

og það nú er, að landssjóðurinn taki þetta stóra lán og þessa miklu ábyrgð, þá get jeg ekki greitt atkvæði með frumvarpinu.

Landshöfðingi: Samkvæmt uppástungu nefndarinnar, þá var nefndarálitið ekki rætt, þegar mál þetta var síðast til umræðu, en málinu þá vísað orðalaust til 2. umræðu, til þess er útsjeð yrði um, hvort frumvarp það um stofnun landsbanka á Íslandi, er nefndín kom með, fengi framgang eða ekki. Þess vegna er nauðsynlegt að nokkru leyti nú að ræða nefndarálitið, að því er snertir lánsfjelagið. Síðan skal jeg með fáeinum orðum benda á breytingartillögur þær, sem nefndin hefur gjört.

Eins og jeg við 1. umræðu þessa máls var samþykkur þeirri uppástungu nefndarinnar, að láta landsbankann sitja í fyrirrúmi og þetta frumvarp bíða, eins vona jeg nú, að hin háttvirta deild og hin háttvirta nefnd gjöri sitt til þess, að gjöra þetta frumvarp svo úr garði, að það verði ekki til þess að hafna þessari tilraun frá stjórnarinnar hálfu, að ráða bót á peningaskortinum, sem hjer er í landinu, og sem allir verða að játa að nauðsynlegt sje að bæta úr. Jeg vona, að úrslit þessa máls verði ekki á þann veg, að þeirri tilraun, sem hjer er gjörð, verði hafnað; en jeg kalla, að þessari tilraun sje hafnað, ef frumvarpið verður samþykkt í því formi, að tilganginum ómögulega geti orðið náð.

Nefndin hefur í áliti sínu talið það ókost á frumvarpinu, að «ærið útdráttarsamt verður fyrir hluttakendur að fá lán hjá fjelaginu, og ófýsilegt fyrir marga, að setja eigi að eins veð fyrir sinni eigin skuld, heldur og fyrir skuldum annara». Jeg held, að þessi skoðun nefndarinnar sje ekki á rökum byggð; jeg held, að það veiti ekki svo örðugt að fá lán hjá fjelaginu, og svo verði hægt að útvega reiðu-peninga í stað skuldabrjefa þeirra, sem fjelagið gefur út, á móti skuldabrjefum einstakra manna; en þessi skuldabrjef fjelagsins verða að ganga manna á milli hjer á landi, eins og gjörist alstaðar í öðrum löndum; það er að eins komið undir því, að fjelaginu sjeu veitt nægileg hlunnindi til þess að útvega því traust; geti fjelagið það, þá getur það átt víst, að skuldabrjef þess sjeu eins góð manna á milli og reiðu-peningar. Það er snertir hina solidarisku ábyrgð, sem nefndin hefur bent að, þá mun hún ekki baka hlutaðeigandi nein útgjöld, ef fjelaginu er stjórnað vel, og til þess miðar 4. gr. En það eru kostir á frumvarpinu, sem að mínu áliti vega meir en upp á móti ókostum þeim, sem nefndin hefur lýst, og þeir ern: að lántakendurnir fá vissu fyrir, að láninu verði ekki upp sagt, og í annan stað, að lánið endurborgast á ákveðnum tíma, þannig að lántakandinn hefur á 45 árum, án þess að finna nokkuð til þess, endurborgað lánið; það er með öðrum orðum: lánsfjelagið verður fyrir hvern hluttakanda sparisjóður, þar sem hann er neyddur til að leggja inn það, sem á 45 árum nemur allri upphæð lánsins. Ennfremur hefur nefndinni fundizt það athugavert, og framsögumaður tók það fram í ræðu sinni, að stofnun lánsfjelagsins væri of kostnaðarsöm fyrir landssjóðinn.

Jeg skal þá fyrst leyfa mjer að taka það fram, af því að jeg álít, að það sje óljóst fyrir deildinni, að það er ekki landssjóðurinn, sem stofnar lánsfjelagið, en það er löggjafarvaldið, sem að eins gjörir það mögulegt, að landsmenn, ef þeir vilja, geti stofnað lánsfjelag. Þetta er tilgangurinn með frumvarpinu, að styðja að því, að landsmenn geti stofnað lánsfjelag, og ákvarðanir frumvarpsins eru byggðar á þeirri skoðun, að fjelagið sje landinu í hag, og geti gjört, ekki að eins landssjóðnum, heldur og miklu fremur landsmönnum gagn. Út frá þeirri skoðun er nauðsynlegt að ganga, að, verði hjer á landi einhverju fyrirtæki komið á stofn, þá eigi að styðja

að því frá landssjóðsins hálfu, að minnsta kosti fyrst um sinn, og uppástunga nefndarinnar um landsbankann var einmitt byggð á þessari grundvallarreglu. Þegar um slíkan styrk úr landssjóði er að ræða, þá þarf að taka til yfirvegunar, hvort hann sje meiri en fyrirtækið er vert, og hvort hann valdi landssjóðnum ekki óbærilegri byrði; en jeg held, að neðri deildin hafi tekið nægilegt tillit til beggja atriða.

Jeg skal stuttlega taka fram, hve mikill kostnaður fellur á landssjóð við stofnun þessa lánsfjelags eptir frumvarpinu, eins og það er samþykkt af neðri deild. Styrkurinn er: fyrst 5000 kr. í eitt skipti fyrir öll, þá allt að 2000 kr. árlegur styrkur, en sem fellur niður, þegar helmingur tillags þess, sem lántakendur eiga að gjalda árlega til viðlaga- og forstöðusjóðs fjelagsins nemur 2000 kr., og í þriðja lagi gjörist landssjóðurinn hlutareigandi fyrir 200,000 kr. láni. Viðvíkjandi þessum síðastnefnda styrk, sem framsögumaður sjer í lagi hafði á móti, þá skal jeg geta þess, að landssjóðurinn, sem stendur, ekki þarf lánsins við, og að svo miklu leyti mætti sleppa því; en á hinn bóginn getur landssjóðurinn veitt lánsfjelaginu beinlínis mjög verulegan styrk, með því á þennan hátt að styðja að því, að lánsfjelagið komist á stofn innan skamms, og með því að taka þátt í kostnaði við stjórn fjelagsins. En enn meiri styrkur veitist lánsfjelaginu óbeinlínis með þessari ákvörðun, því að ákvörðunin sýnir, að stjórn og þing hefur það traust til fjelagsins, sem nauðsynlegt er, og styrkir það lánstraust, sem fjelagið ekki má án vera, til þess að skuldabrjef þess geti haft ákvæðisverð sitt. En kostnaðurinn við þennan styrk fyrir landssjóðinn nemur samtals 800 kr. á ári, því að frá honum ber að draga þá upphæð, sem varið verður til afborgunar upp í lánið, þannig að lánið sje að fullu endurborgað á 45 árum. Um þessi 45 ár gjöra þessar 800 kr. á ári samtals 36,000 kr.; þar við bætist styrkurinn í eitt skipti fyrir öll 5000 kr., og árlegi styrkurinn 2000 kr., sem jeg vil telja um 10 ár, þó að hans að öllum líkindum þurfi ekki við nema fyrir 5 ár; en fyrir 10 ár verður hann 20,000 kr.; þess vegna verður styrkurinn alls 61,000 kr., og sje þessari upphæð skipt niður á allt tímabilið, sem hjer ræðir um, nfl. 45 ár, þá verður hinn árlegi styrkur að eins 1,355 kr. eptir tillögum frumvarpsins. Ef frumvarpið verður samþykkt óbreytt, eins og það kom frá neðri deildinni, og fjelagið verður stofnað með 4½%, þá verður þessi kostnaður eigi að eins endurborgaður á ári með þeim hærri vöxtum, sem landssjóðurinn fær, með því að skipta hinum konunglegu og prívat skuldabrjefum, að upphæð 540,000 kr., í lánsfjelags skuldabrjef, því að ½%, sem hann fær umfram það, sem hann nú fær, af 540,000 kr., er 2700 kr. eða helmingi meira en kostnaðurinn sjálfur. En ef fjelagið er stofnað með 4%, og vextirnir vega upp á móti þeim vöxtum, sem landssjóðurinn nú fær af skuldabrjefum sínum, þá verður kostnaðurinn samt ekki nema 1355 kr. á ári. Jeg held, að þingmönnum sje nú ljóst, hve þungbær þessi kostnaður í raun og veru er fyrir landssjóðinn, og hvort það er á rökum byggt, að segja, að kostnaðurinn sje «óbærilegur» fyrir landssjóðinn. En vilji þingmenn hafna þessari tilraun, sem framsögumaður sagði, að hann ekki óskaði, vilji þingmenn hafna þessari tilraun, með því að taka burt þau hlunnindi, sem gjöra það mögulegt, að lánsfjelag sje stofnað af landsmönnum, þá læt jeg það alveg á þingsins vald. Tilraun sú frá stjórnarinnar hálfu, sem hjer er gjörð, er á góðum rökum byggð, en það er á valdi hennar háttvirtu efri deildar að hafna henni, ef hún vill.

Þegar jeg er nú búinn að lýsa skoðun minni um lánsfjelagið, get jeg látið mjer

nægja, að fara fáeinum orðum um breytingaratkvæði nefndarinnar. Getur lánsfjelag stofnazt með hlunnindum þeim, sem nefndin stingur upp á að landssjóður veiti? Jeg er viss um, að það er ómögulegt. En gæti það orðið stofnað, þá skyldi jeg vel fallast á tillögur nefndarinnar, því að það er ekki tilgangur stjórnarinnar, að veita meiri hlunnindi en nauðsynlegt er, til þess að gjöra landsmönnum mögulegt að stofna lánsfjelag, sem dugi. Jeg er ekki á móti hinni fyrstu breytingu nefndarinnar, að taka upp aptur þá ákvörðun stjórnarfrumvarpsins, að í stað 4½% komi 4%. En tilgangur neðri deildarinnar með þessari breytingu var sá, að sjeð yrði um, að skuldabrjef fjelagsins alltaf gætu átt víst, að vera seld með ákvæðisverði, svo að menn gætu átt víst, að fá í reiðu-peningum það, sem skuldabrjefið hljóðaði upp á. En samt sem áður skal jeg ekki vera á móti þessari breyting nefndarinnar. Breyting nefndarinnar undir 2. tölulið «fyrir 5000 kr. komi 3000 kr., og fyrir 2000 kr. komi 1000 kr.» og «ársstyrkur þessi fellur niður, þegar fjelagið hefur staðið 5 ár», er vel skiljanleg, en með þessari niðurfærslu á styrknum úr landssjóði, þá held jeg að enginn muni takast á hendur að koma lánsfjelaginu á stofn. Ef deildin samþykkir þessa breytingartillögu, þá verður afleiðingin sú, að deildin hafnar þessari tilraun til þess að koma peningastofnun á hjer á landinu. Aptur á móti er jeg viss um, að ársstyrkurinn muni falla niður eptir 5 ár, og því er jeg ekki á móti þessari tillögu, að bann haldist að eins 5 ár, í sjálfu sjer, en jeg skal samt ekki að svo stöddu mæla með henni. Hin þriðja breytingartillaga nefndarinnar er, að 4. tölulíður 2. gr.: «að landssjóðurinn gjörist hlutareigandi í fjelaginu fyrir allt að 200,000 kr. láni», falli burt. Jeg er búinn að skýra frá skoðun minni um þessa ákvörðun frumvarpsins, og jeg álít alveg sama að samþykkja þessa breytingartillögu nefndarinnar, sem að hafna þeirri tilraun, sem með frumvarpinu, eins og neðri deild samþykkti það, er gjörð; þess vegna er jeg sterklega á móti þessari breytingartillögu. Sjeu þingmenn þeirrar skoðunar, að ekki sje tilvinnandi, að láta landssjóðinn styðja að þessu fyrirtæki með meira en samtals 8000 kr., skipt niður á 5 ár, ef þingmenn, segi jeg, ekki álíta fyrirtækið þess vert, þá er betra að láta frumvarpið falla. Að svo mæltu skal jeg ekki fara fleirum orðum um málið að sinni.

Benidikt Kristjánsson: Jeg skal játa það, að jeg er ekki mikið inni í þessu máli, en af því jeg er þingmaður og á að gefa atkvæði um málið, þá finn jeg mjer skylt, að láta álit mitt í ljósi, áður en til atkvæða kemur. Mjer hafa fundizt ástæður landshöfðingja á svo góðum rökum byggðar, að jeg álít, að það sje sama sem að fella frumvarpið, ef breytingartillögur nefndarinnar fá framgang. Jeg get ekki skilið, að hjer í breytingartillögunum sje gjört ráð fyrir nægilegri hjálp fyrir þá stofnun, sem er svo kraptalítil, að engin hjálp getur orðið að liði, nema eitthvað mikið kveði að henni. Þess vegna er jeg eptir minni sannfæringu á móti breytingartillögunum, ef lánsfjelagið á að geta komizt á. Aptur að hinu leytinu skal jeg ekki lá nefndinni, þótt henni virðist ískyggilegt, að landssjóðurinn leggi út jafnmikið fje til þess að koma stofnuninni á fót, sem í frumvarpinu er gjört ráð fyrir. Jeg skal taka fram þau atriði í frumvarpinu, sem jeg álít fjártjón fyrir landssjóðinn. Það er þá fyrst þessi 5000 kr. styrkur í eitt skipti fyrir öll; í annan stað 2000 kr. ár hvert um óákveðinn tíma, ef til vill svo lengi, sem stofnunin stendur, ef hún kemst á; svo rentumissir af 200,000 kr., sem landssjóðurinn, hinn ríkasti af hinum ríku hjer á landi, verður að líða. Jeg get ekki skilið, að landssjóðurinn eigi að taka á móti 200,000 kr. láni og borga talsvert hærri vöxtu en hann fær af því fje, sem hann sjálfur lánar út. Þá hefur landssjóður enn fremur ábyrgð á því, að goldnir verði 4½% á ári í vöxtu af skuldabrjefum þeim, sem fjelagið gef-

ur út, og loksins er þessi solidariska á-byrgð, sem landssjóður ásamt með öllum hlutareigendum tekur á sig. Þetta allt saman kostar landssjóðinn mikið. En nú er spursmálið: verður það þá sýnilegur hagur fyrir landsmenn á hinn hóginn, og hvernig vinna þeir það upp, sem landssjóður lætur af mörkum? Hvernig er þá ástand sjálfra hlutareiganda fjelagsins? Það eru allar líkur til, að enginn gjörist hlutareigandi í fjelaginu óneyddur; en þó verða þeir, sem nú eru í skuld við landssjóðinn, og ekki geta leyst inn skuldabrjef sín, að nokkru leyti neyddir inn í fjelagið; þeim er enginn annar vegur opinn en að flytja þessa skuld inn í fjelagið. Hvað fær nú landssjóðurinn af þessum skuldunautum sínum? Hann fær pappírsmiða, og ef hann tekur þá fyrir ákvæðisverð, þá hefur hann skaða af, því ólíklegt er mjög, að honum verði svo mikið fje úr þeim. En jeg gjöri ráð fyrir, að hann vilji ekki líða, mikið tjón af hlutabrjefum lánsstofnunarinnar, heldur hafi landsstjórnin vaðið fyrir neðan sig, og segi: «Nei, góðurinn minn, við getum ekki tekið miðana fyrir ákvæðisverð; þú fær ekki nema 80—90 fyrir hvert hundrað af ákvæðisverði þeirra hjá mjer». Þetta verður sýnilegur skaði fyrir lántakendur, að jeg ekki tali um það, að þessir menn hafa tekið lánið hjá landssjóði undir allt öðrum skilyrðum, en þeir nú verða að gangast undir, þar sem þeir nú komast í samband, sem veldur þeim meiri fjárútláta fyrst og fremst með því, að þeir verða að borga hærri rentu til lánsstofnunarinnar, og þar að auki með þeirri skyldu, sem þeim er lögð á herðar, að borga hæfilegt tillag til kostnaðar við stjórn fjelagsins. Sambandið í lánsstofnuninni getur að öðru leyti ekki álitizt að vera annað, en að hver sjúgi hrammana á hinum, meðan nokkur feiti er til í honum, en þegar hún er búin, þá sje ekki annað en endirinn verði, að hver jeti annan upp. Hvernig svo sem með hlutabrjefin gengur, þá er það skaði, að menn, sem fá þau, verða að borga hærri rentu, og og það má ganga að því vísu, að þau aldrei gangi fyrir ákvæðisverð. Jeg skal taka eitt dæmi: Jeg þarf að gjöra jarðabætur, og þarf að borga hverjum verkmanni sín daglaun; jeg hef ekki nema hlutabrjef, en get ekki klippt þau í sundur og þeytt sneplunum í vinnumennina; jeg verð því að fara til kaupmannsins og selja honum miðann, en hann vill ekki gefa mjer fullt verð fyrir hann, er hann á að greiða peninga á móti. Hjer er opið tjón fyrir landssjóðinn að ræða um og fyrir hlutareigendur í þessu fjelagi. Jeg skal leiða bjá mjer að til taka nokkuð með tölum, jeg hef ekki búið mig undir það, enda er það ekki nauðsynlegt, þegar aðalatriði málsins eru tekin til greina. Jeg skal taka það að síðustu fram, hvernig frumvarpið er úr garði gjört. Hjer er talað um fulltrúa, hvernig verða þeir til? Það er talað um, að fulltrúarnir kjósi annan endurskoðunarmanninn, en oddviti fjelagsstjórnarinnar sje staðfesting ráðgjafans háður. Hvernig hefur þessi oddviti orðið til, og hver á að kjósa hann? Jeg sje ekki annað, en þessir stjórnendur hafi orðið til í frumvarpinu, eins og þegar gorkúlur vaxa upp í túni.

Landshöfðingi: Jeg vil leyfa mjer að taka það fram, að jeg skil ekki mótbárur hins háttvirta þingmanns Norður-Þingeyinga gegn lánsfjelaginu, að því er snertir fulltrúa, endurskoðunarmenn, oddvita o. s. frv., sem hann tók fram að ekki væri hægt að sjá hverjir ættu að vera, og hverjir ættu að kjósa. Hinn háttvirti þingmaður hefur víst ekki lesið 4. gr. frumvarpsins, og ekki hugsað um það, að eins og jeg tók fram, þá er ekki sá tilgangur með þessu frumvarpi, að stofna lánsfjelagið, heldur að gefa landsmönnum kost á, að stofna það. Til þess að lánsfjelagið geti vænzt, að samþykktir þess verði staðfestar, útheimtist meðal annars eptir 4. gr. h, «að ákveðið sje í samþykktunum, að fulltrúarnir kjósi stjórn

fjelagsins alla og annan endurskoðunarmanninn, en að oddviti fjelagsstjórnarinnar sje staðfestingu ráðgjafans háður, sem einnig kjósi hinn o. s. frv». Ef þiugmaðurinn vill lesa þetta og íhuga það, þá er jeg fullviss um, að honum verður fullljóst, að mótbára hans ekki er á rökum byggð í þessu efni, og jeg verð að segja það, að mjer er alveg óskiljanlegt, að þessi grein skuli hafa verið þingmanninum svo óljós, sem út lítur fyrir. Hinn háttvirti þingmaður hefur þegar lýst því yfir, að hann hvorki ætli sjer að greiða atkvæði með breytingaratkvæðum nefndarinnar, nje með frumvarpi neðri deildarinnar, heldur ætli að hafna málinu, og þess vegna mun ekki til neins fyrir mig að fara að leitast við að sannfæra hann um gagn það, er af þessari stofnun getur leitt, enda skal jeg heldur ekki teíja tímann á því.

Jón Pjetursson: Jeg get ekki betur sjeð, en að landssjóður leggi of mikið fje út til að stofna fjelagið, því jeg er hræddur um, að það geti aldrei orðið að tilsvarandi notum eptir því, sem til hagar hjer á landi. Hinn hæstvirti landshöfðingi áleit það hægt fyrir hlutareigendur í fjelaginu, að fá peninga fyrir hlutabrjef, sem lánsfjelagið gefur út, en jeg held þvert á móti, að þetta verði ekki hægt, þar sem önnur eins peningaekla er, eins og hjer á landi, nema með sterkum afföllum, og þá ímynda jeg mjer, að þeir, sem þurfa lán, fari ekki til stofnunarinnar, heldur til þess manns, sem þeir halda að hafi svo mikla peninga, að hann geti keypt skuldabrjefið af sjer, og beiddu hann að lána sjer peninga, því þeir kynnu þá að fá meira lán hjá honum, en hjá lánsstofnuninni, af því hann er ekki eins heimtufrekur með veð, eins og lánsfjelagið. Í 5. grein stendur: «Svo framarlega, sem það verður heimtað á nokkru reikningsári af hlutareigendunum, að þeir greiði 1 af hundraði af þeirri upphæð, sem þeir hafa fengið til láns, til þess að fullnægja þeirri ábyrgðarskyldu, sem þeir hver með öðrum (*solidarisk*) hafa undirgengizt o. s. frv., *er landshöfðingja heimilt að taka ráðin af fjelaginu, og ef til vill láta það hætta störfum sínum*» o. s. frv. Af þessum síðustu orðum má ráða, að gjört sje ráð fyrir því, að fjelaginu geti gengið illa; en grein þessi er alveg nauðsynleg, þar sem er að ræða um svo mikið framlag úr landssjóði til stofnunar lánsfjelagsins, en allt fyrir það liggur þó það í þessari ákvörðun, að mögulegt sje að illa geti farið og þurfi að stansa fjelagið; og ef til þess kæmi, að fjelagið yrði stansað, þá held jeg yrði mjög lítið í þau hlutabrjef varið, sem út hafa verið gefin af fjelaginu. Frumvarpið gæti verið gott og aðgengilegt, ef landssjóður ekki kostaði svo miklu til að stofna það, og fyrir utan þann styrk úr landssjóði, sem tiltekinn er með tölum, þá er það einnig skerðing á tekjum landssjóðs, að stjórn fjelagsins (samkvæmt 2. gr. tölul. 5.) getur fengið kauplaust vottorð úr afsals- og veðmálabókunum um eignir þær, er menn vilja fá lán í.

Árni Thorsteinson: Jeg skal ekki vera mjög langorður í þetta sinn, og ekki fara út í hin einstöku atriði málsins, meira en jeg þarf. Aðaláformið með þessu frumvarpi er ekki beinlínis það, að stofna lánsfjelag, heldur að gjöra það mögulegt fyrir landsmenn að stofna það; í þessum tilgangi eru þessar ákvarðanir settar, en þegar farið er eða búið er að stofna fjelagið, þá á það að hlýða þessum ákvörðunum sem undirstöðuatriðum, en að öðru leyti getur það sjálft hagað fyrirkomulagi sínu, eins og það vill. Jeg álít, að þing og stjórn ætti að leggjast á eitt, til að geta fengið í gang stofnunum þeim, sem alstaðar í öðrum löndum hafa haft heillaríkan árangur. Þeim, sem æskja eptir hankanum, er eins gott að ganga að stofnun lánsfjelaga, því hlutabrjef eða aktíubrjef, sem ganga manna á milli, ljetta öll peningaviðskipti fyrir banka. Bæði hjá nefndinni og eins öðrum, sem talað hafa, þykir stór munur á því, hvernig fyrirtækinu reiði af, eptir því hvort það eru peningaeigendur, sem stofna fjelagið eða lántakendur. Jeg fyrir mitt leyti er ekki á þeirri

skoðun, að auðmenn, sem lána fje, beiti ójöfnuði við aðra, eða að lántakendur sjeu í niðurlægingu, þó það sje satt, að þeir sjeu það, ef þeir borga ekki aptur; en þegar lántakandi ver því vel, er hann hefur lánað, sjer og öðrum til gagns, þá er hann eins góður og hinn og getur því eins vel verið í fjelagi með lán sín sem auðmennirnir með fje sitt. Það er almenn regla, að þegar fjelag er stofnað, þá verður það ekki nema með kostnaði við stjórn þess; stjórn banka og lánsfjelaga hefur kostnað í för með sjer, hvort sem þeir stofna fjelagið, sem tekið hafa lán, eða auðmenn, sem lána. Ef þeir, sem taka lánið, stofna fjelagið, þá befur það vitanlega nokkurn kostnað í för með sjer, en mun þó verða ódýrara og betra, að þeir, sem taka lánið, stjórni, en auðmennirnir. En þessu verður ekki náð nema með því skeri, sem allir þykjast stranda á, er hafa á móti lánsfjelögunum, nefnilega «solidariskri» ábyrgð þeirra, sem taka lánið, og það er sannarlega satt, að þessi ábyrgð er þung, en ef stofnunin fylgir rjettum grundvallarreglum, þá er hin «solidariska» ábyrgðarskylda ekki svo þung, sem menn ímynda sjer, og hefur ekki orðið það annarstaðar. Jeg skal leyfa mjer að gjöra eina athugasemd, sem ekki hefur komið fram, en sem sýnir, að ábyrgðin er eigi eins fráfælandi eins og menn ætla. Sjerhver lántakandi, sem borgar sína skuld, er laus við ábyrgðina; í lánsfjelaginu getur hann borgað lán sitt á 45 árum, án þess honum verði sagt upp, eða, eins og hinn háttvirti landshöfðingi tók fram, hann getur lagt eins og í sparisjóð, án þess að borga allt í einu. Vjer höfum ekki neinar statútur fyrir oss, en vjer getum farið eptir því, sem ákveðið er í þeim öllum, að hlutareigandi í lánsfjelaginu geti borgað alla skuld sína, þegar hann vill, annaðhvort í hlutabrjefum eða hreinum peningum, og ef hann gjörir það, þá er hann laus við alla ábyrgð, þegar endurskoðun reiknings þess árs, er hann borgaði á, er lokið, og álít jeg því ekki frágangssök fyrir lántakendur að stofna lánsfjelag. Framsögumaður tók það fram, að lánsfjelagið hefði ekki mikla peninga fyrirliggjandi, og ekki líklegt, að því bættist fje, en jeg skal leyfa mjer að taka það fram, að það er stór hagur fyrir peningamenn, að þurfa ekki að skipta sjer af lántakendunum, heldur láta lánsfjelagið stjórna peningum sínum, og það er þess vegna að þeir sem eiga fje, leggja það fremur í lánsfjelag en lána það einstökum mönnum. Hinn háttvirti þingmaður Norður-Þingeyinga gjörir lítið úr hlutabrjefum lánsfjelagsins, og álítur, að minna verði úr 500 kr. í því, en 50 kr. í landsbankanum. Lánsfjelögin hafa sjálfsagt ekki stærri hlutabrjef en banki, svo að nærri verður um það. Jeg skal þá víkja að því, að ætlazt er til, að landssjóður gjörist hlutareigandi í lánsfjelaginu, ekki af því, að hann þurfi peninga við, heldur af þeirri ástæðu, að reyna að koma fjelaginu á stofn, til þess það geti byrjað. Hinn háttvirti landshöfðingi tók það fram, hvað mundi leiða af því, með tilliti til kostnaðar fyrir landssjóðinn, að fjelagið tæki $4^1/_2$ af hundraði eða 4 af hundraði, en það er ekki á deildarinnar valdi nú, að segja, hvort þeir, sem stofna lánsfjelagið, ákveða vexti með $4^1/_2$% eða 4%; það er eins vafasamt að leysa úr þessu spursmáli fyrirfram, eins og hitt, hvort nokkuð verður af stofnuninni, þó lögin komi út; það eina, sem er skylda fyrir okkur að hugsa um að svo komnu, er það, að gjöra það mögulegt fyrir menn að stofna fjelagið með lagatrygging, ef menn hafa þrek og áhuga til þess. Lögin verða því að koma fyrst, áður en tekið er til verka. Jeg álít æskilegt, að landssjóðurinn tæki hlutabrjef í lánsfjelaginu, en jeg vil, að hann geti losað sig við þessa skuldbindingu, þegar hann vill. Þegar landssjóðurinn sjálfur tryggir lánsstofnun með nauðsynlegum rentum, hvort heldur það er banki eða lánsfjelag, þá hefur að vísu landssjóðurinn ætíð þörf á að hafa meira eða minna fyrirliggjandi í hlutabrjefum, en hann getur á hinn bóginn losað sig við þetta, þegar lánsfjelagið eða bankinn er búinn að ná ákveðnum þroska, ef að menn vilja fara hyggi-

lega að. Jeg fyrir mitt leyti álít því, að gjöra skuli mögulegt að stofna slíkt lánsfjelag sem fyrst, en viðvíkjandi hinum árlega styrk úr landssjóði til þess fjelags, þá skal jeg ekki skera úr ágreiningnum milli nefndarinnar hjer í deildinni og frumvarps neðri deildarinnar, en jeg álít nauðsynlegt, að styrkja fjelagið með nokkru fje í fyrstu. Nefndin hefur álitið, að 3000 króna styrkur úr landssjóði í eitt skipti fyrir öll væri nægilegur, en það finnst mjer nokkuð lítið; nefndin hefði eins vel getað farið annan veg en þann, að ákveða fjelaginu 3000 kr. styrk; hún hefði getað stungið upp á að veita því nokkuð fje að láni vaxtalaust um vissan tíma, t. a. m. 5 eða 10 ár. Menn verða að gæta að því, að það er hagur bæði fyrir lántakendur og landið sjálft til framfara, að lánsfjelag sje stofnað, og úr því þetta spursmál um stofnun lánsfjelags loksins er komið fram, þá álít jeg mest áríðandi að hrinda því ekki, því jeg álít það sorglegt, að hrinda þessu máli, ef menn vilja fá einhverja lánsstofnun, af því að hver hugsar sjer það upp á sinn máta, og geta ekki komið sjer saman um undirstöðuatriðin, en um meira er ekki hjer að ræða. Jeg vil því mæla sterklega með því, að deildin ekki felli málið, heldur láti það fá framgang. Jeg fyrir mitt leyti mun hallast að frumvarpi neðri deildarinnar, að minnsta kosti þangað til jeg sje, hvort menn breyta því eða ekki, en þá verð jeg með því, sem mjer þykir bezt henta; þó jeg ekki gæti fengið það, sem mjer líkaði bezt, þá vil jeg þó láta nefndina njóta þeirra sannmæla, að hún hefur gjört þær breytingar, að jeg heldur mundi aðhyllast þær, heldur en að málið sje fellt, en ef breytingar nefndarinnar verða samþykktar, þá er, eins og hinn háttvirti landshöfðingi tók fram, vafasamt, hvort þessi stofnun komist á, og líklegt er, að þær verði þröskuldur fyrir því, að slík stofnun komist á hjer á landi. En það mætti þó gjöra tilraun með uppástungum nefndarinnar, og er það betra, en að varna öllum tilraunum; það væri óheppilegt.

Framsögumaður: Jeg þarf nú ekki að tala mikið meira um þetta mál, en jeg þegar hef gjört. Hjer er um það að ræða, að koma upp fyrirtæki, en ekki af landsstjórninni eða landssjóðnum, eins og hinn háttvirti varaforseti sagði um bankann, heldur af einstökum mönnum. Þegar um það er að ræða, að stofna fjelag til peningaverzlunar, hvort sem er banki eða lánsfjelag eða sparisjóður, þá er sama að segja um það, eins og þegar maður byrjar búskap á jörð. Menn stofna slíkt í því skyni, að hafa hag af því. Eiginlega hefði stjórnin ekki átt að þurfa að taka þátt í stofnun banka eða lánsfjelags, eins og hinn háttvirti varaforseti sagði á dögunum, en hjer brýtur nauðsyn lög, hvorki banka nje lánsfjelagi verður komið á stofn, eins og ástatt er hjer á landi, nema stjórnin styrki stofnunina. Nú álít jeg, að þó tillögur nefndarinnar fengi framgang, þá væri það þó ekki lítill styrkur, sem fjelágið fengi úr landssjóði, þar sem hann reisir fjelagið fyrst með 3000 kr. tillagi, og veitir því 1000 króna árlegan styrk í 5 ár, ábyrgist fjelaginu 4 af hundraði í vöxtu af skuldabrjefum þeim, er það gefur út, og veitir því ýms önnur hlunnindi. Það hefur verið sagt, að þessi peningabúskapur gæti ekki staðizt, nema landssjóður gjörðist hluttakandi í honum fyrir 200,000 kr. Þetta þykir mjer nokkuð undarlegt eða jafnvel ósennilegt; mjer virðist það vottur um, að fyrirtækinu sje svo varið, að ekki sje hugsandi að leggja út í það, ef einstakir menn ekki geta stofnað það, nema landsstjórnin eigi líka þátt í þessum peningabúskap. Jeg, sem verð að hafa hag landssjóðsins fyrir augum, get ekki fallizt á, að hann sje sjálfsagður hluttakandi í fjelaginu. Í þessu efni skilst mjer ekki betur, en að stjórnin og nefndin sjeu á sama máli; þetta er auðsjeð á athugasemdum stjórnarinnar við frumvarp hennar undir 2. gr. 4. tölulið. En landshöfðingi hefur aðra skoðun í þessu efni; hann ímyndar sjer, að landssjóðurinn ekki einungis engu tapi við það, að gjörast hluttakandi í lánsfjelaginu, heldur

hefur góða von um, að landssjóður vinni við það, en þessi von er jeg hræddur um að ekki sje á nægilega gildum rökum byggð. Það er aðgætandi, að peningarnir spretta ekki upp úr jörðinni og rigna ekki niður úr skýjunum, nei, þeir þurfa að koma annarstaðar að, og þeir geta ekki komið nema frá hluttakendunum sjálfum. Þeir hluttakendur, sem þurfa mikið fje til almennra fyrirtækja, geta haft gott athvarf í fjelaginu, þó þeir verði að gjalda háa rentu, því þeir vinna það upp með öðru, en úr því landssjóðurinn hvorki hefur þörf nje gagn af að gjörast lántakandi, þá sje jeg ekki ástæðu til, að hann taki að sjer beinlínis þátt í kostnaðinum við stjórn fjelagsins. Að svo stöddu get jeg ekki farið út í reikning hins hæstvirta landshöfðingja, því jeg þarf meiri tíma til þess að átta mig á honum, en jeg efast ekki um, að hann hafi við nokkur rök að styðjast; en jeg get ekki trúað öðru, en að landssjóðurinn hafi peningalegan óhag af því, að gjörast hlutareigandi í fjelaginu fyrir 200,000 kr.; en lánsfjelagið sjálft hefur þá engan verulegan hag á því. Lánsfjelaginu er enginn hagur í því, að hafa mikið um sig, ef hlutabrjefin ekki eru í veltu; jeg get ekki betur sjeð, en að þau skuldabrjef, sem landssjóðurinn fær móti sínu eina skuldabrjefi, verði hann að geyma, því önnur skuldabrjef, sem aðrir fá, munu verða nóg til að vera í veltu. Þessi skuldabrjef geta ekki verið mjög smá og verða því ekki handhæg í viðskiptum manna í milli, eins og bankaseðlar. Þó jeg taki 1000 kr. lán og fái 10 skuldabrjef upp á 100 kr., þá eru mjer þetta ekki handhægir peningar. Jeg þarf að gjöra jarðabætur, en get ekki notað þessa stóru seðla til að gjalda verkamönnum mínum, ekki heldur get jeg notað þá í sveitargjöld, en að eins í þinggjöld; jeg verð því að finna menn, sem vilja skipta við mig í smærri peninga. Það getur verið, að jeg fengi þeim skipt hjá landfógetanum, en þegar jeg bý á öðru landshorni, þá getur það orðið mjer erfitt og kostnaðarsamt, áður en peningarnir eru komnir til mín. Þó jeg færi með skuldabrjef mín til kaupmanna, þá geta þeir ekki, eptir því sem nú hagar til, skipt við mig, því þeir hafa ekki mikið af peningum. Verzlunarmáti okkar er nú einu sinni svo, að menn láta vöru fyrir vöru, kaffipund fyrir ullarpund o. s. frv. Kaupmenn, sem jeg þekki, geta því ekki látið mig fá 1000 kr. í handhægum peningum fyrir 1000 króna skuldabrjef, sem jeg hef tekið til láns í stofnuninni. Það er þetta, sem jeg er hræddur við, og það ekki ástæðulaust, að skuldabrjefin eigi örðugt með að komast í veltu, og allra-sízt, að þau skuldabrjef, sem landssjóðurinn fær, geti komizt í veltu; jeg gjöri ráð fyrir, að landssjóðurinn fái rentu eins og aðrir, með því að gjörast hluttakandi að 200,000 kr. í fjelaginu, og hafi þá ekki annan skaða en sinn hlut af kostnaðinum við stjórn fjelagsins; en á hinn bóginn hefur hann ekki ábata af hluttökunni, og fjelagið heldur engan hag af því. Þetta gjörir, að þessi stækkun fjelagsins um 200,000 krónur við lántöku landssjóðsins er meiri í orði en á borði. Jeg hef íhugað bæði þessi mál, bankamálið og lánsfjelagsmálið, hlutdrægnislaust, en ekki getað komizt að annari niðurstöðu, en að lánsfjelagið geti verið allgott fyrir menn í landinu, sem geta notað það, og að það sje vel þess vert, að landssjóður styrki það nokkuð, en leggi þó ekki stórfje í það, fyr en sjest, hver not að því verða, eða hvort menn knnna að nota það. Þannig lít jeg á málið, og eptir allar umræður um það get jeg ekki breytt þessari skoðun minni, og frá landssjóðsins bálfu álít jeg nóg gjört fyrir lánsfjelagið með þeim tillögum, sem nefndin hefur stungið upp á.

Landshöfðingi: Jeg skal að eins leyfa mjer að tala nokkur orð, af því hinn háttvirti framsögumaður benti á, að sjá mætti af athugasemdum stjórnarinnar við 2. gr. frumvarpsins 4. tölulið, að hún ekki hafi verið þeirri uppástungu landshöfðingjans meðmælt, að landssjóður gjörðist hluttak-

andi í lánsfjelaginu fyrir 200,000 krónur, en stjórnin hefur þó fallizt á þetta eptir tillögum landshöfðingjans. Hinn háttvirti framsögumaður getur því átt það víst, að fyrst stjórnin hefur fallizt á þessa tillögu landshöfðingjans, þá er stjórnin landshöfðingja samdóma um, að landssjóðnum sje engin hætta búin við þessa hluttöku í fjelaginu. Framsögumaður tók líka það fram, að það væri undarlegt, að landssjóðurinn færi að taka lán, þar sem hann ekki þarf þess, og af athugasemdinni við 2. gr. 4. tölul. í frumvarpinu má sjá, að stjórnin er ekki eins »doktrinær« eins og hinn háttvirti framsögumaður. Hann vill greiða atkvæði með því, að landssjóður veiti nokkuð fje lánsfjelaginu til styrktar, en ekki stórfje. Jeg vil heldur ekki, að þingið veiti meira fje í þessu skyni úr landssjóði, en nauðsynlega þarf, en jeg álít nauðsynlegt, að veita fjelaginu þau hlunnindi, sem farið er fram á í frumvarpinu frá neðri deildinni, og jeg er viss um, að ef ekki verður veitt meira fje, en það, sem framsögumaður stingur upp á, nefnilega 8,000 kr., þá er það ekki til neins, því jeg álít óhugsandi, að landsmenn með þeim styrk hafi þrek til að koma á þess konar stofnun. Framsögumaður tók fram þá örðugleika, sem væru á því, að fjelagið gefur út pappír, en ekki reiðupeninga, því að ekki væri hægt, að koma pappírum í peninga, t. a. m. í norður-hluta landsins; aptur gjörði hann ráð fyrir, að skuldabrjefunum mætti fá skipt hjá landfógeta; en þegar maður tekur lán hjá lánsfjelaginu, þá fær hann það í skuldabrjefum, en það verður að sjá um, að þau verði seld. Ef lántakandi býr ekki sjálfur hjer í Reykjavík, þá sendir hann manni fullmakt til að taka á móti skuldabrjefum í lánsfjelaginu, en hann gefur honum þá líka fullmakt til að koma þeim í peninga annaðhvort hjá landfógetanum, ytra eða í sparisjóðnum; þannig sendir hann þá ekki skuldabrjefin norður í Þingeyarsýslu til lántakandans, heldur gullið eða silfrið. Enn fremur skal jeg geta þess, að þegar góður verðlagspappír er útvegaður, þá koma peningar smátt og smátt inn í landið. Eins og sagt var á dögunum, munu landsmenn eiga til eina milíón í konunglegum skuldabrjefum, og þegar menn nú selja þessi konunglegu skuldabrjef í Kaupmannahöfn og kaupa aptur lánsfjelagshlutabrjef, þá kemur þessi upphæð sjálf inn í landið aptur, og jeg vil spyrja hinn háttvirta framsögumann: Er þetta ekki hagnaður fyrir landið? Það, sem spursmálið er um, er það, hvort lánsfjelagið sje þess vert, að styðja það með tillagi úr landssjóði, og ef það er þess vert, þá er spursmál um, hvað mikinn styrk eigi að veita því, en að veita þau hlunnindi, sem ekki geta komið fjelaginu á fót, er ekki til neins.

Skúli Þorvarðarson: Jeg hef ekki mikið um þetta mál að tala; það er búið að ræða það svo ýtarlega, bæði nú og að undanförnu, bæði með og á móti málinu. Jeg hef reynt að hugleiða þetta mál ásamt mínum heiðruðu meðnefndarmönnum, eins og mjer hefur verið framast unnt, en ekki getað komizt að annari niðurstöðu en þeirri, sem álit nefndarinnar bendir á, en á hinn bóginn skal jeg taka það fram, að jeg álít, að þessi stofnun verði lántakendunum ekki þægileg, og þess utan landssjóði allt of kostnaðarsöm bæði fyrirsjáanlega og að nokkru leyti ófyrirsjáanlega, og því samfara viðsjál ábyrgðarskylda; þess vegna er jeg á þeirri meiningu, að til þess að geta aðhyllzt frumvarpið, sje nauðsynlegt að taka breytingum nefndarinnar. En jeg skal játa það, að það er langt yfir minn skilning, að geta sagt, hvernig þessi stofnun muni gefast fyrir land og lýð. Og hve vandsjeð þetta er, má bezt ráða af því, að hinir færustu og beztu menn þingsins hafa rannsakað og rætt málið aptur og fram, en þó hefur eng-

in samhljóðun komizt á milli þeirra. Svo jeg hef ekki grætt það á ræðum og hugleiðingum þeirra manna, að jeg geti fallið frá þeirri meiningu minni, sem jeg hef haft, að greiða ekki atkvæði með frumvarpinu nema þessar breytingar nefndarinnar komist á með því. En jeg álít þó máske hollast og bezt, að málið fái ekki framgang á þessu þingi, því jafnframt og það er nauðsynjamál, er það líka mesta vandamál, og get jeg því allt eins fellt mig við, að það verði ekki til lykta leitt á þessu þingi. Jeg ímynda mjer, að margur skynsamur maður meðal þjóðarinnar mundi gefa sig fram og rita um málið milli þinga, og gæti það verið til góðra bendinga og leiðbeinandi fyrir þá, sem vildu gjörast hluttakendur stofnunarinnar, og líklega vekti meiri áhuga hjá almenningi til að fá málinu framgengt, ef það virtist aðgengilegt og á skynsömum rökum byggt.

Árni Thorsteinson: Jeg skal að eins leyfa mjer að bæta því við það, sem hinn háttvirti landshöfðingi tók fram um, að hægt væri fyrir lántakendur að koma skuldabrjefum sínum í peninga, að eptir statútum þeirra lánsfjelaga, sem jeg þekki, og þær eru allmargar, er það eitt ætlunarverk þeirra, að koma skuldabrjefunum í peninga fyrir lántakendurna á sem beztan hátt, þó án kostnaðar fyrir lánsstofnunina; lánsfjelögin verða því að vera sem bezt útbúin til þess að geta komið brjefunum í peninga, og þess vegna gjöra þau sambönd við ýmsar aðrar stofnanir, en þegar lántakendurnir eiga það á hættu, hvort þeir geta komið skuldabrjefum sínum í peninga eða ekki, þá er betra, að lánsfjelagið gjöri það fyrir þá, því það kemur svo ár sinni fyrir borð, að það verður gjört á beztan hátt í beggja þarfir. Það er nú ekki alveg víst, hvort lánsfjelag á Íslandi gjöri þetta, en það er enginn efi á því, að ef lánsfjelag yrði stofnað hjer, þá mundi það að öllum líkindum gjöra þetta og optast geta útvegað lántakendunum peninga fyrir skuldabrjef sín, og það fyrir hæsta verð, án þess að það hefði í för með sjer útgjöld fyrir lánsfjelagið sjálft. 2. þingmaður Rangæinga áleit rjett, að fresta málinu, en jeg verð þó að álíta, að hvort sem frumvarp neðri deildarinnar verður samþykkt óbreytt eða með breytingum nefndarinnar, þá sje óráðlegt að fresta málinu; það geta liðið mörg ár eða jafnvel öld, að eins góður tími verði til að stofna lánsfjelagið eins og nú. Það verður að gæta að því, hvernig rentufóturinn er nú annarstaðar og er að verða; rentufóturinn er einmitt nú að lækka, svo að öll áreiðanleg skuldabrjef manna á milli ganga með því nær fullu verði. Jeg verð því að leggja mönnum það á hjarta, að samþykkja nú þegar frumvarpið á einn eða annan veg, vegna þess að rentuástæður allar eru góðar nú sem stendur til þess, að fjelagið verði stofnað, og ekki sagt, að þær í annað sinn verði betri.

Pjetur Pjetursson: Það er nú búið að ræða þetta mál svo vandlega, að jeg bef ekki miklu þar við að bæta. Jeg skal þó leyfa mjer að minna hinn háttvirta framsögumann á, að hann hefur álitið tilgang frumvarps þessa mjög góðan, «þar sem það miðar til að auka peningaviðskipti í landinu, og einkum til að gjöra jarðeigendum hægra fyrir að fá fje að láni til jarðabóta og annara fyrirtækja». Þetta hefur nefndinni þótt kostur við frumvarpið, eins og líka sjálfsagt er, og þess vegna furðar mig á því, hve mjög framsögumaður hefur í ræðum sínum beinzt á móti þessu, sem hann í nefndarálitinu telur kost við frumvarpið. Það er búið að sýna, hve hægt það er, að koma skuldabrjefunum í peninga. Þar að auki eru leigumiðarnir til smáútgjalda, og því þarf þetta heldur ekki að vera framkvæmdum fjelagsins til fyrirstöðu. Í 4. gr. stafl. b. er ákveðið, «að enginn verði tekinn í fjelagið sem hlutareigandi að stærri upphæð en svo, að lánsfjeð aldrei fari fram úr $^3/_5$ gangverðs jarða og helm-

ingi gangverðs húseigna, sem boðnar eru fram sem veð; það er því nauðsynlegt, að virða upp jarðir, sem voru veðsettar landsjóðnum áður, en hann lánaði fyrir helming verðs; því áður lánaði hann fyrir $^2/_3$ verðs; það er nauðsynlegt að virða þær upp aptur, segi jeg, því þær hafa hæglega getað skemmzt síðan og rýrnað í verði. Í frumvarpinu virðast mjer vera reistar svo rammar skorður fyrir því, að nokkurn tíma þurfi að beita 5. gr., sem ákveður, að svo framarlega sem það verður beimtað á nokkru reikningsári af hlutareigendunum, að þeir greiði 1 af hundraði af þeirri upphæð, sem þeir hafa fengið til láns, til þess að fullnægja þeirri ábyrgðarskyldu, sem þeir hver með öðrum (solidarisk) hafa undirgengizt, sje landshöfðingja heimilt að taka ráðin af fjelaginu, og, ef til vill, láta það hætta störfum sínum o. s. frv. Það er að vísu nauðsynlegt að gjöra ráð fyrir þessu sem mögulegu, en það er óliklegt, að það komi fyrir. Auk þess, sem veðið verður víst, þá er mikið undir stjórn fjelagsins komið, og til þess eru gjörðar allar þær ákvarðanir, sem nauðsynlegar ern. Þegar stofnuuin hefur traust á sjer, þá spyr almenningur ekki um, hver tryggingin er; þetta sjest t. a. m. á sparisjóðnum í Reykjavík; þó ýmsir agnúar kunni að vera á þessari stofnun, þá eru kostirnir yfirgnæfandi.

Síðan bar forseti frumvarpið og breytingartillögur nefndarinnar undir atkvæði, og var þá:

1. gr. frumvarpsins samþykkt með 7 atkvæðum.
2. gr.
   Breyting nefndarinnar við 2. lið samþykkt með 6 atkvæðum.
   Breyting nefndarinnar við 2. gr. 3. a, «3000» í stað «5000» var felld að viðhöfðu nafnakalli með 7 atkvæðum á móti 4.

«Já» sögðu:
Ásgeir Einarsson,
Einar Ásmundsson,
Jón Pjetursson,
Skúli Þorvarðarson.

«Nei» sögðu:
Benidikt Kristjánsson,
Magnús Stephensen,
Árni Thorsteinson,
Pjetur Pjetursson,
Sighvatur Árnason,
Sigurður Melsteð,
Stefán Eiríksson.

b, «1000» í stað 2000» var fellt með 7 atkvæðum móti 4.
c, «Ársstyrkur þessi . . . . . 5 ár» samþykkt með 6 atkvæðum.
2. gr. þannig breytt felld með 6 atkvæðum.
3. gr. felld með 6 atkvæðum móti 5.
4. grein.
   Breyting nefndarinnar við:
   við a., felld með 6 atkvæðum móti 4
   — b., — — 7 —»— — 4
   — e., — — 7 —»— — 4
4. gr. óbreytt felld með 9 atkv. gegn 2
5. gr. — — — 8 — — 2
6. gr. — — — 7 — — 2

Að frumvarpið gengi til 3. umræðu, var fellt með 8 atkvæðum.

Var frumvarpið þannig f a l l i ð.

B.

Frumvarp til laga um stofnun landsbanka á Íslandi. Frá nefnd þeirri, sem sett var í efri deild, til að íhuga næsta mál hjer á undan. Frumvarpið er prentað í fyrri parti alþingistíðindanna, bls. 404—405.

FYRSTA UMRÆÐA Í EFRI DEILD,
á 33. fundi, 11. dag ágústmánaðar.

Einar Ásmundsson: Jeg er ekki flutningsmaður þessa máls; frumvarpið er komið fram frá 3 þingmönnum, en jeg skoða hinn 3. konungkjörna þingmann sem hinn eiginlega flutningsmann þess, þó ekki neinn af oss þremur sje skrifaður flutningsmaður. Frumvarpið er komið frá lánsfjelagsnefndinni, og hún skoðar það sjálfsagt sem sitt

verk, en það er þó sjerskilið mál í raun og veru. Jeg hef svo ekki meira um þetta mál að tala að svo komnu, og finn ekki ástæðu til, að halda neina varnarræðu fyrir því nú; en þegar þingmenn láta í ljósi athugasemdir sínar við frumvarpið, kemur það sjálfsagt til okkar, sem skrifað höfum undir það, að svara.

Jón Pjetursson: Það gleður mig, að landshöfðingi tók svo vel í þetta mál. Jeg skal svo ekki tala meira, fyr en jeg heyri tillögur annara þingmanna.

Landshöfðingi: Jeg skal taka það upp aptur, sem jeg sagði áðan, að jeg efast ekki um, að nefndinni befur gengið hið bezta til með þessu frumvarpi, og hefur hún, til þess að ráða bót á peningaskortinum í landinu, stungið upp á landsbanka, sem eptir áliti henuar á að vera kostnaðarminni fyrir landssjóðinn og landinu sjálfu til meira gagns, heldur en stofnun lánsfjelags. Jeg held, fyrir mitt leyti, að þessi uppástunga nefndarinnar sje ekki á rökum byggð, og skal jeg leyfa mjer að sýna það í fáeinum orðum. Jeg hef áður getið þess, að jeg áliti stofnun banka hjer á landi æskilega, og jeg skal fyrir mitt leyti styðja að því, þegar jeg sje, að því verður komið fyrir á haganlegan hátt. En jeg er sannfærður um, að stofnun banka hjer á landi er ómöguleg, eins og nú stendur, nema með ókljúfandi kostnaði. Eptir nefndarfrumvarpinu á bankinn að vera seðlabanki, lánbanki og geymslubanki; hann á að stofna með hlutabrjefum, sem landsstjórnin á að gefa út og sem eiga að nema 1 milíón króna, og skal af fje viðlagasjóðsins verja 500,000 kr. fyrir helminginn af hlutabrjefunum, en hinn helminginn á að selja öðrum, sem hluttakendur vilja verða í bankanum, og hvert hlutabrjef skal vera 100 kr. Jeg fyrir mitt leyti er viss um, að sá helmingur hlutabrjefanna, sem frumvarpið gjörir ráð fyrir að prívatmenn kaupi, muni ekki verða seldur. Yfir höfuð að tala, ef frumvarp þetta verður lögleitt, þá er jeg viss um, að niðurstaðan verður sú, að landssjóðurinn verður sá eini hluttakandi í bankanum. En jeg gjöri nú ráð fyrir, að einhver kynni að kaupa hlutabrjef, þótt óliklegt sje, þá verður að ganga út frá því, að þar sem landsstjórnin á að gefa út hlutabrjefið, þá eigi landssjóðurinn að ábyrgjast að minnsta kosti vextina af blutabrjefinu, og meira að segja hlutabrjefið sjálft; en þetta mun baka landssjóðnum óbærilegan kostnað. Jeg skal taka til eitt hlutafjelag, sem þingmanni Eyfirðinga er vel kunnugt, og sem hefur gjört mikið gagn, þó að jeg álíti, að þetta hlutafjelag ekki eigi að vera fyrirmynd fyrir bankastofnun landssjóðsins. Hvernig er «Coursforhold» þessa fjelags, jeg á við Gránufjelagið, ef það væri skuldbundið til að leysa inn hlutabrjefin í reiðu-peningum, ef skorað er á það? Jeg skora á þingmann Eyfirðinga að skýra frá því. Gefi landsstjórnin út hlutabrjef, þá verður hún að veita trygging fyrir, að landssjóðurinn innleysi þau, ef á þarf að halda. En það verðum vjer að varast, að landssjóðurinn verði gjaldþrota. Svo er og önnur mótbára gegn stofnun þessa landsbanka nú. Viðlagasjóðurinn á ekki nú það fje, sem þarf til þess, að kaupa helming af hlutabrjefum bankans fyrir 500,000 kr. Sem stendur á viðlagasjóðurinn 1. ágúst þ. á. í innskriptarskírteinum 306,000 kr., í óuppsegjanlegum veðskuldabrjefum 157,000 kr. og í öðrum prívatmanna veðskuldabrjefum, sem eru uppsegjanleg með hálfs árs fyrirvara 230,000 kr., eða samtals um 690,000 kr. En það er alveg nauðsyulegt, að nokkur hluti viðlagasjóðsins sje í góðum og gildum pappírum, sem hægt sje að «realisera», þegar á þarf að halda, og þar sem það með engu móti má minna vera en 300,000 kr., þá er nú sem stendur ómögulegt, að viðlagasjóðurinn geti keypt hlutabrjef fyrir 500,000 kr., og jafnvel ekki fyrir 100,000 kr., því að viðlagasjóðurinn á ekki svo mikið fje til, og þó að hann ætti það til, þá væri mjög ísjárvert að hann keypti hlutabrjef bankans, þar sem það er alveg óhugsandi, að þau gangi kaupum og sölum fyrir

ákvæðisverð sitt, nema landssjóðurinn ábyrgist, en það getur hann ekki, nema því að eins, að hann eigi á hættu að verða gjaldþrota. Hvernig sem litið er á þetta mál, þá er það að mínu áliti óaðgengilegt frá landssjóðsins hálfu, og á þar af leiðandi að vera óaðgengilegt frá þingsins og stjórnarinnar hálfu. Þess vegna er það ekki nema til þess að eyða tíma þingsins, að vera að tala um þetta frumvarp lengur. Jeg skal því heldur ekki orðlengja um hina aðra galla á frumvarpinu, sem í sjálfu sjer eru mjög miklir. Jeg vona, að deildin hafni því þegar á þessu stigi.

Flutningsmaður (*Jón Pjetursson*): Jeg get varla skilið annað, en að mögulegt sje að stofna banka hjer á landi, einkum seðlabanka, af því að mjer finnst, að viðlagasjóðurinn hafi næga «valuta» fyrir þeim seðlum, sem gefnir verða út. Jeg held, að nægilegt væri, að hann ljeti út seðla upp á 500,000 kr.; ef seðlarnir gengju út, þá fengi hann skuldabrjef fyrir þá upp á 500,000 kr.; og svo held jeg, að hann geti lánað út $^2/_3$ af af þessari valúta, sem hann ætti í skuldabrjefum, og það eru 333,000 kr.; ef það er lagt við 500,000 kr., þá yrði það 833,000 kr. Vextir af því eru 33,333 kr., og ef stjórn bankans fengi svo sem 6000 kr., þá yrðu eptir liðugar 27,000 kr., og það er 7,000 kr. meira en vextirnir af 500,000 kr. Seðlabankar eru alstaðar álitnir góðir og prívilegeraðir í mörgum löndum. Þannig er Nationalbankinn í Danmörku príviligeraður seðlabanki, og aðrir seðlabankar eru þar ekki. Þess vegna kynni einhver, ef til vill, að koma með þá spurningu, hvort það væri ekki að grípa inn í rjettindi Nationalbankans, að stofnsetja hjer seðlabanka; en það get jeg ekki sjeð að væri, því að seðlar hans gilda ekki hjer á landi. Landssjóðurinn á eptir skýrslum stjórnarinnar í lánum hjer á landi 377,000 kr., en hitt í arðberandi skuldabrjefum. Það yrði því að líkindum að segja upp nokkrum skuldum landsmanna, til þess að fá inn 166,000 kr., sem er $^1/_3$ af upphæðinni, til þess að bankinn æfinlega hefði $^1/_3$ af stofnfje sínu í peningum fyrirliggjandi. Í fyrstunni er mestur kostnaður í því fólginn að koma bankanum á fót, svo sem að útvega pappír og stimpla frá öðrum löndum, t. a. m. frá Danmörku; og svo þarf að leigja tryggt hús handa bankanum, og kassa til að geyma í silfur og gull bankans o. s. frv., og til þess yrði bankinn að fá nokkurt lán hjá landssjóðnum.

Landshöfðinginn: Ef mjer hafa skilizt orð bins háttvirta 3. konungkjörna þingmanns rjett, þá er hann mjer samdóma um, að öll líkindi sjeu til, að helmingur þeirra hlutabrjefa, sem í frumvarpinu er gjört ráð fyrir að prívatmenn kaupi, ekki verði seldur; og hann er mjer samdóma um það, ef jeg hef skilið orð hans rjett, að viðlagasjóðurinn ekki hafi nú sem stendur fje til þess að kaupa hinn helminginn, er hann vísaði til valúta, sem viðlagasjóðurinn á; og þá verður ekki annað eptir af uppástungunni en tómur seðlabanki. Ef ekki koma peningar inn í bankann með því að selja helminginn til viðlagasjóðsins og helminginn til prívatmanna þá veit jeg ekki, hvaðan peningar þeir eiga að koma inn, sem á að gefa út, nema frá seðlunum. Þá verður bankinn tómur seðlabanki, og frumvarpið stingur þó upp á, að stjórn Íslands skuli gangast fyrir því, að í Reykjavík verði stofnaður banki, er sje seðlabanki, lánbanki og geymslubanki; en nú verða engin hlutabrjef seld, eptir því sem mjer og þingmanninum kom saman um. Hann benti á, að viðlagasjóðurinn gæti sagt upp skuldabrjefum hjer á landi. Það getur hann mikið vel gjört; en þá verður peningaskorturinn í landinu ekki upphafinn, heldur miklu fremur aukinn; ef viðlagasjóðurinn neyðist til að segja lausum skuldabrjefum prívatmanna, þá verður peningaskorturinn fyrst tilfinnanlegur í landinu. Í 7. gr. stendur, að bankinn skuli jafnan hafa að minnsta kosti $^1/_3$ af stofnfje sínu fyrirliggjandi í slegnum gullpeningum og silfurpeningum til að leysa til sín seðla, þá er eigendur seðlanna óska. Hið fyrsta skilyrði fyrir því, að næg trygging sje fyrir,

að bankinn geti leyst inn seðla, undir eins og þeir eru sýndir, er, að nóg fje í reiðupeningum sje fyrirliggjandi. En til þess er ekki nægilegt 1/3 af stofnfjenu, heldur er alstaðar, þar sem bankar eru, hafður helmingur fyrirliggjandi, og sem allt af á að vera til arðlaus í bankanum. Til þess því að þessi banki geti fengið privilegium til að gefa út seðla, þá verður hann að hafa fyrirliggjandi arðlaust í bankanum 250,000 kr. Reikningur hins 3. konungkjörna þingmanns sýnist við fyrsta álit mjög glæsilegur, en þegar vel er gáð að öllu, þá er hann ekki á sem beztum rökum byggður.

Einar Ásmundsson: Hinn háttvirti landshöfðingi hefur skoðað þetta mál frá nokkuð öðru sjónarmiði en nefndin, eins og líka æskilegt er, svo í þessu máli sem öðrum að sundurleitar skoðanir komi fram. Hann bar við efnaleysi viðlagasjóðsins. Eptir reikningsfrumvarpi því, sem stjórnin hefur lagt fyrir þetta þing, átti viðlagasjóðurinn 31. desbr. 1879 677,693 kr. Þetta fje er nú ekki fyrirliggjandi í gulli eða silfri; það er sumt lánað danska ríkinu og töluvert hjer innan lands. En þar sem hátt á annað hundrað þúsund krónur er fram yfir það, sem hjer er farið fram á, þá get jeg ekki betur sjeð, en að það sje vinnandi vegur að losa hæfilegt fje, til þess að setja í hlutabrjef bankans. Mjer virtist landshöfðingi byggja á því, að bankinn væri skyldur að innleysa sin hlutabrjef; jeg veit ekki, hvort jeg hef heyrt rjett; en ef það hafa verið orð hans, þá get jeg ekki skilið, hvernig hann getur ætlazt til þess. Jeg veit ekki til, að nokkurt hlutafjelag skuldbindi sig til að leysa inn sín hlutabrjef, sínar aktíur, sem eru allt annað en skuldabrjef, hvort sem það er verzlunarfjelag eða annars konar hlutafjelag; jeg þekki ekki það hlutafjelag, sem inn leysi hlutabrjef sín, og jeg ímynda mjer, að það geti ekki átt sjer stað, því þá bæri það eyðileggingunna frá upphafi í sjálfu sjer. Annað mál er það, að fáir verði til þess að kaupa hlutabrjef bankans; það getur hver og einn hæglega sagt, en það er alls ekki nema spádómur; jeg spái nú þvert á móti, að þau verði vel útgengileg. Bankar í öðrum löndum eru stofnaðir með hlutabrjefum, og jeg veit ekki betur, en að allur þorri þeirra standi sig vel; og jeg hef beztu vonir um, að hjer kæmi sama fram, þar sem landsstjórnin hefur mest með bankann að sýsla, og getur sjeð um, að góðir, trúir og áreiðanlegir menn stjórni honum. Jeg get ekki ætlað, að hlutabrjefin yrðu óútgengileg, heldur mundu auðmenn landsins, þótt fáir sjeu, skjótt leggja peninga sína í bankann. Jeg get ekki efazt um, að hann stæði sig svo vel, að hann gæti gefið ríflegri vexti en vanalegt er, og rífiegri vexti, en lánsfjelagið, sem frumvarp um liggur fyrir deildinni, geti nokkurn tíma gefið. Landshöfðingi sagði, að það væri venja alstaðar, að fyrir seðlabanka yrði helmingur af stofnfjenu að vera fyrirliggjandi í gulli og silfri. Það getur vel verið, að hann hafi lesið statútur fleiri banka en jeg, því að jeg hef lesið fáar, og jeg skal ekki raupa af því, að jeg sje vel inni í bankamálum; en dálítið hef jeg lesið um þetta efni, og veit, að margir bankar í norðurálfu hafa miklu minna fje en helming fyrirliggjandi, og standa sig þó vel. Jeg veit vel, að auðfræðingar hafa talsvert deilt um þetta, en deilt þannig, að sumir vilja hafa 1/3 fyrirliggjandi, en aptur hafa aðrir sagt, að 1/3 væri óþarflega mikið, og að 1/4 væri fullkomlega nægilegur. Jeg veit, að hjer í deildinni og á þessu þingi eru fleiri auðfræðingar mjer betri, og fái málið framgang, þá muni koma fram frekari skýringar á þessu máli, en jeg get gefið.

Landshöfðingi: Jeg ætla að leyfa mjer að lagfæra nokkur atriði í ræðu þingmanns Eyfirðinga. Jeg held, að hann hafi ekki að fullu skilið orð mín. Jeg sagði ekki, að nauðsynlegt væri, að bankinn gæti inn leyst hlutabrjef sín, en jeg sagði, að ef landsstjórnin ætti að gefa út hlutabrjef, þá væri líka skylda hennar að ábyrgjast þau. Ef privatmenn stofna banka, þá hefur þingmaður Eyfirðinga rjett að mæla, en ef

landsstjórnin á að gefa út hlutabrjefin, þá verður landssjóðurinn að ábyrgjast þau. Ekki hef jeg beint því að þingmanni Eyfirðinga, að hann væri spámaður, heldur beiddi jeg hann um, að skýra deildinni frá «Cours» þeirra hlutabrjefa, sem kunnugt er að Gránufjelagið gefur út. Hvað er gangverð þessara hlutabrjefa? og hvert mundi gangverð þeirra verða, ef sú skylda hvíldi á fjelaginu, sem hjer er gjört ráð fyrir að hvíli á landsstjórninni? Það er þetta, sem jeg skoraði á þingmanninn að skýra deildinni frá.

Árni Thorsteinson: Jeg er nefndinni þakklátur fyrir það, að hún ekki hefur gefið mjer kost á að velja milli lánsfjelags og banka, heldur hefur hún veitt mjer hvorttveggja, ef svo má vera tiltækilegt. Jeg vil helzt ekki binda mig við neitt einstakt í þessu tilliti, heldur skoða almennt, hvort landið getur notið góðs af þessum stofnunum, sem hjer er um að ræða. Jeg álít, að lánsfjelagið standi ekki í sambandi við bankastofnun nefndarinnar. Fyrir mjer er mál þetta því ekki annað en spursmál um, hvort landið geti haft verulegar framfarir af því, að banki eða lánsfjelag sje stofnað. Hvernig grundvallar landið framfarir sínar? Það eru ekki lögin, sem skapa landsbúa, ummynda þá eða endurnýja, heldur landsbúar sjálfir, sem skapa lögin og afleiðingar þeirra. Ef jeg fylgi þessu, þá kemst jeg inn á annað atriði. Hvaða ástæðu getur landsstjórnin haft til þess að stofna banka? Eiga ekki prívatmenn að gjöra það? Geti það verið landsbúum til góðs eða til ábata, að stofnaður sje banki, þarf landsstjórnin ekki að gjöra það, heldur geta landsbúar sjálfir gjört það og notið arðsins af því; en sje aptur á móti stofnunin sett með skaða eða fjártjóni fyrir landsstjórnina, þá á hún helzt að sneiða hjá því, af því að fyrirtækið ekki borgar sig, og þá ef til vill, öllu síður fyrir landið en einstaka menn. Jeg sje ekki ástæðu til, að stjórnin gjörist bankameistari eða eigandi; jeg finn ekki ástæðu til, að hún taki að sjer starf borgaralegs eðlis eða atvinnu, sem hún á að láta aðra fá að reka. Jeg gæti rakið það langt, hvernig stjórnarbankar hafa farið í öðrum löndum, en jeg vil ekki gjöra það, því að þá er eins og jeg sje að gjöra þá að grýlu fyrir mönnum að stofna banka. Jeg ætla nú að leyfa mjer að ganga að frumvarpinu sjálfu. Bankinn, sem á að stofna, á að vera þrefaldur; hann á að vera seðlabanki, lánbanki og geymslubanki; þetta er þrenns konar starfi, sem bankinn á að hafa, en þó er hann ekki nema einn. Jeg ætla nú fyrst að taka það, sem hægast er, seðlabankann, og skoða, hvernig muni fara með bankaseðla á Íslandi. Við erum óvanir við þá, leggjum ekki trúnað á þá, og munum eptir, hvernig tapaðist við bankaseðla við aldamótin; það er sem stendur rótgróinn fordómur hjá alþýðu fyrir þeim. En þetta er ekki helzta ástæðan, því að þó að menn sjeu óvanir þeim í fyrstu, þá koma menn ef til vill til að venjast við þá og trúa þeim, og það er þá ekki annað, sem er örðugt, en að geta haldið út með að gefa út seðla og hafa þá á boðstólum, þangað til að þeir hafa unnið traust. Það er ekki nægilegt fyrir landið að sjá um, að lög sjeu fyrir því, að seðlarnir skuli leysast inn; þeir verða að leysast inn, þegar krafizt er, hvort sem peningar eru til eða ekki. Innlausnarfje nægilegt verður ætíð að vera fyrir hendi; bankinn verður því að hafa nægilega trygging. Pappírsseðilinn hefur í sjálfu sjer ekki meira verð en það, sem kostar að búa hann til, og það því að eins, að menn vilji ganga að því. Hann verður ófrávíkjanlega að hafa það verð, sem menn leggja trúnað á að hann hafi, og sem lofað er að inn leysa hann fyrir. Til tryggingar fyrir seðlunum verður bankinn því að hafa fje í sjóði, svo að ekki verði neitað, að inn leysa þá í hvert skipti, þegar þess er beðizt; enn fremur verður hann að hafa svo mikið í sjóði, að þó peningar ekki sjeu til, þá aðrir aurar, svo að hver seðill verði leystur inn annaðhvort strax eða með mjög stuttum, því nær engum fresti. Þetta er nú einfalt í sjálfu sjer; það er ekki annað en að hafa þetta fje til taks, eptir því sem á þarf að halda. Menn verða því að finna

út við reynslu, hvað mikið bankinn verður að hafa í silfri og hvað mikið í öðrum aurum, til þess að bann geti fullnægt öllum krófum. Ef heimtað er úr honum með stuttum fyrirvara meira, en hann getur leyst til sín af seðlum gegn fullri borgun, þá verður hann gjaldþrota eða stöðvar lögboðnar skyldugreiðslur sínar. Á Íslandi, þegar um bankastofnun er að ræða, verður að finna út, hvað mikið bankinn verður að hafa fyrirliggjandi, til þess að hann geti leyst inn alla seðla, sem innlausnar er krafizt á. Hjer er allt erfiðara, af því að menn verða að vara sig á því, að fara hjer ekki eptir öðrum löndum, þar sem samgöngurnar eru ríflegri, velmegunin jafnari, eða peningaforðinn ríflegri, og þar sem ekki er hætt við hallærum, sem geta breytt peningaforðanum í landinu verulega. Þar sem landshöfðingi sagði, að bankar hefðu vanalega helming af stofnfje sínu sjer til tryggingar, þá er það ekki alveg rjett, ef um ýmisleg lönd, t. a. m. Þýzkaland eða Bretland, er að ræða. Í Danmörku þar á móti hefur þjóðbankinn helming fyrirliggjandi í gulli og silfri, en þar að auki helmingi meira í ýmsum verðhlutum; og að því leyti hefur langshöfðingi rjett að mæla. Annarstaðar hefur verið deilt mjög um, hvað þyrfti að hafa fyrirliggjandi í gulli og silfri; sumstaðar þykir $^1/_3$ nægja, en víðast hvar er, að því mjer hefur orðið kunnugt, víst álitið, að $^1/_3$ sje fremur of lítið. Fyrir okkur, sem ekki höfum neina reynslu til að byggja á, er bezt að binda sig við það, sem tryggilegast er; að hafa $^1/_3$ fyrirliggjandi, verð jeg því að álíta að sje alveg ónógt; það má ekki minna vera en helmingur. Menn verða að gæta að því, að á meðan bankinn er óreyndur og menn óvanir honum, þá streyma fleiri seðlar til hans, heldur en seinna, þegar hann er búinn að vinna sjer traust. Jeg ætla nú samt að ganga út frá því, að $^1/_3$ sje hafður fyrirliggjandi. Sú trygging, sem þá á að vera fyrir hina aðra seðla, eru ekki það, sem kallaðir eru fastir pappírar, heldur lausir pappírar, það er að segja: $^2/_3$ eru í lausu. Hvernig er nú ástandið hjer? Seðlabanki hinna heiðruðu flutningsmanna hefur $^1/_3$ fyrirliggjandi, en þegar kemur fram yfir þennan $^1/_3$, þá á bankinn engar eigur, nema þann litla sjóð, sem hann geymir það og það augnablikið, og skuldabrjef, sem ekki verða losuð nema með $^1/_2$ árs fyrirvara. Flutningsmenn kunna að svara: Það er hægt að segja skuldabrjefunum upp. En jeg segi nei! Það væri að gjöra lántakendunum þann óleik, að þeir kæmust í mestu vandræði, gætu ekki borgað, og ef þeir þættust eiga það á hættunni, að höfuðstólnum kynni að verða sagt upp með missirisfyrirvara, mundu þeir tæplega vilja lána fje af bankanum til langframa. Jeg verð því að fylgja því fram, að hjer verður sjálfsagt að fara þá leið, ekki að hafa $^1/_3$, heldur helminginn fyrirliggjandi. Jeg skal taka það fram um geymslubankann, að hann verður að halda út af fyrir sig með sjerstakri konto, og kem jeg síðar til að athuga um það. Jeg skal geta þess, að einn flutningsmanna sagði, að viðlagasjóðurinn hefði nægа «valuta». Bankinn á að ganga fram sína leið óháður öllu öðru, sem sjerstök stofnun, er ekki sje í sambandi við landssjóðinn. Ef menn halda, að menn geti stofnað banka og svo ganga í landssjóðinn, þegar á þarf að halda, þá er það hörmulegt, ef því er svo komið fyrir. Bankinn verður að vera sjerstök stofnun út af fyrir sig, og hann getur þá ekki farið í fjárleit til landssjóðs fremur en til annara hlutareiganda. Þingmaður Eyfirðinga var ekki hræddur um, að ekki mundi fara vel fyrir bankanum; hann áleit það gefið, að honum yrði skynsamlega stjórnað af landsstjórninni. Það sæti sízt á mjer, að efast um það; en jeg væri ekki hreinskilinn, ef jeg ekki segði, að stjórnarbankar hafa opt með þessu fyrirkomulagi gefizt illa, eða staðið einstökum mönnum í vegi; en það hefur reynslan sýnt alstaðar, að bankar einstakra manna eða fjelög hafa

gefizt betur en stjórn banka af hendi landsstjórnanna. Til þess að bönkunum sje vel stjórnað og þeir standi sig vel, þurfa helzt að vera fleiri bankar í einu landi, svo að keppni sje á milli þeirri. Jeg hef ekki trú á því, að banki sje stofnaður með happasælum afdrifum, þegar ekki er þörf á honum; þegar bankinn er ekki grundvallaður á þörf, getur hann ekki starfað með neinum krapti; þá er ekkert fjör í viðskiptum hans; fjársjóður hans heldur opt kyrru fyrir, og starfi hans verður bæði óhægur og ójafn. Út í reikning nefndarinnar eða flutningsmanna vil jeg ekki leggja; en jeg ætla að reikna eptir mínu eigin höfði. Bankinn á að fá 500,000 krónur úr landssjóði; jeg gjöri ráð fyrir, að hann sigli fullum seglum, og að hann því fái frá einstökum mönnum aðrar 500,000 kr.; það eru til samans 1,000,000 kr., og svo gefur hann seðla út upp á 1,000,000 kr.; það verður þá 2,000,000 kr. Nú lánar bankinn út 1,666,666 kr. með 4 %, og fær því 66,666 kr. í rentur. Nú segir nefndin, að arðurinn yrði með 4 % um árið 6 % af stofnfjenu. Þetta er rjett reiknað af nefndinni, en hún hefur ekki farið nógu langt, heldur á hún að taka dæmið eins og jeg. Bankinn byrjar með 500,000 kr. úr viðlagasjóði og 500,000 kr. frá einstökum mönnum; hann verður því að svara 40,000 kr. í rentu; þá verður arðurinn ekki 6 %, heldur 2 %. (*Einar Ásmundsson*: Þetta er skrítinn reikningur!). Sje hann skrítinn, þá verð jeg að fá hann leiðrjettan. Jeg get ekki skilið annað, en að þegar bankinu lánar út 1,666,000 kr., og rentan þar af er 66,600 kr., en að hann svo verði að svara í rentu 40,000 kr. sem minnstu viðunanlegu rentu af þeirri miljón króna, er í hann hefur verið lögð, og þá verður arðurinn, sem bankinn gefur sínum hluttakendum, 2 %. En svo þarf þar frá að draga ýmislegt, sem minnkar þetta ekki lítið. Það eru t. a. m. í 11. gr. 10,000 kr., sem eiga að afborgast á 10 árum með 4 % p. a.; rentur þar af eru 400 kr. um árið, og þá verður ábatinn enn minni, ekki meiri en 1 kr. 86 a. á hverjum 100 kr. En jeg ætla nú að fara lengra; jeg ætla að gjöra ráð fyrir, að peningar bankans sjeu ekki allt af arðberandi, og að það rentutap, sem af því leiðir, sje ekki á móts við það, sem hann græðir, með því að taka hærri rentu; jeg gjöri ráð fyrir, að hann geti ekki strax komið á vöxtu skuldabrjefum þeim, sem hann fær inn; þar er þá líka tap; þar að auki verður bankinn að hafa talsverðan kontant-sjóð, til þess að geta leyst inn seðla, sem að honum berast við og við, því af $^1/_3$, sem er fyrirliggjandi, má ekki taka; það verður alltaf að halda sjer. Jeg get því ekki fundið, að seðlabankinn hafi stóra von til þess að geta staðizt. Flutningsmönnum til huggunar skal jeg segja, að jeg álít, að seðlabankar yfir höfuð geti borgað sig, en svona lítill seðlabanki ekki. Fyrst þegar seðlabanki er stofnaður með 3—4, eða helzt 5 miljónum króna, þá hefur hann meiri von um að geta staðizt. Jeg get ekki verið nefndinni samdóma um það, að menn muni, verða fúsir á að taka alla þessa seðla hjer á landi. Jeg skal taka dæmi, sem ef til vill ekki er alveg áreiðanlegt, en þó mun nálgast hið rjetta sem bezt má verða, til þess að sanna mál mitt. Látum peningaforðann hjer á landi vera 1,500,000 kr., og af þessari upphæð þarf þá að minnsta kosti 500,000 kr. í 2 króna eða 1 krónu peningum og smærri peningum, til þess að annast þau daglegu viðskipti, sem eiga stað í þessari mynt. Þá er eptir 1 miljón króna í silfri og gulli, og hve miklu af því má breyta í seðla? 1 miljón króna í seðlum getur ekki verið á gangi manna á milli, eptir sem nú hagar til. Nokkuð af silfri og gulli fram yfir þær 500,000 kr., er jeg áleit þurfa til daglegra viðskipta, verður eptir, og það vil jeg meta til annara 500,000 kr., og þá verður ekki eptir til sirkulatíonar í seðlum meira en 500,000 kr, eða hin minnsta upphæð, er nefndin hefur tekið til, er hin hæsta, er jeg get hugsað mjer að náist, meðan að verzlun og samgöngur ekki verða fjörugri, og til þess að koma þessum 500,000 út í seðlum, þarf að líkindum fleiri

ár. Eigi bankinn að stofnast með 500,000 kr. úr landssjóði og færri aðrir hlutareigendur, en nefndin ætlar, gefi sig fram, þá verður ábatinn ekki einu sinni 1, 8%, beldur minna eða jafnvel enginn. Fyrirtæki þessi verða að vera í því stóra, til þess að geta borgað sig. Menn kunna að svara mjer, að í Svíþjóð sjeu optar bankar stofnsettir með ekki meiru fje en 1 milíon króna. Það yrði of langt mál að fara út í, hvernig þeir bankar eru; þeir nota persónulega tryggingu, og þeir standa sig ekki svo, að þeir hafi fullt traust fyrir utan hjerað sitt eða land. Gætum við haft hjer ráð á fleiri miliónum, þá mundi seðlabanki borga sig; en eins og nú er, getur hann ekki staðizt nema með tapi eða áhættu fyrir tapi; þess vegna er ráðlegast að leggja ekki út í það; það er of seint að ætla hjer að fara til baka, þegar ekki verður börfað aptur með heilu skinni.

Það er lánsbankann snertir, þá get jeg ekki sjeð, að hann hafi önnur störf, en að lána út peninga gegn veði í fasteignum; hann er því ekki annað en lánsfjelagið, sem hjer liggur fyrir frá stjórninni, með breyttu nafni og því, að engar sjerlegar afborganir eru áskildar. Hjer á landi er litið um peningalán, nema gegn fasteignarveði. Geymslubankann get jeg ekki skoðað öðruvisi en hreinan og beinan sparisjóð. Að stjórn bankans sje mjög erfið, þar sem sjerstaka sundurliðun í þrjár deildir þarf fyrir hvern þessara banka, hef jeg áður tekið fram, og það liggur í augum uppi. Að öðru leyti skal jeg geta þess, að frumvarpið er allt of stutt; það vantar í það margar ákvarðanir, sem ómögulega mega missast, og væri það of langt mál að taka það allt til. Það stendur í frumvarpinu, að bankinn eigi að taka til starfa, þá er viðlagasjóðurinn hefur keypt þann helming hlutabrjefanna, sem honum er ætlaður, það er að segja: þegar landssjóðurinn er búinn að leggja til sínar 500,000 kr., þá á hann að taka til starfa, þá hefur nú enginn komið þar nærri nema landssjóðurinn með sína bálfa milíón, og með henni einni á að starfa. Það, sem vantar á stofn bankans, verður svo að koma eptir smátt og smátt, og er það næsta óhent. En þegar nú enn fremur einstakir menn fara að leggja í bankann, hvernig verður þá sambandið milli landssjóðsins og hinna, sem leggja í bankann? hvernig er hlutfallið milli þeirra? Sjerhver, sem leggur í bankann, hvort sem það er mikið eða lítið, verður að hafa úthlutað eða fastákveðið atkvæði í málum hans; en um það er hvergi getið. Það er ekki talað um, hvernig þessi $^1/_5$, sem á að vera fyrirliggjandi, skal vera geymdur; það er merkilegt, þar sem flutningsmenn þó höfðu fyrir sjer lánsfjelagið, að þeir ekki skyldu taka úr því ýmisleg atriði, sem eiga við lánsbanka þessa. Í 8. gr. er sagt, að bankinn eigi að lána út fje gegn nægu og tryggu veði, en það er ekki talað um, hvað þetta nægja veð eigi að vera bátt, eða hvernig það eigi að vera, og ekki um það, hver uppsögn skuli vera, en hún má ekki vera með löngum fresti, að minnsta kosti á drjúgum hluta lánanna. Flutningsmenn hefðu átt að til greina þetta mikið nákvæmar. Frá öllu þessu hafa flutningsmenn snúið sjer hæglega, með því að ákveða, að landshöfðingi skuli semja reglugjörð fyrir bankann, og sem hann á svo að leggja fyrir alþingi, að mjer skilst, eptir að hann hefur útnefnt bankastjóra, en bankaráð er ekki nefnt á nafn. Jeg ímynda mjer, að landshöfðingi treystist ekki til að taka svo míkið vandaverk sjer í fang. Jeg held það væri betra, að flutningsmenn, ef þeir geta fært sönnur á, að banki geti hjer borgað sig, tækju málið alvarlega fyrir nú og gengju vel frá því, svo að ekkert vantaði í, og lög þessi yrðu meira en óframkvæmanlegur bókstafur á pappírnum.

Einar Ásmundsson: Mjer virtist hinn hæstvirti landshöfðingi óska þess, að jeg gæfi honum skýringu um gangverðið á hlutabrjefum Gránufjelagsins. Jeg vona, að jeg hafi heyrt rjett, að þetta var ósk hans, og ef svo er, þá get jeg fullvissað hann um, að gangverðið er venjulega með ákvæðisverði,

en jeg þekki líka einstök tilfelli, að þau eru seld minna; það gjöra t. a. m. vesturfarar, þegar þeir ganga á skip, og bráðliggur á peningum, og í slikum tilfellum eru seld minna, enda hvaða peningabrjef sem eru. Jeg skal játa það, að gangverðið er lítið, þar sem vextirnir, sem hlutabrjefin gefa af sjer, eru vanalega 8%, og jeg játa, að það mundi vera hærra í öðrum löndum.

Svo skal jeg leyfa mjer, að snúa mjer að hinum háttvirta 5. konungkjörna þingmanni, sem er búinn að ræða um þetta mál svo rækilega, og hefur gefið margar góðar bendingar, eins og hans var von og vísa. Hann byrjaði á því, að það væri bæði rjettara og hentara, að einstakir menn stofnuðu bankann. Um þetta er jeg honum alveg samdóma; jeg er í rauninni á móti því, að stjórnin stofni nokkuð það, sem einstakir menn eiga helzt að stofna og geta stofnað, en hjer brýtur nauðsyn lög. En jeg vil spyrja, eru það einstakir menn, sem stofna lánsfjelagið? er það ekki líka stjórnin? Jeg get ekki betur sjeð, enda þótt einstakir menn leggi i það með fram, því stjórnin leggur fjelaginu mikið fje, og smíðar lögin fyrir það alveg eins og fyrir bankann, og er því alveg eins ástatt með hvorttveggja að þessu leyti. En það skal jeg fúslega játa, að þetta er neyðarúrræði. En álíti hinn háttvirti þingmaður frágangssök, að stjórnin stofni bankann, þá hlýtur hann líka að álíta það frágangssök, að hún stofni lánsfjelagið, því að bæði verða af sama bergi brotin. En jeg ætla, að þess verði langt að bíða, þar til einstakir menn stofna lánsfjelög eða banka. þó jeg játi, að það væri miklu betra, að einstakir menn gjörðu það. Hinn hátlvirti þingmaður var hræddur um, að það mundi koma fyrir, að seðilbanki, sem hefði seðla á umferð manna á milli og í veltu, mundi, ef margir seðlar streymdu inn til bankans, ekki hafa nóg fje fyrirliggjandi, ef hann hefði ekki nema 1/3 hluta af stofnfjenu, en jeg held, að ef 1/3 nægir annarstaðar, og það er almennt álitið svo, þá muni það fje nægja hjer hjá oss. Já, jeg held, að einmitt hjer á landi, þar sem póstgöngurnar eru svo strjálar, muni sízt hætt við, að svo margir seðlar komi inn á skömmum tíma. Þeir, sem þekkja samgöngurnar hjer á landi milli hinna einstöku landsfjórðunga og sýslna, munu fallast á, að sízt sje hætt við þessum tilfellum hjer. Að öðru leyti má geta þess, að tölur bæði í þessu frumvarpi og öðrum eru opt og verða að vera settar af handahófi, og er mönnum innan handar að breyta þeim, ef menn sjá aðrar rjettari. Ef menn því vilja breyta þessum tölum, þá mun nefndin fús á, að taka það til yfirvegunar, og þá líka taka breytingartillögurnar til greina, ef hinar nýju tölur virðast að vera á betri rökum byggðar; þannig getur hinn háttvirti 5. konungkjörni þingmaður stungið upp á að auka þennan 1/3, og setja í staðinn helming, ef hann getur sannfært menn um, að þriðjungurinn sje ónógur. Þingmaðurinn var enn fremur hræddur um, að seðlar upp á 1 milíón væri of mikið til að koma í veltu í landinu. Jeg bið þingmanninn að gæta að því, að þegar seðlarnir koma í veltu, þá vex um leið peningaviðskiptin. Þetta þarf jeg ekki að segja honum, því hann er sjálfur allra manna kunnugastur peningaverzlun og peningaviðskiptum. Jeg verð því að vera með þingmanninum á því, að hlutabrjefin verði ekki seld mjög snögglega, þó jeg alls ekki kvíði því, að þau verði óútgengileg, eða að menn verði ekki til að kaupa þau, og þó ekki sje nema að eins nokkur hluti af seðlum bankans á gangi fyrst um sinn, þá mun það hafa þá verkun, að peningaverzlunin eykst og lifnar í landinu, og þá mun landið verða betur undir það búið, að taka við og nota sjer meiri seðla; eptir því sem peningaverzlunin eykst og lifnar í landinu, eptir því komast fleiri og fleiri seðlar í veltu. Jeg vona, að hinn háttvirti þingmaður skilji, hvað jeg fer, þótt jegtali með almennum orðum um málið, og sjái, hvers vegna jeg get ekki fallizt á mótbárur hans. Enn fremur er hinn háttvirti þingmaður hræddur um, að bankinn gæti ekki staðizt, ef hann ekki væri stofnaður nema með 1 milíón króna, og

skírskotaði hann í þessu tilliti til smá-banka í Svíþjóð, sem hann þó ekki gaf sjer tíma til að sýna hvernig hagað væri, en hann bar þó eigi á móti, að þeir hefðu getað staðizt. Engu að síður álítur hann, að þessi banki mundi þó ekki geta staðizt. Það væri sannarlega gott og æskilegt, ef þingmaðurinn vildi upplýsa menn eitthvað um þessa smá-banka, bæði í Svíþjóð, og eins í Ameríku, því þar eru og smá-bankar, sem margir standa sig mjög vel. Sem sagt, jeg álít það gjört í neyð, að láta stjórnina stofna bankann, því jeg sje ekki annað, en að annaðhvort verði að láta stjórnina ganga í broddi fylkingar, eða þá fella hvortveggja frumvörpin, bæði um lánsfjelag og banka, og láta svo allt ganga á sömu trjefótunum eins og nú. Þingmaðurinn talaði og um þann galla á þessari, ef jeg mætti svo segja, «gjöf Njarðar», að þar væri ekki talað um, hvernig ætti að vera útbúið veðið hjá þeim, sem taka lánið, eins og gjört er í lánsfjelagsfrumvarpinu, en jeg álít, að það gjöri hvorki til eða frá, hvort þetta er ákveðið í frumvarpinu eða ekki, heldur heyri það öllu fremur til að ákveða það í statútunum fyrir bankann, sem landshöfðinginn semur; frumvarpið álít jeg þar á móti að ekki þurfi að innihalda nema hinar nausynlegu grundvallarákvarðanir fyrir stofnun bankans. Hitt annað má ákveða í statútunum, sem síðar þarf að fastbinda, án þess þær komi fyrir þingið sem lagafrumvarp. Það hefur sjálfsagt verið margt fleira, sem hinn háttvirti þingmaður hafði á móti frumvarpinu, en jeg er ekki svo minnisgóður, að jeg geti munað það allt, og jeg hef þannig að eins leyft mjer að fara fáum orðum um það, sem jeg gat fest í minni mjer. Að endingu þakka jeg hinum háttvirta þingmanni fyrir það, að hann hefur skoðað frumvarpið svo rækilega og reynt að finna á því sem flesta agnúa, því þess þurfa öll vandasöm og mikilsvarðandi mál með, og öll þau verk, sem lengi eiga að standa, þarf og vel að vanda. En hitt vona jeg, að hann hafi ekki tekið það í sig, að vera á móti þessu frumvarpi, af því að hann vilji endilega fella það fyrir okkur höfundum þess, þó eitthvað smávegis væri í því öðru vísi, en hann álítur bezt.

Árni Thorsteinsson: Jeg get ekki komizt hjá, að svara hinum háttvirta þingmanni Eyfirðinga fáeinum orðum. Jeg vonaði allt af, að hann mundi verða mjer samdóma um það, að það væri ekki rjett eða æskilegt, að landsstjórnin stofnaði bankann, heldur hitt, að einstakir menn gjörðu það; þetta vonaði jeg af því, að jeg mundi, hvernig honum fórust orð á dögunum, þegar hann talaði um þjóðjarðasöluna almennt; þá sagði hann, að það mundi ekki ganga vel, ef landssjóðurinn ætti smiðjur, skip, ræki verzlun o. s. frv. En þingmaðurinn áleit, að hjer bryti nauðsyn lög, því að annaðhvort yrði banki að detta úr sögunni, eða þá landssjóðurinn að stofna annaðhvort bankann eða lánsfjelagið; en jeg get ekki sjeð hjer annað, en að bankinn verði stofnaður bæði af landsstjórninni og líka einstökum mönnum, en eins og jeg sagði áðan, þá get jeg ekki fundið, að nefndin til taki í frumvarpinu hlutfallið milli þeirra. Mjer þótti vænt um, að hinn háttvirti þingmaður tók það til greina, er jeg sagði, að landið mundi ekki fá borgað 1 milión, eða hlutabrjef upp á 1 milión væri of mikið til að koma í veltu í landinu; en hann hjelt, að þegar seðlarnir kæmu út um landið, þá mundi peningaverzlunin vaxa. Jeg er viss um, að þó bankinn ausi út seðlum, þá muni peningarnir ekki vaxa fyrir það, því þeir fara eptir viðskiptaþörfunum en ekki öðru. Þegar því banki eða önnur lánsstofnun gefa út seðla, þá verða ekki fleiri peningar í landinu, en það getur umsett. Hinum háttvirta þingmanni líkaði það illa, að jeg skyldi ekki tala nákvæmar um smá-bankana í Svíþjóð, sem annars hafa fremur tortryggðarorð á sjer, og sem jeg álít að ekki væri gott að hafa hjer. Jeg get frætt þingmanninn um, að það verða að vera 30 menn vellauðugir til að stofna og tryggja bankann að öllu leyti, en þar er þó reyndar miklu minni trygging heimtuð í öðru, en annarstaðar, svo sem á Englandi og Þýzkalandi; þar sem

þessi persónulega trygging er heimtuð í Svíþjóð, er lítið heimtað að liggi fyrir í gulli og silfri, og það hefur þótt örðugt að skilja, hvernig þessir bankar hafa flotið stórslysalítið hingað til. Ef landssjóðurinn vill taka að sjer jafngildi þessara 30 manna tryggingar, þá væri banka vorum vel borgið, en jeg held landssjóði sje ekki þjent með því, enda hefur bann annað að sýsla.

Síðan bar forseti undir atkvæði, hvort málinu skyldi vísað til 2. umræðu, og var það samþykkt með 7 atkvæðum.

ÖNNUR UMRÆÐA Í EFRI DEILD,
á 36. fundi, 13. dag ágústmánaðar.

Flutningsmaður (Jón Pjetursson): Þegar mál þetta var til 1. umræðu, þá talaði hinn 5. konungkjörni þingmaður mjög á móti því, og skoðaði það frá fleiri hliðum, en sagði þó, að sjer væri mjög annt um málið. Eitt af því, sem hann bafði á móti bankastofnun þessari, var, að bankinn væri stofnaður af viðlagasjóðnum og að stjórnin hefði yfirumsjón yfir honum, en ekki af privatmönnum. Jeg er ekki hræddur við það, þó að stjórnin hafi yfirumsjón yfir bankanum; jeg ímynda mjer, að það geti vel farið fyrir það. Það er allt annað, þó að bankinn í Danmörku yrði gjaldþrota árið 1813; það var af sjerstökum kringumstæðum; þá var stríðið, og stjórnina vantaði peninga, og þess vegna var eina ráðið fyrir hana, að gjöra bankann gjaldþrota. Hann áleit, að í bankanum mundi þurfa að hafa helming stofnfjárins fyrirliggjandi í gulli og silfri, jafnvel þó að í sumum öðrum löndum sje það álitið yfirfljótanlegt, að hafa $^1/_8$ eða $^1/_4$ fyrirliggjandi; haun virtist helzt vilja byggja þetta á því, að landið væri stórt en strjálbyggt, og lítið fjör væri í viðskiptum manna á milli. En eptir því sem erfiðara er að vitja bankans, þá get jeg ekki annað skilið, en að aðsóknin til bankans að vilja skipta seðlum fyrir mynt verði minni. Hann sagði, að menn mundu verða ófúsir á að taka seðlana; en jeg held þvert á móti, að menn mundu verða fúsir til þess, og þakka sínum sæla fyrir, að þeir gætu fengið eitthvað í peninga stað, til þess að geta borgað með. Hann sagði mikinn sannleika, þar sem hann sagði, að seðlarnir væru ekki nema pappír, en ekki myntin sjálf; þetta er satt, en seðlarnir eru ávísun upp á bankann, og þeir hafa «valuta», sem ekki er svo lítils vert; jeg held, að menn tækju því ekki með þökkum, ef einhver tæki 100 seðla, og honum væri fengnir 100 brjeflappar fyrir. Jeg skal svo ekki svara ræðu hans meira að sinni.

Jeg játa annars, að það verður bágt fyrir margan að átta sig vel á þessu máli, nema með nákvæmari rannsókn; án hennar kann sumum þykja, að bankinn kunni að geta orðið æskilegur, en öðrum finnast hann óhafandi, hann hljóti að fara strax á höfuðið. Mjer hefur nú komið til hugar, að reikna út, hvernig ástand bankans mundi verða eptir 1 ár, eða þegar hann væri búinn að standa eitt ár; fyrsta árið læt jeg hann að eins vinna með því fje, er hann á að fá úr viðlagasjóðnum, sem sje 500,000 kr., og væri hann þá ekki nema nokkur hluti af viðlagasjóðnum, því að jeg gjöri ekki ráð fyrir því, að einstakir menn þyrðu að kaupa hlutabrjef í honum, fyrri en þeir sæju, hvernig hann stæði sig; eins álít jeg, að bankinn ekki ætti að láta úti seðla sína nema á móti jafnháum 6% arðberandi veðskuldabrjefum, þar af 4% vextir, og 2% afborgun; og loksins held jeg eptir peninga- eða gjaldeyris-eklu þeirri, sem hjer er á landi, að bankinn geti á fyrsta árinu alltjend orðið mánaðarlega af með seðla upp á 5,000 kr., og fengið fyrir 6% arðberandi skuldabrjef, hljóðandi upp á 5,000 kr.

Tekjur bankans yrðu því á árinu:

1.	Fyrir útilátna seðla . . .	60,000 kr.
2.	Hálfs árs vextir eða 3% af skuldabrjefum þeim, er hann fjekk fyrir seðla fyrri hluta ársins, eða af 30,000 kr. .	900 —
3.	Ársvextir af innstæðunni, 500,000 kr.	20,000 —
	Samtals	80,900 —

En útgjöld hans þessi:

1. Skyldi hann við ársbyrjunina setja fastar 10,000 kr., það er að segja: selja af innstæðu sinni móti gull- og silfurpeningum svo mikið, er þessu næmi, er hann þó varla þyrfti, sízt strax, þar eð hann eigi fyrri en við enda fyrri hluta ársins væri búinn að gefa út seðla upp á 30,000 kr., en við þetta missti sjóðurinn 1 árs vexti af 10,000 kr. . . . . 400 kr.
2. Í byrjun seinna hluta ársins setti hann eins fastar 10,000 kr., og missti þar við hálfs árs vexti af þeim, o: fyrir þá 6 mánuði, er eptir væru af árinu . . . . . 200 —
3. Afborgun af skuldabrjefum 300 —
4. Til stjórnar bankans . . . 6,000 —
5. Í leigu af skuldinni til landssjóðsins og til afborgunar henni . . . . . 1,400 —
6. Hjer við bætast þær fastsettu 20,000 —

samtals 28,300 kr.

Tekjurnar hafa þannig á árinu verið 52,600 kr. meiri en útgjöldin.

Við árslokin á bankinn þannig:

1. í 6% arðberandi veðskuldabrjefum fyrir seðla 60,000 kr.
   þar af borgaðar 300 — 59,700 kr.
2. í sjóði óarðberandi . . . 20,000 —
3. hefur bankinn orðið að taka af upprunasjóði sínum, er voru 500,000 kr. 7,100 kr.; . . . . . 492,900 —

samtals: 572,600 kr.

En á þessum 7,100 kr. stendur svo, að bankinn hafði sem fyr sagt útgjöld til stjórnar sinnar og til landssjóðssins . . . . . 7,400 kr.
og varð að leggja í sjóð . . . 20,000 —

samtals: 27,400 kr.

en aptur fjekk hann í vöxtu

Flyt 400 —

Flutt 400 kr.
20,000 kr. + 900 kr. + 600 kr. 20,300 —

eptir: 7,100 kr. —

Bankinn hefur þannig aukið innstæðu sína á árinu í arðberandi peningum eða skuldabrjefum um 52,600 kr., eða fengið í vöxtu af innstæðu sinni liðuglega 10½%, auk þess, sem hann hefur fengið í sjóð 20,000 kr., sem þó er honum ekki arðberandi. Auk þessa hefði hann að líkindum eitthvað getað grætt á árinu sem geymslubanki. Mjer getur þannig ómögulega sýnzt annað, en að bankinn hlyti að verða blessunarríkasta stofnun fyrir landið, því að auk þess, sem hún yrði hin arðsamasta gróðastofnun, bætti hún úr peningaeklunni, sem hjer á landi er nú orðin svo fjarskaleg, og jeg er viss um, að það liði ekki á löngu, fyrri en margir vildu gjörast hluttakendur í baukanum.

Magnús Stephensen: Jeg sje, að mál þetta hefur fengið sess meðal velferðarmála landsins, og þess vegna ímynda jeg mjer, að hver þingmaður í þessu máli, sem öðrum slíkum málum, eigi að bera sjerstaka ábyrgð fyrir atkvæði sínu fyrir öldum og óbornum, ef hann leyfir sjer að vera á annarlegri skoðun; mjer finnst því skylt, að gjöra grein fyrir atkvæði mínu og gefa skýringar á því, hvers vegna jeg er mótfallinn þessu máli, ekki af því, að jeg ímyndi mjer, að jeg geti sannfært hina háttvirtu flutningsmenn nje aðra þá þingmenn, er þeim fylgja, með orðum mínum, heldur af því, að jeg vil ekki bera ábyrgð á því, ef málið verður samþykkt hjer í deildinni, en hins vegar er reiðubúinn að bera fulla ábyrgð á því, ef svo ólíklega kynni að ske, að það næði ekki fram að ganga.

Jeg ætla þá að leyfa mjer að víkja að nokkrum atriðum í frumvarpinu, sem gjöra það að verkum, að jeg get ekki fallizt á það. 2. gr. frumvarpsins skildi landshöfðingi svo, að fyrst að landsstjórnin ætti að gefa hlutabrjefin út, þá yrði líka landssjóðurinn að ganga í ábyrgð fyrir, að þau væru þess virði, sem þau hljóðuðu upp á; en uppástungumenn hafa látið í ljósi gagnstæða

skoðun. Landsstjórnin á þá eptir því ekki að gjöra annað en sjá um prentun hlutabrjefanna, og það befur ekki mikinn kostnað í för með sjer. Eptir 3. gr. á að verja 500,000 kr. af fje viðlagasjóðsins fyrir helminginn af hlutabrjefum bankans. Landshöfðingi gat þess, að viðlagasjóðurinn ætti ekki þetta fje til, en því var mótmælt af uppástungumönnum, enda þótt landshöfðingi gæfi þá skýrslu, að viðlagasjóðurinn hefði átt 1. ágúst þ. á. 650,000 kr. alls í arðberandi innstæðu; en þar af eru 150,000 kr. lán móti afborgunum, sem því ekki verður sagt upp; þá er eptir í innskriptarskírteinum 300,000 kr. og lán án afborgunar hjá einstökum mönnum 200,000 kr. Afleiðingin af því, að landsbankinn væri þá stofnaður, yrði sú, að það yrði að segja upp prívatmönnum, og hinir ógæfusömu skuldunautar landssjóðsins yrðu að reyna að útvega sjer einhverstaðar peninga til þess að borga þessar 200,000 kr. með; en þeim mun veita það örðugt. Í annan stað yrði að fá uppsögn á þessum 300,000 kr., sem eru í innskriptarskírteinum; á því eru engir örðugleikar, en landssjóðurinn tapar sjálfsagt á því 1% og á því, að breyting innskriptarskírteinanna í skuldabrjef kostar hjer um bil 1 kr. á hverju skuldabrjefi. En er þá áreiðanlegt, að viðlagasjóðurinn eigi þessar 500,0000 kr. í innskriptarskírteinum og í lánum hjá prívatmönnum, þegar að því kemur, að kaupa hlutabrjef landsbankans? Jeg verð að efast um það. Það er kunnugt, að nú í fjárlögunum er gjört ráð fyrir, að taka 100,000 kr. úr viðlagasjóði handa amtsráðunum til þess að koma búnaðarskólum á stofn; þá eru nú að eins eptir 400,000 kr. í viðlagasjóði, og því ómögulegt að setja 500,000 kr. í bankann. En setjum nú, að viðlagasjóðurinn kaupi hlutabrjef að eins fyrir 400,000 kr. eða jafnvel ekki nema fyrir 300,000 kr; getur hann það? Við vitum allir, að það kemur varla það þing fyrir, að ekki sje veitt úr viðlagasjóði meira eða minna fje til ýmissa þarflegra fyrirtækja; þannig veitti þingið 1879 100,000 kr. úr viðlagasjóði til byggingar þess húss, sem vjer nú sitjum í, sömuleiðis 100,000 kr. til brúagjörðar yfir Þjórsá og Ölfusá, þó að það næði ekki staðfestingu, og nú á þessu þingi 100,000 kr. til stofnunar búnaðarskóla; þess vegna má gjöra ráð fyrir, að þingið 1883 muni verja stórsummum úr viðlagasjóði, t. a. m. til brúabygginga eða til eflingar búnaði, að jeg ekki nefni það, sem kynni að þurfa að leggja fram úr viðlagasjóði til þess að afstýra hallæri, og sem jeg vona, að hinn háttvirti 1. þingmaður Rangæinga kannist við að gæti orðið nauðsynlegt. Hvernig ætti nú landssjóðurinn að fara að, ef hann þyrfti snögglega peninga með? Það yrði ekki nema með því móti, að hann seldi hlutabrjef sín; en hvernig geta menn þá hugsað sjer, að landssjóðurinn gæti selt hlutabrjef upp á 100,000 kr. í einu vetfangi? Jeg ætla ekki, að hlutabrjef bankans muni hafa svo góðan «Cours» erlendis, og allra-sízt, að þau gangi fyrir ákvæðisverð þeirra. Frá viðlagasjóðsins hálfu álít jeg því óráðlegt, að hann verði látinn setja peninga sína í annan eins pappír eins og hlutabrjef bankans. Jeg hef heldur enga vissu fyrir, að hlutabrjefin gangi greiðlega milli manna, og enga vissu fyrir, að þau þá gangi fyrir ákvæðisverð sitt, og jeg spái, að þau gangi ekki einu sinni kaupum og sölum manna á milli; hlutabrjefin eru ekki grundvölluð á neinu, ekki á ábyrgð af hendi landssjóðs nje á jarðagózi, og sá, sem kaupir hlutabrjef, hefur enga trygging fyrir peningum sínum nema þá peninga, sem hann leggur fram sjálfur. Þegar til seðlanna kemur, þá er svo ákveðið, að þeir skuli teknir sem gildur greiðslueyrir í öll gjöld til landssjóðs, til allra sveitarfjelaga og annara almennra stofnana í landinu; en það er ekki tekið fram, að þeir skuli ganga manna á milli sem gildur greiðslueyrir. Jeg get ekki verið eins góðgjarn og hinn 5. konungkjörni þingmaður, að gjöra ráð fyrir, að bankinn muni ávallt sigla með fullum seglum; jeg gjöri ráð fyrir, að sumir menn muni verða svo tortryggnir, að

þeir alls ekki vilji taka við seðlum landsbankans, og aptur aðrir, sem að minnsta kosti ekki vilja taka þá fyrir ákvæðisverð þeirra; þetta er svo almennt í öðrum löndum, að það má ekki gjöra ráð fyrir, að það ekki geti komið fyrir hjer. Það er og annað með seðla bankans, að þeir ggta ekki verið gildur greiðslueyrir nema innanlands, því jafnvel beztu seðlar erlendis eru ekki teknir gildir nema í þeim löndum, þar sem þeir eru gefnir út. Uppástungumenn álíta, að nægilegt sje að hafa $^1/_3$ stofnsjárins fyrirliggjandi í slegnum gull- og silfurpeningum, og þó að það hafi ekki komið fram í umræðunum, þá hafa þeir utanþings sagzt byggja það á góðri bók danskri, sem jeg ekki skal leysa mjer að rengja. En allir hinir stærri bankar álíta ekki nóg að hafa $^1/_3$ fyrirliggjandi, en þar sem $^1/_3$ er álitinn nægja, þar er ákveðið, að hinir $^2/_3$ sjeu í góðum pappírum, sem hægt sje að koma í peninga, undir eins og á þarf að halda. Það er nú ef til vill hlægilegt, að fara að bera þennan litla banka saman við Lundúnabankann eða aðra stórbanka, en eptir reglugjörð hans má hann ekki gefa einn einasta seðil út fram yfir það, sem hann á fyrirliggjaudi í gulli og silfri, ríkisskuldabrjefum og í viðlagasjóði. Berlínarbankinn ákveður að vísu, að nóg sje að hafa $^1/_3$ fyrirliggjandi í gulli og silfri, en hina $^2/_3$ er hann skyldur til að hafa í þeim pappírum, sem hægt er að gjöra fljótt að peningum, t. a. m. í áreiðanlegum víxlbrjefum. Uppástungumenn ganga út frá því sem vísu, að menn kæri sig ekkert um að skipta seðlunum í gull eða silfur; en þeir mega ekki byggja áætlanir sínar eingöngu á því, að allt gangi sem heppilegast fyrir bankanum, heldur verða þeir líka að gjöra sjer grein fyrir, hvernig fara muni, ef óheppilega tekst til. Bankinn á ekki að taka til starfa fyr en viðlagasjóðurinn hefur keypt þann helming hlutabrjefanna, sem honum er ætlaður, nefnilega fyrir 500,000 kr., og viðlagasjóðurinn verður þá að vera búinn að leggja þessar 500,000 kr. út, áður en bankinn byrjar, og bankinn verður að greiða viðlagasjóðnum vexti af þeim frá þeim degi, sem hann tekur á móti þeim, hvort sem honum tekst að lána þær út eða ekki. Flutningsmaður reiknaði álitlega, en hvort hann hefur reiknað rjett eða rangt, er ekki gott að segja, þó að maður heyri það snöggvast. Mjer skildist á honum, að viðlagasjóður gæti keypt hlutabrjef bankans fyrir annað en peninga; en jeg get ekki skilið, að bankinn geti tekið á móti veðskuldabrjefum einstakra manna, sem borgun fyrir hlutabrjef sín, án þess að þau sjeu gjörð í peninga, því að bankinn verður að hafa peninga eða þá peningaígildi, sem hægt er að snúa í peninga, ávallt fyrirliggjandi, til þess að vera undir það búinn að geta leyst til sín seðla sína, þegar þess er krafizt. Hinn heiðraði flutningsmaður veit, að sparisjóðurinn hjer í Reykjavík verður opt að liggja uppi með stórar summur, án þess að fá nokkra vexti af, til þess að geta borgað út, þegar menn vilja fá fje sitt; eins mun reynast með bankann, að hann opt verði að liggja uppi með talsverða peninga fram yfir hinn lögboðna þriðjung, sem hann engan arð fær af, og að ekki verði fyr en seint og síðarmeir, að hann geti komið þeim á vöxtu. Það eru þessi atriði, sem koma mjer til að gefa þessu frumvarpi ekki atkvæði mitt: hin mikla áhætta fyrir viðlagasjóðinn, að hann verði fyrir fjármissi; hin mikla áhætta, að seðlar bankans geti aldrei náð trausti manna, og í þriðja lagi, að hlutabrjef bankans komist ekki í það álit, að þau gangi manna á milli fyrir ákvæðisverð þeirra.

Stefán Eiríksson: Jeg get nú ef til vill ekki borið eins gott skyn á þessa landsbanka-stofnun, eða rjettara sagt pappírsbankastofnun, eins og jeg hefði óskað, en þar eð jeg eins og fleiri á að greiða atkvæði með eða móti þessu frumvarpi, þá vil jeg með nokkrum orðum láta í ljósi skoðun mína. Jeg ímynda mjer, að það væri kann

ske rjettast, að láta mál þetta bíða þangað til að þjóðin hefði kynnt sjer það; þjóðin yfir höfuð þekkir ekkert til þessa máls. Því hefur reyndar verið hreift í blöðunum dálítið, en ekki svo, að þjóðin beri yfir höfuð nokkurt skynbragð á það. Og þó að það væri nú barið fram í báðum deildum og samþykkt með litlum atkvæðamun, þá sýnir það engan þjóðarvilja, og er því mál þetta að því leyti of snemma uppborið. Bankinn á nú að stofnast með 1 milión króna, og þar af á viðlagasjóðurinn að leggja til 500,000 kr., en sjálfseignarbændur líklega hinar 500,000 kr.? Eptir því, sem jeg skil frumvarpið, er þetta tilætlun þess, en hver hefur vissu fyrir því, að bændur eða aðrir jarðeignamenn kaupi hlutabrjef upp á 500,000 kr.? Jeg ímynda mjer, að það sje mjög hæpið, að landsmenn komi og setji allar sínar jarðir í veð fyrir þessum hluta stofnunarinnar, og að þar af leiði, að ekkert verði úr þessari landsbankastofnun. Í 12. gr. er talað um, að landshöfðingi skuli semja reglugjörð fyrir bankann. Það hefði sjálfsagt verið bezt, að þessi reglugjörð hefði legið fyrir nú, svo að menn þess betur hefðu getað glöggvað sig á málinu; það er hvergi getið um, hvað langur uppsagnarfresturinn á að vera, og það þyrftu menn þó að vita, en það á líklega að koma í þessari fyrirhuguðu reglugjörð. Jeg skal svo ekki tala meira í þessu máli, en álít, að deildin gjörði bezt í að fresta málinu til næsta þings, þangað til búið væri að skýra það í blöðunum fyrir þjóðinni, og sýna fram á, að hverju gagni það megi verða.

Flutningsmaður: Jeg heyrði ekki eins vel, eins og jeg hefði þurft, mótbárur hins 4. konungkjörna þingmanns. Eptir því sem mjer sýnist, þá þarf viðlagasjóðurinn ekki að segja upp skuldabrjefum neinum hjer á landi, í hið minnsta svo fljótt; hann á nóg af opinberum skuldabrjefum, er hann getur hafið eða selt fyrir peninga þá, er hann með þarf, og sem á fyrsta árinu eigi yrði nema svo sem 27,400 kr., en peningar þeir, er hann fengi inn yrðu 20,300 kr., er hann aptur gæti keypt sjer skuldabrjef fyrir, ef hann vildi, svo þessi skuldabrjef hans hefðu eigi minnkað á árinu nema um 7,100 kr.; það yrði hann að fá inn eptir mínum reikningi. Að menn ekki muni vilja gefa fyrir seðlana, eins og þeir hljóða npp á, er allt komið undir því, hvort menn álíta, að bankinn hafi «valuta» eða ekki. Fyrst þegar jeg kom til Danmerkur, þá gengu seðlar þjóðbankans ekki «al pari», en svo fóru þeir að gjöra það, án þess víst að nokkurt lagaboð kæmi út um það (*Magnús Stephensen*: Það er lögboðið). Hlutabrjef bankans skoðaði þingmaðurinn svo, að viðlagasjóðurinn ætti að kaupa þau fyrir peninga (*Magnús Stephensen*: Það stendur: «hefur keypt). Viðlagasjóðurinn má gjarnan gjöra það, ef hann vildi, en það er líka nóg, að hann gefi viðkenningu fyrir því, að hann standi inni fyrir svo miklu fje; hann getur strax byrjað að verka með sínum 500,000 kr., þó að þær sjeu ekki slegin mynt, og þó að þær sjeu í skuldabrjefum. Það fyrsta, sem maður á að gjöra, það er að gjöra ljósan reikning yfir, hvort þvílíkur banki getur orðið til gagns, eins og jeg hef reynt að gjöra. Það getur vel verið, að sumum kunni að sýnast það sje rjett, að láta þetta mál bíða, þar til þjóðin hefur kynnt sjer það, en þess þarf engan veginn; það verður ekki ljósara fyrir það, og það er sá peningaskortur fyrir dyrum, sem endilega þarf að bæta úr. Það er satt, sem hinn 4. konungkjörni þingmaður sagði, að seðlarnir gætu ekki gengið sem greiðslueyrir erlendis; en það er líka margt að kaupa hjer; kaupmenn mundu fúslega taka seðlana, ef þeir vissu, að bankinn hefði næga «valuta». Jeg veit ekki til, að danskir seðlar gangi í öðrum löndum, og ekki einu sinni hjer, og því er ekki tiltökumál, að íslenzkir seðlar mundu ganga erlendis, enda er engin þörf á því, það er nóg að gjöra við þá hjer.

Einar Ásmundsson: Jeg verð líklega að tala nokkur orð, af því jeg er einn af hinum ógæfusömu uppástungumönnum, jafnvel þó jeg sje ekki vel viðlátinn. Fyrst skal

jeg þá leyfa mjer að snúa mjer að hinum háttvirta 4. konungkjörna þingmanni. Hann talaði um, að viðlagasjóðurinn hefði ekki efni til að kaupa hlutabrjef í bankanum fyrir ½ milión. Þetta getur nú vel verið; jeg þori ekki um það að segja, þó jeg sjái á reikningi stjórnarinnar, að viðlagasjóður hafi við árslok 1879 átt hátt upp í 700,000 kr. En sje svo, að viðlagasjóður ekki geti keypt hlutabrjef fyrir þessa fjárhæð, þá má bæta úr því með því, að lækka tillag hans, því nokkur efni hefur hann þó. Þá ætla jeg, að hinn háttvirti þingmaður hafi talað um, að illt mundi verða að fá peninga til að láta liggja í bankanum til að leysa inn seðlana, sem inn koma til bankans. Mig minnir, að þingmaðurinn segði, að viðlagasjóður ætti í innskriptarskírteinum 300,000 kr.; þessari upphæð ætti hann að geta varið í peninga, en til þess að geta átt í peningum ⅓ hluta af 500,000 þarf ekki meira, en hjer um bil 166,000 kr.; til þess nú að geta sjeð um hina nauðsynlegu peninga í bankanum eptir frumvarpinu, þarf bankinn ekki að fá hjá viðlagasjóði nema 166,000 kr. í gulli eða silfri. Hinum ógæfusömu skuldunautum landssjóðsins er eins greiður vegur að fá peninga úr bankanum eins og lánsfjelaginu, því hvað því viðvíkur, að sjóðurinn *hljóti* að segja einstökum mönnum upp, þá veit jeg ekki betur, en að þeim gæti orðið sagt upp hvort sem er. Viðlagasjóðurinn segir þeim sjálfsagt upp, en þá geta þeir flúið til bankans eins vel og til lánsfjelagsins. Það nægir, ef til vill, að viðlagasjóðurinn að eins hafi skipti við bankann á veðskuldabrjefum einstakra manna og hlutabrjefum. Í 4. gr. stendur: «Bankinn tekur til starfa, þá er viðlagasjóðurinn hefur keypt þann helming hlutabrjefanna, sem honum er ætlaður eptir 3. gr.», nefnilega fyrir ½ milión kr. Jeg sje ekki annað, en að bankinn geti byrjað, þó ekki sje ½ milión fyrir liggjandi í dyngju af gulli og silfri í bankanum; til þess þarf ekki nema ⅓ hluta af þessari hálfu milión; tveir hlutirnir geta verið í áreiðanlegum veðskuldabrjefum og þess konar. Það var talað um, að ⅓ hluti af stofnfjenu í gulli væri of lítið til að hafa fyrirliggjandi í bankanum, og sagt, að flestallir bankar hefðu meira fje fyrirliggjandi. Jeg veit, að þeir bankar eru til, sem hafa meira fje fyrirliggjandi, en jeg veit líka hitt, að margir hafa minna af gulli og silfri. Það var sagt, að þjóðbankinn í Kaupmannahöfn hefði meira en helming af stofnfje sínu í peningum fyrirliggjandi í bankanum, en þetta er alls ekki svo. Þjóðbankinn var stofnaður 1818, og er þannig til kominn, að hann var sniðinn upp úr ríkisbankanum, sem var á undan og komst í gjaldþrot. Lagaboðið þar að lútandi var gefið út 4. júlí 1818. Banki þessi byrjaði starf sitt undir mjög erfiðum kringumstæðum. ⅙ hluti var tekinn af fasteignum landsins með hreinu valdboði, og settur í veð sem stofnfje; þar var ekki í bráðinu 1 eyrir til í gulli eða silfri, en honum var veitt einkaleyfi til að gefa út seðla í Danmörku um 90 ár. 11. júlí 1840 var bankanum leyft að gefa út seðla uppá 16½ milión, en gjört að skyldu að hafa 8¼ milión fyrirliggjandi til að inn leysa seðla þá, er inn kynnu að koma, en að eins helmingurinn af þessu fje, eða 4⅛ úr milión, þurfti að vera í peningum; hinn helmingurinn skyldi vera að hálfu í gull- eða silfurmiltum eða klumpum, en að hálfu í víxlum upp á Hamborg, bankovíxlum. Í rauninni var þannig ekki nema ¼ partur stofnfjársins í peningum; hitt var í gullmiltum eða verðbrjefum, en eins og auðvitað er, þá er gullklumpum ekki á augabragði komið í peninga; ef allir vilja fá seðla sína leysta í einu, þá þarf fyrst að slá peninga úr klumpunum, en það er ekki á einum degi gjört, þegar um svo mikið er að ræða, sem hjer. 4. júní 1847 var bankanum leyft að gefa út seðla upp á 20 miliónir án þess bankanum væri gjört að skyldu að hækka fje sitt um einn eyri yfir 8¼ milión, en nú síðan bankanum 4. okt 1854 var leyft að auka seðlana upp í 24 miliónir, er bankanum gjört að skyldu, ef seðlamergðin færi fram yfir, þá skyldi hann leggja í geymslusjóð annað eins. Þannig er það

ekki svo sjerlega nákvæmt, þegar menn segja, að flestir bankar hafi svona mikið fje fyrirliggjandi. Að því er Englands banka snertir, sem nefndur var, þá er stofnun hans að miklum hluta svo varið, að hann á hjá ríkinu mikla fjárhæð, og ríkið sjálft hefur í sjer mikla trygging, af því það er svo öflugt og ódauðlegt. En þetta hefur samt ekki ákaflega mikið að þýða fyrir oss, því vjer getum ekki tekið oss stóru bankana til fyrirmyndar, heldur á það betur við, að vjer skoðum hina smáu banka og tökum oss þá til fyrirmyndar, t. a. m. smábanka í nágrannalöndunum, Noregi og Svíþjóð, og enn lengra suður í álfunni, og sömuleiðis smábanka í Vesturheimi, þar sem þeir eru, ef til vill, flestir. Að öðru leyti skal jeg geta þess, að jeg álít mótmæli alveg æskileg, og er jeg samdóma hinum háttvirta 4. konungkjörna um það, að mál þetta verði að ræðast vandlega, þar eð það er velferðar mál landsmanna. Þess vegna veit jeg líka, að hann hefur komið fram með mótmæli sín i bezta skyni, en ekki til að búa til grýlur til að fæla menn, eða láta menn ætla, að þúsund ljón sjeu á veginum, þar sem fá eru, og jeg vona, að fleiri háttvirtir þingmenn, einkum hinn háttvirti varaforseti, muni skýra málið enn betur, áður en fundi er slitið.

Árni Thorsteinson: Þegar hinn háttvirti þingmaður Eyfirðinga telur þá ógæfusama, sem hafa komið með þetta frumvarp, þá er það ekki rjett skoðun; miklu fremur eiga þeir þakkir skilið fyrir, að hafa hreift þessu máli, til þess að menn geti tekið það til yfirvegunar. Við 1. umræðu fór jeg nokkrum orðum um þetta mál, og gat jeg þess þá, að mjer líkaði ekki, að stjórnin ætti að stofna bankann, því að jeg áliti, að einstakir menn ættu að gjöra það. Ef landið stofnar banka, verður sama spursmál fyrir það sem hvorn annan, hvort banki borgar sig eða borgar sig ekki; ef hann borgar sig ekki, þá á stjórnin sízt að stofna hann, og ef hann borgar sig, þá ætti stjórnin sízt að leyfa ekki privatmönnum að stofna hann, og láta þá sitja í fyrirrúmi til þess. Fyrsta skilyrði fyrir því, að bankinn borgi sig, er þörfin fyrir hann; þörfin fyrir banka skapast ekki með stofnun bankans, en þegar þörfin er til staðar, þá kemur bankinn af sjálfum sjer, ef jeg má svo að orði kveða, Jeg tók það og fram við 1. umræðu, að jeg áliti of lítið, að ekki væri fyrirliggjandi í bankanum nema $^1/_3$ hluti af stofnfje hans til að inn leysa seðla, þá er eigendur seðlanna óska þess, og jeg tók það fram, að það yrði að minnsta kosti að vera helmingur af stofnfjenu fyrirliggjandi, og mun síðar verða talað um þetta. En jeg bið menn að leggja áherzluna á það, að þegar bankinn gefur út seðla, þá er hver seðill innleysanlegur, og það verður að vera hrein og bein trygging fyrir því, að sá, sem seðilinn á, fái hann útborgaðan í peningum, en hjer höfum vjer þann óleik, að þar sem aðrir bankar hafa trygging í hreifanlegum peningaeyri, ank silfursjóðs, þá höfum vjer þetta ekki hjer, þar sem því nær öll lán eru gegn veði í fasteign. Maður getur mikið vel sagt, að þeim, sem lána, sje gjört að skyldu að borga með $^1/_2$ árs uppsögn, en það er til að eyðileggja þá, ef þessi uppuppsagnarfrestur er notaður í fullum mæli. Annað spursmálið var það, hve mikið landið torgaði af seðlum til að ganga manna á milli; jeg gekk þá út frá, að bankinn gengi með fullum seglum, en nú í dag við aðra umræðu vil jeg taka byrinn, eins og hann gefst, og verði hin hæsta seðlahæð, er gangi manna á milli, eins og nú er ástatt, metin 500,000 kr., má ráð fyrir því gjöra, að hún verði fyrst mikið minni, og mörg ár, þangað til að bún nái sjer í fulla tölu. Í frumvarpinu er gjört ráð fyrir, að þeir, sem hluttakendur gjörast í bankanum, kaupi hlutabrjef fyrir 500,000 kr., en setjum nú svo, að

landsmenn hafi ekki brúk fyrir 500,000 kr. í hlutabrjefum, og ekki fyrir meira, en 300,000 kr., hvernig fer þá fyrir stofnuninni? þá fellur víst von flutningsmanna, og jeg er hræddur um, að upphæð þeirra hlutabrjefa, sem keypt verða fyrstu árin, nálgist meir 300,000 kr. eða minna, en 500,000 kr., en seinna meir, þegar samgöngurnar í landinu verða greiðari og viðskiptin undir eins fjörugri manna í milli, þá skal jeg játa, að landsmenn geti lagt meira til af hlutabrjefum bankans, en jeg er hræddur um, að þessa verði langt að bíða. Frumvarpið hefur byggt á því, að bankinn sje stofnaður fyrst um sinn með einni milíón króna í hlutabrjefum, sem landsstjórnin gefur út, og þar af leggur landssjóður til 500,000 kr. 3. konungkjörni þingmaður hreifði seinast því, sem var athugavert við 2. gr., þar sem stendur: «stofnfje bankans, skal fyrst um sinn vera 1 milíón króna, og gefur landsstjórnin út hlutabrjef, er nema þessari upphæð»; hjer er nefnilega það athugavert, að það er engin trygging fyrir rentu. Ef einhver kaupir hlutabrjef fyrir vissa upphæð, og sje með því orðinn hlutareigandi í bankanum, þá er ekki fyrir hendi snefill af tryggingu fyrir því, að hann fái lagarentu, og heldur er ekki vissa fyrir því, að hann fái rentuna, ef ágóðinn verður meiri en 4%, en hitt er auðgefið, að ef á bankanum tapast, þá fær hann ekkert, og ef til vill verður að leggja fje til þess, að bankinn ekki verði gjaldþrota. Þeir, sem því gjörast hlutareigendur í bankanum, eiga að líða sameiginlegt skipbrot með stofnanda bankans. Landshöfðingi tók það fram síðast, að hjer væri í raun og veru engin trygging, og væri eigi svo aðgengilegt að ganga að því. Jeg fyrir mitt leyti álít þá fyrirhuguðu aðferð alveg óaðgengilega eptir því, sem jeg skil greinina, en ef jeg misskil greinina, þá er það góð bending fyrir uppástungumennina, að skýra hana, til þess að fleiri strandi ekki á sama skerinu. Eptir 2. gr. á stofnfje bankans að vera 1 milíón, en aptur stendur í 5. gr., að bankinn megi gefa út og koma í veltu manna á milli seðlum, er nema jafnmiklu, sem hin seldu hlutabrjef, *en aldrei meira*, og þó sýnist mjer gjört ráð fyrir, að það megi, ef til vill, gefa út hlutabrjef, er nema meiru en 1 milíón; ef mjer skjátlast nú í þessu, þá mun jeg rannsaka það betur síðar. En það, að enginn trygging er fyrir rentunni, gjörir það að verkum, að ekki verða margir, sem taka þátt í bankanum, og að þeir, sem gjöra það, gjöra það í óvissu. Hvað viðvíkur stofnun bankans, þá álít jeg hæpið, að bankinn verði stofnaður með 1 milíón króna. Jeg álít, að bankinn gæti vel staðizt, ef að hann yrði stofnaður með 3 eða helzt 5 milíónum. Nefndin gjörir nú þá áætlun, að bankinn gangi fyrir fullum seglum, og selji öll hlutabrjef sín, og eigi þá í peningum eina milíón króna. Jafngildi þessarar fjárhæðar gefur hann út í seðlum, og lánar þá móti veði . . . . . 1,000,000 kr.

Svo lánar hann af sjálfu stofnfjenu $^2/_3$ eða . . . . . 666,000 —

samtals: 1,666,000 kr.

Og ef hann tekur ekki meira en 4% í leigu um árið, fær hann . . . . . 66,640 —

þótt árskostnaðurinn eins og nefndin áætlar yrði . . . . 6,640 —

þá yrði, segir nefndin, arðurinn engu að síður 6% af stofnfjenu, en á þessu hvíla talsverð útgjöld. Á þessu hvíla í skuld hlutabrjef fyrir 1 milíón, ef af þeim er reiknað 4% vextir sem það minnsta, er má vera, þá eru það 40,000 krónur, sem ganga frá; til þess nú að koma bankanum á stofn, má verja, eptir 11. grein, 10,000 kr. úr landssjóði, sem veitist bankanum sem lán; af þessu á á 1. ári að borga í afborgun og rentu 1400 kr. En hjer er nú ekki gjört ráð fyrir, að bankinn sje

stofnaður með neinum viðlagasjóði, og það er því sá fyrsti banki í heimi, að því mjer er kunnugt, sem ekki hefur viðlagasjóð. En hvað ætti þessi viðlagasjóður að vera stór? Setjum, að hann sje ekki minni en 5%, eins og algengast er í lánsfjelögum, og myndist á 10 árum, þá ganga frá 5000, og þessi sjóður verður einlægt að vera fyrirliggjandi. Þetta höggur skarð í þær 5% brutto í rentu, sem nefndin á ætlar, og það svo mikið, að ef þetta er tekið til greina, þá er ekki meiri arðurinn en 1%, eða lagt við 4% vexti af hlutabrjefum 5%. Það er ómögulegt, að gjöra hjer nákvæman reikning, en jeg álít þetta sje hinn fyllsti arður, sem hugsazt gæti með 1 milión í stofnfje. Jeg hef áður optar en einu sinni tekið það fram, að 1/3 af stofnfjenu væri of lítið til að hafa fyrirliggjandi í bankanum, en að tryggast væri, að hafa upphæðiua 1/2 af stofnfjenu, og ef svo væri, þá fjelli ágóðinn enn meir, og yrði þá frekast 4 1/2%. Það, sem um er að gjöra, er það, að fá sannanir fyrir, að bankinn geti borgað sig. Setjum svo, að landsbúar vilji ekki taka hlutabrjef fyrir 500,000 kr., hvað svo? Þá verður það beinlínis skaði fyrir bankann; ef landsbúar taka ekki hlutabrjef fyrir meira en 300,000 kr., þá er ábatinn enginn, og ef landsbúar kaupa ekki hlutabrjef fyrir meira en 100,000—200,000 krónur, þá er undir eins fjártjón við að stofnsetja slíkan banka, svo að honum verður ekki viðreisnarvon. Auk þessa er ýmislegt, sem til taka þyrfti í frumvarpinu um fyrirkomulag og stjórn bankans, en sem nú er ekki til í því. Það er hægt að segja, að landshöfðingi skuli semja reglugjörð fyrir bankann, en það er hægra að segja, en að fá hann til þess, því jeg býst við, að hann ekki treysti sjer til þess á þeim grundvelli, sem frumvarpið leggur. Í frumvarpinu ætti að ákveða fast óhreifanlegt fyrirkomulag, og það væri mjög óheppilegt, ef frumvarpið yrði samþykkt, en reglugjörðin svo ekki, af því að undirstöðuna hefði vantað. Viðvíkjandi 2. gr., þá hef jeg tekið það fram, að þar væri engin trygging fyrir hlutabrjefunum, og þar sem þar er ákveðið, að ákvæðisverð hvers einstaks hlutabrjefs skuli vera 100 kr., þá vil jeg haga því öðruvísi, og láta ákvæðisverð sumra vera 50 kr., en sumra 100 kr. eða meira. Eins, þar sem stendur í 3. gr., að hinn helming hlutabrjefanna skuli selja öðrum, er hluttakendur vilja verða í stofnun bankans, þá kynni jeg og vel við, að tekið væri fram, fyrir hvaða verð ætti að selja þessi hlutabrjef. Landsstjórnin, sem skrifar undir þessa 1 milión, ætti að fá að vita, fyrir hvaða verð hún má selja þessi hlutabrjef, og er því betra að setja verðið, því annaðhvort á að selja þau fyrir fullt verð eða þá með minna en ákveðnu verði. Í 7. grein stendur: «Bankinn skal hafa að minnsta kosti einn þriðja hluta af stofnfje sínu fyrirliggjandi í slegnum gullpeningum og silfurpeningum til að leysa til sín seðla, þá er eigendur seðlanna óska». En svo framarlega sem menn vilja grundvalla banka, þá verður hann að hafa fullt veð fyrir þeim seðlum, sem hann gefur út, en það er ekki hjer, það má að vísu ráða það með ályktun, en það er hvergi sagt, að hann skuli hafa nægan veðeyri. Jeg ímynda mjer, að bæta ætti við, að þess utan ætti að hafa fullt andvirði fyrir hina útgefnu seðla. Allt þetta gefur traust til bankans og gjörir hann mögulegan. En bankinn eptir þessu frumvarpi er byggður á veikum fótum, svo að betra hefði verið, að landssjóðurinn hefði ekki lánað, heldur gefið honum eða þá veitt honum eitthvert rentulaust lán um tíma, meðan hann væri að komast á svo fastan fót, sem hugsazt gæti eptir frumvarpinu. Fyrir bankann er líkt, hvort hann fær 10.000 kr. lán úr landssjóði eða lánar sjer sjálfur 10,000 kr., nema hann geti

haft í rentu meira, en hann borgar, og sá mismunur dregur lítið. Hinn háttvirti þingmaður Eyfirðinga og hinn 3. konungkjörni þingmaður töluðu um þjóðbankann í Kaupmannahöfn, og ætlaði hinn fyrri, að jeg hefði ekki hermt rjett það, sem jeg var að segja um það, hvaða tryggingu hann gæfi fyrir seðlum hans, en mig furðar á því, að þeir skuli hafa misskilið orð mín, og skal jeg síðar sýna, að þeir hafi ekki haft rjett fyrir sjer.

Hinn háttvirti þingmaður Eyfirðinga tók það fram, að engin vissa væri fyrir því, að landsbúar keyptu hlutabrjef í bankanum fyrir 500,000 kr., og er jeg honum samdóma um það, og hvort bankinn getur staðizt eða ekki, er komið undir því trausti, sem landsbúar hafa til hans, og undir þeirri fjárhæð í hlutabrjefum bankans, sem landsbúar kaupa; ef ekki ganga út nema 4, 3, 2, eða 100,000, þá getur bankinn tæplega staðizt. Að endingu skal jeg taka það fram, að í frumvarpinu er þess ekki getið, hvaða atkvæði stjórnin skuli hafa til móts við prívat-menn, sem leggja í bankann, og þyrfti þó um það einhverja ákvörðun. Þessar athugasemdir hef jeg enn leyft mjer að gjöra, því það er satt, sem þingmaður Austur-Skaptfellinga sagði, að mál þetta væri bæði vandamál og mikilsvarðandi mál, og þyrfti því langan tíma til að glöggva sig á því; því ef það verður samþykkt hugsunarlítið með fyrstu, þá getur ekki vel farið.

Síðan voru hinar einstöku greinar bornar undir atkvæði, og var þá

1. gr. samþykkt með 6 atkvæðum
2. gr. —»— — 7 —»—
3. gr. —»— — 6 —»—
4. gr. —»— — 6 —»—
5. gr., 6. gr., 7. gr., 8. gr., 9. gr., 10. gr., og 11. gr., allar samþykktar með 7 atkvæðum hver.
12. gr. samþykkt með 6 atkvæðum.

Að frumvarpið gengi til 3. umræðu, var samþykkt með 6 atkvæðum.

ÞRIÐJA UMRÆÐA Í EFRI DEILD,

á 37. fundi, 15. dag ágústmánaðar.

Flutningsmaður (Jón Pjetursson): Þar eð þetta mál var svo ýtarlega rætt síðast, finn jeg ekki ástæðu til að tala neitt um það í þetta sinn.

Sighvatur Árnason: Jeg hef enn ekki lýst skoðun minni á þessu máli, og því ætla jeg að leyfa mjer að tala fáein orð nú við síðustu umræðu og áður en gengið er til atkvæða. Það eru allir samdóma um það, að þörf sje að bæta úr peningaskortinum í landinu; sumir halda því fram, að þetta eigi að gjöra með lánsfjelögum, en aðrir með banka. Jeg skal játa, að eptir því, sem mjer skilst, þá bæta báðar þessar stofnanir talsvert úr þessari nauðsyn. En þá er eptir að meta, hver stofnunin er ákjósanlegri, lánsfjelagið eða bankinn, og hver þeirra hafi minni galla. Þó nú sje eiginlega að ræða um landsbankann, þá verð jeg þó að leyfa mjer að minnast á lánsfjelögin innan um og saman við, því þessi mál eru svo náskyld, að maður getur naumast rætt um annað án þess að minnast á hitt, og það hefur mjer líka heyrzt aðrir þingmenn gjöra. Að því er snertir lánsfjelagið sem stofnun til að greiða úr peningaskortinum í landinu, þá finnst mjer því fylgja talsverðir annmarkar fyrir þá, sem taka lán í fjelaginu, og lántakendum er gjört óhægra fyrir, en verið hefur, þar sem þeir eiga að borga hærri rentur, en þeir fá, sem leggja í fjelagið, því þetta er það eina, sem lánsfjelagið grundvallast á, nefnilega mismunurinn á rentunni innbyrðis í fjelaginu. Á hinn bóginn hefur lánsfjelagið líka sýnilegan ókost fyrir landssjóðinn; í fyrsta lagi af því, að landssjóður veitir fjelaginu í eitt skipti fyrir öll 5000 króna styrk því til stofnunar,

og síðan árlegan styrk um lengri eða skemmri tíma, 2000 kr., fyrir utan það, að hann verður að borga hærri rentu af sínum lánum, en fjelagið annars tekur; þar af leiðir þegjandi töluverður halli fyrir landssjóð, og enn fremur er það, að gefins vottorð úr afsals- og veðmálabókunum geta dregið landssjóð nokkuð með tímanum. Að endingu skal jeg leyfa mjer að minnast á ábyrgðina, sem allir bera, einn fyrir alla og allir fyrir einn af hlutareigendunum í fjelaginu; jeg álít það mjög viðsjárvert, að ábyrgðin skuli ekki vera byggð á hlutfallinu milli hinna stærri og minni hlutareiganda. En jeg skal fúslega játa það, að með öllum sínum ókostum bætir lánsfjelagið þó nokkuð úr peningaeklunni í landinu og styður að því, að viðskiptin verða greiðari manna í milli en verið hefur; samt fylgir þessum umbótum það, að lántakendur verða talsvert þyngra úti en verið hefur, eins og gefur að skilja, þar sem fjelaginu er frjálst að taka hærri rentu en 4%, og er ekki að vita, hvað háa rentu fjelagið kann að neyðast til að taka, því þessi renta er einmitt eini fóturinn undir fjelaginu og landssjóðsstyrkur öðrum þræði. Það getur verið, að jeg skilji þetta ekki rjett, en jeg vona þó, að þessi skilningur sje þó ekki fjarri vegi. Að svo mæltu, skal jeg snúa mjer sjerstaklega að bankanum. Bankanum hefur verið talið það til ógildis, eptir því sem meiningin var í orðum hins háttvirta 4. konungkjörna á dögunum, að hann svelgdi í sig viðlagasjóðinn, eða með öðrum orðum, að viðlagasjóðurinn stæði sig ekki við taka að sjer að stofna bankann. En þetta er eptir mínum skilningi ekki rjett tekið, því mjer skilst, að ekki þurfi að setja fast í augnablikinu allt það fje, sem gjört er ráð fyrir, heldur smátt og smátt, jafnóðum og bankinn gefur út seðla, t. a. m. ef bankinn gefur út seðla upp á 60,000 kr., þá setur hann fast 20,000 kr., sem er þriðjungurinn. Af þessu gefur mjer að skilja, að þá sje ekki þörf á að segja upp þeim lánum, sem nú eru, eða þurfi að óttast fyrir því, að ekki verði nægilegt fyrir hendi til að stofna bankann. Svo finnst mjer aptur, þegar jeg íhuga, hvort bankinn getur staðið sig, og hvað hann getur haft til að standa á, að þá hlýtur hann að fá vöxt og viðgang, ef honum verður vel stjórnað. Eptir frumvarpinu verða arðberandi $^5/_3$ hlutir, þ. e. af því, sem bankinn leggur til grundvallar. Stofnfje bankans er 1 milíón, og svo gefur hann út seðla í tilbót upp á $^2/_3$ hluta af þessu fje, svo að alls verða arðberandi $^5/_3$, en jeg játa, að hjer á bvílir kostnaður, sem dregst frá. Fyrst er ein milíón tekin til stofnunar, svo koma $^2/_3$ af milíón, sem á líka að vera arðberandi, en þegar maður tekur til vexti af þessu, þá verður það fyrir utan kostnaðinn 60,000 kr. á ári, og með þessari leigu reiknast mjer að það gefi á 8 árum og 18 vikum $^1/_2$ milíón króna.

Það hefur verið haft á móti bankanum, að lítið mundi í hann koma frá landsmönnum, en mjer finnst sparisjóðurinn í Reykjavík sýna það gagnstæða. Ef bankinn gæti staðið sig við að svara sæmilegum vöxtum, og ef honum væri skynsamlega stjórnað, þá er jeg viss um, að hann gæti þrifizt og borið viðlagasjóði og sjálfum sjer góðan arð og fengið æ meiri vöxt og viðgang. Jeg álít mál þetta svo mikilsvarðandi, að jeg álít, að það gæti verið gagnlegt, að það kæmist til neðri deildarinnar. Þess vegna ætla jeg að gefa því atkvæði mitt, og þó það verði til þess, að málið gangi fram, þá iðrar mig ekki eptir það, því jeg greiði atkvæði með málinu eptir beztu sannfæringu. En af því þetta mál er nýmæli á þingi og fyrir þjóðina, þá get jeg líka vel skilið, að heillavænlegt væri að láta málið bíða til næsta þings, til þess að þjóðin geti yfirvegað það og áttað sig á því, og er þá vonandi, að það standi glöggvara fyrir þinginu 1883, en nú. En, sem sagt,

jeg fyrir mitt leyti gef málinu atkvæði mitt nú þegar, af því mjer finnst það hljóta að gefa góðan árangur, og er jeg ber bankann saman við lánsfjelagið, þá finnst mjer bankastofnunin gagnlegri og vissari til að gjöra landssjóðnum og sjálfri sjer gagn, og landinu í heild sinni.

Benidikt Kristjánsson: Jeg hef ekki fyr tekið til máls í þessu máli. Jeg er ekki auðfræðingur og ekki peningakaupmaður, og kem jeg því fram sem bóndi með meðalbónda-viti, en mjer finnst skylt að gjöra deildinni grein fyrir skoðun minni á þessu máli, áður en jeg greiði atkvæði um það. Hið fyrsta spursmál, sem hjer liggur fyrir, er að mínu áliti það, hvort þörf sje á, að stofna hjer lánsfjelag eða banka. Jeg ætla, að allt þingið í heild sinni skiptist í tvo flokka, og að þeir sjeu fáir, sem hvorugum fylgja; annar flokkurinn vill lögleiða lánsfjelag, en hinn banka. Þetta bendir á, að allir þingmenn eru á því, að þörf sje á að stofna eitthvað það, er bæti úr peningaskortinum manna á milli, sem orðinn sje svo tilfinnanlegur, að mörg fyrirtæki, þótt nytsamleg og nauðsynleg sjeu, verða að vera látin sitja á hakanum. Jeg er, og á þessu máli, og sá maður hlýtur að vera með augun aptur, sem ekki sjer, að alstaðar vantar peninga. Hver sá, sem einhverju getur miðlað eða er álitinn að geta það, verður dags daglega fyrir aðsókn af mönnum, sem biðja um lán, og jeg ætla, að það mundi naumast veita af milión til þess að geta fullnægt þörfum manna í þessu efni. Jeg geng því út frá og byggi atkvæði mitt á þörfinni; og þó er jeg ekki á því, að æskilegt væri, að stofnað væri bæði lánsfjelag og banki, enda hefur mjer skilizt, að fáir væru hjer á þingi á því máli. Þessum tveim málum hefur verið haldið á lopt hjer í deildinni, og jeg skoða þau, lánsstofnunina og bankann, sem systkin; en þó að sveininn sje yngri en mærin, þá verð jeg að játa það, að mjer lízt betur á sveininn og þykir hann í alla staði efnilegri, enda hefur sú raun orðið á, að hann hefur dafnað betur, og honum hefur miðað betur áfram hjer í deildinni heldur en systurinni. En hver er aðalmunurinn á lánsfjelaginu og bankanum? Jeg skal ekki eyða mörgum orðum um lánsstofnunina, enda er hún ekki á dagskrá í dag, en að eins láta mjer nægja að skýra frá, að engum guðfræðingi getur dulizt, að lánsfjelagið er gjört eptir fyrirmynd ástands hins fallna mannkyns. Til þess að geta orðið hluttakandi í lánsstofnuninni, útheimtist, að maðurinn sje peningaþurfi, en hann verður að eiga jarðarskrokka. Viðlagasjóðurinn skal taka upp á sig eymdir þessara lánþurfanda og gjörast sjálfur lántakandi, þótt hann sje ríkastur hinna ríku, svo að hann geti eitthvað rjett þessa aumu lántakendur úr eymdarkengnum. Ábyrgðin er *solidarisk* og sjerstakleg, eins og sú trúræknislega ábyrgð, sem hið fallna mannkyn befur, og hin siðferðislega, sem hver einstakur hefur. Lánsstofnunin er sniðin í öllum sínum einstökum greinum eptir trúaratriðum hinnar lútersku kirkju um erfðasyndina. Lánsstofnunin er veraldleg bjálfastofnun, en bankinn er auðmannastofnun. Það er eðlilegra, að viðlagasjóðurinn stofni með auðmönnum landsbanka, heldur en að hann stofni með lántakendum lánsstofnunina. Hvaða vonir gefur hver af þessum stofnunum? Lánsfjelagið hefur bersýnilegan skaða fyrir viðlagasjóðinn á aðra hliðina í för með sjer, en ískyggilega áhættu á hina; en bankinn hefur mjög líklega hagsmuni fyrir viðlagasjóðinn á aðra hliðina, en auðvitað nokkra áhættu á hina. Þeir, sem stofna bankann, eru auðmenn, sem leita að arði af fje sínu; þeir, sem stofna lánsfjelagið, eru lántakendur, sem leita að lánsfje, til þess að geta jetið upp nokkra jarðarskrokka; það eru þeir Þorbjörn aumingi og Þorbjörn vesalingur, sem hjer lendir saman í bræðralagi. Það

hefur verið haft á móti bankanum, að viðlagasjóðurinn ætti ekki nægilegt fje til þess að kaupa sinn hluta af hlutabrjefunum. En það hefur og verið tekið fram, að viðlagasjóðurinn á talsvert meira fje en hjer þarf; það þarf heldur ekki allt að vera laust, heldur má meiri hlutinn af því vera í tryggilegum skuldabrjefum; að eins að 1/3 stofnfjárins sje í slegnu gulli og silfri, og það er sem nægir til að stofna bankann. Því má ekki gefa seðla út upp á áreiðanleg peningabrjef? Ef menn bera vantraust á þessu, þá sýnir það, að landsstjórnin hefur ekki tryggt svo landsfje, að það sje á vissum og áreiðanlegum stöðum, en slíkt vil jeg ekki ætla. Því hefur verið hreift, að landsmenn mundu bera vantraust til seðlabankans; en þar held jeg sje gjörður úlfaldi úr mýflugunni. Íslendingar eru sagðir tortryggin þjóð, en þeir eru það sannarlega ekki í peningasökum. Margir lána fje út, án þess að hafa nokkurt veð fyrir, og það jafnvel án þess einu sinni að hafa viðurkenningu fyrir láninu frá lántakanda. Jeg ætla að leyfa mjer að benda til einnar stofnunar, sem deildarmönnum án efa er vel kunn, og það er sparisjóðurinn í Reykjavík. Það fje, sem stofnendur þess sjóðs ábyrgjast, mun ekki vera meira en 1,600 kr.; en hvað hefur sjóðurinn í veltu? Jeg hef heyrt sagt, að hann hefði hátt á annað hundrað þúsund krónur í veltu. Það má vera töluvert veikari trygging og töluvert verri stjórn, ef menn ekki treysta bankanum, þegar menn þó treysta sparisjóðnum. Jeg lái engum manni, þó að hann treysti sparisjóðnum, því að það hefur víst engum orðið hált á því, og engin raun orðið á, að það mundi ekki óhætt. Því að hvað er það, sem gefur sjóðnum traust? Góð stjórn, en jeg þakka ekki stofnuninni það. Má þá ekki líka treysta hinni fyrirhuguðu stjórn landsbankans? Jeg treysti því, að hann fái eins góða stjórn og sparisjóðurinn, og jeg vona, að aðrir gjöri hið sama. Menn hafa sagt, til hvers menn vildu hjálpa mönnum til þess að fá peningalán; og því hefur verið svarað, reyndar ekki hjer í deildinni, heldur utanþings, að menn mundu brúka fjeð til þess að borga kaupstaðarskuldir sínar og til eyðslueyris. En kaupstaðarskuldirnar eru ekki ljettari ok en aðrar skuldir, og þær er rjettlátt að borga eins og aðrar skuldir, svo til þess er rjett og gott að verja fje, að losast við þær. En ef svo er, að allir peningar eins og rynnu út úr landinn, þá er það sama sem að landið sje á hraðri ferð að verða gjaldþrota; en það get jeg ekki lesið út úr táknum tímanna. En hitt get jeg miklu fremur ímyndað mjer, að úr því bætt er úr peningaskortinum í landinu, þá muni margt fyrirtækið verða gjört í landinu, sem gefi góðan arð; mörg jörðin yrði t. d. bætt, svo að hún gæfi tvöfaldan arð við það, er hún áður gaf. Þetta hlýtur að hafa þá afleiðingu, að peningar dragist síður út úr landinu, er útfluttar vörur yrðu meiri í samanburði við aðfluttar. En með tillti til lánsstofnunarinnar er hættara við, að mikið af fasteignum landsins komist í hendur útlendra manna sem veð; ef svo færi, þá væri illa komið hag vorum og einmitt það, sem landsstjórnin ætti að spyrna móti, og þá hefði oss verið fengið frelsið og vjer á framfaraskeiði til ónýtis, ef sú yrði raunin á. Jeg segi ekki, að þetta verði afleiðingin, en það liggur býsna-beint við. Það hefur verið minnzt á, að arður af bankanum væri allólíklegur. Jeg ætla, að eitt dæmi sje nægilegt til að sýna, að arður er miklu fremur líklegur en ólíklegur. Jeg skal ganga inn á, að bankinn hefði 1/2 stofnfjeð fyrirliggjandi í slegnu gulli og silfri, en gæfi út seðla, sem samsvaraði stofnfjenu, og tæki 4%. Hvað mundi bankinn þá græða með að taka tvöfalda rentu af hálfu stofnfje sínu? Jeg get ekki betur reiknað en að hann græði 20,000 kr. á ári, auk þess, sem mað-

ur getur gjört ráð fyrir, að bankinn taki hærri rentu en 4%. Hversu vel sem jeg hef reynt til þess, að leggja eyrun við, þegar mál þetta hefur verið rætt, þá hef jeg ekki getað breytt þeirri skoðun minni, að vera eindregið á því, að æskilegt væri fyrir land og lýð, að frumvarp þetta fengi framgang.

Árni Thorsteinson: Jeg skal ekki tala lengi í þetta skipti. Jeg hef áður hreift ýmsum atriðum í þessu máli, og komið fram með ýmsar spurningar, sem þarf að leysa úr, og efasemdir, sem þarf að glöggva, þegar um bankastofnun hjer á landi er að ræða. Hin fyrsta spurning er sú, hvað mikið menn ímyndi sjer að gangi af seðlum manna á milli, ef banki er stofnaður; það er ekki hægt að segja með vissu, en jeg hef reiknað, að það mundi ekki vera meira en upp á 500,000 kr., og að líkindum minna í byrjuninni fyrstu árin. Jeg hef og hreift því, hve margir mundu verða til þess, að taka hlutabrjef, þar sem engir vextir eru tryggðir eins og hjer. Þeir, sem taka hlut í bankanum, fá árangurinn, hvort sem hann er mikill eða lítill. Eins hef jeg breift því, hvort nægja muni að hafa fyrirliggjandi 1/3 eða 1/2 stofnfjárins í gulli og silfri, og hallaðist jeg að því, að ótækt væri að hafa minna en 1/2 sem tryggingu. Þessar efasemdir frá minni hálfu hafa ekki mætt umræðum, og hefði jeg þó óskað, að menn hefðu viljað hreifa þeim, svo að jeg gæti sannfærzt í skoðunum mínum. Jeg hef annars fengið vissu fyrir í dag, að allt, sem viðvíkur baukastofnun, er fremur óljóst fyrir mönnum, en jeg skal samt leiða hjá mjer að tala meira um það, því að mönnum verður það líklega ekki ljósara fyrir það. Jeg skal að eins nota tækifærið til þess að hreifa því, sem þingmaður Eyfirðinga talaði síðast um tryggingu þjóðbankans í Kaupmannahöfn. Honum þótti jeg ekki herma rjett frá eða að minnsta kosti ekki taka nákvæmlega fram, hverja trygging sá banki hefði fyrir seðlum þeim, sem hann gæfi út. Jeg mun hafa sagt, að tryggingin væri 150 : 100 eða 1 1/2%, en það er ekki alveg nákvæmt, eins og orðin lágu. Tryggingin er 1/2 í slegnu gulli og silfri eða gull- og silfurklumpum á móts við seðlana; hinn helmingurinn á að vera tryggður með 150: 100, þannig að öll tryggingin er ekki 1 1/2% heldur að eins 1% eða 100: 100, þegar um gull- og silfursjóð er að ræða, annars 150 á móti 100, og þó var þjóðbankanum gjört að skyldu, að hafa ekki meira en 1/4 í föstum skuldabrjefum gegn veði í fasteign, en þá á hitt að vera hreifanlegt, og aldrei minna en þetta. Þetta var nú fyrirkomulag bankans í þessum efnum 1840, sem að jeg gekk út frá, en hinn 4. konungkjörni þingmaður skýrði frá, hve mikil sú trygging væri, sem þjóðbankinn nú gæfi. Ef því, sem var við þjóðbankann 1840, væri fylgt fram hjer, þá ætti þessi banki að hafa 500,000 kr. í slegnu gulli og silfri; svo yrði hann að hafa til jafngildis seðlanna enn fremur 750,000 kr. í öðrum aurum, eða 1,250,000 kr. á móts við hverja milión, en þó ekki meira en 1/4 í lánum gegn fasteign. Þetta hef jeg tekið fram, til þess að gjöra mönnum ljóst, hverja trygging þjóðbankinn gefur, án þess að jeg ætlist til, að sama trygging sje ákveðin hjer, eða þessum banka sniðinn vöxtur eptir þjóðbankanum danska. Jeg held því fram jafnt nú sem áður, að bankinn verður að hafa (1/2) helming í slegnu gulli og silfri fyrirliggjandi og (1/2) helming í öðrum aurum, en af því talsverðan hluta hreifanlegan, svo að fje sje sem fyrst til taks, þegar á þarf að halda.

Einar Ásmundsson: Þegar jeg tók fyrst til orða um þetta mál, gat jeg þess, að mjer væri það ekkert kappsmál, og að það ætti ekki að vera það, heldur ætti að leita sannleikans með stillingu og hógværð, og þann vitnisburð get jeg gefið öllum, sem

um þetta mál hafa rætt, hvort sem þeir hafa verið með eða móti, að þeir hafa rætt það með rósemi og kappslaust. Það hafa í þessu máli komið fram tvær mótstæðar skoðanir, eins og líka æskilegt er; en ef vel er að gáð, þá kemur báðum þessum andstæðu flokkum yfir höfuð vel saman í aðalatriðunum. Aðalmismunurinn er einungis sá, að aðrir hafa meiri, en aðrir minni von um, að banki geti staðizt hjer; aðrir spá betur, en aðrir spá miður fyrir bankanum; þar í liggur munurinn. Jeg skal nú ekki í þetta sinn fara mikið út í tölur; það má kæfa menn með tölum; ef menn þylja mikið upp af tölum, þá getur komið nokkurs konar syndaflóð, og jeg vil ekki verða orsök til þess, að syndaflóð komi hjer í deildinni. Hinn háttvirti varaforseti hefur bezt og rækilegast skoðað þetta mál frá þeirri hlið, sem er mótsett þeirri, sem við uppástungumenn skoðum það frá og höldum fram. Hann leggur mesta áherzlu á það, að 1/3 sje of lítið að hafa fyrirliggjandi í slegnu gulli og silfri. Hann færði dæmi einkum af þjóðbankanum í Danmörku, sem hefur miklu meira. Hann talar um þjóðbankann, eins og hann er nú, þegar hann er orðinn yfir 60 ára. En hvaða trygging gaf þjóðbankinn fyrst, þegar hann var stofnaður nema jarðir? Hvað viðvíkur þessum banka, sem varla getur einu sinni heitið að vera í fæðingunni, heldur að eins í getnaði, þá þætti mjer nær að líkja honum við þjóðbankann, eins og hann var, þegar hann einnig var í getnaði, en ekki við hann, eins og hann er nú, milli sextugs og sjötugs að aldri. Það dugar ekki að líkja landsbanka okkar við gamla og auðuga banka. Það dugar ekki að líkja honum við Hamborgarbankann, sem var stofnaður 1619, og er orðinn 262 ára, eða við Englandsbankann, sem var stofnaður 1694, og er því nú 187 ára gamall; það hefur lítið að þýða. Jeg veit, að þjóðbankinn í Danmörku hefur nú miklu meira en 1/3 fyrirliggjandi, eins og jeg veit, að auðmenn hafa meira en frumbýlingar. Sú bezta trygging fyrir annari eins stofnun og þessari er, að henni sje stjórnað með ráðvendni og reglusemi; það er betra en gull og silfur, þó að það þurfi líka. Það sem næst lægi, ef til samanburðar kæmi, væri að bera þennan banka saman við smábanka í öðrum löndum, sem eru mjög margir bæði í norðurálfu og Vesturheimi. Jeg skal með fáum orðum drepa á, hvernig lög leyfa að banki sje stofnaður í Bandaríkjunum í Vesturheimi, og heimfæra það upp á Ísland. Ef jeg vil stofna banka og á 600,000 kr. í ríkisskuldabrjefum, þá get jeg farið til landshöfðingja og fengið honum brjefin til geymslu: þá fæ jeg leyfi hjá honum til þess að gefa út seðla upp á 400,000 kr., svo gef jeg út seðlana og landshöfðingi staðfestir þá með því að marka þá með einhverju vissu marki til tryggingar því, að þeir verði ekki eptirgjörðir og einkum til þess, að jeg geti ekki gefið út fleiri seðla en jeg hef leyfi til. Nú er það mín sök sem bankastjóra að reyna að koma seðlunum í veltu; jeg lána þá út, ekki fyrir ekki neitt, heldur fyrir veð, og þetta veð er trygging fyrir bankanum; jeg hlýt náttúrlega líka að hafa nokkuð í slegnum gull- og silfurpeningum, en það er mín sök, hvort það er mikið eða lítið. Fari nú svo, að jeg hafi ekki nóg í gulli og silfri, og einhver kemur með seðla upp á t. a. m. 100,000 kr., sem hann vill fá skipt, af því að hann tortryggir banka minn, og jeg hef ekki nóg í slegnum peningum fyrir hendi, þá getur hann farið til landshöfðingja og heimtað, að þessi brjef mín sjeu seld og honum borgaðir seðlarnir. Þetta er einfalt dæmi, og jeg vona, að þingmenn skilji það. Jeg get ekki tekið þetta dæmi til beinlínis fyrirmyndar með þessa stofnun, en þó er hjer nokkuð líkt ástatt. Viðlagasjóðurinn á skuldabrjef og innskriptarskírteini, sem hann getur keypt hlutabrjef bankans fyrir, án þess að gjöra úr þeim peninga nema að nokkru leyti; nú gefur bankinn út seðla; jarðeigendur koma að fá lán, og setja jarðir sínar í veð. Getur bankinn þá ekki líka heitið að hafa þetta jarðarveð til tryggingar um fram peningana? Geta þing-

menn ekki sjeð, að það má með fram hafa annað til tryggingar, en það gull, sem er geymt í tunnum og kvartilum í bankahúsinu? Það er eini gallinn, að sú trygging verður ekki í skyndi gjörð að peningum, en með tímanum er það hægt; þess vegna eru líka hafðir nokkrir peningar fyrirliggjandi, sem leysa má seðla inn með í skyndi, og til þess nægir fullkomlega það, sem svarar þriðjungi seðlanna, sem eru í veltu manna í milli. Ef bankinn siglir með fullum seglum, eins og það hefur verið kallað, þá getur hann gefið út 1 milión í seðlum og $^2/_3$ úr milión þar að auki; ef þetta kemst í veltu, þá á hann, fyrir utan $^1/_3$ úr milión, sem hann hefur fyrirliggjandi, veð fyrir 1 milión og $^2/_3$ úr milión og enda meira, því að jeg tel sjálfsagt, að hann láni ekki, nema að jarðarveðin sjeu talsvert meiri en það, sem lánað er út á þau. Jeg vona, að þingmenn skilji nú, að bankinn hefur talsvert meiri trygging en $^1/_3$ stofnfjárins, sem hann hefur fyrirliggjandi í peningum. Ef þessu er ekki þannig varið, þá veit jeg heldur ekki, hverja trygging lánsstofnunin getur haft; hennar trygging er þó öll í fasteignarveði, en hjer ekki nema nokkur. Hinn 1. þingmaður Rangeyinga gat þess í ræðu sinni, að hann væri máli þessu mjög hlynntur; en að ekki lægi, ef til vill, á að útkljá það nú, heldur láta það bíða til næsta þings. Jeg er líka á því, að menn þurfi að gjöra sjer málið ljóst; en til þess málið verði vel rætt, þá er ekki nóg, að það eingöngu sje rætt hjer í deildinni, heldur verður það og að komast til neðri deildarinnar, svo að það verði einnig rætt þar og rannsakað. Jeg vona því, að deildin samþykki frumvarpið, svo að neðri deild þingsins gefist líka kostur á að segja álit sitt um það.

Að svo mæltu var gengið til atkvæða um frumvarpið, og það samþykkt með 6 atkvæðum. Kvað forseti það nú mundu verða sent neðri deild.

FYRSTA UMRÆÐA Í NEÐRI DEILD,
á 53. fundi, 18. dag ágústmánaðar.

Frumvarpið, eins og það var samþykkt við 3. umræðu í efri deild, sjá I, 463—464.

Arnljótur Ólafsson: Af því að enginn tekur til máls, hvorki um þetta frumvarp, sem komið er hingað frá hinni heiðruðu efri deild, eða um frumvarp það um stofnun lánsfjelags í Íslandi, sem hefur verið samþykkt í þessari deild, og sem nú er til umræðu í hinni heiðruðu efri deild, þá skal jeg leyfa mjer, að benda hinum heiðruðu þingmönnum á mismun þann, sem eptir mínu áliti er millum þessara tveggja frumvarpa. Jeg tók það fram, þegar frumvarpið um stofnun lánsfjelags á Íslandi var rætt hjer í deildinni, hve þunga kosti þetta lánsfjelag setti landssjóði, þar sem landssjóður fyrst veitti því 5000 kr., sem aldrei ættu að endurborgast, og auk þess 3000 kr., þar af 2000 kr. til stjórnarkostnaðar, og sjálfsagt 1000 kr. fyrir það, sem lánsfjelagið tekur meiri vöxtu, en það gefur. Jeg tók það og fram þá, að landssjóðurinn ætti að taka á sínar herðar ábyrgðina að svara leigunum af skuldabrjefum lánsfjelagsins. Jeg tók einnig fram, hversu kostum landsbúa væri þröngvað, að þeir skyldu eiga að gjalda 6% í 45 ár, þar sem þeir nú borga 6% að eins í 28 ár af iðgjaldabrjefum sínum. Einn er enn ókostur við fjelag þetta, og hann er sá, að það hefur eigi rjett til þess að hafa nokkurn annan starfa á hendi en að lána út skuldabrjef gegn veðskuldabrjefum í fasteign. Þetta er allt of þröngt verksvið, og getur eigi komið að fullum notum, einkum af því að lánsstofnunin myndar engan peningamarkað. Því þessi lánsstofnun, sem er sniðin eptir kotungslánsstofnun hjá Dönum, getur þrifizt, þar sem er þjóðbanki og önnur mörg lánsfjelög á svo föstum fæti, eins og þar, en alls eigi hjer, þar sem ekki er nema einn sparisjóður eða tveir. Nú skal jeg leyfa mjer að taka fram kosti þá, sem jeg álít að frumvarp þetta um landsbanka, sem hjer liggur fyrir, hafi fram yfir hitt frumvarpið til lánsstofnunar. Það leiðir þegar af ákvörðun þeirri, sem er í fyrstu grein frumvarpsins, að banki þessi getur gegnt öllum

þeim störfum, sem bankar, ytra gjöra, bæði gefið út seðla, lánað út peninga, tekið á móti peningum, geymt fje manna um stundarsakir og gefið mönnum viðskiptaopnur í bókum sínum, til þess að greiða inn fje, og fá það greitt út aptur. Af því að bankinn hefur leyfi til þess að gefa út seðla, sem eiga að nema eins miklu og innstæða sjóðsins (sbr. 2. gr. frumvarpsins), þá fær bankinn tvöfalt meira starfsfje (*Virkemidler*) en lánsfjelagið, og getur því komið að miklu meiri notum en það, sem eigi má gefa út seðla, og af því að seðlarnir eigi kosta neitt, þarf bankinn eigi að taka nema lága vöxtu af lánum sínum. Hann er betur farinn með því að taka að eins 4 af hundraði hverju í vöxtu, en lánsfjelagið með því að taka 5 af hundraði. Um hin einstöku atriði málsins skal jeg eigi ræða, en jeg vil að eins bæta því við um seðlana, að þeir hafa þá kosti fram yfir peninga, að þeir eru miklu ljettari í flutningi, og að það er enginn skaði fyrir landið, þótt þeir tapist, og í þriðja lagi er það, að ef þeir eru notaðir, þá er það enginn skaði fyrir landið, að gull og silfur lækkar í verði. Aðgætandi er, að peningaverð er að eins hlutfall milli peninga og þeirra hluta, sem menn skipta við peninga. Jeg vil mæla með því, að frumvarp þetta nái fram að ganga, því þótt stjórnin eigi fallist á það, þá er það þó bending til hennar um það, að vjer viljum hafa annað fyrirkomulag en kotungslánsfjelag það, sem hún hefur borið á borð fyrir oss. Jeg skal ekki neita því, að full þörf væri á því, að setja nefnd til þess að rannsaka frumvarp þetta og lagfæra galla þá, sem því miður kunna á því vera, og sem jeg alls eigi ber á móti að sjeu nokkrir, en sakir tímaskorts fæ jeg eigi sjeð, að nefndarkosning leiði til annars, en til þess að eyða málinu, enda er þess eigi þörf; því fái frumvarp þetta engar hlýlegar undirtektir í heild sinni, þá þarf meiri tíma, en nú er, til þess að gjöra það úr garði, svo líki. Jeg mæli því með því, að frumvarp þetta gangi þegar til 2. umræðu og nái síðan fram að ganga í deildinni.

Grímur Thomsen: Mjer fannst ræða hins háttvirta 1. þingmanns Eyfirðinga fremur miða til þess að setja út á lánsstofnanir, en til þess að skýra fyrir deildinni þetta frumvarp. Jeg skal eigi fara út í hin einstöku atriði þessa máls, heldur að eins lýsa allri stefnu frumvarps þessa, eins og mjer finnst hún vera. Jeg skal geta þess, að í 3. gr. frumvarpsins er ákveðið, að viðlagasjóður Íslands skuli kaupa helming hlutabrjefa bankans fyrir 500,000 kr., og þetta verður að hafa framgang, ef af bankanum á að verða. En jeg skal leiða athygli hinna heiðruðu þingmanna að því, að þótt frumvarp þetta yrði að lögum, þá hefur viðlagalagasjóðurinn eigi 500,000 kr. til, sem hann geti keypt hlutabrjef bankans fyrir. Eins og hinn háttvirti 1. þingmaður Eyjafjarðarsýslu veit, þá hefur viðlagasjóðurinn eigi meira í skjölum, sem hægt er að selja, en 300,000 kr. Hitt er fast í uppsegjanlegum og óuppsegjanlegum lánum. Það er því örðugt fyrir landssjóðinn að leggja þetta fje til. En nú kemur ein spurning. Hverja vissu gefur frumvarp þetta fyrir því, að hlutabrjef, sem landssjóðurinn kaupir, gefi nokkurn arð á fyrsta, öðru eða þriðja ári og jafnvel lengur. Landsjóðurinn á þannig að leggja fram 500,000 kr., án þess að fá vexti af þessu fje. Jeg skal leyfa mjer að taka annað fram. Vjer höfum sjeð, að á hverju þingi er beðið um fje af viðlagasjóði annaðhvort sem lán eða sem styrk til ýmissa fyrirtækja, t. d. jarðabóta, til þess að stofna skóla o. s. frv. Hvernig á viðlagasjóðurinn nú að geta veitt þessi lán eða styrk, þegar engir peningar eru til, allt er komið í bankann, og hlutabrjefin eru eigi strax komin í gangverð og veltu, þar sem þau ekki eru byggð af neinu nema viðlagasjóði? Því það er illt að selja hlutabrjef, sem eigi hafa gangverð (*Cours*). Hver líkindi eru til þess, að hinn helmingur hlutabrjefanna, sem einstakir menn eiga að kaupa, gangi út, meðan engar rent-

ur fást af þeim? Jeg skal nú sýna einn mun á þessum tveim fjelögum, bankanum og lánsstofnuninni. Þótt hvorttveggja sjeu pappírar, skuldabrjef lánsstofnunarinnar og seðlar bankans, þá átti þó landssjóðurinn, eptir frumvarpi því, sem hjer hefur verið rætt, um lánsstofnun, að veita tryggingu fyrir rentum af skuldabrjefum lánsstofnunarinnar, en það er eigi svo um seðla bankans. Jeg vil hjer leyfa mjer að benda hinum háttvirta 1. þingmanni Eyfirðinga á hans eigin orð úr lánsfjelagsmálinu, þá óttaðist hann, að skuldabrjef lánsfjelagsins mundu fara út úr landinu, því menn mundu erlendis vilja eiga þau, vegna hinna háu vaxta, sem landssjóður gengur í veð fyrir, og mundi þá arðurinn af þeim lenda hjá útlendingum. Þetta þarf ekki að óttast um seðlana; seðlar þessir fá ekkert gangverð erlendis fyr, en bankinn er kominn vel á fót. Það á að vera skylda, að taka seðla bankans upp í opinber gjöld; þar má þannig nota þá, en kaupmenn vilja eigi sjá þá, því þeir gilda eigi í neinu landi nema hjer. Í frumvarpi þessu er gjört ráð fyrir að gefa út jafnmikla seðla, eins og stofnfje bankans er, en bankinn á að eins að vera skyldugur til þess, að hafa einn þriðja hluta af stofnfje sínu til í reiðu-peningum. Ef hann þannig gefur út seðla upp á 100,000 kr., þá á hann að hafa 33,333 kr. í reiðu-peningum. Nú koma menn og fá lán hjá bankanum, og hann borgar lánið út í seðlum, en hann er skyldugur að inn leysa seðla sína í silfri eða gulli, og halda hinir heiðruðu þingmenn nú, að bændur og almúgafólk úr sveitum eigi vilji heldur hafa peninga í höndunum en seðlana? Jú, sannarlega, og þess vegna fara þeir þegar aptur í bankann og heimta peninga fyrir seðla þá, sem þeir nýlega höfðu fengið að láni. Afleiðingin af þessu verður sú, að seðlarnir verða kyrrir í bankanum, en gullið og silfrið fer burt. Heldur hinn háttvirti fyrsti þingmaður Eyfirðinga, að bændur vilji eigi heldur hafa peninga í höndum en seðla, þegar þeir vita, að hjú þeirra vilja eigi seðlana og kaupmenn eigi heldur? Þeir geta fyrst um sinn eigi notazt til annars en til þess, að gjalda opinber gjöld með þeim. Það er lítið gagn af seðlunum, fyr en þjóðin fer að venjast þeim, og þeir fá traust innanlands og gangverð erlendis. Það er hægt að fá seðlum sínum komið út, ef menn vilja láta þá fyrir hálfvirði. Þetta hefur verið tilfellið í Vesturheimi, af því að bankarnir gáfu út of mikið af seðlum, en höfðu lítið gull og silfur, og þess vegna hafa þeir nú breytt öllum sínum bankalögum síðan 1875. Þegar banki er stofnaður þar, leggur hann til geymslu hjá stjórninni $^1/_3$ hluta af upphæð stofnfjárins, og þeir fá 90% af þessum þriðjungi í seðlum — því þeim úthlutar stjórnin — og þá verða þeir enn fremur að afhenda stjórninni 5% í peningum, til þess að hún innleysi fyrir þá seðlana. Eins og nú á stendur, eru engin tiltök að koma á fót slíkum banka; því það verður svo mikið af seðlunum gagnvart gangsilfri. Lánsfjelag gæti lánað fje lengri tíma, en hjer er engin ákvörðun, enda getur banki aldrei lánað eins lengi og lánsstofnun. Það er sannarlega eigi hentugt fyrir þá menn, sem þurfa að fá fje að láni, að geta eigi fengið það nema fyrir stuttan tíma, og með missirisuppsagnarfresti. Jeg legg það því til, að mál þetta sje eigi látið ganga lengra, einkum sakir þess, að tíminn er of naumur til þess að gjöra við göllum þeim, er á frumvarpi þessu eru. En á lánsstofnun er full þörf, enda er líklegt, að hún komist á nú þegar, því frumvarpið um hana, sem var samþykkt í þessari deild, er nú fyrir til 2. umræðu í efri deild þingsins, og mun að öllum líkindum fá framgang þar, ef vjer eigi sinnum bankafrumvarpi þessu hjer. Jeg vil því ráða frá því, að frumvarp þetta sje látið ganga til annarar umræðu.

Eiríkur Kúld: Jeg skal játa það, að jeg skyldi vera hlynntur þessu máli, ef jeg gæti sjeð nokkurn veg til þess, að koma bankanum á stofn, og hef jeg skýrar ástæður fyrir því, því að mjer er kunnugt um, að hinn hæstvirti landshöfðingi hefur

gefið skýrslur um þetta mál, meðan það var til meðferðar í hinni heiðruðu efri deild. Svo er ráð fyrir gjört, að bankinn sje stofnaður af tvennum 500,000 kr.; aðrar leggi viðlagasjóðurinn til, en aðrar 500,000 kr. komi frá einstökum mönnum. Jeg get ekki betur sjeð, en að þetta sjeu tómir loptkastalar. Skoðum viðlagasjóðinn. 1. ág. átti hann fyrirliggjandi í innskriptarskírteinum . . . . . 306,000 kr.
í uppsegjanlegum skuldabrjefum 157,000 —
í skuldabrjefum einstakra manna, sem upp má segja með ½ árs fyrirvara, ... 230,000 —
það verður til samans . . . 693,000 kr.
Hvernig er nú hugsandi, að viðlagasjóðurinn geti látið úti 500,000 kr. af þessum 693,000 kr., þar sem eigi verður eptir nema 193,000 krónur, hvað sem upp á kann að koma? Það eru heldur engin líkindi til, að bankinn geti fengið þessar 500,000 kr. hjá einstökum mönnum, því að hvergi í frumvarpi þessu er sett hin minnsta trygging fyrir rentunum, og með þessum skilmálum hygg jeg allir muni kynoka sjer við að leggja fje sitt fram. Þannig gæti rekið að því, að bankinn hefði ekkert til að byrja með. Þessar ástæður hygg jeg vera nægilegar til að sýna, að þessi bankastofnun er eigi sjerlega glæsileg. Jeg vil enn fremur leyfa mjer að geta um hið 3. atriði. Setjum svo, að til væri þessi ein milíón, stofnfje bankans, þá get jeg fyrst ekki skilið, að nokkur banki geti staðizt, nema því að eins, að hann hafi svo mikið fje fyrirliggjandi í gulli og silfri, að hann geti leyst inn að minnsta kosti ⅛—½ af seðlum þeim, sem hann hefur gefið út, og það fje held jeg eigi verði fyrir hendi. Og þó svo væri, held jeg samt, að bankinn gæti eigi staðizt, því að þótt hann tæki 6%, þarf hann þó að borga í rentur um 40,000 kr. til hluttakanda sinna og viðlagasjóðsins, og afgangurinn 2% mun þó varla nægja til þess, að greiða þann kostnað, sem af stjórn bankans fiýtur og öðru fleira, og fyrir því er engin von til, að hann geti þrifizt. Jeg er alls eigi sem bezt ánægður með lánsstofnunina, en jeg vildi þó heldur vita, að hún kæmist hjer á, því um stofnun bankans hef jeg að sinni engar vonir, en lánsstofnunin getur skeð að komi því til vegar, sem mest er í varið, og það er, að bæta nokkuð úr peningaeklu landsins. Ef vjer aðhyllumst nú bankann, eru engar líkur til, að lánsstofnunin komist á, og vil jeg því ekki, að þessu máli verði vísað til 2. umræðu. Það eru hvort sem er litlar líkur til, að frumvarp þetta fái framgang hjer á þingi nú, því að tíminn er orðinn svo naumur, en það getur orðið þröskuldur fyrir lánsfjelaginu, ef frumvarpið fær að fara lengra; því lánsfjelagið bíður úrslita sinna í efri deildinni eptir því, hvað þessi deild ræður af með þetta frumvarp.

Jón Jónsson: Mjer heyrðist hinn háttvirti þingmaður Borgfirðinga einkum hafa 2 ástæður móti frumvarpi þessu. Önnur var sú, að landssjóðurinn væri ekki fær um að leggja 500,000 kr. í bankann, og hin, að seðlarnir mundu eigi verða útgengilegir. Viðvíkjandi hinu fyrra skal jeg geta þess, að bankinn getur tekið við fleiru en peningum; hann getur líka tekið við skuldabrjefum, og allir vita, sem kunnugir eru landsreikningunum, að viðlagasjóðurinn á meira til en 500,000 kr. í ríkisskuldabrjefum og skuldabrjefum einstakra manna. Hinni annari ástæðu hefur hinn háttvirti þingmaður Borgfirðinga sjálfur svarað, með því að segja, að þeir, sem seðlana hefðu í höndum, mundu fara til bankans og heimta peninga út á seðlana. Og þótt hinn háttvirti þingmaður Borgfirðinga hafi þetta fyrir ástæðu á móti bankanum, á sú mótbára miklu betur við móti lánsfjelaginu hans, því að þar fá hluttakendur hvorki peninga nje bankaseðla, heldur að eins veðskuldabrjef, sem ekki munu verða útgenglegri en seðlar. Mjer heyrðist hinn háttvirti þingmaður Eyfirðinga efast um, að stjórnin mundi samþykkja þetta frumvarp; en mjer finnst það eigi vera nein ástæða til að ætla það, því að það er miklu betra en frumvarpið um lánsfjelagið. Galla þá, sem á því

ern, má bæta með breytingum til næstu umræðu.

Þorsteinn Thorsteinson: Það er, eins og hinn háttvirti þingmaður Borgfirðinga tók fram, haldið stöðugt áfram, að tala um báðar þessar stofnanir, lánsfjelag og banka. Jeg verð að láta það í ljósi, að mjer þykir frumvarp þetta eigi vera eins gott og frumvarp það, sem nú hvílir sig í hinni háttvirtu efri deild. Að því er ábyrgðina snertir, kann svo virðast í fljótu bragði, sem hún sje hjer minni, en það kemur til af því, að hún er eigi tiltekin, og í mínum augum er það einmitt enn hættulegra, því að menn hafa þó víst hugsað sjer, að þessi banki gegni öllum bankaskyldum, en í frumvarpinu er eigi talað um, að hann skuli «*discontera*», enda höfum vjer eigi fje til þess. Lánsstofnunina verð jeg að telja miklu hentari, eptir því sem hjer stendur á, því að hún gæti fullnægt þörfum vorum og kröfum, sem einkum er í því fólgið, að lána fje til jarðabóta og fleiri slíkra fyrirtækja, því að undir framförunum í öllu verklegu er komin velmegun landsins. Hvílík hætta er það eigi fyrir landsmenn, að taka fje til láns í banka þessum, og vita svo eigi, hvenær þeir eigi að borga? en í lánstofnuninni er fyrir fram til tekinn lánstíminn, og þar við þykir mjer mikið unnið. Jeg vil leyfa mjer, að biðja hina háttvirtu þingmenn, að upplýsa mig um eitt atriði, sem jeg ekki skil í frumvarpi þessu. Hve nær tekur bankinn til starfa? Er það fyrst þá, er þessi eina milión er fengin? eða er það strax þá, er landssjóðurinn hefur lagt fram þessar 500,000 kr.?

Að lokum vil jeg taka það fram, að það er ómögulegt, að selja fyrst hlutabrjefin fullu verði, eins og hinn háttvirti þingmaður Borgfirðinga sagði, og leiðir þar af og líka mikið kostnaðarsamari stjórn, en þurfa mundi til lánsstofnunarinnar, að bankinn getur alls eigi borið sig, í það minnsta ekki fyrst um sinn. Jeg hygg því, að meiri sje hætta með þetta bankafrumvarp en með lánsstofnunina, og mun jeg ekki hika við að greiða atkvæði móti því.

Arnljótur Ólafsson: Mjer fundust hinar mörgu spurningar hins háttvirta þingmanns Borgfirðinga liggja fyrir utan þetta mál, og ef þeim skyldi öllum svara, þyrfti að setja hann á knje sjer, og fá handa honum skólameistara, til þess að kenna honum bankafræðin. Hans ræða var full af þess konar spurningum, sem byggðar eru á þeim skilningi á bankastofnun, sem liggur langt fyrir utan mig.

Það var víst hinn háttvirti þingmaður Barðstrendinga, sem sagði, að bankinn byrjaði með engu. Jeg get eigi skilið, að sá maður, sem þetta segir, geti hafa lesið frumvarpið. Bankinn fær 500,000 kr. úr viðlagasjóði; er þetta ekkert? Þetta er í peningum, skuldabrjefum einstakra manna og ríkisskuldabrjefum. Þetta verður bankans fullkomin eign. (*Grímur Thomsen*: Nei). Jú, ef viðlagasjóðurinn skoðar fje þetta nú sem sína eign, og ef yfirskoðunarmennirnir hafa staðfest það sem hans eign, þá hlýtur það að verða eins fyrir bankann. Þótt hinn háttvirti þingmaður Borgfirðinga hristi höfuðið, þá stendur þetta óhrist. Slíkar ástæður hinna háttvirtu þingmanna sýna einungis, á hverju skilningsstigi þeir standa. Hinn háttvirti þingmaður Borgfirðinga sagði, að enginn mundi taka bankaseðlana. Jeg skal engu spá um það, en hvað kemur til þess, að í öllum löndum ganga bankaseðlar sem peningar manna á milli? Þjóðbankinn í Danmörku má gefa út 27 miljónir í bankaseðlum, án þess tryggð sje fyrir í gullpeningum eða silfurpeningum, eða öðru þess háttar. Það er undarlegt, að koma með þá ástæðu, sem hvergi á við í heimi. Jeg skal auk þess segja hinum háttvirta þingmanni það, að norskir seðlar ganga á Norðurlandi upp á fleiri þúsundir. Það er heldur ekkert að undra, því að hvað er seðill bankans, þegar á honum stendur: skiptist fyrir gull, fyrir silfur í bankanum, annað en stundarávísanir (*Anfordringsseddel*) á sjálfan sig. Ef

hinir háttvirtu þingmenn, sem talað hafa á móti frumvarpi þessu, geta sannað mjer það, að kaupmenn vilji eigi taka slíkar ávísanir gildar hver á annan, þá skal jeg ekkert segja meira. En meðan þeir ekki geta það, verður þessi ástæða þeirra hjegóminn einber. Hinar aðrar mótbárur sýna einhverjar skrúfur, sem jeg skil ekki hvernig eru komnar inn í svo viturt höfuð, sem á þingmanni Borgfirðinga. Meðan menn eigi teikna sig fyrir 500,000 kr., standa hlutabrjefin í jafnverði, fyrir því að meðan menn geta keypt hlutabrjefin af bankanum með ákvæðisverði, kaupa menn þau eigi dýrara af öðrum. En þegar stofnfje bankans er orðið 1 milión, er gangverð hlutabrjefanna komið undir gangverði þeirra.

Jeg vil biðja hinn háttvirta þingmann Borgfirðinga að kynna sjer banka í Danmörku, sem lifa mest á því, að fá fje til láns og lána það aptur, og eru að því leyti sparisjóðir.

Innstæða bankans er fyrst 1 milión í gulli, silfri og ýmiss konar brjefum; önnur milión er í seðlum, og þetta eru 2 miliónir til samans, og með þessu fje starfar hann. Jeg vil ekki fara lengra út í einstök atriði að sinni, en vil mæla með því, að frumvarpið fái að ganga til 2. umræðu, svo þingmönnum gefist kostur á að kynna sjer það og bera það saman við sparisjóði og kotungafjelagið. Mönnum er innanhandar að kynna sjer sparisjóðinn hjerna í Reykjavík, og hverja tryggingu hann setur bæði fyrir innlánum og útlánum, og ef þeir geta sannfært mig um, að eptir því sem þar er, sje hjer eigi næg trygging sett, þá skal jeg gefast upp. En jeg vil til 2. umræðu áskilja mjer breytingu á 7. grein frumvarps þessa þannig, að bankinn hafi hjer um $^3/_8$ í gulli og silfri óslegnu, til þess að geta leyst út þá seðla, sem eru útistandandi, því að þá seðla, sem inni eru, þarf ekki að tryggja, heldur þá, sem úti eru.

Þar sem hinn háttvirti þingmaður Borgfirðinga tók til dæmis bankann í Norður-Ameríku, að seðlar hans hefðu gengið fyrir hálfvirði, þá ber þess að geta, er þing maðurinn ekki gat um, að seðlar hans voru óleysanlegir eða óiðkaupanlegir. Það er öldungis eins og þingmaður Borgfirðinga gæfi út seðla, og segði: «Hana, þú ert skyldugur að taka við þessum seðlum upp í skuld mína, án þess jeg skuldbindi mig til að endurkaupa þá nokkurn tíma eða gefa einn einasta eyri fyrir þá». Jeg held að hinn háttvirti þingmaður Borgfirðinga hefði gott af því, að kynna sjer muninn á leysanlegum og óleysanlegum, eða endurkeypilegum og óiðkaupanlegum seðlum. Mjer heyrist honum ekki veita af því.

Jeg fel svo hinni háttvirtu deild þetta frumvarp í þeirri vissu von, að hún lofi því að ganga til 2. umræðu.

Grímur Thomsen: Það eru að eins 2 eða 3 athugasemdir hjá þingmanni Eyfirðinga, sem jeg þurfti að svara. Hann sagði viðvíkjandi því, sem jeg gat um áður, að viðlagasjóðurinn mundi ekki verða fær um, að kaupa skuldabrjef bankans, því hann hefði ekki svo mikið fje, þá sagði hann á þá leið, að nóg væri, ef bankinn fengi sumt í konunglegum skuldabrjefum, innskriptarskírteinum og skuldabrjefum einstakra manna. En þá er þess að gæta, sem mun koma fyrir, og það mun koma mjög mikið fyrir í fyrstu, að margir koma og vilja fá seðlunum skipt fyrir gull og silfur. Konunglegu skuldabrjefin má reyndar selja, en ef aðsóknin verður svo mikil, að það fje, sem bankinn fær hjá viðlagasjóðnum, ekki hrökkur til, þá verða örðugleikar á, að koma skuldabrjefum einstakra manna í peninga. Afleiðingin af þessu yrði sú, að viðlagasjóðurinn yrði að segja upp öllum lántakendum sínum, eins og jeg hef áður sýnt ljóslega fram á, og stofna þeim í mikinn vanda. Sökum þess að menn eru óvanir seðlum hjer, þá mundu þeir fyrst um sinn ófúsir á að taka þá sem jafngildi peninga, þar eð þeir og mundu ekki að svo komnu ganga í öðrum löndum. Þingmaðurinn sagði reyndar, að seðlar gangi *fyrir norðan*; en það er í þessu sem öðru, að við Sunnlendingarnir stöndum Norðling-

um á baki. Hjer er það hrein undantekning, að seðlar gangi manna á milli. Það er einungis hjá kaupmönnum og landfógetanum, sem maður getur losast við þá. Ekkert hjú tekur þá og enginn bóndi heldur. En þó svo væri, að Norðlendingafjórðungur stæði okkur framar í þessu, þá sje jeg ekki, að það sje nauðsynleg ástæða til að koma þessari breytingu á.

Jeg ætla enn fremur að leiðrjetta það mishermi, sem þingmanninum mun hafa orðið, því jeg ímynda mjer hann hafi vitað betur, er hann sagði, að þjóðbankinn hefði 48,000,000 kr. í seðlum, og þyrfti ekki að hafa nema helming þess verðs fyrirliggjandi í gulli og silfri. Það eitt er rjett, að hann þarf ekki nema helming verðsins í slegnu gulli og silfri, en hitt verður bankinn að hafa í gull- og silfurmiltum og stöngum (*Guldbarrer*), víxlbrjefum og öðrum verðbrjefum, og svo í fjórða lagi í fasteignarveðum. Þingmaðurinn þarf að lesa betur, ef hann heldur, að einn einasti seðill þjóðbankans sje grundvallaður á öðru en einhverju slíku. Hlutabrjef þessa fyrirheitna banka hugði þingmaðurinn mundu standa í ákvæðisverði (*al pari*). Það er undir því komið, hvort nokkur vill kaupa þau eða ekki. Ef enginn vill kaupa þau, þá eru þau verðlaus. Eptirsóknin, gangverðið, gefur þeim «*Værdi*. Hjer er þó nokkur reynsla komin um hlutabrjef, og hún sú, að ekki er mikið eptir þeim sótt. Af því jeg var áheyrandi, þegar umræðurnar fóru fram í efri deildinni, heyrði jeg það tekið þar fram, að það væri eitt fjelag, sem gæfi 8 % í rentu, en þess var jafnframt getið, að hlutabrjef þess mundu ekki ganga mikið kaupum og sölum, nema þegar einstöku vesturfarar vildu losast við þau (fyrir lítið verð), en að öðru leyti mundu eigendur vilja halda fast í þau, sem von er, þegar þeir fá svo ríflega rentu. En þá kemur þessi spurning: hvernig á viðlagasjóðurinn að fá þessi hlutabrjef seld, þegar hann þarf á reiðupeningum að halda, þegar t. a. m. beðið er um lán til brúargjörðar, kirkjubyggingar, búnaðarskóla o. s. frv.? Hvernig á að selja hlutabrjefin, ef enginn vill kaupa þau?

Jeg ítreka það aptur að endingu, að þegar annað frumvarp um stofnun lánsfjelags liggur fyrir þinginu, sem búið er að ganga hjer í gegn um deildina og bíður nú 2. umræðu í efri deildinni, og sem mundi ganga fram, ef þetta frumvarp yrði fellt, þá er það ekki annað en eyðsla á tíma þingsins, að halda þessu frumvarpi lengra fram en komið er.

Jón Ólafsson: Jeg skal geta þess viðvíkjandi hræðslu þeirri, sem þingmaður Borgfirðinga ber í brjósti fyrir því, að seðlar yrðu teknir manna meðal, að menn hafa áður haft óbeit á seðlum um allt land. En menn mundu, vona jeg, verða næmir á að læra það, að seðlarnir eru peningar. Jeg hef reynslu fyrir því, að þetta lærist fljótt, því fyrir 6 árum var mjög örðugt fyrir austan að koma út seðlum, þá sjaldan að menn höfðu seðla, sem endur og sinnum ber ávallt við, en þegar Norðmenu fóru að setjast að í landinu og með þeim bárust tugir þúsunda króna inn í landið í seðlum, þá þóttu flestum peningarnir góðir, þótt í pappírslíki væru; menn sáu, að kaupmenn og sýslumenn tóku seðlana, og nú má heita þeir gangi eins og gull og silfur manna meðal; nú hefur varla nokkur á móti þeim.

Árið, sem leið, munu Norðmenn hafa goldið í landshlut yfir 30,000 kr., og þar af á að gizka $^2/_3$ í seðlum. Eins hef jeg heyrt þeir hafi gjört fyrir vestan, og jeg efa ekki, að líkt hafi átt sjer stað á Eyjafirði. Kaupmenn taka seðlana eins og gull eða silfur. Jeg skal enn fremur geta þess, að auk þessara 30,000 kr., sem að meirum hluta voru greiddar í seðlum, munu Norðmenn hafa greitt í önnur gjöld um 25,000 kr. Svo þannig hafa á einu ári komið á markaðinn fyrir austan 55,000 kr. að miklu leyti í seðlum. Sunnlendingar eru þó víst ekki þeim mun ónæmari en Austfirðingar, Norðlendingar og Vestfirðingar, að þeir geti ekki lært það, að taka seðla, ef þeir færu að tíðkast. Þar sem þingmaðurinn var

hræddur um, að bankinn mundi komast í peningaþröng, þar sem hann hefði enga peninga nema 500,000 kr. úr landssjóði, þá er þess að gæta, að annar helmingur hlutabrjefanna verður seldur fyrir peninga. Þar koma þá inn aðrar 500,000 kr., og verður þetta ásamt ein milión.

Jeg vona, að málið gangi til 2. umræðu, og það því fremur, sem jafnskarpskyggnum manni, og þingmaður Borgfirðinga er, hefur enn ekki skilizt það. Því síður mun hinum miður greindu hafa enn tekizt að komast niður í því enn, og er því varla vanþörf á, að menn átti sigá því betur, óður en þeir ráða með sjer að fella það.

Því næst var gengið til atkvæða, og með því atkvæðagreiðslan varð óglögg, varð að við hafa nafnakall, og sögðu:

Já:

Eiríkur Briem,
Magnús Andrjesson,
Arnljótur Ólafsson,
Benidikt Sveinsson,
Friðrik Stefánsson,
Jón Jónsson,
Jón Ólafsson,
Þórarinn Böðvarsson,
Þórður Magnússon,
Þorkell Bjarnason,
Þorsteinn Jónsson,
Þorvarður Kjerúlf.

Nei:

Eiríkur Kúld,
Grímur Thomsen,
Guðmundur Einarsson,
Halldór Kr. Friðriksson,
Holgeir Clausen,
Lárus Blöndal,
Ólafur Pálsson,
Tryggvi Gunnarsson,
Þorlákur Guðmundsson,
Þorsteinn Thorsteinson.

Þannig var samþykkt, að frumvarpið gengi til 2. umræðu með 12 gegn 10 atkvæðum.

ÖNNUR UMRÆÐA Í NEÐRI DEILD,
á 58. fundi, 20. dag ágústmánaðar.

Breytingartillögur
við frumvarp til laga um stofnun lánsbanka á Íslandi.

a.

(Frá Arnljóti Ólafssyni).

1. Við 2. gr: Fyrir orðin: «1 milión króna,» komi: «500,000 króna af fje viðlagasjóðsins. Fje þetta afhendist bankanum, að þrem fimmtu í konunglegum skuldabrjefum, og að tveim fimmtu í hjerlendum iðgjaldabrjefum landsmanna, fjelaga og stofnana, eptir sannvirði þeirra, og í gjaldgengum peningum».
2. Við 3. og 4. gr. Greinir þessar falli úr, og greinatalan breytist þar eptir.
3. Við 5. gr. Fyrir: «er nema jafnmiklu . . . aldrei meiru», komi: «er fullnægi viðskiptaþörf manna, þó svo, að hann hafi jafnan fyrirliggjandi í gjaldgengum, slegnum gullpeningum og silfurpeningum minnst 4 krónur gegn hverjum 10 krónum seðla þeirra, er hann á úti; en til tryggingar fyrir hinum sex tíundu seðla þessara skal bankinn eiga svo mikið í góðum og gildum handveðsbrjefum, iðgjaldaveðbrjefum, ríkisskuldabrjefum og öðrum gildum veðbrjefum, er nemi að upphæð 150 kr. gegn hverju 100 króna seðla þessara.
4. Við 7. gr. Grein þessi falli úr (sbr. breytinguna á 5. gr.),
5. Við 12. gr.
   a, Fyrir: «Landshöfðinginn» komi: «Ráðgjafinn».
   b, Milli orðanna: «yfirumsjón sinni.» og «Reglugjörð bankans» bætist inn í: «Í reglugjörð þessari er skipað fyrir um stjórn bankans og eptirlit með honum, um veðmæta virðing fasteigna, um tiltölu lána gegn fast-

eignarveði og annara lána, um vaxtahæð veðlána í fasteign o. s. frv.»

b.

Við 2. grein. Grein þessi orðist þannig:

Stofnfje bankans skal vera 500000 kr. úr viðlagasjóði landsins, að hálfu leyti í veðskuldabrjefum einstakra manna eða stofnana, og að hálfu leyti í konunglegum skuldabrjefum. Hrökkvi ekki það fje, sem fæst fyrir hin konunglegu skuldabrjef, og sem er goldið í vexti og afborgun af veðskuldabrjefum, til að fullnægja lánabeiðendum, má stjórn bankans með samþykki alþingis gefa út 4% arðberandi veðskuldabrjef upp á bankann og með ábyrgð landssjóðsins. Ákvæðisverð hvers bankaskuldabrjefs skal vera minnst 25 kr., mest 500 kr. Leyfilegt er að verja fje ómaga (ómyndugra), sveitarstjórna og opinberra stofnana til að kaupa bankaskuldabrjef.

Við 3. og 4. gr. Þessar greinir falli burt.

Við 5. gr. Í stað orðanna: «Jafnmiklu — — — meira», komi: «svo miklu, sem alþingi ákveður fyrir hvert fjárhagstímabil».

Við 7. gr. Í stað orðanna: «stofnfje sínu» komi þessi orð: «ákvæðisverði seðla þeirra, er hún gefur út».

Við 7. gr. Í stað orðanna: «seðla þá, er eigendur seðlanna óska» komi orðið: «seðlana».

Jón Jónsson.

Jón Jónsson: Jeg hef komið fram með breytingaratkvæði, og munu menn finna, að ekki er mikill munur á því og breytingaratkvæði hins háttvirta 1. þingmanns Eyfirðinga. Þegar menn lagfæra prentvillu í breytingaruppástungu minni við 7. gr. þar sem stendur *hún* á að vera *hann* (bankinn). Við erum báðir á því, að takmarka stofnfje bankans og fella úr 3. og 4. gr., og annaðhvort fella eða breyta 7. gr. Munurinn er einungis sá, að þigmaður Eyfirðinga vill ekki heimila bankanum að gefa út skuldabrjef, en það vil jeg leyfa honum með samþykki alþingis, og hef jeg hugsað mjer, að í reglugjörð fyrir bankann yrðu settar nákvæmari reglur fyrir því, hvernig útgefa skyldi skuldabrjefin, svipaðar þeim, sem fyrirhugaðar hafa verið fyrir lánsfjelagsskuldabrjefum, en munurinn verður sá, að þar sem lánsfjelagið hefur ekkert annað til að afhenda þeim, er taka lán hjá sjer, en skuldabrjef, mun bankinn geta látið menn fá, auk skuldabrjefa, nokkurn part í gulli og silfri, nokkurn part í seðlum. Þar að auki hef jeg hugsað mjer, að mætti selja bankaskuldabrjefin á líkan hátt, og jeg lagði til um landsskuldabrjef í frumvarpi mínu þar um. Jeg get ekki sjeð, að það sje neitt hættulegt, að leyfa bankanum að gefa út skuldabrjef með ábyrgð landssjóðs, þegar þetta leyfi er bundið því skilyrði, að alþingi samþykki það. Alveg ljóst er það, að minni hætta er við ábyrgð á skuldabrjefum, er banki, sem alþingi og landsstjórn hafa öll ráð á, gefur út, en við að ábyrgjast skuldabrjef, sem lánsfjelag einstakra manna, alveg óháðra stjórn og þingi. Jeg hef leyft mjer að stinga upp á, að verja mætti fje ómaga (ómyndugra) til að kaupa bankaskuldabrjef á sama hátt, og ætlazt var til um lánsfjelagið. Þegar bankafrumvarp þetta kom frá efri deildinni, var það sambland af privat-banka og stjórnar-banka. Okkur þingmanni Eyfirðinga hefur komið saman um, að breyta þessu svo, að bankinn yrði að eins stjórnarbanki. Jeg fyrir mitt leyti hef ekkert á móti privatbanka, eins og jeg hef ekkert á móti privötu lánsfjelagi. Eins og jeg var á móti, að stjórnin tæki þátt í lánsfjelaginu, og lagði til, að ákvarðanirnar um það í stjórnarfrumvarpinu væru afmáðar, eins er jeg á móti, að einstökum mönnum verði veittur aðgangur til að kaupa hlutabrjef í bankanum til móts við stjórnina.

Eiríkur Briem: Jeg er samdóma þeim heiðruðu þingmönnum, sem komið hafa fram með breytingartillögur við frumvarpið, um það, að frumvarpið þurfi breytinga og einkum fullkomnunar við, en mjer sýnist

breytingartillögurnar fara í svo ólíka stefnu, að ef þær komast að, þá sje í raun og veru um alveg nýtt frumvarp að ræða.

Frumvarp efri deildarinnar fer fram á, að stofna banka með privat-hlutabrjefum, en eptir þessum breytingartillögum á bankinn, sem svo er kallaður, að eins að vera ein grein af viðlagasjóðnum undir sjerstakri stjórn, og að öðru leyti fara þær því fram, að veita stjórninni ótakmarkaða heimild til að taka af öðrum fje til að geyma og ávaxta, og með því að taka óákveðnar skuldbindingar upp á landssjóðinn, jafnframt því sem stjórninni veitist heimild til að lána út fje og gefa út seðla. Hjer er því auk seðlanna að eins að tala um lán úr viðlagasjóði og skuldabrjef upp á hann. Mjer verður því að blandast hugur um, hvort þetta er ekki alveg nýtt mál.

Arnljótur Ólafsson: Jeg vil leyfa mjer að tala nokkur orð um þetta mál, eins og það liggur nú fyrir, og vil jeg þá fyrst svara hinum háttvirta 2. þingmanns Húnvetninga. Honum fannst leika efi á, hvort þetta væri eigi nýtt frumvarp, ef þessum breytingum yrði framgengt, og hvort eigi þyrfti þá að fara með það sem sjerstakt málefni. Þessari spurningu svara jeg svo, að eptir mínum skilningi er það eigi. Bankinn verður eins landsbanki fyrir því, þótt þessi breyting sje gjörð, þótt hann sje eigi stofnaður af hlutabrjefum einstakra manna. Hann hefur hin sömu störf á hendi eptir sem áður, hann er seðlabanki, lánsbánki og geymslubanki, það er að segja: má gefa út seðla sem stundargjalds-ávísanir á sjálfan sig, má taka fje að láni til að leigja það öðrum, og taka fje til geymslu af einum og ljá það aptur öðrum. Hvort bankinn er stofnaður af landsins fje eða af samskotum einstakra manna, breytir eigi eðli bankans; það verður að líta á ætlunarverk hans, en eigi á hitt, af hverjum eða af hvers fje hann er stofnaður.

Jeg skal því næst leyfa mjer að fara nokkrum orðum um breytingartillögur mínar, og jafnframt bera saman bankastofnun þessa við lánstofnunina, þar sem belzt nauðsyn krefur, en þó sem stytzt jeg get.

Eptir breytingartillögum mínum og eins breytingartillögum hins háttvirta 2. þingmanns Skagfirðinga á bankinn að grundvallast á landsins fje, og svara ágóða sínum til landssjóðsins. Ef bankinn væri stofnaður af hlutafje, svo sem ráðgjört er í frumvarpinu, skiptist arðurinn milli hluttakanda eptir fjelagshlutum, eins og venja er til í öðrum hlutafjelögum.

Í 1. grein frumvarpsins er tekinn fram starfi bankans, að hann sje seðlabanki, megi gefa út seðla, sem gengið geti manna á milli eins og peningar, og sjeu ávísanir til handhafa á sjálfan hann, að hann sje lánsbanki, láni fje móti tryggu veði í hverju sem er, hvort það er í fasteign eða öðrum nýtum eignum, að hann sje geymslubanki, megi taka við fje af öðrum til að geyma um svo eða svo langan tíma; að hann megi líka taka að sjer að ávaxta fje annara, annaðhvort móti peningavöxtum eða verðbrjefum. Jeg vona því, að hinir háttvirtu þingmenn sjái, að bankinn hefur mikla yfirburði yfir lánsstofnunina í þessari grein.

Sjáum nú í annan stað, hvort bankinn hefur meira fje til með starfa að, hefur meira starfsmegin eu lánsfjelagið. Bankinn má taka til starfa (eptir 4. gr.), þegar hann á 500,000 kr. í ríkisskuldabrjefum, veðskuldabrjefum og peningum. Þetta er sama upphæð, sem til er tekin um lánsfjelagið (sambr. 4. gr. a.), og virðist bankinn þá standa lánsfjelaginu í þessu jafnfætis. En nú er sá munur, að eptir 5. gr. frumvarpsins má bankinn gefa út seðla, sem eru avísanir á sjálfan hann; þeir eru stundargjaldseðlar (*Anfordringsedlar*), það er að segja: eiga að greiðast handhafa eptir vild í peningum úr bankanum, þegar handhafinn heimtar. Þeir eru því öldungis jafnmætir peningum, og gjöra sömu þjónustu sem peningar, jafnskjótt sem þeir ávinna sjer traust. Menn vita, að í öllum öðrum löndum hafa auðskiptilegir bankaseðlar fullt traust, og það virðist fátækleg hugsun, að

Islendingar muni verða sú eina þjóð í heimi, sem ekki geti treyst bankaseðlum, ef næg trygging er fyrir þeim. Ef mjer tekst að sanna það í ræðu minni, að seðlar þessa fyrirhugaða banka hafi sömu trygging sem seðlar þjóðbankans í Danmörku nú hafa, þá vona jeg, að enginn geti með rjettu efazt um, að seðlar hjer geti haft sama traust og seðlar þar. Jeg vil taka eitt fram, að seðlarnir auka starfsmegin bankans, og fyrir því er mikill munur á starfsemi bankans með 500,000 kr. innstæðu, og á starfsemi lánsfjelagsins með sömu innstæðu. Það kemur til af því, að vöxtufje lánsfjelagsins er ekkert annað en skuldabrjef fjelagsins í höndum skuldunauta, sem hafa gefið veðskuldabrjef sín í hönd lánsfjelaginu. Það er bert, að enginn fær hjá lánsfjelaginu skuldabrjef fyrir 100 kr., nema hann hafi látið í staðinn í hönd lánsfjelagsins jafnhátt veðskuldabrjef. En nú kunna menn að segja: þegar jeg hef skuldabrjef lánsstofnunarinnar, þá hef jeg vextina, og það eru peningar. En þá svara jeg: Ætli bankinn sje ver settur með sína peninga og sína seðla? Skoðum það. Jeg tek til láns hjá bankanum 100 kr.; verji jeg þeim eigi til arðsamra fyrirtækja eða annara nauðsynja minna, þá ljæ jeg þá öðrum gegn vöxtum. Hvort heldur er af þessa tvennu, fær lánþeginn meiri eða minni vöxtu. En vilji menn koma til bankans og kaupa veðskuldabrjef, þá geta menn það öldungis eins og hjá lánsfjelaginu, en þar er sá stóri hanki á hjá lánsfjelaginu, að það á enga þá eign, er fjelagið hafi kostnaðarlausan ávöxt af, því að enginn maður fær meira í skuldabrjefum, en hann lætur aptur í veðskuldabrjefum. Hjá lánsfjelaginu þarf allt af að vera jafnvirði í veðskuldabrjefum við skuldabrjefin. Þetta hlutfall má alls ekki raskast, því að þá er engin trygging framar í lánsfjelaginu. Jeg bið hina háttvirtu deildarmenn að gæta vel að þessu, að þetta er það lögmál, sem gengur í gegn um alla veðbanka. Þess vegna segi jeg: þeir, sem hafa peninga til að kaupa skuldabrjef, geta það *ekki* hjá lánsfjelaginu, því að það heimtar veðskuldabrjef, en hjá bankanum geta þeir fengið það. Bankinn getur tekið veðskuldabrjef svo löguð, að þau sjeu afhendileg (*transportable*), eins og til dæmis ríkisskuldabrjef, því allir vita, að ríkisskuldabrjef eru afhendileg, og geta gengið manna á milli kaupum og sölum.

Nú er að tala um tryggínguna. Jeg hef gjört breytingu á henni, fellt úr 7. gr. og 3. og 4. gr., en sett tryggínguna í mína 5. gr. Þetta gjörði jeg af því, að jeg vil eigi hafa samfjelag milli hluttakanda og viðlagasjóðsins. Tryggingin er þessi: Bankinn skal hafa fyrirliggjandi í gjaldgengum gullpeningum og silfurpeningum minnst 4 kr. gegn hverjum 10 kr. seðla þeirra, sem hann lætur úti. Þetta er sniðið sem næst því, sem nú gildir fyrir þjóðbankann í Danmörku samkvæmt auglýsing 20. des. 1873 um seðlatrygging þjóðbankans. Þetta er tryggingin til þess, að bankinn geti endurkeypt seðla þá, sem handhafendur kynnu að heimta sjer greidda. En til þess að tryggja hina 6 tíundu partana skal bankinn eiga svo mikið í góðum og gildum handveðsbrjefum, iðgjaldabrjefum, ríkiskuldabrjefum og öðrum gildum verðbrjefum, að nemi að upphæð 150 kr. gegn hverju 100 kr. seðla þessara, það er að segja, þeirri seðlaupphæð, er eigi er tryggð með peningum. Það er því þriðjungi meiri trygging en nemur verði seðla þessara. Jeg skal setja dæmi í tölum til að sanna þetta. Bankinn gefur út 500 kr. í seðlum; þá hefur hann heima 200 kr. í peningum og 450 kr. í gildandi verðbrjefum. Nú skal prófa starfsmegin bankans. Hann á að byrja með 500,000 kr. í peningum og gildum verðbrjefum. Mú má hann gefa út svo mikið í seðlum, sem hann getur tryggt, og fullnægir viðskiptaþörfum manna. Látum þá bankann gefa út seðla upp á 500,000 kr. Hvernig er nú mögulegt, að hann geti tryggt þá upphæð? Það skal jeg sýna. Bankinn verður að eiga fyrirliggjandi 200,000 kr. í peningum, gulli og silfri, og 450,000 kr. í góðum og gildum verðbrjefum. Sjáið

nú starfsmegn bankans! Setjum nú, að hann sje búinn að láta út 500,000 kr. í seðlum, og á hann þá með höndum 1,000,000 kr. Þar af hefur hann fyrirliggjandi 200,000 kr. í gulli og silfri, og eru þá eptir 800,000 kr. eign, það er 350,000 kr. meira en heimt er til að tryggja seðla bankans. Nú sem bankinn hefur áunnið sjer traust, fengið vöxt og viðgang, getur hann gefið út yfir 500,000 kr. í seðlum. Jeg vona, að hinir háttvirtu deildarmenn sjái, að bankinn getur gjört miklu meira gagn en lánsfjelagið. Lánsfjelagið getur ekki tekið peninga á vöxtu, en það getur bankinn gjört; lánsfjelagið hefur ekki peninga, en þá hefur bankinn. Bankinn er jafnt fyrir lánbjóðendur sem fyrir lánbeiðendur. Og þó bankinn geti máske eigi uppfyllt allar þarfir landsmanna, þá getur hann þó fullnægt þeim hálfu betur en lánsfjelagið.

Nú sný jeg mjer að því, hver áhætta það er fyrir landssjóðinn, að leggja fram þetta fje. Jeg skal játa það, að í fyrstu hlýtur það að vera nokkur byrði, en það er eigi stærri nje þyngri byrði, en lánsfjelagið krefur. Vjer skulum setja, að seðlarnir gangi drœmt út fyrst. Jeg álít það líka skyldu bankastjórans, að ota eigi seðlum að nokkrum manni, heldur láta þá ráða fyrst, hvort þeir vilja heldur seðla eða peninga, því að með því hljóta seðlarnir að fá traust hjer eins og annarstaðar, nema eðli Íslendinga sje allt öðruvísi en eðli allra annara manna í víðri veröld. Danir höfðu áður mestu ótrú á seðlum, og frá 1818 og mörg ár þar eptir voru seðlar þar í svo miklu niðurlægingarástandi, að 300 rdl. í seðlum voru seldir og keyptir fyrir 200 rdl. í silfri. Og það má því nærri geta, að Danir hafi eigi haft góða trú á seðlum, eptir nálega 30 ára langt undirverð þeirra og ókeypileik frá bankans hálfu. En hvernig hefur síðan farið? Nú má þjóðbankinn gefa út 27 miljónir í seðlum, svo ótryggðir eða óstuddir sjeu; hitt annað verður að vera alveg tryggt. Bankinn á, með öðrum orðum sagt, að tryggja, að minnsta kosti $^3/_5$ upphæðar sinnar með slegnum peningum, minnst $^1/_4$, en hitt í óslegnu gulli og silfri, o. s. frv. Jeg get því eigi með rökum efazt um, að menn hjer á landi fyr eða síðar sjái, hver hagur er að seðlum, og jeg ætla, vona og óska, að eigi verði langt þess að bíða, að hjer verði stofnaður banki. Jeg ætla engu að spá um, hve langt verður þangað til, en vjer bljótum í þessu efni að álykta eptir dæmi annara þjóða.

Nú er eptir síðasta spurningin. Getur landssjóður misst svo mikið fje? Jeg segi: Já. Viðlagasjóðurinn á eptir nýjustu skýrslum í rikisskuldabrjefum 306,000 kr.
í iðgjaldabrjefum . . . . . 157,000 —
og í uppsagnarbrjefum . . 230,000 —
samtals 693,000 kr.

Fátækt viðlagasjóðs getur því ekki verið í vegi, einkum þar sem jeg hef stungið upp á, að $^3/_5$ af þessum 500,000 kr. greiðist bankanum í ríkisskuldabrjefum. Viðlagasjóður á samt eptir 6000 kr. í ríkisskuldabrjefum, og svo á hann að auki 230,000 kr. í uppsegjanlegum skuldabrjefum einstakra manna, svo engin hætta er á því, að viðlagasjóður geti látið bankann hafa milli 40 og 50,000 kr. í peningum; hann getur það enda af peningaforða sínum. Jeg get því eigi heldur frá þessari hlið sjeð neitt á móti bankanum, því þótt viðlagasjóður veiti þetta fje til bankans, hefur hann samt eptir um 200,000 kr.

Jeg vil að endingu biðja hina háttvirtu deild að lofa þessu baukafrumvarpi að ganga til 3. umræðu, hvort sem þeir eru meðmæltir banka eða ekki, til þess að menn geti hugsað sig vel um, áður en þessu máli er alveg kastað. Jeg verð að álíta það mikinn ábyrgðarhluta, að fella banka nú í þeirri von, að lánsfjelaginu verði framgengt hjer á þingi. Nú standa þessi mál svo, að litlar líkur eru til, að bankinn eða þá heldur lánsfjelagið fái framgang, og væri þá rjettast, að þau bæði stæðu og fjellu sínum herra. Það atkvæði, að álíta bankann verri en lánsfjelagið, held jeg — ef hin háttvirta deild greiðir það — sýni, að hún hefur ekki þá þekkingu á þessu máli, sem vera bæri. Jeg vildi helzt óska, af því að þessi háttvirta deild hefur enn

kynnt sjer þetta mál of lítið, að hún lofi því að halda áfram, til þess að sjá, hvernig lánsfjelaginu reiðir af í hinni háttvirtu efri deild (*Holgeir Clausen*: Nei!). Hinn háttvirti þingmaður segir nei. Jeg hygg, að hann segi það fremur af ástfóstri við lánsfjelagið, en af því, að þekking hans á «*Creditvæsen*» sje svo háttað, að hann geti eíazt um, að bankinn sje í öllum greinum betri en lánsfjelagið.

Grímur Thomsen: Það var í fyrstu mjög rjett athugasemd, sem 2. þingmaður Húnvetninga gjörði, að breytingartillögur 1. þingmanns Eyfirðinga gjörðu mikla efnisbreytingu á frumvarpinu. Frumvarpið gjörir ráð fyrir banka, sem er stofnaður með hlutabrjefum, en eptir breytingartillögunum verður það fremur stjórnarbanki, en eiginlegur landsbanki. Af því hinn háttvirti 1. þingmaður Eyfirðinga lýsti svo greinilega þjóðbankanum í Kaupmannahöfn, þá vil jeg segja honum, að eptirdæmið er ekki glæsilegt, að byrja með hjer, því sá banki, sem fór á höfuðið 1814, var stjórnarbanki, en hinn, sem síðan 1818 hefur blessazt þar, er þjóðbanki. Mjer virðist viðurhlutamikið, að allur viðlagasjóðurinn á að ganga til bankans, og svo hefur enginn eptirlit með þessum banka. Það er reyndar satt, að hann á að vera uudir sjerstakri stjórn. En þegar ráðgjafinn á að semja reglugjörð fyrir bankann, setja bankastjóra o. s. frv., þá sje jeg ekki annað en sömu hættuna hjer og í Danmörku, að stjórnin ein hefur ábyrgðina. Það hefur sýnt sig annarstaðar, að allir beztu bankarnir eru þjóðbankar. Lundúnabankinn er þjóðbanki; sama er að segja um bankann í Berlín, í Amsterdam, og bæði bezti bankinn í Danmörku og binir aðrir eru þjóðbankar. Stjórnin hefur fulltrúa, sem lítur eptir bankanum, en að öðru leyti kemur hann ekki stjórninni við. Gjörum nú ráð fyrir, að stjórn bankans yrði góð, en þá bið jeg þingmenn, að athuga, hvort mögulegt væri með svo litlu fje, að stjórna bankanum svo, að hann gæti staðizt. Stjórn bankans hefur mikinn kostnað í för með sjer. Það þarf talsvert fje fyrir hús og hirzlur, til forstöðumanns og fjehirðis og margs fleira. Nú skulum við gjöra okkur ljóst, hver er hinn árlegi arður af þessum banka, sem breytingartillögur 1. þingmanns Eyfirðinga fara fram á. Hann gjörir ráð fyrir, að fá 500,000 kr. úr viðlagasjóði, og gegn hverjum 10 kr. í seðlum, sem bankinn gefur út, á hann að hafa 4 kr. í slegnum gullpeningum og silfurpeningum, til þess að innleysa seðlana með 4 gegn 10, eða $^4/_{10}$ af 500,000 kr., eru 200,000 kr., sem liggja arðlausar í bankanum. Það fje má ekki lána út, það er auðsætt. Þá eru eptir 300,000 kr., sem bankinn hefur í veltu, setjum gegn 6%, sem verða þá 18,000 kr. En jeg verð að ætla, að viðlagasjóðurinn eigi að hafa vexti af sínu fje, og það verða með 4% = 20,000 kr. Bankinn getur ekki verið viss um, að hafa meira í vöxtu en þessar 18,000 kr. Jeg skal játa það, að þegar hann hefur fleiri miliónir í veltu, þá geti hann staðizt, en ekki fyrst um sinn. Við skulum sjá, hver útgjöldin verða. Af 500,000 kr. rentu til viðlagasjóðs 20,000 kr. á 4%. Stjórn bankans ekki minna en 6000 kr. = 26000 kr. Renta og afborgun að auki af þessum 10,000 kr., sem eptir 11. grein eiga að leggjast bankanum til að byrja búskap: á ári 1400 kr. Í afrakstur hefur hann sjálfur að eins vextina af því fje, sem er í veltu, sem sje fyrst um sinn 300,000 kr., eða með 6% 18,000 kr., og þó leggur hann ekkert til viðlagasjóðs fyrir sjálfan sig, og ekkert er reiknað fyrir rentutap, mistalningar og önnur slys. Hann tapar allt svo á ári hverju fyrst um sinn, áður en honum bætist meira fje, 27400—18000=9400 kr., getur allt svo ekki staðizt. Þetta sýnir, að gjöra verður ráð fyrir, að fjeð verði að vera miklu meira í veltu, ef bankinn á að geta staðizt. Jeg sje, að uppástungumaður breytingartillaganna hefur hugsað sjer, að þessar 300,000 kr., sem hann þarf að fá, þær geti hann fengið. Annar uppástungumaður sagði, að viðlagasjóðurinn ætti 300,000 kr. í láni. Minna getur ekki bankanum nægt. Nú er á fjárlögunum gjört ráð fyrir, að af viðlagasjóði

veitist að láni allt að 100,000 kr. til að stofna búnaðarskóla. Þessar 100,000 kr. ganga þá frá. Viðlagasjóðurinn verður því ekki fær um, að leggja það fje í lausu í bankann, sem þingmaðurinn gjörir ráð fyrir. Það verður að koma annarstaðar að. En á meðan ekki er trygging fyrir því, að fje ómyndugra megi leggja í bankann, þá er ekki útlit fyrir, að hann verði stofnaður með því litla fje, sem hjer er gjört ráð fyrir.

Jeg ætla ekki að fylgja þingmanni Eyfirðinga í hinni löngu ræðu hans, en þar sem hann í breytingartillögunum gjörir ráð fyrir því, að bankinn eigi jafnan að hafa $^4/_{10}$ af seðlamagninu fyrirliggjandi í gulli og silfri, en hina $^6/_{10}$ í handveðsbrjefum, iðgjaldabrjefum, ríkisskuldabrjefum og öðrum verðbrjefum, þá skal jeg leyfa mjer að geta þess, að þjóðbankinn í Danmörku á að hafa miklu meira í slegnu gulli og silfri, en hjer er gjört ráð fyrir. Hann átti að hafa helminginn í myntuðu gulli og silfri, og nú $^3/_8$, og hinn helminginn eða nú $^5/_8$ í gullstöngum og silfurstöngum (*Guld- og Sölvbarrer*), og einungis einn fjórða partinn af þeim helmingnum má hann hafa í fasteignarveðum (*Arnljótur Ólafsson*: Nei). Fyrst þingmaðurinn rengir mig, þá skal jeg færa honum heim sanninn. Jeg hef hjer í höndunum bók eptir Nathanson, danskan þjóðmegunarfræðing. Þar stendur í opnu brjefi frá 4. október 1840, að bankinn megi ekki hafa meira í veltu, en hálfa milión seðla, og helminginn af því eigi hann að tryggja með myntuðu gulli og silfri, og hinn helminginn með gull- og silfurmyntum o. s. frv. Þetta skipaði konungur fyrir skyldi haldast óbreytt, þótt hann leyfði, að fleiri seðlar mættu vera í veltu; og þessi trygging átti ekki einungis að vera gegn þeim seðlum, sem voru í veltu, heldur einnig gegn hinum, sem innleystir voru. Þetta var 1840. En jeg skal fara lengra fram. Í opnu brjefi 4. janúar 1847 er bankanum leyft að gefa út seðla (ótakmarkað), en hann á að skuldbinda sig til að hafa jafnan fyrirliggjandi fullt afngildi þeirra í gulli og silfri (*Arnljótur Ólafsson*: Þetta er allt úr gildi gengið), og svo yfir helming, nfl. 150 gegn 100 í góðum og ljett seljanlegum, vel útgengilegum verðskjölum, eða nú allt svo $^5/_8$ í þessum aurum, auk 50 fram yfir hvert hundrað í hæglega hreifanlegum og áreiðanlegum verðskjölum.

Þetta sýnir, að það, sem banki þingmannsins á að hafa í veðfje eða til tryggingar seðlunum, er mikils til of lítið í samanburði við seðlana, sem þingmaðurinn ætlast til að bankinn gefi út. Það er annars engin ákvörðun um það, hvað mikið bankinn megi gefa út af seðlum, heldur er einungis sagt, að hann megi koma í veltu svo miklu af seðlum, er fullnægi viðskiptaþörf manna. Þetta er ærið óákveðið. Hver sker úr því? Viðskiptin gætu breytzt. Það, sem er nægilegt í ár, verður máske of lítið að ári, og svo koll af kolli. Jeg skal geta þess um handveðsbrjef, að hjer mun mjög lítið af þeim. Það geta verið tvenns konar handveðsbrjef: ríkisskuldabrjef og veðskuldabrjef í lausafje. Jeg get hugsað mjer, að hjer sje nokkuð til af þeim. Þar sem talað er um iðgjaldaveðbrjef, þá tek jeg það aptur fram, sem jeg sagði um daginn, að ef seðlarnir hrúgast að bankanum og hann neyddur til þess að innleysa þá, hversu haganlegt það mundi, ef þá yrði að selja óðul manna, og segja upp öllum veðskuldabrjefunum (*Arnljótur Ólafsson*: Þeir storma ekki á bankann!) Þetta hlýtur að koma fyrir. Sjálfur þjóðbanki Dana neyddist til að lána stórfje hjá stjórninni 1857 fyrir 8%. Væri nú bankinn neyddur til þess — hjer skyldi koma hallæri, eldgos eða önnur óhöpp — hvert á hann þá að flýja ef á liggur? Hann getur þó ekki flúið til stjórnarinnar, ef stjórnin hefur stofnað hann sjálf. Danir urðu að borga 8% af lánsfjenu; en þessi banki fengi það hvorki fyrir 8 nje 12 af hundraði. Það er tvennt, sem okkur vantar hjer til þess, að geta stofnað banka. Fyrst *auðlegð*. Auðmenn hlupu undir bagga með Dönum til að koma bankanum á fót; það var einkum ríki Brun, sem kallaður var, og verzl-

unarfjelag, sem hjet «*de Coninck*», sem hjálpaði bankanum við. En hver mundi lána bankanum hjer, ef honum lægi á? Hver mundi koma til hans og segja: «Jeg skal lána þjer fje, þangað til þú getur innleyst seðla þína». Hvorki í viðskiptum við kaupmenn eða aðra mundum við fyrst um sinn geta brúkað þessa seðla, meðan Danir og aðrar þjóðir vilja ekki taka þá. Það yrði landssjóðurinn sjálfur, sem yrði að taka þá, á meðan þeir ekki fá gangverð, og þá yrði hann að taka seðla upp á 40 kr. fyrir 30 kr., 20 kr. og kann ske minna. Meðan ekki er valdboðið að taka þá í öll gjöld, þá mun það sannast, að traustið vantar. Það er þetta tvennt, sem vantar, til þess að geta stofnað banka hjer: *auð* og *traust*. Sú eina auðuga stofnun hjer, landssjóður, á að taka þátt í bankanum sjálf, því ekki er í annað hús að flýja.

Þótt 8. gr. kveði ekki á um, hvað bankinn láni fje til langs tíma, þá liggur það í eðli bankans, að hann getur ekki lánað upp á langan tíma, ef hann á að standast. Menn hljóta því að sjá, að hann verður landsbúum miklu óhaganlegri en lánsstofnunin. Jafnvel í Vesturheimi, þar sem bankar eru stofnaðir með öruggari tryggingu en þessari, tekst stjórnin ekki á hendur að innleysa minna í einu, en 1000 kr. En hjer á að innleysa hvað lítið sem er. Það álít jeg mjög óheppilegt, því þá getur hver og einn komið með sinn 10 króna seðil og heimtað gull eða silfur fyrir hann.

Loks vantar allar ákvarðanir um það, hvað landssjóðurinn á að fá fyrir þessa sjerstöku stjórn. Jeg gjöri ekki ráð fyrir vöxtum. Fyrsta árið mundi bankinn ekki geta borgað neina rentu. Jeg efast ekki um, að það mundi lagast, en fyrst um sinn mundi hann ekki fær um það, og þá mundi framsögumaður fjárlaganefndarinnar sakna þessara 20,000 kr. á 4. gr. fjárlaganna. Jeg hygg, að uppástungumenn ætli, að bankinn sje góður og mögulegur, en hann er það þá fyrst, þegar lánsstofnunin er komin á. Skuldabrjef hennar væru þá hin góðu og auðseldu handveðsbrjef. Og vegna hvers? Af því þau gefa rentu og verða fljótt afhendileg fyrir peninga. En fasteign er ekki góð, því hún er eigi ávallt svo útgengileg eða auðseld. Því skal jeg leggja það til, eins og áður, að þetta mál gangi ekki lengra.

Tryggvi Gunnarsson: Mjer fellur illa að verða að standa upp til þess að tala móti hinum háttvirta vini mínum, 1. þingmanni Eyfirðinga. Mjer þykir líka leitt að tala móti bankanum, því það skyldi gleðja mig, ef skilyrðin væru fyrir því, að banki gæti þrifizt hjer á landi, en þó þætti mjer það verst, ef jeg, með því að mæla móti banka, talaði móti gagni alls landsins. En jeg hef hugsað þetta mál svo vandlega sem jeg get, og hef ekki getað betur fundið, en að hjer á landi vanti í bráð nauðsynleg skilyrði fyrir því, að banki geti þrifizt eða haft heillarikar afleiðingar. Jeg ætla að halda mjer til frumvarpsins, eins og það hefur komið frá hinni heiðruðu efri deild, en eigi tala um breytingaratkvæðin fyr en síðar, af því þau eru svo alveg ólík frumvarpinu. Bankinn á að stofnast af tvennu; af landssjóðnum og af tillagi landsmanna. Þeir, sem eru efnaðir, eiga að leggja helminginn til, eða hálfa milíón kr., en eru nú margir þessir auðmenn til? Og þó auðmenn þessir væru til, þá þurfa þeir líka að hafa traust á bankanum, og hafa þá skoðun, að þeim sje meiri hagur að kaupa hlutabrjef bankans, heldur en að leggja fje sitt í önnur fyrirtæki, því það er óhugsandi, að þeir fari að fleygja út fje sínu fyrir hlutabrjef bankans að eins fyrir orðið «banki». Þeir, sem hafa fje aflögu, eða fram yfir daglegar þarfir, þeir náttúrlega verja fje sínu til þess, sem þeir álíta sjer mestan haginn að, eða vissustu eignina. Jeg held, að jafnvel hinn háttvirti 1. þingmaður Eyfirðinga verði að játa, að fyrstu 3—4 árin getur bankinn eigi gefið neina rentu af hlutabrjefum sínum, og meðan svo er, þá er hætt við, að fáir vilji leggja fje sitt í hlutabrjef bankans. Þær

500,000 kr., sem landsmenn eiga að leggja til, koma eigi fyr, en þeir sjá, að bagur er að leggja fje sitt í bankann, og treysta því, að það sje þeim þar viss eign. Jeg hef nokkra reynslu í þessu efni. Verzlunarmálið, og það að gjöra verzlunina innlenda, hefur verið eitt hið mesta áhugamál landsmanna. Á Norðurlandi var stofnað fjelag í þessa stefnu, en þó hefur á 10 árum ekki verið hægt að drífa saman í hlutabrjef verzlunarfjelagsins meira en tæplega 100,000 kr. Jeg þori því ekki að treysta því, að sá helmingur af stofnfje bankans, sem landsmenn eiga fram að leggja, komi inn fyrstu árin, og hljóti því að byggja að mestu leyti á þeim helmingnum, sem landssjóðurinn á að leggja til, en hvernig er þá ástatt með hann? Viðlagasjóðurinn á hjer um bil 300,000 kr. í innskriptarskírteinum. Nú hefur verið leyft að lána 100,000 kr. af þessu fje, til þess að stofnsetja fyrir búnaðarskóla; þá eru 200,000 kr. eptir, en samkvæmt frumvarpinu á bankinn að hafa til þriðjung innstæðunnar í peningum, og af því kemur á viðlagasjóðinn 166,000 kr., svo þá eru orðnar eptir einar liðugar 30,000 kr. í viðlagasjóði, hvað sem upp á kann að koma. 157,000 kr. á landssjóðurinn í íöstum lánum, sem eiga að afborgast í 28 ár, en til þess er eigi hægt að taka sem stofn fyrir banka, því það þurfa að vera brjef, sem fljótlega seljast, ef á liggur; auk þess á hann 230,000 í lánum, sem upp má segja með ½ árs fyrirvara, en slikt væri mjög svo illa gjört, að segja upp þeim lánum, og gæti verið þeim, sem lánið höfðu fengið, til hins mesta tjóns, og þó því nú væri sagt upp, þá er það ekki nóg í innstæðu bankans. Jeg get því ekki sjeð, að landssjóður eða landsmenn geti stofnað banka, og það þó hann ætti ekki að vera stærri en upp á ½ milíón króna. Hinn háttvirti 1. þingmaður Eyfirðinga var að tala um *kotungslánsfjelög*; en þetta verður þá engu síður sannarlegur kotungabanki, sem eigi hefur meira stofnfje en upp á ½ milíón króna. Það hefur verið talað um, að bankinn þyrfti að hafa vissa upphæð liggjandi í gulli og silfri, t. d. 200,000 kr. Þetta fje liggur arðlaust. Þegar mikið meira af seðlum er úti á milli manna, en þessari upphæð nemur, þá græðir bankinn, en þann tíma, sem seðlar eru úti fyrir jafnmikla eða minni upphæð, þá er auðsjáanlegt tap fyrir bankann. Menn mega ómögulega hugsa, að þó eitt skipti á árinu sjeu 500,000 kr. í seðlum úti meðal manna, að svo sje allt árið, og bankinn fái ársrentu fyrir alla sína seðla. Ef kaupmenn vilja og geta notað bankann, þá taka þeir út peninga í marz og apríl og kaupa fyrir þá vörur í útlöndum, sem þeir koma með hjer upp og skipta við íslenzkri vöru, fara síðan með íslenzku vöruna og selja hana, og koma svo með peningana um haustið, kasta þeim í bankann, og segja: Þarna, jeg þakka þjer fyrir lánið. Svo verður bankinn ef til vill að liggja mestan part af vetrinum með svo og svo mikið fje arðlaust, sem hann getur ekki lánað út. Að fara að senda fjeð í útlendan banka, er bæði kostnaðarsamt og gefur lítið af sjer. Nú hef jeg talað sjerstaklega um banka, en nú skal jeg leyfa mjer stuttlega að skýra frá mismun þeim, sem er á lánsstofnun og banka, því þó lánsstofnunin liggi ekki hjer fyrir í dag, þá liggur hún mönnum í huga við þetta tækifæri; með hliðsjón til hennar greiða menn atkvæði um bankann í dag.

Sá er munur á stofnun banka og lánsfjelags, að bankinn á að stofnast af auðmönnum, sem vilja græða á fje því, er þeir hafa aflögu þörfum sínum, en lánsfjelagið er stofnað af mönnum, sem þurfa að taka lán til að bæta búnað sinn með fleiru. Af hverjum er nú fleira hjer á landi, þeim sem þurfa að fá lán, eða hinum, sem þurfa að verða af með peninga sína? Það hefur verið sagt, að lánsstofnunin kostaði landssjóðinn svo mikið, en hversu mikið er það? Það eru 5,000 kr. eitt skipti fyrir öll, og svo 2,000 kr. árlega í nokkur ár. Hvað ætli bankinn kosti landið fyrstu árin, þegar á að taka allan viðlagasjóðinn fyrir stofnfje bankans, og láta hann svo liggja arðlaus-

að meiru eða minna leyti? hvort er nú betra: skuldabrjefin lánsstofnunarinnar eða seðlarnir bankans? Pappírsseðlar bankans geta verið góðir á þeim tímum ársins, sem þeir eru á gangi milli manna, en þegar þeir koma til baka, og á meðan þeir liggja í bankanum, þá eru þeir alveg arðlaus eign. Skuldabrjefin þar á móti eru fyrir alla, sem vilja geyma fje sitt og fá vexti af; þau gefa stöðuga rentu. Taki maður seðla hjá bankanum og leggi þá í kistuhandraðann, þá gefa þeir engan eyri af sjer, en fái maður skuldabrjef lánsfjelagsins og leggi það í sama handraðann, þá gefur það alltaf af sjer sína vissu rentu. Um þá hlið bankans, sem hefur skuldabrjef, tala jeg ekki; því þar stendur nálega eins á og með lánstofnunina. Þegar rætt var um lánsstofnunina, kom sú skoðan fram, að landsmenn yrðu skuldaþrjótar annara landa, ef brjef lánsfjelagsins færu út fyrir landssteinana, og væri þetta bæði niðurlæging og bætta fyrir landsmenn. Álíta þingmenn ekki sem svo, að hagur sje að því, að pappírsseðlar bankans gangi kaupum og sölum, ekki að eins hjer á landi, heldur og í útlöndum? Svarið til þess mun verða: já, því þá verða seðlarnir betra borgunarmeðal hjer, og bankinn ætti að græða eptir því meira, sem fleira er úti af seðlum hans, eða svo mun þetta álitið hjá þeim, er þekkja vel til peningamarkaðs. Ef nú mikið af þessum seðlum væri komið til útlanda, og það svo kæmi fregn hjeðan um eldgos, hallæri eða því um líkt, þá hlypu allir upp til handa og fóta, til þess að leysa út peninga fyrir seðlana í bankanum af hræðslu fyrir því, að bankinn verði gjaldþrota. Þegar svo er komið, er ekki annað um að gjöra fyrir bankann, en að borga út, meðan nokkur peningur hrökkur, eða verða gjaldþrota. En sá er aptur munurinn með skuldabrjef lánsfjelagsins, að þó hálf eða heil milíón af þeim væri í höndum útlendra manna, og líkar frjettir, og jeg áður nefndi, kæmu frá Íslandi, þá á lánsstofnunin ekkert í hættu; eigendur brjefanna eiga engan aðgang að henni með borgun fyrir brjefin, og breytingin þar yrði að eins sú, að brjefin fjellu í verði, niður í 80—70—60—50 kr. eptir atvikum til skaða fyrir handhafa brjefsins, en ekki fyrir lánsfjelagið. Þetta sýnir, hve meiri hætta er við banka en lánsstofnun, og að Íslendingar verða engu síður skuldunautar útlendra manna, þó banki komist á, en þó lánsfjelagið verði stofnað. Breytingartillögur hins háttvirta 2. þingmanns Skagfirðinga get jeg eigi betur sjeð en sjeu óbrúklegar og ómögulegar; vil jeg því ekki eyða orðum um þær. Hinn háttvirti 1. þingmaður Eyfirðinga sagði, að fyr eða síðar mundi verða stofnaður hjer banki. Jeg vildi óska, að landið gæti aukizt svo að efnum og ástæðum, að þetta væri mögulegt, en það er mín sannfæring, að tíminn er ekki kominn enn þá, og að ef lánsstofnun kemst hjer á, þá greiði hún götu fyrir stofnun bankans. Jeg skal að endingu taka það fram, að hjer eru komnar fram svo stórkostlegar breytingartillögur frá tveimur heiðruðum þingmönnum við frumvarp þetta, að það má eiginlega heita annað frumvarp. Jeg vil vekja athygli að því, að breytingarnar koma ekki frá þeim, sem bafa í móti að stofna banka hjer, heldur einmitt meðmælendum hans, sem við fyrri umræðu þessa máls hjeldu svo mjög með frumvarpinu; þessar stórkostlegu breytingar virðist mjer að geti sannfært þá um, sem veiktrúaðir eru, að frumvarpið muni ekkert himnabrjef vera, þótt það komi frá hinni heiðruðu efri deild, og þá eru breytingartillögurnar sjálfar, sem hafa verið búnar til á lítilli stundu og sem alveg umsteypa bankanum, líklega ekki nein himnabrjef heldur, eða óskeikanleg til að byggja á.

Jón Jónsson: Hinn háttvirti 1. þingmaður Suður-Múlasýslu komst ekki vel frá því, að sýna fram á mismuninn á breytingartillögu minni og breytingaruppástungu hins háttvirta þingmanns Eyfirðinga, enda játaði þessi heiðraði þingmaður, að hann væri samdóma mjer í öllu verulegu. Hin langa ræða hins háttvirta þingmanns Suður-Múlasýslu gekk einkum út á, að lýsa göllum þeim.

á frumvarpinu, sem tillögur okkar þingmanns Eyfirðinga ætla að rýma burt. Ræðan var því í raun og veru meðmæling með breytingaruppástungum okkar, og átti ekki við frumvarpið, eins og það verður að samþykktum breytingartillögum okkar. Hinn háttvirti þingmaður Suður-Múlasýslu talaði um, að hinn háttvirti 1. þingmaður Eyfirðinga hefði sagt, að lánsstofnunin væri kotungastofnun, og hefði kallað lánsfjelagið kotungafjelagi. Þetta hef jeg ekki heyrt hinn háttvirta 1. þingmann Eyfirðinga segja, en hitt er satt, að frumvarp það til lánsfjelags, sem legið hefur fyrir þessari deild, er sniðið eptir dönskum lögum um lánsfjelag handa smábýla- eða kotaeigendum. Vjer, sem viljum stofna hjer landsbanka, viljum miða hærra en kotungarnir í Danmörku, en samt hugsum vjer ekki um, að stofna stóran banka, eins og bankana í Lundúnum, Amsterdam og Kaupmannahöfn, er þingmaður Borgfirðinga nefndi. Peningaviðskipti verða varla mjög margbreytt og umfangsmikil hina fyrstu mannsaldra hjer á landi, og verðum vjer að varast að sníða oss stakk eptir vexti stórþjóðar, heldur verðum vjer að láta oss nægja, að koma á fót þeirri stofnun, sem getur bætt úr þeim vandkvæðum, sem hafa komið því til leiðar, að farið var að hugsa um lánsfjelag og banka hjer á landi. Þessi vandkvæði eru einkum þrenn.

1. Það vantar gjaldeyri. Úr því vildi stjórnin bæta með klippingum, lánsfjelagsskuldabrjefum, en samkvæmt breytingaruppástungu minni fáum vjer bæði klippinga og seðla til að bæta upp gjaldeyrinn.

2. Það vantar verðskjöl, sem menn geta keypt fyrir sparifje sitt, svo þeir þurfi ekki að láta það í sparisjóð eða að kaupa fyrir það útlend ríkisskuldabrjef. Stjórnin vildi fullnægja þessari þörf með að selja lánsfjelagsskuldabrjef, og með því að selja bankaskuldabrjef, og það virðist að koma í sama stað niður.

3. Loksins vantar fje til að lána út gegn veði í fasteign. Stjórnin gat að eins fundið einn veg til að bæta úr þessu, sem var að gefa út lánsskuldabrjef. Samkvæmt breytingu minni fæst fje til útláns, *bæði* með því að gefa út skuldabrjef, og með því að gefa út seðla, *og* með því að selja ríkisskuldabrjef þau, er viðlagasjóðurinn á. En það er ekki nóg með, að á þennan hátt fæst meira fje en lánsfjelagið gat útvegað. Við það hverfur einnig hinn verulegasti galli á lánsstofnuninni, að þeir, sem þar taka lán, geta ekki fengið peninga, heldur verða að sætta sig við að fá í stað peninga lánsskuldabrjef. Fari jeg til láusstofnunariunar, fæ jeg ekkert nema skuldabrjef, en fari jeg til bankans, þá fæ jeg kann ske nokkuð í bankaskuldabrjefum, en meiri hlutann í peningum. Bankinn fullnægir þannig öllum þeim þörfum, sem menn vildu bæta úr með láusfjelagslögunum, og um leið verður hann til þess, að sparifje landsins ávaxtist á tryggan og ódýran hátt. Hinum háttvirta þingmanni Borgfirðinga skjátlaðist hraparlega, þar sem hann talaði um kostnaðinn. Bankinn hlýtur að verða mjög ódýrari en lánsfjelagið. Bæði hlýtur stofnun, sem verður undir stjórn hinna sömu manna, sem hafa önnur störf víðvíkjandi fjárhag landsins á hendi, að verða talsvert ódýrari, en stofnun, sem þarf að hafa sjerstaka stjórn, og þá er allur kostnaðurinn til fulltrúa lánsfjelagsins, sem maður alveg kemst bjá við bankann. Hvað hættuna snertir, get jeg verið hinum háttvirta þingmanni Húnvetninga samdóma um, að engin þörf sje á, að bankinn sje geymslubanki auk láns- og seðlabanka, og hef jeg ekkert á móti því, að 10. greiu frumvarpsins falli. Þá verður ekki spurning um, að önnur störf bankans geti orðið hættuleg en að gefa út seðla. Hættan við þau lán, sem bankinn veitir, getur ekki orðið meiri en hættan við þau lán, sem viðlagasjóður eða lánsfjelag veitir. Hvað nú seðla-útgáfu snertir, er hún eprir breytingartillögu minni bundin samþykki alþingis, og það er einnig alveg á valdi þingsins að takmarka hana. Hinn háttvirti þingmaður Suður-Múlasýslu ímyndar sjer þess vegna hættur

við bankann, sem alls ekki getur orðið spurning um; en þegar hann talar um lækkun á kúrs bankaskuldabrjefa, verð jeg að minna hann á, að slíkt getur líka komið fyrir lánsfjelag. Setjum, að skuldabrjef lánsfjelags fjellu á sama hátt og slík skuldabrjef hafa fallið í Danmörku ofan í 50—60%. Afleiðingin af því yrði, að hver maður, sem tæki lán hjá fjelaginu, fengi að eins 50—60 kr. fyrir hverjar 100 kr., er hann þyrfti með, og ætla menn þökkuðu ekki fyrir slíka hjálp? Þingmanni Húnvetninga þótti lánsstofnunin, eins og hún yrði samkvæmt breytingaruppástungum okkar þingmanns Eyfirðinga, ekki nógu mikilfengileg til að heita banki. Mjer þykir nafnið gjöra minnst til, en vil að eins taka fram, að jeg veit ekki betur, en að allar lánsstofnanir á Englandi sjeu kallaðar *loanbanks*, hvort sem það eru bankar í eiginlegum skilningi eða aðrar lánsstofnanir og lánsfjelög. Hinn háttvirti þingmaður Borgfirðinga var hræddur um, að eins mundi fara um banka þennan, eins og um ríkisbanka Dana; en þá gætir hann ekki þess, að ríkisbanki Dana var að eins háður eptirliti einvalds konungs og embættismanna hans. Landsbanki Íslands verður þar á móti háður bæði embættismanna eptirliti og eptirliti alþingis.

Jeg sje þannig ekki betur, en að þeir þingmenn, sem talað hafa á móti bankanum, hafa ekki nægilega íhugað frumvarp það og breytingartillögur þær, er liggja, og þar sem aðrir háttvirtir þingmenn ef til vill ekki hafa sett sig betur inn í þetta mikilsvarðandi mál, vil jeg stinga upp á því, að nefnd verði sett til að íhuga málið ýtarlegar.

Forseti ljet því næst þingmenn greiða atkvæði um það, hvort nefnd skyldi kjósa, og var sú uppástunga felld. Því næst var gengið til atkvæða um frumvarpið, og fjellu atkvæði þannig:

1. 1. gr. frumvarpsins var felld með 13 atkvæðum gegn 7.
2. Breytingartillaga Arnljóts Ólafssonar við 2. gr. felld með 12 atkvæðum gegn 6.
3. Breytingartillaga Jóns Jónssonar við 2. gr. felld með 12 atkvæðum gegn 4.
4. 2. gr. frumvarpsins var felld með 13 atkvæðum gegn 6.

   Tóku síðan uppástungumenn allar sínar breytingaruppástungur aptur.
5. 3. gr. frumvarpsins felld með 13 atkvæðum gegn 5.
6. 4. gr. frumvarpsins felld með 14 atkvæðum gegn 3.
7. 8 síðustu greinarnar voru felldar í einu með 14 atkvæðum gegn 7; var nafnakall við haft, og sögðu

   Já:

   Arnljótur Ólafsson,
   Benidikt Sveinsson,
   Friðrik Stefánsson,
   Jón Jónsson,
   Jón Ólafsson,
   Þorkell Bjarnason,
   Þorsteinn Jónsson.

   Nei:

   Eiríkur Briem,
   Magnús Andrjesson,
   Egill Egilsson,
   Eiríkur Kúld,
   Grímur Thomsen,
   Guðmundur Einarsson,
   Halldór Friðriksson,
   Holgeir Clausen,
   Lárus Blöndal,
   Ólafur Pálsson,
   Tryggvi Gunnarsson,
   Þorlákur Guðmundsson,
   Þorsteinn Thorsteinson,
   Þorvarður Kjerulf.

   Var málið þannig f a l l i ð.

XXIX.

Rannsókn skipaskjala.

Frumvarp til laga um gjald fyrir rannsókn og áteiknun skipaskjala. Frá stjórninni. Frumvarpið er prentað í fyrri parti alþingistíðindanna, bls. 201—202.

FYRSTA UMRÆÐA Í EFRI DEILD,
á 4. fundi, 7. dag júlímánaðar.

Ásgeir Einarsson: Jeg skal játa, að mjer er ekki svo kunnugt um mál þetta, sem skyldi. En jeg ímynda mjer, að það sje ekki svo margbrotið, að nauðsynlegt sje, að setja nefnd í því. Þó mun jeg fyrir mitt leyti ekki vera á móti nefnd, ef aðrir, sem kunnugri eru málinu, geta sannfært mig um, að hennar þurfi með.

Landshöfðingi: Jeg er sömu skoðunar og þingmaður Strandasýslu, að ekki gjörist þörf, að setja nefnd í máli þessu. Að öðru leyti skal jeg að eins taka það fram, að frumvarp þetta fer eigi í þá átt, að breyta lögum, sem gjöra kaupskipum að skyldu, að láta rannsaka skjöl sín, heldur að eins að breyta þeim, að því er snertir upphæð gjaldsins, því það er mjög óhentugt, að skylda hvert skip til að gjalda fyrir rannsókn og áteiknun skjalanna á hverri höfn, er það kemur við á.

Það er auðsjeð, að breyting þessi engan veginn getur leitt til þess, að laun sýslumanna og bæjarfógeta skerðist. Því eptir breytingu þeirri, sem með lögum 14. desbr. 1877 er orðin á launum þessara embættismanna, felldur gjaldið fyrir rannsókn og áteiknun skipaskjala í landssjóð. Af þessu leiðir aptur beinlínis, að þær ástæður, sem gátu verið til þess, meðan aukatekjurnar fjellu til sýslumanns, að láta sjerhvern af hlutaðeigandi sýslumönnum fá hálft gjald, þegar sama skip var fermt eða affermt í ýmsum umdæmum, eru horfnar. Enn fremur skal jeg taka það fram, að síðan lestagjaldið var afnumið, geta fiskiskip, eigi síður en kaupskip, flutt vörur til og frá landinu, og því er, að mínu áliti; engin ástæða til, að leggja minna gjald á fiskiskip, en kaupskip, fyrir rannsókn og áteiknun skipaskjalauna. Að öðru leyti skal að eins skírskotað til athugasemdanna við frumvarpið.

Stefán Eiríksson: Það er að vísu svo, að frumvarp þetta, sem að eins er í 2 greinum, er ekki stórt, en allt fyrir það er það, að mínu áliti, mjög íhugavert. Þau frumvörp, eins og það, er hjer liggur fyrir, sem fara fram á, að breyta eldri lögum, eru þess verð, að þau sjeu vandlega tekin til yfirveguuar. Hjer er um það að ræða, að breyta tilskipun 15. apríl 1854 og opnu brjefi 28. desember 1836, 9. grein. Í þessari grein er amtmanni veitt vald til, að setja skipsafgreiðslumann fyrir hönd sýslumanns, er hann býr í fjarlægð, og fær hann þá þóknun fyrir starf sitt, er svarar helmingi við gjald það, sem sýslumanni ber samkvæmt aukatekjureglugjörðinni. Og eptir því, sem nú hagar til, þurfa margir sýslumenn nauðsynlega, að hafa slíka skipsafgreiðslumenn. Jeg veit t. a. m., að sýslumaðurinn í Skaptafellssýslunum kemst með engu móti hjá að hafa slíkan mann, meðan svo hagar til, eins og nú, að sýslumaðurinn situr á Kirkjubæjarklaustri. Sama er að segja um sýslumennina i Suður- og Norður-Múlasýslum. Þeir þurfa að hafa skipsafgreiðslumann á Djúpavogi og Vopnafirði. Jeg skal einnig taka það fram, að frumvarp þetta kemur því til leiðar, að miklu minna gjald mun koma í landssjóð. Eptir hinum eldri lögum er, eins og jeg minntist á, gjaldið fyrir rannsókn og áteiknum skipaskjalanna tekið af hverju skipi, sem affermir sig ekki að fullu á sömu höfn, að hálfu við það, sem skip það greiðir, er affermir sig að öllu

leyti á einni og sömu höfn, á hverjum þeim stað, þar sem skipið kemur, en eptir þessu frumvarpi er gjaldið eigi heimtað nema einu sinni, þ. e. á þeirri höfn, er skipið kemur fyrst við á Íslandi. Bæði vegna þessa og vegna hins, að jeg býst við, að sýslumenn taki illa undir að greiða settum skipsafgreiðslumönnum sjerstaka borgun úr sínum eigin vasa, og ísjárvert er, að leggja þetta gjald á suma sýslumenn, en ekki suma — því allir þurfa ekki sjerstaka afgreiðslumenn — þá verð jeg, þrátt fyrir það, þótt landshöfðingi og þingmaður Strandasýslu telji nefnd óþarfa, þó að stinga upp á þriggja manna nefnd, svo mál þetta verði vandlega íhugað.

Ásgeir Einarsson: Þrátt fyrir ræðu þingmanns Austur-Saptfellinga, er jeg þó á því, að mál þetta sje ekki svo margbrotið, að nefnd þurfi að kjósa í því. Jeg ímynda mjer, að það megi útkljá það með breytingaruppástungum.

Forseti bar því næst undir atkvæði, hvort málið skyldi ganga til 2. umræðu, og var það samþykkt. Aptur á móti var það fellt frá nefnd með 6 atkvæðum á móti 5. Því næst lýsti forseti því yfir, að enginn fundur gæti orðið næsta dag, en ákvað þar á móti fund á laugardaginn 9. júlí kl. 1. og tók á dagskrá:

Frumvarp til laga um gjald fyrir rannsókn og áteiknun skipaskjala til 2. umræðu.

Árni Thorsteinson stakk upp á því, að þessu eina máli væri frestað, þangað til fleiri mál yrðu tekin fyrir undireins, enda væri hagfelldast, ef nefndirnar gætu haft þessa daga óskerta til starfa.

Forseti bar þá upp til atkvæða, hvort málinu skyldi fresta fram yfir helgina, en vegna óljósrar atkvæðagreiðslu var viðhaft nafnakall, og sögðu

Já:
Árni Thorsteinson,
Ásgeir Einarsson,
Einar Ásmundsson,
Jón Pjetursson,
Sigurður Melsteð,
Skúli Þorvarðsson,
Stefán Eiríkson.

Nei sögðu:
Benidikt Kristjánsson,
Magnús Stephensen,
Pjetur Pjetursson,
Sighvatur Árnason.

Var málinu þannig frestað fram yfir helgina.

ÖNNUR UMRÆÐA I EFRI DEILD,
á 5. fundi, 11. dag júlímánaðar.

Árni Thorsteinson: Þegar litið er á frumvarp það, sem hjer liggur fyrir, virðist það í fyrsta áliti vera mjög glæsilegt; þegar litið er á fyrirsögn frumvarpsins, er það nefnt «frumvarp til laga um gjald fyrir rannsókn og áteiknun skipaskjala», og þá skyldu menn ætla, að það væru almenn lög, sem tækju af allan vafa og upphefji allar eldri ákvarðanir, svo sem ákvarðanirnar í aukatekjureglugjörðinni frá 10. sept. 1830 og tilsk. 15. apr. 1854 og ýmislegt fleira þessu við komandi. Frumvarp þetta sýnist og koma mjög fallega fram; það virðist miða í sömu átt sem afnám lestagjaldsins, svo að sem minnst bönd sjeu á verzluninni, og að verzlunarsambönd vor við önnur lönd verði sem hægust og greiðust; það sjest enn fremur af ástæðunum við frumvarpið, að hin helzta ástæða til þess er að ljetta gjaldi á strandsiglingaskipunum, sem, vegna þess að þau á ferðum sínum verða að fara frá einni höfn landsins til annarar, verða fyrir mjög þungu gjaldi og tilfinnanlegu, svo að það fer stundum fram yfir þær tekjur, sem fengizt hafa af flutningum á hlutaðeigandi höfn. Frumvarpið hefur þannig þann góða og fagra tilgang, að efla frelsi í verzlunarviðskiptum, og sýnist því mikil rjettarbót í því fólgin. En fari menn

betur að gæta að frumvarpinu og einstökum greinum þess, má gjöra margar athugasemdir við það. Frumvarpið höndlar um kaupskip og fiskiskip og gjörir engan mun á þeim; það gjörir ráð fyrir fiskiskipum, en hvaða fiskiskip það eru, er ekki sagt, líklega eru það því öll fiskiskip. Jeg fyrir mitt leyti álít mjög ósanngjarnt að heimta sama gjald af öllum kaupskipum, hvort sem það flytur nokkrar vörur eða ekki. En þetta um kaupskipin getur nú verið minna verulegt, ekki í sjálfu sjer, en af því að takast mætti, ef til vill, að ráða bót á því í frumvarpinu með breytingaratkvæðum. En það er hitt, sem er meira verulegt, og það eru ákvarðanirnar um fiskiskipin; jeg get ómögulega fundið, að þetta frumvarp eigi að upphefja ákvarðanir þær, sem settar eru í lögum frá 17. desbr. 1875 um gjald af útlendum fiskiskipum, og þó virðist það liggja næst fyrir, að lög þessi sjeu upphafin, ef farið er beint eptir orðum frumvarpsins. Fyrst ákvörðunin í aukatekjureglugjörðinni, um að borgun fyrir áteiknun skipaskjala til umboðsmanns lögreglustjóra sje greidd, er upphafin með frumvarpinu, þá hefði líka átt að taka fram, að lög 17. desbr. 1875 væru afnumin; frumvarpið er mjög óljóst í þessu. Það getur nú verið, að sumum þyki það til bóta, að lög frá 17. desbr. 1875 sjeu úr gildi numin, og það eru þau, ef eptir orðunum er farið, þó mjer þyki vafasamt, að stjórnin hafi ætlað það, en samt sem áður færir það með sjer þann tekjuhalla, sem rjett væri að endurgjalda, og þá er ekkert unnið. En fari jeg villt í þessu og frumvarpið eigi ekki að gilda um þau skip, sem heimfæra má undir lögin frá 17. desbr. 1875, þá er ekki rjett að taka 25 aura gjald af öllum fiskiskipum, eins og í frumvarpinu stendur. Jeg skal taka það fram, að í lögum frá 17. desbr. 1875 er svo ákveðið, að af útlendum skipum skuli greiða 10 a. af hverri smálest, í fyrsta sinn sem það kemur á einhverja höfn, en 5 a. í annað sinn; en má jeg þá spyrja: hvaða rjettar njóta hin dönsku skip, það er skip úr öðrum stöðum frá konungsríkinu en Íslandi, fram yfir þau útlendu eptir þessu frumvarpi? Jeg vil leyfa mjer að segja, að þeim sje gjört óhægra fyrir og þeim settir þyngri kostir en hinum útlendu; það er með 25 aura gjaldinu fyrst í 4. sinn sem innanríkisskipum verður gjört hægra fyrir; jeg get ekki skilið, að þetta geti verið hin sanna meining stjórnarinnar; mjer finnst þvert á móti öll ástæða til, að íþyngja ekki þessum skipum fremur en hinum útlendu, og álít því þessa ákvörðun frumvarpsins mjög vafasama. Ennfremur finnst mjer sú ákvörðun óheppileg, að greiða eitt sinn og svo eigi meira. Í mínum embættisstörfum um langan tíma hef jeg annazt skipa-afgreiðslu, og er mjer því kunnugt, að ekki dugir að sleppa alveg beizlinu af skipum, með því að láta greiða gjald einu sinni, og jeg er viss um, að lítið eptirlit mundi verða á þeim á þeim höfnum, þar sem þau ekkert þurfa að greiða, enda álít jeg það ekki rjett, að heimta af mönnum eptirlit án þess borgun sje heimt fyrir, eða halda menn, að sýslumenn, sem búa í 20—30 mílna fjarlægð, eða hreppstjórar, sem ef til vill búa í margra mílna fjarlægð, muni fara að ómaka sig til þess að eins að gæta að skjölum skipanna, þegar ekkert er borgað? Jeg held ekki; þvert á móti er jeg viss um, að þetta verður til þess, að menn fara í kring um lögin. Gjaldið hefur bingað til verið óheyrilega hátt, og er því öll þörf til að að minnka það, og það augnamið næst bezt fyrir fiskiskip með lögum frá 17. desbr. 1875; jeg álít, að 10 a. í fyrsta sinn og 5 a. í annað sinn sje sanngjarnt. En ef teknir eru 25 a. fyrir hverja smálest, og jafnvel þó að það sje ekki nema 20 a. í fyrsta sinn, þá er enn einn hallinn, sá, að enginn munur er gjörður á kaupskipum og fiskiskipum, því það er sannarlega stór mun-

ur á skipi, sem flytur dýran farm, og skútu, sem að eins hleypir inn á einhverja höfn eptir vatni. Enn er ein mótsögn, sem jeg verð að taka fram: í lögum frá 17. desbr. 1875 er ákveðið, að ef útlent fiskiskip komi á höfn vegna ísalaga, slysa o. s. frv., þá þurfi ekkert að borga, en eptir þessu frumvarpi er krafizt gjalds í þessum tilfellum, og það er ekki sanngjarnt. Jeg skal nú ekki fara fleirum orðum um þetta atriði að sinni, en að eins fara nokkrum orðum um 2. gr., sem þannig hljóðar: «Aukagjald það fyrir rannsókn og áteiknun skipaskjala, sem fyrir er mælt um í opnu brjefi 28. desbr. 1836, 9. gr., skal af numið», og í ástæðunum eru sýslumennirnir ekki taldir of góðir til þess, að greiða kostnað þann, sem er því samfara, að aðrir framkvæmi þau störf, sem á þeim hvíla; en ef þetta á svo að vera, þá hafa skoðanir manna breytzt síðan 17. des. 1875, því að þá var ákveðið, að hreppstjórar, sem rannsökuðu skipaskjöl, skyldu hafa helming gjalds; þetta finnst mjer sanngjarnt, því ef landssjóður á að fá sitt, þá verður að vera trygging með eptirlitinu, og það fæst ekki, nema borgað sje. Mjer þykir það og kynlegt, að, ef lögin frá 17. desbr. 1875 eru ekki upphafin, þá eiga hreppstjórarnir að fá helminginn, en eptir þessu frumvarpi ekkert. Jeg játa það, að mikil ástæða er til að færa afgreiðslugjaldið niður, og álít sanngjarnt, að fyrir kaupskip sjeu greiddir 25 a., en fyrir fiskiskip, ekki 25, heldur svo sem 10 a.; og sökum eptirlitsins álít jeg, að það sje nauðsynlegt, að nokkuð sje tekið í hvert skipti. Nokkra þóknun til afgreiðslumanna álít jeg og nauðsynlega, og ætti þetta frumvarp því að gjöra ákvörðun um það. Jeg hef nú komið fram með nokkrar ástæður fyrir því, að frumvarpið er ekki aðgengilegt, eins og það liggur hjer fyrir, og efast um, að það verði lagað með breytingaratkvæðum, svo að í nokkru lagi fari. Við 1. umræðu var mál þetta fellt frá nefnd að eins með 6 atkvæðum móti 5, og þó að lítil líkindi sjeu til, að menn nú óski nefndar, er jeg samt fús á að leggja það til, að sett verði nú 3 manna nefnd í það, öllu fremur en að málið verði fellt nú þegar.

Forseti bar þá undir atkvæði, hvort kjósa skyldi 3 manna nefnd, og var það samþykkt, og í nefndina kosnir:

Árni Thorsteinson með 10 atkv.
Magnús Stephensen — 7 —
Stefán Eiríksson — 4 —

og var þannig 2. umræðu frestað.

Í nefndinni var Árni Thorsteinson kosinn formaður og Magnús Stephensen skrifari og framsögumaður.

FRAMHALD ANNARAR UMRÆÐU Í EFRI DEILD,

á 13. fundi, 20. dag júlímánaðar.

Nefndarálit, sjá I, 85—86.

Framsögumaður (*Magnús Stephensen*): Þingdeildarmönnum er þegar kunnugt af áliti nefndarinnar, að húu ræður frá, að fallast á frumvarp stjórnarinnar, og hefur hún stuttlega skýrt frá ástæðum sínum fyrir þessari skoðun. Nefndin getur eigi sjeð, að þetta sjeu nein nauðsynleg lög eða hafi inni að halda neina verulega rjettarbót. Frumvarpið fer fram á, að gjöra breytingu á lítilfjörlegum gjöldum til landssjóðs, en hefur enga fjárhagslega þýðingu, enda fær nefndin ekki sjeð, hvort árangurinn af frumvarpinu verður sá, að tekjur landssjóðsins hækka eða þær lækka. Eptir lögum þeim, sem nú gilda, aukatekjureglugjörðinni 10. septbr. 1830, 62. gr., og tilsk. 15. apríl 1854, 8. gr., á að greiða af hverju skipi, sem fermt er eða affermt öllum farmi sínum í sama lögsagnarumdæmi í landinu 16 aura, eða nákvæmar 1/6 úr kr., fyrir hvert ton, en hálfu minna, ef fermt er eða affermt í fleiri lögsagnarumdæmum. Þessu gjaldi fer frumvarp stjórnarinnar fram á að breytt

sje af þeim ástæðum, að það sje ekki framar samsvarandi þessum tímum. Gjald þetta hafi upprunalega verið ákveðið til þess, að útvega sýslumönnum og bæjarfógetum laun, en nú renni gjald þetta í landssjóð, síðan lög um laun sýslumanna og bæjarfógeta komu út 14. desbr. 1877, og því sje eigi framar ástæða til, að heimta gjöldið á hverri höfn, sem skipið kemur við. Nefndinni þar á móti virðist eðlilegt, að gjaldið sje heimtað í hvert skipti, en eigi í eitt skipti, eins og hún hefur tekið fram í áliti sínu. Hafi nú stjórninni virzt þetta gjald ósamsvarandi vorum tímum, þá hefði stjórnin átt að taka fyrir fleiri gjöld, sem einmitt hafa verið ákveðin til þess, að útvega embættismönnum laun. Jeg vil taka til dæmis gjald fyrir þinglestur, sem borgað er í hvert skipti, þá er sama skjalið er lesið í mörgum þinghám; virðist því fullt eins mikil ástæða til að breyta þessu gjaldi. Sama er að segja um gjald fyrir umsjón með útflutningum í aðrar heimsálfur, sem einnig var beinlínis borgun til embættismanna, en rennur nú í landssjóð, nefnilega 20 kr. fyrir umsjón með skipinu, en þar að auki 6 kr. fyrir hvern dag, sem er fram yfir einn dag. Sama er og að segja um gjald fyrir fógetagjörðir, sem miðað er við það, hvað langur tími gengur til þeirra. Ef því lög um laun sýslumanna og bæjarfógeta, 14. des. 1877, gjöra það að verkum, að öll þessi og þvílík gjöld eru eigi framar samsvarandi tímanum, þá ætti stjórnin að leggja fram fullkomið frumvarp um breytingu á öllum þessum gjöldum. En það, að þetta gjald, sem hjer ræðir um, sje ekki lengur samsvarandi tímanum, er víst ekki aðalástæðan fyrir frumvarpi stjórnarinnar, heldur miklu fremur hitt, sem tilfært er seinna í ástæðum frumvarpsins, þar sem stendur, að hálft gjald, talið eptir fullu rúmmáli skipsins, á hverjum stað, þar sem skipið kemur við, sje þungbær byrði, og geti staðið strandsiglingum stærri skipa, sjer í lagi gufuskipa, fyrir þrifum. En þetta finnst nefndinni engan veginn vera fullgild ástæða til að breyta þessu gjaldi; því um strandsiglingar er það að segja, að ef skip einungis flytja vörur hafna á milli innanlands, þá borga þau ekkert gjald fyrir rannsókn og áteiknun skjala sinna, þar á móti eiga þau strandsiglingaskip, sem koma beint frá útlöndum, en það eru helzt skip, sem koma hingað til að kaupa fje eða hross, að greiða þetta gjald á hverri höfn, en það er aðgætandi, að þessi skip koma varla á hafnir í fleirum en einu eða mest tveimur lögsagnarumdæmum í sömu ferðinni, og getur því þetta gjald ekki orðið þeim þungbær byrði eða staðið þeim fyrir þrifum, enda mun stjórnin ekki hafa haft þessi skip næst fyrir augum. Þau strandsiglingaskip, sem stjórnin helzt mun hafa tekið tillit til, munu vera póstgufuskipin, sem hið sameinaða gufuskipafjelag heldur hjer úti. Þetta sjest og bezt af ástæðum frumvarpsins, þar sem stendur: » stjórnarráðið hefur leiðzt til þess, að veita þessu máli eptirtekt af umkvörtun, sem kom frá hinu sameinaða gufuskipsfjelagi« o. s. frv. Stjórninni hefur opt verið borið á brýn, að hún væri nokkuð veik fyrir, þegar hið sameinaða gufuskipafjelag ætti hlut að máli, og lítur svo út, sem það hafi sannazt hjer. Deildinni mun kunnugt, að 12. jan. 1880 var samningur gjörður milli stjórnarráðsins og hins sameinaða gufuskipafjelags um gufuskipsferðir milli Danmerkur og Íslands og með fram ströndum Íslands. Í 7. gr. þessa samnings er það tekið fram, að fjelagið greiði öll gjöld af skipunum, en stjórnin borgi fjelaginu 58000 kr. á ári hverju. Samningur þessi á að gilda í 10 ár, þ. e. til 31. desbr. 1889, og eru því eptir 8 ár. Nú hef jeg lauslega athugað, hvað það mundi muna gufuskipafjelagið miklu þessi 8 ár, ef frumvarp stjórnarinnar yrði að

lögum. Með því að gjöra ráð fyrir tveimur skipum, öðru 600 tons, en hinu 350 tons, og ferðaáætlunum líkri þeirri, sem nú gildir, hef jeg komizt að þeirri niðurstöðu, að gufuskipafjelagið mundi græða um 700 kr. á hverju ári. Það þarf sem sje ekki að efast um það, að gufuskipafjelaginu hafi verið kunnugt um þau gjöld, sem það þurfti að greiða af skipum sínum hjer, áður en samningurinn var gjörður. Þetta hefur fjelaginu verið fullkunnugt um, þegar það ákvað tillagið, og því hefur það víst ekki gleymt að taka tillit til þeirra. Þessar 700 krónur á ári í 8 ár, eða samtals 5600 kr., verða þá beinlínis gjöf til fjelagsins. Þetta eru þær almennu athugasemdir, sem jeg skal leyfa mjer að gjöra fyrir hönd nefndarinnar. En auk þessa eru ýmsir aðrir gallar á frumvarpinu, sem voru ýtarlega teknir fram við fyrri part þessarar umræðu, og eptir þeirri niðurstöðu, sem nefndin hefur komizt að, sje jeg ekki að sje nein ástæða til að taka þá fram aptur.

Landshöfðingi: Nefndin ræður deildinni til að fallast ekki á þetta frumvarp stjórnarinnar, sjer í lagi af þeim ástæðum, að skattgjald það, sem hjer ræðir um, hefur verið greitt umkvörtunarlaust í rúma hálfa öld, og því engin brýn nauðsyn að breyta því. Nefndin befur sjer í lagi fundið það að frumvarpinu, að það tekur af gjöldin fyrir rannsókn og áteiknun skipaskjala í hverju lögsagnarumdæmi nema því fyrsta, og tekur það fram, að þó þetta gjald renni í landssjóð, þá virðist sjer ekkert óeðlilegt í því, að það sje greitt í hverju lögsagnarumdæmi, »því«, segir nefndin, »gjaldið er borgun fyrir embættisverk, og það er í sjálfu sjer eðlilegt, að þetta gjald, eins og önnur sams konar gjöld, sje greitt í hvert skipti, sem embættisverkið er gjört, enda mundi, að nefndarinnar ætlun, hætt við, að ekki yrði hart gengið eptir, að skjöl skipa væru rannsökuð, einkum á þeim höfnum, sem eru fjarlægar heimili lögreglustjóra, ef ekkert gjald ætti að heimta fyrir rannsóknina«. Jeg get nú verið samdóma nefndinni um þetta atriði, og er fús að styðja breytingaruppástungu í þessa átt. En hins vegar vona jeg, að nefndin sje mjer samdóma um það, að þó það kunni að vera eðlilegt, að heimta gjald í hvert skipti, þá sje það óeðlilegt, að heimta í hvert skipti gjald af fullu rúmmáli skipsins Þetta er að mínu áliti mjög ósanngjarnt, og hafa opt komið til mín umkvartanir út af þessu, þó nefndinni sje það kann ske ekki kunnugt. Hinn háttvirti framsögumaður tók fram, að ýmsir annmarkar eða gallar væru á frumvarpinu, og nefndin hefur í áliti sínu látið sjer nægja, að vísa til umræðanna um þetta mál áður, en ekki farið út í hin einstöku atriði. Mjer hefði þó þótt æskilegra, að nefndin eða framsögumaður hefði bent á þessa annmarka, svo breytingaruppástungur yrðu gjörðar, ef þörf þætti, en jeg er fús á, að koma mjer saman við nefndina um þessar breytingaruppástungur: 1. að borgað verði í hvert skipti, sem skip er fermt eða affermt í ýmsum lögsagnarumdæmum, og 2. í þá átt, að umboðsmaður hlutaðeigandi sýslumanns haldi þeim hlunnindum, sem honum bera samkvæmt opnu brjefi 28. desbr. 1836, 9. gr. En jeg vona, að allir hinir háttvirtu þingdeildarmenn sjeu mjer samdóma um, að öll nauðsyn sje að af nema þetta óeðlilega aukagjald, þetta »absurdum«, leyfi jeg mjer að segja, sem engum ætti að geta dottið í hug að balda, fyrst lög um laun sýslumanna og bæjarfógeta hafa öðlazt gildi 14. desbr. 1877. Að endingu vona jeg, að deildin leyfi frumvarpinu að koma til 3. umræðu, svo að jeg geti lagað frumvarpið í samvinnu með nefndinni.

Framsögumaður: Landshöfðingi hefur ekki hrakið mótbárur nefndarinnar, en þvert á móti játað, að þær væru rjettar að mörgu leyti, og því mundi hann geta komið sjer

saman við nefndina um ýmsar breytingaruppástungur við frumvarpið, er hann mundi geta fallizt á. Mjer skildist landshöfðingi vera fús til að aðhyllast breytingu á frumvarpinu í þá átt, að gjaldið yrði greitt í hverju því lögsagnarumdæmi, þar sem skjölin eru skoðuð, en úr því landshöfðingi vill aðhyllast þessa breytingu, þá sje jeg ekki, hvaða ástæða er til að breyta því fyrirkomulagi á gjaldinu, sem nú er, því það er alls ekki ósanngjarnt, og sá grundvöllur, sem það er byggt á, ekki órjettlátur, og jeg efast mikið um, að annar betri finnist, enda eru það mjög fá skip, sem ferma eða afferma í fleirum en tveimur lögsagnarumdæmum, að undanteknum póstgufuskipunum; en að fara að lækka gjaldið eingöngu vegna þessara skipa, sje jeg enga ástæðu til. Mjer skildist enn fremur, sem landshöfðingi vildi gjöra breytingu í þá átt, að hreppstjóri eða umboðsmaður hlutaðeigandi sýslumanns fengi að halda þóknun sinni óskertri, og þó upphefja 9. gr. opins brjefs 28. desbr. 1836; jeg get því ekki sjeð, hvaðan þessi þóknun á að koma, nema ef meiningin er, að hún greiðist úr landssjóði. Jeg get ómögulega sjeð, að aukagjaldið sje svo fráleitt; það er helmingur af gjaldinu sjálfu: ef $^1/_6$ úr krónu af hverjum ton gengur til landssjóðs, þá gengur $^1/_{12}$ í viðbót til umboðsmanns. Þegar nú frumvarpið vill hækka gjaldið til landssjóðs um 50%, eða úr 16 a. upp í 25 a., af öllum þeim kaupskipum, sem ferma og afferma í sama lögsagnarumdæmi, en það gjörir meiri hluti þeirra, verður munurinn ekki svo stór. Ef það er óþolandi byrði fyrir verzlunina að halda opnu brjefi 28. desember 1836, 9. gr., þá yrði það heldur ekki lítil byrði fyrir verzlunina, ef gjaldið til landssjóðs væri hækkað eins og ráðgjört er í frumvarpinu, að jeg ekki tali um fiskiskipin. Jeg get því ekki sjeð, að það komi að neinu liði, þó farið verði að breyta frumvarpinu, en held mjer til nefndarálitsins um það, að halda gjaldinu óbreyttu, og híða þangað til stjórnin leggur fyrir þingið frumvarp um breytingu á öllum þeim aukatekjum, sem áður runnu til sýslumanna og bæjarfógeta, en nú renna í landssjóð.

Því næst bar forseti hinar einstöku greinar frumvarpsins upp til atkvæða, og var

1. gr. þess felld með 7 atkvæðum, og
2. gr. — — — 8 —»—

Var frumvarpið í heild sinni þannig f a l l i ð.

XXX.

Veiting brauða og brauðamat.

Frumvarp til laga um breyting á tilskipun 15. desbr. 1865, 1. og 2. gr. Frá stjórninni. Frumvarpið er prentað í fyrri parti alþingistíðindanna, bls. 587—588.

FYRSTA UMRÆÐA Í EFRI DEILD,
á 4. fundi, 7. dag júlímánaðar.

Landshöfðingi: Frumvarp það, sem hjer liggur fyrir, miðar til þess, að koma

nýrri flokkaskipun á prestaköll landsins, samsvarandi lögum um skipun prestakalla 27. febr. 1880, og er hún þar að auki eðlileg afleiðing af verðhækkun þeirri, sem orðið hefur á öllum landaurum, síðan tilsk. 15 des. 1865 kom út. Eins og kunnugt er, skipti tilsk. 15. desbr. 1865 öllum prestaköllum landsins í 4 flokka. Brauð í 1. flokki, aðalbrauð, voru metin á 700 rdl. eða 1400 kr.; brauð í 2. flokki, betri meðalbrauð, á 500—700 rd., eða 1000—1400 kr.; brauð í 3. flokki, lakari meðalbrauð, 350—500 rdl., eða 700—1000 kr.; brauð í 4. flokki, fátæk brauð, metin minna en 350 rdl. eða 700 kr. Jeg skal því næst skýra frá, hvernig þessi flokkaskipun er komin fram eptir brauðamatsgjörðunum. Eptir brauðamatsgjörðinni 1853 voru í 1. flokki 8 prestaköll, í 2. flokki 9 prestaköll, í 3. flokki 38 prestaköll, og í 4. flokki 116 prestaköll. En verðhækkun sú, er jeg gat um áðan, kom því til leiðar, að eptir endurskoðun brauðamatsgjörðarinnar 1868 voru í 1. flokki 24 prestaköll, í 2. flokki 35 prestaköll, í 3. flokki 42 prestaköll, en í 4. flokki 70 prestaköll, og var þetta veruleg breyting. En samkvæmt lögum 27. febr. 1880 verða, ef þessi flokkaskipun helzt óbreytt: í 1. flokki 47 prestaköll, í 2. flokki 47, í 3. flokki 43 og í 4. flokki 5 prestaköll, vegna þess að nákvæm brauðamatsgjörð, sem 3. gr. frumvarpsins stingur upp á, ekki hefur verið samin, en í tilsk. 15. desbr. 1865 er gjört ráð fyrir, að 15 ár líði milli brauðamatsgjörðanna, og þar sem hin núgildandi brauðamatsgjörð er byggð á mati, sem fram fór 1868, þá á endurskoðunin eiginlega ekki að fram fara fyr en árið 1883. En með tilliti til breytingar þeirrar, sem nú er um að ræða, virðist nauðsynlegt, að flýta fyrir endurskoðuninni. Eptir að lög um skipun prestakalla og lög um eptirlaun uppgjafapresta eru komin í gildi, og með þeim breytt 3. og 7. gr. í tilsk. 15. desbr. 1865, þá er eptir 1., 2. og 5. gr., um eptirlaun prestsekkna. Að því er snertir hina síðastnefndu grein, þá mun henni breytt, ef þingið samþykkir frumvarp þetta, sem lagt hefur verið fyrir það. Frumvarp þetta fer og þess á leit, að 2. grein verði breytt, eptir því sem að mínu áliti er nauðsynlegt. Breyting sú, sem frumvarp þetta fer fram á, snertir að eins flokkaskipunina, sem orðin er á brauðunum, og endurskoðun brauðamatsgjörðarinnar, sem að mínu áliti er alveg nauðsynleg. Að öðru leyti er mál þetta einfalt, og því máske ekki nauðsynlegt að setja nefnd í það. En ef deildin ákveður, að setja skuli nefnd í það, þá álít jeg bezt, að vísa því til nefndar þeirrar, sem skipuð var í gær, til að íhuga frumvarp til laga um skyldu presta til að sjá ekkjum sínum borgið með fjárstyrk eptir sinn dag og um stofnun prestsekknasjóðs.

Forseti bar því næst upp, hvort vísa skyldi málinu til 2. umræðu, og var það samþykkt. Eptir uppástungu Ásgeirs Einarssonar var og samþykkt 3 manna nefnd, og í hana kosnir:

Jón Pjetursson með 8 atkvæðum,
Benidikt Kristjánsson með 8 atkvæðum,
Einar Ásmundsson með 5 atkvæðum.

Var málið síðan afhent hinum 3. konungkjörna þingmanni.

Í nefndinni var Jón Pjetursson kosinn formaður og Benidikt Kristjánsson skrifari og framsögumaður.

ÖNNUR UMRÆÐA Í EFRI DEILD,

á 7. fundi, 13. dag júlímánaðar.

Nefndarálit, sjá I, 62.

Framsögumaður (*Benidikt Kristjánsson*): Þingmönnum þessarar deildar er þegar kunnugt orðið, að nefndin hefur komizt til þeirrar niðurstöðu, að sjer bæri að leggja það til, að deildin hafnaði þessu frumvarpi. Nefndin hefur í áliti sínu tekið stuttlega fram á-

stæður sínar fyrir því, að hún tekur þannig í þetta mál. En aðalástæðan til þessa er byggð á því, sem þegar er komið fram, að mjög margar áskoranir hafa komið til þingsins um, að gjörðar væru breytingar á lögum þeim um skipun prestakalla, sem þegar hafa öðlazt gildi, og jafnvel hefur komið fram uppástunga um, að nefnd yrði sett til að íhuga þessi lög ýtarlegar. Þótt þess vegna lög 27. febrúar 1880 um skipun prestakalla hafi fengið gildi, þá má þó óhætt segja, að brauðaskipunarmál landsins sje enn í sköpun, sje að myndast, því að það er varla annað hugsanlegt, en að lögum þessum verði talsvert breytt nú á þinginu, samkvæmt þeim mörgu áskorunum, sem komið hafa til þessa þings um þetta efni, og er það deildarmönnum fullkunnugt, að einmitt frá stjórninni sjálfri er nú fram komið frumvarp, sem fer í þessa átt. Þetta, að brauðaskipunarmálið er enn eigi komið á fastan fót, er því aðalástæðan fyrir þeirri skoðun nefndarinnar, að mál þetta sje of snemma upp borið, að enn sje eigi tími til kominn, að fara að meta hin nýju brauð. 1. og 2. gr. frumvarpsins byggjast eiginlega á 3. gr., og þar af leiðir, að nefndinni virðist eigi við eiga, að lögleiða nýja flokkaskipun brauðanna, og þar af leiðandi ákvarðanir um veitingu þeirra, eins og gjört er í 1. og 2. gr. Jeg skal svo ekki verja ýtarlegar uppástungur nefndarinnar, fyr en jeg sje, að þess gjörist þörf.

Landshöfðingi: Jeg fæ með engu móti skilið þá skoðun nefndarinnar, að mál þetta sje of snemma upp borið, að enn sje eigi tími til kominn að endurskoða brauðamatsgjörðina, þar sem þó brauðamatinu sjálfu er alveg breytt með lögunum frá 27. febrúar 1880, svo að brauðamatsgjörð þessi frá 1868 á eigi framar við nema örfá brauð. Jeg verð að játa, að jeg skil ekki þessa skoðun nefndarinnar, og skal að eins leyfa mjer að skírskota til þess, er jeg hef áður tekið fram um þetta efni við 1. umræðu málsins. Jeg geng út frá því sem vissu, að brauðamatsgjörðin hafi eigi annan tilgang, en þann, sem samsvarar því ástandi, er lögleitt hefur verið, og því álít jeg það alveg óforsvaranlegt, að við hafa hina úreltu brauðamatsgjörð frá 1868 lengur en um þann tíma, sem nauðsynlegur er til að endurskoða hana. Hin nýju lög gjöra alþingi og stjórninni að skyldu, að flýta fyrir endurskoðuninni fyrir þá sök, að hin gildandi brauðamatsgjörð er ónýt. Þessa skyldu hefur stjórnin viljað uppfylla með því, að leggja þetta frumvarp fyrir þingið, og jeg álít það því mjög ísjárvert fyrir deildina, að hafna þessu frumvarpi. Jeg þori líka að segja, að alþingi 1879 hafi verið þeirrar skoðunar, að brýna nauðsyn bæri til að endurskoða sem fyrst brauðamatsgjörðina frá 1868, því að lögin 27. febrúar 1880 gjöra brauðamatsgjörðina í raun og veru óeðlilega, en þar af flýtur aptur, að endurskoðun hennar hlýtur að vera eðlileg og nauðsynleg framkvæmd á hinum nýju lögum. Nefndinni virðist, eins og líka framsögumaður tók fram, það vera aðalástæðan til að hafna þessu frumvarpi, að brauðaskipunarmálið sje enn eigi komið á fastan fót, jafnvel þótt lög 27. febrúar 1880 um skipun prestakalla hafi öðlazt gildi, og sem ljósastan vott þessa telur nefndin «hinar mörgu áskoranir, sem til þingsins hafa komið úr mörgum kjördæmum landsins um endurskoðun og breytingu tjeðra laga, auk frumvarps stjórnarinnar sjálfrar, sem nefndinni einnig hefur verið fengið til meðferðar». Móti þessari aðalástæðu nefndarinnar skal jeg taka það fram, í fyrsta lagi, að það er alls ekki útsjeð um, hvernig alþingi tekur undir þessar áskoranir, eða hvort það yfir höfuð muni samþykkja verulega breytingu á lögunum frá 27. febrúar 1880, og í öðru lagi tek jeg það fram, að allar þær breytingar, sem alþingi kann að samþykkja á lögum þessum, verða að sjálfsögðu teknar til greina við endurskoðun þá, sem 3. gr. ákveður að fram skuli fara. Jeg verð

því að segja, að mótbárurnar móti þessarj grein sjeu eigi á neinum rökum byggðar, og jeg vona fastlega, að deildin samþykki ekki uppástungur nefndarinnar, að því er snertir 3. greinina. Því ef svo fer, móti von minni, að þingdeildin gjöri það, þá má henni um kenna, að rangri brauðamatsgjörð er haldið og anda laganna eigi framfylgt. Að því er snertir 1. og 2. gr. frumvarpsins, þá hafa engar breytingaruppástungur komið fram við þessar greinar frá hálfu nefndarinnar, og því verð jeg að álíta, að hún hafi verið mjer alveg samdóma um, að þær væru á rökum byggðar. Flokkaskipunin eptir þessu frumvarpi er nauðsynleg afleiðing af lögunum 27. febrúar 1880, og þeirri grundvallarreglu, sem þá var fylgt, að jafna sem mest tekjur brauðanna, þannig, að 1, hvert sjerstakt brauð, sem metið er minna en 1200 kr., mætti eigi missa neitt í, og 2, að brauð, metin frá 1200—1800 kr., greiði emeritprestum sínum tillag til eptirlauna sinna, og 3, að brauð, metin hærra en 1800 kr., sjeu sjálfsagt eptirlaunabyrg. Þannig hef jeg þá sýnt, að frumvarp þetta er eðlileg afleiðing af lögunum 27. febrúar 1880, er þingið samþykkti í hitt eð fyrra, og ef nú þingið hafnar þessum lögum, þá kemst það bersýnilega í mótsögn við sjálft sig.

Framsögumaður: Frumvarpið fer fram á, að endurskoðun brauðamatsgjörðarinnar fram fari tveimur árum fyr, en eiginlega til stendur eptir lögunum. Hefði hjer mátt ganga að vissum brauðum, og hin nýja brauðaskipun hefði verið komin í kring, þá hefði verið full ástæða til að fallast á 3. gr., er fyrir skipar endurskoðunina svo fljótt, sem auðið er. En ef ætti að fara að meta brauðin, eins og nú er ástatt, þá mundi það eigi orsaka miklar breytingar á brauðunum frá síðasta brauðamati; því eins og nú er ástatt, er breytingin lítil, sem komin er í kring, vegna þess að prestar, sem sitja í brauðunum, ýmist hafna breytingunum, sem lögin kveða á, eða fá eigi uppbót, eptir núgildandi lögum, fyr en nýr prestur kemur. Þessi ákvörðun mun vafalaust hafa þær afleiðingar, að margur prestur, sem annars mundi sætta sig við lögin 27. febrúar 1880, og sytja kyrr í brauði sínu, ef hann fengi þá uppbót, sem því er ætluð, fer nú einmitt vegna þessarar ákvörðunar að sækja um önnur brauð, og svo, er hann hefur sagt brauði sínu lausu, sækir hann ef til vill um það aptur, því þá er viðbótin fengin. Allt miðaði þá til þess, að koma meira róti á prestana en áður, en hjer á ekki við að tala um hinar óheppilegu afleiðingar, sem slíkt hefur. Yfir höfuð efast jeg mikið um, að, þó farið verði nú að meta brauðin, eins og þau í rauninni eru, þá fáist fastari grundvöllur fyrir brauðamatinu en áður, því að lögin frá 27. febrúarmán. 1880 breyta sífellt brauðunum, um leið og þau koma til framkvæmdar. En jeg tel vafalaust, að fylgja eigi því ástandi brauðanna, sem er, en ekki því, sem kann að verða. Jeg er vafalaust samdóma landshöfðingja um, að ákvörðunin tekur tillit til eptirlauna prestanna. Mjer finnst eðlilegast og liggja beinast við, að þegar prestur fær lausn frá embætti sínu, þá sje farið eptir því, sem brauðið er, þegar hann segir því lausu, er ákveða skal, hvort og að hvo miklu leyti hann skuli hafa eptirlaun, og álít jeg, að enga flokkaskipun þurfi til þess, að þetta komist í kring. Brauðaskipunin og tekjur brauðanna eru enn í gering, og eigi komnar í fast horf. Lögin sjálf breyta brauðunum, jafnóðum og þau koma til framkvæmdar. Jeg tek það enn fram, að jeg get ekki skilið, að nein ástæða sje til þess, að flýta fyrir endurskoðun brauðamatsgjörðarinnar, er samkvæmt tilskipun 15. desember 1865, 1. gr., á fram að fara á árinu 1883, af þeim ástæðum, sem áður eru teknar fram, að með þessu fæst enginn fastari eða vissari grundvöllur fyrir brauðamatinu en áður. Lögin breytast sífellt; það, sem er svona í dag, er öðruvísi á morgun.

Sighvatur Árnason: Jeg skal láta þá skoðun mína í ljósi, að jeg er yfir höfuð að tala samdóma nefndinni. Nefndin hefur

vafalaust mikið fyrir sjer, en þó sjer í lagi að því er snertir 1. og 2. gr. frumvarpsins, en þegar til 3. gr. kemur, þá hefði jeg fyrir mitt leyti eins vel óskað, að hún hefði fengið að standa. Ástæðan fyrir því, að jeg er í efa um, að fallast á álit nefndarinnar í þessu efni, er sú, að jeg álít, að nýtt brauðamat ætti að fara fram sem fyrst, og í mínu kjördæmi er sú skoðun almennt ríkjandi, að öll þörf sje á, að endurskoðun brauðamatsgjörðarinnar fari sem fyrst fram. Því þegar brauðamatsgjörðin fór fram 1868, þá var, eins og kunnugt er, ein verðlagsskrá fyrir allt suðurumdæmið, en verðlag í Rangárvallasýslu var þá allt annað á þeim árum en það, sem tilfært er í verðlagsskránum. Hjer af leiðir, að brauðin í mínu kjördæmi eru ekki rjett metin. Jeg fyrir mitt leyti vil því helzt láta 3. gr. frumvarpsins standa, en þó ekki gjöra það að neinu kappsmáli, í von um, að endurskoðun brauðamatsins fari fram innan skamms, eins og til er ætlazt.

Einar Ásmundsson: Jeg játa, að svo lítur út við fyrsta álit, sem nefndin og stjórnin fari sín í hvora stefnuna, en þegar betur er að gætt, þá eru þær eigi svo mjög fjarlægar hvor annari. Það hefur nú komið í ljós, að lögin frá 27. febr. 1880, um skipun prestakalla, ekki hafa getað bætt brauðaskipun landsins eins verulega, eins og æskilegt hefði verið. Því nú eru úr öllum áttum komnar umkvartanir út af þessum lögum, og áskoranir til þingsins um, að breyta þeim á einn eða annan hátt, og jafnvel frá stjórninni sjálfri hefur komið frumvarp í þessa stefnu. En stjórnin þekkti, þegar hún samdi frumvarpið, að eins fáa galla á hinum nýju lögum, sem þörf væri á að laga. Alþingi sjálfu og nefndinni er nú langtum kunnugra um ótal tillögur um breytingar á lögunum 27. febr. 1880, og til neðri deildar þingsins eru nú komnar ærið margar bænarskrár í þá stefnu. Þess vegna er allt útlit fyrir, að á þessu þingi verði samin lög, sem fara fram á margar breytingar á skipun prestakallanna, eins og hún var samþykkt með lögunum 27. febr. 1880. Þessi nýju lög, sem þingið nú kann að samþykkja, ná ekki staðfesting konungs fyr en á næsta vetri, og það ef til vill seint. Af þessu leiðir þá aptur, að endurskoðun brauðamatsgjörðarinnar, sem á að fram fara hvort sem er á árinu 1883, fer fram að eins einu ári seinna, heldur en yrði, ef 3. grein frumvarps þessa yrði samþykkt, og er þá sáralítið unnið. Landshöfðingi áleit það brýna nauðsyn, að endurskoðunin færi fram fyr en ákveðið er. Jeg fyrir mitt leyti sje ekki þessa brýnu nauðsyn. En þar á móti gæti það verið mjög fróðlegt, að meta brauðin jafnvel á hverju ári, til þess að sjá tekjur þeirra. Svo jeg verð að álíta, að það sje fremur fróðleikur en nauðsyn, að endurskoðunin fari fram fyr, en til stendur eptir tilsk. 15. desbr. 1865. Jeg get heldur ekki sjeð, að þingið komist í mótsögn við sjálft sig, þó það hafni frumvarpinn, því að þingið 1879 leitaðist við að koma meiri jöfnuði á brauðin og þetta þing mun vafalaust fara í sömu stefnu, og líklega ganga svo frá þessu máli, að ekki verði nauðsyn til, að taka það fyrir að svo komnu í þriðja sinn. Breytinguna, sem 3. gr. frumvarpsins fer fram á, verð jeg því að álíta óverulega, þar sem endurskoðunin á að fara fram hvort sem er á árinu 1883.

Landshöfðingi: Jeg held, að hinir heiðruðu þingmenn, sem hafa talað, hafi ekki vel skilið rök mín. Framsögumaður sagði, að breytingar þær á brauðaskipuninni, sem gjört er ráð fyrir í lögunum frá 27. febr. 1880, sjeu enn ekki komnar fram, eitt sje í dag, annað á morgun í því efni. Breytingarnar eru einmitt komnar fram á þann hátt, að nauðsynlegt er að taka tillit til þeirra, og með 2. grein laganna frá 27. febr. 1880: «Stjórnin blutast til um, að þær breytingar, sem að ofan eru ákveðnar um brauðaskipun, komist á svo fljótt, sem því verður við komið, eptir því sem brauðin losna», þá eru allar þær breytingar ákveðnar, sem taka þarf til greina við brauðamatsgjörðina. Framsögumaðurinn og þingmaður Eyfirðinga bentu til

þess í ræðum sínum, sem og er tekið fram í nefndarálitinu sem aðalástæða gegn frumvarpi þessu, að svo margar áskoranir sjeu komnar til þingsins úr mörgum kjördæmum landsins um endurskoðun og breytingu prestakallalaganna. Jeg held, að jeg hafi svarað þessu nægilega áðan, þar sem jeg sagði: það er ekki útsjeð um, hvort þingið muni taka vel undir þessar áskoranir, og jeg skal bæta því við: allar þær breytingar, sem þingið kann að samþykkja, verður að taka til greina við endurskoðunina; þess vegna er þessi mótbára þingmannanna ekki á rökum byggð. Framsögumaður sagði, að brauðamatsgjörðin frá 1868 hefði engin veruleg áhrif nema á eptirlaun presta, en sagði, að meðan endurskoðunin ekki færi fram, þá mætti vel borga eptirlaunin eptir brauðamatsgjörðinni 1868. Hefur þá hinn heiðraði framsögumaður eða nokkur af þingdeildarmönnum hugsað um, hvaða áhrif þetta hefur á landssjóðinn? Það kann að valda honum mikilla útgjalda, ef endurskoðunin fer ekki fram, og jeg er viss um, að alþingi 1879 hefur búizt við því. Þingmaður Eyfirðinga sagði, að stjórnin hefði ekki þekkt allar þær breytingar og tillögur, sem fram mundu koma, þegar hún bjó þetta frumvarp til; þetta er að vísu satt, en stjórnin gat samt gjört ráð fyrir því, að breytingar mundu koma á þessum lögum, og jeg skal taka það upp aptur, að þær verður að taka til greina við endurskoðunina. Hinn sami þingmaður gat ekki skilið, að stjórnin áliti, að brýna nauðsyn bæri til þess, að brauðamatsgjörðin væri endurskoðuð; en þá verð jeg að skilja þvert á móti; það er ávallt brýn nauðsyn, að þingið og stjórnin framfylgi lögunum.

Framsögumaður: Ef nýtt brauðamat á að fara fram á þessu ári, er mjög hæpið, að hægt verði að taka tillit til þeirra breytinga, sem nú verða á þessu þingi; breytingarnar verður konungurinn fyrst að samþykkja sem lög, og þau verða þá snemma að öðlast gildi, fyrst endurskoðuninni á að vera lokið fyrir nýár, eins og ákveðið er í frumvarpinu. En hvað sem því viðvíkur, þá vil jeg geta þess, að í lögum um eptirlaun presta frá 27. febr. 1880 er svo ákveðið, að uppgjafaprestar skuli því að eins fá eptirlaun af brauðinu, að tekjur þess brauðs, er presturinn hefur fengið lausn frá, sjeu yfir 1,200 kr., en ef tekjur brauðsins eru minna en 1,200 kr., þá fær presturinn eptirlaun sín úr landssjóði; eptir þessu er eðlilegast, að presturinn fái eptirlaun eptir því, hvernig brauðið er, þegar hann fer frá því, og ef svo er, þá hefur það engin áhrif á það, hvort landssjóðurinn þarf að borga eða ekki, og þá kemur hið rjetta fram. Jeg bef nú samstundis fengið tækifæri til að lesa ákvæði 6. gr. í prestakallalögunum, og er þar skýrt ákveðið, að fara eigi eptir því löggilta brauðamati, en ekki eptir því, hverjar tekjurnar eru í raun og veru, þegar prestur fær lausn frá brauði, og get því vel verið á sama máli og landshöfðingi í því efni. En þó að brauðin yrðu uú endurskoðuð, þá vil jeg spyrja, hvort sanngjarnara sje, að fara eptir hinu fyrra löggilta eða síðara nú fyrirhugaða brauðamati eptir 12 ár hjer frá. Þó að farið verði eptir hinu nýja, þá verður það ekki rjett nema fyrstu árin; skakki kemst undir eins á eptir fá ár. Ef ekki er ástæða til að meta brauð upp að nýju eptir 2—3 ár, þá sje jeg ekki nauðsyn til, að það sje gjört einu ári fyr, en það ber að gjöra.

Landshöfðingi: Jeg ætla að eins að lagfæra, það er hinn heiðraði framsögumaður sagði, að frumvarpið ætlaðist til, að endurskoðun brauðamatsins færi fram á þessu ári. 3. grein tekur fram, að brauðamatsgjörðin verði endurskoðuð «svo fljótt sem verða kann», en það er hvergi sagt, að hún eigi að fara fram á þessu ári. Þar sem hinn heiðraði framsögumaður vitnaði í 6. gr. laga frá 27. febr. 1880, um eptirlaun presta, þá skildist mjer, að hann væri á sama máli og jeg: «en sjeu tekjur brauðsins 1200 kr. eða minni, þá fær uppgjafaprestur öll eptirlaun sín úr landssjóði»; það hlýtur að vera sjálfsagt, að þessi ákvörðun gjöri ráð fyrir að endurskoðun verði svo fljótt sem verða

má, ef á landssjóðinn eiga ekki að leggjast útgjöld um of. Framsögumaður spurði, hvort sanngjarnara mundi verða, að fara eptir þeirri fyrri eða síðari brauðamatsgjörð. Jeg verð að svara því, að það verður eigi hjá því komizt, að fara eptir lögunum.

Magnús Stephensen: Það er eitt atriði í þessu máli, sem jeg vil leyfa mjer að vekja athygli á. Hinn hæstvirti landshöfðingi hefur lagt sjerstaka áherzlu á, að það væri nauðsynlegt, að brauðamat færi sem fyrst fram, vegna laganna um eptirlaun presta, sjer í lagi ákvörðunarinnar um, hve nær eptirlaunin eigi að greiðast úr landssjóði og hvenær af brauðinu. Jeg gjöri ráð fyrir því sem sjálfsögðu, að þetta ráðgjörða brauðamat mundi verða lagað eptir lögunum 27. febrúarmánaðar 1880 um skipun prestakalla, og brauðin metin, eins og þau þar eru; en þá fæst engin vissa um tekjur brauðanna, eins og þau eru, áður en hin nýja skipun er komin á, og þá heldur ekki um, hvort eptirlaun presta úr slíku brauði eiga að greiðast úr landssjóði eða af brauðinu. Jeg skal taka til dæmis Grenjaðarstað, sem prestakallalögin gjöra ráð fyrir miklum breytingum á; ef nú presturinn þar fengi lausn, eptir að hin ráðgjörða brauðamatsgjörð er um garð gengin, en áður en sameiningin er komin í kring, þá gefur hið nýja brauðamat enga skýrslu um tekjuupphæð Grenjaðarstaðarins, eins og hann nú er, og þá heldur ekki um, hvort eptirlaunin ættu að greiðast úr landssjóði eða af brauðinu. Það er þetta atriði, sem í mínum augum gjörir óþarft að flýta brauðamatsgjörðinni, sem hvort eð er á að fara fram 1883, og jeg fæ ekki sjeð, að landssjóður bíði neinn halla, þó brauðamatið bíði þess tíma.

Landshöfðingi: Hinn 4. konungkjörni þingmaður taldi örðugleika á, að endurskoðunin yrði nú, en þeir örðugleikar koma eins fram 1883 eins og nú; þar að auki skal jeg leyfa mjer að taka það fram, að það er skylda stiptsyfirvaldanna, að útvega allar skýrslur þetta snertandi.

Framsögumaður: Jeg hugsaði, að hin ráðgjörða brauðamatsgjörð yrði byggð einmitt á tekjupphæð hvers brauðs ákveðinni eptir því, sem í raun og veru á sjer stað á þeim tíma, sem matið fram fer, því annars er jeg í engum efa um, að menn með nýju mati mundu mjög fjarlægjast því, sem á sjer stað, og yrði þá matið miklu fjær því sanna en það, sem nú er löggilt. En jeg gekk út frá því, að meta skyldi með breytingum, þar sem þær hafa komizt á, og án breytinga, þar sem þær hafa engar orðið. Jeg vildi annars óska, að landshöfðingi leiðbeindi mjer og deildarmönnum í því, hvað leggja skuli til grundvallar fyrir brauðamatsgjörðinni.

Landshöfðingi: Hjer ræðir um, *hvort* endurskoðun brauðamatsgjörðarinnar á fram að fara, en ekki um það, *hvernig* hún eigi fram að fara; fyrir því þarf jeg ekki að svo komnu að fræða hina heiðruðu þingdeildarmenn á því. En að öðru leyti skal jeg geta þess, að brauðamatsgjörðin á að byggjast á lögunum frá 27. febr. 1880.

Þá voru bornar upp til atkvæða hinar einstöku greinir frumvarpsins, og var:

1. gr. felld með 10 atkvæðum gegn 1.
2. — þar með fallin.
3. — felld með 10 atkvæðum.

Var frumvarpið í heild sinni þannig f a l l i ð.

XXXI.

Lífeyrir prestsekkna.

Frumvarp til laga um skyldu presta, að sjá ekkjum sínum borgið með fjárstyrk eptir sinn dag, og um stofnun prestsekknasjóðs. Stjórnarfrumvarp. Frumvarpið er prentað í fyrri parti alþingistíðindanna, bls. 567—574.

FYRSTA UMRÆÐA Í EFRI DEILD,
á 3. fundi, 6. dag júlímánaðar.

Landshöfðingi: Í sambandi við lög um skipun prestakalla, sem bið síðasta alþingi samþykkti, og sem náðu staðfesting konungs 27. febr. 1880, samþykkti og alþingi frumvarp til laga um skyldu presta að sjá ekkjum sínum borgið með fjárstyrk eptir sinn dag; en þau lög náðu ekki staðfesting konungs af þeim ástæðum, sem teknar eru fram í stjórnartíðindunum 1880, deildinni B, 100. bls., og sem jeg leyfi mjer að skírskota til. Frumvarp það, sem hjer liggur fyrir, er samið til þess, að ná þeim tilgangi, sem lögin frá 27. febr. 1880 benda til, að útvega öllum prestsekkjum hæfilegan fjárstyrk, og ljetta af prestaköllunum þeirri byrði, sem hvílir á þeim, en sem eptir prestakallalögunum smásaman eiga að falla af þeim. Frumvarp þetta skyldar hvern prest, sem gengur í hjónaband, og hvern kvongaðan mann, sem fær veitingu fyrir brauði eða nýtt brauð, að sjá konu sinni borgið með fjárstyrk eptir sinn dag, og er upphæð fjárstyrksins miðuð við tekjuupphæð brauðanna, en skylda sú, sem samkvæmt tilsk. 15. des. 1865 hvílir á prestaköllunum til þess að greiða eptirlaun til prestsekkna, fellur niður, jafnótt og lög þessi fá framkvæmd. Eptir frumvarpinu á prestsekknasjóður að stofnast, sem á að taka inn og borga út öll þau gjöld, sem snerta fjárstyrk, sem prestsekkjum er sjeð borgið með, en landssjóðurinn tekur að sjer ábyrgðina fyrir skilvíslegri greiðslu í hann. Ákvarðanirnar í 5. grein miða til þess, að gjöra prestum sem hægast að uppfylla þau skilyrði, sem gjörð eru; aptur er ábyrgð þeirri, sem landssjóðurinn tekur að sjer, þannig varið, að honum vaxa ekki útgjöld til muna við það. Að svo mæltu fel jeg frumvarpið hinni heiðruðu deild á hendur og nefnd þeirri, sem jeg tel víst að sett muni verða.

Ásgeir Einarsson: Jeg býst við, að allir verði á því, að vísa þessu máli til 2. umræðu, og ef til vill verður nefnd sett nú þegar, en mjer finnst nú, að það liggi ekki svo mjög á að flýta fyrir þessu máli fyrst um sinn, því að það er aðgætandi, að frumvarp þetta grípur inn í mörg önnur frumvörp, sem lögð eru fyrir þingið, og sem óvíst er hvernig af muni reiða. Án þess að fara að tala um sjerstakar greinir frumvarpsins skal jeg að eins taka til dæmis 3. gr.; hún byggist á 2. gr. í frumvarpi til laga um breyting á tilsk. 15. desbr. 1865; 12. grein snertir landssjóðinn, og 14. gr. getur gripið inn í landbúnaðarlögin, sem nú liggja fyrir þinginu, og sem óvíst er hvernig fara muni fyrir, og er því mjög athugavert, að samþykkja frumvarpið, meðan maður ekki veit, hvernig áminnztum frumvörpum reiðir af. Jeg get þessa að eins til þess, að nefnd sú, sem jeg tel sjálfsagt að kosin verði, geti tekið þetta til greina, og leyfi jeg mjer að stinga upp á 3 manna nefnd.

Að því búnu var gengið til atkvæða, og var málinu vísað til 2. umræðu, og kosin 3 manna nefnd. Þessir urðu fyrir kosningu:

Pjetur Pjetursson með 9 atkvæðum,
Sigurður Melsteð með 7 atkvæðum,
Benidikt Kristjánsson með 6 atkvæðum,

og var málið því næst afbent hinum 1. konungkjörna þingmanni.

Í nefndinni var Pjetur Pjetursson kosinn formaður og framsögumaður, og Benidikt Kristjánsson skrifari.

ÖNNUR UMRÆÐA Í EFRI DEILD,
á 11. fundi, 18. dag júlímánaðar.
Nefndarálit, sjá I, 81—83.

Breytingaruppástunga
við frumvarp til laga um skyldu presta, að sjá ekkjum sínum borgið með fjárstyrk eptir sinn dag, og um stofnun prestsekknasjóðs.

1. grein orðist þannig:

Hver sá, sem vígist til sóknarprests, eptir að lög þessi hafa öðlazt gildi, er skyldur að sjá konu sinni borgið eptir sinn dag með fjárstyrk æfilangt úr hinum íslenzka prestsekknasjóði, eptir reglum þeim, sem á eptir fara.

Magnús Stephensen.

Framsögumaður (Pjetur Pjetursson): Jeg þarf ekki að vera langorður um frumvarpið; það er skýrt frá því í nefndarálitinu að nefndin hafi orðið fyrir þeim óhöppum, að klofna í tvennt; en mjer er skylt að geta þess, að minni hlutinn bjálpaði til að yfirfara og laga frumvarpið, einkum það er málið snerti. Mikið af því, sem nefndin hefur viljað breyta, eru orðabreytingar; það er að eins við 3., 7. og 14. gr., sem nefndin hefur gjört breytingar, en þó getur maður ekki kallað það eiginlegar breytingar, heldur að eins útskýringar. Við 3. gr. bætti nefndin, að landshöfðingja gæfist heimild til «að leyfa hlutaðeigandi presti, ef honum þykir eitthvað sjerlegt mæla með því, að sjá ekkju sinni borgið með því, að greiða árgjald eptir öðrum brauðaflokki en þeim, sem brauð hans er í». Nefndin hjelt, að það tilfelli gæti komið fyrir, að ákjósanlegt væri, að landshöfðingi gæti leyft þetta. Það gæti verið, að einhver fátækur prestur, sem ekki gæti greitt árgjald sitt eptir hærri brauðaflokki, þó að hann ætti að gjöra það, óskaði að greiða eptir lægri flokki, og eins, að efnaður prestur óskaði að sjá ekkju sinni betur borgið með fjárstyrk eptir sinn dag, en honum bæri eptir þeim brauðaflokki, sem brauð hans er í, og þótti nefndinni því æskilegt, að landshöfðingi hefði heimild til að leyfa það. Aptan við 7. gr. hefur nefndin bætt útskýring: «ef hann er meiri; sje hann jafn eða minni, heldur hún rjetti sínum óskertum, og seinni maður hennar er laus við þá skyldu, að sjá henni fyrir lífsfje»; þetta er ekki annað en útskýring, en engin breyting. Breytingin á 14. gr. er og að nokkru orðabreyting, þar sem nefndin leggur til, að í staðinn fyrir orðin: «koma til framkvæmda samkvæmt 1. gr. setjist: »öðlast gildi, og nýr prestur kemur til brauðs, samkvæmt 1. gr., þar sem prestsekkja er fyrir, er nýtur ákveðins hluta af föstum tekjum þess. Borgar landssjóður þeim eptirlaun þeirra með þeirri fjárhæð, sem þau voru að meðaltali fimm síðustu árin á undan». Þessu bætti nefndin við, því að hún áleit, að ef farið væri eptir meðaltali fimm hinna síðustu ára, þá mundi fást meiri jöfnun á eptirlaununum. Yfir höfuð að tala fannst nefndinni, að frumvarpið hefði rjettarbót inni að halda fyrir prestsekkjur, og aptur á hinn bóginn legði ekki of þunga byrði prestum á herðar. Nefndinni þótti sanngjörn sú skipting á brauðunum, sem frumvarpið fer fram á, það er að segja: í brauð, sem eru metin upp á allt að því 1200 kr., brauð, sem eru undir 1800 kr. en yfir 1200 kr., og brauð, sem eru yfir 1800 kr., og hún áleit, að þessi skipting ætti ekkert skylt við þá skiptingu, sem farið var fram á í frumvarpi því, sem þessi deild felldi um daginn, og sem líklega hefur verið fellt af allt öðrum ástæðum. Þar sem í frumvarpinu fjárstyrkurinn er ákveðinn 100 kr., 150 kr. og 200 kr. eptir tekjuupphæð brauðanna, þá þótti nefndinni þessi jöfnuður tiltækilegur, og jeg skal taka það fram, að í frumvarpi því, sem alþingi 1879 samþykkti um þetta efni, var líkt hlutfall tekið fram. Frumvarp þetta er, eins og jeg gat um áðan, veruleg rjettarbót fyrir prestsekkjur, og af því leiðir lítil byrði fyrir landssjóðinn, og leyfi jeg mjer í því tilliti að skírskota til ástæðanna, sem teknar eru fram við stjórnarfrumvarpið. Jeg skal geta þess, að síðastliðið ár voru 36 prestsekkjur

á landinu, sem höfðu eptirlaun af brauðum; þar af voru 3, sem höfðu meira en 200 kr., 14, sem höfðu frá 100—200 kr., og 19, sem höfðu undir 100 kr.

Hjer er komin fram breytingaruppástunga um, að 1. gr. orðist þannig: «Hver sá, sem vígist til sóknarprests, eptir að lög þessi hafa öðlazt gildi, er skyldur að sjá konu sinni borgið eptir sinn dag með fjárstyrk æfilangt úr hinum íslenzka prestsekknasjóði, eptir reglum þeim, sem á eptir fara». Þessi uppástunga kom optar en einu sinni til umræðu í nefndinni, og jeg skal játa, að uppástungan er mjög áheyrileg; en nefndin var hrædd um, að prestsekknasjóður mundi seint myndast, og prestekkjur mundu verða töluverð byrði fyrir landssjóðinn, ef í prestsekknasjóðinn ekki borga aðrir en þeir, sem hjer á eptir vígjast; hitt er eðlilegra, að hver prestur, sem hjer eptir gengur í hjónaband, yngri en sextugur, eða fær brauð, gjaldi í prestsekknasjóðinn. Breytingaruppástunga þessi er komin frá hinum 4. konungkjörna þingmanni, og er hún gleðilegur vottur um, að frumvarpið muni vera gott, fyrst að hann, svo skarpskyggn maður, hefur ekki getað fundið að því meira en þetta. Jeg skal ekki neita því, að mjer kom það mjög á óvart, að hinn háttvirti 1. þingmaður Norður-Þingeyinga, sem er í minni hlutanum, skyldi skerast svo úr leik. Í ágreiningstillögu hans stendur svo: «Yfir höfuð aðhyllist jeg þá skoðun, að slík lög, sem hjer ræðir um, hvernig sem þau eru úr garði gjörð, gangi of nærri eignarforræði embættismanna, og hvað helzt presta». Það er ekki gott að eiga við minni hlutann, ef hann ekki aðhyllist neitt frumvarp í þessa átt; það er þá afskorinn vegur, að sætta hann við nokkurt frumvarp. Þar sem hann segir, að slík frumvörp gangi of nærri eignarforræði presta, þá get jeg ekki skilið það. Jeg álít eignarforræðið ekki ótakmarkað; það er þó takmarkað við öll lögboðin gjöld, og prestar eru ekki rjetthærri í því en aðrir embættismenn; prestar ættu með gleði að vilja sjá ekkjum sínum borgið með fjárstyrk eptir sinn dag, eins og aðrir embættismenn gjöra það með gleði, og eiga þó margir þeirra óhægt með það, því að þar er farið eptir allt öðrum mælikvarða en hjer í þessu frumvarpi, og mjög kostnaðarsamt fyrir embættismenn. Minni hlutinn talar um innbyrðis ójöfnuð, en sá ójöfnuður er ekki neitt verulegur; og þó svo væri, þá ætti 25 ára gamall prestur ekki að vera öfundsjúkur við eldri prest, þó að hann þurfi ekki að borga eins mikið. En þó að manni tækist nú að sannfæra minni hlutann um þetta, þá er það ekki til neins, fyrst að hann vill ekkert frumvarp hafa.

Landshöfðingi: Jeg er meiri hlutanum þakklátur fyrir hinar góðu undirtektir við frumvarp stjórnarinnar. Jeg get vel fallizt á breytingaruppástungur hans, að undanteknum breytingunum við 3. og 14. gr. Viðbótin við 3. gr. er ísjárverð, af því að hún breytir aðalreglu þeirri, sem frumvarpið og prestsekknasjóðurinn er grundvallaður á, sem sje, að fjárstyrkur sá, sem útvega skal prestsekkjum, og ársgjald presta sje fast ákveðið og miðað eingöngu við tekjur prestakallsins; því finnst mjer ísjárvert, að gjöra undantekningu frá þessari reglu; það er heldur ekki nauðsynlegt, því að ef prestur óskar hærri eptirlaun handa ekkju sinni, þá mun honum ekki veita örðugt, að útvega henni styrk í einhverju útlendu lífsábyrgðarfjelagi. Þegar prestsekknasjóðurinn eflist og sjálfur getur staðið straum af skuldum sínum, þá er tími til að endurskoða reglur þær, sem nú eru settar, og sem að mínu áliti á að byggja á fullu jafnrjetti fyrir alla hlutaðeigendur. Það er snertir breytinguna á 14. gr.: «öðlast gildi og nýr prestur kemur til brauðs, samkvæmt 1. gr., þar sem prestsekkja er fyrir, er nýtur ákveðins hluta af föstum tekjum þess. Borgar landssjóður þeim eptirlaun þeirra með þeirri fjárhæð, sem þau voru að meðaltali 5 síðustu árin á undan», þá skal jeg geta þess, að jeg er henni ekki persónutega mótfallinn; en hún getur ekki sam-

rýmzt þeirri reglu, sem alþingi 1879 lagði til grundvallar fyrir prestakallalögunum, að þau kæmu til framkvæmdar, undir eins og brauðin losna, en byrði sú, sem hjer ræðir um, hvíli á brauðunum, þangað til prestar hafa á annan hátt sjeð ekkjum sínum borgið með fjárstyrk eptir sinn dag; enda er 14. grein frumvarpsins samhljóða 9. gr. í frumvarpi því um eptirlaun prestsekkna, sem alþingi samþykkti 1879; en ef alþingi nú fellst á breytingaruppástunguna, mun frá stjórnarinnar hálfu ekkert vera til fyrirstöðu, að aðhyllast hana. Með tilliti til breytingaruppástungu hins 4. konungkjörna þingmanns skal jeg geta þess, að 1. grein frumvarpsins er að efninu til samhljóða 1. gr. lagafrumvarpsins frá 1879, og tilgangurinn er sá, að ljetta sem fyrst eptirlaunum prestsekkna af brauðunum, sem samkvæmt tilskipun 15. desember 1865 eiga að gjaldast af þeim; væri þetta ekki tilgangurinn og árangurinn af frumvarpinu, þá skyldi jeg ekkert hafa á móti því, að aðhyllast breytingaruppástungu hins 4. konungkjörna þingmanns, sem fer þess á leit, að «hver sá, sem vígist til sóknarprests, eptir að lög þessi hafa öðlazt gildi, sje skyldur að sjá ekkjum sínum borgið eptir sinn dag með fjárstyrk æfilangt úr hinum íslenzka prestsekknasjóði, eptir reglum þeim, sem á eptir fara». Stjórnin hefur í þessu frumvarpi viljað taka allar tillögur alþingis 1879 til greina, sem henni frekast var unnt; yfirhöfuð að tala vona jeg, að hinir heiðruðu deildarmenn sjái, að stjórnin hafi viljað komast sem næst óskum og tillögum alþingis, þar sem hún kom með þetta frumvarp, þegar hún ekki gat samþykkt hitt frumvarpið í hitt eð fyrra vegna þess, að ábyrgð sú, sem tiltekið var í 8. gr. frumvarpsins að útvega skyldi í hinu danska lífsábyrgðarfjelagi frá 1871 eða í öðru slíku fjelagi, var ómöguleg af ástæðum þeim, sem teknar eru fram í ráðgjafabrjefi frá 16. apríl f. á., og sem skýrt er frá í stjórnartíðindunum B. 101.—102. blaðsíðu. Jeg vona þess vegna, að deildin fallist ekki á tillögur minni hlutans, að hafna þessu frumvarpi; því það á að koma fyrir lagaákvörðun, sem alþingi 1879 áleit nauðsynlegan lið í prestakallalögunum. Jeg gæti skilið, að hinn háttvirti þingmaður Norður-Þingeyinga vildi breyta þessu frumvarpi í stóru og smáu, en mjer kom það alveg á óvart, að hann vildi hafna því, sem alþingi 1879 áleit nauðsynlegan lið í prestakallalögunum. Mótbárur minni hlutans eru ekki á rökum byggðar; þær eru þessar: 1. að frumvarpið er ekki byggt á neinni reikningslegri líkinda-undirstöðu. Þessa þarf ekki við; það er ekki verið hjer að tala um lífsábyrgðarsjóð, heldur um prestsekknasjóð, sem er samtengdur landssjóði, sem fyrst um sinn veitir hið nauðsynlega tillag, sem ekki mun nema miklu; enda mun og mjög örðugt að útvega þessar líkindaundirstöður (Probabilitets Beregninger) áreiðanlegar, þegar um svo litla stofnun er að ræða sem handa 140 manns. 2. að frumvarpið veldur ójöfnuði milli presta innbyrðis; þetta er misskilningur, sem er sprottinn af því, að hann hugsar allt af um lífsábyrgðarsjóð; þegar um lífsábyrgðarsjóð er að ræða, þá er upphæð gjaldsins komið undir allt öðru en í frumvarpinu er gjört ráð fyrir; það er komið undir tíma og aldri, og þetta kemur því til leiðar, að mikill munur kann að verða á árgjaldinu. Frumvarpið gjörir ekki mun á þessu, heldur er fullkominn jöfnuður á milli prestanna, nema að því leyti, að fjárstyrkurinn er ákveðinn í tiltölu við tekjur hlutaðeigandi brauða. Tilgangur frumvarpsins er, eins og jeg hef áður tekið fram, að útvega prestsekkjum fjárstyrk með því, að prestum verði gjört að skyldu að greiða eitthvert sanngjarnt tillag. Grundvöllur lagafrumvarpsins er óbrotinn og eðlilegur, og þó að minni hlutinn segi, að það sje «eigi eindregið byggt á einum og sama lagalegum grundvelli, og blandist því ósamkynja ákvæði saman í því», þá held jeg, að þessi orð sjeu ekki á fullum rökum byggð.

Magnús Stephensen: Af því að jeg hef komið fram með breytingaruppástungu, þá finnst mjer skylt að til greina þær ástæður,

sem leiddu mig til þess að koma með hana. Frumvarpið fer fram á, að breyta því skipulagi á eptirlaunum prestsekkna, sem nú er, í þá stefnu, að ljetta eptirlaunabyrðinni á brauðunum, en gjöra prestunum að skyldu, að kaupa ekkjum sínum lífsábyrgð, og að láta landssjóðinn ganga í ábyrgð fyrir skilvísri greiðslu lífeyrisins. Mjer finnst, að allmargir hagsmunir verði að koma hjer til greina: 1. ekknanna, 2. prestanna, 3. brauðanna og 4. landssjóðsins; en vandinn er, að koma málinu svo fyrir, að ekki sje neins taumur dreginn um of og einskis rjetti hallað. Með tilliti til prestsekknanna, einkum þeirra, sem nú eru, þá hafa þær ekki sterkari rjett en þann, sem veittur er með tilsk. 15. desbr. 1865, 7. gr., og sem frumvarpið ekki skerðir; en er til prestanna kemur, þá verður annað ofan á; jeg get ekki betur sjeð, en að prestar, sem nú eru í brauðum, hafi rjett til að fá eptirlaun handa ekkjum sínum eptir tilsk. 15. desbr. 1865, 7. gr., sjer alveg kostnaðarlaust; ef það er ekki, og þeim er gjört að skyldu, að sjá ekkjum sínum borgið, þá eru þeir sviptir rjetti þeim, sem þeim var veittur við veitinguna á brauðinu. Það eru reyndar ekki allir prestar, sem er lögð þessi skylda á herðar, heldur að eins þeim, sem hjer eptir fá veitingu fyrir brauði eða kvongast, en rjetti þeim, sem þeir fá með veitingu fyrir brauði, er samfara rjettur til að koma til greina, þegar þeir sækja um betra brauð, án þess að nein byrði leggist á þá við veitingu fyrir slíku brauði. Það að skuldbinda presta, sem hjer eptir kvongast, til að sjá ekkju sinni borgið, mun að vísu eigi fæla þá frá að kvongast, en allt um það er rjettur þeirra skertur, og þeir sviptir loforði því um eptirlaun handa ekkju sinni, sem þeim var veitt með tilsk. 15. desbr. 1865 7. gr. Það er brauðin snertir, þá er með prestakallalögunum frá 27. febr. 1880 kominn mikill jöfnuður á þau, og þau gjörð aðgengilegri, en sjer í lagi hefur verið ljett á brauðunum með lögum s. d. um eptirlaun presta; jeg skal heldur ekki vera því mótfallinn, að ekkjunum sje enn fremur ljett af brauðunum, ef því að eins verður komið svo fyrir, að það ekki skerði rjett neins og leggist ekki svo þungt á landssjóð, að það ekki verði tiltækilegt. Loks skal jeg víkja að landssjóðinum, og þar hefur frumvarpið sína veiku hlið; það leggur þunga byrði á landssjóð, og það svo, að það þess vegna að minni ætlun er óaðgengilegt, eins og það nú er. Frumvarpið segir nefnilega svo, að hver prestur, sem fær veitingu fyrir brauði eða nýtt brauð, eptir að lögin hafa öðlazt gildi, sje skyldur til að sjá ekkju sinni borgið með fjárstyrk, og er þetta gjört að skyldu án tillits til aldurs eða aldursmunar hjónanna; en þegar gáð er að hlutfallinu milli árgjaldsins og fjárstyrksins, sem til grundvallar er lagður, þá er hlutfallið í þessu frumvarpi, hversu mikill sem aldursmunurinn milli hjónanna er, ekki hærra en fyrir embættismenn, sem sjá ekkjum sínum borgið í framfærslustofnuninni frá 1871, þar sem embættismaðurinn er 26 ára og konan 20 ára; það er þetta, að sextugur prestur og þrítugur prestur, sem báðir eru giptir ungum konum, skuli eiga að greiða sama árgjald fyrir sama lífeyri handa ekkju sinni, sem gjörir frumvarpið óaðgengilegt. Landshöfðingi gat þess, að 1. grein væri orðuð eins og í frumvarpinu frá 1879; jeg hef ekkert á móti því, en jeg skal taka það fram, að alþingi 1879 ætlaðist til, að árgjaldið væri mismunandi eptir aldri og aldursmun hjónanna; þegar þessu er sleppt, þá er þetta frumvarp frábrugðið hinu, og dugar því ekki að bera saman 1. grein þessa frumvarps og 1. grein hins, án þess að þessi munur sje tekinn til greina. Til þess að bæta úr þessum galla, kom jeg fram með breytingaruppástungu mína. Landshöfðingi tók fram, að upptökin til frumvarps þessa kæmu ekki frá stjórninni, heldur frá alþingi, og þá neðri deildinni sjerstaklega; þess vegna finnst mjer óviðurkvæmilegt, að efri deildin felli það nú, og leyfi eigi neðri deildinni að sjá það, þó að það sje að mínu áliti óaðgengilegt, eins og það nú er; en ef mín breytingaruppá-

stunga kemst að, þá ímynda jeg mjer, að það verði þó svo aðgengilegt, að menn geti sýnt neðri deildinni það. Eptir minni breytingaruppástungu kemur það ekki til að hafa praktiska þýðingu fyr, en jafnóðum og nýir prestar vígjast í brauðin, og með því að ráð má fyrir gjöra, að flestir prestar vígist ungir, þá hverfur að mestu leyti ójöfnuður sá, sem jeg sýndi fram á að yrði eptir frumvarpinu. Framsögumaður sagði, að eptir minni uppástungu mundi þetta skipulag komast seint á; jeg skal játa það; en betra er seint en aldrei, og það er betra, að skipulagið komist seint á og sje gott, heldur en fljótt, og sje vont. Það álít jeg að minnsta kosti víst, að eptir minni uppástungu komi fyr fje í sjóðinn, en eptir frumvarpinu, og eptir minni uppástungu getur hann fengið viðgang, því útgjöldin verða framan af minni en tekjurnar, en eptir frumvarpinu verða útgjöldin brátt meiri en tekjurnar, nema landssjóðurinn hlaupi þeim mun meir undir bagga, og það gjörir frumvarpið óaðgengilegt frá landssjóðsins hálfu. Landshöfðingi sagði, að hjer væri að ræða um prestsekknasjóð, en ekki um lífsábyrgðarstofnun; þennan mun get ekki skilið; mjer finnst, að sá sjóður, þar sem menn fyrir víst árgjald kaupa ekkju sinni lífseyri, sje einmitt lífsábyrgðarstofnun (Forsörgelsesanstalt), og jeg get ekki annað sjeð, en að haga verði þessum sjóði eptir líkum reglum sem öðrum «Forsörgelsesanstalter». Framsögumaður gat þess, að mjer mundi líka vel hinar aðrar greinar frumvarpsins, úr því jeg ekki hefði borið upp neinar breytingaruppástungur við þær, en það er nú samt ekki svo; einkum er það 7. grein, sem jeg ekki vel get fellt mig við; þar er svo til tekið, að prestsekkja skuli missa styrk sinn, ef hún giptist aptur, og í ástæðunum er tekið fram, að þetta sje samkvæmt stofnunarskrám ýmissa ekknasjóða í Danmörku. Það getur vel verið, að þetta sje á rökum byggt, en jeg get samt ekki látið mjer skiljast, að þegar maðurinn fyrir árgjald kaupir konu sinni styrk, að þá geti komið til greina, hvort konan giptir sig aptur eða ekki; jeg tek þetta beinlínis sem kaup og sölu, þar sem landssjóðurinn er seljandi og maðurinn kaupandi; landssjóðnum eða prestsekknasjóðnum kemur því ekkert við, hvort konan giptist aptur eða ekki. Jeg hef ekki komið með breytingaruppástungu í þessa átt, en jeg ætla að leyfa mjer að stinga upp á því við hinn háttvirta forseta, að hann skipti atkvæðagreiðslunni um 7. gr. þannig, að orðin í 1. málsgrein: «eða giptist aptur» sjeu borin upp sjerstaklega, og 2. málsgrein sjerstaklega. Með því að greiða atkvæði á móti þessu tvennu, þá geta þingmenn komið því fram, að ekkjan ekki missi fjárstyrkinn, þó að hún giptist aptur.

Benidikt Kristjánsson: Af því að mig hefur hent það óhapp, að verða í minni hluta nefndarinnar, og þar eð jeg hef fengið ýmislega lagaðar hnútur fyrir ágreiningstillögu mína í nefndinni, þá finn jeg mjer skylt, að gjöra deildinni að eins stuttlega grein fyrir ástæðunum í ágreiningstillögu minni. Jeg hef heyrt, að menn ekki leggja mikla áherzlu á þau orð mín í ágreiningstillögunni, að «jeg yfir höfuð aðhyllist þá skoðun, að slík lög, sem hjer ræðir um, hvernig sem þau eru úr garði gjörð, gangi of nærri eignarforræði embættismanna». Jeg ímynda mjer, að það hafi minni áhrif, þó að jeg fari að reyna að útlista skoðun mína í þessu efni, heldur en ef jeg vitna til hins danska lögfræðings *Örsteds*, sem, eins og kunnugt er, var stjórninni fylgisamur og átti mikinn þátt í lagasetningum og lagaútskýringum um sína daga; en hann hefur tekið fram, að það kenndi mikils ofríkis í hinni dönsku löggjöf, að skylda embættismenn til að ábyrgjast ekkjum sínum fje að sjer látnum með árgjöldum. Það er ófrjálslegt, að prestum, sem margir hafa mjög lág laun, sje, um leið og þeim eru veitt launin, takmark sett, hvernig þeir skuli verja þeim. En ágreiningstillaga mín ber það með sjer, að jeg hef ekki lagt svo mikla áherzlu á þetta. Aðalástæðan fyrir ágreiningstillögunni er sú, að frumvarpið er ekki

byggt á neinni reikningslegri líkindaundirstöðu. Jeg tel sjálfsagt, að engum dyljist, að hjer er gjört mjög af handa-hófi í frumvarpi stjórnarinnar. Ef menn vilja stilla að rjettu hófi og sanngirni, þá verður aldur prestsins og konunnar að takast til greina, þegar ákveða skal hlutfallið milli árgjalds prestanna sín á milli, og hlutfallið milli árgjaldsins og fjárstyrks ekkjunnar; en frumvarpið gengur fram hjá þessu; það bindur sig að eins við launaupphæðina, en hvaða undirstaða er það. Jeg veit ekki, hvað jeg á að telja henni til gildis nema það, að löggjafinn álíti: jeg má ekki heimt mikið af lágt launuðum manni, en meira af hinum, sem meiri laun hafa. Menn segja: það er ekki hart gengið að neinum í frumvarpinu; ungum prestum er ekki sett hærra tillag en venja er, þá ræða er um lífsábyrgðarstofnanir; ef þetta er undantekningarlaust, þá ætti við reglan, sem framsögumaður vitnaði til, að maður, sem nýtur rjettar síns, getur eigi möglað, þó að miskunarverk sje sýnt öðrum manni. En sje þessi ákvörðun um tillag borin saman við tillagið til hins danska lífsábyrgðarsjóðs frá 1871, þá verður tillag hins unga prests eins og tillag embættismanns 31 árs að aldri, sem kvongast 52 ára gamalli konu; en ef jeg gjöri ráð fyrir, að ungi presturinn sje 25 ára en konan 50 ára, sem ekki mun vera sjaldgæft, þá verður tillagið 1 kr. 50 a. meira, en lífsábyrgðarsjóðurinn heimtar. En frumvarpið er svo hlynnt prestum, að ef 50 ára gamall prestur kvongast 18 ára gamalli stúlku, þá þarf hann ekki að borga hærra en ungi presturinn, en eptir lífsábyrgðinni 224 kr. 48 a., og mismunurinn verður þá 204 kr. 48 a. á árgjaldinu. Það lítur svo út, sem landssjóður geti því orðið fyrir æði þungri byrði, ef hann á að bera þetta skakkafall, og það er kynlegt, að stjórnin skuli hafa komið með þetta frumvarp, þegar hún áleit, að frumvarpið 1879 gæti ekki orðið staðfest einmitt af því, að landssjóðurinn undirgengist svo þunga byrði með því. Ráðherrann vitnar einmitt til tillaga lífsábyrgðarstofnunarinnar í þessu efni. Lífsábyrgðar- og framfærslustofnunin frá 1871 gjörir ráð fyrir, að eptir nokkur ár verði ekkjurnar 70—80, og byrði sjóðs þess, sem tæki að sjer að borga þeim lífsfjeð, yrði milli 50,000 og 80,000 kr., og þegar lengra liði allt að 100,000 kr. Stjórninni þótti, að frumvarpið 1879 miðaði til þess, að leggja of þunga byrði á landssjóðinn, og sá þess vegna ekki ástæðu til að gjöra það að lögum, en nú kemur hún með frumvarp, sem leggur enn þyngri byrði landssjóðnum á herðar. Það er og eitt atriði enn í ágreiningsatkvæði mínu, sem jeg vil taka fram, og það er, að frumvarpið er ekki byggt á einum og sama lagalegum grundvelli. Fyrir mjer vakti það, að prestsekkjur misstu styrkinn, þegar þær giptust aptur, en jeg þarf ekki að fara fleirum orðum um það, fyrst að hinn 4. konungkjörni þingmaður hefur tekið það svo greinilega fram. Ef menn ekki vilja kasta þungri byrði á landssjóðinn, þá er ekki tiltækilegt, að samþykkja frumvarpið; en ef landssjóðurinn ætti að taka upp á sig byrðina, þá ættu lögin að vera byggð á sanngirni, á aldri hjónanna og aldursmismun. Jeg vildi því leggja það til, ef menn annars vilja útvega prestekkjum fjárstyrk, að styrkurinn sje reiknaður eptir sömu reglum sem í lífsábyrgðarstofnuninni 1871, en prestum verði gefinn eptir nokkur hluti; þá er þó gengið beint til verks og með sanngjörnum jöfnuði.

Af því að þá var áliðið orðið, en nokkrir þingmenn höfðu enn beðið sjer hljóðs, þá stakk forseti upp á því, hvort ekki skyldi fresta þessari 2. umræðu til næsta dags, og var það samþykkt í einu hljóði.

FRAMHALD ANNARAR UMRÆÐU Í EFRI DEILD,

á 12. fundi, 19. dag júlímánaðar.

Landshöfðingi: Hin helzta mótbára, sem hinn 4. konungkjörni þingmaður og þingmaður Norður-Þingeyinga hafa komið

fram með gegn frumvarpi þessu, er sú, ef mjer hafa skilizt orð þeirra síðast rjett, að fyrirkomulag það, sem frumvarpið stingur upp á, og stofnun prestsekknasjóðsins muni valda landssjóðnum óbærilegum eða mjög miklum kostnaði, og hafa þeir byggt þessa mótbáru sína á álitsskjali því, sem getið er um í brjefi ráðherrans frá 16. apríl f. á., að til þess að stofna lífsábyrgðarsjóð, sem alþingi fór fram á í frumvarpinu 1879, þurfi 50—80 þúsund kr., eða jafnvel allt að 100,000 kr. Jeg tók fram í fyrri ræðu minni, að mikill munur sje á prestsekknasjóði og lífsábyrgðarsjóði eptir hinum vanalega skilningi þessa orðs, en mjer heppnaðist ekki að gjöra þingmönnum skiljanlegt, í hverju þessi munur væri fólginn, vegna þess að jeg gekk út frá því, að þingmönnum væri kunnugt fyrirkomulagið á hinum dönsku prestsekknasjóðum, sem í öllu verulegu voru hafðir til fyrirmyndar, þegar frumvarp þetta var samið. Prestsekknasjóðunum í Danmörku hefur vegnað mjög vel, þó að fyrirkomulag þeirra sje líkt því, sem frumvarpið fer fram á, og þó að þeir aldrei hafi fengið styrk úr ríkissjóði. «Sjællandsstifts geistlige Enkekasse» átti við árslok 1879: 878,000 kr. sem arðberandi höfuðstól; í þennan sjóð fá aðgang auk prestakallanna ýmsir aðrir, t. a. m. prófessórar við háskólann í Kaupmannahöfn; árið 1879 borgaði þessi sjóður árlegan styrk til 156 prestsekkna, og var styrkurinn 160 kr. handa hverri; með «Fundats» frá 6. marz 1829 var styrkurinn ákveðinn 106 kr. 66 a., en nú hefur hann verið hækkaður. «Fynsstifts geistlige Enkekasse» átti við árslok 1879: 334,274 kr. 33 a., en borgaði út árlega 14.211 kr. 32 a., eða 38% af hinu upprunalega tillagi blutaðeiganda. Auk þessara tveggja prestsekknasjóða eru fleiri minni í hverju stipti; þeim vegnar öllum mjög vel og eru með álíka fyrirkomulagi og hjer er stungið upp á. Að vísu er prestsekknasjóður að nokkru leyti lífsábyrgðarsjóður, nefnilega að því leyti, sem hann miðar til að veita þeim mönnum tryggingu, sem eiga að sjá ekkjum sínum borgið með fjárstyrk eptir sinn dag, en hann er ekki eingöngu lífsábyrgðarsjóður, svo að hver maður geti keypt í honum fjárstyrk. Prestsekknasjóðurinn er bundinn við eina stjett embættismanna landsins, og í annan stað á hann að upphefja byrði þá, sem á brauðunum hvílir. Sjóðurinn verður þannig «gjensidig Forsikkringsanstalt» fyrir presta, og þar sem tilgangur hans er að ljetta byrðinni af brauðunum, en sem prestalögin frá 27. febr. 1880 gjöra ráð fyrir að hverfi frá þeim smámsaman, þá getur landssjóðurinn vel hlaupið undir bagga með honum, ef ekki er um stórfje að ræða. Jeg skal nú reyna að sýna og sanna, að landssjóðnum er engin hætta búin, þó að prestsekknasjóður sje stofnaður, og þó að hann sje með því fyrirkomulagi, sem hjer ræðir um. Jeg vil þá fyrst leiða athygli að því, að þar sem fylgiskjalið við brjef ráðgjafans frá 16. apríl til tekur 50—80 þúsund kr. eða allt að 100,000 kr., þá má lesa þetta með meiri eptirtekt, en hinn heiðraði þingmaður Norður-Þingeyinga hefur gjört. Í fylgiskjalinu er sagt: «Eptir nokkur ár má húast við, að ekkjurnar, sem eiga tilkall til að fá lífeyri, minnst 100 kr. árlega hver, yrðu um 70 eða 80, og verður þessi byrði landssjóðsins varla talin minni en milli 50000 og 80000 kr.». Hvað mörg ár ætlar þingmaðurinn að hjer sje meint með «eptir nokkur ár»? Prestsekkjur voru hjer á landi árið 1880 74 að tölu á 171 brauði, og þar eð brauðin eptir prestakallalögunum frá 27. febr. 1880 fækka niður í 142, þá má gjöra ráð fyrir, að prestsekkjur muni ekki verða fleiri en í hæsta lagi 61—62, og þessari tölu verður ekki náð í einu og ekki fyr en eptir 30—40 ár? Hvernig verður nú hagur prestsekknasjóðsins eptir þessi 30—40 ár? Jeg gjöri ráð fyrir, að 12 prestaskipti muni verða á ári (á síðastliðnu ári urðu 18 prestaskipti); setjum nú svo, að 8 af þessum 12 verði hluttakandi í prestsekknasjóðnum samkvæmt frumvarpinu, og enn fremur, að helmingur þeirra neyti þess rjettar, sem 5. gr. gefur þeim, að borga með skuldabrjefi, sem borgast smámsaman

á 10 árum, og enn fremur að meðaltala af upphæð fjárstyrksins sje 240 kr., þá á prestsekknasjóðurinn 1920 kr. við lok 1. árs, og að 10 árum liðnum, ef 8 hluttakendur bættust við á ári, 23500 kr. sem arðberandi höfuðstól með 80 hluttakendum. Þó að nú á þessum 10 árum 1 eða 2 ekkjur verði hluttakandi í styrknum, þá sjest, að sjóðurinn hefur eflzt svo, að eigi þarf að óttast, að byrði landssjóðsins verði mikil. Menn geta, ef til vill, sagt, að tillög hluttakanda sjeu of ríflega sett; það getur vel verið, en það er nauðsynlegt, að koma þessu á fastan fót fyrst, en svo getur seinna verið ástæða til að endurskoða reglugjörðina, og annaðhvort færa niður tillagið eða hækka styrkinn. Jeg vona nú, að deildin sjái, að prestsekknasjóðurinn með fyrirkomulagi þessu geti borið sig, að minnsta kosti að nokkrum fáum árum liðnum, og höfuðstóllinn, sem getið er um í ráðgjafabrjefinu 16. apríl f. á., mun vera í sjóðnum eptir 30—40 ár; að 30 árum liðnum mun prestsekknasjóðurinn að líkindum eiga 50,000 kr. höfuðstól. Jeg skal geta þess, að þó að frumvarp sje samþykkt í neðri deildinni um ótakmarkaðan leiguburð, og líkindi til, að það verði að lögum, þá hef jeg hjer ekki reiknað meir en 4%, og verður niðurstaðan samt þessi. Eins og frumvarpið 1879 miðaði til að útvega prestsekkjunum tilblýðilegan styrk og ljetta eptirlaunabyrðinni á prestaköllunum, þannig verður og þessum tvöfalda tilgangi náð með prestsekknasjóðnum, ef þingið samþykkir frumvarp þetta. Jeg hef skoðað þetta mál frá öllum hliðum, og einkum frá reikningslegri hlið, og er sannfærður um, að landssjóðnum verður aldrei nein hætta búin.

Framsögumaður: Hinn 4. konungkjörni þingmaður játaði í gær, að því er mjer skildist, að frumvarp þetta mundi verða hagur fyrir prestsekkjur, ef það yrði að lögum, en honum þótti gengið of nærri rjetti presta, sem þegar hafa fengið brauð; það get jeg eigi sjeð að sje rjett; lögin ná ekki til annara en þeirra, sem fá brauð eptir að lögin öðlast gildi; gjaldið er ekki lagt á alla presta, en þegar þeir óska að fá nýtt brauð, af því að þeir sjá sjer hag í því, þá kemur gjaldið fyrst til greina; presturinn er ekki sviptur rjetti sínum, eins og mjer skildist á þingmanninum; því að meðan hann er kyrr á brauðinu, þá þarf hann ekkert að gjalda, en þegar hann sjer sjer ábatavon að taka annað brauð, þá veit hann, að því fylgir þessi kvöð, og «volenti non fit injuria». o: þeim, sem vill eitthvað sjálfur, er enginn órjettur gjör. Hinn háttvirti landshöfðingi hefur fyllilega sýnt, að landssjóðnum verður engin byrði að því, þó að frumvarp þetta verði að lögum, nema ef til vill í fyrstu, en að prestsekknasjóðurinn geti borið sig með tillögum, skuldabrjefum og vöxtum, en úr sektum gjöri jeg minna, svo að jeg þarf ekki að fara fleirum orðum um það atriði. Jeg get ekki annað en álitið, að frumvarpið miði til góðs bæði fyrir presta og prestsekkjur án verulegrar byrði fyrir landssjóðinn. Um minni hluta ann skal jeg ekki fjölyrða, því að jeg er ekki fær um að reikna út blutfall það, sem hann talaði um í ræðu sinni í gær.

Jón Pjetursson: Jeg felli mig dável við frumvarpið yfir höfuð og breytingar meiri hluta nefndarinnar. Mjer sýnist prestsekknasjóðurinn allt annað en lífsábyrgðarsjóður, og jeg er mikið á móti frumvarpinu, ef um lífsábyrgðarsjóð væri að ræða. Mjer finnst viðauki nefndarinnar við 3. gr. óþarfur, þó að jeg játi, að hann stundum gæti leitt til sanngirni, en jeg er hræddur um, að hann geti gefið tilefni til óánægju; ef landshöfðingi neitar einum, en veitir öðrum, þá verður sá óánægður, sem ekki fjekk leyfið; jeg held því, að það sje betra, að hafa fast ákveðið í þessu efni. Málsgreinin í 7. gr.: «Sje fjárstyrkur fallinn niður vegna þess, að kona sú, sem sjeð var fyrir, giptist aptur, fellur hann til á ný, þá er hún aptur verður ekkja», vil jeg að falli burt; mjer þykir það smásmuglegt, að taka styrkinn af prestsekkju, ef hún giptist ver-

aldlegum manni; það er viðkunnanlegra, að hann haldist, eins og hann viðbelzt hjá veraldlegra embættismanna ekkjum, þó að þær giptist aptur. Í breytingartillögum meiri hluta nefndarinnar við 14 gr. ímynda jeg mjer að sje prentvilla; jeg held að punktur eigi að vera á eptir «samkvæmt 1. gr.», en komma á eptir «þess», og ef svo er, þá get jeg aðhyllzt þá breyting, og mjer finnst hún jafnvel nauðsynleg. Við skyldum t. a. m. setja, að prestur fái brauð, sem er metið 1800 kr.; nú er prestsekkja í brauðinu, sem fær ákveðinn hluta af tekjunum, þá er óviðurkvæmilegt, að presturinn skuli þurfa að borga jafnmikið tillag, eins og hann hefði sjálfur allar þessar 1800 kr., uema því að eins að landssjóðurinn tæki ekkjuna að sjer. Milli 1. gr. frumvarpsins og 1. gr. hins 4. konungkjörna þingmanns er enginn mismunur nema að því, að 1. gr. frumvarpsins bljóðar um kvongaðan prest, sem sækir og fær nýtt brauð, en 1. gr. hins 4. konungkjörna hljóðar ekki um þá, sem eru kvongaðir. Jeg get ekki fallizt á 1. gr. frumvarpsins óbreytta; í staðinn fyrir «sjerhver prestur» ætti að vera «sjerhver sóknarprestur», því að ef greinin er orðuð eins og í frumvarpinu, þá má heimlæra undir hana uppgjafaprest, sem ekki er sextugur að aldri, því að uppgjafaprestur er prestur, en hann er ekki sóknarprestur eptir vanalegri málsbrúkun. Einkum er það þó 2. málsgrein 1. greinar, sem jeg get ekki fellt mig við og sem er ófær, eins og hún er orðuð; þar er mælt svo fyrir, að hver kvongaður maður, sem fær prestsembætti eða nýtt brauð, sje skyldur að sjá ekkju sinni borgið, «þó því að eins að hann hafi gengið í hjónabandið, áður en hann varð sextugur»; eptir þessu er því 65 ára prestur, sem er kvongaður, en fær brauð, eða nýtt brauð, skyldur að greiða í ekknasjóðinn, ef hann að eins hefur kvongazt áður en hann varð sextugur, en þetta er í beinustu mótsögn við það, sem stendur í 10. gr., því eptir henni má hann eigi vera orðinn sextugur að aldri. Til þess að koma samhljóðun milli 1. gr. 2. málsgreinar, verður því að sleppa í 1. gr. orðunum: «þó því að eins, að hann hafi gengið í hjónaband, áður en hann varð sextugur», en geta þess, eins og stendur í fyrri málsgreininni, að hann eigi sje orðinn sextugur. Að öðru leyti fellur mjer vel við frumvarpið. Komist þessi breyting ekki á, fellst jeg á, að 1. gr. sje orðuð, eins og hinn 4. konungkjörni þingmaður hefur stungið upp á.

Stefán Eiríksson: Það er nú búið að ræða þetta mál allmikið og láta í ljósi ýmsar skoðanir um það, svo að jeg þarf ekki að vera langorður í þetta sinn; en jeg ætla að eins að láta í ljósi, hvernig jeg muni greiða atkvæði mitt. Jeg hef nóga lífsreynslu til þess að geta með vissu sagt, að ástand prestsekkna hjer á landi er fullkomlega bágborið; fyrir því vil jeg fylgja frumvarpinu í öllum aðalatriðum, og get vel fellt mig við breytingar nefndarinnar. Það getur hugsazt, eins og landshöfðingi tók rjettilega fram, að það valdi landssjóðnum byrðar fyrst um sinn, en það verður víst ekki til lengdar; prestsekknasjóðurinn getur án efa vel borið sig, þegar fram í sækir, og fyrst að þingið 1879 áleit nauðsynlegt, að lög kæmust á um þetta efni, þá er líklegt, að það fari ekki að hafna þeim nú. Það er líka skrítið, að þegar verið er að tiltaka eptirlaun handa prestum, þá skuli ekki vera tekið neitt tillit til ekkna þeirra, eins og ekkna annara embættismanna, og mig furðar stórlega á því, að nokkur prestur skuli geta fengið af sjer að vera á móti máli þessu. Jeg skal svo ekki fara fleirum orðum um þetta mál að sinni, en að eins geta þess, að jeg held, að jeg hallist heldur að breytingaratkvæði hins 4. konungkjörna þingmanns; mjer líkar það betur heldur en 1. gr. frumvarpsins.

Sigurður Melstað: Framsögumaður skýrði frá, að frumvarp þetta hefði inni að halda rjettarbót fyrir prestsekkjur, og á hinn bóginn væru prestum sett væg kjör; hann gjörði og grein fyrir, hvers vegna meiri hluti nefndarinnar ekki getur fallizt á tillögur minni hlutans nje á breytingar-

uppástungu hins 4. konungkjörna þingmanns, og landshöfðingi hefur gjört grein fyrir, hvers vegna sanngjarnt væri, að prestsekkjur yrðu aðnjótandi eptirlauna sem aðrar ekkjur embættismanna. Þetta vakti allt fyrir meiri hluta nefndarinnar; hann lagði það til grundvallar og gekk út frá, að prestum mundi vera það ljúf skylda, að sjá ekkjum sínum borgið með fjárstyrk, sem ekki er hærri en sá, sem í frumvarpinu er ákveðinn; þess vegna fjellst hann á frumvarpið í allri aðalstefnu þess. Hinn 4. konungkjörni þingmaður gat þess í gær, að þegar rætt væri um mál, þar sem fleiri málspartar eru, þá yrði að taka tillit til allra málspartanna og gæta rjettlætis við hvern og einn, svo að á engan væri hallað; þetta er gullvæg grundvallarregla, sem allir hljóta að vera samdóma; hann gat og um, hverjir þessir málspartar væru hjer í þessu máli, að það væri prestsekkjur, prestar og landssjóðurinn. Meiri hluta nefndarinnar fannst þessi rjettlætisandi, að hagga ekki rjetti neins, ganga í gegn um allt frumvarpið; ekknanna rjettar væri gætt með því, að frumvarpið talar ekki að eins um konur þeirra presta, sem vígjast hjer eptir, heldur og konur allra, sem hjer eptir fá nýtt brauð; prestanna með því, að frumvarpið setur árgjaldið svo lágt sem hægt er, og lægra en annara, sem gjalda lífrentu; það gætir og rjettar landssjóðsins, eins og tekið er fram í ástæðunum fyrir frumvarpinu, og eins og landshöfðingi skýrði svo greinilega frá. Breytingaruppástunga hins 4. konungkjörna þingmanns virðist ekki líta svo fastlega á hag ekknanna; eptir henni komast inn undir frumvarpið að eins ekkjur þeirra presta, sem hjer eptir vígjast, en ekkjur þeirra, sem nú eru í brauðum, eru útilokaðar. Jeg vil því spyrja: Er nú í breytingaruppástungu hins háttvirta 4. konungkjörna þingmanns gætt rjettar allra? Það virðist eptir þessu, að sá málspartur verði út undan, sem sízt skyldi, ekkjurnar. Það er tillögur minni hlutans snertir, þá hefur framsögumaður og landshöfðingi talað um þær, svo að jeg þarf ekki að taka það upp aptur; en jeg skal leyfa mjer að bæta því við, að ef að frumvarpið væri byggt á «reikningslegri líkindaundirstöðu», þá yrði rjettur presta ekki sem beztur; árgjaldið yrði miklu hærra. Jeg skal færa til dæmi: Embættismaður hefur 1400 kr. laun, og samsvarar það hjer um bil meðalbrauði; hann er 32 ára að aldri og kona hans 26 ára; þegar hann á að tryggja henni eptirlaun, þá má hann borga 84 kr. árlega í lífseyri, svo að ekkjan fái 280 kr. á ári; þetta árgjald er helmingi hærra en til er tekið í frumvarpinu að prestar, sem í beztu brauðum sitja, skuli borga, og þó fær prestsekkjan litlu minni eptirlaun; það er auðsjeð, að það yrði ekki hagur fyrir prestinn, ef farið væri eptir þessu, og árgjaldið yrði þá því hærra, því meiri sem aldursmunur er á hjónunum. Jeg treysti því, að deildin hallist að frumvarpinu og áliti meiri hluta nefndarinnar, og fylgi þannig þeim rjettlætisreglum, sem þar er gætt.

Benidikt Kristjánsson: Jeg ætla að eins að leiðrjetta nokkrar missagnir, sem urðu hjá mjer seinast, er jeg tók til máls í máli þessu. Jeg finn ekki ástæðu til að leiðrjetta nokkuð það, sem jeg tók fram um lífsábyrgðarstofnunina, því að tölur mínar komu saman við tölur landshöfðingjans. Jeg skal ekki tala um það, sem landshöfðingi tók fram í ræðu sinni, þó að það sje á móti skoðun þeirri, sem látin var í ljósi hjer í efri deildinni 1879, nefnilega, að reglur þær, sem gætu tryggt lífsábyrgðarsjóði í öðrum löndum fyrir skaða, gætu ekki verið tryggjandi fyrir lífsábyrgðarsjóð fyrir íslenzka embættismenn, af því að íslenzkir embættismenn sjeu skammlífari en útlendir, þar eð þeir væru slysum og ýmsum lífshættum undirorpnir. En þær tölur, sem jeg tók úr töflu lífsábyrgðar-og framfærslu-stofnunarinnar frá 1871, og byggt er á, hvers lífsfjár ekkjur eiga að njóta, hef jeg ranghermt, ekki af ásettu ráði og — jeg þarf ekki að segja deildarmönnum það — ekki til þess, að styrkja mig eða aðra í mótmæl-

um gegn frumvarpinu. Jeg skal nú tilgreina fáeinar tölur úr töflum þessum, ef vera kynni, að deildarmönnum væru þær ekki kunnar, þeim til athugunar. Jeg geng út frá presti í fátæku brauði, sem á að tryggja ekkju sinni 100 kr. styrk eptir sinn dag eptir frumvarpinu; þá er svo ákveðið, að, ef presturinn er 26 ára og konan 21 árs, þá skuli árgjaldið vera 19 kr. 86 a.; talan bendir á, að í frumvarpinu er heimtað litlu meira en hjer, nefnil. 20 kr., en það er þó ekki mikið. Ef nú er tekinn annar aldur, t. a. m. ef presturinn er 25 ára en konan 50 ára, þá á presturinn að gjalda 9 kr. 24 a. árlega. Þetta sýnir, að það er gripið til af handabófi í frumvarpinu, þar sem prestinum er þar gjört meira en helmingi meira tillag á ári heldur en í lífsábyrgðarstofnuninni; hjer getur því ekki átt við það, sem framsögumaður sagði, að enginn yrði of hart úti, engum væri gjört rangt til. En hvernig komast nú eldri prestar af með árgjald sitt. 59 ára prestur, sem á 18 ára gamla konu, á eptir frumvarpinu að borga 20 kr. á ári, en eptir reglum lífsábyrgðarstofnunarinnar 112 kr. 24 a. Hjer virðist eldri prestinum gefið það, sem tekið er af hinum yngri um of, og þó miklum mun meira. Þótt ágreiningstillaga mín sje stutt, þá lagði jeg samt áherzlu á ójöfnuð, sem frumvarpið hefur í för með sjer, en jeg lagði enga áherzlu á það, að það væri of hart, að leggja prestum ekkjustyrksskylduna á herðar; jeg álít einmitt æskilegt að útvega prestsekkjum lífsfje, þar sem jeg segi í ágreiningstillögunni: «tilgangur þessa lagafrumvarps er góður», en jeg geng inn á það því að eins, að það sje gjört á sanngjarnan hátt, og það verður þá fyrst, þegar tekið er tillit til aldurs og aldursmismunar. Jeg tel víst, að ákvarðanir lífsábyrgðarstofnunarinnar sjeu stýlaðar svo, að hún geti vel borið sig, og jeg sje ekki annan sanngjarnari veg, en að útvega prestsekkjum lífsfje, eins og gjört er við þessa stofnun; ef menn þá vilja hlífa prestastjettinni, þá er hægt að láta tillögin vera lægri en stofnunin heimtar, þó svo, að hlutföllin sjeu óbreytt; en jeg get á engan hátt fellt mig við, að tillagið sje bundið við þann brauðaflokk, sem brauð prestsins er í, og ekkert annað; það bætir ekkert um, þó að lög sjeu um þetta í öðru landi, ef annar sanngjarnari vegur sjest; og ekki af því, að jeg álít, að trú eigi hvergi við nema í trúarefnum, heldur af því, að jeg get ekki sjeð nein líkindi og því síður skynsamlegar ástæður til þess, að hinn fyrirhugaði prestsekknasjóður dafni, eins og landshöfðingi tók fram, og að jeg get engan trúnað lagt á áætlunarreikning hans. Mjer finnst það ekki vera full sönnun, þó að prestsekknasjóðir í Danmörku standi vel; það getur verið af allt öðrum orsökum, sem þeir hafa grætt þetta fje, en þeim, að ártillög presta, eins ákveðin og í frumvarpinu, hafi orðið þeim til auðsælda. Spursmálið er að eins um, hvað sje sanngjarnt, og hvað sje ósanngjarnt, og það er ekki bundið við nafn stofnunarinnar, sem sumir leggja áherzlu á, heldur við það, hvernig stofnuninni er háttað. Þrátt fyrir allar þær ástæður, sem jeg hef heyrt í þessu máli, þá er jeg fastur á því, að æskilegt sje að hverfa frá frumvarpinu; en ef þinginu er umhugað um þetta mál, þá til búi það nýtt frumvarp, sem byggt er á betri og sanngjarnari grundvelli.

Þá var gengið til atkvæða, og fjellu þau þannig:

Breytingaruppástunga hins 4. konungkjörna þingmanns við 1. grein samþykkt með 9 atkv., var þá 1. grein frumvarpsins fallin.

Breyting meiri hluta nefndarinnar við 2. gr. samþykkt með 10 atkv.

2. gr. frumvarpsins með áorðinni breyting samþykkt með 8 atkv.

Breytingar meiri hluta nefndarinnar við 3. gr. samþykktar án atkvæða.

3. gr. frumvarpsins með áorðnum breytingum samþykkt með 9 atkv.

Viðauki meiri hluta nefndarinnar við 3. gr. felldur með 6 atkv. gegn 3.

Breyting meiri hluta nefndarinnar við 4. gr. samþykkt án atkvæða.

4. gr. frumvarpsins með áorðinni breyting samþykkt með 8 atkv.

Viðauki meiri hluta nefndarinnar við 4. gr. sjálffallinn.

Breyting meiri hluta nefndarinnar við 5. gr.: fyrir: «áhöfn prestseturs ins» komi: «eigum sínum» samþykkt með 10 atkv.

Aðrar breytingur meiri hluta nefndarinnar við 5. gr. samþykktar án atkvæða.

5. gr. frumvarpsins með áorðnum breytingum samþykkt með 9 atkv.

Breytingar meiri hluta nefndarinnar við 6. gr. samþykktar án atkv.

6. gr. frumvarpsins með áorðnum breytingum samþykkt með 9 atkv.

Breyting meiri hluta nefndarinnar við byrjun 7. greinar samþykkt án atkv.

1. málsgrein í 7. gr. frumvarpsins að undanteknum orðunum: «eða giptist aptur», samþykkt með 8 atkv.

2. málsgrein í 7. gr. frumvarpsins og orðin í 1. málsgr: «eða giptist aptur» felld með 8 atkv.

Breyting meiri hluta nefndarinnar við 2. málsgr. í 7. gr. þar við fallin.

Viðauki meiri hluta nefndarinnar við 3. málsgr. 7. gr. samþykktur með 7 atkv.

Breyting hins sama við 4. málsgr. 7. gr. samþykkt án atkvæða.

3. og 4. málsgr. í 7. gr. með áorðnum breytingum samþykktar með 9 atkv.

Breytingar meiri hluta nefndarinnar við 8. gr. samþykktar án atkv.

8. gr. frumvarpsins með áorðnum breytingum samþykkt með 9 atkv.

9. gr. frumvarpsins samþykkt með 9 atkv.

10. — —»— —»— — 9 —

11. — —»— —»— — 11 —

12. — —»— —»— — 9 —

13. — —»— —»— — 9 —

Breyting meiri hluta nefndarinnar við 14. gr., að í staðinn fyrir: «koma til framkvæmdar samkvæmt 1. gr» komi: «öðlast gildi og nýr prestur kemur til brauðs, samkvæmt 1. gr», samþykkt með 6 atkv.

Viðauki hins sama við 14. gr: «þar sem prestsekkja . . . árin á undan» felldur með 7 atkv. gegn 3.

14. gr. frumvarpsins með áorðinni breyting samþykkt með 9 atkv.

15. gr. frumvarpsins samþykkt með 9. atkv.

16. — —»— —»— — 9 —

Fyrirsögnin samþykkt án atkvæða.

Málinu vísað til 3. umræðu með 10 atkvæðum.

ÞRIÐJA UMRÆÐA Í EFRI DEILD,
á 15. fundi, 22. dag júlímánaðar.

Frumvarpið, eins og það var samþykkt við 2. umræðu, sjá I, 137—139.

Breytingartillögur
við frumvarp til laga um skyldur presta að sjá ekkjum sínum borgið með fjárstyrk eptir sinn dag o. s. frv., eins og það var samþykkt við 2. umræðu i efri deild alþingis.

Að 1. grein orðist þannig: «Sjerhver sá sóknarprestur, sem eigi er sextugur að aldri, er skyldur til, áður en hann gengur í hjónaband, að sjá konu sinni, ef hún verður ekkja, borgið með fjárstyrk úr prestsekknasjóði Íslands, eptir reglum þeim, er á eptir fara.

Sömuleiðis er það skylda hvers manns, sem ekki er orðinn sextugur, og sem, eptir að lög þessi öðlast gildi, fær veitingu fyrir brauði, eða nýtt brauð, að sjá konu sinni, ef hún verður ekkja, borgið á sama hátt með fjárstyrk».

Jón Pjetursson. Pjetur Pjetursson.
Sigurður Melsteð.

Landshöfðingi: Jeg leyfi mjer að mæla sem bezt með breytingaruppástungu þeirri, sem fram er komin frá 3 heiðruðum þingmönnum. Jeg hef ekki sjálfur gjört breytingaruppástungu, þó að hin nýja grein, sem komin er í stað 1. greinar frumvarpsins sje

mjög óheppileg, þegar tekið er tillit til tilgangs frumvarpsins, sem er alveg samkvæmur því, sem fram fór á þinginu 1879, að ljetta prestsekknabyrðinni af brauðunum sem allra-fyrst; en það er auðsjeð, að eptir greininni hlýtur þessi breyting að dragast um langan tíma; tilgangi þingsins 1879 verður ekki náð fyr en eptir langan tíma. Jeg vil því mæla sem bezt með því, að breytingaruppástunga sú, sem hjer liggur fyrir, fái framgang, og þó að henni verði hafnað hjer, þá vona jeg, að hún komi aptur fram í neðri deildinni.

Af því að fleiri tóku ekki til máls, var gengið til atkvæða, og var breytingaratkvæði hinna 3 þingmanna fellt með 7 atkvæðum gegn 3; en frumvarpið í heild sinni samþykkt með 9 atkvæðum; kvað forseti það nú mundu verða sent forseta neðri deildar með tilmælum um, að leggja það fyrir deildina.

FYRSTA UMRÆÐA í NEÐRI DEILD,
á 25. fundi, 28. dag júlímánaðar.

Frumvarpið, eins og það var samþykkt við 3. umræðu í efri deild, sjá I, 146—149.

Landshöfðingi: Þar sem frumvarp það, sem alþingi í hitt eð fyrra samþykkti um skyldu presta til að sjá ekkjum sínum borgið með fjárstyrk eptir sinn dag, ekki náði staðfestingu konungs af þeim ástæðum, er birtar hafa verið í stjórnartíðindunum 1880, B. tölulið 78, og sem jeg hjer skal skírskota til, og þar sem jeg við umræðu í þessari háttvirtu deild í hitt eð fyrra hafði lofað þinginu að mæla með þessu frumvarpi í sambandi við frumvörp þau til laga, um skipun prestakalla, um eptirlaun presta og um stjórn safnaðarmála, sem öll eru staðfest 27. febr. 1880, hefur frumvarp það, er hjer liggur fyrir, verið samið til að ná tilgangi þeim, er þingið í hitt eð fyrra áleit nauðsynlegan til þess að ljetta af prestaköllunum þeirri eptirlaunabyrði til prestsekkna, sem á þeim hvílir samkvæmt hinum gildandi lögum, tilskipun 15. desember 1865, og til þess að útvega prestsekkjum betri kjör, með því að gjöra prestunum, eins og öðrum embættismönnum landsins, að skyldu, að sjá ekkjum sínum borgið með fjárstyrk eptir sinn dag.

Það heppnaðist eigi, eins og skýrt er frá í hinu tilvitnaða stjórnarbrjefi, að útvega fyrir landssjóðsins hönd ábyrgð fyrir þeim fjárstyrk, er getið er um í 8. grein lagafrumvarpsins frá því í hitt eð fyrra, í hinum danska lífsábyrgðarsjóði frá 1871 eða öðru slíku fjelagi, og þess vegna hefur verið reynt til með þessu frumvarpi að ná þeim tilgangi, sem alþingi í hitt eð fyrra, eptir tillögu nefndar þeirrar, sem í þessari heiðruðu deild var falið á hendur prestakallamálið í heild sinni, áleit nauðsynlegar í þessu tilliti, með því að koma á stofn prestsekknasjóði með líku fyrirkomulagi og reynt hefur verið í Danmörku og þar um langan aldur hefur heppnazt mjög vel.

Á þessu stigi málsins má samkvæmt þingsköpunum ekki ræða hinar einstöku greinir frumvarpsins; jeg skal þess vegna að eins taka það fram, að þær eru að efninu til samhljóða frumvarpi alþingis frá í hitt eð fyrra, með þeirri breytingu, sem er nauðsynleg afleiðing þess, að í staðinn fyrir lífsábyrgðarsjóð í eiginlegum skilningi er stungið upp á að stofna prestsekknasjóð, þar sem ekki er tekið tillit til aldurs hlutaðeigandi hjóna, en ætlazt er til, að öll prestastjettin í heild sinni smámsaman taki að sjer eptirlaunabyrði þá, er nú hvílir á hinum einstöku prestaköllum.

Með breytingu þeirri, er hin heiðraða efri deild hefur gjört við 1. gr., mun það dragast um langan tíma, að ná tilgangi alþingis frá í hitt eð fyrra, og jeg skal láta það á valdi þessarar heiðruðu deildar, hvort hún vill samþykkja þessa breytingu á stjórnarfrumvarpinu; en í því var 1. gr. alveg samhljóða að efninu til lagafrumvarpinu frá í hitt eð fyrra.

Guðmundur Einarsson: Yfir höfuð geðjast mjer ekki að aðalstefnu frumvarpsins,

en þó álít jeg í því rjettarbót, einkum ef prestar nota leyfi það, sem þeim er heimilað í 5. grein. Mjer þykir leitt, að hinn hæstvirti landshöfðingi er genginn burt úr salnum, því jeg hefði viljað beiðast hjá honum skýringar á 14. grein, sem mjer þykir óljóslega orðuð, en fyrst svo er, að landshöfðinginn er genginn burt, þá skal jeg ekki fara um það fleirum orðum.

Varaforseti: Þótt jeg sje ekki að öllu leyti samþykkur þessu frumvarpi, þá vil jeg samt leggja það til, að það gangi til 2. umræðu. Af fyrstu grein frumvarpsins leiðir, að verði það að lögum, þá nær það fyrst að öllu leyti tilgangi sínum eptir langan tíma. Að þessu leyti þykir mjer það þurfa breytingar við, og má koma með breytingaruppástungur í þá átt, við 2. umræðu. Jeg skal játa það, að 14. greinin er óljós, en mjer virðist rjettast, að skilja hana á þá leið, að þá er prestur kemur að brauði, sem befur sjeð ekkju sinni borgið með fjárstyrk, þá þurfi hann eigi að greiða ekkju þeirri, sem kann að vera fyrir i brauðinu þann fjárstyrk, sem hún hefur haft af því brauði, heldur fái hún jafngildi hans úr ekkjusjóðnum.

Eiríkur Kúld kvaðst einungis vilja áskilja sjer rjett til að koma með breytingaratkvæði við 1. og 7. gr. frumvarpsins.

Síðan var gengið til atkvæða, og var samþykkt með 20 atkvæðum, að frumvarpið gengi til 2. umræðu.

ÖNNUR UMRÆÐA Í NEÐRI DEILD,
á 29. fundi, 1. dag ágústmánaðar.

Breytingartillögur
við frumvarp til laga um skyldu presta, að sjá ekkjum sínum borgið með fjárstyrk eptir sinn dag, og stofnun prestsekknasjóðs, eins og það var samþykkt við 3. umræðu í efri deild.

a.

Breytingaratkvæði

Við 1. grein. Grein þessi orðist þannig:

«Hver sá sóknarprestur, sem eigi er sextugur að aldri, er skyldur til, áður en hann gengur í hjónaband, að sjá konu sinni ef hún verður ekkja, borgið með fjárstyrk úr prestsekknasjóði Íslands, eptir reglum þeim, er á eptir fara.

Hver sá prestur, sem eptir að lög þessi hafa öðlazt gildi, fær veitingu fyrir brauði eða nýtt brauð og er eigi sextugur að aldri, er og skyldur til að sjá konu sinni, ef hún verður ekkja, borgið á sama hátt með fjárstyrk.

Þórarinn Böðvarsson. Eiríkur Kúld.

b.

Viðaukatillaga.

Við 7. grein. Aptan við 2. málsgrein bætist: «Nú giptist prestsekkja bónda, og verður aptur ekkja, skal hún þá fá þann fjárstyrk, er henni hafði borið sem prestsekkju».

Þorlákur Guðmundsson.

Guðmundur Einarsson: Mjer kom það mjög illa, að hinn hæstvirti landshöfðingi ekki var inni við 1. umræðu þessa máls, því jeg ætlaði að leyfa mjer að spyrja hann um skilning hans á 14. grein, og hikaði jeg mjer við að koma með breytingaratkvæði við hana, fyr en jeg væri búinn að heyra þýðingu hans á henni, því mjer finnst í henni vera hinn mesti ójöfnuður, ef minn skilningur er rjettur.

(Síðan las þingmaðurinn greinina upp).

Jeg skal taka til dæmis Hítardalsprestakall; þar er bláfátæk ekkja í brauðinu, sem nýtur $^1/_8$ af tekjum brauðsins, ef nú sá prestur, sem þar er, sækir burt og fer frá brauðinu eða deyr, missir hún þá fjárstyrk sinn og fellur hann niður? Þessi skilningur minn styðst einnig við nefndarálit efri deildarinnar, því nefndin hefur einmitt skilið þetta eins og jeg. Það sýnir viðaukaatkvæði hennar, sem efri deildin hefur fellt. Það sjá þó allir, að það er ójöfnuður að svipta ekkjur þeim rjetti sínum, er þær hafa fengið, og jafnvel lengi notið.

Landshöfðingi: Út af fyrirspurn hins háttvirta þingmanns Dalamanna um skilning minn á 14. gr. 1. tölulið, þá skal jeg geta þess, að jeg verð að skilja orð hans: «jafnótt og lög þessi öðlast gildi og nýr prestur kemur til brauðsins samkvæmt 1. gr».., á þann hátt, að lögin ekki nái til neinnar prestsekkju, sem nú hefur eptirlaun eða tilkall til þeirra af brauðinu samkvæmt tilskipun 15. desember 1865, fyr en búið er samkvæmt þessu frumvarpi að sjá henni fyrir fjárstyrk þeim, er hjer ræðir um, úr prestsekknasjóðnum, en jeg skal játa það, að orðin sjeu óljós í frumvarpi efri deildarinnar og þurfi breytingar við, sem geti tekið af allan vafa um hinn rjetta skilning, sem sje, að með þessari ákvörðun verði ekki lögð nein byrði á landssjóðinn.

Jeg skal leyfa mjer að mæla með breytingaruppástungu hins háttvirta varaforseta og hins háttvirta þingmanns Barðstrendinga, af því að hún er alveg samhljóða tilgangi alþingis í frumvarpi því, sem alþingi samdi í hitt eð fyrra, og sem tekinn hefur verið til greina í stjórnarfrumvarpinu, en breytt í hinni háttvirtu efri deild. Það er að eins með því, að taka þessa ákvörðun aptur upp í frumvarpið, að eptirlaunabyrði sú, er nú sem stendur hvílir á prestaköllunum, verði ljett af þeim innan skamms eða á þeim tíma, er ætlazt var til með frumvarpi alþingis í hitt eð fyrra, og á hinn bóginn mun þessi breyting einnig styðja að því, að prestsekknasjóðurinn verði sem fyrst fær um að standa sjálfur straum af útgjöldum þeim, er á honum eiga að hvíla, án tillags úr landssjóði.

Önnur breyting, sem komst á frumvarp hinnar heiðruðu efri deildar, virðist mjer einnig miður heppileg, en hinum háttvirta þingmanni hefur ef til vill yfirsjezt þessi breyting, en hún er sú, að orðunum í 7. gr. stjórnarfrumvarpsins 1. málsgr.: «eða giptist aptur» er sleppt, og 2. málsgr.: «sje fjárstyrkur fallinn niður o. s. frv.» felld úr. Þessi ákvörðun, sem efri deild hefur fellt úr frumvarpinu, af því hún virtist deildinni ósamkvæm hinu «kontraktmæssige» eðli lífsábyrgðarsjóðsgjalds, var sett í frumvarpið einmitt af því, að fjárstyrk þann, er hjer ræðir um, á að skoða sumpart sem lífsábyrgðar styrk, og sumpart sem eptirlaun, og skal jeg í því tilliti visa til athugagreinar við 7. gr. bls. 6: «enda mælir það fram o. s. frv.». Viðaukatillaga hins háttvirta 1. þingmanns Árnesinga, sem jeg að sumu leyti ekki hef neitt á móti, er líklega komin af því, að þingmanninum hefur yfirsjezt breyting sú, er jeg nú gat um, en jeg vil leyfa mjer að skjóta því til hinna háttvirtu þingmanna, hvort ekki sje ástæða til að taka aptur ákvörðun 7. gr. stjórnarfrumvarpsins upp í hana við 3. umræðu.

Varaforseti: Breyting sú, sem á er orðin 1. gr. frumvarpsins í efri deildinni, hefur að vísu það til síns ágætis, að hún gjörir meiri jöfnuð á, en með þessum kosti hefur hún einnig ókost, sem ekki er þýðingarlaus, þann ókost sem sje, að lög þessi ná svo seint lagagildi í rjettum skilningi, það er að segja: koma svo seint að tilætluðum notum, að nema mundi hjer um til hálfri öld. En auk þess, ber það að athuga, að landssjóður verður að leggja til óákveðna uppbæð, því að það getur numið löngum tíma, að ekknasjóðurinn þróist að mun af þeim peningum, sem prestar leggja í hann: ef þeir byrja fyrst að leggja í hann, eptir að þeir eru kvongaðir menn, kemur og ójöfnuðurinn fram í því, að þeir leggja með því móti í sjóðinn ef til vill að eins örskamman tíma. Í 14. gr. frumvarpsins er það ljóst, að skylda sú, sem samkvæmt tilsk. 15. des. 1865 hefur hvílt á prestaköllunum, fellur niður, jafnóðum og lög þessi öðlast gildi, og prestur kemur í brauðið, sem hefur sjeð ekkju sinni borgið; en bitt kann að vera óljóst, hvort ekkjur þær, sem eru fyrir í brauðunum, eiga að missa nokkurs í við þau umskipti, og er þó varla nokkur ástæða til að ætla, að löggjafarvaldið hafi ætlazt til, að greinin yrði svo skilin, að þær skyldu missa það, sem þær höfðu og ekkert fá í staðinn, heldur blýtur meining frumvarpsins

að vera sú, að prestsekkjan haldi þeim styrk, sem hún hafði þá þegið, en fái hann greiddan úr ekkjusjóði. Sje þessi hinn rjetti skilningur á greininni, sje jeg ekkert að því, að halda henni eins og hún er, en sje hitt meiningin, að prestsekkjan skuli missa af þeim styrk, sem hún hefur, þarf greinin sannarlega umbóta við.

Jón Ólafsson: Jeg er á móti því principielt, að borgað sje prestum eða prestsekkjum úr landssjóði fram yfir það, sem nú er. Þar á móti sje jeg, að nauðsyn ber til, að prestsekkjum sje borgið betur en nú er. En þetta frumvarp er hvorki heilt nje hálft, hvorki hrátt nje soðið. Þegar jeg las það, datt mjer í hug vísan um álfana:

«Hafa þeir bæði heyrn og mál, hold og blóð með skinni, vantar ei nema sjálfa sál; sá er hlutnrinn minni».

Svo er og um frumvarp þetta; það vantar einmitt sjálfa sálina. Frumvarpið er byggt á, að miða tillagshæð presta við tekjubæð brauðanna, sem þeir eru á, í stað þess að byggja eingöngu á aldri þeirra og útsjóninni fyrir lífsaldri þeirra eptir rjettum lífsábyrgðarreglum og aldurstöflum. Þetta er sálin, sem vantar í frumvarpið. Það eru prestarnir *sjálfir*, sem ættu að sjá ekkjum sínum borgið, en ekki landssjóðurinn, sbr. 12. gr., og eins og jeg hef áður á minnzt, væri þeim langt um kostnaðarminna, að ganga í lífsábyrgðarfjelagið danska, ef þeim væri gjört það að skyldu, heldur en að leggja fje í þennan sjóð. Það væri þá nær, að borga i prestsekkjusjóðinn á sama hátt, og borgað er í hinn danska lífsábyrgðarsjóð; það yrði þó eptir rjettum og eðlilegum hlutföllum, þó það hefði einnig einn, nefnilega þann galla, að við yrðum að borga stjórn sjóðsins. En eins og jeg sagði, kostnaðarminnst yrði, að gjöra prestum að skyldu, að leggja í binn danska lífsábyrgðarsjóð, sem tekur svo lítið gjald, sem hugsanlegt er. Tillagið hafði, þegar hann var stofnaður, orðið nokkuð of hátt, en 1871 var fyrirkomulaginu breytt; þá hafði safnazt upp svo mikill sjóður, af því tillagið hafði verið of hátt, að renturnar af þeim sjóði nægja til að borga allan kostnað við stjórn fjelagsins; en þá var tillagið lækkað svo, að það rjett að eins hrökkur til eptirlaunanna, en fjelagið leggur ekkert upp. Vjer mundum því, með því að láta presta ganga inn í danska lífsábyrgðarfjelagið, spara kostnað þann, er leiða mundi af að stjórna sjerstökum sjóði.

Grímur Thomsen: Þegar frumvarp þetta var til umræðu í efri deildinni, var nefndin mjög í efa um, hvort hún ætti að láta það ganga gegnum, og einn í nefndinni gjörði ágreiningsatkvæði út af þeirri byrði, sem frumvarpið legði á landssjóð, og varð ágreiningurinn mestur út af 1. gr. frumvarpsins. Loks varð það ofan á, að setja í frumvarpið þá 1. gr., sem bjer stendur, til þess að frumvarpið næði fram að ganga. En nú vilja höfundar breytingartillögunnar einmitt breyta þessari sömu 1. gr. alveg í sömu átt og stjórnarfrumvarpið fór fram á, sem efri deildin gat ekki aðhyllzt. Má jeg þá spyrja: Finnst deildinni nokkur ástæða til að ætla, að hin heiðraða efri deild fallist á frumvarpið með þessari breytingu, sem fer þvert ofan í hennar eigin tillögu?

Þorlákur Guðmundsson: Það, sem eiginlega kom mjer til að koma fram með þessa viðaukatillögu mína, var það, að jeg saknaði ákvörðunar úr 7. grein í stjórnarfrumvarpinu. Mjer þótti það óeðlilegt, að ekkjan skyldi missa sinn styrk fyrir það, að hún hefði gipzt bónda, eptir að hún var orðin prestsekkja, ef hún verður ekkja í annað sinn. Jeg get ekki skilið, af hverjum rótum þessi ákvörðun getur verið runnin, nema ef það skyldi vera af því, að bændastjettin á hjer lítinn hlut að máli. Það sýnist miður eðlilegt, ef að fyrri maður hefur tryggt konu sinni fjárstyrk eptir sinn dag af sameiginlegu fje þeirra beggja, að hún ekki öðlist hann, ef hún aptur verður ekkja. Landsböfðingi virtist að vera breytingaruppástungu minni meðmæltur, en áleit rjettara, að taka það upp eins og það

er í stjórnarfrumvarpinu, en jeg vil ekki taka hana aptur, en legg hana á vald hinnar heiðruðu deildar.

Jeg skal ekki halda langri vörn uppi fyrir breytingartillögunni, og læt mjer í því tilliti nægja, að skírskota til ræðu landshöfðingja og varaforseta. En jeg vil vekja athygli hins heiðraða þingmanns Borgfirðinga á því, að haldi maður 1. gr., eins og hún kom frá efri deildinni, þá nær frumvarpið ekki tilgangi sínum fyr en eptir 50—60 ár. Um 14. gr. er jeg alveg samdóma hinum heiðraða þingmanni Dalamanna. Þar á móti get jeg ómögulega fallizt á það, sem hinn heiðraði 2. þingmaður Suður-Múlasýslu sagði, að það hafi verið hann, sem fyrstur kom með þetta mál inn á þing. Það mun hafa verið þingmaður Reykvíkinga, sem fyrstur manna bar þetta mál fram á þingi 1879 (*Jón Ólafsson:* 1877 ritaði jeg um málið; það er þó fyr). En hvað sem því líður, hef jeg það móti frumvarpi þessu, að það er byggt á röngum grundvelli. Jeg tek til dæmis, að í Danmörku kvongast 58 ára gamall maður 18 vetra stúlku; hann verður að borga 120 kr. í lífsábyrgðarsjóð til að geta átt von á 100 kr.; en kvongist hjer 58 ára gamall prestur 18 ára gamalli stúlku, þarf hann ekki að borga nema 20 kr. til að geta fengið 100 kr., og ekki meira en 25 ára gamall prestur, sem kvongast fimmtugum kvennmanni. Þetta hef jeg sem mjög verulegt atriði móti frumvarpinu, en vil þó aðhyllast breytingartillöguna til þess að reyna að fá frumvarpinu framgengt.

Tóku þá eigi fleiri til máls, og var því gengið til atkvæða.

Atkvæðagreiðslan fjell þannig:

Breytingaratkvæði Þórarins Böðvarssonar og Eiríks Kúlds við 1. gr. var fellt með 14 atkvæðum gegn 7; sökum óljósrar atkvæðagreiðslu var viðhaft nafnakall og sögðu þessir

Já:

Eiríkur Briem.
Magnús Andrjesson,
Eiríkur Kúld,
Friðrik Stefánsson,
Jón Jónsson,
Þórarinn Böðvarsson,
Þorsteinn Thorsteinson.

Nei sögðu:

Benidikt Sveinsson,
Egill Egilson,
Grímur Thomsen,
Guðmundur Einarsson,
Halldór Friðriksson,
Jón Ólafsson,
Lárus Blöndal,
Ólafur Pálsson,
Tryggvi Gunnarsson,
Þórður Magnússon,
Þorkell Bjarnason,
Þorlákur Guðmundsson,
Þorsteinn Jónsson,
Þorvarður Kjerulf.

1. gr. frumvarpsins óbreytt var samþykkt með 11 atkvæðum gegn 10.

2., 3., 4., 5. og 6. gr. voru felldar í einu með 12 atkvæðum gegn 8.

Viðaukatillaga Þorláks Guðmundssonar við 7. gr. frumvarpsins var samþykkt með 12 atkvæðum móti 9. Sökum óglöggrar atkvæðagreiðslu var nafnakall viðhaft, og sögðu

Já:

Magnús Andrjesson,
Eiríkur Kúld,
Friðrik Stefánsson,
Guðmundur Einarsson,
Halldór Friðriksson,
Jón Jónsson,
Þórarinn Böðvarsson,
Þórður Magnússon,
Þorkell Bjarnason,
Þorlákur Guðmundsson,
Þorsteinn Jónsson,
Þorsteinn Thorsteinson.

Nei sögðu:

Eiríkur Briem,
Benidikt Sveinsson,
Egill Egilsson,

Grímur Thomsen,
Jón Ólafsson,
Lárus Blöndal,
Ólafur Pálsson,
Tryggvi Gunnarsson,
Þorvarður Kjerulf.

Síðan var 7. gr. frumvarpsins með þessari breytingu samþykkt með 15 atkvæðum gegn 3.

8., 9. og 10. gr. samþykktar með 13 atkvæðum,

11., 12. og 13. gr. felldar með 11 atkvæðum gegn 8.

14. gr. samþykkt með 14 atkvæðum.

15. gr. samþykkt með 13 atkvæðum gegn 8; var nafnakall viðhaft, og sögðu þessir

Já:
Eiríkur Briem,
Eiríkur Kúld,
Grímur Thomsen,
Guðmundur Einarsson,
Halldór Friðriksson,
Jón Ólafsson,
Lárus Blöndal,
Tryggvi Gunnarsson,
Þórarinn Böðvarsson,
Þorkell Bjarnason,
Þorlákur Guðmundsson,
Þorsteinn Thorsteinson,
Þorvarður Kjerúlf.

Nei sögðu:
Magnús Andrjesson,
Benidikt Sveinsson,
Egill Egilson,
Friðrik Stefánsson,
Jón Jónsson,
Ólafur Pálsson,
Þórður Magnússon,
Þorsteinn Jónsson.

16. gr. samþykkt með 11 atkvæðum gegn 10; en sakir óljósrar atkvæðagreiðslu var viðhaft nafnakall og sögðu þessir

Já:
Eiríkur Briem,
Egill Egilson,
Eiríkur Kúld,
Guðmundur Einarsson,
Halldór Friðriksson,
Jón Ólafsson,
Lárus Blöndal,
Þórarinn Böðvarsson,
Þorkell Bjarnason,
Þorlákur Guðmundsson,
Þorsteinn Thorsteinson.

Nei sögðu:
Magnús Andrjesson,
Benidikt Sveinsson,
Friðrik Stefánsson,
Grímur Thomsen,
Jón Jónsson,
Ólafur Pálsson,
Tryggvi Gunnarsson,
Þórður Magnússon,
Þorsteinn Jónsson,
Þorvarður Kjerulf.

Síðan var samþykkt með 14 atkvæðum, að frumvarpið gengi til 3. umræðu.

ÞRIÐJA UMRÆÐA Í NEÐRI DEILD,

á 37. fundi, 8. dag ágústmánaðar.

Frumvarpið, eins og það var samþykkt við 2. umræðu, sjá I, 319—320.

Breytingartillögur

við frumvarp til laga um skyldu presta að sjá ekkjum sínum borgið með fjárstyrk eptir sinn dag og um stofnun prestsekknasjóðs, eins og það var samþykkt við 2. umræðu í neðri deild alþingis.

Í staðinn fyrir 1., 2., 3., 4., 5. og 6. gr. frumvarpsins komi:

1. gr.

Hver sá, sem vígist til prests, eptir að lög þessi hafa öðlazt gildi, er skyldur til að sjá konu sinni, ef hún verður ekkja, borgið með árlegum fjárstyrk æfilangt frá hinni dönsku lífsábyrgðar- og umönnunarstofnun frá 1871, og skal styrkurinn byrja við dauða hans og nema að minnsta kosti $^1/_{10}$ af löggiltri matsupphæð prestakalls þess, sem honum er veitt, og má styrkurinn þó eigi minni vera en 100 kr. Undan þessu eru skildir

þeir prestar, sem sanna fyrir landsstjórninni, að konum þeirra, ef þær verða ekkjur, sje borgið með eigi minni árlegum tekjum, en fjárstyrkur sá er, sem áður var nefndur.

2. gr.

Enginn prestur má gefa í hjónaband annan prest, sem eptir 1. gr. er skyldur að sjá konu sinni borgið með fjárstyrk, ef hún verður ekkja, nema hann sanni, að hann hafi sent landshöfðingja beiðni um, að mega sjá henni borgið á þann hátt, er að framan segir. Brot gegn ákvörðun þessari varða 50 kr. sekt til landssjóðs.

3. gr.

Landshöfðinginn skal gæta þess, að skyldum presta til að sjá ekkjum sínum borgið verði fullnægt, og getur, ef á þarf að halda, þröngvað hlutaðeiganda til þess með sekt.

4. gr.

Tillag það, sem greiða skal til lífsábyrgðarstofnunarinnar, tekur landssjóður að sjer að greiða á ákveðnum gjalddaga móti tafarlausu endurgjaldi af hlutaðeigandi presti, og skal í tæka tíð halda því eptir af þeim embættislaunum, er honum kann að bera úr landssjóði, en þegar öðruvisi stendur á, má taka það lögtaki, ef það er eigi greitt í ákveðinn tíma. Ef hlutaðeigandi prestur deyr, áður en tillag það er greitt, sem komið er í gjalddaga, skal halda eptir af fjárstyrk ekkjunnar jafnmiklu og tillaginu nemur.

5. gr.

Nú missir prestur embætti sitt, og er hann þá laus við þá skyldu, að sjá konu sinni borgið á þann hátt, er áður segir.

6. gr.

Ef prestur hefur fengið skilnaðardóm við konu sína, er hann eptirleiðis laus við þá skyldu, að sjá þeirri konu borgið sem ekkju, er hann hefur skilið við. Þegar hjón fá skilnað með leyfisbrjefi, skal farið eptir skilnaðarkostum um það, hvort skuldbinding prestsins, að sjá þeirri konu, er hann þannig skilur við, borgið sem ekkju, á að við haldast eða eigi. Sje eigi annað ákveðið með berum orðum, við helzt skuldbindingin.

7. gr.

Skylda sú, er samkvæmt tilsk. 15. desbr. 1865 hvílir á prestaköllunum til þess að greiða eptirlaun til prestaekkna, fellur niður, það er til ekkna kemur eptir þá presta er vígslu taka, eptir að lög þessi öðlast gildi. Samt skal ekkjum eptir presta, sem deyja í brauðum sínum, framvegis heimilt, samkvæmt konungsbrjefi 5. júní 1750, að taka fyrir venjulegt eptirgjald til ábúðar þá af jörðum prestakallsins, sem stiptsyfirvöldin ákveða.

7. gr. frumvarpsins verði 8. gr.

8. gr. frumvarpsins verði 9. gr.

Í fyrirsögninni falli burt orðin: »og um stofnun prestsekknasjóðs«.

Eiríkur Briem. Þorvarður Kjerulf.
Guðmundur Einarsson. Jón Ólafsson.
Þórarinn Böðvarsson. Magnús Andrjesson.

Eiríkur Briem: Jeg er einn á meðal þeirra, sem hafa komið fram með breytingartillögur við frumvarp þetta, og vil jeg fara um þær nokkrum orðum. Jeg get ekki annað álitið, en að frumvarpið, eins og það var samþykkt við 2. umræðu, sje ófært, og því ekki annað fyrir en að fella það, eða þá að aðhyllast breytingartillögur þær, er á því hafa verið gjörðar. Frumvarpið yrði þá svipað því, er samþykkt var í hitt eð fyrra, en þar var landssjóðurinn ábyrgðarstofnunin, en hjer eiga prestar að útvega sjer ábyrgð í hinni dönsku lífsábyrgðarstofnun frá 1871. Hjer er tekið fram samkvæmt ákvörðununum frá 1855 um verzlega embættismenn, að þeir væru lausir við að leggja í lífsábyrgðarsjóðinn, sem á einhvern sjerstaklegan hátt sæju ekkjum sínum borgið, t. d. ef þeir ættu fasteign, sem konur þeirra gætu lifað af, eða ef þeir vildu fremur kaupa ábyrgð fyrir einni upphæð, sem borguð yrði, er þeir fjellu frá. Að öðru leyti eru reglur þessar samkvæmar reglunum í ákvörðununum frá 1855, nema hvað það var skylda ábyrgðarstofnunarinnar, að taka á móti hverjum embættismanni, ef lífi hans var eigi bráð hætta búin. Þeirri ákvörðun er hjer sleppt, af því

að hjer þarf að semja um það við lífsábyrgðarstofnunina. Hjer er upphæðin fast ákveðin, en í hitt eð fyrra var að eins ákveðið frá 1—300 kr., en sú ákvörðun er svo lögð, að lífsábyrgðarstofnunin sagði í brjefi til ráðgjafans, að hún gæti eigi komið til greina. Þar er sem sje að eins annar hlutaðeiganda, nefnilega embættismaðurinn, sem á valið, en hinn, sem sje stofnunin, eigi. Í 7. gr. er ákveðið, að í stað þess að prestsekkjur fái einhverja af kirkjujörðum prestakallsins til ábúðar, þá skuli þær fá þá jörð, sem stiptsyfirvöldin ákveða, því að það er óþarfi, þar sem margar kirkjujarðir eru, að sú hætta vofi yfir öllum leiguliðunum, að þeir megi búast við að þurfa að standa upp fyrir prestsekkju.

Landshöfðingi: Jeg ætla ekki að orðlengja um þetta frumvarp, er við 2. umræðu í þessari heiðruðu deild hefur fengið þær breytingar, sem gjöra það alveg óaðgengilegt í því formi, sem nú liggur fyrir, og skal jeg kannast við það, að hinir háttvirtu 6 þingmenn með breytingartillögum sínum hafa gjört tilraun til að bjarga málinu að nokkru leyti, og því verð jeg að svo stöddu að mæla með þessum breytingartillögum, jafnvel þó að verulegir gallar sjeu á þeim, og skal jeg í þessu tilliti leyfa mjer að benda á það er nú segir. Hvort þetta frumvarp geti orðið staðfest, ef alþingið samþykkir það, er sjálfsagt komið undir því, hvort hlutaðeigandi lífsábyrgðarstofnun í Kaupmannahöfn frá 1871 sje fús á að taka að sjer ábyrgð þá, er hjer ræðir um, og skal jeg fyrir mitt leyti mæla með því, að reynt verði að semja við hana um það, en eptir álitsskjali því frá þessari stofnun, er prentað hefur verið í stjórnartíðindunum 1880 B., tölul. 78, er hið fyrsta skilyrði fyrir því, að við hafa tillagareglur þær, er við stofnunina er reiknað eptir, það, að gefnar sjeu fastar og ófrávíkjanlegar reglur fyrir upphæð þeirri, sem embættismaðurinn er skyldur að sjá ekkju sinni borgið. En þessu skilyrði er ekki fullnægt með 1. gr. breytingartillaganna, þar sem er ákveðið, að styrkurinn skuli nema að *minnsta kosti* $^1/_{10}$ af löggiltri matsupphæð prestakalls þess, sem hlutaðeigandi presti er veitt, en honum er gefið í sjálfsvald að ákveða styrk þann, er hann ætlast til að tryggja ekkju sinni eptir sinn dag, hærri. Einnig vantar 5. gr. frumvarpsins, eins og hinn háttvirti flutningsmaður benti til, læknisvottorð.

Þar sem semja á við lífsábyrgðarstofnunina um ábyrgð þá, er hjer ræðir um, mun tiltækilegra að breyta 8. gr. frumvarpsins, 9. gr. breytingartillaganna, þannig, að lögin öðlist gildi 1. júní 1882 í staðinn fyrir 1. jan. sama ár. Að vísu virðist mjer einnig ákvörðun breytingartillaganna í 5 gr. um það, að skylda prestsins, að sjá konu sinni borgið á þann hátt, hætti, þegar hann missir embætti sitt, ísjárverð, þar sem tilgangur frumvarpsins á að vera sá, að útvega prestsekkjunum trygging fyrir styrk, er á að koma í staðinn fyrir eptirlaun þau, er henni nú bera. En ef hin háttvirta deild samþykkir breytingartillögurnar, þá geta ef til vill þessi atriði lagfærzt í efri deildinni.

Eiríkur Briem: Út af ræðu hins hæstvirta landshöfðingja vil jeg leyfa mjer að tala nokkur orð. Þar sem í 1. gr. breytingartillaganna er komizt svo að orði, að styrkurinn skuli að *minnsta kosti* nema $^1/_{10}$ af löggiltri matsupphæð prestakallsins, þá eru prestar skyldaðir til að útvega ábyrgð fyrir þessari upphæð, en ef gengið er fram yfir það, þá verður það að vera komið undir samningum hlutaðeigandi embættismanns við lífsábyrgðarstofnunina, en hún getur neitað því, ef henni sýnist. Þetta atriði er öldungis samhljóða ákvörðununum frá 1855 um verzlegu embættismennina. Viðvíkjandi því, er hinn hæstvirti landshöfðingi gat um í 5. grein frumvarpsins, að hlutaðeigandi prestur sanni, að lífi hans sje engin hætta

búin, þá skal jeg geta þess, að það stendur í sambandi við það, að hjer er ekki hin sama ákvörðun sem í lögunum frá 1855, að lífsábyrgðarstofnunin sje skyld til að taka við embættismanninum til að tryggja ekkju hans lífeyri, og því verðnr eigi byggt á því, að stofnunin eigi krefjist þess, áður en hún tekur ábyrgðina, að fá fullnægjandi vottorð um góða heilsu hlutaðeiganda, og þannig hafa nákvæmari ákvarðanir, en að engin bráð hætta sje fyrir höndum. Viðvíkjandi því, hve nær lögin skuli öðlast gildi, þá felli jeg mig vel við uppástungu hins hæstvirta landshöfðingja um það, og er jeg honum samþykkur í því, að það megi laga í efri deildinni, ef málið gengur þangað.

Halldór Kr. Friðriksson: Mjer virtist hinn háttvirti landshöfðingi gjöra of mikið úr 1. greininni, því að það, sem hún fer fram á, er öldungis hið sama, sem öðrum embættismönnum er gjört að skyldu. Hver embættismaður er skyldur að ábyrgjast konu sinni tiltekna upphæð af launum sínum eptir sinn dag, og þessi upphæð breytist, eptir því sem launin breytast; en ef prestur í byrjuninni vill ábyrgjast ekkju sinni meiri upphæð en $^1/_{10}$ af tekjum brauðs síns, þá verður hann að ákveða þegar í byrjun, hversu mikið það skuli vera, en embættismennirnir eiga að sjá um, að upphæðin verði samkvæm tekjum þeirra, en þær tekjur geta breytzt öldungis eins og hjá prestunum, og þess vegna get jeg ekki sjeð, að lífsábyrgðarstofnunin hafi neitt að hengja hattinn á í því efni. En vilji prestur fá hærri ábyrgð en $^1/_{10}$, þá segir hann til þess um leið, og hann gengur í lífsábyrgðina.

Með því að fleiri óskuðu ekki að taka til máls, þá lýsti forseti því yfir, að umræðunum væri lokið, og var því næst gengið til atkvæða, og 1.—6 gr. breytingartillaganna samþykktar með 18 atkvæðum.

7. og 8. gr. með 17 atkvæðum og

allt frumvarpið með áorðnum breytingum samþykkt með 18 atkvæðum.

Kvað forseti það nú verða sent aptur til forseta efri deildarinnar.

EIN UMRÆÐA Í EFRI DEILD,

á 35. fundi, 12. dag ágústmán.

Frumvarpið, eins og það var samþykkt við 3. umræðu í neðri deildinni, sjá I, 405—406.

Nefndarálit, sjá I, 425.

Breytingartillögur

við frumvarp til laga um skyldu presta, að sjá ekkjum sínum borgið með fjárstyrk eptir sinn dag, eins og það var samþykkt við 3. umræðu í neðri deildinni.

Frá landshöfðingja.

Við 1. gr. Orðin: «að minnsta kosti» falli burt.

5. gr. orðist þannig:

Nú fær prestur lausn frá embætti með eptirlaunum, og á hann þá rjett á að fá gjald það, er hann er skyldur að greiða eptir lögum þessum, minnkað að tiltölu við eptirlaunin, og skal eptir því reikna fjárstyrkinn,

Við 9. gr. Í staðinn fyrir: «1. dag janúarmán. 1882» komi: «1. dag júnímán. 1882».

Forseti leitaði samþykkis þingdeildarinnar til þess, að málið mætti koma til umræðu, þó að álit nefndarinnar um þetta frumvarp, sem sent hafði verið aptur frá neðri deild til efri deildarinnar, ekki hefði legið fyrir deildarmönnum nema 1 dag, í stað þess, að því hefði átt að vera útbýtt fyrir tveim dögum samkvæmt þingsköpunum; gat hann þess jafnframt, að landshöfðingi hefði fyrir sitt leyti ekkert á móti því,

Síðan samþykkti deildin í einu hljóði, að málið mætti koma til umræðu á fundinum.

Landshöfðingi: Frumvarp þetta til laga, um skyldu presta að sjá ekkjum sínum borgið með fjárstyrk eptir sinn dag, er hjer liggur fyrir til einnar umræðu, hefur fengið verulegar breytingar í neðri deild alþingis, þar sem felldar hafa verið úr ákvarðanirnar um stofnun prestekknasjóðs, en í stað þess ákveðið, að prestar skuli sjá ekkjum sínum borgið með árlegum fjárstyrk æfilangt frá hinni dönsku lífsábyrgðar- og umönnunarstofnun frá 1871. Við 3. umræðu í neðri deild alþingis, þar sem þessi breyting komst á, tók jeg það fram, að lögleiðing frumvarpsins væri komin undir því, hvort lífsábyrgðarstofnunin vildi taka að sjer ábyrgðina; því þá ætti að taka tillit til álitsskjals þess frá þessari stofnun, sem prentað hefur verið í stjórnartíðindunum 1880, B. tölulið 78. Eptir því er hið fyrsta skilyrði fyrir því, að við hafa tillaga-reglur þær, er við stofnunina er reiknað eptir, það, að gefnar sjeu fastar og ófrávíkjanlegar reglur fyrir upphæð þeirri, sem embættismaðurinn er skyldur að sjá ekkju sinni borgið. En þessu skilyrði er ekki fullnægt með 1. gr. Þess vegna álít jeg það æskilegt, að fella úr 1. gr. orðin: «að minnsta kosti»; því þó að þau sjeu samkvæm orðum opins brjefs 31. maí 1855 um skyldu annara embættismanna að sjá ekkjum sínum borgið, þá kynnu þau samt sem áður að koma í bága við það skilyrði, sem stjórn lífsábyrgðarstofnunarinnar hefur tekið fram í álitsskjali sínu, er jeg benti á. Af þessum sökum hef jeg komið með breytingartillögu við 1. gr., sem jeg vona að deildin samþykki, því þó hún verði samþykkt, þá vil jeg geta þess, að ekkert getur verið því til fyrirstöðu, þó prestar vilji sjá ekkjum sínum borgið með enn meiri styrk, því þá má semja við stjórn lífsábyrgðarstofnunarinnar í hvert skipti, sem það kemur fyrir, og framsögumaður þessa máls í neðri deildinni tók það fram, að þetta væri einmitt tilgangur þessarar ákvörðunar. Þar sem tilgangur frumvarpsins er að útvega prestsekkjum styrk, sem á að koma í stað eptirlauna þeirra, er þeim bera og sem samkvæmt tilskipun 15. desember 1865 hvíla á prestaköllunum, þá er 5. gr., eins og hún er orðuð, í stríði við þennan tilgang frumvarpsins; þess vegna hef jeg líka leyft mjer að breyta 5. gr., svo hún orðist í samkvæmni við 10. gr. opins brjefs 1855, er gildir fyrir aðra embættismenn landsins. Jeg vona því, að deildin samþykki einnig þessa breytingu, sem byggð er á sanngirni og jafnrjetti. Uppástungan fer þá fram á, að breyta 5. gr. þannig: «Nú fær prestur lausn frá embætti með eptirlaunum, og á hann þá rjett á að fá gjald það, er hann er skyldur að greiða eptir lögum þessum, minnkað að tiltölu við eptirlaunin, og skal eptir því reikna fjárstyrkinn». Þessi grein er í fullri samhljóðan við ákvörðun opins brjefs 31. maí 1855, er gildir um alla aðra embættismenn landsins. Loks er við 9. gr. stungið upp á breytingu á þeim degi, er lögin skulu öðlast gildi. Jeg hef sem sje leyft mjer að stinga upp á því, að 9. gr. orðist þannig: «Lög þessi öðlast gildi 1. dag júnímánaðar 1882», í staðinn fyrir «1. dag janúarmánaðar 1882», og var tilgangur minn sá, að gjöra það mögulegt, að nægilegur tími fengist til þess, að semja við stjórn lífsábyrgðarstofnunarinnar um ábyrgð þá, er hjer ræðir um. Jeg hjet því í neðri deildinni, að bera þetta upp í hinni háttvirtu efri deild til að lagfæra frumvarpið, og vona jeg því, að deildin verði ekki á móti þessum breytingum.

Pjetur Pjetursson: Jeg hef engu að bæta við það álit, sem nefndin hefur látið í ljósi um þetta frumvarp. Eins og neðri deildin hefur breytt því, er það orðið næstum annað frumvarp, en það var í upphafi, en í fyrsta lagi sá nefndin sjer ekki fært, að kippa því í hið upprunalega horf, og í annan stað áleit nefndin, málið í sjálfu sjer svo mikilsvarðandi, að hún vildi ekki ráða til að fella það; því þó frumvarpið fengi ekki framgang hjá stjórninni að þessu sinni, þá gæti hún þó sjeð, að þingið álítur þetta mikilsvarðandi mál. Það gleður mig annars og sjálfsagt aðra þingdeildarmenn líka, að

sjá breytingartillögur frá hinum hæstvirta landshöfðingja við frumvarpið, því þær sýnast benda á, að hann virðist gjöra sjer von um, að frumvarpið fái framgang, ef breytingartillögur hans verða samþykktar, sem jeg ekki efast um að verði gjört.

Benidikt Kristjánsson: Jeg þarf ekki að láta nú í ljósi skoðun mína á þessu máli, því jeg ætla, að jeg hafi gjört fulla grein fyrir henni, áður en frumvarpið fór til neðri deildar. Jeg stóð að eins upp til þess, að óska skýringa frá hinum hæstvirta landshöfðingja á breytingartillögu hans við 5. gr., það er að segja, hvernig eigi að skilja þessa breytingartillögu með tilliti til presta, sem sagt hafa af sjer, og lifa á eptirlaunum, að hve miklu leyti þeir eigi að losast við að gjalda árstillagið, og hver áhrif þetta hefði á fjárstyrk þann, sem ekkjan fengi eptir hans dag.

Landshöfðingi: Að svo miklu leyti, sem mjer er kunnugt, þá verður þessi ákvörðun frá 31. maí 1855 skilin á þann hátt, að reiknað verður út, hvað mikið ekkjunni ber eptir því tillagi, sem búið er að leggja í lífsábyrgðarsjóðinn, en eptirleiðis verður tillagið minnkað að tiltölu við eptirlaunin, og eptir því skal reikna fjárstyrkinn. Að því er mjer er kunnugt, þá er ákvörðunin í opnu brjefi 31. maí 1855, 10. gr., skilin þannig, og sje það rjett, þá verður 5. gr. að orðast, eins og jeg hef leyft mjer að breyta henni. En jeg get þó ekki með vissu skýrt frá, hvort ákvörðunin verður skilin þannig, en jeg held, að þetta sje rjettur skilningur á henni.

Síðan voru breytingartillögur landshöfðingjans bornar undir atkvæði, og var þá:

Breytingin við 1. gr.: orðin »að minnsta kosti» falli burt, samþykkt í einu hljóði.

Breytingin við 5. gr. að hún orðist öðruvísi, en í frumvarpinu, samþykkt í einu hljóði.

Breytingin við 9. gr. samþykkt í einu hljóði.

Frumvarpið þannig breytt samþykkt með 9 atkvæðum, og afgreitt aptur til neðri deildar.

EIN UMRÆÐA Í NEÐRI DEILD,

á 49. fundi, 15. dag ágústmán.

Frumvarpið, eins og það var samþykkt við eina umræðu í efri deildinni, sjá I, 426—427.

Benidikt Sveinsson: Jeg verð að lýsa því yfir, að jeg er á þeirri skoðun, að rangt sje að skylda nokkurn embættismann til að sjá ekkju sinni borgið eptir sinn dag. Það er eins og menn megi halda, að þeir hafi minni skyldurækni við ekkjur sínar en aðrir. Jeg er því til með að greiða atkvæði á móti þessu frumvarpi, en af því að svo margir geistlegir menn hjer álíta það nauðsynlegt og að rjettarbót sje í því fólgin, þá get jeg gjört þeim það til geðs, að greiða atkvæði með því, í von um að það verði prestastjettinni til góðs.

Jón Jónsson: Jeg er samdóma hinum háttvirta 2. þingmanni Norður-Múlassýslu um, að frumvarpið ætlar ekki prestum mikla skyldurækni við ekkjur, þar sem það vill neyða þá til að sjá ekkjum sínum borgið eptir sinn dag, en úr því að prestar sjálfir vilja leggja þetta band á sig, þá mun jeg greiða atkvæði með því, en jeg verð að gjöra það með þeim fyrirvara, að prestar fái eigi að draga frá tekjum sínum, sem þeir eiga að telja fram til tekjuskatts, það, sem þeir leggja út fyrir lífsfje handa konum sínum eptir sinn dag, Þetta hefur opt komið fyrir um veraldlega embættismenn, að þeir vildu fá tillag til ekkjusjóðs dregið frá skattskyldum tekjum sínum. Það er von, að klerkar fylgi ekki því dæmi.

Halldór Friðriksson: Þegar jeg sá þetta frumvarp frá hinni háttvirtu efri deild,

þá fjell mjer allur ketill í eld, því að 5. gr. frumvarpsins er svo óhafandi, sem mest má verða. Þegar prestur er laus frá embætti, þá á styrkur ekkjunnar að minnka að því skapi, sem laun hans minnka. Þetta er öldungis óhafandi. Mjer finnst það svo óhafandi, að ef 5. greinin stendur, þá er næst skapi mínu að greiða atkvæði gegn frumvarpinu öllu saman. Jeg vil leyfa mjer að spyrja hinn háttvirta forseta, hvort eigi megi fresta umræðu málsins, svo að þingmönnum gefist kostur á, að koma með breytingartillögur við frumvarpið.

Forseti: Ef það er sameiginleg ósk deildarinnar, þá skal jeg ekki hafa á móti því, að taka málið út af dagskrá.

Því næst var samþykkt, að taka málið af dagsskrá, með 13 atkvæðum.

FRAMHALD EINNAR UMRÆÐU Í NEÐRI DEILD,
á 52. fundi, 17. dag ágústmán.

Breytingartillaga
við «frumvarp til laga um skyldu presta að sjá ekkjum sínum borgið með fjárstyrk eptir sinn dag» eins og frumvarp þetta var samþykkt í efri deild alþingis 12. ágúst 1881.

Að 5. grein falli burtu.

Halldór Kr. Friðriksson.

Þorkell Bjarnason: Jeg álít þessi lög ekki sanngjörn, þar sem þau vilja þvinga prestana til að gjöra það, sem lagaskyldu, er hver og einn góður maður gjörir sjálfviljuglega á einn eða annan hátt eptir mætti. Það er auðsætt, að hver og einn muni eptir efnum og ástæðum sjá ekkju sinni borgið með fjárstyrk eptir sinn dag af frjálsum vilja, og það mun reynast miklu betur, en þegar hann er neyddur til þess með lagaþvingun. Reyndar er prestum leyft að losast undan þessari skyldu, ef þeir vilja sjá ekkjum sínum borgið á annan hátt með fjárstyrk eptir sinn dag, sem ekki er minni, en styrkur sá, sem lögin ákveða. En eins og þingmaður Reykvíkinga tók fram í gær, þá geta flestir þeirra ekki notað sjer það sökum efnaleysis, þegar þeir giptast. Þeir koma margir fátækir að brauðunum, opt niðurníddum, og það gjörir opt ekki betur, en þeir geti fætt og klætt sig og sína framan af, svo að þeim verður ómögulegt að leggja út svo mikið fje, sem þarf til þess, að losast undan þessari skyldu. En margur prestur, sem er fátækur í fyrstu, getur seinna orðið efnaður, og þá getur hann sjeð ekkju sinni borgið á ýmislegan annan hátt, en hjer er gjört ráð fyrir. Hann getur t. a. m. keypt «*obligationir*», lagt fje í sjerstakan sjóð í því skyni, keypt jörð, aukið bú sitt o. s. frv. Sá styrknr tapast heldur ekki eða það fje, sem til þess er varið, en þetta fje, sem leggja á í lífsábyrgðarsjóð, getur orðið algjört tap bæði fyrir manninn og erfingja hans, ef konan deyr á undan honum. En það, sem sparað er saman, tapast ekki, ef maður er sjálfráður að gjöra við það, hvað hann vill. Þessi lög eiga nú víst að miða til, að ljetta þeirri byrði á brauðunum, sem nú hvílir á þeim, en það er aðgætandi, að þessi byrði hvílir ekki nema á sumum prestum, þeim prestum, sem ekkja er í brauði þeirra. En þessi lög miða í raun og veru til þess, að gjöra byrðina almenna, eða færa hana yfir á herðar allra presta á landinu, og þessa ósanngjörnu byrði vil jeg ekki láta leggja á mína fátæku stjettarbræður. Jeg verð að álíta, að betra sje, að þessi þungi hvíli á einstöku prestum, en á allri prestastjettinni. Jeg álít því þá skyldu, sem frumvarpið fer fram á að leggja á prestana, mjög ísjárverða og óeðlilega, og mjer finnst það vera, að blanda sjer inn í fjárhag og heimilislíf manna, að rígbinda það með lögum, sem

hver og einn mundi annars gjöra af frjálsum vilja, að því er unnt er. En komi það nú fyrir, að prestur falli frá, án þess að hafa sjeð ekkju sinni fyrir nokkrum fjárstyrk og ekkjan sje eptir fátæk, þá á það sama sjer stað um bændur og ekkjur þeirra. Prestar stunda víðast hvar bú eins og bændur, og konur þeirra venjast hinu sama sveitalífi og konur bændanna, svo að jeg sje ekki, að ekkjum þeirra sje miklu vandara um en ekkjum bændanna, og ætla jeg því að vera móti máli þessu.

Halldór Friðriksson: Jeg get ekki verið á sama máli og 2. þingmaður Gullbringusýslu. Þessi lög ganga ekki fremur nær efnahag prestanna, en lög þau um sama efni, er gilda fyrir aðra embættismenn, enda er þetta ekki afarþung byrði, þótt það sje rúmar 20 kr. á ári. Prestinn munar meira um, að borga út talsvert fje í einu til prestsekkna í brauðinu, og er það einkum, þegar brauðið er lítið, heldur en að greiða einungis lítið eitt í hvert sinn. Jeg vona, að þingmaðurinn vilji þó, að prestar sjái svo fyrir ekkjum sínum, að þær þurfi ekki að þiggja af sveit eptir dauða hans. Sumir prestar hafa, ef til vill, ekki hugsun á því, og sumir geta það eigi. Það er á hinn bóginn kunnugt um bændaekkjur, að þær koma stundum á sveitina, og eins gæti farið með prestaekkjurnar, ef prestunum er eigi gjört að skyldu, að sjá um, að ekkjum þeirra sje borgið eptir sinn dag. Þetta vona jeg hinn háttvirti þingmaður vilji taka til greina. Jeg vona einnig, að þetta frumvarp verði til bóta kjörum prestanna, eins og hann tók fram, er það ljettir þeirri byrði af prestunum, sem nú hvílir á þeim viðvíkjandi eptirlaunum prestekkna. Að öðru leyti læt jeg mjer ekki annt um frumvarpið, ef honum er ekki annt um það.

Vegna þess að jeg hef komið fram með breytingartillögu um, að 5. gr. frumvarpsins falli burt, þá verð jeg að gjöra grein fyrir þessari breytingu. Þessi 5. gr. hljóðar þannig: «Nú fær prestur lausn frá embætti með eptirlaunum, og á hann þá rjett á að fá gjald það, er hann er skyldur að greiða eptir lögum þessum, minnkað að tiltölu við eptirlaunin; og skal eptir því reikna fjárstyrkinn». Fjárstyrkurinn er eptir 1. gr., þegar presturinn hefur 1000 kr. í laun, 100 kr.» En þegar hann fær 500 kr. í eptirlaun, þá verður sá fjárstyrkur, sem ekkjan fær, að eins 50 kr., og það er of lítið; það er hið sama sem ekki neitt. Jeg vil, að ekkjan fái að minnsta kosti 100 kr. árlega. Auk þess mundu margir, ef til vill, nota sjer leyfi þetta til þess að leggja hálfu minna í ekkjusjóðinn, eða svo lítið, að styrkurinn, sem ekkjunni bæri, yrði svo sem enginn.

Eiríkur Kúld: Þótt frumvarp þetta nái ekki til mín eptir ákvæðum 1. gr., þá áleit jeg það sje til bóta frá því, sem nú er. Eu þó álít jeg það óbrúkandi, ef 5. gr. frumvarpsins stendur; því það sjá allir, að þá er engin bót að því. Jeg mun þess vegna greiða atkvæði á móti frumvarpinu, ef 5. gr. stendur, en annars heldur með því.

Jón Jónsson: Mjer finnst ákvörðunin í 5. gr. eiga vel við í þessum lögum, enda er tilsvarandi ákvörðun í lögunum um skyldu veraldlegra embættismanna til að sjá ekkjum sínum borgið, og er það sanngjarnt, að tillag prestsins til lífsábyrgðarsjóðsins lækkar, þegar hann er kominn á eptirlaun, og tekjur hans því minnka.

Hinn háttvirti 2. þingmaður Gullbringusýslu sagði, að ekkjum presta væri ekki vandara um, en ekkjum bænda. Það gladdi mig að heyra þessi orð frá vörum hans, og hefur hann optar sýnt það, að hann er á móti því, að embættismenn taki sig úr þjóðfjelaginu sem sjerstök stjett með sjerstökum forrjettindum, fremur en kaupmenn

og bændur að njóta styrks og annara hlunninda úr landssjóði. Jeg hef áður tekið það fram, að jeg væri að eins með frumvarpinu, af því prestarnir hjer í deildinni virtust sjálfir vilja hafa það, en síðan jeg hef heyrt ræðu þingmanns Gullbringusýslu, blandast mjer ekki hugur um, að greiða atkvæði móti því.

Arnljótur Ólafsson: Jeg er með því, að 5. gr. gangi út. En jeg vildi einnig vekja athygli þingmanna á 7. gr. Jeg veit ekki, hvort þeir hafa gjört sjer ljósa grein fyrir ákvæðum hennar. Þar stendur, að skylda sú, er nú hvílir á brauðunum, falli niður það er til ekkna kemur eptir þá presta, er vígslu taka, eptir að lög þessi öðlast gildi; en skyldan fellur ekki niður viðvíkjandi þeim prestsekkjum, sem eru í brauðinu, þegar hinn nýi prestur kemur í brauðið, eptir að lögin hafa öðlazt gildi.

Setjum svo, að guðfræðingur vígist til prests, eptir að lög þessi koma út, og leggi samkvæmt þeim fram fje árlega til þess að sjá ekkju sinni borgið eptir sinn dag, en jafnframt sje í brauðinu ekkja fyrrimanns hans, er tekið hefði vígslu, löngu áður en lögin komu út. Hinn nýi prestur verður að gjalda þessari ekkju sinn hluta af tekjum brauðsins, og jafnframt að sjá ekkju sinni borgið. Með þessu lagi er prestum þeim, er vígjast eptir að lög þessi koma út, lögð tvöföld skylda á herðar. Þetta er rangt hjá hinni heiðruðu efri deild, (*Guðmundur Einarsson:* Nei landssjóðurinn). Hvað getur hann gjört? (*Guðmundur Einarsson*: Verja hann). Það hefði þá átt að standa í frumvarpinu, að þegar nýr prestur kæmi í brauðið, þá hyrfi öll hin fyrri skylda, prestsekkjum viðvíkjandi, er á brauðinu hvíldi, yfir á landssjóð. Mjer heyrðist einhver segja, það þyrfti ekki að sækja um brauðið, ef prestsekkja væri í því. Eiga þau brauð þá að standa auð og prestslaus, unz ekkjan deyr? Jeg vildi vekja athygli þingmanna á þessu, og jafnframt benda á, að þeim þyrfti ekki að vera sárt um frumvarpið.

Jeg mun greiða atkvæði með breytingartillögunni, en móti frumvarpinu, ef hún fellur, og enda næstum hvort sem er.

Með því að ekki tóku fleiri til máls, var gengið til atkvæða og var .

Breytingartillaga Halldórs Kr. Friðrikssonar um að fella burt 5. gr. frumvarpsins samþykkt með 11 atkvæðum gegn 8.

Frumvarpið sjálft fellt með 11 atkvæðum gegn 8.

Var frumvarpið þannig f a l l i ð.

XXXII.

Laun og eptirlaun presta og prófasta.

A.

Frumvarp til viðauka við lög 27. febrúar 1880, um eptirlaun presta. Frá þingmanni Dalamanna. Frumvarpið er prentað í fyrri parti alþingistíðindanna, blaðsíðu 41—43.

FYRSTA UMRÆÐA Í NEDRI DEILD,
á 7. fundi, 11. dag júlímánaðar.

Flutningsmaður (*Guðmundur Einarsson*): Jeg þarf ekki að vera margorður um þetta frumvarp; ástæðurnar eru teknar fram fyrir

aptan það, og orðnar þingmönnum þegar kunnar. Það er mín meining, að þingmenn 1879 hafi ætlazt til, að kapellána-ár presta væru einnig talin með, þegar reikna skyldi út eptirlaun þeirra. En ráðgjafinn hefur ekki fallizt á þessa meiningu, enda sjest þetta nógu glögglega á lögum um eptirlaun presta, frá 27. febrúar 1880. Þingmenn hljóta að vera mjer samdóma um það, að hin mesta sanngirni mæli fram með því, að presturinn eigi eins að njóta eptirlauna fyrir þau ár, sem hann hefur verið aðstoðarprestur, eins og fyrir hin, sem hann hefur setið í brauði sem reglulegur sóknaprestur. Og það virðist þeim mun ósanngjarnara, að láta bann missa í fyrir þessi ár, sem enn eru prestar hjer á landi, er í 20 ár hafa verið aðstoðarprestar og setið síðan á rýrum brauðum, og fá lítil eptirlaun, ef þessi ár eru dregin frá, komi það fyrir, að þeir þurfi eptirlauna við. Ef frumvarp þetta yrði ekki samþykkt af þinginu, gæti það, auk þess sem það lýsti eigi nægri sanngirni, orðið til mikils skaða fyrir hið kirkjulega líf, eins og tekið er fram í ástæðunum, en við því veit jeg að þingdeildin vilji sporna, og því vona jeg, að hún lofi málinu að ganga til 2. umræðu.

Arnljótur Ólafsson: Jeg vildi gjarnan styðja þetta mál, því það er í rauninni sanngjarnt og eðlilegt, en á málinu er þó talsverður annmarki. Það er aðalatriði og sá er tilgangur frumvarpsins, að prestar fái full eptirlaun einnig fyrir þau þjónustu-ár, er þeir hafa verið aðstoðarprestar. Þetta virðist eðlilegt; það er eðlilegt, að aðstoðarpresturinn missi ekki eptirlaunin fyrir þau ár, sem hann vinnur öll hin sömu verk sem aðstoðarprestur, er hann síðar vinnur sem prestur. En hjer kemur þó einmittt fram annmarkinn. Á þá presturinn, sem hættur er að þjóna brauðinu og hefur fengið sjer aðstoðarprest, að missa eptirlaunin, eða ef hann á ekki að missa þau fyrir þann tíma, eiga þá tveir menn, er sitja á sama brauðinu á sama tíma — sóknarpresturinn og aðstoðarpresturinn — að hafa eptirlaun? Þetta síðara virðist ófært, að 2 menn fái eptirlaun fyrir þjónustu í sama embætti á sama tíma. Jeg veit að vísu, að það er annar annmarki á frumvarpi þessu, sem tekinn er fram í brjefi ráðgjafans frá 10. septbr. f. á, en jeg gjöri minna úr þeim hæng, þó hann í raun og veru hafi við góð rök að styðjast, þar sem í lögum vorum um eptirlaun presta er annars vikið frá öðrum eptirlaunalögum í því, að þau fara einungis eptir embættisaldri, en miða eigi við það, hvort prestnrinn hefur setið á góðu eða rýru brauði. Hið fyrra vandkvæðið er það, sem gjörir mig hikandi, að gefa atkvæði með frumvarpinu, og jeg vildi mælast til, að þeir, sem eru því meðmæltir, skýrðu fyrir mjer, hvernig þeir hafi hugsað sjer, að fara með sóknarprestinn og aðstoðarprestinn, hvor þeirra á að missa, eða hvort þeir eiga báðir að hafa rjett til eptirlauna.

Jón Ólafsson kvaðst einungis vilja bæta því við, að ef launa ætti kapellánum, þá ætti einnig að eptirlauna hverjum öðrum aðstoðarmönnum eða fullmektugum, sem aðrir embættismenn tækju sjer, t. d. *autoriseruðum* fullmektugum sýslumanna; því þeir eru eins og kapellánarnir, »*persónulegir*« aðstoðarmenn. Þá væri og annað atriði, sem kæmi skrítilega fyrir; ef tekið væri það dæmi, að sá, sem lengi hefði verið »*kapellán*«, t. a. m. 10—20 ár, breytti síðan ráði sínu og gjörðist bóndi í sveit, ætti hann þá einnig að eiga aðgang til eptirlauna, þótt hann hefði aldrei þjónað sem sóknarprestur? Hann kvaðst vona þingmenn greiddu skjót atkvæði um þetta mál og vefðu það ekki lengi fyrir sjer.

Flutningsmaður: Það, sem þingmaður Eyfirðinga talaði, virðist styðjast við sennilegar ástæður. En aptur á hinn bóginn, þegar litið er til hinna litlu eptirlauna,

sem prestarnir hafa eða er ætlað, virðist það vera að bæta «gráu ofan á svart», ef fara á að takmarka þau enn meira. Þingmaðurinn kvað það «ófært», að 2 embættismenn í sama embætti áynnu sjer með þjónustu sinni rjett til eptirlauna á sama tíma, en það verður að gæta þess, hvað sjerstaklega bagar til hjer á landi í þessu tilliti og sníða lögin eptir því; verði það eigi gjört, munu þau koma í bága við það, sem sanngjarnt og hagkvæmast er. Það, sem þingmaður Suður-Múlasýslu hafði á móti frumvarpinu, er hreinn misskilningur. Ef aðstoðarprestur hættir prestsskap og verður aldrei sóknarprestur, þá hverfur rjettur hans til eptirlauna. Frumvarpið tekur þetta svo skýrt fram, að jeg þarf ekki að fara fleirum orðum um það.

Halldór Kr. Friðriksson: Jeg verð að játa það, að það eru miklir örðugleikar á þessu máli, því að það getur eigi verið spurning um, að aðstoðarpresturinn geti eptir neinum lagareglum fengið eptirlaun; því síður getur það staðizt, að sóknarpresturinn geti misst neitt af eptirlaunum sínum; hvort sem hann þjónar að öllu leyti, nokkru eða engu, þá er *hann* þó embættismaðurinn, og öll ábyrgðin liggur á honum, en eigi aðstoðarprestinum. Hjer getur því ekki verið um neinn rjett að ræða. En á hinn bóginn virðist það hart fyrir þann mann, sem hefur verið 10—20 ár aðstoðarprestur, og síðan 10—20 ár sóknarprestur, að hann fái ekki neitt fyrir þessi ár, sem hann hefur þjónað sem aðstoðarprestur, en það er einungis sanngirni, sem mælir með því, enginn rjettur. Það, sem þingmaður Suður-Múlasýslu sagði, á við engin rök að styðjast; ef aðstoðarprestur hættir prestsþjónustu, þá hefur hann alls eigi verið embættismaður, og getur því eigi haft neinn rjett til eptirlauna, enda eru lög frá 27. febrúar 1880 fullljós í því efni. En til þess að reyna til að laga frumvarpið, vil jeg lofa málinu að ganga til annarar umræðu.

Flutningsmaður: Jeg vil bæta því við það, sem þingmaður Reykvíkinga hefur þegar mælt, að eptir því sem nú stendur á, þá álít jeg nauðsynlegt, þrátt fyrir mótbárur þær, sem fram hafa komið, að skýra lögin frá 27. febr. 1880 með viðauka þeim, sem hjer liggur fyrir. Það getur vel hugsazt, að engir kapellánar fáist hjeðan af til hinna eldri presta, verði frumvarp þetta eigi að lögum, og þá neyðast margir gamlir prestar ef til vill til að þjóna allt of lengi, þinu kirkjulega lífi til engra bóta.

Þegar hjer var komið umræðunum, óskuðu 8 þingmenn, þeir

Jón Ólafsson,
Friðrik Stefánsson,
Jón Jónsson,
Þórarinn Böðvarsson,
Þorkell Bjarnason,
Egill Egilsson,
Holgeir Clausen,
Þorsteinn Jónsson,

að þeim væri hætt, og var það samþykkt.

Því næst bar forseti undir atkvæði, hvort málið skyldi ganga til 2. umræðu, og var það samþykkt með 12 atkvæðum gegn 10.

ÖNNUR UMRÆÐA Í NEÐRI DEILD,
á 10. fundi, 14. dag júlímánaðar.

Flutningsmaður (*Guðmundur Einarsson*): Hinn heiðraði 1. þingmaður Eyfirðinga hafði það á móti frumvarpi þessu við fyrstu umræðu um það, að ófært væri, að aðalpresturinn og aðstoðarprestur hans hefðu hefðu báðir tilkall til eptirlauna fyrir þau ár, sem báðir þjónuðu sama brauði. Svo svo kann að virðast í fljótu bragði, sem ástæða þessi sje sennileg; en sanngjarnt er þetta eigi, það mælir öll *sanngirni* með því, að aðstoðarprestur megi telja þau ár með, þurfi hann að gjöra tilkall til eptir-

launa, sem hann ber allar prestslegar skyldur og þjónar prestsembætti og hefur þar að anki stundum peningalega ábyrgð á prestakallinu. Annað, sem mælir fram með frumvarpi þessu, er *nauðsynin* á aðstoðarprestunum. Eptir hinni nýju brauðaskipun er fjöldi brauðanna mjög víðáttumikill og erfiður, og svo voru prestum lagðar nýjar skyldur á herðar með lögunum 9. janúar 1880 um að hafa umsjón með uppfræðingu barna í skript og reikningi. Af þessu hvorutveggja leiðir eðlilega það, að gamlir prestar, þreyttir og mæddir af þjónustu kirkjunnar, þurfa að fá aðstoð á elliárum sínum. Það er sannarlega óheppilegt, að vera því til fyrirstöðu. En eptirlaunalögin eru því til fyrirstöðu, sökum þess, að fái aðstoðarprestar eigi tilkall til eptirlauna eins fyrir þau ár, sem þeir eru aðstoðarprestar, eins og fyrir hin, sem þeir eru aðalprestar, munu þeir síður fást gömlum prestum til aðstoðar. Afleiðingar af þessu hlytu þá að verða annaðhvort þær, að gamlir prestar yrðu að segja af sjer og margir á þann hátt komast á landssjóð; og mundi það eigi verða hagnaður fyrir landssjóðinn; eða þá hitt, að prestþjónustan yrði vanrækt og brauðunum illa þjónað, sem hafa hlyti skaðlegar afleiðingar fyrir andlegt líf safnaðanna. Þannig er það bæði sanngirni og nauðsyn, sem mælir fram með frumvarpi þessu, og það er mín innilegasta ósk, að hin heiðraða þingdeild taki þetta nákvæmlega til greina og vilji leyfa, að málið fái að koma til þriðju umræðu. Það, sem hinn heiðraði 2. þingmaður Suður-Múlasýslu hafði við 1. umræðu á móti frumvarpi þessu, tekur frumvarpið sjálft svo skýrt fram, að það verður eigi misskilið, og er því óþarfi að svara því.

Benidikt Sveinsson: Jeg skal játa það, að mig skortir svo nákvæma þekkingu á máli þessu, að jeg geti gjört mjer á þessu stigi málsins alveg ljósa grein fyrir því, hvort jeg á að greiða atkvæði með því eða móti. Þessu máli er svo háttað sem mörgum öðrum, að það hefur margar hliðar. Það fer svo opt fyrir mönnum, að þegar þeir líta á eina hliðina, dregst hin eins og í skugga. Þegar menn eru að rekja og íhuga vandasöm mál, þá er eins og menn gangi í kring um sívalan turn. Menn verða að fara í kring um hann allan, til þess að geta sjeð hann til fulls, og fengið hugmynd um hann, en þó sjer maður aldrei nema einu kaflann í einu. Staða prestanna hjer á landi er svo sjerstakleg, og öll *lagaskipunin* viðvíkjandi *launum* þeirra svo *frábrugðin*, að þeir verða eigi að minni hyggju með rjettu bornir saman við aðra embættismenn landsins, sem launaðir eru af landssjóði, og þess vegna geta menn eigi óhult dregið ályktanir frá þeim, og heimfært þær beinlínis upp á prestana. Það er því að mínu áliti mjög mikill vandi, að greiða það atkvæði í þessu máli, sem eigi verður vefengt með rökum, því samkvæmni og einnig í lögunum er á hinn bóginn mjög æskileg. Það er eitt atriði í þessu máli, sem jeg verð að leggja mikla áherzlu á sem meðmæling með þessu frumvarpi. Jeg er sem sje hræddur um, að enginn prestur fengist til að verða kapelláu hjá gömlum presti án þessa rjettar til eptirlauna, sem frumvarpið fer fram á. Og hverjar yrðu afleiðingar þess? Þær yrðu að jeg held mjög opt vanræksla prestsverka og prestsþjónustu, sem skaðað getur söfnuðina og hið kristilega safnaðarlíf. Einkum er jeg hræddur um, að þetta kæmi þungt niður á vanrækt í uppfræðslu ungmennanna, sem er allra hluta skaðlegast. Andi afgamalla presta sameinast eigi vel lifsstefnu unglinganna. En það eru hinar *andlegu þarfir* safnaðanna, sem oss ber að hafa *hjer* fyrir augum sem *aðalatriði*. Það eru hinar *himnesku* eða *hálfhimnesku þarfir þeirra*, að jeg komist svo að orði, sem hjer er aðalatriði málsins, en ekki *peningar!* Þetta á þingið að hafa fyrir augum í löggjöf sinni, að efla það, sem styrkir hinar háleitu og himnesku þarfir mannlífsins og mannfjelagsins, en útrýma því, sem veikir það. Það er því að minni hyggju rjettast, að leyfa þessu máli aðgang til þriðju umræðu, og á þann hátt bætist

tími til að hugsa um það, og athuga það betur samkvæmt því, sem þýðing og eðli málsins er samboðið.

Arnljótur Ólafsson: Við 1. umræðu frumvarps þessa bar jeg fram þær mótbárur gegn því, að mjer þætti óviðkunnanlegt, að 2 prestar gætu öðlazt eptirlaun á sama tíma. Þessari mótbáru hefur hinn heiðraði flutningsmaður svarað, og komið fram með sanngirnisástæður með frumvarpinu, og skal jeg ekki fara ýtarlega út í þær, en játa fúslega, að það eru sanngirnisástæður. En jeg hef líka *aðrar ástæður* móti frumvarpi þessu. Eptirlaunalögin 27. febrúar 1880 skipa svo fyrir, að eptirlaun til allra presta á hinum rýrari brauðum, eða undir 1200 kr., skuli greiðast úr landssjóði, og til sumra í hinum betri brauðum að nokkru leyti úr landssjóði. Með þessu er því ljett talsvert á prestunum, og eiga þeir því hægra með að halda og kosta aðstoðarpresta. Með þessu minnkar þannig sanngirnisástæða sú, er hinn heiðraði flutningsmaður kom fram með fyrir frumvarpi þessu. Enn hef jeg aðra ástæðu að setja á móti sanngirniskröfu hins heiðraða flutningsmanns. Setjum svo, að 40 ára prestur segi af sjer prestsskap í brauði metnu 1600 kr., en hafi haft aðstoðarprest í 10 ár; þessi uppgjafaprestur fær nú 400 kr. í eptirlaun af þessum 1600 kr. brauðsins. Þessi gamli aðstoðarprestur hans skyldi nú fá brauðið eptir hann og þjóna því sem aðalprestur enn í 10 ár, og bætti hann þá við prestskap, fær hann öll eptirlaun sín, 200 kr., úr landssjóði. Jeg tek eigi þetta dæmi mjer í hag, heldur sem almennt dæmi, að meðalembættisaldur presta er frá 20 til 40 ár. Afleiðingar þessa eru þær, að aukist eptirlaun presta, aukast og byrðir á landssjóð, þar sem þessi eptirlaunaauki þeirra lendir mestmegnis á honum. Frumvarp þetta fer því í mótsetta stefnu við stefnu núlegs tíma. Því að er það ekki stefna núlegs tíma að rýmka sem mest bandið milli ríkis og kirkju? (*Margir*: Heyr!) Það er sannlega stefna þessa tíma, að losa en ekki binda enn fastara það band. (*Margir*: Já!). Er það þá sjálfu sjer samkvæmilegt, að vilja losa kirkjuna við ríkið, en fjötra hana við landssjóðinn? Ef vjer því viljum losa hana við ríkið, megum vjer ekki leyfa henni að fara með krummur sínar enn dýpra í landssjóðinn.

Jón Ólafsson: Hinn heiðraði 2. þingmaður Norður-Múlasýslu hugði, að það mundi hnekkir fyrir andlegar þarfir safnaðanna, ef frumvarpi þessu yrði eigi framgengt, því að þá mundu færri verða fúsir á að gjörast kapellánar; en jeg óska, að það fái *ekki* framgang, og er viss um, að hinum *andlegu þörfum* safnaðarins mun þá betur borgið. Því að hvað er andlegum þörfum safnaðar borgið með því, að hafa afgamla fauska og kararmenn fyrir presta, þó þeir taki kapellán? kapellán, sem presturinn svo gefur einhver sveltilaun, til þess að þjóna fyrir sig? Það er rjettlátlegra, að sá taki launin, sem erfiðar fyrir þeim. Jeg tel prestum eigi vorkennandi, að kaupa sjer á yngri árum forsorgun á elliárum sínum. Þeir gætu að líkindum átt viðunanleg kjör eptir hálfsjötugt, ef þeir legðu fram á ári 15—25 kr. frá því þeir væru 25 ára, eður frá því þeir fá embætti. Jeg verð að telja það hálfhneykslanlegt, þegar gamlir uppgjafaprestar sækja aptur eptir svo eða svo langan tíma um brauð einungis launanna vegna. Í stað þess að prestar ættu að segja af sjer, þegar þeir duga eigi lengur til að þjóna embætti sínu, þá er slíkum mönnum nú dembt í tekjumestu og örðugustu brauð á elliárum. Þannig er Reyðarfjarðarkall nýlega veitt manni, sem vitanlega hefur ekki verið fær um að húsvitja sóknir sínar í meir en 18 ár, og það sem verra er, hann hefur ekki beldur hirt um að láta þá kapellána, sem hann hefur haldið, húsvitja. Ef torveldara væri að fá kapellána, mundu slíkir menn fremur neyðast til að segja af sjer. Þetta hefur hneykslað svo, að einn skynsamur hreppsnefndarmaður stakk einu sinni upp á því, svo jeg heyrði, hvort ekki mundi gjörlegt að sækja um brauð handa einhverjum hreppsómaga, ef sveitarnefndin ábyrgðist bara biskupnum

að honum skyldi verða haldinn kapellán til að gegna störfunum. Jeg verð því að greiða mitt atkvæði móti því, að máli þessu verði skotið til 3. umræðu. En ef það skyldi verða meiri hluti þingmanna með því, að það gangi þá til 3. umræðu, verð jeg að áskilja mjer breytingaratkvæði á þann hátt, að ef reiknast skulu ár þau, sem prestur er kapellán, þá skuli eigi aðalpresti teljast þau ár með til eptirlauna, sem hann heldur kapellán.

Flutningsmaður: Það er eigi þörf á, að fara mörgum orðum um ræðu hinna heiðruðu þingmanna, sem síðast töluðu. Það lítur út fyrir, að þeir vilji helzt, að enginn prestur væri til. Þingmaður Eyfirðinga tók fram, að á þinginu 1879 hefðu verið bætt svo kjör presta, að engin ástæða sje til fyrir þá að óska neinnar tilbreytingar um hagi þeirra. Jeg er eigi heldur í þessu efni að óska annars, en að lögin frá 27. febr. 1880 verði svo skýrð og löguð, eins og sanngirni og nauðsyn krefja. Jeg vil enn fremur biðja hinn háttvirta þingmann að gæta þess, að með ábúðar- og tekjuskattalögunum hefur bætt verið miklum álögum á presta, og erfiðleikar aukizt mörgum við hina nýju brauðaskipun. Þessu virðist hinn háttvirti 1. þingmaður Eyfirðinga að hafa gleymt; en aptur á móti virðist, sem komið sje við hjartað í honum, ef verja skal nokkrum krónum prestaembættum til styrktar (*Jón Ólafsson*: Þau styrkjast eigi við krónur). Þingmaðurinn veit þó, að sú algilda regla stendur stöðug, að auður sje afl þeirra hluta, sem gjöra skal. Það, sem hinn sami heiðraði 2. þingmaður Suður-Múlasýslu sagði, hafi jeg heyrt rjett, að prestar geti lifað á 15 til 20 kr. á ári er svo, jeg dirfist að segja, vitlaust, að slíkt er eigi svaravert.

Með því að eigi tóku fleiri til máls, leitaði forseti atkvæða, og var það samþykkt með 14 atkvæðum móti 7, að frumvarpið skyldi ganga til 3. umræðu.

ÞRIÐJA UMRÆÐA Í NEÐRI DEILD,
á 12. fundi, 16. dag júlímánaðar.

Breytingar- og viðaukaatkvæði við frumvarp til viðauka við lög 27. febr. 1880 um eptirlaun presta.

1. Framan við orðin: «Tími sá» o. s. frv. bætist: «1. gr.».
2. Aptan við frumvarpið bætist (ný) 2. gr. svo hljóðandi:
«Ár þau, sem þjónandi prestur heldur aðstoðarprest, teljast frá embættisaldri hans, þegar ákveðin eru eptirlaun hans».

Jón Ólafsson. Þorvarður Kjerulf. Grímur Thomsen. Magnús Andrjesson. Arnljótur Ólafsson. Jón Jónsson.

Flutningsmaður: (*Guðmundur Einarsson*): Jeg verð að vera þeirrar skoðunar, að breytingaratkvæði það, sem fram er komið, muni ekki sem hollast fyrir frumvarpið, og að það muni draga slæman dilk eptir sig, ef það nær að komast að. Jeg treysti því, að ráðgjafinn muni fallast á frumvarpið, ef það kemst óbreytt í gegnum þingið. Jeg hygg, að hann láti sjer skiljast, hvernig hjer hagar til, svo að hann líti á *sanngirni* og *nauðsyn* þessa málefnis og láti þær ráða tillögum sínum til að frumvarpið nái staðfestingu hans hátignar konungsins. Viðaukaatkvæðið er viðbætir, sem blandar inn í öðrum manni og skerðir rjett þann, er hann hefur að lögum. Ef það kemst að, kemur sú breyting á málið, *og einmitt þessi*, sem getur orðið sá þröskuldur á leið frumvarpsins, að það nái ekki lagagildi. Jeg vona, að þingmenn þeir, sem málinu eru hlynntir, greiði atkvæði gegn viðauka þessum.

Jón Ólafsson: Jeg verð að mæla viðaukaatkvæðinu bót, þar eð flutningsmaður er svo óánægður með það. Tilgangur vor var sá, að oss þótti ófært, að *tveir* menn gætu verið að vinna til eptirlauna á sama tíma í sama embætti. Aðalástæðan var þetta; en jeg hef og aðra ástæðu, og hún er sú, að án breytingaratkvæðisins mundi

frumvarpið leiða til misbrúkunar. Kandídatar eru opt atvinnulausir, þeir eru við barnakennslu og önnur ljetta-störf. Sumir brjóstgóðir prestar mundu segja: «Þú getur verið hjá mjer, herra kandídat, eitt eða tvö ár; þú kennir börnum og fær laun fyrir það; jeg kalla þig kapellán, en þarf þín ekki með og borga þjer því ekki fyrir það; jeg gjöri það rjett í greiðaskyni við þig, að hafa þig sem kapellán *að nafninu til*, bara svo að þú fáir þín eptirlaun á sínum tíma». Þetta vildum við fyrirgirða, og það því fremur, sem það er æskilegt, að prestar noti ekki kapellána, þegar þeir eru sjálfir orðnir alveg ófærir um að þjóna brauðunum.

Eiríkur Kúld: Jeg get ekki aðhyllzt viðaukaatkvæðið, því með því er skertur rjettur þess manns, sem hefur fullan rjett til eptirlaunanna eptir lögunum. Ástæður hins heiðraða þingmanns, sem síðast talaði, þóttu mjer nokkuð undarlegar. Það er undarlegt, að það er rjett fyrir suma embættismenn, sem ekki er rjett fyrir suma. Honum mun þó eins kunnugt og mjer, að tveir háttlaunaðir embættismenn í sömu sýslu hjer á landi nú njóta fullra eptirlauna. Er það þá sanngjarnt, að prestarnir, sem eru vissulega lágt launaðir yfir höfuð, hafi ekki þennan sama rjett? Honum mun finnast sanngirni í því. Hann var hræddur um, að frumvarpið mundi gefa ástæðu til þess, að farið yrði kring um lögin. Jeg óttast það ekki. Hann ætlaði, að prestar mundu segja við kandidat af prestaskólanum til að hjálpa honum: «Jeg skal taka þig sem aðstoðarprest fyrir lítið verð eitt eða tvö ár». En mjer er kunnugt um prestsembættin hjer á landi, að þau eru fæst svo góð, að prestar gjöri það að gamni sínu, að taka sjer aðstoðarprest. Hann vildi eins og fyrirmuna mönnum að taka kapellána. Þetta er vissulega óhappaleg stefna og halli fyrir landssjóðinn; því eptir henni verður óumflýjanlegt fyrir eldri presta víða hvar að resignera, og komast þannig fleiri á landssjóð til eptirlauna, en annars. Jeg er svo mjög á móti viðaukanum, að jeg mun greiða atkvæði móti frumvarpinu sjálfu, ef hann verður samþykktur.

Jón Ólafsson: Jeg vil einungis taka fram, að það er ekki svo fátítt, að prestur fái kandidat fyrir barnakennara, og honum mundi þá innan handar að kalla hann kapellán og halda hann svo fyrir ekkert, þar eð hann gæti um leið unnið fyrir eptirlaunum. Þingmaður Barðstrendinga hjelt það yrði óhollt fyrir landið, að draga úr mönnum að gjörast kapellánar. Jeg held þvert á móti, það mundi mesti vinningur, ef hver prestur ynni verk sitt sjálfur, meðan hann megnar, og hætti alveg og víki fyrir nýtari og yngri kröptum, þegar hann er ófær orðinn.

Varaforseti: Jeg fer nú að ætla, að umræðurnar kosti meira, en það, sem frumvarpið fer fram á. Jeg vil vekja athygli deildarinnar á því, að eptirlaun presta eru svo lág, að hverjum manni ofbýður. Jeg vil einnig leyfa mjer að benda á, að það er hvergi tiltekið, að ekki megi veita tveim prestum eptirlaun í sama brauði. Brauðin eru einnig víða hvar orðin svo örðug, að það mun varla veita af 2 prestum til að þjóna þeim, nema þeim prestum, sem eru á bezta aldri, og þá virðist eðlilegt, að þeir þjónandi prestar fái báðir eptirlaun. 2. þingmaður Suður-Múlasýslu talaði um misbrúkun, að kapellánar væru teknir að óþörfu. Jeg ætla þá að minna hann á aðra misbrúkun, sem mundi leiða af viðaukaatkvæði hans, að presturinn mundi streitast við að gegna prestsverkunum, þótt hann væri orðinn hrumur og ófær um það, og þessi misbrúkun mundi að minni hyggju hættulegri, en sú, sem hann vildi benda á. Mjer virðist einnig skökk hugsun í þessu viðaukaatkvæði, að láta prestinn missa eptirlaunin, meðan hann er prestur, er embættismaður, og hefur alla ábyrgðina, en láta annan, sem ef til vill strangt tekið ekki er embættismaður, eða að minnsta kosti hefur enga ábyrgð, fá þau.

Arnljótur Ólafsson: Það er ekki ætíð nóg að vilja gjöra vel, heldur því að eins, að það heppnist, að viðtakandi skilji það. 2. þingmaður Suður-Múlasýslu hefur tekið

fram tilgang breytingaratkvæðisins, og hann var sá, að koma í veg fyrir, að 2 menn á sama tíma og á sama brauði gætu áunnið sjer rjett til eptirlauna. Þetta er einmitt það, sem frumvarp hins háttvirta þingmanns Dalamanna fer fram á, að bæði sóknarpresturinn og aðstoðarpresturinn fái eptirlaun fyrir sömu verk á sama tíma. Nú hugsuðum við, að við gætum komizt hjá þessari «*anomali*» eða óreglu með því, að svipta sóknarprestinn eptirlaunarjettinum, en láta aðstoðarprestinn fá hann, því þingmaður Dalamanna hefur rjettilega tekið fram, að *sanngjarnt* væri, að aðstoðarpresturinn fengi eptirlaun fyrir þau ár, sem hann ekki þjónaði sem sóknarprestur. Í framhaldi af þessari sanngirni komum við með þetta viðaukaatkvæði. Skoðum dæmin. Sóknarpresturinn er ef til vill svo lasburða, að hann þjónar nær því ekki neitt, eða þá að aðstoðarpresturinn hefur alla þjónustu á útkirkjunum, hvort sem þær eru 2, 3 eða 4, en sóknarpresturinn að eins á heimakirkjunni. Þeir skipta þjónustunni þannig með sjer, að aðstoðarpresturinn hefur hana næstum alla. Þetta er reynslan. Þeir vinna *eitt verk*, þess vegna er sanngjarnt, að þeir fái *ein laun*. En með því aðstoðarpresturinn vinnur meira en að helmingi, þá komumst við nær sanngirnistilfinningu og sanngirnisástæðum þingmanns Dalamanna með því, að breyta frumvarpinu svona.

Nú skal jeg í annan stað taka fram, hverjar afleiðingarnar verða eða árangurinn af frumvarpinu, einkum ef breytingaratkvæðið verður samþykkt. Hvaða breytingu gjörir það? Aðstoðarpresturinn fær eptirlaun; það er það eina. Það hlýtur þó svo að vera, að kandídatarnir verða fúsir á, að gjörast aðstoðarprestar, þegar þeir vinna fyrir 10 kr. eptirlaunum fyrir hvert þjónustuár; og þetta er einnig tilgangur flutningsmanns, að þeir verði fúsari á að verða prestar og efla hið trúarlega líf. Þetta eru afleiðingarnar; og hvað leiðir svo af því? Þeir falla þá í verði, það er að segja: Þeir bjóða sig fyrir minni laun, af því þeir fá 10 kr. í eptirlaun fyrir hvert ár. Jeg vil heldur, þótt jeg fái 100 kr. minna, verða aðstoðarprestur, er jeg hef vissu fyrir að fá eptirlaunin. Þetta er samkvæmt því, sem viðgengst um *framboð* og *eptirsókn*. Það þarf ekki að brosa að því, því það er eins með prestana.

Hverjir hafa svo gagnið af þessari niðurfærslu á kandídötunum? Einmitt prestarnir, er fá þá. Þá finnst mjer þeim mun sanngjarnara, að þeir missi eptirlaunin, og þá hafa varaforseti og þingmaður Barðstrendinga enga sanngirnisástæðu til að mæla móti viðaukaatkvæðinu.

Að öðru leyti er mjer ekki annt um það; jeg hef einungis skrifað undir það til þess, að reyna að þóknast flutningsmanni frumvarpsins. Það var misskilningur hjá hinum heiðraða þingmanni Barðstrendinga, að við værum á móti því, að 2 menn fengju eptirlaun í sama embætti (*Halldór Kr. Friðriksson*: Hann sagði það ekki. (*Jón Ólafsson*: Jú:) Við sögðum að eins, að við vildum ekki, að tveir menn fengju á sama tíma rjett til embættiseptirlauna fyrir sömu verk.

Flutningsmaður: Jeg álít, að búið sje að skýra frumvarpið svo, að flestum muni vera orðið það ljóst, hvað farið er fram á í því, og skal jeg því ekki vera fjölorður um það, því það er ekki nema til þess að eyða tíma fyrir þinginu, sem er svo dýrmætur. Að eins vildi jeg geta þess, að mjer þykir þingmaður Suður-Múlasýslu aðdáanlega laginn á að búa til grýlur, og þingmaður Eyfirðinga einkar sniðugur í því, að gylla að mínu áliti rammskakkar hugsanir. Það væri miklu rjettara af honum, að koma beint framan að manni, en svona aptan að.

Arnljótur Ólafsson: Jeg verð að biðja mig undanþeginn þeim áburði, sem hinn heiðraði þingmaður Dalamanna hefur borið mjer á brýn, að allt, sem jeg sagði, væri rammskakkt, gyllt og forgyllt; ef hann annars álítur mig svo, vildi jeg óska, að hann kæmi fram með það á annan hátt, en sletta mjer því í nasir hjer inni á þingsalnum í allra áheyrn.

Jón Ólafsson: Jeg vil leyfa mjer að geta þess, að forseti hefur stundum hringt menn niður fyrir minni sakir en þau orð, er þingmaður Dalamanna ljet sjer um munn fara um 1. þingmann Eyfirðinga.

Forseti: Jeg skal leyfa mjer að taka fram viðvíkjandi því, sem hinn háttvirti 2. þingmaður Suður-Múlasýslu beindi að mjer, að mjer fannst þingmaður Dalamanna ekki brúka svo ósæmileg orð, að hann þyrfti áminningar við. Jeg hef ekki leyft mjer að taka fram í, þótt frekari orðatiltæki hafi verið við höfð.

Síðan ljet forseti greiða atkvæði um breytingar- og viðaukaatkvæði við frumvarpið, og kvaðst álíta, að fyrra atriðið ekki þyrfti samþykktar við, því það leiddi af hinu síðara.

Síðan var 2. atriði fellt með 12 atkv. móti 10, en framvarpið sjálft samþykkt með 12 atkvæðum á móti 9, og kvaðst forseti þá mundu senda það efri deild til þóknanlegrar meðferðar.

FYRSTA UMRÆÐA Í EFRÍ DEILD,
á 13. fundi, 20. dag júlímánaðar.

Frumvarpið, eins og það var samþykkt við 3. umræðu í neðri deildinni, sjá I, 123.

Þar eð enginn tók til máls, bar forseti upp til atkvæða, hvort frumvarpið skyldi ganga til 2. umræðu, og var það samþykkt með 10 atkvæðum.

ÖNNUR UMRÆÐA Í EFRI DEILD,
á 16. fundi, 23. dag júlímánaðar.

Breytingartillaga
við frumvarp til viðauka við lög 27. febr. 1880 um eptirlaun presta. Frá þingmanni Norður-Þingeyinga og 2. þingmanni Eyfirðinga.

Í staðinn fyrir frumvarpsgreinina komi:

Þegar ákveðin eru eptirlaun uppgjafaprests, skal telja með þjónustuárum hans helming þess tíma, er hann hefur aðstoðarprestur verið. Eigi skal heldur telja nema helming þess tíma, sem prestur hefur aðstoðarprest sjer til hjálpar í prestsþjónustu, þegar honum eru eptirlaun ákveðin. Þessi ákvæði taka einnig til eptirlauna presta þeirra, sem þegar hafa fengið lausn eptir að lög 27. febr. 1880 um eptirlaun presta öðlast gildi.

Benidikt Kristjánsson: Jeg hef verið annar af þeim tveim þingmönnum, sem komið hafa með breytingartillögu við mál þetta, vil jeg því stuttlega skýra frá þeim ástæðum, sem leiddu mig til þessa. Jeg var hræddur um, að frumvarpið mundi ekki fá samþykki deildarinnar, eins og það nú er, en af því að jeg áleit, að málið væri áríðandi og hefði við sanngirni að styðjast, þá leyfði jeg mjer að gjöra þessa breytingartillögu til vara, til þess að miðla málum, og jeg álít, að breytingartillagan miði til að fara sem næst hinni eðlilegu hugmynd málsins. Jeg skal ekki mæla fast með breytingartillögunni, og það því síður, sem jeg ætla mjer að gefa atkvæði mitt fyrir frumvarpinu, ef breytingartillagan er felld. Jeg vil leyfa mjer að geta um eina prentvillu síðast í breytingartillögunni, þar sem stendur «öðlast» en á að vera «öðluðust».

Pjetur Pjetursson: Jeg hugsaði, að þetta litla frumvarp væri búið að ganga í gegn um hreinsunareldinn í neðri deildinni, og að efri deildin færi ekki að káka við gjörðir neðri deildarinnar í svo litlu. Þingmaður Norður-Þingeyinga hefur skýrt frá tilganginum með breytingartillögu sinni, af því hann var hræddur um, að frumvarpið mundi ekki ná samþykki deildarinnar. Jeg skal þá játa, að hún er í góðum tilgangi gjörð; en hjer er um svo lítið að ræða, að jeg held, að deildin geti með góðri samvizku fallizt á frumvarpið sjálft. Frumvarpið er kallað viðaukalög, en ef breytingartillagan kemst að, þá verður það meira en viðauki; presturinn á samkvæmt eptirlaunalögunum heimting á, að fá 10 kr. fyrir hvert ár, meðan hann þjón-

ar, en eptir breytingartillögunni fær hann ekki nema 5 kr. fyrir þau árin, sem hann þjónar með aðstoðarpresti; fyrir því yrði líka breyting á lögunum, ef breytingartillagan kemst að. Jeg held, að þessi deild sje ekki svo smámunaleg, að hún fallist ekki á frumvarpið, og jeg get ekki ímyndað mjer, að hún ætli að sýna neðri deildinni, að hún sje sparsamari og haldi betur í fje landssjóðsins, en hún gjörir. Jeg fyrir mitt leyti vil helzt halda frumvarpinu, eins og það nú er, því að ef skipta á eptirlaunum presta, þá er prestunum ómögulegt að fá kapellána, því það getur ekki verið hvöt fyrir kapellánínn, þó að hann fái 5 kr. á ári í eptirlaun. Kapellánar eru sjaldan lengur en 4—5 ár, og það verða þá 20—25 kr., sem bætist við eptirlaun þeirra árlega. Jeg held, að það verði sami hörgull á kapellánum, eins og nú er. En ef jeg sleppi að skoða málið í krónutali, og skoða það með tilliti til kirkjunnar, þá álít jeg það mjög bágt, ef gamlir prestar geta enga aðstoð fengið; það er allt af verið að stækka verksvið prestanna, og nú nýlega eru komin lög um uppfræðingu ungdómsins, og sú skylda lögð prestunum á herðar, að hafa umsjón með henni, og er því líklegt, að þingið gjöri laun gömlu prestanua sem bezt úr garði; en það er ekki hjer verið að ræða um eptirlaun presta, og skal jeg því ekki tala meira um það. Jeg vona, að deildin fallist á frumvarpið, þegar sú mótbára, sem allt af hringdi í neðri deildinni, ekki gat rutt sjer til rúms; það væri líka nokkurs konar ofanígjöf við neðri deildina, ef það væri fellt, og það veit heilög hamingjan, að hún er ekki of rífleg við presta. Jeg bið því hina heiðruðu efri deildar menn að feta í fótspor neðri deildarinnar í þessu máli, og veita kapellánum lagabeimild til að fá eptirlaun samkvæmt frumvarpinu.

Stefán Eiríksson: Þetta er ekki yfirgripsmikið mál, og þó hefur gengið stirt að koma því fram; ef mig minnir rjett, þá var það samþykkt með litlum atkvæðamun í neðri deildinni. Mjer finnst ísjárvert, að fara að veita kapellánum eptirlaun, því þó þeir sjeu fáir í landinu, nú sem stendur, þá geta þeir fjölgað, og við það fallið töluverð byrði á landssjóðinn. Mjer sýnist það ekkert ósanngjarnt, að prestar fái ekki eptirlaun fyrir kapellánsár sín, því að það er aðgætandi, að kapellánar hafa enga ábyrgð á kalli eða kirkju; það má skoða þá sem vinnumenn prestanna, og ef ætti að veita þeim eptirlaun, þá væri það í líkingu við það, eins og þingið færi að ákveða skrifstofuþjónum embættismanna eptirlaun, og má ske leiddi til þess, að slíkir menn færu að koma með óskir í þá átt. Jeg fyrir mitt leyti felli mig betur við breytingaratkvæðið, heldur en frumvarpsgreinina, þó að ekki sje viðkunnanlegt að svipta presta hálfum þeim árafjölda til eptirlauna, sem þeir þjóna með kapellánum.

Árni Thorsteinson: Hinn háttvirti 1. konungkjörni þingmaður talaði svo skorinort fyrir frumvarpi þessu, en samt er jeg á móti því, og skal jeg reyna að færa ástæður fyrir því. Kapellánar eru að vísu prestvígðir menn, en jeg skoða stöðu þeirra svo, að þeir geti gjört embættisverk, en öll þeirra verk sjeu á ábyrgð prestsins; jeg skoða kapellánana líkt og þingmaður Skaptfellinga; þeir eru þjónar prestsins í brauðinu. Það kann að líta svo út, að það sje smámunasemi, að neita um svo litla þóknun; en jeg vil segja, að þeir fái fullkomna þóknun með þeirri reynslu og æfingu, sem þeir fá, meðan þeir eru aðstoðarprestar, og sem ætti að gefa þeim forgöngu fyrir öðrum, er þeir sækja um brauð. Aðaltilgangur frumvarpsins er, að hlynna að prestum, og jeg skal játa, að það er hart fyrir prest, sem ef til vill hefur verið aðstoðarprestur 5—10 ár eða lengur, að hann skuli ekki fá eptirlaun fyrir þessi ár; en ef presturinn er góður og duglegur, þá getur þingið látið hann njóta þess; það getur með sjerstökum lögum ákveðið honum eptirlaun fyrir þessi ár. Það væri annað mál, ef tilhögunin væri hjer eins og í Noregi; þar eru stiptskapellánar, sem biskupinn getur sagt að fara hvert sem honum þóknast, og á þarf að halda, en hjer eru þeir að eins

í þjónustu prestsins. Hinum 1. konungkjörna þingmanni þótti hart, að gamlir prestar skyldu ekki geta fengið aðstoð, og því ætti að setja þeim, sem hjálpa þeim, sem bezt kjör, og hann tilnefndi sem ástæðu, að brauðin væru svo stór, að prestarnir, þegar þeir væru orðnir gamlir og lasnir, gætu ekki einir þjónað þeim. En ef duglegur og samvizkusamur prestur hefur þjónað um langan tíma, þá á hann að fá lausn, án þess hann þurfi að taka aðstoðarprest, og ef brauðin eru gjörð svo stór, að prestur, sem fyrir elli sakir getur þjónað meðalbrauði að stærð, ekki getur það í örðugra, þá mætti laga brauðin öðruvísi, ef mögulegt er. Jeg vil fylgja hreinni og fastri grundvallarreglu og ekki veita aðstoðarprestum yfir höfuð eptirlaun fyrir fáein ár, en þeim, sem þess eru verðugir, og hafa verið aðstoðarprestar í langan tíma, má gefa eptirlaun með aukafjárveitingu.

Sighvatur Árnason: Jeg játa það satt að vera, sem hinn 1. konungkjörni þingmaður sagði viðvíkjandi brauðaskipuninni, að það er opt örðugt fyrir uppgjafapresta, að fá sjer kapellána, en jeg vildi óska, að þessu máli hefði vikið öðruvísi við, nefnilega að ekki væru þessar allt of miklu samsteypur á brauðunum, sem gjöra þau óhæfileg fyrir gamla menn; en þetta mál liggur ekki hjer fyrir, og skal jeg því ekki fara fleirum orðum um það. En eptirlaunamálið er ekki í þeirri stefnu, sem jeg vil hafa það yfir höfuð, hvers embættismanns sem er; það er fastbundið með lögum, hver eptirlaunin skuli vera, án þess að tekið sje tillit til, hvernig embættismaðurinn hefur staðið í embættisstöðu sinni, eða hvernig embættismaðurinn er efnum búinn, þegar hann fær lausn; þetta er mjög óeðlilegt í sjálfu sjer. Hjer er ekki hætt við eptir frumvarpi þessu, að mikið leggist á landssjóð, því að prestar, sem ófærir eru orðnir að þjóna, geta ef til vill setið í brauðinu til dauðadags, ef þeir fá aðstoðarpresta. En þingið ætti ekki að láta sig muna um nokkrar krónur, en hugsa um grundvallarþýðingu málsins. Jeg fellst að því leyti á mál hins 5. konungkjörna þingmanns, að þingið gæti, ef það finnur ástæðu til þess, með aukafjárveitingu veitt eptirlaun fyrir þau ár, sem þsestarnir hafa þjónað sem aðstoðarprestar, ef kringumstæður mæla með því, og svo ætti að vera um önnur eptirlaun.

Sigurður Melsteð: Jeg get ekki verið samdóma hinum háttvirta 5. konungkjörna þingmanni, að því er snertir skoðun hans á sambandinu milli höfuðprestsins og kapellánsins. Mjer virtist hann ekki líta nema á aðra hliðina. Sambandið milli þeirra er að vísu persónulegt samband, og byggt á samningi milli þeirra. En kapelláninn er sem þjónn kirkjunnar einnig í sambandi við söfnuðinn; vígslan veitir honum rjett til að gjöra öll prestsverk jafnframt sóknarprestinum; hann húsvitjar, þjónustar sjúka, uppfræðir ungmenni, prjedikar o. s. frv. Öll þessi verk gjörir hann í höfuðprestsins stað í þjónustu kirkjunnar; þessu atriði virðist mjer hinn 5. konungkjörni þingmaður hafa gleymt. Þess vegna sýnist mjer það hart, að kapelláns-ár prestsins skuli ekki vera talin með, þegar eptirlaun hans eru reiknuð, ef hann hefur haft þjónustu kirkjunnar vel og dyggilega á hendi í mörg ár. Jeg er því á þeirri skoðun, að það sje rjett og rjettvíslega tekið fram í frumvarpinu, að sá tími, sem hlutaðeigandi prestur hefur þjónað sem aðstoðarprestur, skuli talinn sem einn hluti ef embættistíma hans, þegar ákveðin eru eptirlaun hans. Jeg veit, að þingmanni Norður-Þingeyinga og 2. þingmanni Eyfirðinga hefur ekki gengið nema gott eitt til með breytingartillögu þeirra, en jeg er hræddur um, að hún muni ekki geta náð hinu tilætlaða miði, því jeg óttast fyrir, að kapellánar yrðu lítt fáanlegir með þessari miðlun, og eins álít jeg það ósanngjarnt, að taka helminginn af hiuum gamla presti, sem hefur aðstoðarprest sjer til hjálpar í prestsþjónustunni, þegar honum eru eptirlaun ákveðin. Þetta mundi hafa þær afleiðingar, að prestar tækju þá að streitast við að þjóna embætti sínu, þó þeir væru því ekki vaxnir,

án þess að leita sjer aðstoðar, og er auðsjeð, hvaða skaði slikt getur orðið fyrir söfnuðina og kirkjulegt trúarlíf, einkum með tilliti til upppfræðingar ungmenna, sem er eitthvert hið vandasamasta og mest áríðandi embættisverk prestsins. Jeg verð því heldur að óska þess, að frumvarpið fái framgang, eins og það kom frá neðri deildinni, en að þessi breytingartillaga verði samþykkt.

Jón Pjetursson: Mjer fellur frumvarpið yfir höfuð vel í geð. Þegar gætt er að, hvernig staða kapellánsins hefur verið skoðuð frá eldgömlum tímum, þá verður það bert, að hann er ætíð skoðaður í allt annari stöðu við prestinn, heldur en skrifstofuþjónar við yfirmenn sína. Kapelláninn var áður og er enn hjer á landi ekki að eins skoðaður sem þjónn prestsins, heldur og sem meðlimur andlegu stjettarinnar yfir höfuð; hann vinnur prestaeiðinn og helgar sig við það andlegu stjettinni og fær við vígsluna leyfi til að fremja öll prestsverk, prjedika, skíra, þjónusta, húsvitja o. s. fr.; staða þeirra er mjög ólík stöðu dómara fullmektugra; báðir fremja að vísu störf sín upp á ábyrgð annara, en auk þess að dómarar víst eigi geta fengið almenna «constitution» fyrir fullmektuga sína til að vinna öll embættisstörf fyrir sig, svo sem að mega ætíð sitja rjettinn, þá kemst dómarafullmektuginn eigi í neitt þvílíkt samband við dómarastjettina yfir höfuð, sem kapelláninn kemst í við andlegu stjettina. Eitt, sem sannar hina sjerstöku stöðu kapellánsins, er það, að ef einhver prestur hefur tekið sjer kapellán, þá mega þeir ekki koma sjer saman um, að kapelláninn skuli leggja niður embætti sitt, og fara að búa sem bóndi, því það skoðast og hefur einlægt skoðazt svo hjer á landi, sem kapelláninn við það gangi út úr tölu hinna geistlegu. Jeg þekki einmitt eitt dæmi, þar sem aðalpresturinn og kapelláninn komu sjer saman um að skilja, og kapelláninn fór að búa. En er biskup komst að þessu, fengu þeir mikla ofanígjöf hjá honum, og prestinum var skipað að taka kapelláninn aptur, hvað hann og gjörði. Biskupar hafa álitið það skyldu sína, að sjá um af ýtrasta megni, að kapelláninn þyrfti eigi að fara úr hinni geistlegu stöðu sinni, er presturinn dæi, og að sjer bæri því að útvega kapelláninum annaðhvort kapellánsstöðu aptur, eða þá sjá honum borgið með öðru geistlegu embætti. Jeg verð því að vera á þeirri skoðun, að það sje með öllu rjett hjer á landi, að kapellánstíminn sje reiknaður með, þegar eptirlaun presta eru ákveðin, það er að segja, að allur sá tími sje reiknaður, sem hann hefur þjónað í geistlegri stöðu.

Árni Thorsteinson: Jeg má þakka hinum háttvirta 3. konungkjörna þingmanni fyrir það, að hann hefur frætt mig um rjettarástandið milli prestsins og kapellánsins, einkum á fyrri tímum. Jeg ímyndaði mjer annars alltaf, að þetta spursmál mundi verða tekið frá þessari hlið. Það, sem fælir mig frá, að skoða kapelláninn sem sjerstakan embættismann, er það, að þegar kapellán gengur í þjónustu prests, þá getur presturinn látið kapelláninn gjöra störfin fyrir sig «ad mandatum», það er að segja: kapelláninn gjörir verkið, þegar presturinn segir honum það. En það er nú kannske ekki rjett fyrir mig að tala um þetta, sem skoða frumvarpið að eins lagalega, en ekki eins og hinir frá hinni geistlegu hlið; en hvernig fer, þegar presturinn skipar kapelláninum: «Farðu og gefðu þessi hjón saman», og ef það svo reynist, að hjónin hafa þegið af sveit? Hver hefur þá ábyrgðina? Jeg ímynda mjer, að svarið verði: ekki kapelláninn, heldur presturinn sjálfur. Sje þetta rjett svar, þá ímynda jeg mjer líka, að jeg hafi rjett til að skoða kapelláninn ekki sem sjerstakan embættismann með eptirlaunarjetti. Um leið og jeg segi skilið við þetta mál, get jeg þess, að mjer er það alls ekkert kappsmál. Jeg viðurkenni þær ástæður, sem þeir hafa, er vilja fá frumvarpinu framgengt, en rjett á að vera rjett, og af því það munar prestastjettina svo lítið, þó þetta frumvarp verði að lögum, þá þarf jeg ekki að freistast til að breyta frá aðalreglunni.

Breytingartillagan var því næst borin undir atkvæði, en vegna óljósrar atkvæðagreiðslu var haft nafnakall.

Já sögðu:
Benidikt Kristjánsson,
Einar Ásmundsson,
Skúli Þorvarðarson.

Nei sögðu:
Magnús Stephensen,
Árni Thorsteinson,
Ásgeir Einarsson,
Jón Pjetursson,
Pjetur Pjetursson,
Sighvatur Árnason,
Sigurðnr Melsteð,
Stefán Eiríksson.

Breytingartillagan var þannig felld með 8 atkvæðum móti 3.

Þá var frumvarpið sjálft borið upp til atkvæða. Eptir ósk hins 1. konungkjörna þingmanns var nafnakall við haft.

Já sögðu:
Benidikt Kristjánsson,
Magnús Stephensen,
Jón Pjetursson,
Pjetur Pjetursson,
Sigurður Melsteð.

Nei sögðu:
Árni Thorsteinson,
Ásgeir Einarsson,
Einar Ásmundsson,
Sighvatur Árnason,
Skúli Þorvarðarsoon,
Stefán Eiríksson.

Var frumvarpið þannig fellt með 6 atkvæðum á móti 5.

B.

Frumvarp til laga um breyting á lögum um eptirlaun presta, 27. febrúar 1880. Frá þingmanni Barðstrendinga. Frumvarpið er prentað í fyrri parti alþingistíðindanna, bls. 51.

FYRSTA UMRÆÐA Í NEÐRI DEILD,
á 7. fundi, 11. dag júlímánaðar.

Flutningsmaður (Eiríkur Kúld): Jeg skal þá leyfa mjer að geta þess, að mjer hefur verið falið frumvarp þetta á hendur til flutnings hjer á þinginu, og er jeg því að mestu leyti samþykkur sjálfur. Jeg álít hættulegt, að rífka ekkert eptirlaun presta. Hjer er eigi farið fram á neitt stórt, heldur að eins lítilfjörlega breyting á lögum um eptirlaun presta 27. febr. 1880, og mun hver þingmaður, sem kynnir sjer frumvarpið ýtarlega, sjá, á hve mikilli sanngirni það er byggt. Það er sannarlega eptirtektavert, þá er borin eru saman embætti verzlegra og geistlegra embættismanna hjer á landi, að ef prestur, sem hefur þjónað brauði í 30 ár, segir af sjer prestsskap, fær hann einar 300 kr. í eptirlaun, þar sem embættismaður veraldlegu stjettarinnar getur ef til vill fengið allt að 3000 kr. eptir sama embættisára-þjónustu. Þetta leiðir til þess, að rýra álit prestastjettarinnar og þröngva kostum bennar, og aptrar embættismannaefnum að ganga þann veginn. Jeg óska því, að hin heiðraða deild taki málið til íhugunar, og helzt, að nefnd verði sett í það.

Arnljótur Ólafsson: Jeg verð að vera þessu frumvarpi alveg mótfallinn, því að það raskar með öllu grundvelli eptirlaunalaganna 27. febr. 1880, enda get jeg ekki fundið neitt, sem mæli með því. Þegar jeg segi, að frumvarp þetta raski, það kollvarpi grundvelli undir lögum um eptirlaun presta, þá byggi jeg það á því, að þau lög ákveði, að landssjóður skuli greiða það, sem á vantar, ef tekjur prestakallsins ekki hrökkva, til þess að launa uppgjafaprestinum og þeim presti, sem við brauðinu tekur eptir hann, þannig að hann fái 1200 kr. Ef þetta frumvarp yrði að lögum, gætu næstum allir prestar komizt á landssjóð. Tökum til dæmis, að prestur, sem situr í brauði, sem metið er á 1800 kr., segir af sjer og fær eptirlaun $^{10}/_{20}$ af tekjum brauðsins, og verða þannig eptir 900 kr. handa presti þeim, sem við brauðinu tekur, og þar við þarf þá að bæta 300 kr. úr lands-

sjóði. Það var alls eigi tilgangur frumvarpsins 1879, sem nú er orðið að lögum, að auka byrði á landssjóði, en ef þetta frumvarp yrði að lögum, kastaði það byrði á landssjóð, sem numið gæti mörgum þúsundum. Jeg kalla það *ofdirfsku*, að koma á næsta þingi og vilja kasta þessari byrði á landssjóð. Er það sanngjarnt, að eptirlaunin sjeu miðuð við upphæð launanna? eða er hitt ekki sanngjarnara, að launa fyrir embættið, en ekki fyrir dýrleik brauða? Hvers vegna eru prestar venjulega kyrrir á tekjulitlum brauðum? Er það af því, að þeir geti ekki fengið betri brauð? Nei. Veitingarvaldið bænheyrir, ef beðið er nógu opt og lengi. Hví situr þá presturinn lengi á tekjulitla brauðinu? Það er af því, að sóknarmenn hans biðja hann að vera kyrran, og hann hefur tekið tryggð við sóknarmenn og sveitina, er ef til vill búinn að byggja upp hjá sjer eða gjöra jarðabætur. Er það þá rjett, að vera að hvetja presta til að vera »farfugla»? hvetja þá til að biðja um meiri tekjur? hvetja þá til að sitja illa brauðin, byggja ekki upp jörðina og sleppa því við fyrsta tækifæri? Það er hollara og sanngjarnara, að hafa þennan eina mælikvarða, nefnilega gott samkomulag milli prestsins og safnaðarins. Jeg vona, að hin heiðraða deild sje mjer samdóma í því efni.

Forseti bar því næst undir atkvæði, hvort nefnd skyldi sett í málið, og var það fellt, og fyrir því var umræðunni haldið áfram.

Þorlákur Guðmundsson: Jeg hafði þá von 1879, að alþingi hefði skilið svo við prestastjettina, að hún mætti vera ánægð, eius og um næstu 6 ár, sjer í lagi þegar frumvörp um aðra skipun prestakalla og um eptirlaun presta náðu bæði lagagildi; en jeg sje það nú, að þessi von mín ætlar alvarlega að bregðast; nú þegar eru komin hjer fram nokkur frumvörp frá þessari stjett, sem sýna það, að hún er enn ekki ánægð. Það er margsinnis búið að leiða rök að því, að það þarf annað og meira til að bæta hið dauða trúarlíf hjer á landi, en að auka krónutal til prestanna. Það er ekki af því að jeg ekki virði presta, og álíti þá nauðsynlega, og viti, að þeir geta komið miklu góðu til leiðar hjá söfnuðum sínum, þegar þeir eru skylduræknir; en hitt er jeg viss um, að því lengra sem þeir fara í fjárkröfum, hvort heldur er í nýjum eða breyttum lögum, beinlínis eða þá óbeinlínis úr landssjóði, því meir hverfur virðing fyrir klerkdóminum og kennimannlegu embætti. Svo gengur líka þetta frumvarp í öfuga átt við sanna þörf, þegar til að mynda sá prestur, sem hefur 2000 kr. brauð, og þjónað hefur 35 ár eða lengur, skal eptir þessu fá 1000 kr. í eptirlann, en sá, sem verið hefur í 800 kr. brauði, getur þó aldrei náð nema 400 kr. eptirlaunum, og mig furðar á, að nokkur þingmaður skuli vera að flytja slíkt, þar sem allir vita þó hinar mörgu brýnu þarfir, og að atvinnuvegir landsins liggja í rústum; en að veita ríkum mönnum eptirlaun, er í raun rjettri ekki annað en að skaffa erfingjum þeirra fje.

Guðmundur Einarsson: Það er eigi nóg, að slá prestum gullhamra með því að segja, að þeir sjeu nauðsynlegir og allrar virðingar verðir; það verður að viðurkenna þetta líka í verkinu, með því að sjá þeim fyrir viðunanlegum launum og eptirlaunum. Jeg álít enga ofdirfsku, þótt þeir kvarti, og hjer er eigi farið fram á nokkuð ósanngjarnt í frumvarpi þessu, heldur einungis það, sem samsvarar því, sem embættismönnum verzlegu stjettarinnar er veitt að lögum.

Jón Ólafsson: Þegar lögin 27. febr. 1880 komu út, var prestum fyrst komið á bragðið af landssjóði; en hjer befur viljað rætast forni talsháttur inn: »gefðu fjandanum einn fingur, og mun hann bráðum gleypa allan skrokkinn»; þannig hefur og orðið með prestana, að þegar þeir voru farnir að komast upp á bragðið, þá langaði þá í meira. Mjer finnst yfir höfuð mjög ósanngjarnt það, sem farið er fram á í þessu frumvarpi, og mun verra en þau lög, er nú gilda. En þar að auki vil jeg taka það fram, að mínar skoðanir eru svo, að jeg er

ekki einungis á móti eptirlaunum presta, sem jeg er, heldur allra embættismanna yfir höfuð. Mjer finnst, að þeim mönnum, sem skipaðir eru í embætti, sje ekki fremur vorkunn á en öðrum, að leggja svo upp fje, að þeir geti sjeð sjer farborða í elli sinni, og má ekki ætlast til, að þeir þurfi að vera meiri óráðsíumenn en aðrir. Að lokum skal jeg leyfa mjer að spyrja hinn háttvirta flutningsmann, hvernig eigi að skilja þessi orð frumvarpsins, að prestar, sem hafi þjónað frá 0—5 ára, skuli hafa $^1/_{10}$ af launaupphæðinni. Á þá sá prestur, sem aldrei hefur þjónað, nfl. 0 ár, líka að fá $^1/_{10}$ af henni?

Flutningsmaður: Jeg skal játa það, að frumvarpið í þessu efni er nokkuð óglöggt, og ekki sem heppilegast orðað, en meiningin var sú, að sá prestur, sem hefði þjónað í 5 ár, skyldi fá $^1/_{10}$ af launaupphæðinni. En jeg get vel látið mjer skiljast, að hinn heiðraði 2. þingmaður Suður-Múlasýslu sje þessu mótfallinn, þar sem hann er á móti öllum eptirlaunum yfir höfuð, og þykir mjer þá ekki undarlegt, þótt hann gjöri ekki prestunum hærra undir höfði en öðrum í því efni. Þar sem hinn 1. þingmaður Eyfirðinga er mjög mótfallinn þessu frumvarpi, þá er það ekki í fyrsta sinn, að hann kemur þannig fram í þessu máli, en jeg held reyndar, að hann hafi ekki kynnt sjer ástæðurnar fyrir þessu frumvarpi nógu nákvæmlega, því skeð getur, að það hefði verið nógu gott að kynna sjer þær, einkum fyrir hann. Það var eitt hjá 1. þingmanni Árnesinga, að hann vildi hrekja orð mín, að varasamt væri að þröngva of mjög kjörum presta. Veit hann þá ekki, að á presta hafa verið lagðar margar byrðar, svo sem tekjuskattur, ábúðarskattur, húsaskattur, kirkjuskattur o. s. frv. Hann sagði, að atvinnuvegir landsins lægju í rústum; ef svo er, þá þarf einnig að bæta þann atvinnuveg, sem prestar hafa. Að öðru leyti legg jeg annars ekki málið til kapps, en fel hinni heiðruðu þingdeild á vald meðferð þess, og vona, að hún lofi því að komast til 2. umræðu.

Þegar hjer var komið umræðunum, óskuðu 8 þingmenn:

Lárus Blöndal,
Tryggvi Gunnarsson,
Arnljótur Ólafsson,
Þorvarður Kjerulf,
Jón Jónsson,
Þorsteinn Thorsteinson,
Þorlákur Guðmundsson,
Þorsteinn Jónsson,

að þeim yrði hætt, og var það samþykkt.

Því næst bar forseti það undir atkvæði, hvort málið skyldi ganga til 2. umræðu, og var það fellt með 17 atkvæðum.

Var frumvarpið þannig f a l l i ð.

C.

Frumvarp til laga um sóknargjald til prests. Frá þingmanni Dalamanna. Frumvarpið er prentað í fyrri parti alþingistíðindanna, bls. 45—48.

FYRSTA UMRÆÐA Í NEÐRI DEILD,

á 7. fundi, 11. dag júlímánaðar.

Flutningsmaður (*Guðmundur Einarsson*): Frumvarp þetta, sem barst mjer frá þingmálafundi í Dalasýslu, er sprottið sumpart af örðugleikum þeim, sem sumir prestar eiga með innheimtu á gjöldum sínum, og sumpart af óánægju margra gjaldenda yfir dagsverkagreiðslunni, sem þykir koma of hart niður á efnalitlum eða efnalausum greiðendum, síðan tilhögun sú var lögskipuð, sem gjörir greiðendum dagsverksins mjög efitt að lúka það með skylduvinnu. Lambsfóðrin eru ein hin bezta tekjugrein presta, en því miður verður hún ein hin lakasta opt og einatt. Offrin koma opt ójafnt niður á efnahagi manna. Af þessu leiðir, að hjer er farið fram á þau nýmæli í frumvarpi þessu, að gjöra eitt sóknargjald úr öllum tekjugreinum þessum og jafna því niður á gjaldskylda sóknarbúa eptir efnum og ástæðum. Hið annað nýmæli í frumvarpi þessu er það, að

gjöra þau fasteignarhundruð að tekjustofni, sem til þessa hafa verið tíundarfrí. Jeg játa það, að bjer kann að vera stigið feti lengra, en hinni heiðruðu deild þykir hæfa, en sje svo, þá er hægt að ráða bót á því, með því að setja nefnd í málið, og því gjöri jeg það að tillögu minni, og jafnframt, að 1. umræðu verði frestað.

Varaforseti: Jeg hef áður hugsað um, og samið líkt frumvarp og þetta, en hvarf frá því, að byggja á þessum grundvelli að innheimta prestsgjöldin. Það er víst, að miklir gallar eru á innheimtunni, eins og hún er, en þó ætla jeg eigi, að fyrirkomulagið sje alveg óhafandi, en þetta er því síður heppilegasti vegurinn til að ráða bót á henni. Það, sem jeg sjerstaklega hef á móti þessu fyrirkomulagi, er það, að sóknarnefndin skuli eiga að jafna gjaldinu niður; það var aldrei til ætlazt, að sóknarnefndir hefðu starf þetta á hendi, og væri óheppilegt, ef þeim væri íþyngt svo, að menn yrðu ófúsir að vera í þeim. Hitt var ákvörðun þeirra, að styðja að því, að vekja andlegt líf í söfnuðunum, og væri þetta niður brotið með því, að fela þeim önnur óskyld störf, þá þætti mjer illa til takast. Niðurjöfnun er ávallt af handabófi, og jeg kann fyrir mitt leyti ekki við, að gjaldi til prests sje jafnað niður eins og gjaldi til sveitarlima. Til þess ber brýna nauðsyn, að taka fasta ákvörðun um dagsverkin, hver dagsverk skuli greiða; en prestarnir gætu haft innheimtuna, að minnsta kosti fyrst um sinn. Þar á móti mætti gjöra þá ákvörðun, að hreppstjórinn innheimti fyrir prestinn það, sem presturinn vildi ekki innheimta sjálfur. Jeg held, að málið ætti ekki að komast í nefnd.

Lárus Blöndal: Jeg get ekki neitað því, að mjer finnst eitthvað óvanalegt og óviðkunnanlegt við það, að í sömu andránni, sem hin lögboðnu gjöld til prests samkvæmt 1. gr. frumvarpsins eru af numin, þá skuli einmitt *þessi sömu* gjöld samkvæmt 3. gr. þess vera lögð til grundvallar fyrir upphæð hins nýja gjalds, sóknargjaldsins, sem á að koma í þeirra stað. Þá stendur og í frumvarpi þessu, að sóknargjaldinu skuli jafna niður eptir efnum og ástæðum. Það er nú auðvitað, að það lítur vel út í orði, að leggja gjald á eptir efnum og ástæðum, en allir, sem til þekkja, vita, að slík niðurjöfnun hlýtur að vera og er að meira eða minna leyti hreint og beint handabóf. Jeg verð því að álíta það óráðlegt og óheppilegt, að fjölga þeim gjöldum, sem lögð eru á eptir þeim mælikvarða, en að öðru leyti er jeg því meðmæltur, að mál þetta komi til annarar umræðu.

Síðan bar forseti undir atkvæði, hvort setja skyldi nefnd í málið, en það var fellt með 14 atkvæðum. Þá óskuðu 8 þingmenn:

Jón Ólafsson,
Friðrik Stefánsson,
Jón Jónsson,
Lárus Blöndal,
Þorvarður Kjerulf,
Þorlákur Guðmundsson,
Holgeir Clausen,
Grímur Thomsen,

að umræðunum væri hætt, og var það samþykkt.

Því næst bar forseti undir atkvæði deildarinnar, hvort málið skyldi fara til annarar umræðu, og var það fellt með 16 atkvæðum.

D.

Frumvarp til laga um breyting á tilskipun 27. janúar 1847. Frá 1. þingmanni Gullbringusýslu og þingmanni Barðstrendinga. Frumvarpið er prentað í fyrri parti alþingistíðindanna, bls. 59.

FYRSTA UMRÆÐA Í NEÐRI DEILD,
á 10. fundi, 14. dag júlímán.

Flutningsmaður (Þórarinn Böðvarsson): Jeg skal að eins mæla fátt með þessu frumvarpi, enda sýnast ástæður ekki teknar mjög til greina. Á seinasta þingi kom líkt frumvarp þessu til þingsins og

sjekk góðar viðtökur í þessari deild, en fórst af einhverjum óhöppum í efri deildinni. Fyrir hjónavígslu er gjaldið hækkað úr 6 álnum upp í 10, og byggist það á erfiðleikum þeim, sem víða hafa aukizt prestinum við hina nýju brauðaskipun, þar sem hann þarf svo langa leið að fara, að drengur, sem sendur væri viðlíka leið, mundi varla gjöra sig ánægðan með minna en 10 álnir að launum. Fermingarlaun eru hækkuð úr 12 álnum upp í 15 álnir, og byggist breyting þessi á erfiðisauka þeim, sem presturinn hefur við fermingu barna, þar sem hann hefur um að sjá skript og reikning, sem opt getur lagzt mjög þungt á prestinn; jeg tek til dæmis, þar sem engir barnaskólar eru komnir á, eins og víða á sjer stað og víðast mun verða um langan tíma. Það hefur rjettorður prestur sagt mjer, að hann hafi þurft 8 klukkustundir dag hvern, er hann messaði á útkirkjunni, til leiðbeiningar börnum í skript og reikningi. Með 2. gr. frumvarpsins er 7. gr. tilskipunar 27. jan. 1847 úr lögum numin, þar eð það virðist eðlilegt, að presturinn eins og aðrir, sem að greptruninni vinna, fái borgun fyrir sína fyrirhöfn, og kirkjan eins, þó sveitarómagi eigi í hlut. Þau lög, sem nú gilda, eru sniðin eptir eldri lögum og venju, sem nú er úr gildi gengin, og er fyrir þá sök rjett að breyta þessu.

Arnljótur Ólafsson: Mjer þykir ekki heppilegt, að eins mörg prestafrumvörp komi fram sitt í hvoru lagi, eða í allt einum sneplum og skæklum. Mjer virðist vanta heild í þau. Jeg ætla, að heppilegra væri að taka allt það mál til athugunar í einni heild. Þar sem hjer er um tekjugrein að ræða, þarf að taka til greina allar aðrar tekjugreinir presta, og til þess að gjöra það með nægri þekkingu, þyrfti sú nefnd að hafa í höndum nýtt brauðamat eða skýrslur um tekjur presta. Þó að sumt í þessu frumvarpi sje á sanngirni byggt, verð jeg að vera móti því, já, ekki einungis þessu frumvarpi, heldur öllum frumvörpum, sem snerta presta, að svo komnu. Fyrsta grein frumvarpsins er móti minni skoðun; jeg held, að það sje engu kostnaðarsamara að gefa saman hjón nú, heldur en verið hefur; jeg held, að prestar hafi engu meira fyrir því að staðfesta börn, en verið hefur, því að fyrirhöfn á reikningsog skriptarkennslu lendir öll á skólakennurunum, þar sem barnaskólar eða enda barnakennsla er komin á. Jeg segi fyrir mitt leyti: jeg vil gjarnan gefa eptir fermingarlaunin, til þess að barnaskólar komist á fót. Jeg skal ekki fara fleirum orðum um frumvarpið, en verð að greiða atkvæði móti öllum slíkum frumvörpum, þegar þau koma svona í sneplum og skæklum.

Þorlákur Guðmundsson: Jeg er alveg samdóma hinum heiðraða þingmanni, sem seinast talaði, um að óheppilegt sje að koma fram með þetta svona sjerstakt; menn hefðu mátt muna, hvað frumvarpið var vinsælt í deildinni í hitt eð fyrra, og ekki átt að vera að koma með það aptur núna. Auðvitað mætti breyta gjaldinu í eitthvert fast gjald, og jeg er ekki á móti því, að það væri gjört, en þá þarf að hugsa það vel og undirbúa á milli þinga, og að það gæti orðið bæði gjaldtakanda og gjaldanda hagfelldara fyrirkomulag, en nú er. Eptir minni hugsjón eru erfiðleikarnir fyrir prestinn engu meiri nú en verið hefur, því að þeim er ekki gjört að skyldu að kenna skript og reikning, en einungis að hafa eptirlit með því og geta þess í húsvitjunarbókum sínum, en í því efni hefðu þeir mjög getað ljett undir þá skyldu, ef þeir hefðu lagt fram alla sína ýtrustu krapta. Það mun þykja nógu langt farið, að sá, sem heldur barnið það árið, sem það er fermt, skuli borga fermingargjaldið; það mundi opt koma fyrir, að hreppssjóðir borguðu allt saman, og er kannske til þess ætlazt, þó það sje ekki beinlínis tekið fram. Jeg held af þessum ástæðum, að það hefði mátt dragast, að koma með þetta frumvarp svona, og að koma með þess konar frumvörp, verður prestum minni hagur, en þeir hugsa.

Eiríkur Kúld: Það er eptirtektavert,

að þeir tveir heiðruðu þingmenn, sem talað hafa móti frumvarpi þessu, hafa báðir játað, að mjer skilst, að ástæða sje til að breyta þessu fyrirkomulagi, sem er, og sem frumvarpið fer fram á, en bera þar á móti fyrir sig, að málið ætti að takast fyrir í heild sinni. Þetta þarf alls ekki að verða málinu til fyrirstöðu. Verði nefnilega nefnd sett í þetta mál, mætti vísa til þeirrar nefndar öllum þeim málum líks efnis, sem til þingsins koma. 1. þingmaður Árnesinga bafði það móti frumvarpinu, að erfiðleikar fyrir prestinn væru engu meiri nú, en þeir hefðu verið, en jeg get fullvissað þingmanninn um, að þar sem barnaskólar eru ekki komnir á, sem enn er allvíða, þar eykur það eigi all-lítið á fyrirhöfn prestsins, að eiga að hafa umsjón með skript og reikningi, því að það gjörir hver prestur samvizkusamlega, sem annars hefur nokkra tilfinningu fyrir embætti sínu, þó að það sje eigi hans lögboðin skylda að kenna þetta sjálfur. Enn fremur veit jeg til þess, að sumstaðar á Vesturlandi verða prestar að taka fermingarbörnin heim til sín um lengri og skemmri tíma, sakir þess, hve strjálbyggt er og illt yfirferðar, og fá víst optast lítið fyrir. Það er sjaldan, að það komi fyrir, að borga bjónavígslu, enda mundu hreppsnefndirnar helzt óska, að sá maður, sem ekki er þess um kominn að borga hana eptir uppástungu frumvarpsins, helzt fengi eigi hjónaband. 1. þingmaður Árnesinga sagði áðan, ef jeg heyrði rjett, að hreppsnefndirnar gætu gefið eða væru vanar að gefa útfararkostnaðinn. (*Þorlákur Guðmundsson*: *mundu* gefa hann). Þingmaðurinn hefur þann spádóm víst úr einhverri hinni smærri spádómsbók, því að það er alkunnugt, að þó allir líkmenn fái fulla borgun, fær presturinn ekkert. Mjer hefur sjálfum verið neitað um borgun, þar sem 20 kr. voru afgangs öðrum kostnaði, af þeirri ástæðu, að hinn framliðni hafði einhvern tíma þegið af sveit, og sýslumaður úrskurðaði, að þetta væri rjett.

Þegar hjer var komið umræðunum, óskuðu 8 þingmenn:

Jón Jónsson,
Friðrik Stefánsson,
Benidikt Sveinsson,
Grímur Thomsen,
Ólafur Pálsson,
Þorsteinn Jónsson,
Holgeir Clausen,
Þorsteinn Thorsteinson,

að þeim væri hætt, og var það samþykkt.

Því næst var gengið til atkvæða um, hvort frumvarpið skyldi ganga til 2. umræðu; var nafnakall við haft, og sögðu

Já:

Eiríkur Briem,
Magnús Andrjesson,
Benidikt Sveinsson,
Eiríkur Kúld,
Guðmundur Einarsson,
Halldór Friðriksson,
Lárus Blöndal,
Þórarinn Böðvarsson,
Þórður Magnússon,
Þorkell Bjarnason,
Þorsteinn Thorsteinson.

Nei:

Arnljótur Ólafsson,
Egill Egilsson,
Friðrik Stefánsson,
Grímur Thomsen,
Holgeir Clausen.
Jón Jónsson,
Jón Ólafsson,
Ólafur Pálsson,
Tryggvi Gunnarsson,
Þorlákur Guðmundsson.
Þorsteinn Jónsson,
Þorvarður Kjerulf,

og var það þannig fellt með 12 atkvæðum gegn 11.

Var frumvarpið þannig f a l l i ð.

E.

Frumvarp til laga um breyting á laun-

um prófasta. Frá 1. þingmanni Gullbringu- og Kjósarsýslu og þingmanni Barðstrendinga. Frumvarpið er prentað í fyrri parti alþingistíðindanna, bls. 60.

FYRSTA UMRÆÐA Í NEÐRI DEILD,
á 10. fundi, 14. dag júlímánaðar.

Flutningsmaður (*Þórarinn Böðvarsson*): Jeg hygg, að öllum þingmönnum muni vera ljóst, hvað það er, sem frumvarp þetta fer fram á. Það er það að ljetta byrði af kirkjunum, og leggja á landssjóð gjald fyrir umsjón í kirkjulegum efnum. Það er annars nógu fróðlegt að líta lauslega yfir, hvernig til hefur gengið hjer á landi í þessu efni. Prófastar voru hjer settir þegar í kaþólsku, og þá var enginn skortur á fje í kirkjunni til að borga yfirumsjónina, en þegar siðabótin var innleidd hjer, var kirkjan svipt afarmiklu fje, en einkum því, sem ætlað var til yfirumsjónar kirkjunnar, þar sem mikið af eigum og tekjum biskupa var dregið í ríkissjóð og tekjur prófasta með. Fram yfir síðast liðin aldamót var það regla, að prófastar í launaskyni skyldu skipta búi eptir andlegrar stjettar menn. Þessi ákvörðun var í anda hinnar kaþólsku kirkju, en hlaut að ganga úr gildi, þegar andi siðabótarinnar ruddi sjer til rúms. Brjef hirðstjórans frá 6. maí 1617 segir, að prófastar skuli fá bezta brauðið í prófastsdæminu. En ákvörðun þessi getur verið ranglát, og hefur henni opt ekki verið fylgt, sem betur fer. Niðurstaðan varð sú, þegar allar hinar eldri ákvarðanir um laun prófasta voru úreltar, að kirkjurnar sjálfar skyldu launa prófastunum, en þessi tilhögun er eins óeðlileg, eins og hún er skaðleg. Það er óeðlilegt og ósanngjarnt, að kirkjurnar skuli borga fyrir alla umsjón í kirkjulegum efnum, fyrir endurskoðun reikninga, fyrir að gefa statistiskar töflur, fyrir að sjá um embættisfærslu og siðferði presta o. s. frv. En þessi tilhögun er ekki að eins óeðlileg, heldur líka skaðleg, eptir því tekjur kirkna hjer á landi eru, eins og nú hagar til, því engin kirkja má missa neins í af því, sem henni ber, því að þótt allmargar eigi sjóð, þá mun þó ekki veita af, að nota hann, til þess að þær geti verið í því standi, sem þær eiga að vera. Jeg hef ekki þekkt eina einustu kirkju hjer á landi, sem hefur verið sómasamleg og eins vel byggð og guðshúsi hæfir að vera, að hún ekki hafi verið í efnaþröng. Kirkjurnar þurfa að vera í góðu standi, svo ekki þurfi um þær að segja, eins og komizt er að orði í gömlum úttektum: «hrörlegar», «brostfelldar», og, þegar bezt ljet, «allstæðilegar». Þær mega ekki vera oss til minnkunar, þær eiga að vera skrautlegar og samboðnar hinni helgu athöfn, sem fram fer í húsi drottins; þær verða að hafa eittbvað fram yfir sölubúðir kaupmanna, því hvaða hús skyldi vanda ef ekki guðs hús, það hús, sem er helgað tilbeiðslu þeirrar æðstu veru? Þær verða að vera svo, að þær fái á tilfinningarnar og veki lotningu fyrir honum, sem þar á að tilbiðjast. En þetta er flestum kirkjum ofvaxið að gjöra af eignum rammleik með þeim tekjum, sem þær nú hafa. Sje það satt, eins og sumir láta sjer um munn fara, að trúarlíf sje farið að dofna í landinu, og söfnuðirnir sjeu farnið að dotta í hálfvelgju og eins konar svefnmóki, þá er ekki vanþörf á því, að kirkjurnar hafi eitthvað það við sig, sem getur hrifið andann, og minnt menn á, að þeir eru komnir í þetta hús, til þess að biðja og snúa huga sínum að hinu æðra. Það er ánnars sannarlegur galli á hinni lúthersku kirkju yfir höfuð, hvað hún hrifur lítið tilfinningar manna, jafnframt því að söngurinn víða hjá oss er svo ófær, að hann drepur niður tilfinning og smekk jafnvel þeirra, sem hafa hann þó nokkurn áður. Þetta álít jeg sje nú nóg til að mæla með því, að þessum gjöldum sje ljett af kirkjunum, en hvaðan á þá að taka þessa þóknun handa próföstum, sem jeg ekki ætlast til að eigi að vera nein auðsuppspretta fyrir þá, en sem er nauðsynleg einungis til þess, að enginn heiðarlegur maður þurfi að fráfælast að vera prófastur. Jeg get ekki öðru svarað, en að það liggi beinast við, að taka

þá gjaldlið úr landssjóði, sem nú er kominn í stað ríkissjóðsins og erfingi hans, og sem líka hefur tekið að sjer að vernda þjóðkirkjuna. Aldrei hefur verið meiri nauðsyn á umsjón í kirkjulegum efnum en nú, og umsjónin hlýtur að lenda mest á prófastunum. Jeg get því ekki búizt við því, að hin heiðraða deild verði því mótfallin, að þessi breyting verði gjörð. En þar sem farið er fram á í frumvarpinu, að hver prófastur fái 200 kr., þá er þetta meðaltala af þeim tekjum, sem prófastar nú hafa, og finnst mjer það sennileg upphæð, en vilji einhver stinga upp á því, að setja töluna niður, þá skal jeg ekki fást um það, að eins að þessi breyting verði gjörð á gjaldinu, sem frumvarpið fer fram á, að gjaldinu verði ljett af kirkjunum, og menn greiði atkvæði með því, en um upphæðina má ætíð gjöra breytingaratkvæði. Að endingu óska jeg málinu verði lofað að ganga til 2. umræðu.

Var þá gengið til atkvæða og málið fellt frá 2. umræðu með 14 atkvæðum móti 6.

Var frumvarpið þannig f a l l i ð.

F.

Frumvarp til laga um tíundargjald til prests og kirkju og dagsverk. Frá 1. þingmanni Gullbringu- og Kjósarsýslu, þingmanni Dalamanna og þingmanni Barðstrendinga. Frumvarpið er prentað í fyrri parti alþingistíðindanna, bls. 70—71.

FYRSTA UMRÆÐA Í NEÐRI EEILD,

á 11. fundi, 15. dag júlímánaðar.

Flutningsmaður (*Þórarinn Böðvarsson*): Áður en jeg fer að tala um frumvarp þetta, vil jeg minnast lítið eitt á dæmi það, sem fyrir kom í gær. Hinn heiðraði 1. þingmaður Eyfirðinga hafði það sem aðalástæðu móti frumvarpi, sem jeg var flutningsmaður að, að það tæki fyrir einstaka grein af tekjum presta, en hljóðaði eigi um þau öll í heild sinni. Mjer virðist svo, sem þetta sje fremur lítil og fátækleg ástæða, eða að minnsta kosti hefur hinn heiðraði þingmaður sjálfur syndgað í þessa sömu stefnu, þar sem hann hefur komið fram með frumvörp um skatta, en eigi skattamál í heild sinni, tolla, en eigi tollamál í heild sinni. Í gær voru fyrir þessar sakir felld 2 frumvörp, annað af engum ástæðum, en annað af þessum ástæðum, sem jeg leyfi mjer að kalla verri en engar. Það mál bar jeg upp hjer á þingi eptir eindreginni ósk allra þeirra manna, sem hugsun hafa á því, að kirkjur sjeu í sómasamlegu og góðu standi. Að því er snertir 1. og 2. grein frumvarps þessa, sem jeg er nú flutningsmaður fyrir, þá ætla jeg, að hinn háttvirti 1. þingmaður Eyfirðinga geti eigi haft það móti þeim, að þær bæti kjör presta, því að þær eru fremur prestum til ógagns en gagns, þar sem þær fara fram á, að prestar eins og aðrir gjaldi til kirkju. 3. greinin ræðir um það atriði, sem jafnan hefur verið óljóst í löggjöf vorri, og mun það vart mæla móti frumvarpi þessu, að nákvæmar er kveðið á um þau atriði, en áður hefur verið, enda munu það eigi vera prestar einir, sem æskja eptir lagfæring í því efni, heldur leikmenn miklu fremur. 5. grein snertir hreppstjórana og heimila þeim 6% af sóknargjöldum til prests og kirkju fyrir innheimtu þeirra. Frumvarp þetta fer eigi fram á aðrar breytingar, og eru þær eigi stórvægilegar nje skaðlegar; og eigi hygg jeg, að það þurfi heldur að verða frumvarpi þessu að fótakefli, að það sje prestum í hag. Ef hinni heiðruðu þingdeild þóknast nú að fella frumvarp þetta, þá mun jeg taka það ljett, og einkum ef það verður af engum eða sárlitlum ástæðum, eins og var með frumvörpin þau í gær.

Þorkell Bjarnason: Mig minnir, að 2 af hinum heiðruðu þingmönnum kæmu fram með þá mótbáru í gær, þá er fram var borið frumvarp um breytingar á aukatekjum presta, að þau mál, er snertu presta, kæmu inn á þing í «*sneplum og stykkjum*», en nauðsyn bæri til að taka það mál í eina heild. Af þessum ástæðum verð jeg að ætla,

að nauðsynlegt sje, að nefnd sje sett til að íhuga þessi mál, og það því fremur, sem eigi allfá frumvörp hafa komið hjer á þingið nú, sem viðkoma bæði prestum og kirkju. Frumvarp það, sem hjer ræðir um, fer fram á breytingar þær, er að mínu áliti ekki eru svo mjög nauðsynlegar fyrir presta, sem þær eru þarfar, ef skoðað er frá sjónarmiði alþýðu. Engin gjöld koma jafnósanngjarnlega niður á landsbúa, sem landsfóður, offur og dagsverk, þá er litið er á efni manna. Lítum á lambsfóðrin: Sá bóndi, sem að eins hefur 1 kú, eða jafnvel ekki nema $^1/_2$ kú og ef til vill fáeinar kindur, þarf eins að fóðra prestlamb sem sá, er 10 kýr hefur og mörg hundruð fjár. Skoðum offrin: Jafnt offur þarf sá bóndi að greiða, sem að eins hefur 20 hundruð í eignarhaldi, og sá, er 300 hundr. á. Kvartað er undan niðurjöfnun hreppsnefnda, en hvað mundi vera sagt um þá hreppsnefnd, er svo ójafnt legði gjöldin á, og hvað er það í samanburði við þetta? Þó er dagsverkið ranglátast allra gjalda, því að það kemur vanalega niður á þeim, sem fátækastir eru; það hvílir vanalega á þeim, sem minnst eiga, sem opt ekki vita, hvað þeir eiga að hafa til næsta máls. Auk þess er rjettarvissan fyrir gjöldum þessum einatt á reiki. Það ber því hin brýnasta nauðsyn til, að hin heiðraða þingdeild komi meiri jöfnuði á þessi gjöld, og óska jeg því og það sjer í lagi frá sjónarmiði alþýðu, að nefnd verði kosin, til þess að taka málið til íhugunar. Hvað mig snertir sem prest, læt jeg mjer málið í ljettu rúmi liggja, en jeg hef sagt mínar ástæður fyrir því.

Bar þá forseti undir þingdeildarmenn, hvort setja skyldi nefnd í þetta mál, og var það fellt með 12 atkvæðum móti 10, að viðhöfðu nafnakalli sakir óljósrar atkvæðagreiðslu.

Já sögðu:
Eiríkur Briem,
Magnús Andrjesson,
Arnljótur Ólafsson,
Eiríkur Kúld,
Guðmundur Einarsson,
Jón Jónsson,
Lárus Blöndal,
Þórarinn Böðvarsson,
Þorkell Bjarnason,
Þorsteinn Thorsteinson.

Nei sögðu:
Benidikt Sveinsson,
Egill Egilsson,
Friðrik Stefánsson,
Grímur Thomsen,
Holgeir Clausen,
Jón Ólafsson,
Ólafur Pálsson,
Tryggvi Gunnarsson,
Þórður Magnússon,
Þorlákur Guðmundsson,
Þorsteinn Jónsson,
Þorvarður Kjerulf.

Var þá umræðunum haldið áfram.

Arnljótur Ólafsson: Jeg skil atkvæðagreiðsluna svo, sem deildin vilji ekki aðhyllast þetta frumvarp, eins og það er, en alls ekki svo, að deildin vilji ekki taka tillit til þeirrar beiðni, sem liggur í öllum þessum frumvörpum, þeirrar beiðni, að taka allar tekjur prests og kirkju til rannsóknar og umbóta í heild sinni. Það, sem jeg hef móti frumvarpi þessu, eins og jeg hef áður tekið fram, er einungis það, að jeg vil ekki láta ræða þetta mikla skattamál í sneplum og skeklum. Jeg, gef atkvæði móti því, að þetta frumvarp gangi til annarar umræðu af tveimur ástæðum: 1., af því, að það er einn skekill af heilu skæði, og 2., af því, að það er að sumu leyti óheppilega orðað. Í 1. gr. frumvarpsins stendur, að tíund af fasteign skuli afnumin, en í 2. gr. er tiltekin $^3/_{10}$ álnar í landaurum. Mjer er nú spurn: Hvað er tíund? Er það eintómt orð, eða þýðir þetta orð $^3/_{10}$

álnar. Ef nú svo er, að tíund, eða rjettara fjórðungur tíundar, þýðir $^{3}/_{10}$ álnar, þá er fullkomin andsögn milli 1. og 2. greinar. Sú stefna, sem kemur fram í 3. gr., að þenja dagsverkið út, er að minni ætlun óhafandi, og er auðsjeð, að ákvæði þessi eru sniðin í samfjelagi við frumvarp í efri deildinni.

Jón Ólafsson: Jeg er ekki vanur að standa upp til að styðja þessi prestalaunafrumvörp, en að nokkru leyti vil jeg þó mæla þessu líknaryrði; jeg vil stinga upp á að skjóta því til deildarinnar, hvort ekki mætti setja stöðuga nefnd, eins konar hlöðunefnd, til að athuga laun presta, og mætti kasta öllum þessum smásneplum í einn bing í hana; jeg vona annars, að sú nefnd yrði þá svo vel skipuð, að hún yrði »stöðugri« en þeir, sem eru að smákoma með þetta svona á stangli.

Flutningsmaður: Jeg get ekki svarað 1. þingmanni Eyfirðinga öðru en því, að hann hefði í staðinn fyrir allar sínar ástæður getað sagt: »Jeg vil ekki hafa neitt af þessum prestafrumvörpum«. Hann talaði um, að eigi væri rjett að ræða málið í »sneplum og skæklum«, heldur taka allt málið fyrir í einu, en þetta er þó móti þeirri aðferð, sem hann hefur sjálfur haft í skatta- og tollmálum. Enn fremur þótti honum frumvarpið óheppilega orðað og dvaldi lengst við tíundina, $^{3}/_{10}$, og var sem hann þekkti ekki aðra tíund, en jeg þekki líka tíund, $^{10}/_{100}$. Þessi ákvörðun í 2. gr. frumvarpsins var gjörð til þess að reyna, að koma gjaldinu í samræmi við önnur gjöld til landssjóðs. Hann sagði enn fremur, að 3. gr. frumvarpsins færi fram á útþenslu dagsverksins; en þetta er ekki rjett; frumvarpið fer ekki lengra en yfirvöldin úrskurða. Þingmaðurinn sagði og, að í efri deildinni væri farið fram á að lækka dagsverkin, en það er heldur ekki rjett, því að það frumvarp er að eins um vinnuhjú, sem ekki eru sjálfum sjer ráðandi. Jeg er ekki á því, að taka fyrir öll gjöld gresta yfir höfuð, af því að fyrirkomulag þeirra er viðunanlegt, að einstökum greinum undanteknum.

Guðmundur Einarsson: Jeg vildi að eins minna 1. þingmann Eyfirðinga á, að hann var sjálfur móti sóknargjaldinu, sem þó var ekki í sneplum; nei, í frumvarpinu um sóknargjaldið var þó mörgum tekjum presta safnað í heild og lagt það til, að þær væru afnumdar gegn einu almennu gjaldi. Þótt frumvarp þetta sje eigi eins yfirgripsmikið, þá álít jeg þó, að það miði til mikilla bóta, eins og það er, og meðal annars er með því afnumin óvissa sú, sem hefur verið og er um það, hverjir skuli greiða dagsverk.

Eiríkur Kúld: Hinn heiðraði 1. þingmaður Eyfirðinga hefur sagt, að hann geti ekki verið með þessu frumvarpi af því, að það sje snepill af heilu skæði; en hann hefur sjálfur komið með annað frumvarp, sem sannarlega var snepill, nefnilega frumvarpið um leysing á sóknarbandi, og ætti hann því sjálfur að taka til sín tiltölulegan hluta þeirra ákúra, sem hann gaf fyrir að koma með þessa snepla eða skækla, er hann svo nefndi. Þar sem sami þingmaður ætlaði, að dagsverkin kæmu í bága við frumvarp í efri deildinni, verð jeg að benda honum á, að þetta er misskilningur; spursmálið er að eins um, hverjir skuli svara dagsverki, en ekki um það, hvað hátt að dagsverkið skuli vera. Í tíundinni kemur opt mikil ósanngirni fram, þar sem sumar hinna beztu jarða eru tíundarfríar og ábúendur þeirra svara engum gjöldum, nema dagsverki, lambsfóðri og ljóstolli, eins og jeg þekki sjálfur dæmi til. Ef hinn heiðraði 1. þingmaður Eyfirðinga vill af nema alla skatta, ábúðarskatt og lausafjárskatt, þá fer jeg að skilja tillögur hans í þessu máli. Annars er jeg ekki svo mjög áfram um málið, og er ekki fjarri því, að fara með það samkvæmt 9. grein þing-

skapanna, eins og 2. þingmaður Suður-Múlasýslu stakk upp á.

Þá höfðu 8 þingmenn, en þeir voru þessir:

Jón Ólafsson,
Benidikt Sveinsson,
Friðrik Stefánsson,
Egill Egilsson,
Þorkell Bjarnason,
Jón Jónsson;
Ólafur Pálsson,
Þorsteinn Jónsson,

beiðzt þess, að umræðunum væri hætt, og var það samþykkt.

Síðan var borið undir atkvæði, hvort málið skyldi ganga til 2. umræðu, og var það fellt með 14 atkvæðum gegn 7.

Var frumvarpið þannig f a l l i ð.

G.

Frumvarp til laga um lausafjárgjald vinnuhjúa til prests. Frá 1. þingmanni Rangæinga. Frumvarpið er prentað í fyrri parti alþingistíðindanna, bls. 69.

FYRSTA UMRÆÐA Í EFRI DEILD,
á 9. fundi, 15. dag júlímánaðar.

Flutningsmaður (*Sighvatur Árnason*): Frumvarp þetta er byggt á þeim ástæðum, sem lengi hafa átt sjer stað í huga manna. Gjöld vinnuhjúa til presta þykja almennt geysi-há, og því hef jeg komið fram með þetta frumvarp, til þess að af nema lög, er leggja vinnuhjúum vorum ósanngjörn gjöld á herðar, lög, sem eðlilega eru orðin óvanaleg og úrelt eptir öllum skattalögum vorum, en þar á móti leitazt við, að innleiða eðlileg og sanngjörn lög í þessu efni. Að svo komnu skal jeg ekki fara út í hinar einstöku greinar, og ekki mæla meira með frumvarpinu yfir höfuð, fyr en jeg hef heyrt tillögur og undirtektir annara þingmanna þessarar deildar, en ef ekki verður rætt meira um þetta mál nú, þá skal jeg láta þá ósk mína og von í ljósi, að málinu verði vísað til 2. umræðu.

Ásgeir Einarsson: Jeg skal taka það fram nú þegar, að jeg hef áskorun frá kjósendum mínum, sem fer í líka stefnu sem þetta frumvarp, og vildi jeg því gjarnan geta borið mig saman við uppástungumann um þetta mál, svo að við þyrftum ekki að vera sinn í hvoru lagi með frumvörp, sem fara í sömu eða líka stefnu. Ef þetta frumvarp þingmannsins mætir engum mótmælum frá þingmönnum hjer í deildinni, þá álít jeg enga ástæðu til að setja nefnd í málinu; en það er allt öðru máli að gegna, ef mótmæli koma fram. Það, sem mjer finnst helzt athugavert við málið, er það, að ef frumvarpið gengur fram, þá rýrna nokkuð tekjur presta, og það sem kannske er lakara, einnig tekjur kirkna, sem yfir höfuð mega lítið missa. Í Strandasýslu eru menn eindregið á því, að í þessu efni beri að ljetta á vinnuhjúum, og hreppstjórar í sýslunni hafa sagt mjer, að þeim þætti mjög illt, að þurfa að ganga svo hart að vinnuhjúunum með þessi gjöld. Prestur og prófastur voru á fundinum og hvað ákafastir í þá stefnu, að vilja ljetta þessum ósanngjörnu gjöldum á vinnuhjúunum. En jeg benti mönnum á, að prestar út um landið mundu ef til vill ekki geta verið þeim samdóma, og þykja verið dregið frá sjer, ef dagsverk vinnuhjúa og hálfur ljóstollur væru úr lögum numin en þessi lög kæmu í staðinn, og að þeir því mundu heimta eitthvað í skarðið. Það er einmitt af því, að jeg ímynda mjer, að þessi umkvörtun geti komið frá prestanna hálfu, að jeg legg það til, að nefnd verði sett í málinu, til að íhuga það ýtarlegar, og álít jeg rjettast, að nefndin verði kosin strax, og 1. umræðu síðan frestað.

Forseti bar síðan undir atkvæði, hvort kjósa skyldi nefnd í málinu, en hún var

felld með 6 atkvæðum á móti 3, og var því 1. umræðu fram haldið.

Einar Ásmundsson: Mjer virðist þetta litla frumvarp vera eitt af þeim ótölulega sæg, sem komið hefur til þingsins í þetta sinn, og sem virðast vera gripin eins og úr lausu lopti og slitin út úr hinu eðlilega sambandi þeirra við stærri heild. Frumvarp þetta er hálfverk, nei, jeg tek það aptur, það er ekki einu sinni hálfverk. Hjer er að eins tekið fyrir eitt atriði úr öllu því yfirgripsmikla máli um tekjur kirkna og presta, sem allt í heild sinni þarf verulegrar og ýtarlegrar yfirvegunar við. Í þessu frumvarpi er að eins farið fram á, að ljetta gjöldum til prests og kirkju á einum einasta flokki manna, einni einustu stjett, en ekki farið fram á að af nema t. a m. öll dagsverk hjá öllum stjettum. Jeg er viss um, að ef frumvarp þetta yrði að lögum, þá kæmi það til leiðar hinni mestu ósanngirni og umkvörtun, því jeg veit, að það eru mörg vinnuhjú, sem eru langtum efnaðri, en margir þeir, hvort heldur eru húsmenn eða fátækir bændur, sem ekki er vorkennt, að greiða þessi gjöld. Frumvarp þetta er svo ófullkomið, að mig furðar stórlega á því, að þingmaður Rangæinga skuli hafa komið fram með það. Jeg legg það því til, að því verði ekki vísað til 2. umræðu, og að nefnd verði ekki sett til að íhuga það, heldur að því hið allra-bráðasta verði stungið undir stól.

Flutningsmaður: Þingmaður Eyfirðinga misskilur alveg þetta mál, þar sem hann álítur það grípa yfir alla þá, sem eiga að greiða dagsverk til prests og hálfan ljóstoll til kirkju. Það eru að eins hjúin ein, en ekki aðrir, hvorki tómthúsmenn nje lausamenn, sem hjer er átt við; þetta bið jeg hann að athuga. Þar sem hann sagði, að þetta væri eigi nema einn liður af öllu málinu, sem þyrfti að taka fyrir til yfirvegunar, þá getur það vel verið, en hvað á lengi að bíða eptir því, að þetta mál verði tekið fyrir í heild sinni. Jeg get ekki betur sjeð, en sjerstök sanngirni mæli með þessu frumvarpi, þegar það er íhugað, að af ½ hndr. á að gjalda 7 fiska og 4 fiska umfram tíund, nefnilega ljóstollinn. Þingmaðurinn veit, að fátækir eiga óskipta tíund upp að 5 hundruðum, og eiga svo hjúin að greiða þetta gjald að auki, já, ekki einungis 7 fiska heldur 10 fiska í dagsverkið hjer á Suðurlandi til prests og 4 fiska að auk í ljóstoll; þetta finnst mjer svo sjerstaklega ósanngjarnt í lögunum, að mig furðar jafnvel á því, að þingmaðurinn sjálfur skuli ekki fyrir löngu hafa komið með frumvarp í sömu stefnu og þetta. Jeg skal bæta því við, að mjer þykir ólíklegt, að prestastjett vorri verði sárt um þetta litla gjald, því jeg álít það sjálfsagt, að hún vilji ekki annað en sanngirni og rjettlæti, og vilji naumast þiggja svo ósanngjörn gjöld, sem hjer er um að ræða. Jeg tek það að endingu fram aptur, að mjer finnst það ótilhlýðilegt, að hrinda þessu máli frá sjer út í óákveðinn tíma, enda þótt jeg játi, að málið sje lítið, því dæmin eru deginum ljósari, að mál, sem eru miklu óverulegri en þetta í eðli sínu og ekki á nærri eins góðum grundvelli byggð, eru tekin til greina. Jeg hef nú tekið fram, hvað þessi vinnuhjúagjöld eru ósanngjörn, og hef þar með viljað stuðla að því, að mál þetta fengi að ganga til 2. umræðu. Mjer finnst það ekki þurfa að spilla fyrir málinu í heild sinni, sem jeg skal játa að þarf rannsóknar við.

Jón Pjetursson: Jeg er því meðmæltur, að frumvarp þetta fái að minnsta kosti að ganga til 2. umræðu. Það er mín skoðun, að þó að frumvarp þetta sje lítið, og þó að um lítið sje að ræða, þá eigi samt að nema burt úr lögunum allar þær ákvarðanir, sem ósanngjarnar eru. Gjald það, sem hvílir á lausafjáreign vinnuhjúa, er fjarskalega hátt, og væri því engin vanþörf á að lækka það.

Magnús Stephensen: Jeg er þingmanni Eyfirðinga þakklátur fyrir, hversu skörulega honum tókst að mæla á móti þessu frumvarpi, og jeg er honum samdóma í þeim atriðum, sem hann tók fram. En það er líka annað atriði, sem stuðlar að því, að jeg er mótmæltur frumvarpinu. Frumvarpið fer í þá átt, að hlynna að lausafjáreign vinnuhjúa, en hún er landbúnaðinum til niðurdreps; fyrir því vil jeg helzt leggja sem mest gjöld á lausafjáreign vinnuhjúa, til þess að minnka hana, og vil fyrir mitt leyti helzt útrýma henni alveg. Lausafjeð er mest skepnur, sem gengur í högum húsbændanna og spillir þeim, svo að húsbændurnir ekki geta haft full not af sínum eigin skepnum. Af þessari ástæðu er jeg eindreginn á móti þessu frumvarpi.

Ásgeir Einarsson: Jeg ætlaði mjer ekki að standa upp í þetta sinn, en það var eitt orð hjá hinum 4. konungkjörna þingmanni, sem kom mjer til þess. Hann sagði, að lausafjáreign vinnuhjúa væri landbúnaðinum til niðurdreps. Ekki hefur það nú sannazt hingað til alstaðar. Jeg veit til, að það eru margir góðir bændur og miklir fjáreigendur, sem hafa búið fullt eins vel fyrir það, þó að vinnuhjúin hafi átt nokkrar kindur í fóðri og í högum þeirra, og jeg get til nefnt dæmi, ef hinn heiðraði þingmaður óskar þess. En þetta kemur nú ekki aðalmálinu við, og því skal jeg ekki tala meir um það atriði; jeg ætla að eins að tala um, hvað gjald þetta er ósanngjarnt í sjálfu sjer. Nokkrir málsmetandi menn í Strandasýslu skrifuðu mjer um þetta í vetur, og báðu mig að koma málinu á framfæri; jeg sagði þeim, að mjer þætti leiðinlegt að taka þetta eina atriði út úr aðalmálinu, en á fundinum, sem jeg seinna hjelt með kjósendum mínum, sá jeg, að þetta var almennt áhugamál; þeir sögðu, að það væri ósanngjarnt, að heimta dagsverk af vinnumanninum til prests, þegar vinnumaðurinn ætti ekkert dagsverk sjálfur nema með leyfi húsbóndans; sama sögðu þeir um ljóstollinn; bændur þóttust fullkomlega borga sinn ljóstoll, þó að ekki væri líka verið að heimta ljóstolla af vinnuhjúunum. Jeg er líka viss um, að það yrði sæmilega lesbjart í kirkjunum, ef öllum ljóstollum, sem til þeirra gjaldast, væri varið til ljósa, þegar af hverju heimili í sveitinni koma ef til vill 4—5 ljóstollar. Af því gjaldið er svo ósanngjarnt og full þörf er á að minnka það, þá legg jeg það til, að nefnd verði sett í málið. Það er líka hver góður bóndi, sem leyfir vinnuhjúi sínu að hafa fáeinar kindur, og þykir það ekkert drepa niður landbúnaðinum. Annað mál er um það, ef vinnubjú fara að fylla allt upp með hrossum.

Sighvatur Árnason: Jeg játa hinum 4. konungkjörna þingmanni því, að það þurfi að hafa sín takmörk með gripaeign hjúa eins og hvað annað; en jeg vil ekki, og það á heldur ekki við, að frá löggjöfinni komi nokkuð það, sem óbeinlínis grípur inn í samningsfrelsi manna, það er að segja, að hafa hærri skatt á hjúi að tiltölu við aðra fyrir það, að það hefur manndóm í sjer til að eignast grip, eða húsbændur þeirra leyfa þeim að hafa fje í sínu landi. Jeg get alls ekki skilið í því, að hinn 4. konungkjörni þingmaður skuli ekki sjá, hvað ósanngjarnt gjaldið er, en alla ósanngirni, sem maður verður var við í lögunum, á að nema burt sem fyrst, og það hlýtur hann að játa, og jeg voua, að hann seinua komist á aðra skoðun, en hann nú er. Nefnd getur ekki átt sjer stað nú, því það er búið að fella hana undir umræðunum, en jeg vil leyfa mjer að leggja það til, að nefnd verði sett, þegar þessi 1. umræða er búin.

Forseti bar þá undir atkvæði, hvort frumvarpið skyldi ganga til 2. umræðu, og var það fellt með 5 atkvæðum móti 5.

Var frumvarpið þannig f a l l i ð.

II.

Frumvarp til laga um afnám aukalambselda. Frá þingmanni Norður-Þingeyinga. Frumvarpið er prentað í fyrri parti alþingistíðindanna, bls. 327.

FYRSTA UMRÆÐA Í EFRI DEILD,
á 22. fundi, 30. dag júlímánaðar.

Flutningsmaður (*Benidikt Kristjánsson*): Hinum heiðruðu deildarmönnum er mál þetta víst kunnugt, því að það kom fyrir á þingi 1877, en þá gafst því ekki hagstæður byr. Eptir áskorun kjósanda minna finn jeg mjer skylt, að koma fram með frumvarp þetta enn að nýju; jeg skal og játa, að jeg er málinu hlynntur af eigin sannfæringu fyrir þá sök, að jeg vil gjöra öllum söfnuðum jafnt undir höfði, láta alla njóta jafnrjettis; og þar eð þingið hefur samþykkt frumvarp, sem fór fram á, að af nema fiskitíundina á Vestmannaeyjum, þá hef jeg enn meiri djörfung til þess, að flytja þetta mál. Því miður veit jeg ekki með vissu, í hve mörgum prestaköllum slík aukalömb eru; árið 1877 vissi jeg ekki nema um þrjú prestaköll, en gat þess þá, að aukalambsfóður hefðu verið í Háls-sóku í Fnjóskadal, en að þrír hinir síðustu prestar hafi ekki heimt þau, og því hefðu þau fallið niður af sjálfu sjer. Jeg gat þess þá, að aukalambseldi væru í Hjaltastaðar, Sauðaness og Svalbarðs sóknum, en síðan hef jeg heyrt, að þau mundu og vera í tveim prestaköllum í Múlasýslum. Jeg gizkaði þá á, að öll lambsfóðriu mundu ekki fara fram úr 60 og væri hvert virt á 4 kr.; gjaldið mundi því ekki mikið, sem legðist á landssjóð og ekki nema nm stundarsakir. En sjeu lambsfóður í tveim prestaköllum að auki, þá gjöri jeg ráð fyrir, að talan hækki til talsverðra muna og byrðin á landssjóði. Að því er kemur til uppruna þessara kvaða, sem liggja á ábúendum í þessum prestaköllum, þá hef jeg engar vissar sagnir um, hvernig þær upphaflega eru á komnar; það, sem jeg um það hef heyrt, eru að eins getgátur, svo að jeg sje ekki ástæðu til að taka það fram. En hitt veit jeg með vissu, að ábúendurnir eru skyldir að fóðra þessi aukalömb fyrir prest sinn. Sumir kynnu ef til vill að segja, að þessi kvöð liggi á jörðunum sjálfum, en ekki á ábúendum jarðanna; en þeir, sem það segja, geta ekki sannað það fremur en jeg hið gagnstæða; en það er auðvitað, að ábúendurnir borga, og því kemur gjaldið fyrir sem lagt á ábúendurna, en ekki á landsdrottin. Þessi kvöð er ákveðin í máldögum hlutaðeigandi kirkna og því er ekki hægt að losast við það með dómi; það hefur líka verið reynt, en ekki tekizt, enda er það eðlilegt, þar sem kvöðin er skýlaus rjettur eptir máldögunum. Þess vegna er eini vegurinn, til þess að losast við þetta gjald, sá, að landssjóðurinu hlaupi nú undir bagga með ábúendunum; gjaldið er ekki mikið, svo að það rýrir ekki brauðin að mun, þótt af numið verði við næstu prestaskipti, og landssjóður þarf ekki að bera gjaldið lengur en til næstu prestaskipta. Presturinn á Sauðanesi er háaldraður maður, og því þarf landssjóður ekki lengi að bera byrðina, að því er kemur til Sauðaness; jeg hef líka í dag heyrt, að Svalbarð mundi laust, en ekki þori jeg að fullyrða það, kann vera, að sá maður, sem sagði mjer, hafi ekki tekið rjett eptir. Jeg vil minna hina heiðruðu deildarmenn á, hve ljúflega þingið tók upp á landssjóðinn miklu meira gjald en þetta, þegar um Vestmanuaeyjar var að ræða, og jeg vona, að það hafi ekki breytt huga sínum síðan, svo að það ljetti þessu gjaldi af ábúendum þeim, sem hjer ræðir um, og það því heldur, sem það þarf ekki að leggja þunga byrði á landssjóð. Jeg er þess öruggur, að deildarmenn muni sýna þessu máli velvild, og lofi því að minnsta kosti að fara til næstu umræðu. Málið hefur borið svo snögglega að, að jeg hygg, að þeir sjeu ekki búnir að skoða það svo vandlega, að ekki sje æskilegt að fá meiri umhugsunartíma.

Sighvatur Árnason: Jeg get nú vel verið samdóma hinum háttvirta flutningsmanni um það, að það sje sanngjarnt, að allir söfnuðir á landinu njóti sama rjettar í þessu sem öðru, en það, sem mjer þykir athugavert, er það, að ætlazt er til, að landssjóður hlaupi hjer undir bagga. Maður veit ekki heldur, hvort þessi aukageta er upprunalega lögum bundin eða ekki. Gjald

mátinn á Vestmannaeyjum, sem þingmaður Þingeyinga tók til dæmis, var lögum háður, og gat því átt þar við að breyta honum með lögum. Viðkvæðið var þá hjer á þingi, að gjaldmátinn á Vestmannaeyjum fengi ekki breytingu, fyr en við ábúandaskipti; eins kynni jeg bezt við, að þessi aukalambseldi væru ekki afnumin fyr en við næstu prestaskipti, er jeg hef áður tekið fram í þessu máli; því þetta væri bæði til þess, að þurfa ekki að hlaupa til landssjóðs með uppbót um stundarsakir, og til að ná samræmi við hinar aðrar ákvarðanir þingsins, þegar líkt stendur á. Mjer er nú líka óljóst, hvað mikilli fjárhæð þessi aukageta nemur, en hinn háttvirti flutningsmaður kann að geta upplýst mig um það. Jeg hef því hugsað mjer, að koma með breytingartillögu í þá átt, að aukalambseldin verði afnumin við næstu prestaskipti á brauðunum. Jeg játa það, að mjer þykir ekki hlýða, að taka þessa aukagetu frá brauðunum án uppbótar til þeirra presta, sem nú eru, en aptur ótiltækilegt, að bæta hana upp með fje úr landssjóði.

Pjetur Pjetursson: Jeg skal ekki lengja umræðurnar um þetta mál. Að eins skal jeg geta þess, að jeg man ekki betur, en að fyrir hjer um bil 30 árum risi mál út af þessum aukalambseldum í Svalbarðssókn fyrir norðan. Landsyfirrjetturinn dæmdi þá, að mig minnir, að það skyldi haldast, að fóðra þessi lömb, sem annars eru kölluð Maríulömb eða Pjeturslömb, af því það væri gömul venja. Jeg get ekki lagt það til, að prestaköllin missi þessa aukagetu án endurgjalds, og er því samdóma flutningsmanni um, að hún verði bætt upp með fje úr landssjóði. Annars held jeg, að tillit sje haft til þessarar aukagetu í leigumála jarðanna þannig, að hann sje lægri á þeim jörðum, sem þessi kvöð hvílir á. Þess vegna geta þeir söfnuðir, sem þessi kvöð hvílir á, haft jafnrjetti við aðra söfnuði, þó hún haldist, þegar jarðirnar eru leigðar lægra. Jeg er ekki svo kunnugur þessu máli, að jeg þori að fullyrða, hve nær þessi kvöð hafi komizt á, en hitt veit jeg, að hún er mjög gömul, jafnvel frá kaþólskum tíma, og er hún talin í máldögum.

Jón Pjetursson: Jeg er alveg samdóma hinum háttvirta þingmanni, sem seinast talaði, að þetta frumvarp miðar ekki til þess, að ljetta neinu á söfnuðunum, heldur til þess, að auka tekjur jarða þeirra, sem þessi kvöð hvílir á, og láta eigendur jarðanna auðgast á landssjóðsins kostnað, því ef kvöðin væri burttekin, mundu eigendur jarða þessara byggja þær mun dýrara, sem kvöðinni nemur. Jeg hef sjeð brjef frá fyrri tímum um aukagetu sumra brauða. Jarðeigendurnir lögðu þessa kvöð á jarðir sínar sjálfir, og er ekkert óeðlilegt í því, þó þeir gjörðu það; þeim var það frjálst, og þess vegna verður enginn ójöfnuður í því, þótt kvöðin standi, en að taka hana burtu, verður, eins og jeg sagði, einungis til þess, að auðga jarðeigendurna á kostnað landssjóðsins. Um gjöldin á Vestmannaeyjum er allt öðru máli að gegna; norskum lögum í því efni var þrengt upp á eyjarskeggja, en það er auðvitað, að sömu lög áttu að ganga yfir Vestmannaeyjar, sem nú ganga yfir land allt. Það eru fleiri prestaköll, en þau, sem nefnd voru, sem hafa þessa aukagetu. Það er t. a. m. Háls í Fnjóskadal. Sjera Sigurður sálugi gjörði sátt við sóknarmenn um, að hann ekki skyldi krefja aukalambselda, meðan hann væri þar prestur. Jeg hef sjálfur sjeð þá sátt, þó jeg hafi hana ekki handa á milli nú.

Flutningsmaður: Það, sem hinn háttvirti 3. konungkjörni þingmaður nú tók fram, drap jeg líka á í ræðu minni áðan. Jeg tók það fram, að hinir 3 síðustu prestar á Hálsi hefðu ekki krafizt þessara aukalambselda. En því er nú svo varið með þessa kvöð, að maður getur ekki nema ímyndað sjer, að hún hafi átt að hvíla á jörðunum, en það verður hvorki sannað, að hún hafi átt að hvíla á jörðnnum nje á ábúendum jarðanna. Þess vegna spurði jeg einmitt ábúendur, sem þessi kvöð er látin hvíla á, hvort nokkuð væri ákveðið í tilliti til þess-

arar kvaðar í byggingarbrjefum þeirra. En mjer var svarað, að það væri alls ekki, þó það sje annars allt af venja, að taka þá skyldu fram í byggingarbrjefum, að leiguliðar borgi öll lögboðin gjöld, t. a. m. tíund af fasteign, sem reyndar hvílir á sjálfri eign jarðarinnar. Að endingu skal jeg leyfa mjer að minna deildina á, að á þingi 1877 var það tekið fram, að til stæði, að gjöra breyting á tekjum prestanna, og hafði hin heiðraða deild þetta sem aðalástæðu til að fella þetta frumvarp þá, með því rjett væri, að láta bíða að af nema þessi aukalambseldi, þangað til þessi breyting á tekjum prestanna kæmist á. Nú er að vísu nokkur breyting orðin á skipun prestakalla síðan, en þó eigi á tekjugreiðslunni, og ímynda jeg mjer, að þess geti kannske verið langt að bíða, að hún komist á. Jeg ímynda mjer, að jeg gæti kannske gengið inn á breytingaratkvæði frá 1. þingmanni Rangeyinga, sem mjer skildist eiga að ganga í þá átt, að afnumning aukalambseldanna færi eigi fram strax, heldur við næstu prestaskipti, því lítið er þó betra en ekki neitt, og betra er að lifa í voninni, en vera vonlaus.

Einar Ásmundsson: Jeg ætla að eins að leyfa mjer að leita skýringa hins háttvirta flutningsmanns um, hvort það muni vera alls kostar rjett að orða 1. gr. frumvarpsins þannig: «Lambseldi þau, ... *skulu úr lögum numin*». Jeg ímynda mjer, að þessi orð: «skulu úr lögum numin» geti varla staðizt, því jeg get ekki skilið, að neitt verði úr lögum numið, nema það, sem er ákveðið í lögum, en mjer hefur skilizt, að þessi aukalambseldi væru ekki lögboðin. Jeg ímynda mjer því, að rjettara væri að breyta þessum orðum. Að þessu sinni skal jeg ekki fara út í efni málsins, en álít það þess vert, að það gangi til 2. umræðu, og þá er nógur tími til að láta í ljósi skoðanir sínar á málinu.

Flutningsmaður: Jeg skal að eins svara hinum háttvirta þingmanni því, að þessi athugasemd hans muni vera á góðum rökum byggð. Að þetta var orðað þannig, mun hafa komið af því, að hjer er talað um að af nema það gjald eða kvöð, sem lög helga, það sem getur notið rjettar og helgast af lögunum.

Með því að ekki tóku fleiri til máls, var gengið til atkvæða um, hvort málinu skyldi vísa til 2. umræðu, og var því neitað með 7 atkvæðum gegn 4.

Var frumvarpið þannig fallið.

XXXIII.

Eptirlaun landlæknis Jóns Hjaltalín.

Frumvarp til laga um eptirlaun handa landlækni og forstöðumanni læknaskólans Dr. Jóni Hjaltalín. Frá þingmanni Reykvíkinga. Frumvarpið er prentað í fyrri parti alþingistíðindanna, bls. 51.

FYRSTA UMRÆÐA Í NEÐRI DEILD,
á 7. fundi, 11. dag júlímánaðar.

Flutningsmaður (*Halldór Kr. Friðriksson*): Þegar jeg stend upp til að mæla með þessu frumvarpi, skal jeg játa, að jeg

hef heyrt þess getið sem annmarka, að Dr. Jón Hjaltalín hafi eigi enn fengið lausn frá embætti sínu. En þetta getur ekki valdið neinum örðugleika viðvíkjandi þessu frumvarpi, úr því það er víst, að hann hefur sótt um lausn, og enginn efi getur á því leikið, að hann fái lausnina, þar sem hann hefur fullan rjett til að fá hana. Jeg get búizt við því, að sumum þyki hjer farið fram á nokkuð mikið, þar sem Dr. Hjaltalín hefur að eins þjónað embætti í 26 ár, en það er alls ekki dæmalaust, að menn hafi haldið fullum launum sínum, þegar þeir hafa vikið frá embætti. En þegar jeg á að mæla með þessu frumvarpi, verð jeg að minna á hans starfsama og ötula líf; hann hefur með kappi unnið að því, að bæta læknaskipun hjer á landi, stofnsetja læknaskólann, og honum var það að þakka, að læknakennsla var hjer nokkur, þangað til lög komu um það efni; hann hefur unnið ótrauður að því, að auka læknishjálp hjer á landi og fjölga læknum; en þessi hans undirbúningur greiddi götu fyrir læknaskólann. Allir játa, og hljóta að játa, að þessi maður eigi gott skilið af landsmönnum, og væri því sómi þingsins, að sjá honum fyrir viðunanlegu viðurværi, þar sem hann er aldraður maður, og ekki er ástæða til að halda, að hann liggi lengi á landssjóði, en er fátækur og þarf á öllu sínu að halda. Enn fremur vil jeg taka það fram, að það gæti orðið upphvatning fyrir aðra, að liggja ekki á liði sínu, ef þeir sæju, að þingið kynni að meta dugandi menn.

Benidikt Sveinsson: Frumvarp þetta fer fram á það, að veita Dr. Jóni Hjaltalín eptirlaun, sem fara langt fram úr því, sem honum ber eptir hinum gildandi eptirlaunalögum. Jeg skal játa það af hjarta, að hjer er um einhvern hinn æruverðasta öldung landsins að ræða; það yrði langt mál upp að telja, á hve marga vegu hann hefur með vísindalegum yfirburðum og brennandi áhuga unnið að því, að auka þekkingu samtíðarmanna sinna og efla framfarir landsins með ýmsu móti. Það er því brýnasta hvöt til þess, að sýna þessum öldungi sóma, svo að hann sjái, að hann hafi ekki unnið fyrir vanþakklæti þjóð. En þrátt fyrir allt þetta er frumvarpið ótímabært að minni hyggju. Þingmaður Reykvíkinga skýrði frá því, að Dr. Hjaltalín *mundi* fá lausn, og skal jeg ekki vefengja það, en jeg álít þó óformlegt, að ákveða honum þessi eptirlaun, eða rjettara presónulega viðbót fyrir sjálfan hann, fyrri en hann *hefur* fengið lausn. Við getum allir eða hver og einn af oss dáið á þessari sömu stund; það getur Dr. Hjaltalín líka; hann getur dáið, áður en hann fær lausn, og þá yrði niðurstaðan, að honum væri ákveðin persónuleg eptirlaunaviðbót í gröfinni. Það er mín skoðun, að þingið eigi að sýna þessum manni sóma, en það á að gjöra það í rjettu formi og á rjettum tíma.

Flutningsmaður: 2. þingmaður Norður-Múlasýslu vildi draga í efa, að Dr. Hjaltalín mundi fá lausn; en hver getur verið efi á því, þar sem hann er fyrir löngu búinn að ná þeim aldri, sem samkvæmt lögum gefur honum fullan rjett til lausnar frá embætti. Sú mótbára er því þýðingarlaus. Í öðru lagi gat þingmaðurinn þess, að svo gæti farið, að Dr. Hjaltalín væri dáinn, áður en lausnin fengist, en þá kemur ekki til eptirlauna. Í þessu atriði er alveg sama máli að gegna og um aðra embættismenn. Þingmaðurinn verður að sjá sjálfur, að þessi mótbára er hártogun ein og ekki annað. Spurningin verður hjer að eins um það, frá hvaða tíma eptirlaunin skuli reikna; en það er auðvitað mál, að Dr. Hjaltalín er sömu lögum háður og aðrir í því, að hann fær engin eptirlaun, eptir að hann er dáinn.

Þegar hjer var komið umræðunum, kom fram áskorun um, að þeim væri hætt, frá 9 þingmönnum; en þeir voru

Jón Jónsson,
Friðrik Stefánsson,
Benidikt Sveinsson,
Jón Ólafsson,
Þórarinn Böðvarsson,
Þorkell Bjarnason,

Egill Egilsson,
Grímur Thomsen,
Ólafur Pálsson,
og var það samþykkt.

Því næst var málið fellt frá 2. umræðu með 14 atkvæðum gegn 7.

Var frumvarpið þannig f a l l i ð.

XXXIV.

Rjettindi búsettra kaupmanna.

Frumvarp til laga um rjettindi búsettra kaupmanna. Frá þingmanni Borgfirðinga, og 1 þingmanni Eyfirðinga. Frumvarpið er prentað í fyrri parti alþingistíðindanna, bls. 39.

FYRSTA UMRÆÐA Í NEÐRI DEILD, á 6. fundi, 9. dag júlímánaðar.

Flutningsmaður (*Grímur Thomsen*): Jeg skal ekki fara mörgum orðum um frumvarp þetta að sinni, enda er örðugt að mæla mikið fram með því, við þessa fyrstu umræðu. Frumvarp þetta hefur verið fyrir þinginu áður, og var þá samþykkt í neðri deild þingsins óbreytt, en dagaði uppi við 2. umræðu í efri deild, því þá var komið að þinglokum. Frumvarpið er þannig að nokkru leyti gengið í arf frá fyrra þingi. Stefna þess er sú, að auka tölu þeirra kaupmanna, sem eru búsettir hjer á landi, í stað þess, sem er alltítt, að kaupmenn dvelji lengstum erlendis. Þar sem frumvarpið fer fram á, að gjöra greinarmun á stórkaupmönnum og smákaupmönnum, þá er þetta að vísu nýmæli hjer á landi, en í Danmörku er þetta ekkert nýmæli; þar er og hefur lengi verið gjörður mikill munur á grösserum og smáverzlunarmönnum (*Detailhandlere*), en hjer á landi hefur það við gengizt síðan 1787, að kaupmenn selji bæði í hópakaupum og í smáskömtum. En það, sem sjerstaklega vakti fyrir uppástungumönnunum, var það, að arðurinn af verzluninni lenti í landinu. Því að það er auðvitað, að kaupmenn, sem búa erlendis, verða að eyða sínu fje þar. Jeg ímynda mjer, að sami andi ríki hjer í deildinni í ár, sem talsvert bar á í hitt eð fyrra, nefnilega sá andi, að hlynna að hinni innlendu verzlun, og vil jeg leyfa mjer að óska þess, að málið gangi til 2. umræðu.

Þorsteinn Thorsteinson: Jeg er samdóma þingmanni Borgfirðinga um það, að æskilegt væri, að hlynna að verzluninni, og einkum þeirri innlendu verzlun; en jeg get ekki betur sjeð, en að þetta frumvarp, sem hjer liggur fyrir þinginu, sje miður heppilegt til að verka í þá stefnu. Mjer virðist nefnilega með frumvarpinu, ef það verður að lögum, vera skertur rjettur þeirra kaupmanna, sem nú hafa leyfi til að verzla, eins og þeir gjöra, og sem virkilega mega heita innlendir kaupmenn, þó að þeir sjeu í höndlunarsökum neyddir til að vera erlendis nokkurn, og kann ske mestan tíma ársins. Mín skoðun er sú, að frumvarp þetta sje einungis til skaða, en til engra bóta, og ekki dugi að bera íslenzka kaupmenn saman við stórkaupmenn erlendis, þar eð hjer hagar allt öðruvísi til en þar. Af þessum ástæðum legg jeg það til, að tímanum sje

ekki spillt með því, að ræða fleira um þetta mál.

Halldór Friðriksson: Mjer skyldi ekki detta annað í hug, en að styðja þetta frumvarp, ef jeg sæi, eða þættist geta sjeð nokkur líkindi til, að það gæti komið að tilætluðum notum. Það er margt, sem þarf að athuga í þessu efni. Jeg vil taka til dæmis, ef frumvarp þetta verður að lögum, getur vel svo farið, að kaupmennirnir, sem aðsetu hefðu erlendis, byggju svo um hnútana, að eigi yrði annað sjeð, en að verzlunarstjórar þeirra væru hinir eiginlegu kaupmenn; þannig mundi mjög auðvelt að fara kring um þessi lög í því efni. En jeg skal taka annað dæmi: Setjum svo, að tveir menn eigi verzluu saman, og búi annar á Íslandi; ætti þá að meina þessum mönnum að verzla sem innlendur kaupmaður? Væri svo, yrði ekki annað um það sagt en að það væri mjög ósanngjarnt, en sje það ekki svo, er tilgangur frumvarpsins alveg farinn. Þeir gætu auk þess haft nóg önnur ráð; þeir gætu t. a. m. verið erlendis sitt árið hvor, o. s. frv. Í þriðja lagi skal jeg taka það fram, að það er hrein og bein nauðsyn fyrir íslenzkan kaupmann, að vera erlendis á vetrum til að kaupa hinar útlendu vörur sínar og selja hinar íslenzku, því að annars verður hann að fá annan til að gjöra það, og er það eigi alllítill kostnaður, og þennan kostnað verður hann að leggja á útlendu vörurnar. Jeg tek til dæmis verzluu, sem selur vörur fyrir 100,000 krónur á ári, sem alls eigi má heita mjög stór verzlun, þá verður kaupmaðurinn að borga 4000 kr. erindisreka sínum erlendis, ef hann kaupir og selur ekki sjálfur. Þetta hjer verður að leggja á vörurnar, og verður þannig eigi hjá því komizt, að verð á vörunum hækki við það, að kaupmaðuriun getur ekki keypt sínar vörur sjálfur; auk þess, sem það rætist hjer fyllilega, að enginn er öðrum sjálfur. Vjer verðum vel að gæta þess, að allt öðru máli er að gegna hjer á landi en erlendis, þar sem fregnir og samgöngur eru svo tíðar, sem þörf er á, en hjer getur orðið fleiri mánaða bil milli frjetta frá útlöndum.

Þær breytingar til framfara, sem frumvarpið fer fram á, ætla jeg að muni lagast með tímanum af sjálfu sjer, svo sem hentugt er fyrir landið, enda virðist nú þegar svo, sem verzlunin muni innan skamms komast í það horf. En jeg tel það ekki hentugt fyrir landið, að *enginn* búsettur kaupmaður sje erlendis, heldur miklu fremur til niðurdreps fyrir verzlun vora, og til tjóns fyrir landsmenn sjálfa, eins og jeg einnig ætla, að lög um þetta efni fáist ekki, sem ekki sjeu hapt á frelsi manna og til skaða fyrir verzlunina. Af þessum orsökum, sem jeg nú hef greint, get jeg með engu móti verið frumvarpinu meðmæltur.

Holgeir Clausen: Af því að jeg sjálfur er kaupmaður, verð jeg að leyfa mjer að tala nokkuð um þetta mál, og láta skoðun mína í ljósi um það. Það er nefnilega mín meiniug, að það sje alveg vitlaust, að útiloka kaupmenn, sem hafa sína faktóra hjer, frá því að verzla sem innlendir kaupmenn. Kaupmaðurinn borgar tekjuskatta, húsaskatt o. s. frv.; auk þess geldur hann verzlunarstjóra sínum kaup, og enn fremur fjölda af erfiðisfólki. En kaupmaðurinn þarf sjálfur að vera erlendis, eða halda þar mann, og það er hægt fyrir alla að sjá, að honum er hentugra að vera þar sjálfur, heldur en að hafa aðra fyrir sig. Sumt í þessu frumvarpi þykir mjer óglöggt, t. d. »þungavara«; hvað er það? Er það blý? Það stendur, að alla þungavöru skuli selja í þúsundum punda. Á kaupmaðurinn þá að hafa leyfi til að selja nagla í tylftum? Það getur þar að auki orðið örðugt fyrir kaupmanninn, að byrgja upp verzlanir sínar í sumum árum, ef hann hefur ekki leyfi til að vera erlendis og útvega sjer *Credit*, vörur eða annað, sem opt er nauðsynlegt.

Þórarinn Böðvarsson: Það er auðvitað, að tilgangurinn með þessu frumvarpi er góður, sá tilgangur nefnilega, að styðja innlenda verzlun og styrkja sem mest til þess,

að arðurinn lendi í landinu sjálfu. En verður þessu svo komið fyrir með lagaboðum? Getum við með lagaboðum látið menn búa hjer, ef þeir vilja það ekki sjálfir? Jeg held það ekki. Jeg held, að þeir verði varla meira en að nafninu búsettir hjer, ef í það fer; að minnsta kosti mun örugg ara, að setja fastar ákvarðanir um það, hverjir eru fastir kaupmenn búsettir í landinu, og hverjir ekki. Örðugleikarnir mundu verða margir; að ákveða, hvað selja skuli í stórkaupum og hvað ekki, er fyrst og fremst mjög torvelt, auk þess sem mjög er auðvelt að fara kring um slíkar ákvarðanir. Setjum svo, að fátæklingur kæmi til kaupmanns og vildi fá 200 pund af korni; hver getur þá bannað kaupmanninum að selja það, ef hann segir, að það sje samningur um 1000 pund, en bóndinn hafi í þetta skipti að eins tekið 200 pund? Það er hægt að benda á ýmsar atbugaverðar afleiðingar af þessum nýmælum, ef þau verða gjörð að lögum; þannig er jeg mjög hræddur um, að svo mundi fara, að hinir efnaðri hændur mundu verzla við útlendu stórkaupmennina, en hinir efnaminni við hina innlendu kaupmenn, en með því móti kæmi frumvarpið sannarlega ekki að þeim notum, sem til er ætlazt.

Jón Ólafsson: Jeg vildi að eins benda á einn galla, er mjer finnst á vera frumvarpinu, og hann er sá, að það gjörir enga undantekningu. Það væri eigi hæfilegt eða saungjarnt, að taka eigi undan þá kaupmenn, sem nú hafa þennan rjett, því að það væri að svipta þá þeim rjetti, sem þeir hafa. Það er svo að ráða af þeim mótmælum, sem komið hafa fram gegn frumvarpinu, að menn hafi misskilið orðið *búsettur*. Þingmaður Reykvíkinga blandaði alveg saman *búsetu* og *verustað*. Það getur enginn bannað íslenzkum borgara að dvelja lengri eða skemmri ársins tíma erlendis. Hver bannar búsettum kaupmanni hjer, að fara erlendis og kaupa sjer vörur? Því neitar víst enginn, að kaupmenn geti þurft að vera erlendis, en þeir þurfa líka að vera hjer, og því get jeg eigi sjeð, að það sje neinn hnekkir fyrir þá, að þeim er gjört að skyldu, að vera búsettir hjer, því að á öðrumhvorum staðnum verða þeir þó að búa, og heima geta þeir ekki verið allt árið hvort sem er. Það skoða jeg aðalkost frumvarpsins, að það tekur fyrir það, að útlendir kaupmenn geti komið hingað til landsins, selt hjer varning sinn, umsett máske 100,000 krónur, og farið svo burt með alla peningana, án þess að borga nokkra skatta eða skyldur til nokkurra landsþarfa. Slíkur verzlunarháttur við gengst hvergi meðal siðaðra þjóða, og er hreint og beint «barbarí». 1. þingmaður Gullbringusýslu var hræddur um, að kaupmenn yrðu ekki búsettir hjer nema að nafninu, en jafnvel við það eitt er líka mikið unnið, að þeir sjeu búsettir að nafninu, því að sá, sem búsettur er hjer að nafninu, verður að svara sínum sköttum og skyldum. Mjer heyrðist á þingmanni Snæfellinga, að honum þættu innlendir kaupmenn standa ver að vígi en hinir, en jeg get ekki betur sjeð, en að þeir þrífist allt eins vel. Hinn heiðraði þingmaður er sjálfur ljóst dæmi þess, að það má vel fara, að vera búsettur bæði hjer og erlendis. Jeg ætla, að hann og faðir hans verzli í fjelagi, og sje annar þeirra búsettur hjer, en hinn í Kaupmannahöfn. Nefnd, sem kosin væri í málið, ætti að gjöra skýlausa ákvörðun um það, *hvað er búseta* hjer og hvað ekki. Þar að auki hefði jeg, þó það sje að eins orðabreyting, kunnað betur við, að á hefði verið kveðið í frumvarpinu, að selja ekki í tylftum, heldur tugum, úr því við höfum innleitt tugareikning að mörgu leyti.

Jón Jónsson: Það hefur verið stungið upp á, að fella þetta mál, en jeg vil stinga upp á, að sett verði í það 3 manna nefnd, þó jeg sje ósamdóma hinum heiðruðu flutn-

ingsmönnum í verulegum atriðum. Einkum er jeg alveg ósamþykkur þeirri stefnu, að takmarka verzlunarrjett lausakaupmanna. Menn hafa sagt, að í öðrum löndum hefðu ekki aðrir en búsettir fastir kaupmenn rjett til að verzla, og menn hafa jafnvel kallað löggjöf vora um lausakaupmenn, er hvorki hafa hjer fasta verzlun nje eru hjer búsettir, «barbariska». En þetta sýnir að eins, að mönnum hættir til, að jafna of mikið saman útlöndum við Ísland. Jeg neita ekki því, að löggjöf annara landa geti verið oss, sem eigum að semja lög fyrir þetta land, til leiðbeiningar, en vjer eigum að vara oss á að segja, að allt það, sem hjer á landi er frábrugðið öðrum löndum, sje *barbariskt*. «Hollt er heima hvað», og þegar semja á lög fyrir Ísland, þarf að taka fullt eins mikið tillit til þess, sem sjerstaklegt er á Íslandi, eins og til ástandsins í öðrum löndum. Einkum er það hættulegt, að sníða lög vor eptir útlendum lögum, þegar maður ekki þekkir þau betur, en hinn heiðraði þingmaður Borgfirðinga þekkir lögin í Belgíu og Danmörku. Hann sagði, að hjá Dönum væri gjörður munur á stórkaupmönnum og smákaupmönnum, en þetta er miður rjett, því að það á sjer hvergi stað í allri Danmörku, nema í Kaupmannahöfn. Hin heiðraða deild mun varla vera í efa um, að heppilegra muni vera, þegar menn endilega vilja laga lög vor eptir því, sem við gengst í hinum dönsku kaupstöðum, að taka aðra staði en Kaupmannahöfn oss til fyrirmyndar. Hvað nú snertir spurninguna um, hvort banna eigi öðrum en föstum kaupmönnum eða þá búsettum, að eiga lausakaup við landsmenn, vil jeg leyfa mjer að benda mönnum á, að jafnvel hjer í Reykjavík sjálfri, þar sem mestir eru aðflutningar, er verzlunarmagn fastra og búsettra kaupmanna ekki meira, en að við yrðum hjer í mestum vandræðum með trjávið, ef norskir lausakaupmenn ekki flyttu hann hingað, og um þessa daga höfum vjer sjeð hina merkustu menn hjer í bænum fagna yfir komu lausakaupmanns frá Englandi með kol hingað. Jeg vil því langt um heldur rýmka rjett lausakaupmönnum, t. d. með því að leyfa þeim að verzla hjer lengur en 4 vikur, þó þeir hafi ekki fasta verzlun, en takmarka þann rjett, sem þeir hafa. Það getur enginn heimtað af okkar föstu kaupmönnum, að þeir hafi meiri byrgðir, en þeir hafa hag af að hafa, og sýnist því vera varhugavert, að banna öðrum en þeim, sem eiga hjer fastar verzlanir, að hafa hjer lausakaup við landsmenn. Jeg tala ekki um, að binda lausakaup við búsetta kaupmenn, en annað mál er það, hvort það eigi að hlynna meira að lausakaupmönnum en að föstum og búsettum kaupmönnum. Ekkert væri í veginum fyrir, að láta lausakaupmenn gjalda einhver gjöld, t. d. gjöld eptir lestatölu skipa þeirra fyrir hvern mánuð, sem þeir liggja hjer, og slíkt gjald gæti verið svo stórt, að það fullkomlega samsvaraði gjöldum þeim, er hvíla á föstum og á búsettum kaupmönnum. Hvað snertir hina innlendu verzlun, þá er hún þess verð, að hún sje studd, en frumvarp þetta er, eins og 1. þingmaður Gullbringusýslu tók fram, ekki vegurinn til þess, og efast jeg um, að mögulegt sje, að gjöra verzlunina innlenda öðruvísi en með því, að bæta atvinnuvegi landsins og auka samgöngur á því og milli þess og annara landa. Verzlunarlag það, sem nú er, stendur í nánu sambandi við fátækt landsbúa og afskekkt landsins. Ef vjer bætum úr því, sem þrengir að högum landsmanna, verður verzlunin innlend af sjálfri sjer. Að öðrum kosti hjálpa engin lög. Vegir verða æfinlega fundnir til að fara í kring um þau lög, sem hepta atvinnufrelsið.

Eiríkur Kúld: Frumvarp þetta kom fyrir þingið 1879 og varð ekki byrsælt; jeg man ekki betur, en að það næði lendingu með hörkumunum. Eins og það er nú aptur komið, verður ekki annað sagt, en að tilgangurinn með því sje góður, sá tilgangur nefnilega, að efla hag búsettra kaupmanna hjer á landi. En þess verður vel að gæta, þegar þetta fet er stigið, sem frumvarpið fer

fram á, að misstíga sig ekki. Það er svo kunnugt, að allir vita, að stórgallar eru á verzluninni og verzlunar- fyrirkomulaginu, en þeim göllum mun varla rutt úr götunni eða úr þeim bætt með þessu frumvarpi. Auðvitað er það mjög aðgæzluvert, að banna kaupmönnum að vera erlendis, því að það er allsendis nauðsynlegt fyrir þá; þeir þurfa að sjá um vörur sínar, kaup þeirra og sölu, en allt þetta mundi verða óhollt þeim að sjá eingöngu með annara augum. Auk þess eykur það kostnað, sem á vöruna verður að leggja, ef kaupmaðurinn getur ekki keypt og selt sjálfur, heldur verður að fá annan til þess, sem bann verður að borga að minnsta kosti 2 af hundraði fyrir. Enn fremur finnst mjer sú ákvörðun í frumvarpinu athugaverð, að selja skuli þunga vöru í þúsundum punda. Komi t. d. erlendur kaupmaður, sem gæti selt kornvöru ¼ ódýrara en tíðkast hjer, gæti fátæki bóndinn, sem að eins getur keypt og að eins hefur þörf á minna, ekki fært sjer þessi hlunnindi í nyt, og sýnist það ósanngjarnt. En að fleiri fátæklingar slægju sjer saman í fjelag að kaupa t. d. 1000 pund, gæti einatt haft sína miklu örðugleika. En það, sem jeg skoða mestan og verstan galla á frumvarpi þessu, er sá, að verði það að lögum, koma hjer enn lög, sem harla auðvelt veitir að fara í kringum, og tel jeg slík lög mjög óheppileg. Faktorinn getur átt verzlunina að eins að nafninu, en hennar rjetti og sanni eigandi búið t. d. í Kaupmannahöfn. Jeg er á þeirri skoðun, að það sje of mikil tímatöf, að fara að setja nefnd í málið, og vil helzt fella það strax.

Arnljótur Ólafsson: Af því, að jeg stend skrifaður undir frumvarpið á eptir flutningsmanni, verð jeg að gjöra grein að minnsta kosti fyrir því, hvers vegna jeg stend skrifaður undir frumvarpið. Orsökin er eiginlega sú, að jeg var með flutningsmanni að semja þetta frumvarp 1879. Hin orsökin er sú, að verzlunarmálið er æfinlega næsta mikilsvert mál, og er því þörf á, að íhuga það rækilega. Frumvarpið 1879, sem er samhljóða frumvarpi þessu, gekk þá fram í neðri deild, en dagaði uppi í efri deildinni sakir tímaleysis. Það mætti því virðast sem ræktarleysi við þetta mikilsverða mál, ef það væri látið detta orðalaust niður. Fyrir þessar sakir hef jeg ritað undir frumvarpið, en eigi fyrir þá sök, að mjer sje annt um, að frumvarpið verði að lögum ráðið. Fyrst skal jeg geta þess, að mjer getur eigi skilizt svo, sem frumvarp þetta muni taka nokkurn rjett af fastakaupmönnum þeim, sem nú eru, ef það yrði að lögum. Eins og mönnum er kunnugt, var sú tiltekning gjörð í opnu brjefi 18. ágúst 1786, að allir íslenzkir kaupmenn væru skyldir til, að vera hjer búsettir, en með opnu brjefi 1. júní 1792 var því breytt, þannig, að fastakaupmenn þyrftu ekki að vera sjálfir búsettir hjer á landi, ef þeir hefðu «auglýsta verzlunarstjóra» (declarerede Factorer) hjer, sem gengju í þeirra stað. Þessi ákvæði standa enn í góðu gildi.

Það er kunnugt, að kaupmenn hafa ýms umkvörtunarefni. Kaupmenn kvarta um, að þeir þurfi að greiða skatt hjer, en hafi engin tilhlýðileg rjettindi í staðinn, þegar þeir eru búsettir erlendis og greiði gjöld þar. Þessi umkvörtun er eigi á rökum byggð, að minni hyggju. Í Kaupmannahöfn hafa íslenzkir kaupmenn rjett til að verzla í stórkaupum, af því einmitt, að þeir eru íslenzkir kaupmann, en gjalda þó ekki einn eyri í ríkissjóð, heldur bæjargjöld að eins fyrir þann tíma, sem þeir dvelja þar. Kaupmenn bera það fram, að þeir komist hjá að halda sjer umboðsmann erlendis, með því að sitja þar, og því sje nauðsynlegt fyrir þá að vera búsettir utanlands; þessi viðbára er næsta veik. Svo er ástatt, að flestir hinna íslenzku kaupmanna munu vera svo bundnir við lánardrottna sína utanlands, að þeir

verða að senda þeim vörur sínar hjeðan til fullra umráða, og vjer höfum dæmi þess, að íslenzkir kaupmenn hafa orðið að selja, hvernig sem verð stóð á íslenzku vörunni, til að geta fullnægt krófum lánardrottnanna. Af landsmanna hálfu er það tekið fram, að þeir kaupmenn, sem erlendis búa, sýni Íslandi ekki sömu rækt sem hinir, er hjer eru búsettir, þeir hirði ekki um að byggja hjer nema einhverja kompu handa verzlunarstjórum sínum. En hvað um þetta er, þá er það sannfæring mín, að örðugt eða ófært muni, að ætla sjer að gjöra menn þjóðlynda með lagaboðum.

Jeg skal lýsa því yfir, að jeg skal ekki láta mjer falla þungt, þótt frumvarp þetta falli, því að sannfæring mín er sú, að frelsið muni bezt ráða bót á því, sem umbóta þarf í þessum atvinnuveg sem öðrum. Frelsið mun koma verzluninni í það horf, sem straumur atburðanna bendir til.

Tryggvi Gunnarsson: Því mun margur búast við, að jeg muni vera meðmæltur frumvarpi þessu, þar sem tilgangurinn á að vera sá, að blynna að innlendum kaupmönnum og innlendri verzlun. En af ýmsum ástæðum get jeg ekki annað en verið frumvarpinu alveg mótfallinn; það mun eigi verða landinu til gagns, þó það yrði gjört að lögum, auk þess, sem það hallar mjög jafnrjetti kaupmanna. Þeim er er hjer skipt í tvær sveitir; annar flokkurinn, sá er selur í stórkaupum, hefur leyfi til að hafa aðsetur erlendis, eða hjer á landi eptir eigin geðþekkni; hinn, eða smásalarnir, er skyldur að eiga heima hjer á landi. Hver þessara flokka hefur nú hærri rjett? Eru það ekki einmitt útlendu kaupmennirnir, sá flokkurinn sem ekki þarf að vera búsettur hjer, og getur komið til landsins á fjölda af skipum, og tekið með stórkaupaverzluninni ef til vill helming af vörum landsins, sem eptir tilgangi frumvarpsins hinir innlendu kaupmenn áttu einir að sitja að. Sje hin heiðraða deild á mínu máli um þetta, getur ekki dulizt, að frumvarpið verkar í gagnstæða stefnu því, sem meiningin var. Stórkaupmennirnir fara hvert á land þeir vilja, og gjalda ekkert í neinar landsins þarfir; þeir taka vörumagnið frá hinum smærri, innlendu kaupmönnum, sem að mörgu leyti standa langtum ver að vígi. Þegar þeir eru skyldir til að vera búsettir hjer á landi, hljóta þeir annaðhvort að gjöra, að vera tvo þriðjunga árs, eða frá hausti til vors, í útlöndum langt frá heimili sínu og verzlun, til að selja og kaupa vöru sína, og verða þannig að sjá allt með annara augum, sem fyrir verzlun þeirra er gjört erlendis, sem opt er stór óhagur. Við sjáum, að bóndinn vill heldur sjálfur fara í kaupstaðinn til að selja varning sinn, heldur en senda vinnmanninn, og líku máli er að gegna með kaupmanninn. Frumvarp þetta býr til að mínum skilningi grúa af útlendum kaupmönnum, sem taka meiri hluta verzlunarinnar, ef þeir vilja, en gjalda hvergi neitt í opinberar þarfir. Þegar þeir eru borgarar erlendis, er ekki hægt að leggja samkynja gjald á þá til landssjóðs og sízt til sveitar, sem á búsetta menn bjer. Fyrri þingmaður Eyfirðinga nefndi áðan, að frelsið mundi leiða verzlunarmálið í eðlilega stefnu án laga; jeg er á sama máli. En hví vill hann þá leggja óeðlileg bönd á verzlunina með lögum? Aðalgallar, sem nú eru á verzluninni, eru tveir; það eru: skuldabönd landsmanna við kaupmenn, og annað það, að enginn verðmunur er gjörður á góðri og laklegri vöru, hvorki á hinni útlendu nje innlendu. En úr þessum göllum bætir frumvarpið alls ekki. Á síðastliðnu þingi var það venja, að lofa flestum frumvörpum að ganga til 2. og 3. umræðu, áður en þau voru felld, líklega af brjóstgæðum við þau eða flutningsmanninn. Þetta tefur mjög fyrir þingstörfunum; jeg vil því leggja til, að þegar koma fram vanmetaskepnur,

eins og þetta frumvarp, að þeim sje þá styttur aldur strax.

Jón Ólafsson: 2. þingmaður Skagfirðinga hjelt, að jeg hefði kallað lausakaupmennskuna «*barbari*» af þeirri orsök, að hún væri einkennileg fyrir okkur Íslendinga, en það var ekki svo; jeg kalla hana «*barbari*» af því, að hún stríðir móti öllum grundvallarreglum hjá öllum menntuðum þjóðum, jafnvel hjá oss líka. Þingmaðurinn verður að leita til Negra eða Hottintotta eða annara villiþjóða, til að finna dæmi slíkrar verzlunaraðferðar. Það var talin aðalástæða, til að halda við lausakaupmennsku, að hinir föstu kaupmenn hefðu ekki dug til að byrgja landsmenn með vörum, en þess er gætandi, að slíkur vöruskortur er einmitt, eða að minnsta kosti getur opt verið einmitt lausakaupmönnunum að kenna. Hinir föstu kaupmenn vita ekki, með hve miklu þeir þurfa að byrgja sig af vörum, þegar þeir geta átt von á þessum gestum (lausakaupmönnunum), og hafa eðlilega enga löngun til, að liggja með vörur, svo stórum nemi, óseldar. Þingmaður Barðstrendinga vorkenndi kaupmönnum að skilja við konurnar, ef þeir væru búsettir hjer og þyrftu út á vetrum; en jeg fæ ekki betur sjeð, en að þeim sje að minnsta kosti eins hægt að lifa konulausir erlendis eins og hjer, því að hjer yrðu þeir að vera viðlíka lengi, ef þeir væru búsettir erlendis; annars verður sumum þeirra ekki mikið fyrir að hafa þær með sjer. Mig furðar á því, að 1. þingmaður Suður-Múlasýslu skyldi vera móti frumvarpinu; honum hefur misskilizt, að frumvarpið leyfði útlendum lausakaupmönnum nokkuð, sem þeim er eigi nú þegar leyfilegt. Þess ber að gæta, að arðurinn er mestur í smákaupum. Þessir smærri kaupmenn kaupa af hinum stærri, og selja svo aptur, en við það lendir þó mestur ágóðinn hjer í landinu. Þar sem talað var um, að leggja lestagjald á lausakaupmenn, get jeg ekki sjeð, hvernig það má vel fara. Tökum til dæmis, að tvö skip koma til landsins, annað með kol og salt, sem er ódýr vara, en annað með dýra kramvöru, þá verður ekki annað sagt, en að það væri ósanngirni, að láta þau bæði greiða jafnmikið gjald. Enn fremur vildi jeg benda á, að Englendingar hafa hjer talsverð viðskipti, og væri ekki ósanngjarnt, að þeir borguðu eitthvað.

Benidikt Sveinsson: Jeg er uppástungumönnum mjög þakklátur fyrir þetta frumvarp, sem að aðalstefnunni til fer í sömu átt, og frumvarp það, er jeg lagði fyrir þingið 1875, og þá fjekk góðar undirtektir neðri deildarinnar. En eins og fram hefur komið í ræðunum, eru skoðanir manna um hin einstöku atriði málsins mjög sundurleitar, og svo ólíkar, að brýn nauðsyn sýnist vera, að kjósa nefnd í málið, til að íhuga það rækilega, og leyfi jeg mjer að stinga upp á 5 manna nefnd.

Því næst var borið undir atkvæði deildarinnar, hvort nefnd skyldi kosin, og var nefnd felld með 14 atkvæðum gegn 9; var umræðunum því haldið áfram.

Flutningsmaður: Jeg vil fyrst leyfa mjer að benda deildinni á, að í fyrstu grein frumvarpsins staflið c er prentvilla; þar stendur «í hundruðum punda», en á að vera: «í hundruðum álna». Umræðurnar um frumvarp þetta sýna, að menn skjóta nokkuð út fyrir takmarkið, og vil jeg fyrst snúa mjer að kaupmönnunum. Þeir sýnast vera hræddir um, að þeirra rjetti sje traðkað; en þetta er ber misskilningur; meining frumvarpsins er alls eigi sú, að taka af kaupmönnum þann rjett, sem þeir hafa. Tveir þingmenn hjeldu, að lausakaupmönnum yfir höfuð væri eigi leyfilegt, að verzla hjer lengur en 4 vikur; en síðan 7. nóvember 1879 eru fyrir því engin takmörk, nema að eins fyrir *utanríkis* lausakaupmenn. Hvað því viðvíkur, að lausakaupmenn gjaldi eitthvert gjald, þá tel jeg það æskilegt og sanngjarnt; en að leggja á þá það gjald,

sem einmitt er aftekið á þessu ári, nefnilega lestagjaldið, það væri sannarlega merkilegt. Einn deildarmaður skildi ekki orðið «þungavara», en það er svo almennt orð, að honum ætti að vera það auðskilið. Það hefur komið fram sú skoðun, að kaupmennirnir mundu hafa skaða af, ef frumvarpið yrði að lögum, en jeg held einmitt, að það sjeu stór hlunnindi fyrir kaupmennina, þar sem þeir t. d. geta selt í stórkaupum og sloppið við að borga húsaleigu, eða jafnvel eiga mikil og dýr hús fyrir vörurnar. Þá eru aðrir, sem sjerstaklega hafa það út á frumvarpið að setja, að farið verði í kring um lögin, ef það verði gjört að lögum; en þetta mundi ekkert nýmæli á Íslandi. Það eru t. d. lög, að sami maðurinn megi ekki hafa tvær verzlanir í sama kauptúni; en hvernig hefur farið? Sami kaupmaðurinn befur haft tvær verzlanir í sama kauptúni, en eignað aðra öðrum manni. Endirinn hefur, að sögn, optar en einu sinni orðið sá, að hann missti blóraverzlunina. Svo rammar skorður verður að reisa við því, að pretturinn ekki uppgötvist, að þeir hafa fallið á prettinum. Eins þarf að einskorða búsetuna; en hvort kaupmaður sje búsettur í raun og veru, verður undir öllum kringumstæðum fyr eða síðar hægt að fá að vita. 1. þingmaður Suður-Múlasýslu nefndi, að þeir kaupmenn, sem búa erlendis, væru þeir, er hefðu afl þeirra hluta, sem gjöra skal; það er og meining frumvarpsins, að flytja inn í landið afl þeirra hluta, sem gjöra skal, og má taka þá meiningu skarpar fram, ef nefnd verður sett í málið. Jeg vona, að málið fari til 2. umræðu

Því næst var borið undið atkvæði deildarinnar, hvort málið skyldi ganga til 2. umræðu, og var það fellt með 13 atkvæðum gegn 9.

Var frumvarpið þannig f a l l i ð.

XXXV.

Stefnufrestur í einkamálum.

Frumvarp til laga um stefnufrest í einkamálum. Frá þingmanni Borgfirðinga, 1. þingmanni Suður-Múlasýslu og 1. þingmanni Eyfirðinga. Frumvarpið er prentað í fyrri parti alþingistíðindanna, bls. 39—40.

FYRSTA UMRÆÐA Í NEÐRI EILD,
á 6. fundi, 9. dag júlímánaðar.

Flutningsmaður (Grímur Thomsen): Eins og þingmönnum er kunnugt, var frumvarp þetta borið upp í efri deild á þinginu 1879, og komst það klakklaust í gegn um hana, en var fellt við 1. umræðu í neðri deildinni. Jeg skal nú engum getum leiða um það, hvað til þess kom, að frumvarpið fjekk þau afdrif, en vera má, að það hafi með fram komið af því, að þá var orðið áliðið þingtímans, og þingmenn orðnir bráðlátir með að gjöra einhvern enda á málunum. Jeg vil einungis geta þess, að hvort sem menn óska, að hæstirjettur verði ávallt hinn æðsti dómstóll þessa lands eða ekki, þá hlýt-

ur það þó, á meðan svo er, að vera æskilegt fyrir alla, að málin fái sem fljótasta og greiðasta meðferð eða fullnaðardóm. Eptir þeim ákvörðunum, sem nú gilda, er stefnufresturinn til hæstarjettar 1 ár, eða með öðrum orðum: Það verður að stefna einu ári áður en hæstirjettur á að byrja, en í hæstarjetti byrjar hvert ár fyrst í marzmánuði, og getur þá auðveldlega svo farið, að 1—2 ár líði, áður en málið er tekið fyrir í hæstarjetti. Þetta frumvarp miðar til þess, að ráða bót á þessu, þar sem það fer fram á, að stefnufresturinn sje einungis 6 mánuðir í staðinn fyrir eitt ár. Jeg man eptir því, að á þinginu 1879 var landshöfðingi blynntur frumvarpinu, og gjörði þá einu athugasemd, að það mundi þurfa að leggjast fyrir ríkisþingið, og fá samþykki þess, en því var svarað af einum þingmanni, háyfirdómaranum, að þess mundi ekki þurfa, þar eð það færi ekki fram á að breyta neinu í verksviði hæstarjettar, heldur einungis því, sem Ísland snertir í sambandi þess við þennan æðsta dóm. Og þar eð engar sjerlegar mótbárur komu gegn því á hinu fyrra þingi, þá vona jeg það fái nú að komast til 2. umræðu.

Benidikt Sveinsson: Hinn háttvirti þingmaður Borgfirðinga hefur, er hann kom fram með frumvarp þetta, ætlað að breyta eptir orðunum: «Leitið og munuð þjer finna, knýið á og mun fyrir yður upplokið verða», en jeg ætla þá að leyfa mjer að byrja með þeirri bæn, að «ekki er allt gull sem glóir». Þetta sama frumvarp kom í hitt eð fyrra frá 3 konungkjörnum þingmönnum og var samþykkt í efri deildinni, en fellt frá 2. umræðu í neðri deildinni með 13 atkvæðum gegn 8. Þetta er saga málsins, og þó hún sje stutt, þá getur þó deildin ekki vel nú fellt annan dóm á málið en fyrir 2 árum, *nema sýnt verði og sannað*, að gild ástæða sje fyrir því; jeg tek það upp aptur, það *verður að vera knýjandi gild ástæða* fyrir þingdeildinni, að samþykkja það frumvarp 1881, sem hún felldi 1879. En jeg skal nú leyfa mjer að skýra þetta atriði betur. Má jeg þá fyrst spyrja hina heiðruðu þingmenn, og sjer í lagi hinn háttvirta þingmann Borgfirðinga: Er *veruleg* rjettarbót fólgin í þessu frumvarpi? Flutningsmaður kveður það vera rjettarbót, þar eð með því sje styttur stefnufresturinn til hæstarjettar, því með því sje úrslitum mála við hæstarjett flýtt um 6 mánuði. Þetta kann nú að sýnast glæsilegt í fyrstu, en þegar að er gáð, þá er það í raun og veru mjög sára lítils virði, og ef til vill minna en einkis virði. Lítum þá á ástandið. Eins og stendur, er stefnufresturinn til hæstarjettar 1 ár, það er að segja: það verður að líða 1 ár frá því, að hæstarjettarstefnan er birt, þangað til málið verður tekið fyrir í hæstarjetti, en þetta er aptur svo að skilja, að fyrirtekt málsins í hæstarjetti er ekki miðuð við þann mánuð eða dag á árinu, sem málið er fært og dæmt, heldur við byrjun hæstarjettarársins, sem er fimmtudaginn fyrstan í marzmánuði ár hvert, að mig minnir. Einu ári fyrir þennan dag, eða fyrst í marz árinu á undan, verður því að birta hæstarjettarstefnuna í einkamálum, eins og nú stendur. Nú fer þetta frumvarp fram á, að þessi frestur sje styttur um 6 mánuði, en þetta gagnar lítið, því einmitt þessi 6 mánaða frestur gjörir það eigi að síður að verkum, að einkamál, sem dæmd eru t. a. m. árið 1881 í yfirrjetti á Íslandi, geta ekki, nema þá sárfá, orðið dæmd í hæstarjetti fyr en 1883, en alls ekki 1882, eða árið eptir. Lítum nákvæmar á þetta. Þá verður fyrst að telja frá dóma alla, sem uppkveðnir eru seinni 6 mánuðina 1881, því það er þó ómögulegt að birta stefnu til hæstarjettar úti á Íslandi jafnsnemma og dómur fellur í yfirrjettinum, hvað þá fyrri. Stefnuúttektin í Kaupmannahöfn og birtingin út á Íslandi, og jeg ímynda mjer, að það þurfi, að 6 mánuðunum meðtöldum, 8—10 mánuði, frá því dómur yfirdómsins er upp kveðinn og þangað til hæstarjettarstefna getur orðið birt, og þá verða það einungis þeir dómar, sem dæmdir eru í marz og apríl ár hvert, er njóta þeirrar rjettarbótar, sem

frumvarpið ræðir um. Menn geta þannig glöggt sjeð, að vegalengdin á milli Íslands og Danmerkur gjörir það að verkum, að hjer verða 6 mánuðir næstum eins og heilt ár; þessu getur enginn neitað, þegar tekið er tillit til, hversu póstferðirnar eru langar og örðugar um landið, og póstskipsferðirnar milli Íslands og Danmerkur valtar og vafningssamar, enda er opt langur vegur og örðugur frá póstleiðinni til hvers einstaks manns, sem getur átt í hæstarjettarmáli. En ekki búið með þetta. Hjer kemur einnig annað mikilvægt atriði til skoðunar; ársfresturinn getur, þvert á móti því að vera skaðlegur, verið gagnlegur (*Jón Jónsson*: Heyr!). Hjer kemur vegalengdin og örðugleikarnir á samgöngunum optar fram og heimta sitt. Til þess að taka út hæstarjettarstefnu er í sjálfu sjer nóg niðurlag dómsins, sjálfsagt lagt út á dönsku, en það eitt er ekki nóg sem og allir sjá, til þess að málið verði *dæmt* í hæstarjetti. Nei! Málaflutningsmaðurinn í Kaupmannahöfn, hann þarf, áður en málið kemur fyrir hæstarjett að fá ekki að eins allar dómsgjörðirnar frá yfirdómi og undirrjetti, vel að merkja með útleggingu á dönsku staðfestri af yfirdóminum, heldur einnig má ske margar aðrar upplýsingar og skilríki, og sökum þess getur stytting stefnufrestsins beinlínis orðið *skaðleg*, þar eð það getur fyrir komið, að það þurfi að flýta málinu of mjög. Það er þannig jafnbæpið, eins og vjer köstuðum teningum hjerna á þingsalsgólfið, eins og það væri við hjól sorfið, hvort stytting frestsins verður að gagni eða skaða! En hjer liggur enn stærri fiskur undir steini. Gætum að áliti landshöfðingjans um þetta mál. Hann (o: landshöfðinginn) lýsti því yfir við umræður þessa máls á þingi 1879 í efri deild, að það mundi verða nauðsynlegt, að stjórnin leitaði samþykkis rikisþingsins. Að vísu ætlaði einn hinna konungkjörnu þingmanna, að ekki mundi að þessu reka, en það er hvorki mjer nje hinni háttvirtu þingdeild nóg, því án þess jeg finni ástæðu til að láta mína skoðun í ljósi um þetta atriði, verð jeg að geta þess, að jeg álít, að það sje nóg, að hinn háttvirti landshöfðingi, fulltrúi stjórnarinnar, heldur því fram, að þessi verði gangur málsins, því eptir hans tillögum mundi verða með það farið. En eigi þetta lítilfjörlega frumvarp að ganga þá lúaleið, virðist þingmönnum það þá þess vert, að leggja á það lögbelgi. Þá er enn þess að gæta, að það er almenningsálit og almenn ósk Íslendinga, að hið æðsta dómsvald komist inn í landið; en er það þá sjálfu sjer samkvæmt, að hreifa við og tvinna saman með jafnómerkilegu frumvarpi sem þessu sambandið á milli stjórnarskrárinnar og stöðulaganna?

Það mun þingmönnum enn kunnugt, að ráðgjafinn í Danmörku er að leggja fyrir ríkisdaginn frumvarp til laga um aðalbreytingu á dómskipuninni í Danmörku, sem einnig miðar til þess að koma á kviðdómum o. fl., og komist þessi aðalbreyting þar á, þá mun reynslan sýna, að hún einnig ryður sjer til rúms hjer á landi, líklega á hærra stigi. Nú vil jeg spyrja: Er þetta frumvarp þá ekki, einnig með tilliti til þessa, alveg ótímabær burður, sem þar að auki gjörir enga breytingu, er að gagni kemur á því allshendis óhæfilega dómskipunar-fyrirkomulagi, sem hæstirjettur í Danmörku hefur í för með sjer. Jeg skal leyfa mjer að koma með eitt dæmi; jeg tek að eins eitt einasta dæmi. Í máli, sem var dæmt í hjeraði árið 1870, fjell dómur fyrir skemmstu, ekki fyr en árið 1878 — segi og skrifa átján hundruð sjötíu og átta — í hæstarjetti; og þegar þetta er borið saman við hina ímynduðu rjettarbót í þessu frumvarpi, þá hverfur hún eins og dropi í hafið, og jeg skoða því ekki huga minn um, að gefa atkvæði mitt alveg eins og í hitt eð fyrra, og fella það frá 2. umræðu.

Jón Jónsson: 2. þingmaður Norður-Múlasýslu tók fram hið helzta, sem athugavert væri við frumvarp þetta, og er jeg honum samþykkur, en skal þó leyfa mjer að skýra einstaka atriði. Hið almenna poli-

tiska ástand lands þessa er fullkunnugt. Það hafa lengi verið hjer tveir flokkar, þar sem annar hefur ætlað, að bezt væri, að vera laus við ríkisþing Dana, en hinn aptur á móti, að það væri nauðsynlegt, að vjer stæðum í sambandi við það; vjer gætum ekki án þess verið; alþingið væri fámennt og ef til vill ekki skipað eins menntuðum og stilltum mönnum og ríkisþing Dana; það væri því hætt við, að alþingi gæti hlaupið í gönur, og þá væri gott og blessað, að hafa ríkisþing Dana til að eyða alþingi. Þetta hefur verið skoðun margra merkra manna hjer á landi, og ætla jeg ekki að kasta steini á þá fyrir það; en mjög efast jeg um, að þessi skoðun þeirra sje rjett eða gagnleg. Jeg álít því, að við eigum að vara okkur á, að koma fram með nokkuð það, sem geti myndað «*praxis*» í þá átt, að ríkisþing Dana fái yfirráð yfir alþingi. Þar að auki virðist mjer mjög vafasamt, hvort frumvarpið mundi nokkurn tíma efla það, sem það á að efla. Einn þingmanna, er jeg vil ekki nefna, sagði, að stefnufrestur í málum (*Grímur Thomsen:* einkamálum); hinn háttvirti þingmaður nefndi, að því er mjer heyrðist, öll mál, og sagði, að stefnufresturinn til hæstarjettar væri almennt 1 ár. Þetta er misskilningur. Flestum málum, sem koma fyrir hæstarjett, er stefnt þangað með talsvert styttra fresti. Öll opinber mál verða þannig tekin fyrir meðal hinna fyrstu eptir að málsskjölin eru komin til hæstarjettar, en flestöll mál, sem koma fyrir hæstarjett hjeðan af landi, eru opinber. Jeg hef ekki haft tíma til að fara út í allar skýrslur hjer að lútandi, en skal láta mjer nægja að geta þess, að á árunum 1826—1832 hafa samkvæmt skýrslum þeim, er prentaðar eru í nýjum fjelagsritum um þessi mál, einungis 2 mál af þeim 20, er komu til hæstarjettar hjer á landi, verið einkamál, og þannig stefnt með meira en ársfresti. En jafnvel í einkamálum má talsvert stytta frest þann, er nú þarf að líða frá stefnudegi þangað til málið er tekið fyrir í hæstarjetti, með því að fá *anticipations* leyfi; það er veitt, þegar þörf er á, og má þannig með slíku leyfi koma í veg fyrir, að reglur þær, sem nú standa, verði misbrúkaðar til að draga fullnaðarúrslit mála. En stefnufrestur sá, sem nú er, getur opt verið alveg nauðsynlegur, því það er mjög örðugt, að áfrýja yfirrjettardómi frá Íslandi. Það hefur verið tekið fram, hve örðugt gæti orðið, að fá þýðingu á dönsku af dómsgjörðunum, og sje það örðugt hjer í höfuðstaðnum, þá má nærri geta, að það er mun örðugra upp til sveita. Auk þess mun sjaldan koma fyrir, að menn vilji áfrýja einkamálum til hæstarjettar, nema þeir treysti sjer til að fá nýjar skýringar, og getur það opt tekið langan tíma að ná í þær; það mundi sýna sig, hvort 1 árs frestur yrði of langur, ef maður ætti t. a. m. að fá upplýsingar norðan af Húsavík, Sljettu eða utan úr Grímsey. Það er heldur ekki hrist út af erminni, að skjóta málum til hæstarjettar, og mun það vart verða gjört fyrir minna en 500—1000 kr. Það þarf því að vera mikil ástæða til að skjóta máli þangað. Örðugleikarnir eru svo miklir og kostnaðurinn að því skapi, að það má vara sig á, að stytta frestinn. Jeg vil þess vegna helzt, að frumvarpi þessu sje ekki frestur gefinn, heldur að það sje þegar fellt.

Flutningsmaður kvað sjer hafa dottið í hug, er hann heyrði mótbárur þær, sem frumvarpið hefði mætt, þegar Jósúa ljet blása í básúnurnar, og múrar Jerikóborgar hrundu niður til grunna, en svo mikils blásturs þyrfti ekki með, til að fella eitt frumvarp. Það hefði engin ástæða komið fram gegn því æskilega í því, að fá fljóta og greiða úrlausn á málunum fyrir hæstarjetti. Þingmaður Skagfirðinga hefði reyndar getið þess, að hægt væri að stytta frestinn með því að fá «*anticipations*-leyfi», og jafnframt hefði hann reynt að ægja frumvarpinu með ríkisþingi Dana. Hvað «*anticipations*-leyfið» snertir, þá á það ekki við annað, en *á sama hæstarjettarári* getur einn maður fyrir ærna peninga fengið leyfi til, að mál hans komi fyrir nokkrum dögum, og ef til vill, vikum á undan máli, sem koma á fyrir á sama

hæstarjettarári; en með því styttist ekki stefnufresturinn sjálfur um eina klukkustund. Jeg hef sjálfur þegar tekið það fram, að það mundi vera ónauðsynlegt, að ríkisþingið skæri úr málinu, og landshöfðinginn hefði einungis sagt, að það *kynni* að vera nauðsynlegt, að fá sömu ákvarðanir frá ríkisþinginu í Danmörku. Hvað það snerti, að margra hluta væri að gæta með útlegging dómsskjala og annað fleira, þá yrði því að vera af lokið, áður en dómsstefnan væri tekin út. Hann kvaðst vilja geta þess, að hver sá, er hefði það á móti frumvarpinu, að vjer ættum að híða eptir kviðdómum, þá væri þess að gæta, að þeir mundu eiga langt í land hjer, og mundi lengi mega eptir þeim bíða, fyrst Danir hefðu ekki á 10—15 árum getað komið þeim á hjá sjer. Höfuðatriðið væri það, ef menn óskuðu að fá sem skjótastan og greiðastan enda mála sinna, að fá frestinn sem stytztan, og hverjum mundi þá þykja 6 mánuðir of stuttur tími, eða svo stuttur, að hann gæti eigi á þeim tíma verið nægilega búinn að undir búa mál sitt og koma því á framfæri, þegar 9 gufuskipsferðir væru á ári milli Íslands og Danmerkur, og minnst 8 póstferðir í landinu? Þetta hlyti hver maður að skilja, þegar hann skoðaði málið með rósemi, og jafnframt hlyti hann þá að skilja það, að fresturinn gæti alls ekki verið skaðlegur, þó hann væri styttur, eins og frumvarpið færi fram á, heldur einmitt nytsamur, nema fyrir þá, sem helzt vildu draga öll mál sem lengst.

Landshöfðinginn: Þar eð 2. þingmaður Norður-Múlasýslu skírskotaði til orða minna í máli þessu á þinginu 1879, þá skal jeg leyfa mjer að lagfæra þetta. Jeg leiddi þá athygli deildarinnar að því, «að þar sem þetta frumvarp færi fram á breyting, sem snerti Ísland og hæstarjett, þá væri nauðsynlegt, að útvega sömu ákvarðanir frá löggjafarvaldinu, í Danmörku». En þetta er allt annað, en að frumvarpið verði að leggjast fyrir ríkisþingið í Danmörku.

Þá höfðu 12 þingmanna beiðzt þess, að umræðunum væri hætt:

Jón Ólafsson,
Egill Egilsson,
Friðrik Stefánsson,
Grímur Thomsen,
Þórarinn Böðvarsson,
Þorlákur Guðmundsson,
Þorkell Bjarnason,
Guðmundur Einarsson,
Holgeir Clausen,
Þórður Magnússon,
Þorsteinn Jónsson,
Þorsteinn Thorsteinson,

og er forseti bar það undir atkvæði deildarmanna, var það samþykkt með miklum mun atkvæða. Því næst var gengið til atkvæða um það, hvort frumvarpið skyldi ganga til 2. umræðu, en sökum þess að atkvæðagreiðslan þótti ekki nógu glögg, ljet forseti við hafa nafnakall og sögðu

Já:

Magnús Andrjesson,
Arnljótur Ólafsson,
Eiríkur Kúld,
Grímur Thomesn,
Halldór Kr. Friðriksson,
Lárus Blöndal,
Tryggvi Gunnarsson,
Þórarinn Böðvarsson,
Þorlákur Guðmundsson,
Þorsteinn Thorsteinson.

Nei:

Eiríkur Briem,
Benidikt Sveinsson,
Egill Egilsson,
Friðrik Stefánsson,
Guðmundur Einarsson,
Holgeir Clausen,
Jón Jónsson,
Þórður Magnússon,
Þorkell Bjarnason,
Þorsteinn Jónsson,
Þorvarður Kjerulf.

Jón Ólafsson kvaðst eigi greiða atkvæði og færði eptir áskorun forseta þær

ástæður fyrir því, að sjer væri málið ekki nógu kunnugt. Forseti kvað það eigi nægar ástæður, og yrði hann því að skjóta því undir atkvæði þingmanna, hvort þetta væri gild ástæða; urðu atkvæði fyrir því, að það væri ekki, og sagði þá *Jón* já, og var frumvarpið þannig fellt frá 2. umræðu með 11 atkvæðum gegn 11.

XXXVI.

Leiguburður af peningum.

Frumvarp til laga um leiguburð af peningaláni. Frá 1. þingmanni Eyfirðinga, þingmanni Borgfirðinga og 1. þingmanni Suður-Múlasýslu. Frumvarpið er prentað í fyrri parti alþingistíðindanna, bls. 39.

FYRSTA UMRÆÐA Í NEÐRI DEILD, á 8. fundi, 12. dag júlímán.

Flutningsmaður (*Arnljótur Ólafsson*): Eins og hinni heiðruðu deild er kunnugt, kom fram á þingi í hitt eð fyrra frumvarp, sem fór í líka stefnu og þetta gjörir; en þó var sá munurinn, að í því var gjört ráð fyrir, að leiguburðurinn af peningaláni einstakra manna skyldi alfrjáls, en mætti eigi vera hærri en 4½ af hundraði, þar sem um væri að ræða opinbert fje og landssjóðinn. Að öðru leyti hafa uppástungumenn frumvarps þessa tekið það upp, eins og það var áður, en það fjell í efri deild þingsins 1879. Jeg skal leyfa mjer að taka fram nokkrar almennar ástæður fyrir frumvarpinu. Eptir gildandi lögum (frá 27. maí 1859) er vaxtataka af peningaláni frjáls, nema gegn veði í fasteign; en leyfilegt er að lána fje gegn öðru veði, eða þá alls engu veði, ef vill, fyrir svo háa leigu, sem vera skal. Sú spurning liggur þá fyrir: Er ástæða til, að binda peningalán við vissan leiguburð, ef veðið er í fasteign? Til þessa sýnist ekki geta verið nein eiginleg ástæða, einkanlega ekki til þess, að binda leiguna við 4 af hundraði, því að sú reynsla mun nú vera ákomin, að torvelt og opt ómögulegt er að fá peningalán gegn 4 af hundraði í leigu. Í þessu tilliti skal jeg taka það tvennt fram: 1., að arðurinn af peningavörzlu er mikill hjer á landi, sem í flestum líkt ræktuðum löndum. Kaupum t. d. hlutabrjef í Gránufjelagiuu; af þeim fáum vjer 8 af 100; peningar, sem standa í hákarlaskipum, gefa enn hærri vöxtu, og eru þeir þó eins vissir í ábyrgðarfjelagi Eyfirðinga, og þó veð í fasteign stæði fyrir þeim. Síldarveiðafjelög Norðmanna, þau er mjer er kunnugt um að landsmenn hafa gengið í, hafa gefið ágóða síðast liðið ár yfir 100 af 100, en það er auðvitað valtur ágóði, en fastur ágóði af þeim mun þó vera langt yfir 4 af hundraði. Enn fremur skal jeg nefna það atvik, að maður, sem hefur peninga í höndum, getur fengið fimmtungs eða fjórðungs afslátt, ef hann kaupir fyrir peninga út í hönd vörur í stórkaupum, sem nú er byrjað á í Gránufjelaginu; líkt er að segja um önnur kaupfjelög, er nú eru upp að spretta. Í öðru lagi skal jeg taka það fram, sem og er mjög athugavert, að það er optsinnis mjög torvelt að fá vöxtuna borgaða á rjettum tíma, og veldur því samgönguleysið, eins og allir geta sjeð; fyrir það utan, að eigi er næg nákvæmi í skilvísi manna enn hjer á

landi. En af vanskilunum leiðir eðlilega, að leiguna verður að setja talsvert hærri, með því að vextirnir eru gjald fyrir not og arðsemi peninganna og ábyrgðargjald fyrir skilríkri greiðslu. Sú spuring liggur og hjer fyrir: Er það rjett og sanngjarnt eða eðlilegt, að gefa frjálsan leiguburð af öllu peningaláni? eða þá að eins af lánum einstakra manna, en binda opinbert fje við einhverja hæstu leigu?

Jón Jónsson: Jeg er flutningsmanni mjög þakklátur fyrir frumvarp þetta, og er í öllum grundvallarreglum samdóma hinum beiðraða framsögumanni, en um það er jeg ekki flutningsmanni samdóma, að það þurfi að binda lán á opinberu fje við einhverja hæstu leigu. Alþingi hefur sjálft ráð yfir landsins fje, og þarf því ekki að setja lög um vexti af fje, sem lánað er úr landssjóði. Hvað viðvíkur öðrum stofnunum, er hafa almennings-fje til umráða, þá sje jeg ekki, að meiri ástæða sje til að hafa ákveðinn leiguburð á fje slíkra stofnana, en á fje einstakra manna. Sem stendur eiga sparisjóðir og margar aðrar slíkar stofnanir talsvert fje í dönskum ríkisskuldabrjefum og öðrum þess háttar verðskjölum, og alveg hin sama ástæða, sem er til að gjöra leiguburðinn frjálsan fyrir einstaka menn, verður að gjöra það æskilegt, að stofnanir þessar geti fengið svo háa vexti af fasteignarveðinu, að þeir verði eigi freistaðir til að verja fje sínu á annan hátt. Vjer fáum aldrei of mikið fje til að styðja með atvinnuvegi landsins. Í 2. gr. frumvarpsins stendur: «1. gr. í tilskipun 27. maí 1859 er hjer með úr lögum numin». Þetta er miður nákvæmt, því 1. grein er í raun og veru að nokkru leyti staðfest með frumvarpinu. Þar á móti er 3. gr. tilsk. 27. maí 1859 þess eðlis, að ef frumvarpið á að verða að lögum, þarf að nema hana úr gildi.

Jón Ólafsson: Á eins lítt yrktu landi og Ísland, þar sem hinn náttúrlegi rentufótur stendur yfir 4 pr. c., finnst mjer óeðlilegt að ákveða rentufót, sem stendur lægra en hinn náttúrlegi rentufótur. Annars eru lög vor um rentu gegn fasteignarveði mjög ósanngjörn, og freistingin til að brjóta þau svo stór, að enda ráðgjafinn fyrir Ísland hefur eigi komizt hjá að ganga allnærri ákvörðununum um okur; jeg skal geta þess til dæmis, að ráðgjafinn hefur lánað fje úr viðlagasjóði embættismanni á Sælandi upp á 4%, en tók fyrir fram alla leiguna fyrir árið, en embættismaðurinn afborgaði mánaðarlega af skuldinni, og borgaði embættismaðurinn þannig meira en 4%, þar sem hann einnig varð að borga 12 mánaða leigu af því, sem hann borgaði fyrsta, annan, þriðja mánuð ársins o. s. frv. sem afdrag af láninu. Mjer finnst það óheppilegt, að hafa þau lög, sem freista jafnvel landsstjórnarinnar, til að ganga þeim of nærri, eða jafnvel til að nálgast okur.

Halldór Kr. Friðriksson: Þegar frumvarp þetta kom fyrir þingið 1879, var jeg því mótmæltur, og hef sömu skoðun enn. Jeg vil reyndar halda því fram, að viðskipti manna á milli sjeu frjáls, en jeg ætla eigi, að nú sje hentugur tími til að koma með þessa breytingu, og legg það því til, að frumvarp þetta verði geymt, þangað til hið nýja lánsfjelag er komið á fót; af þeirri stofnun leiðir það og mjög eðlilega og verður að leiða, að leiguburðurinn verður frjáls. Það má vel bugsa það, að sá, sem annars kærir sig ekki um að lána peninga, gjöri það samt, þegar honum eru boðnir hærri vextir, og þegar leiguburðurinn er frjáls, eru mikil líkindi til, að margir, eða, ef til vill, allir segi upp lánum, og hvert eiga þá lántakendur að flýja? Það er fyrst, þegar lánsstofnun er komin á, að þeir hafa eitthvað að flýja til, og getur það því valdið vafningum og miklum örðugleikum, að gjöra þessa breytingu nú þegar. Tillaga mín er því sú, að fresta málinu.

Landshöfðingi: Jeg veit ekki, hvort jeg hef heyrt orð 2. þingmanns Suður-Múlasýslu rjett, en hafi mjer heyrzt rjett, sagði hann, að ráðgjafinn hefði tekið meira en 4 af hundraði í leigu af fje viðlagasjóðsins. En þetta er misskilningur. Þingmað-

urinn mun hafa haft í huga lán, sem veitt var embættismanni í hans kjördæmi (*Jón Ólafsson*: Jú!) upp á 4% árlega leigu og með árlegum afborgunum, sem þessi embættismaður skuldbatt sig til að láta halda eptir af embættislaunum sínum. Af reikningslegum ástæðum var hvert ár allt það, sem á þennan hátt hafði verið borgað, tekið til inntektar í viðlagasjóð landsins í einu við lok ársins, og sjóðnum reiknaðar 4% leigur af höfuðstólnum, en hitt, sem borgað hafði verið, tekið upp í höfuðstólinn.

Jón Ólafsson: Jeg er hinum háttvirta landshöfðingja þakklátur fyrir upplýsingarnar, en get þó ekki betur sjeð, en að ráðgjafinn hafi tekið meira en 4%, þar sem embættismaðurinn var krafinn 11 mánuðum fyrir fram um leiguna, sem hann varð að borga af öllu fjenu. Embættismanninn varðar ekki um, þó ráðgjafinn bröki 10—11 mánuði til að stinga peningunum úr einum vasanum í annan.

Með því fleiri tóku eigi til máls, ljet forseti ganga til atkvæða, og var málinu vísað til 2. umræðu með atkvæðafjölda.

ÖNNUR UMRÆÐA Í NEÐRI DEILD,
á 11. fundi, 15. dag júlímánaðar.

Flutningsmaður (*Arnljótur Ólafsson*): Jeg finn ekki ástæðu til að tala langt um þetta mál, þar eð engar mótbárur komu fram við 1. umræðu, nema gegn 2. gr., en þær mótbárur hverfa, ef 2. gr. er felld. Það er reyndar opt tekið fram í lögum, hver eldri lög sjeu af numin með þeim lögum; en þetta er ónauðsynlegt. Allir lögfróðir menn vita, að öll hin eldri lög, sem ekki geta samrýmzt hinum nýju lögum, eru úr gildi felld. Þetta er þó stundum tekið fram til skýringar og skilningsauka, en það er optast óþarft.

Landshöfðinginn: Jeg óska einungis að láta í ljósi, að jeg er frumvarpi þessu meðmæltur. Jeg álít það haganlegt bæði fyrir lánendur og lántakendur. Í tilliti til orða flutningsmanns um 2 gr. vil jeg leyfa mjer að geta þess, að ef henni er haldið, þá er nauðsynlegt að bæta inn í: «1. gr. og 3. gr. tilsk. 27. maí 1859» o. s frv., því 3. gr. tjeðrar tilskipunar á við okur og það getur ekki átt sjer stað eptir þessu frumvarpi.

Jón Jónsson: Jeg vildi leyfa mjer að skjóta því til flutningsmanns, ef það verður samþykkt, að fella 2. gr., hvort þá væri ekki betra að bæta við fyrstu grein þeim orðum: «þó tryggt sje með fasteignarfje», svo að það verði ljóst, að tilgangurinn með lagaboðið er, að útvíkka það frelsi, sem þegar hefur fengizt með 1. grein tilsk. 27. maí 1859.

Með því ekki tóku fleiri til máls, ljet forseti greiða atkvæði um einstakar greinar frumvarpsins, og var:

1. gr. samþykkt með 17 atkvæðum
2. gr. —»— — 16 —»—

Að frumvarpið gengi til 3. umræðu, samþykkt með 18 atkvæðum.

ÞRIÐJA UMRÆÐA Í NEÐRI DEILD,
á 13. fundi, 18. dag júlímánaðar.

Breytingartillaga
við frumvarp til laga um leiguburð af peningaláni.

Frá 1. þingmanni Eyfirðinga, 1. þingmanni og 2. þingmanni Suður-Múlasýslu, 1. þingmanni Norður-Múlasýslu, 2. þingmanni Skagfirðinga og þingmanni Borgfirðinga.

2. gr. Fyrir: «1. grein» komi: «1. og 3. grein».

Flutningsmaður (*Arnljótur Ólafsson*): Jeg finn enga ástæðu til að fara mörgum orðum um málið, þar sem deildin hefur tekið því vel til þessa, og að eins ein breytingartillaga er komin fram, sem og er að eins 2. gr. frumvarpsins til skýringar, nefnilega að í staðinn fyrir: «1. grein» komi: «1. og 3. grein».

Tryggvi Gunnarsson: Mjer gafst eigi

við 2. umræðu færi á, að svara þingmanni Reykvíkinga fám orðum; sem jeg þó hafði ætlað mjer. Þingmaðurinn tók þá nefnilega fram, að honum virtist eigi allsendis ráðlegt, að það yrðu lög, sem frumvarp þetta fer fram á, fyr en vjer hefðum fengið á fót lánsstofnun í landinu. Þetta held jeg að eigi sje rjett á litið; jeg álít, að frumvörpin ættu einmitt að fylgjast að, og jafnvel að frumvarp þetta ætti að vera gjört að lögum, áður en lánsstofnunin kæmist á; að minnsta kosti væri það stór hagur fyrir lánsstofnunina, þar sem rentufóturinn er nú 4% móti jarðarveði eptir gildandi lögum, en lánsstofnunin verður líklega að taka 4½%, sem þá mundi leiða til þess, að minni aðsókn yrði að henni. Aptur er það mjög nauðsynlegt, að fá staðfest lög um lánsstofnunina, til þess að fyrirbyggja okur, sem menn hafa látið í ljósi að þeir óttuðust fyrir. Það er auðvitað, að enginn gæti þá lánað fyrir hærri leigu en 4½ eða 5 af hundraði, eða líka leigu og lánsstofnunin tekur, því að hjá henni er langtum ljettari borgunarmáti en hjá einstökum mönnum. Mjer virðist því, að lögin sjeu ómissandi hvor með öðrum, og þau styðja hvor önnur.

Halldór Friðriksson: Jeg ætla litla þörf á, að ræða þetta mál að sinni; en jeg verð að benda 1. þingmanni Suður-Múlasýslu á, að lánsstofnunin er ekki komin á, og að vjer vitum ekki, hvernig það mál fer fyrir þinginu. Jeg ætla og enga hættu í biðinni, þó við látum oss hægt, og sjáum fyrst, hversu lánsstofnuninni verður fyrir komið. Jeg vona, að hinn háttvirti þingmaður sjái, að það, sem fyrst liggur fyrir, er það, að flestir muni segja upp lánum, og segja lántakendum að fara í lánsstofnunina, en hvert eiga þá þessir menn að fara, ef lánsstofnunin er ekki til? Jeg álít enga hættu í því, að málið bíði, þó það ætti að vera 2 ár.

Flutningsmaður: Jeg held, að í raun rjettri sje enginn ágreiningur milli þeirra tveggja þingmanna, sem talað hafa nú seinast. Mjer heyrist báðir játa, að málin sjeu mjög skyld, og jafnnauðsynlegt að greiða götu þeirra beggja; mjer finnst þá munurinn einungis sá, að þingmaður Reykvíkinga vill binkra við, þangað til lánsfjelagið er á komið, en 1. þingmaður Suður-Múlasýslu vill, að málin verði samfara. En jeg vona, að þingmaður Reykvíkinga sjái, að það frumvarp, sem hjer ræðir um, verði eptir eðli sínu að vera komið á undan, þar sem það er upphafið, grundvöllurinn; það er upphaf, sem lánsstofnunin er eðlilegt áframhald af; það er sá grundvöllur, sem lánsstofnunin verður að byggja á, því að frjáls leiguburður er skilyrði fyrir því, að lánsstofnun geti þróazt. Jeg skal útlista þetta betur. Þegar lánsstofnunin er á komin, leiðir þar af, að einmitt þá þurfum vjer að eignast banka til þess að kaupa skuldabrjef lánsstofnunarinnar fyrir peninga, því að með tómum skuldabrjefum, 50 eða 100 kr. háum, getum vjer ekki borgað allt, sem vjer þurfum. Menn láta sjer ekki nægja, að sagt sje við þá: Heyrið þið, góðir hálsar! Þið getið fengið pappírsörk í skuldabrjefum, en ef þið viljið fá peninga, verðið þjer að selja yður í hendur á útlendum peningamönnum. Ef vjer viljum fá peninga, þá er til eru í vösum og á kistubotnum landsmanna, til að koma á kreik, verðum vjer fyrst af öllu að gjöra leiguburðinn frjálsan.

Með því að fleiri tóku eigi til máls, var gengið til atkvæða, og var:

Breytingartillaga hinna 6 þingmanna samþykkt með 21 atkvæði.

Frumvarpið í heild sinni með áorðinni breytingu var sömuleiðis samþykkt með 21 atkvæði.

Kvaðst forseti þá mundu senda frumvarpið forseta efri deildar með tilmælum um, að leggja það fyrir þá deild.

FYRSTA UMRÆÐA Í EFRI DEILD,
á 14. fundi, 21. dag júlímánaðar.

Frumvarpið, eins og það var samþykkt við 3. umræðu í neðri deild, sjá I, 159.

Þar eð enginn tók til máls, bar forseti upp til atkvæða, hvort málinu skyldi vísa til annarar umræðu, og var það samþykkt með 8 atkvæðum.

ÖNNUR UMRÆÐA Í EFRI DEILD,
á 16. fundi, 23. dag júlímánaðar.

Enginn tók til máls, og bar því forseti hinar einstöku greinar frumvarpsins undir atkvæði, og var þá:

1. grein frumvarpsins felld með 7 atkvæðum gegn 4.
2. grein frumvarpsins felld með 7 atkvæðum gegn 4.

Frumvarpið var þar með f a l l i ð.

XXXVII.

Ný læknishjeruð.

A.

Frumvarp til laga um nýtt læknishjerað (í Dalasýslu). (Breyting á lögum um aðra skipun á læknishjeruðum, dagsettum 15. okt. 1875). Frá þingmanni Dalamanna. Frumvarpið er prentað í fyrri parti alþingistíðindanna, bls. 40.

FYRSTA UMRÆÐA Í NEÐRI DEILD,
á 9. fundi, 13. dag júlímánaðar.

Flutningsmaður (Guðmundur Einarsson): Hinum eldri þingmönnum mun vera knnnugt um frumvarp þetta, sem jeg hef tekið að mjer eptir áskorun Dalamanna og samkvæmt sannfæringu sjálfs mín um, hver nauðsyn sje á, að læknishjerað verði stofnað í Dalasýslu. Atburðir þeir, sem komu fyrir næstliðinn vetur, eru ljósastur vottur um nauðsyn þess. Jafnvel þótt læknirinn í Stykkishólmi sje hinn ötulasti, eins og allir játa að sá læknir sje, er nú er þar, þá er leiðin svo löng, t. d. frá Öndverðarnesi og að Kleifum, og frá Hítará til Hergilseyjar, auk allra þeirra torfærna á sjó og landi, sem á leiðinni geta orðið, að engum mannlegum mætti er unnt að gegna, svo vel sje, svo víðáttumiklu læknishjeraði, að ekki er unnt að þjóna svo vel fari. Jeg veit, að af þessu mundi leiða nokkurn óbeinlínis fjármissi fyrir landssjóð, en eins og nú stendur á, þyrfti engan beinlínis fjármissi að leiða af því, þótt nú væri stofnað læknishjerað í Dalasýslu, ef farið væri að, eins og tekið er fram í ástæðunum fyrir frumvarpinu, nefnilega að sameina Dalasýslu og Strandasýslu, enda væri það og vel tilvinnandi, að leggja nokkrar krónur til viðbótar, ef á þyrfti að halda.

Eins og það er sem sje álitin heilög skylda fyrir húsföðurinn, að bæta eptir fremsta megni úr heilsubresti heimilisfólks síns, eins má álíta það helga skyldu fyrir alþingi og stjórn, að byrgja sýslur landsins svo að læknum, að mönnum geti gefizt tilhlýðilegur kostur á að leita þeirra í sjúkdómum sínum, þegar stundum líf eða heilsa er í veði. En eins og hjer stendur á, er opt og mörgum sinnum ómögulegt að ná í lækni í tíma, t. d. þegar einhver bráðlega þarf læknishjálpar við í Dalasýslu, en læknirinn er þá hjá öðrum sjúklingi vestur undir Jökli. Jeg vona því, að hin

heiðraða deild sinni þessu máli og lofi því að ganga til 2. umræðu, en álít, að ekki þurfi að setja nefnd í málið.

Jón Ólafsson: Mjer þykir mjög leitt, að þurfa að mæla á móti þessu frumvarpi. Jeg álít, að kostnaðurinn, sem af því leiddi, mundi verða ekki óbeinlínis, heldur beinlínis, enda kemur það ekkert þessu máli við, þótt sýslurnar yrðu sameinaðar. En þó að það ætti að gjöra, þá ímynda jeg mjer, að það sje orðið of seint, að fá þær sameinaðar í þetta sinn. En það er ekki einungis kostnaðurinn eða peningarnir, sem koma mjer til að mæla á móti þessu, heldur og það, að mörg læknishjeruð eru enn óskipuð, og meðan ekki fást læknar í þau, finnst mjer ekki ástæða til að stofnsetja ný læknishjeruð. Það eru líka sum hjeruð, þar sem enn meiri þörf er á læknum, t. d. í Austur-Skaptafellssýslu. Ef ný læknahjeruð yrðu stofnsett, mundu menn heldur sækja um hin ljettari hjeruð, en hin örðugri yrðu þá enn óskipuð. Jeg verð að verða mótfallinn 2. umræðu, en skal að öðru leyti ekki fjölyrða meira um þetta mál.

Flutningsmaður: Það er mjög lítilfjörleg mótbára, sem hinn háttvirti þingmaður Suður-Múlasýslu kom með, sú, að nokkur læknishjeruð væru enn nú læknalaus eða óskipuð, og meiri nauðsyn á læknum fyrir austan. Hvorugt af þessu minnkar nauðsynina í Dalasýslu; þar að auki eru nú svo margir, sem stunda læknisfræði, og 2 nýútskrifaðir af læknaskólanum, að þess mun ekki lengi að bíða, að öll læknahjeruð verði læknum skipuð. Jeg verð annars að fallast á uppástungu 2. þingmanns Skagfirðinga um nefnd í málið, og jafnframt ítreka, að hún verði sett.

Jón Jónsson hafði stungið upp á því, að setja nefnd í málið og ljet forseti þá greiða atkvæði um þá uppástungu; en hún var felld, og var því umræðunum haldið áfram.

Egill Egilsson: Þar eð nefnd hefur verið felld í þessu máli, þá eru það þau einu úrræði, að biðja um, að það fái að ganga til 2. umræðu. Jeg verð að segja það um mig, að jeg er meðmæltur frumvarpi þessu, eins og jeg er meðmæltur öllum frumvörpum, sem fara fram á að fjölga læknum, því að jeg finn til nauðsynjar þeirrar, sem á því er.

Það er annars undarlegt og eptirtektavert, hvernig alþingi tekur í sum mál, t. d. að fjölga læknum, því svo má segja, að báðar deildir þingsins sjeu jafnan móti læknafjölgun, en ef frumvörp um að fjölga kennurum á prestaskólanum, og þeim með háum launum, kæmu fram, mundu þau fá beztu undirtektir. Sjerstaklega verð jeg og að mæla með frumvarpi þessu, þar sem það er svo einstaklegt í sinni röð, og bendir á, hvern veg auðið sje, að stofna þetta nýja læknishjerað, án þess að það þurfi að kosta landið eða landssjóð einn einasta eyri. Með því þessu frumvarpi er þannig háttað, verð jeg að vera því sjerstaklega hlynntur.

Varaforseti: Jeg hef áður á þingum verið opt á móti stofnun nýrra læknishjeraða, einkum af þeim ástæðum, að mörg læknisumdæmi hafa verið óskipuð læknum, og læknalögin þá ung. En nú er þessu öðruvísi varið, því að flest læknisumdæmi eru skipuð, og vou er á nógum læknum, en læknalögin aptur orðin nógu gömul til þess, að sjeð verði, hvort ástæða sje til, að breyta þeim. Það mælir með frumvarpinu, að læknishjerað það, sem hjer ræðir um, er all-mannmargt og sjávarpláss og víðlent mjög, svo að því meiri er læknisþörfin. Þar sem hinn heiðraði þingmaður Mýramanna gat um fjölgun kennara við prestaskólann, þá man jeg ekki til, að þeim hafi nýlega verið fjölgað. Allir, sem þekkja til, verða að játa það, að rjett væri að sameina Strandasýslu og Dalasýslu, og að minnsta kosti mun meiri óþarfi, að hafa sjerstakan sýslumann í Dalasýslu, en sjerstakan lækni. Jeg verð því að lýsa því yfir, að jeg er hlynntur frumvarpi þessu.

Eiríkur Kúld: Ef hinn heiðraði 2. þingmaður Suður-Múlasýslu væri jafnkunnugur fyrir vestan, sem hann er fyrir austan,

an, hygg jeg, að honum mundi eigi blandast hugur um, að mæla með frumvarpi þessu og styrkja það, í stað þess að nú vill hann fella það. Það þarf eigi annað en líta á uppdrátt Íslands og gæta að vegalengdinni, torfærum og víðlendi þessa umdæmis, t. a. m. frá Öndverðarnesi og það suður eptir, svo langt sem Hítará ræður, inn alla Skógarströnd og inn í Dali, og síðan inn fyrir Gilsfjarðarbotn, yfir Skarðsströnd og Fellsströnd, að viðbættum öllum Vestureyjum. Þótt læknirinn í Stykkishólmi sje með rjettu talinn einhver hinn árvakrasti og ötulasti læknir á landinu, þá er þessi vegalengd svo mikil, að ef hann er á öðrum enda læknishjeraðsins og er þá sóttur til bins, þá er það full vikuferð áfram, og jeg vona, að hinir heiðruðu þingmenn játi það með mjer, að sú hjálp, sem svo seint kemur, þegar svo á stendur, sem opt ber við, að fljótra aðgjörða við þarf, er opt sama sem engin hjálp. Læknisskortur sá, sem verið hefur fyrir vestan, einkum í Dalasýslu, hefur leitt til þess, að risið hafa þar upp skottulæknar, og að einum manni þar var nýlega veitt lækningaleyfi; en það er aptur eptirtektavert, að síðan hefur líka einmitt aukizt aðsókn þaðan að hjeraðslækninum, og sýnir það bezt læknisþörfina, og þá þörf, að minnka Stykkishólms-læknisumdæmið. Jeg er því málinu mjög hlynntur og vil gefa mín beztu meðmæli með frumvarpi þessu.

Holgeir Clausen: Jeg skal að eins tala fáein orð, og geta þess, að mjer finnst geta verið ástæða til að fjölga læknum í Dalasýslu; því skal jeg ekki neita, en þar á móti finnst mjer ekki ástæða til að fjölga læknisembættum af þeirri orsök, að hjer sjeu tveir kandidatar til útskrifaðir af læknaskólanum; mjer finnst engin ástæða til að stofna embætti handa þeim. En það er aðgætandi, að þar sem skottulæknar, bæði *homöopathar* og *allopathar* hafa leyfi til að praktisera, þarf Dalasýsla ekki að verða í neinum vandræðum, því að hún hefur sjera Jakob, sem hefur «*jus practicandi*», svo þar þarf ekki að fjölga læknum.

Jón Ólafsson: Jeg vildi að eins með fáum orðum svara þingmanni Barðstrendinga, þar er hann sagði, að ekki þyrfti annað en að líta á landabrjefið til að sjá, að einn læknir gæti eigi komið að verulegum notum í Dalasýslu. Jeg get fullvissað hann um, að meira þarf til en að líta á landabrjef, til að sjá þær torfærur, eins og þær virkilega eru, sem á eru ferðalagi um Skaptafellssýslu. Það mun sannast bæði á því umdæmi og þessu fyrirhugaða umdæmi fyrir vestan, að betra er að ferðast um landið, en að blína á landkortið, til að læra að þekkja torfærurnar, og jeg held því fram, að meiri þörf sje að fá fyrst lækni í Skaptafellssýslu. Enda verður eigi annað sagt, en að þinginu hefði verið mislagðar hendur 1875, þegar læknahjeraðið í Skaptafellssýslu var stofnað, hefði það þá gengið fram hjá, að stofna læknishjerað, sem nauðsynlegra var en í Skaptafellssýslu. Það hefur verið tekið fram, að í Dalasýslu sje skottulæknar og aðstoðarlæknir, en því máli er eigi að gegna um Skaptafellssýslu; þar eiga menn ekki völ á þvílíku sælgæti; þar er að minnsta kosti enginn aðstoðarlæknir, og jeg held, að þar sjeu jafnvel engir skottulæknar. Þingmaður Barðstrendinga tók það fram, að í Dalasýslu fengist ekki læknisbjálp á stundum á minna en vikufresti, en jeg er viss um, að í Skaptafellssýslu getur opt gengið til þess mánuður, og stundum ef til vill verið alveg ómögulegt; þar mega menn optast sætta sig við að deyja drottni sínum án læknisaðstoðar.

Flutningsmaður: Þingmaður Snæfellinga sagði, að það væri óþarfi, að stofna læknisembætti handa kandídötum, þótt þeir væru til. Þessi hans orð hygg jeg vera sprottin af einhverjum misskilningi hjá þingmanninum. Það er eigi beðið um læknishjerað í Dalasýslu sökum þess, að nú eru 2 útlærðir kandídatar í læknisfræði til, held-

ur vegna þess, að þar er hin mesta þörf á að læknir sje. En hvað því viðvíkur, að í Dalasýslu sje aðstoðarlæknir, þá held jeg megi segja um það, að það sje »meira í orði en á borði«. Aðstoðarlæknir sá, sem þar er, og maður sá, sem leitað er til, eru hvorugur mikið lagnir til handlækninga, nema annar þeirra til að sitja yfir konum. Jeg vonast því eptir, að hin háttvirta deild verði þessu velferðarmáli hlynnt, og meti meira líf og heilsu manna en nokkrar krónur úr landssjóði.

Olafur Pálsson: Læknir okkar í Skaptafellsýslu býr hjer um bil nú sem stendur í miðri sýslu, og er að því leyti vel settur, á meðan hann þjónar báðum Skuptafellssýslum, en þó er honum ómögulegt að gegna embættinu svo, að að viðunanlegum notum komi, þar eð hann situr milli tveggja sanda og vatna, sem opt eru ill yfirferðar. Yfir höfuð að tala er jeg því meðmæltur, að fjölga læknum, en meðan læknislaust er í Skaptafellssýslu, verð jeg að vera móti því. Allir bljóta að sjá, hvílíkir erfiðleikar eru á, að ná í lækni í Skaptafellssýslu, þar sem er meira en þriggja vikna ferð frá Sólheimum austur að Horni, þó allt gangi vel.

Með því fleiri tóku eigi til máls, ljet forseti greiða atkvæði um það, hvort málið skyldi ganga til 2. umræðu, en þess var synjað með 12 atkvæðum gegn 9.

B.

Frumvarp til laga um nýtt læknishjerað (í Barðarstrandarsýslu). Frá þingmanni Barðstrendinga. Frumvarpið er prentað í fyrri parti alþingistíðindanna, bls. 50.

FYRSTA UMRÆÐA Í NEÐRI DEILD,
á 16. fundi, 20. dag júlímán.

Flutningsmaður (Eiríkur Kúld): Jeg skal ekki vera langorður um þetta frumvarp, því jeg þykist sjá fyrir forlög þess, þar frumvarpið um læknishjerað í Dalasýslu ekki náði fram að ganga. Það er full þörf á þessu læknishjeraði, því menn eiga að sækja 6 vikur sjávar, og á vetrum opt fullt af ís, svo menn ekki komast í Stykkishólm, og þurfa jafnan til þess að fá stórt skip með 8 mönnum, svo hver ferð mun kosta hjer um bil 60 kr., og er slíkt ekki fyrir fátæka. Þar við bætist og, að þegar menn koma þangað, þá eiga menn engan veginn víst að hitta lækninn, því læknisumdæmi hans er svo stórt, og hann getur verið innst inn í Dalasýslu eða út undir Jökli, svo sjúklingur, sem vel hefði mátt bjarga með læknishjálp, getur verið dáinn þegar læknirinn loks kemur. Þetta umdæmi yrði heldur ekki fámennara en Vestmannaeyjar, heldur fjölmennara, og þó það nú hefði verið fámennara, þá er líf þeirra fáu eins dýrmætt og þótt fleiri væru. Jeg ætla þó ekki að taka frumvarpið aptur, en láta það ganga til úrslita.

Holgeir Clausen: Enn þá á að fara að búa til læknisbjerað handa þessum tveim kandídötum, sem nú eru lausir. Jeg veit það, að ef læknishjerað yrði stofnað í Flatey, þá yrði hjer um hil eins gott að hafa það í Reykjavík, því það er ekkert betra að sækja lækni í Flatey, en í Stykkishólm, og betra að hafa hann í landi en úti á eyjunum. Eptir því sem jeg veit til, voru þar líka allir vel frískir og við góða heilsu, þegar jeg fór, og hinn háttvirti flutningsmaður hefur búið þar í mörg ár, og aldrei orðið að meini, heldur haft heztu heilsu. Það er engin ástæða til, að stofna þar nýtt læknishjerað, meðan við höfum eins duglegan lækni í Stykkishólmi.

Síðan var gengið til atkvæða, og var málið fellt með 12 atkvæðum móti 7.

XXXVIII.

Aðflutningsgjald af kaffi o. fl.

A.

Frumvarp til laga um aðflutningsgjald á kaffi, kaffibæti, sykri og sírópi. Frá 1. þingmanni Eyfirðinga og 2. þingmanni Norður-Múlasýslu. Frumvarpið er prentað í fyrri parti alþingistíðindanna, bls. 79—80.

FYRSTA UMRÆÐA Í NEÐRI DEILD, á 13. fundi, 18. dag júlímánaðar.

Flutningsmaður (*Arnljótur Ólafsson*): Jeg stend skelfdur upp, þegar jeg á að halda vörn uppi fyrir þessu frumvarpi. Jeg geng að því vísu, að vörn mín verði ekki áheyrileg hjá hinni málsnjöllu, ágætu vörn, er nú heyrðum vjer. Það er munur á flutningsmönnum, og munur á málefnum. Þetta frumvarp fer fram á álögur og skatta, allt verður að telja hjer í tölum; þetta er alveg líkamlegt efni, og það ef til vill svo, að menn fer að langa svo í kaffi og sykur, að þeir vilja engar tölur heyra. En jeg verð að tala og biðja menn um þolinmæði til að hlýða, þótt málefnið sje eigi skáldlegt. Þetta frumvarp stendur í því sambandi við frumvarp það, er hjer kemur á eptir, að þau verða að fylgjast, og hefði jeg öllu heldur óskað, að hitt málið, um afnám ábúðarskattsins og niðurfærslu lausafjárskattsins, hefði verið rætt fyr, enda hafði jeg beðið forseta, að setja það fyr á dagskrána, en það hefur gleymzt. Ástæðurnar fyrir þessu frumvarpi eru fólgnar í hinu frumvarpinu, þar sem farið er fram á, að færa niður skattana og breyta þeim í tolla þá, sem hjer ræðir um. Ef mjer væri það leyfilegt, vildi jeg geta þess, hvers vegna jeg hef stungið upp á, að færa niður lausafjárskattinn og af nema landeignarskattinn, en leggja aptur toll á kaffi og sykur, og gjöra þannig grein fyrir báðum frumvörpunum í einu. Mönnum mun það ljóst, að þegar ræða er um skatta, tolla, um álögur, þá eru það byrðar, sem flestir eru ófúsir á að bera. Þegar nú ljett er á byrðinni á landbúnaðinum og tollur aptur lagður á kaffi og sykur, þá segja kaffimennirnir: «Nei, þetta vil jeg ekki». En aptur verða sveitamennirnir fegnir, og eru fúsir á að varpa af sjer þunganum. En þetta er ekki *ástæðan* hjá mjer, að vilja gjöra sumum til geðs, en öðrum til ógeðs. Ástæða mín er einungis rjettvísi, jöfnuður eða jafnþyngd í álögunum, eða með öðrum orðum, að skattarnir komi sem jafnast niður. Lausafjár- og ábúðarskatturinn er ójafnaðarskattur í samanburði við aðra skatta hjer, þess vegna ber að koma jöfnuði á. Í einu orði: rjettvísi og rjettsýni í álögum er sú skylda, er hlýtur að vera *nauðsynlegt* skilyrði þess, að menn beri fúslega byrðina hver með öðrum. Ef órjettsýni er í álögunum, þá er það skyldan ein — ekki bróðurleg hvöt — sem þvingar menn til að bera þær.

Jeg skal nú leyfa mjer að leiða rök að frumvarpinu, og þá fyrst geta þess, að það er sjáanlegur mismunur á öllum öðrum sköttum og þessum tvöfalda skatti, ábúðar- og lausafjárskatti. Í 2. gr. fjárlagafrumvarpsins er skattur þessi talinn 50,000 kr. hvort árið, eða 100,000 kr. bæði árin; en allir hinir skattarnir, það er: búsaskattur, tekjuskattur af eign og atvinnu, eru samtals 31,000 kr. bæði árin. Gætum að þessu enn betur. Ábúðarskatturinn liggur á lausafje og atvinnu ábúandans, því hjer er um tvöfaldan skatt að ræða. Það hefur stjórnin játað í frumvarpi sínu, er hún lagði fram á alþingi 1877; það hafa menn og almennt játað. Á lausafjenu liggur þá meir en þrefaldur skattur í samanburði við alla aðra eign og atvinnu í landinu, og þó er lausafjáreignin eigi nema liðlega þriðjungur af allri annari eign í landinu, og það eptir fullhörðum reikningi á kvikfjenaði. Getur mönnum nú blandazt hugur um, að hjer sje ójöfnuður? (*Halldór Friðriksson*: Já). Nei.

Lausafjárskatturinn er þrefaldur, hann er í raun rjettri *sexfaldur* á við aðra skatta í landinu.

En þetta er þó einungis upphafið á ójöfnuðinum. En meiri ójöfnuður er hjer til staðar, því hann er eigi fólginn í einum saman gjöldunum til landssjóðs, heldur og í greiðslum til sveitamála og hjeraðastjórnar. Jeg skal nú taka til fjögur þess konar gjöld: 1. búnaðarskólagjaldið, 2. jafnaðarsjóðsgjaldið, 3. sýslusjóðsgjaldið, og 4. sýsluvegagjaldið. Eptir síðustu skýrslú í Stjórnartíðindunum var búnaðarskólagjaldið 2709 kr. Gjald þetta er að vísu landeignarskattur í rauninni, þótt ábúandi eigi að greiða það af hendi, en nú er það lag á komið, að leiguliðarnir greiða það víðast hvar án endurgjalds frá landeigendum. Jafnaðarsjóðsgjaldið, 7,938 kr. að upphæð, liggur alveg á lausafje. Sýslusjóðsgjaldið var árin 1876—78, það er að skilja árið 1876 í vesturumdæminu 1297 kr., árið 1877 suðurumdæminu 2171 kr., og árið 1878 í norður- og austurumdæminu 2153, eða samtals 5,621 kr. Gjald þetta er lagt á samanlagða hundraðatölu jarða og lausafjár, og er því í raun rjettri ábúðar- og lausafjárskattur. Þótt nú gjald þetta sje eigi greitt beinlínis af ábúð og lausafje, heldur af hreppssjóðum, þá er hitt víst, að því er jafnað niður á hreppana eptir hundraðatölu jarða og lausafjár, og kemur því niður á hvern hrepp í landinu sem skattur á jarðar- og lausafjárhundruðum. *Sýsluvegagjaldið* var 14,351 kr. árið 1878. Gjald þetta er atvinnugjald, og er byggt á tölu verkfærra manna, sem kunnugt er; hreppsnefndirnar jafna gjaldi þessu niður, en hinir verkfæru menn gjalda það þó ekki, heldur húsbændurnir. Mun kaupgjaldið nú minnka sakir gjalds þessa? Nei! Reynslan sýnir, að það hefur stigið, síðan sýsluvegagjaldið var lagt á.

Drögum nú saman öll þessi gjöld, og þá sýnir það sig, að á lausafjenu liggja, auk 50,000 kr. í landssjóð, yfir 30,000 kr. eða 30,620 kr. í hjeraðsgjöld, en það er álíka mikið og borgað er á öllu landinu í tekju- og húsaskatt.

Jeg ætla ekki að þreyta hina heiðuðu þingmenn á fleiri tölum, en jeg vona þeir gjöri svo vel, að kynna sjer þessar tölur, áður en þeir fella frumvarpið.

Nú kem jeg að frumvarpi því, er hjer liggur frammi fyrir oss. Í því er farið fram á, að greiða skuli 3 aura aðflutningstoll af hverju pundi kaffis og kaffibætis, og 2 aura toll af hverju sykur- og sírópspundi. Tollur þessi er nú sjálfsagt ný álaga. Hvort sem menn segja með sönnu, að kaupmenn tvíbæti þessum aurum við á kaffi- og sykurpundið eða ekki, þá tel jeg hitt víst, að tollurinn sje ný álaga á landsmenn. Svo mikið finnst mjer ljóst, að það sje eigi sjálfsagt, að kaupmenn tvöfaldi tollinn, að þeir vilji það, að þeir geti það; að minnsta kosti fæ jeg eigi sjeð nokkra nægilega ástæðu til þess, að þeir gjöri það. Tollinn gjalda þeir ekki fyr, en hingað er komið, og ekki ávallt í peningum; þeir munu einnig geta fengið leyfi til að greiða hann með ávísun eða víxli á verzlunarhús í Kaupmannahöfn, því kaupmenn munu flestir vera svo, að þeir hafi lánstraust hjá landssjóði. Nú er annaðhvort, að kaupmaðurinn leggur tollinn tvöfaldan á viðskiptamenn sína hjer, eða þá að eins einfaldan, því jeg get í vonirnar um það, að þeir gefi eigi tollinn. Tvöfaldi þeir tollinn, þá geta kaupmenn eigi verið á móti frumvarpinu, og þá mun málinu borgið. Jeg vil því ekki spilla fyrir mjer við þá þingmenn hjer, sem jeg gæti áunnið mjer hjá atkvæði fyrir frumvarpinu.

En nú kemur sú spurning: Úr því nú landsmenn hljóta að lúka sjálfir tollinn af efnum sínum og atvinnu- arði, er þá nokkuð unnið við það, að afnema ábúðarskattinn og færa niður lausafjárskattinn, og leggja jafnmikið í toll á kaffi og sykur? Er annað unnið, en að taka úr einum vasanum og láta í hinn? Já segi jeg. Afleiðingarnar eru þær af hverri álögu, að það hækkar kostnaður sjerhverrar vöru þeirrar, er álagan liggur á. Oss

kostar meira að afla okkur kjötpundsins, ullarpundsins o. s. frv., þegar skatturinn liggur á lausafjenu, en ef hann eigi væri. Nú sem tilkostnaður vöru vex, er tvennt til: annaðhvort hækkar varan að verði, eða hún stendur í stað; standi varan í stað, til dæmis kjöt, smjör, þá verður ágóði aflandans minni, því að skatturinn leggst á vöruna sem sjerhver öflunarkostnaður. En ef varan stígur, þá er það vottur þess, að aflandinn hefur getað velt skattinum yfir á kaupandann. Sama lögmál gildir að sínu leyti við afnám og niðurfærslu skatta, eins og hjer drap jeg á um álagning skatta eða tolla.

Er þá rjett að breyta, fyrst landsmenn, kaffidrykkjar og sikurjetar, munu verða að borga tollinn? Er rjett að hækka þessa vöru að verði, en jafnframt lækka smjör og kjöt, fisk og lýsi? Jeg spyr þessa enn og svara já að nýju. Það er betra að kaffið sje dýrara, en að kostnaðurinn til sjávarútvegsins og landbúnaðarins sje svona hár, og þessir tveir aðalatvinnuvegir landsins því svo arðlitlir. Það er betra, að kaffið sje dýr vara, en að arðurinn sje svo lítill af ánni, kúnni, bátnum, netinu. Vjer eigum að hvetja menn til vinnu og framkvæmda, og það gjörum vjer með því að ljetta sköttunum á atvinnunni, eða með því að gjöra atvinnuna arðsama. En vjer eigum alls ekki að gylla menn til að vera kaffibambarar. Afleiðingin af tollinum mun verða einungis sú, að minna yrði keypt af kaffinu, eins og nú er orðið með vínföngin. Setjum, að tollurinn sje þrír aurar. Maður segir við sjálfan sig: Jeg get keypt 3 hundruðustu minna af kaffi og 2 hundruðustu minna af sykri, og fæ nóg samt. En afleiðingarnar af því, að leggja um 3 hundruðustu hærri skatt á lausafje og ábúð, verða þær, að landbúnaðinum fer mjög svo stuttum og hægum fetum áfram, ef honum fer ekki hnignandi. Það er ekki ófyrirsynju, að þjóðin kvartar undan vaxandi álögum. Allar þær fjórar álögur, er jeg áður nefndi, eru nýir skattar í rauninni, að minnsta kosti eru þeir allir á lagðir á þessari öld. Og svo ólukku hreppstjóra-innstrúxið! Síðan má telja svo, sem fátækra-útsvörin sjeu orðin ferföld eða enda áttföld við það, er þau áður voru. Það er því ekki kvartað ófyrirsynju. Nú vill þjóðin manna sig upp, og koma á búnaðarskólum víðs vegar um land. Hin heiðruðu nefnd, sem sett var til að íhuga málið, og aðrir þingmenn munu sjá, að búnaðarskólarnir geta ekki borið sig, nema nýtt gjald sje lagt á jarðirnar. En hvort mun það ekki of mikið, að bæta hundrað ofan á hundrað og þúsund ofan á þúsund, ef ekkert á að minnka, gjöld og skatta á búandi mönnum? Það ætla jeg, en hitt tel jeg engan skaða, þótt kaffidrykkjur minnki.

Þorsteinn Thorsteinson: Hinn háttvirti flutningsmaður tók hjer raunar bæði frumvörpin í einu númeri, bæði frumvarp það, sem hjer liggur fyrst fyrir eptir dagskrá, og svo frumvarp til laga um afnám á ábúðarskatti. Jeg vil sjerstaklega gjöra grein fyrir, hvers vegna jeg verð á móti þessu frumvarpi. Jeg álít nefnilega, að það sje mjög óheppilegt í sömu andránni, svo að segja, að af nema skatt, sem ekki er óvinsæll og ekki mjög þungbær, og leggja á toll, sem mundi verða mjög óvinsæll hjer á landi. Mjer er og óhætt að segja, að þessi tollur, sem hjer ræðir um, mundi koma mjög misjafnt niður eptir efnum manna, og yrði því í sjálfu sjer ranglátur. Með honum er nefnilega tekið frá þeim fátæku, til að gefa þeim ríku. Framsögumaður nefndi einnig, að tekjur kaupmanna mundu og aukast við þessa breytingu, svo tollurinn mætti vera vinsæll hjá þeim. Það hefur þó víst ekki verið meiningin, enda mundi gjaldið með því móti verða meira, en frumvarpið gjörir ráð fyrir. Nú kemur það og til greina, að kaffi má heita nauðsynjavara, einkum fyrir fátæklinga við sjávarsíðuna. Enn fremur finnst mjer kaupmönnum sýnt með frumvarpi þessu of mikið traust; samt dettur mjer ekki í hug, að drótta því að þeim, að þeir sjeu óráðvandari en aðrir menn fyrir það, en þeim er opt og tíðum ómögulegt að vita, hvað

í skipum þeirra er, því að skipsfólkið getur ef til vill ekki einasta án vitundar kaupmanna, heldur líka án vitundar skipstjóra og stýrimanns, laumað talsverðu í skipunum, og jeg hef opt vitað dæmi til, að upp á þann máta hafa tollsvik, og það að mun, átt sjer stað. Í slíku tilfelli getur bæði kaupmaður og skipstjóri með beztu samvizku gefið vottorð um, að ekkert sje aðflutt, sem tollur hvíli á, þótt það gagnstæða ætti sjer stað. Jeg álít það mjög hættulegt fyrir okkur, að fjölga tollum, sem við getum svo lítið eptirlit haft með; einkum þykir mjer óheppilegt, að leggja þá á svo að kalla hreina og beina nauðsynjavöru; í þess stað vildi jeg heldur hækka toll á munaðar- og óþarfa-vöru, svo sem brennivíni og tóbaki, ef þörf gjörist á, en nú sem stendur sje jeg ekki þörf á slíku.

Guðmundur Einarsson: Því verður ekki neitað, að hinn háttvirti flutningsmaður hefur mikið til síns máls, þar sem hann leggur það til, að af nema fasteignarskattinn og færa niður lausafjárskattinn; en athugavert er, að skattar þessir eru nýlega á lagðir og eru ekki mjög óvinsælir, þó að þeir að sumu leyti komi ójafnt niður og þó að hinn háttvirti flutningsmaður vilji af nema ójöfnur þessar með tillögum sínum, þá koma aðrar ójöfnur á, og þær eigi betri, og þar að auki verður tollur sá, er þingmaðurinn leggur til að á verði lagður, þyngri og alls eigi þægilegri en hinn, sem ráðgjört er að af verði numinn. Til þess að sýna fram á þetta, vil jeg leyfa mjer að taka 3 dæmi:

1. Bóndi nokkur býr á 30 hundraða jörð og tíundar 30 hundruð í lausafje; meðalalin ráðgjöri jeg að sje 55 aura; verður þá ljettir sá, er hann fær í afnámi ábúðarskatts og lækkun lausafjárskatts rúmar 17 kr. Nú verður sami bóndi, eptir því sem jeg þekki til, til þess að fullnægja þörfum heimilisins, að kaupa og kaffi og kaffibæti hjer um bil upp á 200 pund, og 500 pund af sykurtegundum. Jeg hlýt sjálfsagt að gjöra ráð fyrir, að kaupmaðurinn, til þess að sjá niðri á útgreiðslu tollsins, verði að hækka verð kaffitegundanna á hverju pundi um 5 aura og á hverju pundi sykurtegundanna um 3 aura. Þessar tegundir verða því bóndanum 25 krónum dýrari í kaupstaðnum en ella, en það er *átta* krónum meira en ljettir sá, er hann fjekk í manntalsbókagjöldum sínum.

2. Bóndi býr á 13 hundraða jörðu og tíundar 6 hundruð í lausafje; verður þá ljettir sá, er hann fær í þinggjaldi, 4,96 kr. Þessi bóndi kaupir kaffi og kaffibæti upp á 80 pund og 60 pund af sykri; það verður samtals eptir áður sögðu 5 kr. 80 aurum dýrara í kaupstaðnum en ella, en þessi upphæð verður samt 84 aurum hærri en ljettir sá, er hann fjekk í manntalsbókargjöldunum.

3. Komum við til þurrabúðarmannsins, sem verður langharðast úti; hann verður, taki hann sömu upphæð í kaffi og sykurtegundum eins og bóndinn, sem jeg nefndi næst á undan, að greiða 5 kr. 80 aurum meira fyrir það en ella, og þetta er allt of þungur og að öllu leyti nýr skattur fyrir hann, sem kemur mjög illa niður á bláfátækum, sem eigi geta verið án kaffis og sykurs. Ljettir sá, er sveitabóndanum er ætlaður með þessari tilhögun, verður að skaða fyrir hann, en sjávarbóndanum að mjög þungri álögu. Í einu orði: Það verður öllum hlutaðeigendum til óánægju eða skaða, ef frumvarp þetta næði að verða að lögum, og ræð jeg því fastlega frá, að það verði samþykkt.

Varaforseti: Þegar jeg gef ástæður fyrir því, hvers vegna jeg verð að vera móti frumvarpi þessu, sem hjer um greinir, verð jeg að skoða þetta frumvarp út af fyrir sig, án tillits til, hvað hinu líður, sem því á að fylgja. Það, sem mjer verður þá fyrst fyrir, er að spyrja: Er það rjett, að bæta skatt á skatt ofan? Nei! Er ekki nóg komið að sinni af slíkum breytingum á sköttum? (*Arnljótur Ólafsson*:

Nei!) Jú! Meira að segja, jeg álít það sje fyrir neðan virðingu þingsins, að taka hvað eptir annað ný eða nýleg lög og breyta þeim. Svo að jeg taki mjer orð hins háttvirta flutningsmanns í munn, verð jeg að segja, að þetta eru «sneplar» og «skæklar» af skattalöggjöf okkar; og þessa snepla álít jeg ekki að deildin eigi að hirða um, einkum þegar litið er til þess, að þeir fara því fram, að taka af gjöld, sem mönnum eru eigi mjög ógeðfelld, og, það sem verra er, gjöra það, sem jeg álít að deildin eigi ekki að gjöra, nema þegar hún getur berlega sýnt, að brýna nauðsyn ber til, nefnilega að leggja á nýjan skatt eða toll. En væri það óumflýjanlegt, að leggja toll á, ætla jeg að allra- sízt ætti að leggja þá á kaffi og sykur, því að sá tollur ætla jeg að mundi verða óvinsælastur allra tolla og allra skatta, sem á hafa verið lagðir. *(Arnljótur Ólafsson*: Ástæður?) Við skulum ganga út frá því, að frumvarp þetta, gjört að lögum, muni minnka kaffibrúkunina; en er það þá vinsælt? eða er það heppilegt? Íslendingar þurfa að brúka meira kaffi en fiestar aðrar þjóðir. Jeg hef það ekki frá sjálfum mjer, heldur frá hinum merkasta efnafræðingi á þessari öld, að kaffi sje því nauðsynlegra, sem viðurværið er lakara og óbreyttara, og skorar hann á menn, að inn leiða það í öll fangahús. Vjer sjáum opt í blöðum vorum þá kenningu kennda, að kaffi og sykri og rjóma sje svo sem kastað burt til ónýtis, en það er langt frá, að svo sje, þar sem 50% af bezta næringarefni er í kaffinu sjálfu, auk sykurs og rjóma. Önnur ástæða, sem jeg hef til að vera móti frumvarpi þessu, er sú, að skattgreiðslan verður að lenda á kaupmönnum, eins og hún nú gjörir, þar sem nálega $^1/_3$ af öllum sköttum landsins er innheimtur af þeim. Þetta er einmitt mjög athugavert, að fjölga sköttum, sem við getum ekki látið öðruvísi innheimta en gegnum kaupmenn, sem eru ordnir gramir yfir þessum ójöfnuði, og margfalda gjaldið, þegar þeir taka það af landsbúum. Þingmaður Dalamanna hefur bent á, hversu ójafnt skattur þessi kæmi niður á sjávarbændum, enda mun víðar svo fara, að skatti verði ljett af þeim, sem geta borgað, en lagður aptur á þá, sem ekkert hafa að borga af. En um þetta skal jeg ekki mæla fleira, mest í þeirri von, að við því sje ekki hætt, að deildin aðhyllist þetta frumvarp.

Flutningsmaður: Af öllum þeim hinum mörgu mótbárum, sem fram eru komnar gegn frumvarpinu, er þó engin í þá átt, að jeg hafi haft rangt að mæla, þá er jeg sýndi og sannaði, að jeg vona, að ábúðar- og lausafjárskatturinn væri ójafnaðarfullur í samanburði við aðra skatta landsins. Jeg er fús á að játa, að sjómenn komi til að borga meira, en þeir hafa borgað áður að tiltölu; en það kemur til af því, að þeir hafa áður nær því engin gjöld goldið til hjeraðamála, ef jeg undan skil útsvörin til fátækra. Þeir borga mjög lítið til þeirra stofnana, sem þeir þó hafa eins gott af og aðrir. Er það þó ekki sanngjarnt, að þeir beri líka byrði sem sveitamenn, fyrst þeir njóta jafnrjettis við þá? Því eins þurfa þeir lögreglu, dómara o. s. frv., eins og sveitamennirnir. Þessi tollur, sem hjer er farið fram á, er heldur ekki órímilegur, borinn saman við toll-lög ýmissa annara þjóða. Við skulum fyrst fara til Dana; þeir hafa 14 aura toll á kaffi og 12 á sykri. Norðmenn hafa nær því engar tekjur af fasteign og engar af lausafje. Englendingar sjálfir hafa mestallar landstekjur af tollum, og sama er að segja um flestar þjóðir aðrar. Eru þá Íslendingar stjórnvitrari en allar þessar þjóðir? Mjer er til efs, að nokkur þjóð verði varaforseta samdóma um tollmál og skatta, nema ef vera skyldu Tyrkir.

Jeg sting upp á nefnd, og óska nafnakalls.

Forseti ljet þá ganga til atkvæða um það, hvort nefnd skyldi setja; en nefnd var felld með 17 atkvæðum.

Flutningsmaður tók þá frumvarpið aptur.

B.

Frumvarp til laga um aðflutningsgjald af alls konar kaffibæti, svo sem möluðu kaffi, exportkaffi og því um líku. Frá þingmanni Borgfirðinga. Frumvarpið er prentað í fyrri parti alþingistíðindanna, bls. 52.

FYRSTA UMRÆÐA Í NEÐRI DEID, á 13. fundi, 18. dag júlímánaðar.

Flutningsmaður (*Grímur Thomsen*): Það er nú engin upphvatning fyrir mig, að koma fram með þetta lítilfjörlega frumvarp um toll á kaffibæti, eða öllu heldur kaffispilli, þar sem hið undangengna frumvarp um toll á kaffi yfir höfuð er horfið af vígvellinum. Jeg álít það reyndar vafamál, hvort bæta eigi tollum á landið, og þá líklega einkum á þá vöru, sem hinn háttvirti varaforseti tók fram um að væri ein af þeim vörutegundum, sem einna mest næringarefni hefði inni að halda, og væri því óhjákvæmileg nauðsynjavara, og sem hinn háttvirti þingmaður Dalamanna sýndi fram á, hve hún væri nauðsynleg, einkum fyrir sjávarbóndann. En jeg óttast ekki þessa mótbáru um kaffibæti. Jeg hef komið, þar sem kaffibætir er búinn til; hann er saman soðinn úr rustasneiðum af brauði, sem sópað er upp úr svínatrogum, og þar blandað saman við akörnum, og á stundum muldum múrsteini. Þessi vara er bæði óþörf og óholl, og þótt hún nú við þetta hætti að flytjast, þá væri ekki skaðinn skeðar; hvort sem það heitir (*Chicoria*) eða *Lövetand* (ljónstönn), þá er allur hávaðinn af því, sem selt er fyrir 33 pundið, hin mesta ólyfjan. Það væri miklu betra fyrir menn, að búa til kaffibæti úr byggi; það er miklu bragðmeira. Þótt sumir haldi, að þetta bæti kaffið, þá vona jeg, að flestir verði mjer samdóma um, að það hvorki veiti manni hressingu nje næringu. Jeg vil benda á, hve mikið hefur flutzt af þessu ólyfjani nú 4 hin síðustu ár, sem jeg hef skýrslur um. Fyrir 1880 hef jeg enga skýrslu enn þá — fyrir árin 1876 1877, 1878, og 1879, nefnilega 1876: 163,435 pund; 1877: 191,025; 1878 og 97: 170,000, eða þó nokkuð minna en hin árin. Þetta er nú talsvert af ekki betra tagi, og hver sem afleiðingin yrði, þá held jeg, að hún yrði landinu fremur til gagns en skaða, hvort sem það legðist alveg niður, að flytja hana inn, eða að brúkun hennar minnkaði við það, að af henni skyldu gjaldast 10 aurar af hverju pundi. Eptir fjárlagafrumvarpi því, sem liggur fyrir þinginu, þá væri ekki vanþörf á, að bæta nokkuð fjárhag landsins eða tekjur þess, þar sem nú hafa komið fjöldi af bænarskrám til þingsins um fjárveitingar, sem eðlilega ekkert er gjört ráð fyrir þar, en voru að eins eptir áætluninni í frumvarpinu einar 15,000 kr. eptir. Jeg skal ekki fara svo langt, að óska, að nefnd verði sett í málið, en óska, að því verði lofað að ganga til 2. umræðu.

Holgeir Clausen: Eptir þessu frumvarpi, samkvæmt því sem framsögumaðurinn frá Eyjafirði sagði um næsta frumvarp hjer á undan, er hann vildi leggja 3 aura á hvert kaffipund, að kaupmenn græddu 1 eyri við, þá mætti jeg vera þingmanni Borgfirðinga þakklátur um þrisvar og hálfsinnum 3, þar sem hann stingur upp á 10 aura tolli af hverju pundi af kaffibæti. Jeg held, að menn þurfi ekki að vera svo mjög hræddir við þennan kaffibæti, því hann er «*analyseraður*» utanlands, og ekki fluttur hingað nema heilbrigðis «*commissiónin*» leyfi, en þar sem hann talaði um gamlar brauðskorpur, þá veit jeg ekkert um það, og skal ekkert um það segja. Jeg álít ekki vert að setja háa tolla, meðan enginn er til að líta eptir þeim, því menn munu varla hafa það álit á kaupmönnum, að menn trúi þeim betur en öllum öðrum heiðarlegum mönnum. Það er því að mínu áliti skaði, að setja háa tolla, sem enginn lítur eptir. Það mundi og verða erfitt fyrir kaupmenn að borga þetta út strax, þar sem sýslumeun gefa að eins 14 daga frest. Jeg skal annars ekki minnast á frumvarpið meira, því jeg vona að það gangi sama veg og það, sem var næst á undan því.

Varaforseti: Með þetta frumvarp finnst

mjer allt öðru máli að gegna, en með bitt frumvarpið, því þessi tollur mundi ekki verða nærri eins óvinsæll, enda veit jeg og, að sumar tegundir kaffibætis eru óhollar, en jeg vildi að flutningsmaður hefði undan þegið «*export*»-kaffi, því að því er almenningur orðinn svo vanur. Þótt Íslendingar bruki mikið af kaffi í samanburði við aðrar þjóðir, þá er það aðgætandi, að ef til vill er hvergi eins mikil þörf á því og hjer, og í einu getum við þó að minnsta kosti jafnazt við aðrar þjóðir, og það er í því, að búa til gott kaffi. Þar sem hinn háttvirti flutningsmaður hins fyrra frumvarps um kaffitoll áleit mig ekki kunnugan á Englandi, þá get jeg frætt hanu á því, að Englendingar kaupa mikið af kaffi, og það líka «export»-kaffi, og það 12 miliónir punda á ári, en Belgar, sem eru um 5 miliónir, um 20 miliónir pund af kaffibæti; og merkur rithöfundur (Strumpf) kallar allar konur á Þýzkalandi chicoríu-kaffisvelgjara. Jeg er alls ekki á móti því, að tollur sje lagður á malað kaffi og kaffirót, enda er skapraun, að sjá menn kaupa það í búðum hjer. En sem sagt, jeg vildi undanskilja «export», því það kaupir almenningur að jafnaði, og mun kaupa, þó að tollur verði á lagður.

Tryggvi Gunnarsson: Það er mín skoðun, að meiri ástæða beri til að fella frumvarp þetta en hitt, (nefnilega um toll af kaffi og sykri), sem fellt var núna næst á undan, því að þetta frumvarp eykur enn tolla á landsmönnum, en hitt frumvarpið fór fram á, að leggja toll á munaðarvöru, er koma skyldi fyrir annau skatt, sem átti að af nemast. Auk þessa er og annars að gæta. Frumvarp þetta fer fram á, að leggja toll á kaffibæti; en sökum þess að kaffibætir er ódýrari en kaffið sjálft, eiga fátæklingar ljettara með að kaupa kaffibæti en kaffi sjálft, og kaupa því hinir fátækari að tiltölu miklu meiri af honum en efnamennirnir, svo að tollur þessi kemur þyngst niður á fátæklinga og þurrabúðarmenn. Kaup á kaffi og kaffibæti eru að jafnaði meiri í sjávarsveitum en upp til sveita. Við hliðina á þessu vil jeg vekja athygli að því, að hjer fyrir þinginu liggur frumvarp um, að leggja útflutningsgjald á fisk og lýsi; nái það fram að ganga, þá verður þannig tvöfaldur skattur lagður á sjávarbóndann á sama tíma. Á þennan hátt er frumvarp þetta enn ósanngjarnlegra en hitt, sem fellt var, þó eigi væri það gott. Enn fremur bætist það við, að varasamt er að auka tolla, þar sem eigi er hægt að gæta betur tollheimtu og undardráttar, en hjer er auðið, og meðan engin veruleg tollstjórn er hjer. Kaupmenn eiga nú að innheimta eða þurfa að standa skil á svo miklu fje, að það nemur 280,000 kr. um fjárhagstímabilið; er það næstum þrefalt meira en allar tekjur af landbúnaði og eign í landinu. Mjer virðist því allsjárvert, að auka þessa tolla mikið meira; því að enginn, sem búið hefur í landi, þar sem miklir tollar eru, mun æskja þess, að rígbundin tollstjórn og tollþjónar sjeu settir til gæzlu innflutnings tollaðra vara. Það er allt annað en viðkunnanlegt, að gefa þeim heimild til, að gjöra rannsókn eða því nær þjófaleit hjá hverjum manni, sem fer milli landa, og láta þá róta í öllum hirzlum sínum og umhverfa farangri, auk þess sem sú stjórn verður landssjóðnum mjög kostnaðarsöm. Báðar þessar ástæður virðast mjer mæli með því, að fella frumvarp þetta sem fyrst.

Flutningsmaður: Það er ekki ómerkilegt, að báðir hinir heiðruðu þingmenn, sem upp hafa staðið, til þess að mæla móti frumvarpi þessu, eru verzlunarmenn, og virðast hafa tekið einhverju sjerlegu ástfóstri við kaffirótina. Hinn heiðraði 1. þingmaður Suður-Múlasýslu mælti með frumvarpinu um toll á kaffi og sætindum, sem nýlega var fellt, af þeirri ástæðu, að þar ætti tollurinn að koma í staðinn fyrir skatt, er af nema á. Ef þessi tollur kæmist á, sagði þingmaðurinn, að mikið mundi bætast við þessar 280,000 kr., sem á fjárhagstimabilinu ganga gegnum hendur kaupmanna til landssjóðs; það mun þó eigi vera alvara þingmannsins, að vera móti því, að landssjóðnum

aukist tekjur. En nú var það einmitt önnur ástæða þingmannsins móti frumvarpi *þessu*, að ef það yrði að lögum, jykist sú fjárupphæð, sem gengi gegnum kaupmenn til landssjóðs. En hversu mikið hefði eigi þessi fjárupphæð aukizt, ef hitt frumvarpið hefði að lögum orðið? Það er eitthvað undarlegur hugsunar þráður hjá þingmanninum, er hann ber saman frumvörp þessi. Örðugleikar á tollgæzlu aukast eigi að mun, þótt frumvarp þetta verði að lögum, enda eru það sýslumenn og bæjarfógetar, sem tollgæzlu hafa, en kaupmenn eigi. Jeg verð aptur á móti að verða hinum heiðraða varaforseta samþykkur um breytingu þá, sem hann fór fram á, og ef hin heiðraða þingdeild vill unna þessu máli 2. umræðu, má koma fram með breytingaratkvæði, og gjöra athugasemdir við frumvarpið. Landssjóðurinn hefur mikla þörf á, að tekjur hans sjeu bættar, en það má eigi gjöra með beinum skattaálögum.

Þá beiddust þess 9 þingmenn, að umræðunum væri hætt; voru þeir þessir:

Jón Ólafsson,
Jón Jónsson,
Benidikt Sveinsson,
Friðrik Stefánsson,
Ólafur Pálsson,
Þorsteinn Jónsson,
Þórður Magnússon,
Þorsteinn Thorsteinson,
Holgeir Clausen.

Var sú beiðni samþykkt, og ljet forseti ganga til atkvæða um það, hvort frumvarp þetta skyldi ganga til 2. umræðu, en það var fellt með 14 atkvæðum móti 6.

Var frumvarpið við það f a l l i ð.

XXXIX.

Stofnun búnaðarskóla.

A.

Frumvarp til laga um lán handa búfræðingi Sveini Sveinssyni til stofnunar búnaðarskóla. Frá þingmanni Reykvíkinga. Frumvarpið er prentað í fyrri parti alþingistíðindanna, bls. 55—56.

FYRSTA UMRÆÐA Í NEÐRI DEILD,
á 9. fundi, 13. dag júlímánaðar.

Flutningsmaður (*Halldór Kr. Friðriksson*): Eins og þingmönnum er kunnugt, er frumvarp þetta komið fram eptir bænarskrá, sem lögð hefur verið til sýnis á lestrarsalinn. Bænarskrá þessi er frá Sveini búfræðing Sveinssyni, og hefur hann mælzt til þess, að jeg fylgdi málinu fram. Þess vegna bjó jeg til þetta frumvarp og lagaði það sem næst þeirri bugsun, sem mjer fannst vera í bænarskránni, og jafnframt þannig, að það gæti orðið sem aðgengilegast fyrir þingið. Þó vil jeg ekki segja, að það sje svo úr garði gjört, að eigi megi breyta því í neinu, enda er jeg fús á að taka þeim breytingum, sem góðfúsir menn kynnu að vilja koma með, ef breytingarnar væru svo, að mjer þætti, að Sveinn gæti að þeim gengið. Jeg vona, að þingmenn taki vel undir þetta mál; því að ef nokkurt mál er áhugamál landsmanna, þá er það kennsla í búfræði. Það er óefað, að framfarir í bún-

aði eru þeirra eitt hið mesta áhugamál. «Bóndi er bústólpi»; en hann er það því að eins, að hann hafi fje og nægilegan krapt til þess að koma búi sínu á fastan fót og í gott lag. Búfræðin er hið fyrsta skilyrði fyrir því, að búnaði vorum geti farið fram og um leið landinu, því «bú er landstólpi». Ef skólanum gæti orðið komið þannig fyrir, að hann yrði nokkurs konar gróðrarstía fyrir þá, er vildu leggja búnað fyrir sig, þá væri fje landssjóðsins eigi til annars betur varið. Það er og enn eitt atriði í þessu máli, sem vert er að taka eptir. Sveinn beiðist svo lítils, sem hægt er, einungis að fá lán um nokkur ár leigulaust; þess vegna yrði þetta hinn kostnaðarminnsti skóli fyrir landssjóðinn, þar sem hann verður að leggja hinum öðrum skólum meira og minna fje á ári hverju. Með þessu fjárláni er heldur engin hætta búin landssjóði; umboðsstjórnin getur haft nákvæmt eptirlit með skólanum; hún getur gætt að því, hvort lánþiggjandinn fer vel að ráði sínu eða ekki, og tekið í taumana, ef henni þykir þörf á því. Í 4. gr. hef jeg tekið fram ýms skilyrði, en umboðsvaldið verður þó að laga þau og setja, eptir því sem henni þykir þörf, til þess skólinn komi að tilætluðum notum. Ætla jeg svo ekki að fara lengra út í málið að sinni; jeg treysti því, að þingmenn styðji það, og vona, að það geti fengið þann enda, að búnaðarskólanum verði á komið, en landssjóði þó borgið. Málið er einfalt, og jeg ætla, að ekki þurfi að setja nefnd í það; en ef þingmenn vilja setja nefnd, þá óska jeg, að það sje ekki gjört fyr, en fyrstu umræðu er lokið.

Egill Egilsson: Mjer þykir leiðinlegt, að standa upp og tala í þessu máli, þar eð staðurinn, að því er jeg hygg, þar sem skólinn á að standa, er svo nálægt kjördæmi mínu. En þó verð jeg eptir fyrirkomulagi því, sem á frumvarpinu er, að vera því mótmæltur. Enginn getur verið hlynntari búnaðarskólum en jeg er, og því er miður, að mig skortir mælsku til að mæla fram með þeim, svo sem jeg vildi, og vera ætti. En þrátt fyrir, þá vil jeg, að full trygging fáist fyrir því fje, sem lánað er í því augnamiði úr landssjóði; það verður að vera trygging fyrir því, að stofnunin geti staðið lengur en eitt ár, en fyrir þessu gefur frumvarpið enga tryggingu. Viðvíkjandi fjárláni því, sem hjer er farið fram á, þá er það fjarska-hátt, þegar einnig þess er gætt, að það er handa þeim manni, sem ekki er neinum sjerlegum efnum búinn. Það ræður að líkindum, að hann ætli fyrst að kaupa jörð þá, sem hann lofar að setja í veð fyrir láninu, þegar lánið er fengið, og hef jeg heyrt, að sú jörð fáist fyrir 14,000 kr. Hvað fæst nú mikið lán fyrir það? Eptir þeim reglum, sem nú gilda, yrði það einungis 7000 kr., en eptir ákvörðunum þeim, sem eru á prjónunum, 8,200 kr., og væri farið eptir hinum rífari, þá eru eptir 1800 kr. Hvaða veð er fyrir þeim? Líklega fjenaður, búsgögn og annað þess konar. En ef hann dæi, stuttu eptir að lánið er fengið, hvaða trygging er þá fyrir fjenu, eða hvernig á að ná því? Ómögulegt. Það er að sönnu æskilegt, að duglegir og framtakssamir menn komist í góða stöðu, því þeir eiga það skilið, og geta þá betur notið sín, en þó er ekki rjett, að fleygja út peningum landssjóðsins framar til þeirra en annara. Jeg skal leyfa mjer að geta þess, að hinn háttvirti sessunautur minn, þingmaður Borgfirðinga, átti eptir beiðni kjósanda sinna að flytja mál um búnaðarskóla, er stofnast skyldi á Hvanneyri með mjög vægum kjörum fyrir landssjóðinn, að því er fjárreiður snertir, sannarlega með betri kjörum en þeim, að gefa Sveini Sveinssyni 10,000 kr.; væri það góður styrkur handa skólanum á Hvanneyri, og fengi hann jörðina, mundi hann ekki verða kostnaðarsamur til lengdar; jörðin er svo góð;

hún liggur mjög nálægt kaupstað; þar er laxveiði óþrjótandi, og má svo að orði kveða, að allt sje lagt upp í hendurnar á þeim, sem setur þar bú með atorku og dugnaði.

Jeg verð því af þessum ástæðum, að mæla móti frumvarpinu, og jafnframt skora jeg á þingmann Borgfirðinga, að koma fram með frumvarp í aðra átt, samkvæmt ósk kjósanda hans.

Jón Ólafsson: Þingmaður Mýramanna hefur tekið fram flest það, sem jeg vildi fram hafa færa, og vil jeg þá að eins stinga upp á, að sjerstök nefnd verði ekki sett í málið, heldur verði því vísað til fjárlaganefndarinnar, sem mjer finnst vel við eiga, þar sem um svo mikil gjöld úr landssjóði er að ræða, sem hjer á sjer stað.

Arnljótur Ólafsson: Jeg vil í alla staði vera búnaðarskólum hlynntur; en hjer verður þess að gæta, að fleiri frumvörp eru komin til þingsins í sömu stefnu sem frumvarp þetta. Mjer finnst það nefnilega óheppilegt, að frumvörpin komi þannig fram sitt í hverju lagi, og vil jeg því benda þeirri spurningu til deildarinnar, og þá sjerstaklega til flutningsmanns, hvort honum sýnist eigi heppilegra, að fresta málinu, þangað til maður sjer fyrir endann á öllum þessum frumvörpum; því að enn getur jafnvel verið von á fleirum. Nú er skipuð nefnd til að íhuga skólamál landsins, og verða búnaðarskólarnir hjá henni sjálfsagt efstir á baugi.

Flutningsmaður: Jeg veit sannarlega ekki, hvað þingmaðurinn á við, er hann talaði um að vísa málinu til búnaðarskólanefndarinnar, sem ekki er til. (*Arnljótur Ólafsson*: Skólanefndin er til). Skólanefndin, sem þegar er sett, hefur allt annað efni fyrir höndum en búfræðiskennslu; hún á ekki að fara neitt út í kennslu í sjerstökum vísindagreinum, heldur að eins ræða um almenna menntun almennings; en þetta er sjerstakt frumvarp, sem jeg heldur ekki get skilið hví skyldi vísað til fjárlaganefndarinnar. Væri þar á móti kosin nefnd í þetta mál, mætti vísa til hennar öllum þeim frumvörpum og uppástungum, sem kynnu að koma til þingsins og færu í líka stefnu.

Grímur Thomsen: Þar sem hinn heiðraði sessunautur minn skoraði á mig, að koma fram með frumvarp um stofnun búnaðarskóla á Hvanneyri, þá skal jeg leyfa mjer að geta þess, að með því að mjer var kunnugt um, að Sveinn Sveinsson mundi ætla að koma fram með bænarskrá í líka stefnu, og af því jeg þekki hann sem einn af hinum beztu búfræðingum landsins, þá dró jeg að koma fram með þetta fyrirhugaða frumvarp. Jeg ímynda mjer annars, að það mætti laga þetta frumvarp svo í ýmsum greinum, að það mætti sameina við hið umgetna fyrirhugaða frumvarp mitt, einkum þar sem þessi jörð, sem Sveinn ætlar að setja skólann á stoín á, mun einmitt vera þessi sama jörð, Hvanneyri; (*Flutningsmaður*: Já.) en öllum mun koma saman um það, að Hvanneyri sje einhver hin hentugasta jörð, sem kostur er á, til þessa fyrirtækis. Þó eru einstaka ákvarðanir í þessu frumvarpi, sem jeg ekki get fellt mig við, og verð líka að vera samdóma þingmanni Mýramanna í því, að lánið sje of hátt, eptir verði jarðarinnar, sem yrði trygging fyrir láninu, enda hygg jeg og, að hann mundi geta komizt af með leigulaust lán skemmri tíma en 10 ár. Jeg get ekki verið því meðmæltur, að málinu sje vísað til fjárlaganefndarinnar, sem ekki hefur annað ætlunarverk, en að ákveða fjárlög landsins um 2 ár, en þar á móti verð jeg að beiðast þess, að málið fái að ganga til 2. umræðu, og vildi jeg svo óska, að hann heiðraði flutningsmaður vildi koma sjer saman við mig og aðra um breytingar á málinu.

Flutningsmaður: Jeg skal leyfa mjer

að svara þingmanni Borgfirðinga því, að jeg skal með ljúfu geði bera mig saman við hann, og aðra þingmenn, og sýna þá tilhliðrun, sem verða má. En þar sem þingmaður Mýramanna sagði, að engin trygging væri fyrir því, að Sveinn lifði það, að lánið yrði endurborgað, þá fellur sú mótbára um sjálfa sig, því aldrei getur nein trygging verið fyrir lífi neins manns, og þá ekki fremur fyrir lífi Sveins en annara. En það er hugsanlegt, að það mætti koma því svo fyrir, að landið biði engan skaða af, hvort sem Sveinn lifir lengur eða skemur, og það er mikill munur, að styðja þennan einstaka mann til að koma á stofn búnaðarskóla, heldur en ef kosta ætti skólann að öllu leyti af landssjóði. Það er engum vafa bundið, að Sveinn er, eins og hinn heiðraði þingmaður Borgfirðinga sagði, einhver hinn duglegasti búfræðingur, því bæði er hann kunnur að dugnaði hjer áður, og vel kunnugur búnaðarháttum landsins, og svo má ætla, að hann standi nú öllum hjerlendum búfræðingum framar, þar sem hann hefur nú í 3 ár gengið á landbúnaðarháskólann í Danmörku, og þótt nú ekki liggi neitt vottorð fyrir frá kennurum hans þar, þá hef jeg þó heyrt frá einum af þessum kennara, og það merkum manni, að Sveinn væri einhver hinn ötulasti, iðnaðasti og bezt að sjer af þeim, er skólann sæktu. Jeg vona því, að enginn efist um, að ekki sje kostur á betri eða hæfari manni í því efni. Þar sem þingmaður Mýramanna talaði um, að þetta væri svo mikill kostnaður, og að gefa ætti 10,000 kr., sem og að lánið sje of hátt, þá getur vel verið, að Sveinn gjöri sig ánægðan með nokkru minna; en ætli þingmaðurinn vildi taka að sjer, að stofna búnaðarskóla fyrir minni fjárupphæð. Það efast jeg mjög um. Jeg finn heldur enga ástæðu til að efast um, að skóli Sveins yrði að miklum notum, þar sem hæfilegleikar manns-ins eru svo miklir, eins og þegar er búið að taka fram.

Því næst var gengið til atkvæða, og samþykkt með 16 atkvæðum á móti 4, að málið gengi til 2. umræðu.

ÖNNUR UMRÆÐA Í NEÐRI DEILD,
á 13. fundi, 18. dag júlímán.

Á fundi þessum var málinu vísað umræðulaust til nefndar þeirrar, er þá hafði sett verið í búnaðarskóla- málið. Sjá næsta mál hjer á eptir.

B.

Frumvarp til laga um breyting á tilskipun um stofnun búnaðarskóla á Íslandi, dags. 12. febrúar 1872. Frá þingmönnum Skagfirðinga. Frumvarpið er prentað í fyrri parti alþingistíðindanna, bls. 49.

FYRSTA UMRÆÐA Í NEÐRI DEILD,
á 11. fundi, 15. dag júlímánaðar.

Flutningsmaður (Jón Jónsson): Þetta frumvarp er ekki samið af okkur þingmönnum Skagfirðinga, þó að nöfu okkar standi undir því. Það er samið af sýslunefndinni í Skagafjarðarsýslu, og stendur í nánu sambandi við frumvarpið um búnaðarskólann á Hólum í Hjaltadal. Málið er ýtarlega hugsað af kjósendum okkar í hjeraði, og jeg vona því, að þingmenn íhugi það eins með hinni sömu stillingu og nákvæmni, sem það hefur verið undirbúið með. Það var í Skagafjarðarsýslu, að hin fyrsta alvarlega tilraun var gjörð, til að framkvæma fyrirmæli tilskipunar 12. maí 1872 um stofnun búnaðarskóla. Reyndar hefur einn eða 2 vetur verið búnaðarkennsla í Dalasýslu, en þessi kennsla er ekki tryggð á þann hátt, sem nefnd tilskipun ætlast til. Þegar það nú kom til umtals í Skagafjarð-

arsýslu, að stofna þar reglulegan búnaðarskóla, rak sýslunefndin sig þegar á 2. grein tilskipunar 12. febrúar 1872. Ákvarðanir hennar þóttu óhagkvæmar í mörgu, eins og við mátti búast, þar sem nefnd tilskipun kom út á undan sveitarstjórnartilskipuninni. Það hefur þannig þótt óhagkvæmt, eins og nú er ástatt, að ganga fram hjá amtsráðum og sýslunefndum, þegar gjöra átti ákvarðanir um stjórn búnaðarskóla og fyrirkomulag. Og þar sem svo er ákveðið, að amtmaðurinn skuli kveðja sjer til ráðaneytis búfræðing, 2 þjóðkjörna alþingismenn og einn reyndan bónda, þótti slíkt nú alveg óþarft. Hvað hækkun búnaðarskólagjaldsins snertir, þá var það skoðun sýslunefndarinnar í Skagafirði, eins og tekið er fram í ástæðunum fyrir frumvarpinu, um að ábúðarskatturinn yrði annaðhvort færður niður eða af numinn, og hugði hún því, að hækka mætti búnaðarskólagjaldið úr 3 aurum upp í 10 aura, því það virðist eiga vel við, að jarðir landsins beri búnaðarskólana.

Jeg skýt því undir atkvæði þingmanna, hvort nefnd skuli sett í málið, eða hvort það eigi að ganga nefndarlaust til 2. umræðu.

Jón Ólafsson: Jeg vil einungis styðja þessa tillögu, að málinu sje vísað til 2. umræðu, án nefndar, með því fleiri sams konar frumvörp liggja fyrir, sem að eins eru ókomin inn, t. a. m. eitt að austan, sem við þingmenn Suður-Múlasýslu flytjum, og með því ávallt má setja nefnd á hverju stigi málsins, þá óska jeg, að beðið sje með það í þessu máli, unz málin eru *öll* komin fyrir, og mætti þá vísa þeim öllum til einnar nefndar.

Halldór Kr. Friðriksson: Mjer finnst þetta mál svo umfangsmikið, að þingmenn þurfi vel að athuga það. Jeg legg því til, að nú þegar sje sett sjö manna nefnd í málið, með því að hjer kemur sjálfsagt til íhugunar eigi að eins einn sjerstakur skóli, heldur búnaðarkennsla fyrir allt landið.

Jón Ólafsson stakk upp á 5 manna nefnd; en 7 manna nefnd var samþykkt með fleirum atkvæðum, og hlutu kosningu:

Guðmundur Einarsson	með 14	atkvæðum,
Grímur Thomsen	— 13	——
Halldór Friðriksson	— 11	——
Lárus Blöndal	— 11	——
Friðrik Stefánsson	— 10	——
Þorkell Bjarnason	— 9	——
Tryggvi Gunnarsson	— 8	——

Í nefndinni var Grímur Thomsen kosinn formaður og framsögumaður, og Halldór Kr. Friðriksson skrifari.

Til þessarar nefndar var því næst umræðulaust vísað:

C. Frumvarpi til laga um stofnun búnaðarskóla á Hólum í Hjaltadal, frá þingmönnum Skagfirðinga. Það frumvarp er prentað í fyrri parti alþingistíðindanna, bls. 56—59.

D. Frumvarpi til laga um búnaðarskóla í vesturumdæminu. Frá þingmanni Barðstrendinga. Frumvarpið er prentað í fyrri parti alþingistíðindanna, bls. 63.

Nefndarálit, sjá I, 145—146.

E.

Frumvarp til laga um breyting á tilskipun um stofnun búnaðarskóla á Íslandi, dagsettri 12. febrúar 1872. Frá nefnd þeirri, sem sett var í búnaðarskólamálin. Frumvarpið er prentað í fyrri parti alþingistíðindanna, bls. 146.

FYRSTA UMRÆÐA Í NEÐRI DEILD,

á 19. fundi, 23. dag júlímánaðar.

Framsögumaður (*Grímur Thomsen*): Eins og kunnugt er, munu bænarskrár úr öllum landsfjórðungum hafa komið til þingsins um, að landssjóðurinn hlypi undir bagga með þeim, til að koma á búnaðar-

skólum. Menn vita einnig, að löggjöfin gjörir ráð fyrir, að safna fje til að koma þessu á stofn; en þá virðist nauðsynlegt, að landssjóðurinn stytti dráttinn og flýtti fyrir málinu. Í þessu ábugamáli virtist nefndinni ókljúfandi, að leggja fram fje beinlínis úr landssjóði, eða leggja ný gjöld á, og þegar þar að auki var gjört ráð fyrir sýslusjóðsgjaldi og jafnvel styrks frá einstökum mönnum, þá vildi hún ekki fara lengra, en veita lán, sem verja mætti til jarðakaupa og húsabygginga handa skólanum. Þetta er höfuðstefna málsins, og með því þetta er 1. umræða, skal jeg eigi fara um það fleirum orðum, enbíða athugasemda annara þingmanna.

Benidikt Sveinsson: Jeg held það sje ekki oflof, þó að jeg telji mig ekki aptastan í flokki þeirra manna, sem vilja, að búnaðinum á Íslandi fari fram. Jeg viðurkenni fúslega, hve bændum er áfátt í því, að nota landbúnaðinn, bæði í verklegu og þekkingarlegu tilliti. Jeg játa líka, að þetta er ekki bændum eingöngu sjálfum að kenna; jeg játa, að þeir hafa beztu hæfilegleika til að taka framförum í þessum efnum, og að talsverður áhugi er farinn að vakna meðal þeirra í búnaðarefnum. Nei! Orsakirnar liggja í tímanum að undanförnu. Þær eru djúpsettar rætur frá einveldis, ófrelsis og einokunar tímunum, sem skammt er aptur á bak til að rekja. Jeg tek það upp aptur, að það er auðsjeð, hvílík framför og blessun fyrir land og lýð það væri, ef bændur fengju meiri þekkingu, dug og dugnað í því, að skipta svo við náttúruna, að þeir gætu leitt gæði hennar og fjársjóði fram, að þeir lærðu að þekkja hin auðgandi náttúruöfl, og fengju tök á því, að láta þau vinna með sjer, en ekki mót. Hin undangengnu þrjú löggjafarþing hafa nú að vísu skotið eins konar hornauga til þessa allsherjar velferðarmáls, að því leyti, sem dálítill styrkur hefur verið veittur úr landssjóði til eflingar búnaði. En þetta er naumast teljandi. Nú er þar á móti stigið verulegt fótmál til viðreisnar þessu máli, þar sem ræðir um, að koma á fót búnaðarkennslu um land allt. En þá kemur hin vandasama spurning fram: Hvernig á að skipa þessu máli? hvernig á að framkvæma það, svo tilganginum verði sem bezt náð? Jeg hygg, að stefna nefndarinnar sje rjett að því leyti, að gefa ekki fje úr landssjóði og leggja ekki á bændur ný gjöld, því það er sama sem að taka frá einni kirkjunni og leggja til annarar, eða býta því fje út úr vinstri vasanum, sem maður tekur inn í hinn hægri, því álögurnar hlytu þó að leggjast á bændur sjálfa. Því er það sjálfsagt rjett, að lána það fje, sem landssjóðurinn á fyrirliggjandi, því aðalatriðið í þessu máli er, að gefa bændum hvöt til þekkingar og dugnaðar, miklu fremur en að leggja fram fje þeim til nýrra byrða. Í þessu atriði er jeg því nefndinni alveg samdóma, en jeg er þar á móti eins alveg ósamdóma um það, hvernig hún hefur hugsað sjer að koma málinu nákvæmar fyrir. Hún hugsar sjer, að amtsráðin taki lánin og jafnaðarsjóðirnir greiði afborgunina. Þetta virðist að mörgu leyti á skökkum grundvelli byggt. Sleppum nú því, að amtsráðin eru, eins og stendur, frá þingsins sjónarmiði á völtum fæti, því ef sú skipun skyldi komast á, sem þingið hefur farið fram á, að amtmannaembættin legðust niður, þá kalla jeg amtsráðin höfuðlausan her. En það er þó meira í varið, að ætla sjer að leggja endurborgunina á jafnaðarsjóðina. Allir vita, að jafnaðarsjóðsgjaldið er hið óvinsælasta gjald, og þar að auki er það lagt eingöngu á lausafjárhundruðin, og hverju sætir það, að lausafjeð eitt skuli eiga að bera kostnaðinn af búnaðarkennslunni, sem mestmegnis hefur jarðabætur og sauðrækt fyrir augum? Þetta virðist þó sannarlega óheppilegt og ranglátt. Þá er þriðja atriðið það, að jeg álít amtsskóla ó-

hafandi. Jeg er alveg á móti allri «*centralisation*», eða því, að hrúga saman i stórar heildir í þessu máli, sem er sannkallað sveitamálefni. Hjer ræðir ekki um bóklega menntaskóla, ekki um viðskipti við vísindin, heldur um verklega þekkingu og æfing, um viðskipti við náttúruna sjálfa. Hjer á því betur við, og er eðlilegra, að *decentralisera*, og dreifa, og sú ein stefna er samkvæm stjórnarskrá landsins, 58. gr, því hjer ræðir, sem sagt, um sveitarmálefni (*Communalanliggende*), sem sveitafjelögin, sjer í lagi sýslunefndirnar, eiga að ráða sjálfar. Þetta liggur þar að auki í hlutarins eðli sjálfs. Almenn þekking, almenn vísindi eiga við stóra skóla. En hjer er ekki því máli að skipta. Menn vita, hversu landið er ólíkt að veðurfari í hinum ýmsu bjeruðum, jafnvel sýslur, sem liggja hvor hjá annari, eru mjög svo ólíkar; jeg skal taka til dæmis Þingeyjar- og Eyjafjarðarsýslur, sem liggja hvor við hliðina á annari. Almenn þekking er því ekki einhlít, þar eð sitt hagar í hverjum stað; þessu er og margt annað samfara. Sjónarvotturinn er sterkastur, lýsing og skýrslur eru áhrifalausar í samanburði við það, að geta sjeð verkin, ávöxtinn af þekking og reynslu með sínum eigin augum. Bændurnir þurfa að sjá árangurinn, þar sem þeir eru, um leið og þeir læra. Því dreifðara sem þetta kennslufyrirkomulag þess vegna er, því betra er það. Dragi menn skólana saman í ömtin, þá efast jeg þar að auki um, að skólarnir geti brauðfætt sig, og það væru þó aumu búnaðarskólarnir, sem þyrftu að sækja lífsbjörg sína til bænda. Ætti það svo sem að vera fyrirmynd í búnaði? Jeg þekki ekki neina þá jörð, sem borið gæti amtsskóla, sem nógu margir gætu lært í og ættu að brauða sig. (*Arnljótur Ólafsson*: «Hólar»). Nei, alls ekki. Á hinn bóginn, þótt sú jörð væri til, þá hefur skólinn svo mikinn vinnukrapt, að hún gæti ekki borið hann til lengdar, og kraptar hennar þrytu; svo mun þegar vera í Ólafsdal, og er þar enginn stórskóli; þar er allt þrotið nema það land, sem veldur of miklum ræktunarkostnaði, og því ekki er tilvinnandi að leggja fje í sölurnar fyrir. Mundi það ekki miklum munarðsamara, að bæta margar jarðir með miklum hag, en eina, svo eigi væri tilvinnandi? Hvort mundi betra, að græða stórfje á mörgum jörðum, en eyða stórfje á einni í hverju amti? En það legg jeg þó mesta áherzluna á, að rjettara sje, að dreifa skólunum; það er frjálslegra, það eitt er samkvæmt stjórnarskrá landsins, og sjálfsforræði sýslunefndanna, sem þingið ekki hefur einu sinni heimild til að hagga. Sýslunefndirnar álít jeg þannig hina einu rjettu og lögskipuðu einingu í þessu máli, ef jeg mætti svo að orði kveða. Þetta kemur og betur heim, því að þær leggja gjald bæði á fasteign og lausafje; þar af leiðir, að endurborgun lánsins kæmi rjettlátar niður; því það er þó sannarlega undarlegt, að leggja endurborgnnina á lausafjeð eingöngu, eða með öðrum orðum: á fátæklingana, því við vitum það, að fasteignin er fótur undir auði hinna ríkari, og því er það sjálfu sjer samkvæmara, að láta gjaldið hvíla sem mest á fasteignunum. Þetta er miklu vissara fyrir landssjóðinn, því að eitt fellisár getur komið, ef til vill er það fyrir dyrum, og hvað verður þá úr gjaldstofni jafnaðarsjóðanna? Sýslufjelögin mundu heldur ekki skoða það þakklátum augum, að þau væru gjörð gjaldskyld undir önnur sýslufjelög; því það fyrirkomulag, að eitt sýslufjelag í amtinu dragi allt undir sig, vekur öfund hinna, og þó mönnum þætti, ef til vill, ekki ástæða til að bregða oss Íslendingum um «*Individualisme*», þá má jeg samt fullyrða, að hann er svo gróðursettur í staðháttunum hjer á landi, að amtsskóla-fyrirkomulagið getur aldrei blessazt nema það í öllu falli væri byggt á frjálsu samkomulagi sýslufjelaganna innbyrðis. Og skyldi nú svo fara, að

reynslan sýndi, að jeg hafi rjett að mæla, þá er ekki hægt að snúa aptur, þegar búið er að byggja stóreflishús og stofna stórkostlega skóla o. s. frv. Nei. Látum oss fara með jörðuuni í þessum málum. Það er eðlilegra, að byrja hjer á litlu og enda á miklu. Niðurstaðan verður sú, að jeg álít vafalaust, að sýslufjelögunum í öllu falli eigi að vera sjálfrátt, eða í sjálfs vald sett, hvort þau vilji slá sjer saman sem rjettbærir einstaklingar í þessu máli, eða þá að sjá sjer fyrir búnaðarkennslu hvert í sínu lagi í litlum og verklegum stýl. Að lögskipa amtsskóla með láni úr landssjóði hefur þingið ekki einu sinni vald til gegn stjórnarskránni, 58. gr., og hlutarins eðli.

Jón Jónsson: Nefndin hefur aðhyllzt þá stefnu, að koma fram með nýtt frumvarp í staðinn fyrir 4, er hún hafði undir höndum, og hefur jafnframt að nokkru leyti aðhyllzt þá skoðun, sem við þingmenn Skagfirðinga höfðum komið fram með. Jeg er því samdóma nefndinni um, að stofna stærri skóla, en ósamdóma 2. þingmanni Norður-Múlasýslu. Það er reyndar hættulegt fyrir mig, að mæla móti honum, því jeg er ekki eins leikinn í að beita hugfræðislegum reglum og heimspekilegum hugmyndum. Hann var hræddur við «*centralisation*» og sagði, að «*Individualisma*» væri enn ekki gróðursett hjer á landi, en þessar hugleiðingar eiga sannarlega ekki við, þegar um skólamál landsins og aðrar framkvæmdir er að ræða. Það er satt, að það getur verið hættulegt, að draga stjórnarvald of mikið saman á einn stað. Jeg er samdóma þingmanninum um, að það sje góð regla, að dreifa stjórnarvaldinu, að neyða ekki sveitarstjórnir til að leita heimildar um sjerhvað smávegis til hjeraðsstjórnar, fjórðungsstjórnar eða landsstjórnar. En allt öðru máli er að gegna um framkvæmdir í skólamálum eða öðrum málum, sem eiga allt undir hluttekt einstakra manna. Þar hefur einmitt «individualisman» verið of mikil. Óhamingja vor í slíkum málum hefur einmitt verið, að kraptar hafa átt svo bágt með að sameinast. Hver hefur viljað kúra í sínu horni, án þess að sameina sig með öðrum til gagnlegra fyrirtækja, og þess vegna þurfum vjer einmitt á «*centralisation*», fjelagsskap, sem flestra að halda. Jeg er því nefndinni samdóma um, að betra er að hafa fjórðungsskóla en sýsluskóla, enda er þetta samkvæmt tillögum sýslunefndarinnar í Skagafjarðarsýslu í þeim 2 frumvörpum, er við þingmenn sýslunnar höfum lagt fyrir þingið, og nefndin hefur haft til meðferðar. En það skil jeg ekki, hvers vegna nefndin hefur ekki getað aðhyllzt tillögur sýslunefndarinnar um breyting á aðferðinni við að gefa reglugjörð fyrir slíkum skóla, og um hækkun búnaðarskólagjaldsins í sambandi við afnám eða lækkun ábúðarskattsins, og þótti mjer mjög leiðinlegt að tillaga þingmanns Eyfirðinga um þetta síðasta ekki var fengið nefndinni í hendur.

Benidikt Sveinsson: Jeg vildi að eins leiðrjetta hinn hraparlega misskilning hins háttvirta 2. þingmanns Skagfirðinga viðvíkjandi orðinu «*individualisme*»; jeg sagði einmitt, að hann væri svo mikill hjer á landi, sem afleiðing af staðháttum og öllu ásigkomulagi landsins, allt svo eðlilegt, að einstök sýslufjelög mundu vilja draga sig út úr og vera ein um, að ráða fyrir sig. Skoðað frá lagalegu sjónarmiði álít jeg, eins og jeg hef tekið fram, að þingið hafi ekki heimild til að haga þessu á þann hátt, að sýslufjelögunum sje ekki frjálst að bruka fje það, sem þeim er ætlað sem lán, eins og þeim bezt líkar og haganlegast er. Hinn háttvirti lögfróði þingmaður gjöri svo vel að kynna sjer betur 58. gr. stjórnarskrárinnar, en út lítur fyrir að hann hafi gjört.

Jón Ólafsson: Jeg er einn af þeim, sem ekki get fellt mig við nefndarálitið og ekki heldur við skoðun hins háttvirta 2. þingmanns Norður-Múlasýslu. Norðmenn

byrjuðu með því, að koma upp búnaðarskóla í hverju amti, en nú hefur reynslan sýnt, að þannig urðu skólarnir of margir, og hefur orðið að leggja suma niður, og svipta hina styrk, svo nú munu varla vera styrktir af ríkissjóði nema 1 eða 2 búnaðarskólar þar í landi. Ef nú Norðmönnum er það of vaxið, að hafa búnaðarskóla í amti hverju, þá má nærri geta, að oss er það líka of vaxið. Nú á hinum síðustu árum höfum við fengið marga góða búfræðinga, og hafa þeir þó átt að sækja til Noregs til þess að læra; hvað mundi þá verða, ef þeir hefðu 1 eða 2 skóla innanlands, sem þeir gætu gengið á? Jeg vil líka taka það fram, að á Norðurlandi er töluvert af landsómegðarskólum, og á Suðurlandi eins, eins og allir vita; því finnst mjer eðlilegast, að 2 búnaðarskólar yrðu stofnaðir, annar á Vesturlandi, en hinn á Austurlandi, því það er nauðsynlegt, að halda nokkru jafnvægi á milli fjórðunganna og láta ekki suma fjórðunga sitja fyrir öllum fjárveitingum. Mönnum er heldur ekki vandara um, að sækja til 2 búnaðarskóla á Vesturlandi og Austurlandi, heldur en til eins gagnfræðaskóla á Norðurlandi, og eins latínuskóla á Suðurlandi.

Framsögumaður: Hinn háttvirti 2. þingmaður Norður-Múlasýslu tók fram, að hann væri á móti allri «*centralisation*», og vildi fela sýslunefndunum á hendur yfirráð og umsjón búnaðarskólanna. Hvers vegna ekki hreppsnefndunum, til þess að dreifa því enn meira? Því næst er það, að ef sú stefna er tekin, að styrkja búnaðarskólana með láni úr landssjóði, þá mega sýslunefndirnar eptir lögunum ekki taka lán, nema með því að endurborga það á einu ári, án leyfis amtsráðanna. Hinn háttvirti 2. þingmaður Suður-Múlasýslu fór fram á, að það nægði, að stofna 2 búnaðarskóla, en það er ákveðið með lögum, að stofna búnaðarskóla í hverju amti. Jeg veit reyndar ekki um meðnefndarmenn mína, en jeg fyrir mitt leyti vil ekki taka málið aptur til nýrrar íhugunar, og álít jeg betra, að þeir, sem vilja koma því á nýjan farveg og eru færir um það, taki það að sjer. Mjer fundust annars uppástungur 2. þingmanns Norður-Múlasýslu ekki yfirgripsmeiri en svo, að þeim mætti koma að í breytingaratkvæðum við 2. umræðu málsins. Hjer er 1. umræða, og ef málið á fram að ganga, er nóg að vísa því til 2. umræðu, og þá er hægt að ræða breytingaratkvæðin, er þau koma.

Eiríkur Kúld: Jeg er hinni heiðruðu nefnd þakklátur fyrir það, að hún hefur þó ekki beinlínis gjört Vestfirðinga að olnbogabarni sínu, en bún hefði átt að muna eptir því, að þeir hafa hingað til verið það í samanburði við aðra, (*Jón Jónsson*: Stofnunin í Ólafsdal). Það hefði því verið sanngjarnara, að þeir hefðu fengið meira en hjer er tiltekið, og það er mjög sanngjarnt, sem 2. þingmaður Suður-Múlasýslu stakk upp á, að hafa að eins 2 skóla, annan á Vesturlandi, en hinn á Austurlandi. Hingað til hafa þeir enga skóla haft nema barnaskólann á Ísafirði, sem er þannig til kominn, að Ísfirðingar beiddu þingið, að þeir mættu leggja á sig nýja skatta til þess að koma honum á fót. Já, stofnunina í Ólafsdal vildi jeg helzt ekkert minnast á; það er góður styrkur fyrir manninn, sem nýtur fjárins, en búnaðarskóli er það enginn. Norðlendingar og Sunnlendingar hafa marga skóla, en Vestfirðingar hafa að eins mátt vera með í að borga þá, þar sem þeir gjalda til landssjóðs eins og hinir, en hafa sjálfir engan styrk fengið. Í nefndarálitinu er að eins talað um lán, en ekkert talað um, hvernig eigi að halda á fram með að koma þessum skólum á fót. Hinn háttvirti 2. þingmaður Norður-Múlasýslu vildi hafa allt eina smáskóla; jeg álít heppilegra, að hafa einn stóran, því bæði yrði hann ódýrari og meiri von af honum.

Arnljótur Ólafsson: Nefndin hefur ein-

mitt valið þá rjettu leið með fjórðungsskólana, og jeg er henni líka samdóma í öllu, sem hún hefur gjört; en jeg er henni ósamdóma um það, sem hún hefur látið ógjört. Jeg álít, að hún hafi ekki gengið nógu langt, þar sem í Skagafirði er þegar komin byrjun á og búið að kaupa jörð, kennari góður er til, og ekkert vantar því nema fje til að byggja skólahús, svo skólinn geti tekið til starfa að sumri komandi eða 1883 að minnsta kosti. Nemi menn nú staðar við frumvarpið, verður ekkert fje til að halda skólann, og greiða iðgjöld og vexti lánsins. Nefndin hefði því átt að hækka búnaðarskólagjaldið, svo ekkert hefði verið því til hindrunar, að skólinn gæti komizt sem fyrst á fót. Mig furðar, að nefndin ekki skyldi taka tillit til þessa, með því og að hún hafði gott og glöggt frumvarp fyrir sjer úr Skagafirði, og leggja 10 aura á hvert jarðarhundrað, og veit jeg þó, að hún ann búnaði, og vona jeg, að hún komi með viðauka- atkvæði um þessa álögu. Jeg vona, að nefndin taki þetta til greina, og skal jeg vera henni hjálplegur með — þó hún náttúrlega ekki þurfi minnar hjálpar við — að líta eptir, að þessi viðauki komi.

Forseti gat þess, að mál þetta væri fyrir þinginu í óvanalegu formi, þar sem nefndarálitinu fylgdu 4 frumvörp, og hefði nefndin þó ekki tekið tillit nema til 2 af þeim. Nú væri þó um tvennt að gjöra, annaðhvort að þingmenn tækju aptur frumvörp sín, eða hann kvaðst verða að láta ganga til atkvæða um hvert einstakt þeirra fyrir sig, og tæki það upp alllangan tíma, auk þess sem það gæti valdið ruglingi á málinu. Hann sagðist þá vilja skora á flutningsmenn frumvarpanna, að taka þau aptur, og gætu þeir svo gjört breytingartillögur eða komið fram með viðaukaatkvæði við nefndarálitið seinna meir, á þann hátt, sem þeir vildu.

Tóku þá flutningsmenn frumvörp sín aptur.

Framsögumaður kvaðst ekki ætla að gjöra 1. þingmanni Eyfirðinga grein fyrir því, hvers vegna nefndin hefði eiggi lagt það til, að hækkað yrði búnaðarskólagjaldið að svo stöddu, en kvaðst mundu skýra frá ástæðum nefndarinnar fyrir því við 2. umræðu málsins, ef það kæmist svo langt.

Með því að ekki tóku fleiri til máls, ljet forseti ganga til atkvæða um, hvort mál þetta skyldi ganga til 2. umræðu, og var það samþykkt í einu hljóði.

ÖNNUR UMRÆÐA Í NEÐRI DEILD,
á 24. fundi, 27. dag júlímánaðar.

Breytingartillögur
við frumvarp nefndarinnar um breyting á tilskipun um stofnun búnaðarskóla á Íslandi 12. febr. 1872.

a.

Við 1. grein. Upphaf greinarinnar orðist svo: «Í hverjum af hinum fornu landsfjórðungum skal stofna búnaðarskóla, og veitist amtsráðum landsins lán til þessa.

1. «Amtsráði norður- og austurumdæmisins» o. s. frv.

Við 3. grein bætist þessum orðum: «en landshöfðingi gjörir hinar nánari ákvarðanir um fyrirkomulag búnaðarskólanna og stjórn þeirra, eptir að hann um það efni er búinn að bera sig saman við amtsráð það, sem í hlut á.

4. grein (ný grein). Til að borga með kostnaðinn við búnaðarskólana, skal á hverju ári jafna niður 10 aur. á hvert jarðarhundrað í landinu eptir jarðabókinni 1861.

5. grein (ný grein). Gjald þetta skulu ábúendur greiða, og skal sýslumaður heimta það á manntalsþingum hvert ár, í fyrsta skipti 1883.

6. grein (ný grein). Skattur sá, sem lagður er á ábúð og afnot jarða í 2. grein laga 14. desbr. 1877 um skatt af ábúð o. s. frv., er færður niður í 10 a. og

skal hann heimtaður með þessari upphæð í fyrsta skipti á manntalsþingum 1883.

7. grein (ný grein). Tilskipun 12. febrúar 1872 um stofnun búnaðarskóla á Íslandi er úr lögum numin.

Fyrirsögn frumvarpsins:

«Frumvarp
til búnaðarskólalaga».

Friðrik Stefánsson. Jón Jónsson.
Arnljótur Ólafsson.

b.

1. gr. orðist svo:

Amtsráðum landsins veitist lán úr landssjóði til stofnunar tveggja búnaðarskóla, annars í vesturamtinu og hins í Austfirðingafjórðungi:

1. Amtsráði norður- og austuramtsins til skólastofnunar á Austurlandi fyrir amtið allt að . . . . . 30000 kr.
2. Amtsráði vesturamtsins til stofnunar búnaðarskóla á Vesturlandi fyrir vestur- og suðurömtin allt að . . . 30000 —

alls allt að 60000 —

Jón Ólafsson. Eiríkur Kúld.
Þorsteinn Thorsteinson. Þorvarður Kjerulf.
Þórður Magnússon.

c.

(Frá 2. þingmanni Norður-Múlasýslu).

1. grein orðist þannig: «Úr landsjóði veitist lán hverjum landsfjórðungi til stofnunar búnaðarskólum og búnaðarkennslu:

1. Norður- og austurumdæminu allt að 50,000 kr.
3. Vesturumdæminu — — 25,000 —
2. Suðurumdæminu — — 25,000 —

alls — — 100,000 —

2. grein orðist þannig: «Lán þessi skulu ávöxtuð og endurborguð með 6% í 28 ár af sýslufjelögum í hverjum landsfjórðungi eptir sömu hlutföllum og þau njóta lánsins, og eptir þeim reglum, sem nú gilda um sýslusjóðsgjald, nema öðruvísi verði ákveðið með lögum.

3. grein orðist þannig: «Amtsráðin skulu leita atkvæða sýslunefndanna um stofnun skólanna og búnaðarkennslunnar, ákveða bluttökuna í lánunum eptir tölu fasteignarhundraða og lausafjárhundraða samanlagðri, og hafa yfirumsjón skólanna og búnaðarkennslunnar.

4. grein (ný grein): «Tilsk. 12. febr. 1872 um stofnun búnaðarskóla skal úr lögum numin og skal búnaðarsjóðsgjaldið, sem safnazt hefur, falla til sýslufjelaganna eptir sama hlutfalli, sem það hefur verið goldið.

d.

Breytingartillaga

við breytingar- og viðaukatillögu við frumvarp til laga um breyting á tilskipun 12. febr. 1872 um stofnun búnaðarskóla.

(Frá 2. þingmanni Norður-Múlasýslu).

Við 1. gr. Orðin: «hverjum landsfjórðungi» og «1. Norður- og austuramtinu — 25000» falli burtu. «Alls» breytist í «allt að».

Við 2. gr. «í hverjum landsfjórðungi — með lögum» falli burtu,

Við 3. gr. Orðin: «og lausafjárhundraða samanlagðri og» falli burtu.

Framsögumaður (*Grímur Thomsen*): Af því jeg ímynda mjer, að breytingartillögur þær, sem fram hafa komið, kunni að hafa einhverja leynda kosti til að bera, þá ætla jeg að heyra skýringar og meðmæli þeirra þingmanna, er komið hafa fram með þær.

Friðrik Stefánsson: Framsögumanni gat varla verið ókunnugt um, að frá mjer mundi koma breytingartillaga í þessa stefnu, því jeg tók það fram í nefndinni. Jeg var ánægður með lánið eða upphæð þess, því það var að mínu áliti nægilega mikið til að stofna búnaðarskólana, en jeg gat ekki sjeð, að þeir gætu borið sig, nema með því að hækka búnaðarskólagjaldið, svo framarlega sem skólunum væri ekki lagt fje úr landssjóði, annaðhvort árlegt tillag, eða þá ríflegt

tillag í eitt skipti fyrir öll, en nú sjá allir, að ekki dugar að hækka búnaðarskólagjaldið, nema jafnmikið sje lækkaður ábúðarskatturinn, því annað væri hófleysa, og því fer breytingartillaga mín og samþingismanns míns fram á, að lækka ábúðarskattinn ofan í 10 a., en hafa búnaðarskólagjaldið aðra 10, sem samlagt svarar næstum til ábúðarskattsins, sem nú er. Framsögumaður veit, að fyrir norðan er búið að kaupa Hóla í Hjaltadal, og ef lánið verður veitt, þá er hægt að byggja þar nú þegar, en þá er ekkert fje til að byrja með skólann, og þó búnaðarskólagjaldið yrði hækkað, þá breytir það ekkert aðalstefnu frumvarpsins.

Jón Jónsson: Viðvíkjandi breytingartillögu okkar 3 þingmanna við 1. gr. sneitir, þá inniheldur það, eins og hinn háttvirti samþingismaður minn tók fram, mjög litla efnisbreytingu; við höfum einungis viljað haga því svo, að mögulegt yrði að stofna fjórðungaskóla. 3. gr. vona jeg að nefndin hafi ekki neitt á móti; hún er samhljóða frumvarpi sýslunefndarinnar í Skagafirði, er nefndin enn ekki hefur getað sett neitt út á; sama er um 4. og 5. gr. 6. gr. er hækkun búnaðarskólagjaldsins, og hefur sýslunefndin, eins og hinar prentaðar ástæður við frumvarpið um búnaðarskóla á Hólum sýna, gjört ráð fyrir því, að ábúðarskatturinn yrði lækkaður um leið og búnaðarskólagjaldið væri hækkað.

Framsögumaður: Jeg ætla þá fyrst að virða stuttlega fyrir mjer breytingartillögur 5 þingmanna. Þar er ekki gjört ráð fyrir, að nema úr lögum tilsk. 12. febr. 1872, og ætlast þeir þá til, að hún standi eptir sem áður. Ef jeg man rjett, þá var það 2. þingmaður Suður-Múlasýslu, sem ljet þá skoðun í ljósi, að bezt mundi að stofna ekki nema 2 skóla, og hafa þá á Vesturlandi og Austurlandi, því á Suðurlandi og Norðurlandi væru margir skólar, en enginn í hinum fjórðungunum. Jeg skal geta þess, að þeir skólar, sem eru á Suðurlandi og Norðurlandi eru landsskólar eða fyrir allt landið, og það er ekki rjett hugsað, að hafa það fyrir ástæðu, að setja skólana þar, að engir skólar sjeu þar áður. Þar við bætist og það, að á Vesturlandi er skólastofnun, sem er studd af hinu opinbera, skólastofnunin í Ólafsdal. Þar hafa 5—6 ungir menn lært nú í 2 ár, og eptir skýrslu, sem jeg hef sjeð um hana, verð jeg að álíta, að hún sje mjög góð og gagnleg. Stofnun þessari voru fyrst veittar 1000 kr. i eitt skipti fyrir öll, því næst 200 krónur á hverju ári, og enn styrkur handa kennslupiltum, 200 kr. hverjum fyrra árið, en 100 kr. síðara. Stofnunin í Ólafsdal hefur þannig fengið 3,550 kr., og vona jeg, að menn af þessu geti sjeð, að Vesturland ekki hefur farið varhluta af búnaðarskólum og styrk af hinu opinbera. Þegar nú landið er búið að kosta slíku upp á þennan skóla, á þá að ónýta hann og fara að setja upp annan skóla við hliðina á honum?

Á Austurlandi er mjer kunnugt um, að búfræðingur Halldór Hjálmarsson á Hauksstöðum í Vopnafirði annaðhvort er búinn eða hefur í hyggju, að sækja um styrk til amtsráðsins til að stofna búnaðarkennslu, en á Norðurlandi og Suðurlandi er enginn vísir til búnaðarskóla, því búnaðarkennsluna við Möðruvallaskólann get jeg ekki talið, enda er nú í ráði að af nema hana. Jeg vona því, að menn sjái, að ekki er næg ástæða til þess, að setja skólana einungis á Vesturlandi og Austurlandi. Það er undarlegt, að vilja taka fram fyrir hendurnar á amtsráðunum með það, hvar skólarnir skuli vera, því það mun ekki líða á löngu, áður en þeir landsfjórðungar, sem út undan verða, biðja um álíka lán og hjer er gjört ráð fyrir, og mun þá landsstjórnin álíta sjer skylt, að veita það samkvæmt tilsk. 12. febr. 1872, því sú ákvörðun stendur, fyrst hún er ekki úr lögum numin. Þetta vona jeg að uppástungumennirnir sjái.

Þá kemur breytingartillaga 2. þingmanns Norðu-Múlasýslu. Stefna hans er sú, að í staðinn fyrir fjórðungsskóla vill hann hafa sýsluskóla. Hann vill dreifa. Jeg skal vekja athygli hans á því, að ef tillaga hans næði fram að ganga, þá yrði öllum sýslum

í landinu veittar 100,000 kr., og kæmi þá á hverja sýslu 5000 kr., og með því ætti að stofna og við halda búnaðarskólum. Jeg skal einnig vekja athygli hans á því, að amtsráðin hafa fleiri tekjuuppsprettur en búnaðarskólagjaldið, sem sýslunefndir hafa ekki; þau hafa fje til eflingar búnaði og styrk til ungra búfræðinga; þessum tveim tekjuuppsprettum mundu amtsráðin álíta sjer skylt að verja til búnaðarskólanna. Viðvíkjandi forminu á breytingartillögunni, þá finnur maður hvergi þá *júridisku* persónu, sem lánið er veitt. Það er ekki veitt sýslunefndum nje amtsráðum; hverjum er það þá veitt? Honum sjálfum, þingmanninum? Það er ekki sanngjarnt, að leggja gjald, til að endurborga lánið með, að eins á fasteignarhundruð í landinu, því fleiri hafa gagn af búnaðarskólum en jarðareigendur; ábúendurnir hafa líka gagn af þeim. Þá kemur breytingartillaga 1. þingmanns Eyfirðinga, og datt mjer í hug, er jeg sá hana: Hjer eptir skuluð þjer menn veiða, og fann jeg strax agnið, lækkun búnaðarskólasjóðsgjaldsins. Jeg skil ekki, hvernig það getur átt við, að af nema ósamkynja lög með breytingartillögum. Hjer er alininni snúið í aura. Nú getur meðalverðið breytzt og verið misjafnt í ýmsum pörtum landsins, er þetta þá jöfnuður? Það er ekki heppilegt, eins og nú árar, að fara að leggja á ný gjöld; 1877 var það stefna þingsins, að lækka heldur öll gjöld til amtsjafnaðarsjóðanna, en nú er hún að hækka þau. Jeg óska og vona, að þingmaður Eyfirðinga taki breytingartillögurnar aptur, og komi fram með þær við 3. umræðu betur orðaða.

Þórður Magnússon: Jeg vil geta þess, að jeg skrifaði af þeirri ástæðu undir breytingaratkvæðið, að jeg áleit okkur ofvaxið, að byggja nema 2 skóla í einu. En það var af sjerstökum ástæðum, að jeg vildi heldur hafa þá á Austurlandi og Vesturlandi. Jeg held einnig, að ef skóli kæmist á í vesturamtinu, þá gæti hann notazt fyrir suðuramtið líka. Mjer sýnist of mikill kostnaður, að byggja 4 skóla, og betra sje, að hafa fyrst reynslu af tveimur. Eigi að síður held jeg ekki fast við það, að skólinn standi í vesturamtinu, þó að mjer þyki það eðlilegast, þar sem það hefur orðið út undan öllum skólum, nema þessum í Ólafsdal, og þar er upp unninn. (*Guðmundur Einarsson*: Nei.). Jeg vil við 3. umræðu koma með breytingartillögu, ef þessi fellur, í þá átt, að hækka tillagið upp í 30,000 kr.; það má ekki minna vera. Ef til vill er nóg að hafa einn skóla fyrir bæði ömtin, og þá gæti hann fengið meira fje.

Benidikt Sveinsson: Það gladdi mig, að þingmaður Skagfirðinga hefur reynzt skilningsbetri en framsögumaður Hinn háttvirti framsögumaður byrjaði á því, að jeg hefði um daginn álitið stefnu nefndarinnar rjetta, en nú hefði jeg komið fram með breytingaratkvæði, er færi í allt aðra átt, eða með öðrum orðum: væri sjálfum mjer ósamkvæmur. Þetta sýnir, að framsögumaður hefur annaðhvort ekki skilið mig eða þá ekki munað, hvað jeg sagði. Jeg sagði þá, að nefndin hefði stungið upp á láni til búnaðarskóla, en hvernig því að öðru leyti skyldi varið, eða hvernig hún hefði hugsað sjer fyrirkomulag skólanna, það skildi jeg ekki, og jeg gat þess sjer í lagi, að það væri næst mínu áliti, að sýslunefndunum væri í sjálfs vald sett, hvort þær vildu slá sjer saman með stofnun skólanna, eða þá vera einar um sína hitu, en jeg væri því alveg mótfallinn, að valdbjóða þetta lán án samþykkis eða álita sýslunefndanna. Þetta talaði jeg. Hann gat því sparað sjer þennan útreikning um sýslurnar, með að jafna niður þessar 5000 kr., því jeg mun geta sýnt og sannað, að lánin eiga að vera frjáls. Hann sagði, að amtsráðin hefðu mikið fje til umráða til eflingar búnaði, styrks handa búfræðingum o. s. frv. Hvaða lög eru það, sem tryggja amtsráðunum fje handa búfræðingi? Ef á fjárlögunum er veitt fje í vissum tilgangi, t. a. m. styrkur handa búfræðingum o. fl., þá getur amtsráðið ekki tekið það fje og lagt til búnaðarskóla. Jeg veit með vissu,

að þess konar fjárveitingar eru ávallt bundnar vissum skilyrðum, sem eigi verður út af brugðið. Þá sagði hann það væri gagnstætt tilskipun sveitanefnda, að veita þeim lán. Það er skrítin tilskipun. Nýr lærdómur enn. Hinum háttvirta framsögumanni er lagið að kenna mönnum, einkum lög, en það er mein að því, að hann hefur svo stuttan tíma til þess. Hann sagði enn fremur, að það vantaði «*juridisk Person*», sem lánið ætti að ganga til. «Beneficia non obtruduntur». Það verður ekki nauðgað upp á neinn velgjörðum. Meiningin er ekki önnur en sú, að lánið sje tilboðið; það er ekki skipun um, að taka lánið, og hann hlýtur þó að skilja það, að hverjum, sem lán er veitt, hann er skyldur að borga það aptur. (*Framsögumaður*: Hverjum er það veitt?) «Hverjum», segir hann. Komi hann og lesi með mjer. Það eru sýslunefndirnar, sýslusjelögin; en mjer þótti ekki eiga við, að segja: «sýslunefndir *skulu taka lán*». Getur verið, að framsögumaður líti öðruvísi á það, en jeg. Sýslusjelögin eru «*juridisk Person*», eins og amtsráðin, og það er eins hægt að koma fram lögum gegn þeim eins og amtsráðunum.

Jeg hef ekki viljað annað, en benda á, að það ætti að vera frjálst mál fyrir sýslurnar, að takast kennsluna á hendur með þeirri hjálp, sem fengizt gæti, en nefndin hefði útilokað þær frá öllum rjetti. Og nú sný jeg til gullnámunnar, er framsögumaður hjelt að amtsráðin ættu yfir að ráða, og sem hann vill endurborga lánin með. Það eru lausafjárhundruðin. Jafnaðarsjóðsgjaldið er lagt eingöngu á lausafje, og mjer er ekki vitanlegt, að það geti lagzt á annað. Það er allt svo lausafjeð, sem hann vill láta endurborga með; en það vita allir, að gjöld til jafnaðarsjóðs hafa verið þyngstu, óvinsælustu og ójöfnustu gjöld, og svo mundi enn verða, ef þau væru íþyngd. Jafnaðarsjóðir hafa þegar borið þungar byrðar af fjárkláðanum, og það er ekki forsvaranlegt, ekki leyfilegt fyrir þingið, að íþyngja með gjöldum til þeirra.

Öðru máli er að skipta um sýslusjóðsgjaldið; það er lagt á sameiginlega tölu fasteignar- og lausafjárhundraða, og það er eðlilegra. Það ætti að meiri hluta að minnsta kosti, ef til vill alveg, að leggja þetta gjald á fasteignir, því fasteignin batnar við skólana, sjeu þeir að gagni. Á lausafjenu er nóg. Lausafjeð er einn hinn valtasti gjaldstofn, og það er sannarlega merkilegt, að annar eins fjárhagsmálavitringur, eins og framsögumaður er, skuli ekki sjá, hve svipult þetta gjald er, ef lausafjeð hrynur niður, já, svo svipult, að þótt búnaðarskólarnir sjeu nauðsynlegir, þá vil jeg ekki leggja gjald til stofnunar og viðhalds þeirra með þessum kostum. Jeg leyfi mjer að minna framsögumann á, að amtsráðin eru ekkert annað en «*bureaukratiskur kóngulóarvefur!* Jeg vona þingmenn játi og samþykki, að ef þeir ættu að skipa á um umboðsstjórnina, þá mundu þeir gjöra hana sem einfaldasta og kostnaðarminnsta, og ekki hika sjer við, að rista í sundur þennan kóngulóarvef, þennan millumlið, *amtráðin*

Jeg fylgi því fast fram, að sýsluljelögunum sje sjálfrátt, að brúka þetta fje; í hverri sýslu geta menn bezt lært það, sem bezt á við í þeirri sýslu; það verður ef til vill ekki bezt annarstaðar,

Jeg skil ekki, að þingmaður Borgfirðinga, sem er svo sanngjarn, skuli kasta þungum steini á mig fyrir það, þó að jeg víki þetta hænufet frá honum í þessu máli.

Jón Ólafsson: Jeg ætlaði varla að standa upp í þessu máli, en hinn háttvirti framsögumaður hefur neytt mig til þess, því að svo virtist í ræðu hans nú, sem hann hafi að eins tekið eptir því, sem jeg taldi vera aukaástæður mínar við 1. umræðu þessa máls fyrir breytingaratkvæði mínu, en gleymt með öllu höfuðástæðunum. Jeg verð að taka það upp aptur, að það voru aukaatriði, að jeg stakk upp á því, að hafa skólana á Vesturlandi og Austurlandi, til að bæta það upp, hvað þessir fjórðungar eru út undan með skóla; en aðalatriðið var

það, að jeg áleit, að rjettara væri, að hafa skólana ekki 4, heldur að eins 2, og jafnvel heldur 1 en 2. Fyrir þeirri skoðun minni færði jeg ástæður við 1. umræðu, og jeg hef enn þá skoðun, að 2 skólar góðir og vel úr garði gjörðir verði að meiri notum, heldur en 4 miður fullkomnir, og það jafnvel þótt ekki væri nema 1. Í Noregi er reynsla fyrir því, eins og jeg gat um um daginn. Auk þess höfum við ekki svo marga búfræðinga til í landinu, að nægi 2 skólum, auk heldur því fleirum. Því að til hvers skóla nægir ekki að minni hyggju minna en 2 búfræðingar, ef kennslan á að verða fullkomin. Til 4 skóla þyrfti þannig 8, en svo margir eru ekki til af búfræðingum, sem færir sjeu um að vera kennarar, því að það er allt annað, þótt búfræðingur geti ferðazt um og sagt bændum til, heldur en að kenna á búfræðisskóla.

Viðvíkjandi breytingartillögum, sem fram hafa komið, furðar mig mest á einu, sem hinn háttvirti þingmaður Eyfirðinga stendur undir, og fer fram á, að lækka ábúðarskattinn niður í 10 aura. Vor merki auðfræðingur, presturinn á Bægisá, hefur sýnt og sannað, og varið til þess miklum hluta árgangs af einu dagblaði, að ábúðarskatturinn væri rjettlátlegur, já, rjettlátlegasti allra álagna, og er jeg fullkomlega samdóma prestinum á Bægisá, en get ómögulega fallizt á þessa tillögu 1. þingmanns Eyfirðinga.

Guðmundur Einarsson: Mjer fannst hinn háttvirti 2. þingmaður Norður-Múlasýslu vera mest að berjast við skugga sinn í ræðu sinni. Búnaðarsjóðirnir heyra ekki undir sýslunefndirnar, heldur undir amtsráðin, og þau eru einráð um, að verja vöxtunum eptir því, sem þeim þykir bezt henta. Þau geta einnig varið því fje, sem ætlað er til eflingar búnaði, eptir eigin vild með samþykki landshöfðingja, og þau hafa enn fleiri ráð til að ljetta undir með, að vextir og afborgun verði greidd án þess, að íþyngja mjög jafnaðarsjóðum amtanna. Jeg er samþykkur hinum háttvirta 2. þingmanni Suður-Múlasýslu um það, að því færri sem skólarnir eru, því meiri líkindi eru til, að þeir verði sem fullkomnastir og komi að sem beztum notum. Við megum heldur ekki fara í fjórðungakrit. Aðalatriðið er það, að fá beztu jarðirnar fyrir skólana og í sem hentugustu hjeraði, hvar svo sem það er, og skólann sem bezt búinn út sem unnt er. En hvað því viðvíkur, sem hinn háttvirti 2. þingmaður Ísfirðinga sagði, að bráðum væri eigi hægt að gjöra meira í Ólafsdal, þá kom jeg þar í vor og leizt mjer mjög vel á allar framfarir þar, og þó að jeg sje ekki búfróður maður, þori jeg að fullyrða, að þar er nóg að jarðabótum að vinna fyrir 10 menn í 20 ár. Þótt búnaðarskóli væri stofnaður fyrir vestan, ætti skólinn í Ólafsdal að halda eins áfram fyrir því; þeir menn, sem þaðan koma, reynast þá öðruvísi, en jeg held þeir muni reynast, ef þeir eigi verða að góðum notum, og víst er það, að sótzt er eptir þeim, sem forstöðumaður skólans kenndi, áður, en skólinn var stofnaður. Jeg er sannfærður um, að Ólafsdalsskólinn verður að tilætluðum notum, því forstöðumaður hans er einn af hinum háttprúðustu, greindustu, starfsömustu og fjölhæfustu mönnum, sem vjer Íslendingar eigum.

Arnljótur Ólafsson: Jeg skal ekki tala um aðrar breytingartillögur en veslingsbreytingaratkvæði það, sem mitt nafn stendur undir. Jeg er hinum háttvirta framsögumanni þakklátur fyrir orð þau, sem hann vjek að því, jafnvel þótt jeg sje eigi höfuðsmaður breytingartillögunnar, svo að jeg vona, að hann snúi sjer næst í aðra átt en til mín. Það er stefna og tilgangur breytingartillögunnar, að bæta við uppástungu nefndarinnar. Nefndin hefur veitt heimild til, að taka lán handa búnaðarskólum, en leggur engin ráð, hvernig borga skuli. En jeg sje ómögulega, hvernig hægt er að kaupa jörð, byggja skólahús og halda skóla, án þess að bækka mikið búnaðarskólagjaldið. Eptir kunnugleik mínum um búnaðarskólasjóðinn í norður- og austur-umdæminu, hrökkur hann eigi til að kaupa nema

eina jörð, auk heldur 2, og þegar nú þar við bætist skólahússbygging, áhaldakaup, innan stokks og utan, og verkfæri til kennsl unnar, til alls þessa þarf mikið fje, ef skólinn á að vera meiri en nafnið tómt. Jeg veit það, að skólinn í Ólafssdal á ekki eigur en formaður hans er duglegur bóndi og góður, og hefur óbeinlínis hág af vinnunni á jörðinni. En þegar búnaðarskóli á að koma að fullum notum, má ekki einungis gá að því, hvern ábata sú eða sú jarðabót gefur eptir 1, 2 eða 3 ár, heldur er verkefni búnaðarskólans með fram og að sumu leyti einkum að gjöra tilraunir, t. d. um sáðjörð, hversu djúpt á að sá, hverjum jurtategundum á að sá í þessa jörð o. s. frv., hve nær bera skal á, og hvaða áburð á þessa jörð, o. s. frv., hvenær á að slá, og margt fleira. Í fám orðum sagt: búnaðarskólinn á að gjöra búnaðarfræðina innlenda og gagnlega, því enn er hún útlend og ólandvanin hjer. Ef nefndinni er það full alvara, að koma á almennilegum búnaðarskólum, þá þarf til þess talsvert fje, því skólinn þarf endilega að eiga sitt eigið bú og ganga fyrir sinn reikning. Þessa vegna hef jeg skrifað undir breytingartillögu þessa, að leggja 10 aura gjald á hvert jarðarhundrað, og studdist jafnframt við tillögur sýslunefndarinnar í Skagafjarðarsýslu. En ef vjer leggjum nú 10 aura gjald á hvert jarðarhundrað, getum vjer þá, megum vjer þá, að jeg taki upp orð hins háttvirta flutningsmanns, lagt á þetta gjald nú í þessu ári, án þess að taka eitthvað af í staðinn? Nei, sannlega ekki. Þess vegna neyddumst vjer að lækka ábúðarskattinn, ekki af því, að jeg hafi á móti honum, því að jeg er alveg samdóma prestinum á Bægisá um það, að ábúðarskatturinn væri góður, ef ekki væri lausafjárskatturinn líka. En svo höfum vjer til tekið ábúðarskattinn í peningum. Menn munu finna agnúa á þessari tillögu. En er það nú sanngjarnt og rjettilegt, að verðlagsskrárnar, sem eru svo misjafnar, sjeu mælikvarði fyrir sköttum landsins? Er það sanngjarnt, að sveitabóndinn greiði því hærri skatt, sem fisknrinn er dýrari, sem hann þarf að kaupa sjer til matar? eða sjávarbóndinn gjaldi meira í skatt, af því að kjötið er dýrara, ullin, skinnin o. s. frv.? Fóður og dagsverk eru þeirrar tegundar, að því dýrara sem fóður er, því verra er í ári, og því ver er bóndinn staddur, og því er ekki rjett, að hann hafi þá hærri sköttum að svara. Þar sem nú alinin er að jafnaði hæst í Ísfjarðarsýslu, og enda í öllum Vestfirðingafjórðungi, en aptur lægst í Rangárvallassýslu, ætli nú segi jeg, Vestfirðingar sjeu þeim mun ríkari en Rangæingar, sem alinin þar er hærri? Nei, engum getur dottið það í hug. Jeg vona því, að hinn háttvirti framsögumaður sje mjer ekki reiður, þótt þessu landauragjaldi sje breytt í peningagjald. Auk þess hafa peningarnir annan kost. Bóndinn þarf ekki að bíða eptir reikningi frá skatttakanda, til þess að vita, hvað hann á að greiða af jörð sinni, ef það er bundið við aura, en ekki við landaura. Aurarnir standa fastir, en landaurar breytast árlega.

Við segjum reyndar í 1. gr. breytingartillaganna «*skal*», en ályktuðum þó ekki svo, að í því lægi þvingun. Engum getur dottið í hug, að stofna búnaðarskóla í hverju amti sem er, án vilja amtsbúa; en jeg vildi, að það yrði vilji allra landsfjórðunga, að stofnaðir yrðu búnaðarskólar.

Jeg skal játa það, að það er óviðkunnanlegt, að lækka ábúðarskattinn í frumvarpi, sem er um búnaðarskóla; en jeg held, að frumvarpið nái eins undirskriptum konungs og ráðgjafans fyrir því. Í fjárlagafrumvarpinu 1879 var öllu lakari tillaga um landritarann og amtmannaembættin og aðrar þess háttar tillögur, og náðu þau þó undirskriptum. Það er satt, að landssjóðurinn missir dálítið við þessa tilhögun, en hann þarf þá að gjalda minna til landbúnaðarins.

Tryggvi Gunnarsson: Jeg tek undir með þingmanni Dalamanna, að hollast muni að hafa skólana fáa og góða. Það er næst sannfæringu minni, að tveir skólar að eins væru stofnaðir fyrst um sinn, og það af þeim ástæðum, að því meira sem kennslu-

kröptunum er safnað saman, því betri verður kennslan, það er að segja, þegar maður hefur fast ákveðna og litla fjárupphæð yfir að ráða. Þó að 4 skólar hefðu auðvitað þann kost fram yfir tvo skóla, að mönnum væri bægra að sækja þá, þá kemur aptur þar í móti, að kennslan í stærri skóla verður fullkomnari en í þeim litla. Fyrst landið hefur nú ekki ráð á að verja í bráð meira en 100,000 kr. til þessa fyrirtækis, þá er auðsjeð, að tveir skólar yrðu betri en 8 skólar, sem ættu að byggjast fyrir þetta fje, auk þess sem viðhaldið og hinn árlegi kostnaður yrði miklu meiri til hinna mörgu skóla, en til hinna fáu. En allt um það þori jeg ekki að ráða frá, að stofna 4 skóla, því að væru skólarnir að eins 2, yrði annar þeirra að standa á takmörkunum milli suður- og vesturamtsins, en hinn nálægt takmörkum Norðurlands og Austurlandsins, sem mundi vekja talsverða óánægju, og ef til vill verða til þess, að skólinn yrði lítið sóttur fyrst í stað, því mjer er kunnugt, að Norðlingum er kapp á að fá skóla hjá sjer og Austlendingum hjá sjer, og ef sú yrði niðurstaðan síðar meir, að hafa fjórðungsskóla, þá stæðu þessir skólar nálægt takmörkunum mjög óhentuglega. Af þessu sjest, að jeg er á gagnstæðri skoðun við hinn heiðraða 2. þingmann Norður-Múlasýslu, þar sem hann talaði um, að stofna smáskóla. Þeir mundu verða allt of kostnaðarsamir. Með 10 aura gjaldi af hverju fasteignarhundraði fengist þó ekki nema 1100 kr. handa hverjum skóla, ef þeir væru 8 í landinu, þegar hver þeirra tekur sinn hlut úr þessum 100,000 kr., þá kemur í hvers hlut 12,500 kr., og þar af verður hver þeirra að svara í leigu og afborgun um árið 750 kr. Þegar hinn háttvirti þingmaður gætir þess, að eigi eru eptir nema 350 kr. til að launa kennurum og við halda skólanum, þá vona jeg hann sannfærist, og fari á sömu skoðun í þessu efni sem jeg. Þingmanninum skildist enn fremur svo, að landsmenn væru skyldaðir til að taka lán, og láninu væri neytt upp á þá, en þetta er ekki rjett; þeir geta látið bíða að taka lánið, eins lengi og þeir vilja, en taki þeir það einhvern tíma, þá eru þeir skyldugir til að verja því fje samkvæmt skilyrðinu, og fá því að eins lánið, að eigi sje byggt í smærri stýl en fjórðungsskólar. Við þessa ákvörðun í síðustu grein frumvarpsins vildi jeg gjöra dálitla breytingu til 3. umræðu, sem kvæði skýrt á um þetta, til þess að fyrirbyggja allan misskilning. Niðursetning ábúðarskattsins er breyting á skattalögunum, sem eru enn barnung og ekki óvinsæl meðal almennings; jeg get því ekki gefið þessu atkvæði mitt; við þessa breytingu raskaðist samkvæmni sú, sem er í lögunum. Húsaskatturinn er 1500 kr. árlega, en ábúðarskatturinn ekki nema 18000 kr. Nú verða menn að gæta þess, að ábúðarskatturinn er ekki eingöngu lagður á afrjettir, almenninga eða eyðilönd, heldur á byggð lönd, þar sem bæir standa, og bæði menn og skepnur hafa húsaskjól, engu síður en í kaupstöðum. Það mun ekki fjærri því sanna, að 5,000 landsbúa lifi í húsum þeim, sem húsaskattur er greiddur af, en 65,000 í bæjum, sem fylgja jörðum, eða $^{13}/_{14}$ af landsmönnum. Þegar húsaskattinum er jafnað niður á fólkstölu, þá koma 30 aurar á hvern mann, sem býr í timburhúsum, en 27 aurar á hvern þann, sem býr í húsum þeim, er jörðum fylgja. Mjer sýnist þetta undarlegt, ef þeir ættu ekki eins að greiða nokkuð til landssjóðs fyrir húsaskjólið, eins og hinir, en sem alls ekki yrði, ef ábúðarskatturinn væri af tekinn. Því segi jeg það, að með þessu kæmi ósamkvæmni í lögin, og greiði jeg því atkvæði móti þessu 10 aura gjaldi og móti öllum þeim uppástungum, sem raska skattalögunum í bráð, eða sem fara fram á, að koma upp fleirum en 4 búnaðarskólum í landinu.

Halldór Friðriksson: Þetta mál er nú orðið svo til hlítar rætt, að það er líklegt, að mönnum sje orðið það nokkurn veginn ljóst. Jeg verð enn að ætla, að nefndin hafi tekið rjetta stefnu. Jeg er reyndar þeirrar skoðunar, að í raun rjettri sje nóg að hafa 2 skóla, og meira að segja, að einn væri nógur, og affarasælast yrði, að hafa

að eins einn, og jeg held, að Íslendingar gjörðu rjettast í, að halda sjer til þess, að hafa að eins einn skóla, en nefndin vildi þó eigi fara því fram, og þannig útilykja hina landsfjórðungana frá að stofna skóla, af því að vjer þekktum andann í landsmönnum og hugsunarhátt manna í því efni, að hver landsfjórðungur hefði sína stofnun fyrir sig; en það var alls eigi ætlun nefndarinnar, að skylda neinn fjórðung til að stofna skóla. Jeg vil þvert á móti vona, að landsmenn ráðist ekki í að stofna fleiri skóla en svo, að þeir geti komizt af án mikilla nýrra skatta. Það er reyndar mín skoðun, að kostnaðurinn yrði ekki svo ákaflega tilfinnanlegur, þó 2 skólar væru stofnaðir, ef haganlega væri að farið. Sveinn Sveinsson búfræðingur bað að eins um lán í 10 ár rentulaust; þessi kostnaður óx sumum í augum, af því að hann yrði 10000 kr. alls, en það er þó eigi nema 1000 kr. um árið; en getur nokkur maður verið það barn, að vonast eptir, að geta stofnað góðan búnaðarskóla á opinberan kostnað þannig, að hinn árlegi kostnaður verði minni en 1000 kr.? Vildi nú t. a. m. suðuramtið og vesturamtið stofna skóla í sameiningu, eiga þau talsvert til þess. Búnaðarskólasjóður vesturamtsins er 8527 kr. og suðuramtsins . . . . . 5755 —

14282 —

og þar að auki er búnaðarsjóður vesturamtsins, og á hann, að mig minnir, milli 7 og 8 þúsunda króna, og þegar leigurnar af þessum sjóðum eru taldar saman, þá er talsvert komið upp í það, sem Sveinn Sveinsson bað um, sem var eptirgjöf á leigum af láninu í 10 ár, og auk þess er jeg sannfærður um, að búnaðarfjelag suðuramtsins mundi styrkja þennan skóla að nokkru. Með þessu móti þarf því mjög litla álögu, en allt er undir því komið, að koma skólanum vel fyrir. 2. þingmaður Norður-Múlasýslu talaði um, að stofna sem flesta skóla, sýsluskóla. Þetta er nú auðsjáanlega til að dreifa kröptunum sem mest, til að eyða allri menntun í búfræði, enda mundi og missast allmikill styrkur við það. Þær sýslur, sem skóla vildu hafa hjá sjer, mundu ekki gjalda neitt til þess skóla, sem stofnaður kynni að verða fyrir fjórðunginn allan, eða tvo í sameiningu; dregst því sá styrkur frá, sem þær hefðu að tiltölu veitt einum stórum skóla. Enn fremur verðum vjer að líta á það, að við höfum ekki kennara í alla þessa smáskóla, því að þeir, sem kenna, verða að vera færir um að kenna og það nákvæmlega. En því að eins getum vjer búizt við, að búnaðinum hjer á landi fari fram, að góð og nákvæm tilsögn verði fengin, en eigi með því, að fá marga búfræðinga, sem enginn kunni að landbúnaði til hlítar. Það var eins og þingmaðurinn hjeldi, að það væri óleyfilegt að verja því fje, sem ætlað er í fjárlögunum til eflingar búnaði, til búnaðarskóla. Hvað skyldi geta verið móti því? Svo kem jeg til breytingartillögu þeirrar, sem þingmaður Eyfirðinga stendur seinastur undir; jeg vil setja hann fyrstan. Jeg skil sannarlega ekki, hvernig þingmaðurinn fer að bjóða, að stofna búnaðarskóla, hvort sem landsbúar vilja eða eigi. Hann segir í breytingaratkvæði sínu, að «stofna *skal*» búnaðarskóla. Það getur þó sannarlega ekki verið tilætlun hans, að gjöra amtsráðinu að skyldu að stofna skólann, nema landsbúar vilji. En svo kemur aðalatriðið, sem honum hefur legið mest á hjarta, og það er ábúðarskatturinn. Hann hefur hugsað sem svo: ef jeg kem inn litla fingrinum, þá get jeg ef til vill komið síðar inn allri hendinni. Ábúðarskatturinn er nú búinn að fá alla ókostina, sem lausafjárskatturinn hafði hjá hinum sama þinngmanni. Jeg man eigi betur, en að þessi sami þingmaður segði 1877, að ábúðarskattur hefði sex kosti, en lausafjárskatturinn aptur á móti 7 ókosti. Jeg verð að telja það mjög óheppilegt, að breyta þannig lögum, sem flestir landsbúar eru ánægðir með; að minnsta kosti væri undarlegt, ef að eins 2 sýslur á landinu ættu að geta ráðið svo lögum og lofum, að þeim væri breytt að eins þeirra vegna; þá þætti mjer Norðlendingavaldið of

ríkt, verð jeg að segja, ef óánægja þingeyinga einna ætti að vera nóg til þess, að breyta þeim lögum, sem eru að allra ætlun, að því að mjer er frekast kunnugt, svo vinsæl, sem nokkur skattalög geta verið, hjá öllum þorra landsbúa. Allir þeir, sem við mig hafa talað um þetta gjald, hafa sagt, að það væri hið vinsælasta og viðfelldnasta gjald, sem fengizt gæti.

Varaforseti: Þetta er eitt hið mesta velferðarmál landsins, og er því þess vert, að það verði sem bezt íhugað og skoðað frá öllum hliðum. Öllum kemur saman um það, að taka þurfi lán úr landssjóði til þess að stofna búnaðarskóla í landinu; án þess verða þeir ekki stofnaðir, sízt að sinni eða um lengri tíma. Hitt læt jeg ósagt, hvort að nauðsynlegt er að ákvarða það með lagaboði. Aptur á móti eru menn eigi á eitt sáttir um tölu búnaðarskólanna; vilja sumir að eins 1 eða 2, sumir 4, sumir aðrir jafnvel fleiri. Þegar um vísindalega menntun er að ræða, mælir margt með því, að hafa skóla sem fæsta, því að með því geta þeir orðið áreiðanlegri og betri. En jeg hygg, að hjer sje eigi svo um vísindalega menntun að ræða, sem um verklega kunnáttu. Vísindalega menntun þarf sjálfsagt með fram; það þarf vísindalega þekkingu á jarðveginum, sáðtegundum og fóðurefnum og svo framvegis. Til að veita þessa menntun má segja að einn skóli sje nægilegur, ef hann er áreiðanlegur og góður. En það er önnur kunnátta, sem er engu síður nauðsynleg. Það eru tilraunirnar og að kunna til verka, sem jeg legg mesta áherzlu á í þessu máli; tilraunirnar, segi jeg, hvaða grastegundir vaxa í þessum og þessum jarðvegi. Hin bóklega menntun dugir ekki eingöngu, því að þótt landið sje hið sama, er jarðvegurinn misjafn. Það hefur verið tekið fram, að búnaðarskóli sá, sem þegar er hjer á landi, hafi komið að miklum notum, og hafi þó eigi kostað mikið fje. Þetta bendir á, að búnaðarskólar geta komið að góðum notum, þó að þeir sjeu ekki mjög dýrir, og ætla jeg, að fyrir það fje, sem ráðgjört er að taka að láni, mætti koma kennslu í búnaði á fót á mörgum stöðum. Jeg hygg, að skólarnir komi að mestum og beztum notum í kring um sig, og að því leyti ættu þeir að vera sem flestir, og þó að einstakir menn komi langt að, og læri á skólanum, þá geta þeir ekki út breitt þekkingu sina nema á heimilum sínum. Jeg vil ekki álasa hinni háttvirtu nefnd; hún hefur skoðað þetta frá sínu sjónarmiði; en mjer virðist lánsupphæðin, sem ætluð er norður- og austuramtinu, vera óþarflega há; jeg hygg það mætti vera minna en 50,000 kr., og það þó að Austfirðingafjórðungur hefði skóla sjer, en til þess virðist mjer hann hafa sanngjarna kröfu, og Norðlendingafjórðungur annan skóla fyrir sig. Jeg legg mesta áherzlu á það, að sýslufjelögin hafi sem mest atkvæði í þessu máli, það er, að lántökunni og stofnun skólanna verði alls eigi ráðið til lykta, fyr en sýslunefndirnar hafa veitt því samþykki, og að hver sýslunefnd hafi rjett til að stofna skóla hjá sjer, ef hún kýs það heldur, en að vera í samfjelagi við aðra. Hinn háttvirti framsögumaður tók það fram sem aðalástæðu móti breytingartillögum hins háttvirta 2. þingmanns Norður-Múlasýslu, að sýslufjelögin mættu ekki taka lán, nema með samþykki amtsráðanna; en þessi ástæða er ekki svo gild, að breyta þurfi sveitarstjórnarlögunum, því að eptir sveitarstjórnarlögunum má sýslufjelagið taka lán með samþykki amtsráðs, og amtsráðin væru líklega svo velviljuð, að gefa sýslufjelögunum samþykki sitt til að taka lán til þess, sem horfði þeim til velferðar og verulegra framfara.

Þorsteinn Thorsteinson: Jeg skal að eins taka það fram, að hinn háttvirti framsögumaður sagði, að vjer hefðum gleymt að taka til í breytingartillögu okkar, að tilskip. 12. febr. 1872 yrði úr lögum numin, en það kemur ekki til af gleymsku vorri, heldur af því, að oss var kunnugt, að breytingartillaga um það var komin bjá 3 þingmönnnm, og þó vjer ekki sjeum henni samdóma að öðru, þá ætlum vjer að gefa þeim tölulið vort atkvæði. Hvað viðvíkur

skólanum í Ólafsdal, er jeg samþykkur hinum háttvirta þingmanni Dalamanna. Það hafa komið fram margar meiningar um tölu skólanna, en jeg verð að álíta, að betra sje, að hafa einn öflugan skóla, en fleiri og ófullkomnari. Jeg hygg, að hinir háttvirtu meðuppástungumenn mínir muni ekki halda svo fast við staðinn fyrir skólana. En viðvíkjandi vegalengd þeirri, sem hinn háttvirti 1. þingmaður Suður-Múlasýslu talaði um, held jeg, að ekki þyrfti að verða til tjóns, ef t. d. annar skólinn væri stofnaður í Fljótsdalshjeraði, en hinn hjer í Borgarfirðinum; til þess skóla væri eigi langt fyrir Húnvetninga að sækja. Mín sannfæring er það, að 1 öflugur skóli sje betri en 4, og jeg vona, að allir sjeu á eitt sáttir um það, að minna eigi að hugsa um, hvar skólinn er, heldur en hvar mest gagn verður að honum. Um nauðsyn smáskóla skal jeg ekki þrátta, því jeg vildi helzt, að við hefðum 1 búnaðarskóla í hverri sveit, eða þó heldur 1 búfræðing til að ferðast bæ frá bæ í hverri sveit og kenna landbúnað, en þar fyrir þyrftum vjer ekkert síður 1 eða 2 fullkomna og öfluga skóla, og einmitt frá þeim ættu búfræðingar til smærri skóla, sem landssjóður ekki ætti að þurfa að kosta, að geta fengizt. Jeg held, að vjer meðbreytingarmenn mínir getum vel samlagað okkur við hina háttvirtu nefnd til 3. umræðu um breytingartillögur vorar.

Jón Jónsson: Orðið «*skal*» í breytingartillögu okkar Skagfirðinga við 1. grein hefur hneykslað nefndina, en fletti hún upp tilsk. 12. febr. 1872, sem hún hefir tekið ástfóstur við, mun hún einmitt finna sama orðið þar í 1. grein. Hinar formlegar mótbárur nefndarinnar gegn því, að af nema ábúðarskattinn, þarf ekki að valda örðugleikum. Það þarf ekki annað en að breyta fyrirsögn frumvarpsins, og hafa hana þannig: «Frumvarp til laga um búnaðarskóla og lækkun ábúðarskatts». Það er fráleitt að segja, að við uppástungumennirnir höfum með þessari tillögu viljað hækka gjald á bændum; öll ástæða er til að halda, að alinin hækki í peningaverði, og skattur, sem greiða á eptir meðalalin, er því þungbærari, en skattur sá, sem reiknast eptir aurum. Hins vegar er það rangt að segja, eins og 1. þingmaður Suður-Múlasýslu tók fram í alveg gagnstæða átt við framsögumann, þá hann mælti með tillögum hans, að við höfum viljað lækka ábúðarskattinn um skör fram, þannig að gjaldið til landssjóðs yrði að tiltölu langt um þungbærara af húseignum en af jarðeignum. En þó svo yrði, þá væri það ekki nema rjettlátt, því húseignir í kaupstöðum eru bæði hjer á landi og í öðrum löndum langt um betri eign en jarðir. Hin bezta jörð í Skagafirði, Hólar, hefur nýlega verið seld fyrir 14000 kr., en í Reykjavík eru mörg hús, sem ekki fengjust keypt fyrir helmingi meira fje.

Eiríkur Kúld: Þó að margt sje þegar rætt um þetta mál, verð jeg að gjöra grein fyrir, hví jeg greiði fremur atkvæði með 2 skólum en 4. Jeg óttast nefnilega, að við fáum ekki nú þegar í marga skóla kennara, sem fullnægi þeim kröfum, sem við verðum að gjöra til þeirra, ef þeir eiga að vera færir um að kenna í duglegum skóla. Slíkir kennarar verða að hafa tekið eitthvert próf við skóla utanlands, eins og Sveinn búfræðingur við «*Landbohöiskolen*» í Danmörku. En það er og af öðrum ástæðum, að jeg kýs heldur 2 skóla en 4, og ástæðan er sú, að það er betra, að safna en dreifa þeim kröptum, sem við höfum; fjeð er ekki svo mikið, að það geti komið að verulegum notum, ef því er skipt í marga staði. Jeg veit ekki, hvort framsögumaður meinti það til mín, þegar hann talaði um, að sumir vildu binda skólana við fjórðunga; og hvað sem hann segir um fje, sem gengið hafi til kennslustofnunar í Ólafsdal, því slíkt kalla jeg ekki skóla, þá veit jeg, að það fje hefur meira verið til góða kennaranum þar en búfræðinni í sjálfu sjer; að minnsta kosti er sú kennsla ónóg til að fylla þarfir Vestfirðinga í því tilliti, og er jeg í því tilliti alls eigi samdóma þingmanni Dalamanna. Það væri

mjög óheppilegt, ef þessi stofnun skyldi verða til þess, að standa Vestfirðingum í vegi fyrir öðrum betri og gagnlegri skóla. 2. þingmanni Norður-Múlasýslu get jeg ekki verið samdóma um það, að sýsluskólar yrðu affarasælli, því slíkir skólar verða aldrei meira en einhver vísir og kák af skóla, eins og stofnunin í Ólafsdal. Viðvíkjandi því, sem hinn háttvirti þingmaður Dalamanna tók fram, að sótt væri eptir þessum mönnum, er tilsögn hefðu fengið í Ólafsdal, sannar það eigi svo það, að þeir sjeu svo duglegir og fullnuma, sem hann álítur þá, heldur sannar það þörf Vestfirðinga á búfróðum mönnum, og að þá vantar fleiri slíka og enda betri; en þeir eru þar enn þá ekki að fá, og því heldur þarf almennilegur búnaðarskóli, allt öðruvísi en þessi kennsla í Ólafsdal, sem vissulega er nógu dýr, sem fyrst að stofnast fyrir vesturamtið.

Framsögumaður: Jeg skal að eins svara fám orðum 2. þingmanni Norður-Múlasýslu. Honum hafði skilizt orð mín svo, að því fje, sem ætlað væri til framfara í búnaði, mætti ekki verja til búnaðarskóla. Þetta hefur mjer aldrei dottið í hug. En jeg segi, að þegar við höfum fengið innlenda búnaðarskóla, muni sá styrkur, sem búfræðingaefnum hefur hingað til verið veittur til að fara utan, t. d. til Noregs, til að afla sjer þar búnaðarþekkingar, falla burtu sem ferðastyrkur, en verða lagður til hinna innlendu skóla, því að það liggur nær, að landsmenn sæki innlendan búnaðarskóla en útlendan. Hve nær hef jeg sagt, að gjaldið skyldi leggja á lausafje? Það er engin ástæða til að draga þá ályktun út af orðum mínum eða aðgjörðum nefndarinnar, og verð jeg að frábiðja mjer, að þingmaðurinn gjöri mjer neinar slíkar getsakir. 1. þingmann Eyfirðinga verð jeg að biðja gott fyrir, hafi jeg haft hann fyrir rangri sök, þegar jeg hjelt, að hann hefði náð í eina nefndarsál undir breytingartillögguna, því að nafn þess manns vissi jeg að var einnig undir nefndarálitinu, og þaðan vildi jeg ekki að það væri fortapað, en jeg vissi, að það liggur ekki laust fyrir, sem þingmaður Eyfirðinga heldur í. En nú er meiri von, að ná sálinni aptur, fyrst hún er ekki á valdi þingmanns Eyfirðinga. Jeg hef sjálfur ekki svo mjög á móti, að lækka ábúðarskattinn; en jeg hef móti, að það sje gjört svona, vegna 1. þingmanns Eyfirðinga sjálfs; hann verður að sjá, að það á ekki við, að lauma þessari ákvörðun svona inn í þessi lög. Varaforseta þótti farið vel geyst í að taka lánið. Jeg játa það fúslega, að maður á að fara varlega, en nefndinni þótti ekki ástæða til að víkja frá því, sem þegar er ráð fyrir gjört, nefnilega að hafa skólana 4, en náttúrlega er ekki þar með lögð sú skylda á herðar mönnum, að stofna alla þessa 4 skóla nú þegar, fremur en verkast vill; það verður á valdi landsbúa og stjórnarinnar. Við óttuðumst og, að ef stofnaðir væru 1 eða 2 skólar, mundu hinir fjórðungarnir þykjast út undan, en það vildum við forðast, að ala á þeim fjórðungakrit, sem ekki er laust við að menn hafi orðið varir við á þessu þingi.

Arnljótur Ólafsson: Jeg skal gjöra þá einu athugasemd, að viðaukatillaga vor er alveg nauðsynleg, ef búnaðarskólarnir eiga að geta endurgoldið lánin. Allir búnaðarskólasjóðirnir munu vera nú orðnir um 30,000 kr. Ársvextir þar af eru 1200 kr. Búnaðarskólagjaldið, 3 aurar af jarðarhundraði hverju, er hjer um 2,600 kr. Þetta hvorttveggja er þá 3,800 kr. En nú eru vextir og iðgjöld af 100,000 kr. 6000 kr., og vantar þá til 2200 kr., að búnaðarskólarnir geti staðið í skilum. Ef vjer aptur á móti leggjum 10 aura á hundraðið, þá fáum vjer um 8670 kr., og þá geta menn fyrst endurborgað lánið og haft umfram 2670 kr., sem er dálítið, en þó of lítið fje til skólahaldsins. Í nefndarfrumvarpinu er því enginn mergur; þar er að eins heimild gefin til lántöku þeirrar, er enginn vegur er til að endurgjalda.

Þegar hjer var komið umræðum, báðust 8 þingmenn,

Guðmundur Einarsson,
Þorsteinn Thorsteinson,
Þórður Magnússon,
Þorsteinn Jónsson,
Ólafur Pálsson,
Egill Egilsson,
Jón Ólafsson,
Þorvarður Kjerulf,

að umræðunum væri hætt, og var það samþykkt; var síðan gengið til atkvæða um hinar einstöku greinir frumvarpsins, og var þá:

1. Breytingartillaga Jóns Ólafssonar og 4 annara þingmanna við 1. gr. frumvarpsins felld með 15 atkvæðum gegn 8.
2. Breytingar- og viðaukatillaga 2. þingmanns Norður-Múlasýslu við 1. gr. frumvarps nefndarinnar felld með 15 atkvæðum gegn 5.
3. Breytingartillaga Friðriks Stefánssonar og tveggja annara þingmanna við 1. gr. frumvarps nefndarinnar felld með 17 atkvæðum gegn 3.
4. 1. gr. frumvarps nefndarinnar samþykkt óbreytt með 15 atkvæðum gegn 5.
5. Breytingar- og viðaukatillaga 2. þingmanns Norður-Múlasýslu við 2. gr. frumvarps nefndarinnar var fallin.
6. 2. gr. frumvarps nefndarinnar samþykkt óbreytt með 16 atkvæðum gegn 2.
7. Viðaukatillaga Friðriks Stefánssonar og 2 annara þingmanna við 3. gr. frumvarps nefndarinnar felld með 13 atkv. gegn 10, og var við haft nafnakall, og sögðu

Já:
Eiríkur Briem,
Arnljótur Ólafsson,
Egill Egilsson,
Eiríkur Kúld,
Friðrik Stefánsson,
Guðmundur Einarsson,
Jón Jónsson,
Tryggvi Gunnarsson,
Þórarinn Böðvarsson,
Þorsteinn Jónsson.

Nei:
Magnús Andrjesson,
Benidikt Sveinsson,
Grímur Thomsen,
Halldór Friðriksson,
Holgeir Clausen,
Jón Ólafsson,
Lárus Blöndal,
Ólafur Pálsson,
Þórður Magnússon,
Þorkell Bjarnason,
Þorlákur Guðmundsson,
Þorsteinn Thorsteinson,
Þorvarður Kjerulf.

8. Breytingar- og viðaukatillaga 2. þingmanns Norður-Múlasýslu við 3. gr. frumvarps nefndarinnar fallin.
9. 3. gr. frumvarps nefndarinnar samþykkt með 16 atkv. gegn 3.
10. 4. gr. (ný gr.) frá 2. þingmanni Norður-Múlasýslu fallin.
11. 4. gr. (ný gr.) frá Friðriki Stefánssyni og 2 öðrum þingmönnum felld með 17 atkvæðum gegn 5.
12. 5. og 6. gr., báðar nýjar greinir, frá Friðriki Stefánssyni og tveim öðrum þingmönnum, fallnar.
13. 7. gr. (einnig ný gr.) frá sömu þingmönnum felld með 15 atkvæðum gegn 7.
14. Samþykkt, að frumvarpið skyldi ganga til 3. umræðu, með 19 atkvæðum.

ÞRIÐJA UMRÆÐA Í NEÐRI DEILD,
á 28. fundi, 30. dag júlímánaðar.

Frumvarpið, eins og það var samþykkt við 2. umræðu í neðri deild, sjá I, 169.

Framsögumaður (*Grímur Thomsen*): Við aðra umræðu um þetta mál kom ekki til tals önnur breyting, en að takmarka stofnun búnaðarskólanna annaðhvort við 4 eða 2, en þar á móti var ekki farið fram á, að hagga neitt tilskipun frá 12. febr. 1872, um búnaðarskóla. Það kom til umtals,

hvort menn ættu nú þegar að taka lán, til að stofna alla þá skóla, sem stungið er upp á, og skal jeg í því tilliti að eins geta þess, að hjer er að eins gefin *heimild* til að taka lán, en enginn er *skyldaður* til að gjöra það, fremur en hentugt þykir og eptir því sem á stendur.

Benidikt Sveinsson: Jeg vil að eins taka það fram, að í þessu frumvarpi, eins og það er, ræðir að eins um yfirlýsingu en engin lög um það, að hjálpa til að stofna amtsbúnaðarskóla með láni úr landssjóði; rjettur sýslufjelaganna til að stofna búnaðarkennslu hjá sjer í smærri stýl, án þess að leggja neitt til endurborgunar því láni, sem amtsráðin kynnu að fá, álít jeg þannig alveg óhaggaðan, og þá er jeg ánægður. Að öðru leyti sjá allir, að þetta frumvarp með fyrirsögninni, með samblönduninni á fjórðungum landsins og ömtunum, brýtur sig niður sjálft, eins og jeg benti á með breytingartillögum mínum, sem hin heiðraða deild þó felldi.

Síðan var gengið til atkvæða um frumvarpið, og var það samþykkt með 18 atkvæðum.

FYRSTA UMRÆÐA Í EFRI DEILD,
á 26. fundi, 6. dag ágústmánaðar.

Frumvarpið, eins og það var samþykkt við 3. umræðu í neðri deild, sjá I, 280.

Einar Ásmundsson: Jeg skal leyfa mjer að taka það fram, að jeg álít frumvarp þetta í raun og veru alls ekki nauðsynlegt. Það ákveður að eins, að amtsráðunum veitist lán úr landssjóði til stofnunar búnaðarskóla í öllum fjórum fjórðungum landsins. Jeg veit ekki betur, en að stjórnin sje fús að veita lán úr landssjóði með vanalegum skilmálum til allra nauðsynlegra og þarflegra stofnana í landinu, og það eru sannarlega búnaðarskólarnir. Þetta getur stjórnin gjört, og mun gjöra hjer eptir eins og hingað til, án nokkurra sjerstakra laga. En auk þessa er frumvarpið svo lagað, að jeg get ekki með neinu móti fallizt á það, nema því sje breytt. Frumvarpið ákveður, að veita amtsráði norður- og austuramtsins allt að 50000 kr., og amtsráðum hinna tveggja amtanna hvoru um sig 25000 kr., og frumvarpið segir, að þetta fje veitist til að stofna búnaðarskóla sinn í hverjum fjórðungi; eptir því eiga skólarnir ekki að vera fleiri en fjórir. Þetta skilst mjer svo, sem Norðlendingafjórðungur og Austfirðingafjórðungur, sem nær frá Jökulsá á Sólheimasandi og norður að Langanesi, eigi að vera saman um tvo skóla. Hvað Austfirðingafjórðungi við víkur, þá er honum nú skipt milli tveggja umdæma, þannig að Múlasýslurnar eru í norður- og austuramtinu, en Skaptafellssýsla í suðuramtinu. Mjer sýnist frumvarpið ætlast til, að amtsráð norður- og austuramtsins taki lán til að koma upp búnaðarskóla fyrir allan Austfirðingaljórðung, og þannig með fram fyrir Skaptafellssýslu. En mjer virðist ekki eiga við, að það amtsráð sjái Skaptfellingum fyrir búnaðarskóla, og sízt að það borgi kostnað fyrir þá úr jafnaðarsjóði norður- og austuramtsins. Í frumvarpinu stendur enn fremur, að lán þessi eigi að endurborgast á 28 árum með 6% leigu og afborgun, en þar á móti er ekki með einu orði minnzt á það í frumvarpinu, hvar eigi að taka þessa endurborgun, hvort af jafnjafnaðarsjóði eingöngu, sem næst er líklega að ætla, eða af amtsjafnaðarsjóði og sýslusjóðum, því vel mátti vera, að amtsráðið tæki lánið, þó það væri endurborgað af öðrum en amtsjafnaðarsjóði. Um þetta vantar skýra ákvörðun, því hjer er alls ekki um svo lítið fje að ræða, einkum fyrir norður- og austuramtið, þar sem af 50000 kr. með 6% yrði að borga 3000 kr. á ári. Ef Norðlendingar og Múlasýslubúar eiga að fara að sjá Skaptfellingum fyrir búnaðarskóla, þá er jeg hræddur um, að þeir blási þungan, þegar þeir eiga að fara að taka fje úr sínum jafnaðarsjóði til slíks. Þegar á allt er litið, er frumvarp þetta tæplega þess vert, að samþykkja það. Lán það, sem hjer ræðir um, getur eins fengizt án

sjerstakra laga. En ef svo væri, að sjerstök lög greiddu nokkuð fyrir því, að fá lánið, þá þyrfti þetta frumvarp talsverðra umbóta við.

Forseti bar síðan undir atkvæði, hvort málið skyldi ganga til 2. umræðu, og var það samþykkt með 7 atkvæðum.

ÖNNUR UMRÆÐA Í EFRI DEILD,
á 28. fundi, 6. dag ágústmánaðar.

Einar Ásmundsson: Jeg minntist að eins á frumvarpið við 1. umræðu, og ljet í ljósi þá skoðun mína, að mjer líkaði það ekki, og að það væri jafnvel ónauðsynlegt; en þá hafði jeg ekki haft tíma til að átta mig á, hvort það væri til nokkurra bóta eða nokkurs gagns, að gefa út annað eins lagaboð og þetta. Jeg gat þess, að það mundi ekki veita örðugt, að fá lán til stofnunar búnaðarskóla, þó að lög væru eigi til um það, en engu að síður sje jeg, að sjerskilt lagaboð getur eigi spillt, og jeg er á því, að samþykkja frumvarp í þá stefnu; en þetta frumvarp get jeg ekki algjörlega samþykkt, eins og það er lagað. Jeg skal þá byrja á fyrirsögninni. Hún segir, að þetta sjeu lög, sem breyta tilskipuninni um stofnun búnaðarskóla á Íslandi dagsettri 12. febr. 1872. En jeg get ekki sjeð, að svo sje. Mjer sýnist frumvarpið ekki neitt breyta tilskipuninni. Eptir innihaldi frumvarpsins ætti fyrirsögnin að vera: «Frumvarp til laga um lán til stofnunar búnaðarskóla» eða eitthvað því um líkt. Um daginn benti jeg og á þann galla á frumvarpinu, að í 2. gr. er ekki bent á það, á hvern á að leggja og hvaðan á að taka endurborgun lánsins, hvort það á að borgast úr jafnaðarsjóði, sýslusjóði eða á einhvern annan hátt. Jeg skal svo ekki lengja umræðurnar um þetta mál meira, en legg það til, að það fái þó að ganga til 3. umræðu, eins og það er lagað, þó að fremur sje á því ólag en lag, til þess að þá megi annaðhvort laga það eða fella.

Sighvatur Árnason: Jeg get tekið undir með þingmanni Eyfirðinga. Jeg get ekki sætt mig við þetta frumvarp eða þennan grindahjall, sem hjer liggur fyrir. Jeg hefði helzt óskað, að breytingar hefðu verið komnar fram, áður en gengið væri til atkvæða, en samt er jeg með honum í því, að styðja að því, að breytingar geti komið undir 3. umræðu, því að jeg álít fremur eiga vel við, að frumvarp komi í þessa átt. En hjer í þetta frumvarp vantar alveg að segja, hvaðan fjeð á að taka, til að endurborga lánið með; ekki er heldur nefnt á nafn, hvar skólarnir eigi að vera eða hverning eigi að haga þeim, ekki nefnt, hvort sýslufjelögin fái atkvæði að þeim eða ekki. Allt þetta þyrfti þó nauðsynlega að takast til greina; þar að auki slengir frumvarpið ömtum og fjórðungum saman. Af þessum ástæðum gef jeg frumvarpinu nauðugur atkvæði mitt, en samt í þeirri von, að það megi laga við 3. umræðu.

Benidikt Kristjánsson: Af því að umræðunum er ekki komið svo langt, að breytingum megi ekki að koma, en að hinu leytinu æskilegt, að deildarmenn hafi tíma sem beztan og tækifæri til að íhuga breytingarnar, áður en til atkvæðagreiðslu kemur, þá álít jeg skyldu mína, að skýra frá stefnu þeirri, sem jeg vil fylgja í breytingum á frumvarpinu. Það eru að eins nokkur atriði, sem jeg hefði viljað að fengju framgang með frumvarpi þessu. Það er þá fyrst, að jeg vil, að stofnun búnaðarskólanna og umráð fjárins sje lagt í hendur sveitarstjórnanna, en að það sje ekki álitið landsmál og búnaðarskólafjeð landsfje, og í annan stað, að sveitafjelögunum sje gefin vissa fyrir, að þau geti fengið fje úr landssjóði til stofnunar búnaðarskólanna. Að öðru leyti sje það alveg á valdi sveitastjórnanna sjálfra, hvernig stofnun og fyrirkomulagi skólanna sje háttað, hvort amt, fleiri sýslur í sameiningu eða að eins ein sýsla sjer skuli stofna sjer búnaðarskóla, en ekki að þetta sje ákveðið með lögum, heldur að það sje á valdi sveitastjórnanna,

og þær geti ráðið því. Ef breytingar í þessa stefnu koma fram, þá vil jeg gefa frumvarpinu atkvæði mitt, en eins og það . nú er lagað, get jeg ekki aðhyllzt það. Jeg get ekki aðhyllzt þá stefnu, að búnaðarskólunum sje eins og troðið upp á sveitarfjelögin, þegar þau eiga að leggja fje til þeirra; hefðu sveitarfjelögin ekkert þurft að leggja til, þá er öðru máli að gegna, þótt jeg álíti, að þetta mál ekki heyri undir landsstjórnarmál, eins og jeg á hinn bóginn held, að sveitarfjelögin sjái betur, hvað bezt hentar í hverju sveitarfjelagi. Í von um, að breytingar í þá stefnu, er jeg nú gat um, muni fram koma undir 3. umræðu, ætla jeg að greiða atkvæði með, að frumvarpið gangi til 3. umræðu.

Ásgeir Einarsson: Það hafa nú nokkrir staðið upp til að segja hugmyndir sínar um þetta mál, en hugmyndir allra hafa ekki verið svo mjög í sömu stefnu, að hægt muni að koma þeim í samhljóðun hjer í salnum með litlum umræðum. En af því þessi deild er ekki svo mikið fyrir, að kjósa nefndir, eptir því, sem hefur sýnt sig upp á síðkastið, þá mun víst ekki til neins að stinga upp á nefnd heldur í þessu máli, enda þótt þess þyrfti með. Búnaðarskólamálið er og hlýtur að vera eitt hið fyrsta velferðar- og áhuga-mál hjá oss Íslendingum, því þó vjer kunnum að vera fáfróðir í mörgu öðru, þá er þó einkum og sjer í lagi sorglegt, hve fáfróðir menn eru yfir höfuð í öllu eða flestu því, sem lýtur að framförum í búnaði vorum, sem þó einkum er Íslands mesti og helzti bjargræðisvegur. Það er sorglegt, segi jeg aptur, að vjer skulum enn eigi vera svo langt á veg komnir, að vjer eigum búnaðarskóla á voru eigin landi, þar sem ungir menn vor á meðal geti fengið hina nauðsynlegu fræðslu í búnaði, bæði munnlega og verklega, til þess að þessir menn á síðan geti orðið nýtir bændur og eflt sitt og annara gagn, og stutt að framförum fósturjarðar vorrar yfir höfuð, með því að efla og auka hinar einstöku jarðir, sem flestar fela í sjer enn ónotaðan arð, sem liggur ónotaður vegna fáfræði og hleypidóma sjálfra vor. Meðan það stendur óhaggað, að «bóndi er bústólpi og bú er landstólpi», þá hlýtur búnaðarskólamálið að vera eitt vorra mestu velferðarmála, og þess vegna undir eins það mál, sem vjer Íslendingar þurfum að veita mesta athygli. Það hefur verið talað um, að þetta mál ætti ekki að vera opinbert mál, heldur heyra undir sveitarstjórnina. En jeg vissi ekki, hvort þingmaðurinn meinti, að það ætti að heyra undir sveitarstjórnina einungis, eða að öll þau völd, sem sveitarstjórnarlögin grípa yfir, svo sem amtsráð, sýslunefndir, hreppsnefndir, ættu að hafa umráð yfir þessu máli. Það er svo sem auðvitað, að þetta mál er að nokkru leyti sem opinbert mál, þar sem búnaðarskólagjaldið er fastur skattur, sem hvílir á jarðarhundruðunum undir umsjón landsstjórnarinnar. Nú er um að gjöra, hvort menn vilja ekki, úr því menn hafa þessa búnaðarskólasjóði, einmitt nota þessa sjóði sem undirstöðu og fyrstu byrjun til stofnunar búnaðarskólanna, og fá síðan styrk af almannafje, þar sem sjóðirnir ekki ná til. Það yrðu þá að vera einhverjir, sem tækju sig saman í hjeruðunum og reyndu að eignast jörð með tilheyrandi fyrir búnaðarskólana; þá væri undirstaðan lögð. Síðan ætti landssjóður að koma til og styrkja fyrirtækið, svo það gæti náð tilætluðum notum. Þar á móti finnst mjer mjög óheppilegt og ísjárvert, að vera að fleygja út og troða upp á menn þúsundum króna sem láni, einkum þar sem nú ekkert er ákveðið, hvaðan eigi að taka fje til leigu og afborgunar láninu, eins og hjer á sjer stað. Jeg verð að segja það, að mjer þótti það mjög falleg og heppileg stefna, sem þingið tók 1879, þegar það ákvað í fjárlögunum vissa upphæð til þeirra alþýðuskóla, kvennaskóla og barnaskóla, sem þegar voru stofnaðir og áttu sitt eigið skólahús. Þessari stefnu vil jeg að þingið haldi áfram, því hún miðar til þess, að halda mönnum vakandi, og hvetja menn til að byrja stofnun skóla, þar sem menn þá geta átt styrkinn vissan eptir á. Þetta er sú

stefna, sem jeg vil gefa atkvæði mitt. En á þessu stigi málsins mun það mjög vandasamt, að koma fram breytingum þeim, sem nauðsynlegar eru við frumvarpið; að minnsta kosti er jeg hræddur um, að muni erfitt, að breyta frumvarpinu svo við næstu umræðu, að það verði verulega umbætt og svo úr garði gjört, að neðri deildin fallist á það. En af því þeir þingmenn, sem stungið hafa upp á breytingum við frumvarpið, eru bæði færir og flinkir menn, þá er jeg ekki alveg vonlaus um, að þetta geti tekizt; þess vegna ætla jeg heldur ekki að stinga upp á nefnd í málinu, enda mun það varla til mikils, því deildin hefur sýnt, að hún er treg til slíks, en ef stungið væri upp á nefnd, mundi jeg gefa því atkvæði.

Benidikt Kristjánsson: Jeg held nú kann ske, að æskilegt væri, að nefnd væri sett í málinu á þessu stigi þess, því það er auðvitað, þó farið verði að koma með breytingaratkvæði við það til 3. umræðu, þá er tíminn svo naumur, að varla mun hægt að íhuga þau svo vandlega, sem æskilegt er. Það er nú, ef til vill, óþarft að fara að láta í ljósi hugsanir sínar um þetta mál; því það vill opt verða svo, að skoðanir manna eru til lítillar uppbyggingar öðrum. Samt sem áður skal jeg þó leyfa mjer með fáum orðum að skýra skoðanir mínar á búnaðarskóla.

Jeg hef allt aðra skoðun á búnaðarskólum en latínuskólum og gagnfræðaskólum. Jeg álít það t. d. rjett og hagfelldast, að ekki sje nema einn latínuskóli og einn gagnfræðaskóli á landinu. En þegar til búnaðarskólanna kemur, þar sem sjálfsagt fullt eins mikið er komið undir því, að mönnum sje kennd verkleg búfræði, eins og því, að menn sitji ár út og ár inn við bóklestur, þá álít jeg, að það muni affarasælast, að hafa skólana fleiri og smærri. Jeg álít enga þörf á því, að búfræðingar verði sprenglærðir í bókfræði, heldur hitt, að þeir fái verklega menntun og læri að framkvæma nauðsynlegar jarðabætur og efla búnaðinn í öllu tilliti, að þeir venjist á að sýna dugnað og framtakssemi, og læri jafnan hina beztu aðferð við hvað eina. Af því lærdómurinn á, að minni ætlun, helzt að vera fólginn í framkvæmdum í jarðabótum og búnaði, þá er sjálfsagt, að hver skóli verður að hafa sína jörð. Þessi jörð á sjálf að borga kostnað þann, sem gjörður er til jarðabóta á henni. Jörðin vex eðlilega mikið fyrst í stað, en þegar lengra sækir, þá fara jarðabæturnar að gjöra tiltölulega miklu minni arð en fyrst, því að því nær sem gengið er jörðinni, því minni árangur verður af jarðabótunum, og með tímanum verða jarðabæturnar eigi fólgnar í öðru en því, að við halda þeim jarðabótum, sem þegar hafa verið gjörðar. Ef skólarnir því eru mjög fáir, þá líður ekki á löngu, áður verkefni brestur á þeim stað, sem skólinn er, og þá er búið að reisa þar dýr skólahús og kosta mörgu öðru til, sem síðan verður að miklu minni notum en æskilegt væri. Af þessu leiddi líka það, að lærisveinar yrðu þá að fara út í allar áttir til þess að vinna að jarðabótum. En ef skólarnir eru fleiri og smærri, þá er það eigi að eins til gagns fyrir þá, sem eru í skólunum sjálfum, heldur og fyrir aðra, sem fara um og sjá þær jarðabætur, sem gjörðar hafa verið á hinum ýmsu skólastöðvum, og getur það orðið mikil uppörvun fyrir þá, sem færir eru til slíkra jarðabóta. Jeg ímynda mjer líka, að sú skoðun mundi verða ofan á út um landið, að skólarnir ættu að vera fleiri og smærri; og því vildi jeg, að sveitarstjórninni væri falin öll umsjón og umráð yfir skólunum. Jeg skal að endingu leyfa mjer að leggja það til, að nefnd verði sett í málinu og þessari umræðu frestað.

Forseti bar síðan undir atkvæði, hvort setja skyldi nefnd í málinu, en hún var felld með 6 atkvæðum á móti 4.

Hinar einstöku greinar voru síðan bornar undir atkvæði, og var:

1. gr. felld með 5 atkvæðum móti 5.

Hinar aðrar greinar álitust fallnar vegna sambands þeirra við 1. gr., og var frumvarpið þannig f a l l i ð frá 3. umræðu.

XL.

Breyting á tekjuskattslögunum.

A.

Frumvarp til laga um breyting á lögum frá 14. desembermánað. 1877 um tekjuskatt af atvinnu. Frá hinum 3. konungkjörna þingmanni. Frumvarpið er prentað í fyrri parti alþingistíðindanna, bls. 49.

FYRSTA UMRÆÐA Í EFRI DEILD,
á 6. fundi, 12. dag júlímánaðar.

Flutningsmaður (*Jón Pjetursson*): Það, sem mjer gekk til að koma með frumvarp þetta, er sú óeðlilega ákvörðun hinna gildandi laga, er gjörir mönnum að skyldu, að borga skatt af því, sem lög skipa þeim að borga út. Í þeim tilgangi, að reyna að af nema þetta óeðlilega fyrirkomulag, kom jeg fram með frumvarp það, sem hjer liggur fyrir. Það getur verið, að jeg hafi farið hjer of skammt, og að betra hefði verið, að orða frumvarpið t. a. m. þannig, «að frá tekjum þeim, er menn hafa af atvinnu sinni eða eign, og eiga að lúka skatt af eptir lögum frá 14. desembermánaðar 1877, skal draga öll lögboðin gjöld, er á tekjunum liggja», o. s. frv. Allt fyrir það, þótt frumvarpið færi ekki lengra, en það gjörir, vona jeg þó, að þingdeildin fallist á það; enda má gjöra breytingar við það, einkum með tilliti til vissra gjalda, sem vafi er á hvort heyra hjer undir, t. a. m. gjöld eptir efnum og ástæðum eða aukaútsvör. En jeg vildi ekki ganga svo langt, enda áleit jeg ekkert hægra, en að koma með viðaukaatkvæði, ef þörf gjörðist, er færi lengra.

Ásgeir Einarsson: Jafnvel þótt frumvarp þetta sje ekki langt, þá er það allt fyrir það mjög svo óljóst. Jeg játa það, að mjer er ekki fullkomlega kunnugt um skyldugjöld embættismanna, enda skal jeg að svo komnu ekki fara mörgum orðum um frumvarpið. En jeg vil taka mjer tilefni af einu atriði, er flutningsmaður tók fram í ræðu sinni, þar sem hann talaði um gjöld eptir efnum og ástæðum. Jeg skal þá taka til dæmis tvo embættismenn með jöfnum launum, sinn í hvorum hreppi, t. a. m. prest og lækni. Á þessum tveimur jöfnu embættismönnum geta hvílt mjög svo ólík gjöld. Því það er auðvitað, að útgjöldin fara eptir hreppsþyngslunum. Jeg vil þá spyrja, hvaða jöfnuður er í þessu fólginn? Enginn, heldur þvert á móti hinn mesti ójöfnuður og ósanngirni. Jeg hirði svo ekki, að til færa fleiri dæmi, til að sýna ójöfnuð þann, sem leiðir af frumvarpinu, enda get jeg ekki annað skilið, en að flestum deildarmönnum sje hann fullljós. Mjer finnst embættismönnum sannarlega ekki of ætlandi, að greiða þau gjöld, sem þeim bera eptir lögunum. Sumum þykir ef til vill sanngjarnast, að þeir greiði engin gjöld í þarfir hins opinbera. Má þá kannske búast við, að sú bænaskrá komi fram á næsta þingi, að af nema tekjuskattinn með öllu. Yfir höfuð álít jeg frumvarp þetta ekki þess vert, að eyða miklum tíma til að ræða um það. Jeg hlýt því að ráða deildinni frá, að sinna frumvarpi þessu. En ef málið á að ganga lengra, þá álít jeg það svo óljóst, að nauðsynlegt sje, að setja nefnd í því

Sighvatur Árnason: Jeg er hræddur um, að ef frumvarp þetta verður að lögum, þá geti það valdið talsverðum ágreiningi, að því er skattalögin snertir. Meiningunni, sem liggur til grundvallar fyrir frumvarpinu, get jeg að vísu verið samdóma, en mjer þykir eigi nærri nógu vel tekin fram ýms atriði viðvíkjandi því, sem fram á er farið. Sje það meiningin með frumvarpi þessu, að frá sknli dregin öll lögboðin gjöld, er á

tekjunum hvíla, þá finnst mjer of óákveðið um það, sem frá skal dragast, og þarf æðimikinn undirbúning, er taka á til greina hin ýmsu gjöld, er hvíla á tekjunum, og sem mundi verða of flókið. Það er því auðsjeð, að þetta veldur þeim, er fást við sveitaskattsskrárnar og skattanefndaskýrslurnar, eigi lítils umstangs og fyrirhafnar, sem aptur hlýtur að hafa í för með sjer talsverðan kostnaðarauka.

Flutningsmaður: Jeg verð að játa, að jeg skil ekki, hver sje eiginlega skoðun þingmannsins á frumvarpinu. Í frumvarpinu stendur einmitt með berum orðum, að frá tekjum þeim, er menn hafa af atvinnu sinni og eiga að lúka skatt af eptir lögum frá 14. desembermán. 1877, skuli draga öll lögboðin gjöld, er á tekjunum liggja o. s. frv. Það er beinlínis tekið fram, að það skuli vera *öll* lögboðin gjöld, og ef þingmaðurinn getur verið, eins og hann sagði, samdóma meiningunni, sem liggur til grundvallar, þá sje jeg ekki eptir ræðu hans, hvað það er, sem hann ekki getur verið samdóma frumvarpinu í. Að hjer sje farið fram á, að breyta eldri lögum, er auðvitað mál; það gjöra flest ný lög. Jeg tek það fram aptur, að mjer finnst það í alla staði óeðlilegt, að leggja skatt á það fje, sem lög skipa mönnum að gjalda út, og því fæ jeg eigi skilið, að menn geti verið svo á móti frumvarpi, sem einmitt fer í þá átt, að af nema því líkan óeðlilegan skatt. Jeg vil að endingu mælast til, að þingmaður Strandasýslu skýri betur orð sín, því mjer var mjög svo óljós meining þeirra.

Ásgeir Einarsson: Eins og jeg vona, að flutningsmaður hafi skilið sjálfan sig, eins vona jeg líka, að hann hafi getað skilið það, sem jeg sagði. Það, sem jeg tók fram, miðaði til þess að sýna ójöfnuð þann, sem þetta frumvarp kæmi til leiðar, og jeg er viss um, að þó flutningsmaður ekki þykist hafa getað skilið mig, þá hafa þó aðrir þingmenn gjört það, og því dettur mjer ekki í hug, að taka orð mín upp aptur. Jeg get með engu móti sjeð, að embættismönnum sje ofætlun að greiða þann skatt af atvinnu sinni, er þeim ber eptir nú gildandi lögum, enda má sannlega eiga það víst, að stjórnin samþykkir ekki þau lög, sem miða til að ofþyngja embættismönnum landsins. Annars er búið að ræða og rita svo margt um þetta mál bæði í blöðum vorum og annarstaðar, að menn mættu vera orðnir leiðir á því stagli, og jeg fyrir mitt leyti vil með engu móti stuðla að því, að vekja þann draug upp aptur, enda er það hrein smámunasemi, að koma fram með slíkt frumvarp sem þetta.

Flutningsmaður: Hvernig getur þingmaðurinn kallað þetta smámunasemi? Það er að vísu satt, að frumvarpið er lítið, en að kalla það smámunasemi, að vilja bæta lög sín, nær engri átt. Slíkt ætti þingmaðurinn ekki að láta nokkurn mann heyra. Segi þingmaðurinn, að frumvarpið sje ekki gott eða heppilegt, og færi síðan full-gild rök fyrir því, þá fyrst hafa orð hans nokkura þýðingu.

Sighvatur Árnason: Flutningsmaðurinn hefur sýnt fram á, að öll lögboðin gjöld, er á tekjunum liggja, skuli dregin frá þeim eptir frumvarpinu, og að skattinn skuli lúka af tekjum þeim, er þá verða eptir, og virðist mjer þetta sanngjarnt. En spursmál getur aptur verið um það, hvort það þá muni borga sig, að semja allar þær skýrslur, er með þarf til undirbúnings, áður skatturinn er reiknaður. Af þessum sökum álít jeg nauðsynlegt, að yfirvega málið ýtarlegar, og vil því stinga upp á því, að setja 3 manna nefnd í málinu.

Magnús Stephensen: Jeg er alveg samdóma þeim þingmönnum, sem hafa tekið fram, að frumvarp þetta sje óljóst, enda mun óhætt að fullyrða, að flutningsmaður á annan bóginn segi með því meira en hann ætlaði, og á hinn bóginn minna.

Í 7. gr. stjórnarfrumvarps þess um tekjuskatt, er lagt var fyrir þingið 1877, stóð þessi ákvörðun: «þegar tekjurnar eru lagðar í skatt, skal draga frá það, sem greiðandi á því ári hefur greitt beinlínis í gjöld til landssjóðsins, í sveitargjöld eða til kirkna, í tíund, eða sem leigur af skuld». Þótt ákvörðun þessi færi í líka stefnu og frumvarp það, sem hjer er komið fram, þá er þó auðsjeð, að frumvarpið nær eigi nærri eins langt, enda var ákvörðun þessi felld úr við fyrstu umræðu um stjórnarfrumvarpið í neðri deildinni, af því erfiðleikar þóttu á henni í framkvæmdinni. Þetta frumvarp, sem hjer liggur fyrir, er að því leyti ólíkt ákvörðun stjórnarfrumvarpsins 1877, að leigur af skuld geta ekki heyrt hjer undir, og um hin önnur gjöld er vafasamt, hver heyra undir þetta frumvarp og hver ekki. Gjöld til landssjóðs heyra sjálfsagt sum undir ákvæði frumvarpsins, þar á meðal fyrst og fremst tekjuskatturinn sjálfur. Af sveitagjöldum ætti vafalaust að draga frá: gjöld eptir efnum og ástæðum eða aukaútsvör, ekki aptur tíund til fátækra, sýslusjóðsgjald, amtsjafnaðarsjóðsgjald, vegabótagjald o. s. frv. Kirkjugjöld heyra sjálfsagt ekki undir frumvarpið, þar á móti er öðru máli að gegna um ýms prestsgjöld, því undir það heyra t. a. m. offur, sem margir gjaldendur, t. a. m. embættismenn, eru skyldir að gjalda án tillits til eigna sinna. En hvað segir flutningsmaðurinn um ábúðarskattinn, lausafjárskattinn, og spítalagjaldið? Þau gjöld á líklega ekki að draga frá, því þau liggja ekki á tekjum, er menn eiga að greiða atvinnuskatt af samkvæmt 5. gr. tekjuskattslaganna. Yfir höfuð að tala mun reynast erfitt að segja, hver þau lögboðnu gjöld eru, sem frumvarpið á við, og hvers vegna þetta gjaldið á að dragast frá, en hitt ekki. Annað frumvarp kom fram í líka stefnu og þetta á þinginu 1879. Þar stóð, að þegar embættislaun, biðlaun og eptirlaun eru talin til tekjuskatts samkvæmt lögum 14. desbr. 1877, 5. gr., þá skuli draga frá þeim öll þau lögboðin gjöld, er þar á hvíla, t. a. m. árlegt gjald, sem maður greiðir til að útvega konu sinni fjárstyrk eptir sinn dag. Frumvarpið 1879 fór þannig ekki eins langt og þetta frumvarp, því það snertir eingöngu þá, sem skyldir eru að útvega konum sínum fjárstyrk eptir sinn dag, en frumvarp það, sem nú er um að ræða, snertir alla án undantekningar, sem atvinnuskatt eiga að greiða; aptur á móti virðist mjer mjög vafasamt, hvort skyldukostnaður embættismanna, til að sjá ekkjum sínum borgið eptir sinn dag, getur átt undir þetta frumvarp. Frumvarpið 1879 fjekk að vísu góðan byr í efri deildinni, en í neðri deildinni fór byrinn af, því þar var það felllt frá annari umræðu. En af hverjum sökum það var fellt, er ekki unnt að sjá, því það var gjört umræðulaust. Jeg gjöri ráð fyrir, að þessu frumvarpi muni ekki reiða betur af, ef það kemst til neðri deildarinnar, því frumvarpið 1879 var þó talsvert aðgengilegra en þetta. Jeg er því þingmanni Rangeyinga samdóma um, að öll nauðsyn sje, að breyta frumvarpinu, ef það á að verða aðgengilegt; en jeg ímynda mjer, að það megi gjöra án nefndar, því þetta mál hefur þegar fengið góðan undirbúning, þar sem það var rætt á þingunum 1877 og 1879.

Því næst bar forseti undir atkvæði, hvort málinu skyldi vísað til 2. umræðu, og var það samþykkt, en fellt frá nefnd með 7 atkvæðum á móti 4.

ÖNNUR UMRÆÐA Í EFRI DEILD,

á 8. fundi, 14. dag júlímánaðar.

Stefán Eiríksson: Það var tekið fram við fyrstu umræðu þessa máls, að það mundi gjöra mikla breytingu á skattalögunum. Jeg fyrir mitt leyti verð að vera á sömu skoðun. Í frumvarpinu stendur, að

frá tekjum þeim, er menn hafa af atvinnu sinni og eiga að lúka skatt af eptir lögum frá 14. desemberm. 1877, skuli draga öll lögboðin gjöld. Eptir þessu er auðsjeð, að það verður engin smá gjaldaupphæð, sem dregst frá tekjunum, áður en skatturinn verður reiknaður. Ef þessi gjöld öll, t. a. m. gjöld til prests og kirkju, geta heimfærzt hjer undir, þá verða sannarlega litlar tekjur, sem landssjóður fær af atvinnu manna. Jeg get því með engu móti fundið ástæðu til, að samþykkja frumvarp þetta, eins og það liggur fyrir.

Flutningsmaður (*Jón Pjetursson*): Það getur verið, að þingmönnum finnist ástæða til að breyta frumvarpinu, og ef t. a. m. 3 menn vildu gjöra breytingaratkvæði við það, þá álít jeg nægan tíma, að láta það koma fram við 3. umræðu málsins. Þingmanninn, sem síðast talaði, þarf eigi að furða á því, þótt tekjur landssjóðsins rýrni, ef frumvarp þetta verður samþykkt, því það er einmitt það, sem kom mjer til að koma með frumvarp þetta, að jeg áleit og álít, að landssjóður fái í þessu tilliti meiri tekjur, en hann ætti að fá. Því mjer getur aldrei fundizt nein sanngirni í því, að landssjóðnum sje greiddur skattur af gjöldum, sem lög bjóða mönnum að greiða. Þetta vill þingmaðurinn, en jeg hef sagt og segi, að það sje ósanngjarnt. Ef til vill kann honum að falla betur þau breytingaratkvæði, sem kunna að verða gjörð, en sem jeg, sem sagt, álít óþarft að komi fram fyr en við 3. umræðu.

Því næst bar forseti frumvarpið undir atkvæði deildarinnar, og var það samþykkt með 6 atkvæðum, og með sama atkvæðafjölda var samþykkt, að málið skyldi ganga til 3. umræðu.

ÞRIÐJA UMRÆÐA Í EFRI DEILD,
á 10. fundi, 16. dag júlímánaðar.

Breytingaratkvæði
við frumvarp til laga um breyting á lögum 14. desbr. 1877 um tekjuskatt af atvinnu.

1. Orðin: «af atvinnu» í fyrirsögninni falli burt.
2. Orðin: «hafa af atvinnu sinni» breytist til: «hafa af eign sinni og atvinnu».

Jón Pjetursson. Benidikt Kristjánsson. Sighvatur Árnason.

Flutningsmaður (*Jón Pjetursson*): Það er komið fram breytingaratkvæði frá 3 þingmönnum, nefnilega mjer, Benidikt Kristjánssyni og Sighvati Árnasyni, og býst jeg við, að menn muni betur geta fellt sig við frumvarpið, ef þetta breytingaratkvæði verður samþykkt. Jeg skal svo ekki fara fleirum orðum í þessu máli, fyr en jeg heyri undirtektir hinna heiðruðu þingmanna.

Stefán Eiríksson: Jeg drap á það við 2. umræðu þessa máls, að frumvarp þetta mundi ekki gjöra alllitla breyting á tekjuskattslögunum, og þó að breytingaratkvæði það sje fram komið, sem hjer liggur fyrir, þá get jeg ekki annað sjeð, en að frumvarpið með því muni gjörsamlega umsteypa lögunum frá 14. desbr. 1877, þar eð bæði er talað um eign og atvinnu, og öll lögboðin gjöld eiga að dragast frá. Jeg er hræddur um, að tekjurnar af eign og atvinnu verði harðla litlar eptir í landssjóð, ef breytingaratkvæði þetta kemst að; jeg tel það víst, að þær 14,000 kr., sem taldar eru í fjárlögunum af eign og atvinnu, hverfi meir eða minna, þegar draga á frá öll lögboðin gjöld, og þar á meðal sveitargjöldin, því sveitargjöldin, að því leyti er aukaútsvarið áhærir, eru lögð á tekjur manns. Jeg óttast, að ef frumvarp þetta fær framgang, þá verði að koma ný skattalög, og þingið neyðist til að leggja á nýja skatta, til þess að fylla upp í það skarð, sem frumvarp þetta gjörir í tekjum landsins. Jeg er ekki á móti frumvarpinu af því, að jeg ekki geti vel unnt

mönnum þess, að öll lögboðin gjöld væru dregin frá, heldur af því, að jeg sje, hvað það rýrir tekjur landssjóðsins, og úr því við viljum hafa fjárhagsráð, svo hljótum við þó að sjá svo fyrir högum vorum, að við ekki komumst í ógöngur með fjárreiður vorar.

Magnús Stephensen: Jeg tók það fram við 1. umæðu þessa máls, að frumvarpið allt, og þó einkum atriðisorð þess: «öll lögboðin gjöld» væri mjög óljóst, og það svo, að lögin mundu verða mjög erfið í framkvæmdinni, og að skattanefndirnar mundu verða í talsverðum vandræðum, að skera úr öllum þeim efasemdum, sem þau mundu vekja; jeg tók þá og fram ýms af þessum lögboðnu gjöldum, en var þó í efa um, hvort öll þau gjöld, sem jeg þá taldi, ættu að heyra til lögboðinna gjalda eða ekki, og jeg er hræddur um, að líkt mundi fara fyrir skattanefndunum. Jeg skal nú nefna dæmi máli mínu til sönnunar: Embættismaður, sem býr á jörð, á að borga ábúðarskatt, lausafjárskatt, skatt af tekjum af eign og skatt af tekjum af atvinnu til landssjóðsins, fyrir utan það, sem hann á að gjalda til sveitar og til prests og kirkju. Eptir frumvarpinu er auðsjeð, að tekjurnar af eign og atvinnu eiga að dragast frá, en ábúðarskatturinn og lausafjárskatturinn ekki; þetta er nú engum erfiðleikum bundið, en hversu rjettlátt það sje, það er annað mál. En það er öðru máli að gegna um sveitarútsvarið, það hvílir sumpart á jarðarábúð, sumpart á lausafje og sumpart á tekjum af eign og atvinnu; nú á sá partur af sveitarútsvarinu að dragast frá, sem hvílir á tekjum af eign og atvinnu, en sá partur, sem hvílir á jarðarábúð og lausafje á ekki að dragast frá; til þess því að geta sjeð, hvað mikill partur af sveitargjaldinu á að dragast frá, þá verða skattanefndirnar að meta, hvað hvílir á hverju fyrir sig, og það held jeg að þeim sje ofvaxið. Jeg leyfi mjer því næst að efast um, að frumvarpið fari alveg í þá átt, sem flutningsmaðurinn hefur ætlazt til. Ef ráða má af tillögum hans á fyrri þingum, þá er sjálfsagt meining hans sú, að skyldukostnaður embættismanna til að sjá ekkjum sínum borgið eptir sinn dag eigi að dragast frá eptir frumvarpi þessu; það get jeg ekki láð honum, því að hann hefur orðið ver úti en nokkur annar embættismaður landsins, að því er snertir skyldukostnað þennan; en eptir því sem frumvarpið er orðað, get jeg ekki skilið, að skyldukostnaður embættismanna til að sjá ekkjum sínum borgið eptir sinn dag eigi að dragast frá, því að minni ætlun er þessi skyldukostnaður ekki lögboðið gjald; skyldan að sjá ekkjum sínum borgið er lögboðin, en gjaldið er ekki lögboðið; þess vegna hefur flutningsmaðurinn ekki fengið það fram, sem hann ætlast til. Jeg get þannig ekki fyrir mitt leyti álitið neina rjettarbót í þessu frumvarpi, og vil ráða frá, að það sje samþykkt, enda er það sannfæring mín, að þó þessi deild af virðingu fyrir flutningsmanni fjellist á frumvarpið, þá mundi það ekki eiga langan aldur í neðri deildinni.

Flutningsmaður: Mjer er ekki svo fjarskalega annt um, að berja þetta frumvarp fram að mönnum nauðugum, en mjer finnst þó, að það bæti úr ósanngirni í tekjuskattinum; ef það er dregið frá, sem ósanngjarnt er að taka skatt af, þá er ekkert á móti því, að borga hóflegan skatt af hinu, sem eptir er. Mjer fannst aðalstæðan hjá þingmanni Skaptfellinga gegn frumvarpinu vera rýrnun á tekjum landssjóðsins. Ef þessi rýrnun er á rökum byggð, þá er ekkert að því, þó hún verði. Jeg skal játa það, að það getur stundum orðið örðugt í framkvæmdinni að dæma um, hver sjeu lögboðin gjöld, er hvíli á tekjum þeim, er menn hafa af eign sinni og atvinnu, og hver sjeu það ekki, en menn geta þó opt sjeð það, og stundum fundið það með nokkurri rannsókn. Frumvarpið fer ekki fram á annað,

en að lögboðin gjöld sjeu dregin frá tekjum þeim, er um talast undir I og II í lögunum frá 14. desbr. 1877 um tekjuskattinn. Hinn 4. konungkjörni þingmaður tók dæmi af embættismanni, sem hafði tekjur og bú, og sagði, að það opt yrði erfitt, að að greina, hver lögboðin gjöld hvíldu á tekjum hans og hver á búinu, og tók einkum til aukaútgjaldið til sveitarinnar. Örðugleikinn kemur af því, hvernig hreppsnefndirnar gjöra aukaútsvarið. Jeg man eptir, þegar jeg var sýslumaður, að þegar hreppstjórarnir gjörðu aukaútsvarið, þá lögðu þeir svo og svo marga fiska á hvert málnytukúgildi, og höfðu það í dálk sjer í sýslunum; afgjald af jörðu höfðu þeir í öðrum dálki, og sögðu, að svo og svo margir fiskar kæmu af hundraði, og loks höfðu þeir í þriðja dálkinum gjöld af tekjum. Þar sem þetta er gjört eptir einhverri reglu, þá er ekki örðugt að segja, hvað af aukaútsvarinu sje lagt á búið og hvað á tekjuruar.

Skúli Þorvarðarson: Jeg er hinum 3. konungkjörna þingmanni samdóma í því, að frumvarp þetta hefur við nokkra saungirni að styðjast, þó jeg ekki geti fallizt á það að öllu leyti, eða sjái nauðsyn á, að samþykkja það. Jeg set mjer það fyrir sjónir, að skatturinn af tekjum er vægilega álagður, þar sem ekki þarf að greiða skatt af hinu fyrsta þúsundi tekjanna; mjer finnst það nægileg undanþága, og verði því skatturinn gjaldanda ekki tilfinnanlegur. Nokkuð líkt er ástatt með eignaskattinn, ef hann er nokkuð verulegur, þá verða fyrir honum auðmenn. Lausafjárskatturinn finnst mjer þyngstur allra þessara skatta, og væri því fremur ástæða til að draga frá honum, eða þeim gjaldstofnum, sem hann er byggður á, bæði veðsett lausafje og lögskipuð gjöld, en fengi það framgang, og frumvarp þetta jafnframt, þá verður það talsverður tekjumissir fyrir landssjóðinn, sem óhægt kann að vera að bæta með tilsvarandi gjaldi. Svo ímynda jeg mjer, að það þyrfti ef til vill að breyta skattalögunum að mun, en að breyta nýsömdum skattalögum, held jeg sje ekki heppilegt, því að þau eru almennt vinsæl, að því er jeg þekki til. Mín meining er því, að menn ættu í einu hljóði að fallast á, að frumvarp þetta fái ekki framgang.

Síðan var gengið til atkvæða um breytingaratkvæði hinna 3 þingmanna, og var 2. liður breytingaratkvæðisins fyrst borinn upp og felldur með 6 atkvæðum gegn 5, að viðhöfðu nafnakalli sökum óljósrar atkvæðagreiðslu, þannig að

já sögðu:
Benidikt Kristjánsson,
Jón Pjetursson,
Pjetur Pjetursson,
Sighvatur Árnason,
Sigurður Melsteð.

Nei sögðu:
Magnús Stephensen,
Árni Thorsteinson,
Ásgeir Einarsson,
Einar Ásmundsson,
Skúli Þorvarðarson,
Stefán Eiríksson.

Var 1. liður þá álitinu sjálffallinn. 1. liður breytingaratkvæðisins var þar með einnig fallinn.

Síðan var frumvarpið sjálft f e l l t með 7 atkvæðum gegn 3.

B.

Frumvarp til laga um breyting á 7. gr. í lögum 14. desember 1877, um tekjuskatt. Frá 1. þingmanni Suður-Múlasýslu, 1. þingmanni Norður-Múlasýslu og 1. þingmanni Eyfirðinga. Frumvarpið er prentað í fyrri parti alþingistíðindanna, bls. 328.

FYRSTA UMRÆÐA Í NEÐRI DEILD,
á 51. fundi, 16. dag ágústmánaðar.

Benidikt Sveinsson: Jeg er eiginlega

ekki flutningsmaður þessa máls, en jeg skal þó, úr því jeg er tilneyddur, sýna það og sanna, að frumvarp þetta er byggt bæði á rjettlæti og sanngirni. Það er, segi jeg, rjettlæti, að rýrnun tekjanna sje dregin frá, áður en tekjuskatturinn er lagður á launin. Þessi einfalda setning er meginsetning frumvarpsins. Mig fyrir mitt leyti mundi ekki muna þetta gjald, en það er ranglátt, að láta menn borga tekjuskatt af því, sem einungis eru tekjur á pappírnum, en aldrei koma í embættismannsins vasa. Það væri í sjálfu sjer rjettara, að láta þá launin heldur vera lægri. Skilja hinir háttvirtu þingmenn það ekki?

Jón Ólafsson: Jeg held, að jeg verði að segja, alveg hið gagnstæða því, sem hinn háttvirti sessunautur minn sagði; mjer finnst þessi uppástunga vera byggð á órjetti og ósanngirni. Jeg get nefnilega ekki sjeð, hvers vegna fremur skal draga frá tekjum embættismannsins en hvers annars, sem með einhverju móti sjer ekkju sinni borgið, annaðhvort með því, að leggja fje til síðu, sem konu hans á að koma til góða eptir hans dag, eða með hverju öðru móti, sem hann kynni að gjöra það. Embættismaðurinn og konan eiga fjeð bæði. Það, sem varið er henni til hags, er varið báðum til hagsmuna. Jeg sje enga ástæðu til að borga síður tekjuskatt af þessu fje en hverju öðru, enda þyrfti að breyta öllum reglum fyrir tekjuskattinum, ef þetta ætti að verða að lögum.

Benidikt Sveinsson: Mig furðar alveg á því, að hinn skarpskyggni sessunautur minn skuli ekki geta sjeð mun á lögboðinni skyldu og því, sem af frjálsum vilja er gjört. Það er einmitt þessi skylda, sem hjer gjörir mismuninn, hvort sem um embættismann eða annan er að ræða. Þennan mismun hlýtur hver maður með heilbrigðri skynsemi að sjá. Jeg hef lagt í ekkjukassa af því, að það hefur verið mín skylda, en annars hefði jeg aldrei gjört það. Mótbára 2. þingmanns Suður-Múlasýslu, að breyta þyrfti öllum reglum fyrir tekjuskattinum, kemst ekki að, þegar um þetta frumvarp er að ræða, en það lítur svo út, að þingmaðurinn vilji tala út í hött.

Jón Jónsson: Mál þetta er ekki fyrir þinginu nú í fyrsta sinn; 1879 kom það fyrir efri deildina; þá voru það 3 embættismenn, sem báru málið fram, enda gekk það gegnum þá deild, en var fellt í neðri deild. Sá, sem fylgdi málinu bezt fram í efri deildinni, hætti ekki við svo búið; hann tók málið upp aptur í byrjun þingtímans, og frumvarpi í líka stefnu, og það, er nú liggur fyrir þessari deild, var útbýtt í þessari deild, en svo heyrðist ekki optar getið um það, og hefur efri deildinni líklega nú snúizt hugur og sjeð, að engin sanngirnis- nje rjettarástæða væri fyrir því, að lofa embættismönnum að draga frá tekjum sínum þessi gjöld, og það væri sannarlega kátlegt, ef neðri deildin nú skyldi vilja veita embættismönnum þá ívilnun, sem efri deildin hefur komizt að raun um að ekki væri ástæða til að veita. Hinn háttvirti 2. þingmaður Norður-Múlasýslu sagði, að það væri munur á, hvort gjald fyrir lífsábyrgð væri lögboðið eða sjálfviljugt, og bætti því við, að hefði hann ekki verið neyddur til þess, hefði hann engan eyri borgað fyrir konu sína í ekkjusjóð. Það er sannarlega undarlegt, að heyra þingmanninn tala svona, eptir að hafa haft þau orð um skyldur presta gagnvart konum sínum, er hann talaði, þá er málið um prestsekkjur var hjer til umræðu. Þá tók hann fram með mörgum fögrum orðum, að hver heiðvirður prestur mundi sjá konu sinni borgið með styrk eptir sinn dag, þó hann yrði ekki neyddur til þess með lögum, og hann gjörir sannarlega nú of lítið úr skyldurækni veraldlegra embættismanna, ef hann heldur, að enginn af þeim hefði tryggt konu sinni lífsfje eptir sinn dag, ef skylda sú, sem

hjer ræðir um, hefði ekki verið lögð á, þá. Mjer finnst, að öllum verði að koma saman um, að hver góður maður vilji einhvern veginn sjá ekkju sinni fyrir fjárstyrk eptir sinn dag. Að þetta hefur verið lagt sem skylda á embættismenn, sýnir, að löggjafarvaldið treysti ekki vel skyldurækni embættismanna sinna, en það er ekkert kúgunarband, sem lagt hefur verið á embættismenn. Þeir sóttu óneyddir um embætti sín, og flestum er frjálst að fá lausn, hve nær sem þeir vilja, í öllu falli án eptirlauna. Mönnum hefur mjög mikið vaxið það í augum, að embættismenn missa tillög sín, þegar konur þeirra deyja, en hjer við er athugavert, að hverjum embættismanni er frjálst, með því að borga hærri árs- upphæð í lífsábyrgðarsjóðinn, að fá vissu fyrir því, að allt það, sem hann leggur í sjóð þennan, verði erfingjum hans að notum, þó kona hans deyi á undan honum, og þekki jeg fleiri en einn embættismann, sem á þennan hátt hafa tryggt ekki að eins konu sinni, en einnig erfingjum sínum fje; en stjórnin hefur ekki viljað skylda embættismenn til að tryggja konum sínum fje öðruvísi, en með því skilyrði, að þær lifi manninn, og er slík lífsábyrgð talsvert ódýrari en sú, sem er skilyrðislaus. Jeg skyldi með stærstu ánægju vera með því, að nema úr lögum þá skyldu, sem nú hvílir á embættismönnum til að tryggja ekkjum sínum lífsfje; en sú spurning liggur ekki fyrir hjer, og um það getur ekki verið neinn vafi, að það fje, sem embættismaður leggur fyrir handa konu sinni á þennan hátt, er alveg sama eðlis og sjerhvað annað fje, sem jeg spara af tekjum mínum. Þegar jeg legg fyrir af tekjum mínum vissa upphæð á hverju ári, t. d. til að kaupa fyrir hana jörð, á jeg að borga af þessu fje tekjuskatt, en þegar jeg loksins er búinn að eignast jörðina fyrir sparifje mitt, kemst jeg ekki hjá að greiða tekjuskatt af þeim arði, er jeg hef af jörðinni, þó jeg hafi orðið að svara tekjuskatti af öllu andvirði hennar. Hjer af má sjá, að sú ástæða fyrir þessu frumvarpi er ekki á góðum rökum byggð, að það sje ósanngjarnt, að heimta tekjuskatt af fje því, sem er varið til að kaupa lífsfje, sem ekkjurnar síðan verða að greiða tekjuskatt af.

Benidikt Sveinsson: Það er ekki fyrsta sinni, sem mjer finnst 2. þingmaður Skagfirðinga í sama augnablikinu hlaupa í austur og í vestur. Jeg hef að eins sagt, að svo framarlega sem gjaldið er sjálfviljugt, verður það að skoðast eins og hver önnur meðferð mannsins á eignum hans. En hjer ræðir um skyldukvöð, þá skyldukvöð, að kasta peningum sínum út í hættu, því fjeð er tapað, ef konan deyr á undan manninum. Væri maðurinn þar á móti ekki neyddur til að spila þennan hazar, hjeldist fjeð inni í sameiginlegu búi hjónanna, og kæmi báðum að notum; það rangláta er, að maðurinn fær sitt fje ekki endurgoldið, ef konan deyr á undan honum. Þeir þingmenn, sem hafa móti frumvarpinu, verða að gjöra betur; þeim dugar ekki að hringla því saman, sem ekkert á skylt saman; þeim dugar ekki að vera að hringla saman skyldukvöðum við það, sem menn gjöra af frjálsum vilja; munurinn á þessu tvennu ætti að vera hverjum heilvita manni ljós. Leggi jeg tvær krónur hjer á borðið, sem jeg get tekið aptur, þegar jeg vil, og svo aðrar tvær annarstaðar tilneyddur með lögum, sem jeg hef enga sönnun fyrir að jeg fái nokkurn tíma aptur, getur þá ekki hver maður sjeð þann mismun, sem er á þessu tvennu? Jeg vona, að deildin sjái muninn glöggt, og að hún sjái, að það er ranglæti, að skylda nokkurn mann til að verja fje sínu svo, að honum sje hætta búin, að missa það, og í annan stað að leggja svo skatt á þetta fje, eins og ekkert væri.

Grímur Thomsen: Jeg skal leyfa mjer að taka það fram, að frumvarp það, sem

fellt var í efri deild á þessu þingi, var engan veginn sama sem þetta. Það hljóðaði þannig: «Frá tekjum þeim, er menn hafa af atvinnu sinni, og eiga að lúka skatt af eptir lögum frá 14. desbr. 1877, skal draga öll lögboðin gjöld, er á tekjunum liggja, og skattinn lúka af tekjum þeim, er þá verða eptir». En það frumvarp, er hjer liggur fyrir, á einungis við árgjald embættismanna, sem þeir greiða til þess að sjá konum sínum borgið eptir sinn dag. Jeg skal bæta því við, að hinn háttvirti 2. þingmaður Norður-Múlasýslu hefur alveg rjett að mæla, að þegar maður deyr á undan konu sinni, og hún er búin að fá þau laun, sem hann hefur efnt til handa henni, þá á hún að greiða tekjuskatt af þessum eptirlaunum. Hann er þannig tvíborgaður af þessu fje, bæði af manninum í lifanda lífi, og svo konunni eptir hans dag. Jeg fæ því eigi betur sjeð, en að frumvarp þetta sje til bóta, og að það sje sanngjarnt í alla staði.

Jón Jónsson: Jeg skal játa það, að hinn háttvirti þingmaður Borgfirðinga hefur rjett fyrir sjer í því, að það er orðamunur í frumvarpi því, er í byrjun þingsins kom fram í efri deildinni, og því frumvarpi, er nú liggur fyrir oss, en hann mun hins vegar vera mjer samdóma um, að efnismunurinn er enginn. Hinn háttvirti þingmaður lagði mesta áherzlu á tekjuskatt ekknanna. En eins og jeg áður benti á, er ekkert ósanngjarnt í honum. Það er almenn regla, að menn verða fyrst að greiða tekjuskatt af þeim tekjum, sem maður ver til að bæta efnahag sinn, og síðan af þeim arði, sem maður hefur af efnauka sínum. Hinir sparsömu verða jafnan harðar úti, að því er tekjuskattinn snertir, en þeir, sem eyðslusamir eru. Hinn háttvirti 2. þingmaður Norður-Múlasýslu var að tala um, að hinn háttvirti 2. þingmaður Suður-Múlasýslu og jeg hringluðum öllu saman: því, sem lögboðið væri, og því, sem sjálfviljugt væri, því, sem væri víst, og því, sem væri óvíst. En er það ekki einmitt hinn háttvirti þingmaður sjálfur, sem hringlar þessu öllu saman, og ver mörgum orðum og löngum tíma til að mæla með því, að af nema skyldu þá, er nú hvílir á embættismönnum til að tryggja ekkjum sínum fje eptir sinn dag, þó þessi spurning liggi hjer alls ekki fyrir. Eða til hvers annars miða orð hans um arf frá einveldistímanum o. fl. En hvað óvissu lífsfjárins snertir, þá hef jeg tekið fram, að hún sje hlutaðeigandi embættismönnum sjálfum að kenna. Þeir geta með því að leggja þyngri byrði á sig, með því að greiða hærri tillög í lífsábyrgðarsjóðinn, en þeir eru skyldir til samkvæmt lögunum, fengið fulla vissu fyrir því, að tillögin með vöxtum tilfalla dánarbúi þeirra eptir þeirra dag.

Benidikt Sveinsson: Þótt jeg álíti ræðu hins heiðraða þingmanns, sem síðast talaði, varla svaraverða, þá ætla jeg þó að taka til dæmis eitt atriði úr ræðu hans, svo að menn geti sjeð, hve skarpur skilningur hans á málinu er. Hann líkti því saman, að leggja í ekkjukassann og kaupa jörð. Hvernig getur hinum heiðraða þingmanni komið til hugar að bera slíkt saman? Það er af afgjaldi jarðarinnar, sem tekjuskatturinn er goldinn. Ef jeg kaupi jörð, þá fæ jeg af henni afrakstur, og af honum geld jeg tekjuskatt, en hvaða afrakstur fæ jeg af því fje, sem jeg legg í ekkjukassann? Ekkert, alls ekkert. Taki þingmaðurinn þessi orð sín þegar í stað aptur, eða sýni hann að öðrum kosti, hver afrakstur fæst af því, að leggja í ekkjukassann. Geti hann það ekki, þá á hann ekki að tala í þessu máli, því hann hefur þá *ekkert* skynbragð á því; því arðlaust fje getur eigi komizt í samlíkingu við arðberandi fje. Hann sannar bezt með þessu, að hann sver sig í ætt við kerlingarnar, sem sögðu: «Nei! klippt er það; nei! skorið er það».

Jón Ólafsson: Jeg skal geta þess, að

mjer finnst hinn háttvirti flutningsmaður bæði rangherma orð hins háttvirta 2. þingmanns Skagfirðinga, og misskilja þau. Jeg skal leyfa mjer að benda hinum háttvirta framsögumanni á það, að ekkjan þarf varla nokkurn tíma að borga aptur tekjuskatt af eptirlaunum sínum. Því það er sjaldan, að ekkjur hafa meira en 1000 kr. í eptirlaun; það eru þá einungis ekkjur þeirra embættismanna, sem hafa 5000 kr. eða meira í laun, og af 1000 kr. á eigi að borga tekjuskatt; þær eru gjaldfríar. Ekkjan borgar þannig eigi tekjuskatt af öðru en því, sem er fram yfir 1000 kr., og það verður aldrei meira en svo, að það nemi rentunum af höfuðstólnum, sem sparaðar hafa verið. Annað atriði er það, að *enginn er skyldur* að sjá ekkjum sínum borgið *með því*, að leggja í *ekkjusjóð*, og eiga það á hættu, að hann tapi allri upphæðinni; hann getur keypt sjer lífsábyrgð, og þetta gjöra margir, bæði embættismenn og aðrir; en þeir, sem þann kost taka, tapa ekki fjenu, sem þeir hafa fram lagt, þó konan deyi á undan þeim; nei, þá fá þeir aptur höfuðstólinn óskertan. En það getur hver sanngjarn maður sjeð, að ef bóndi kaupir lífsábyrgð fyrir konu sína, þá fær hann eigi að draga tillag sitt frá þeirri upphæð, sem hann á að greiða af tekjuskatt samkvæmt þessu frumvarpi, en það vilja menn láta embættismanninn mega. Jeg þekki svo marga góða bændur, sem hafa sjeð sómasamlega fyrir konum sínum eptir sinn dag, suma jafnvel, sem hafa keypt sjer lífsábyrgð, og það ekki svo fáa. En aptur í móti hafa verið ótal dæmi til þess, að embættismenn hafa skilið konur sínar eptir sem landssjóðs-ómaga, er þeir hafa dáið. En með því nú, að embættismennirnir hafa fastar, lögákveðnar tekjur, hefur það þótt óviðurkvæmilegt, að konur þeirra yrðu annara ómagar eptir þeirra dag. Þess vegna hafa þeir verið skyldaðir til með lögum að sjá konum sínum borgið eptir sinn dag. Og einmitt af því að embættismenn hafa sýnt, að þeir þyrftu þetta aðhald, einmitt þess vegna hefur nýlega komið fram í þessari deild frumvarp þess efnis, að gjöra prestum að skyldu, að sjá konum sínum borgið eptir sinn dag. Og á svo að fara að gefa þeim «*præmiu*» fyrir, að það verðnr að knýja þá til þess með lögum, sem hver heiðvirður maður, sem ráð hefur á, ætti að gjöra af sjálfshvötum? Jeg held ekki. Og jeg vona, að enginn leikmaður á þingi gefi þessu rangláta frumvarpi atkvæði sitt, að minnsta kosti ekki við síðustu umræðu. Jeg skal að minnsta kosti aldrei verða til slíks; því jeg álít þetta óhæfu gegn bændum og öðrum leikmönnum, móti allri alþýðu Íslands — eingöngu til að seðja ranglætistilfinning nokkurra embættismanna.

Benidikt Sveinsson: Jeg get sagt hinum háttvirta 2. þingmanni Suður-Múlasýslu það, að hann talaði jafnranglega um tekjuskatt þann. sem hjer ræðir um, eins og hinn heiðraði 2. þingmaður Skagfirðinga, þó hann ætlaði að fara að bæta úr skák, með því að daðra fyrir bændum og leikmönnum, treystandi því, að þá skorti heilbrigða skynsemi. Það er eins og þeir hafi tekið sig saman um það, að berjast á hæl og hnakka gegn öllum skynsömum og sönnum rökum í þessu máli. Hvar stendur það í lögunum um tekjuskatt, að sjerstakur reikningur skuli haldinn fyrir eptirlaunum ekkjunnar? Getur ekkjan eigi haft aðrar tekjur með fram þessum eptirlaunum, t. a. m. afrakstur af búi eða því um líkt, og þannig getur ekkjan komið til að borga af þeim tekjuskatt, hvað lág sem þau eru, og um leið af öðru fje, sem hún annars ekki hefði þurft að borga tekjuskatt af? Svari hinn heiðraði þingmaður þessu! Hann þarf eigi að ætla sjer, að kasta sandi í augun á hinni heiðruðu þingdeild á þennan hátt. Hinn heiðraði þingmaður bar embættismönnum landsins á brýn skort á skyldurækni. Hin heiðraða þingdeild getur sjálf sagt til, hvað hún álítur rjett í þeirri ákæru. Jeg mótmæli þeim orðum þingmannsins fastlega sem *alveg ósönnum*; jeg mótmæli þeim sem *alveg ósæmilegum*. Það er auðvelt að til-

greiha svo ótal marga embættismenn, sem með heiðri og sóma hafa sjeð ekkjum sínum borgið eptir sinn dag á annan hátt en með því, að leggja fje í ekkjusjóð, og þetta veit hinn háttvirti þingmaður mjög vel, þótt hann hafi reynt að kasta svörtum blætti á embættismenn landsins. Og má jeg spyrja: Hvaða bændur hjer á Íslandi hafa sjeð ekkjum sínum borgið með því, að leggja í ekkjusjóð? Komi hann með eitt einasta dæmi, ef hann getur. Jeg held ekki, að honum takist það. Jeg hef þekkt bændur hjer á landi eins lengi og lengur en hann. Það er að öðru leyti sannarlega enginn sómi fyrir hinn heiðraða þingmann, að vilja koma inn kala til embættisstjettarinnar, vanvirða hana og telja mönnum trú um, að það eigi ekki að taka tillit til þess, sem rjettlæti og sanngirni heimta, þegar hún á í hlut.

Halldór Friðriksson: Jeg skal leyfa mjer að segja fáein orð, og hefur ræða hins 2. þingmanns Skagfirðinga gefið mjer tilefni til þess. Hann sagði, að embættismenn þyrftu eigi að sjá ekkjum sínum borgið eptir sinn dag með því, að leggja í ekkjusjóðinn; þeir gætu gjört það á annan hátt. En hver er þessi annar vegur? Eptir lögunum verður sá embættismaður, sem giptist, að leggja 25000 kr. fram, ef hann vill komast hjá, að leggja í ekkjusjóðinn. Er þetta ekki hreint bann; því að það eru eigi margir hjer á landi svo auðugir, að þeir geti það.

Með því að eigi tóku fleiri til máls, var umræðu þessari lokið. Ljet forseti síðan ganga til atkvæða, og var samþykkt með 13 atkvæðum gegn 6, að málið gengi til 2. umræðu.

ÖNNUR UMRÆÐA Í NEÐRI DEILD,
á 57. fundi, 20. dag ágústmánaðar.

Jón Jónsson: Hinir háttvirtu þingmenn þekkja skoðun mína á þessu máli, svo að jeg þarf ekki að taka það fram, að jeg legg til, að það sje fellt. En jeg ætla að fara fáum orðum um aðalástæðu þá, sem liggur til grundvallar fyrir frumvarpinu, og hún er sú, að embættismenn sjeu kúgaðir til að greiða þennan tekjuskatt. Þegar menn halda þessu fram svo kappsamlega, sem gjört hefur verið, virðist mjer, að þeir fyrst gleymi því, að enginn er neyddur eða kúgaður til að verða embættismaður, og að hver sá, sem kominn er í embætti, getur. Þá virðist mjer, að menn gleymi, að skylda þessi er í raun og veru eðlileg afleiðing af því, að embættismenn eiga að vera siðvandir og heiðarlegir menn. Þeir eiga að vera röggsamir, árvakrir, og mega ekki vera óreglumenn. (*Holgeir Clausen*: Jú!). Þeir eiga að vera ráðvandir, hreinlífir og sparsamir. Stjórnin heimtar allt þetta af embættismönnum sínum, af því að þetta er skilyrði fyrir því, að þeir geti staðið sómasamlega í stöðu sinni, en eðlileg afleiðing af því er þá aptur sú sparsemiskrafa, að embættismenn skuli sjá um, að ekkjur þeirra komist ekki á vonarvöl, þegar embættismaðurinn fellur frá.

Annað atriði í þessu máli er það, að embættismenn eru ekki skyldir að kaupa lífsfje handa konum sínum, ef þeir vilja á annan hátt tryggja konum sínum framfærslu eptir sinn dag. Þingmaður Reykvíkinga sagði reyndar um daginn, að slíkt gæti ekki komið til tals, því ef menn t. a. m. vildu láta eptir sig 1000 kr. lífseyri, þyrfti hann að minnsta kosti að safna saman 25000 kr., og slíkt væri embættismanni ómögulegt. En hinn háttvirti þingmaður Reykvíkinga verður að gá að því, að hver, sem vill komast undan því, að kaupa lífsfje, þarf ekki annað en í stað þess að kaupa lífsábyrgð, sem að eins nemur 15 sinnum meira en fjárstyrkur sá, er maður tryggir með henni, t. a. m. sá, sem vill tryggja ekkju sinni 100 kr. styrk, kaupir að eins 1500 kr. lífsábyrgð, og þetta getur maður um þrítugt gjört með því að greiða 36 kr. á ári, en árgjald slíks manns fyrir lífsfje mundi verða um 20 kr. árlega. Lífsábyrgðarfje er ekki tapað, þó konan deyi á undan manninum; það má

jafnvel veðsetja það eins og jörð, eða aðra eign. Jeg leyfi mjer því að taka þessi atriði aptur fram. Lífsfjárskyldan er engin þvingun, því kandídatinum er frjálst að sækja ekki um embætti, og skilyrði þetta þekkti hann, áður en hann sótti. Það er embættismanninum sjálfum að kenna, ef hann vill heldur kaupa lífsfje handa konu sinni en lífsábyrgð.

Benidikt Sveinsson: Mjer dettur ekki í hug að svara 2. þingmanni Skagfirðinga einu orði. Jeg álít þingmönnum ekki of vaxið, að sjá, hvert ræða hans stefndi. En þar sem hann var að tala um þá kúgun og það skilyrði, að embættismaðurinn væri ráðvandur, siðsamur og sparsamur, þá vildi jeg, að hann hefði hætt því við upptalningu sína, að embættismaðurinn um fram allt væri skyldugur að haga sjer ekki svo, að hann væri bæði hataður og fyrirlitinn af öllum, æðri og lægri!

Jón Ólafsson: Jeg vil taka það fram, að í frumvarpinu stendur: «Þegar embættislaun» o. s. frv. «skal draga frá árgjald það, sem embættismaðurinn greiðir til að útvega konu sinni fjárstyrk eptir sinn dag». Það er alls ekkert tekið fram um það, að hann megi ekki draga annað frá en það, sem hann er skyldur að greiða, heldur er með berum orðum bent á, að hann megi draga allt undan, sem hann «*greiðir*». Þó að fjárstyrkur sá, sem hann útvegar konu sinni, gleypi allar tekjurnar, þá má hann eptir þessu ákvæði draga það allt undan, áður en hann fer að tína saman í tekjuskattinn. Þar á móti má privatmaðurinn, sem kannske leggur út jafnmikið fje í sama tilgangi, ekkert undan draga. Hann verður að telja hvern eyri til tíundar. Jeg vildi benda þingmönnum á, að mjer sýnist þetta «*greiðir*» alveg ófært.

Jón Jónsson: Jeg vildi leiðrjetta þau orð í ræðu annars þingmanns Norður-Múlasýslu, að enginn gæti verið í embætti, sem væri fyrirlitinn og hataður af æðri og lægri. Embættismaðurinn þarf varla að taka sjer það nærri, þó hann verði hataður, ef hann bakar sjer slíka óvild með því, að fylgja fram því, sem hann álítur rjett og satt, hverjir svo sem í hlut eiga.

Aptur á móti þolir landsstjórnin varla óráðvanda, óhlutvanda eða ósiðsama embættismenn, og 2. þingmaður Norður-Múlasýslu veit bezt, að embættismönnum helzt ekki uppi að vera óreglu- og drykkjumenn.

Með því að ekki tóku fleiri til máls, bar forseti frumvarpið upp til atkvæða, og var það samþykkt með 11 móti 10 atkvæðum.

Eptir ósk nokkurra þingmanna var við haft nafnakall um, hvort vísa skyldi málinu til 3. umræðu, og var það einnig samþykkt með 11 atkvæðum gegn 10. Sögðu þessir

Já:

Arnljótur Ólafsson,
Benidikt Sveinsson,
Egill Egilsson,
Eiríkur Kúld,
Grímur Thomsen,
Guðmundur Einarsson,
Halldór Friðriksson,
Lárus Blöndal,
Tryggvi Gunnarsson,
Þórarinn Böðvarsson,
Þorkell Bjarnason.

Nei sögðu:

Eiríkur Briem,
Magnús Andrjesson,
Friðrik Stefánsson,
Holgeir Clausen,
Jón Jónsson,
Jón Ólafsson,
Ólafur Pálsson,
Þorlákur Guðmundsson,
Þorsteinn Jónsson,
Þorsteinn Thorsteinson.

ÞRIÐJA UMRÆÐA Í NEÐRI DEILD,

á 59. fundi. 22. dag ágústmán.

Enginn tók til máls, og bar forseti þá frumvarpið upp til atkvæða. Var nafnakall við haft, og sögðu

Já:
Benidikt Sveinsson,
Eiríkur Kúld,
Grímur Thomsen,
Guðmundur Einarsson,
Halldór Friðriksson,
Lárus Blöndal,
Tryggvi Gunnarsson,
Þorkell Bjarnason.
Nei:
Eiríkur Briem,
Friðrik Stefánsson,
Holgeir Clausen,
Jón Jónsson,
Jón Ólafsson,
Ólafur Pálsson,
Þórarinn Böðvarsson,
Þórður Magnússon,
Þorlákur Guðmundsson,
Þorsteinn Jónsson,
Þorsteinn Thorsteinson,
Þorvarður Kjerulf.

Var frumvarpið þannig f e l l t með 12 atkvæðum gegn 8.

XLI.

Vínfangaveitingar.

A.

Frumvarp til laga um sölu og veiting áfengra drykkja. Flutningsmaður 2. þingmaður Suður-Múlasýslu. Frumvarpið er prentað í fyrri parti alþingistíðindanna, bls. 61.

FYRSTA UMRÆÐA Í NEÐRI DEILD, á 10. fundi, 14. dag júlímánaðar.

Flutningsmaður (*Jón Ólafsson*): Á síðasta þingi kom fyrir þingið frumvarp um bindindi; var það ættað úr mínu kjördæmi, og var svo vinsamlega við því tekið, að það kemst í nefnd, en dó þar reyndar út, og er nú aptur upp vakið, sem annar draugur, og hef jeg lofað að gjörast flutningsmaður þess. Það frumvarp er langt nokkuð, en þetta frumvarp, er jeg hef sjálfur samið, er stuttort. Verði nú sett nefnd, sem jeg vona, í máli þessu, þá má vísa hinu langa bindindisfrumvarpi óprentuðu til hennar; en verði þetta mál fellt, verður að prenta hið langa frumvarp, og vona jeg, að þingið setji nefnd í þessu máli, og spari þar með prentunarkostnað á hinu lengra frumvarpi. Jeg vildi stuðla að því, að takmörkuð yrði sala áfengra drykkja, og hef í þeirri meiningu komið fram með þetta frumvarp. Jeg vona, að þeir, sem eru á mínu máli um það, að ofdrykkja sje skaðleg og til niðurdreps, styðji frumvarp þetta, þó að þeim kunni að þykja eitthvað að orðalagi á einstökum greinum þess, og vil jeg óska þess, að málið komist í nefnd, sem þá gæti lagað misfellur þær, sem á þessu frumvarpi kunna að þykja.

Arnljótur Ólafsson: Jeg er hinum háttvirta flutningsmanni þakklátur fyrir skýringu þá, sem hann nú gaf á tilgangi frumvarpsins, sem mjer var áður óljós með öllu; jeg hef satt að segja ekki »fundið púðrið« í frumvarpinu, en nú hefur hinn heiðraði flutningsmaður skýrt frá, að tilgangurinn með frumvarpið sje sá, að komast hjá prentunarkostnaði á öðru frumvarpi! En hinn háttvirti flutningsmaður gat og

um annan tilgang með frumvarpinu, nefnilega þann, að takmarka kaup áfengra drykkja. Þessa átti jeg reyndar ekki von úr þeirri átt. Sami þingmaður sagði áðan, að vjer ættum ekki að vera fjárhaldsmenn bænda, og þá verð jeg að álíta, að þessi regla gildi þingmanninn sjálfan eins og oss hina. Tilgangurinn er þá líklega ekki sá, að fyrirgirða peningatjón bænda eða peningaskaða. En flutningsmaður vill kannske fyrirgirða annan skaða: skaða á siðsemi og góðri reglu. Vill flutningsmaður þessa máls þá vera siðameistari bænda? En þá er mjer spurn: hvort er fremur efni löggjafarinnar: siðgæði og dyggð, eða hitt, hvað ábatasamt er og heillavænlegt fyrir landið? Jeg held, að löggjöfin eigi öllu fremur að fyrirbyggja fjártjón manna en dyggðatjón, og hygg það satt vera, sem góður lögfræðingur hefur sagt, að það sje að fara út fyrir takmörk og verksvið löggjafarinnar, að ætla sjer að gjöra menn dyggðuga eða ódyggðuga. Í 2. gr. frumvarpsins stendur, að hreppsnefnd eða bæjarstjórn skuli veita leyfið, en seinna, í niðurlagi greinarinnar, stendur, að leyfið veitist að eins fyrir *eitt ár*. Nú er mjer óskiljanlegt, að nokkur maður vilji kaupa gestgjafaleyfi, byggja hús o. s. frv., að eins fyrir eitt ár, hafi hann enga vissu fyrir, að það megi standa lengur. Jeg er hræddur um, að það yrðu öllu fremur skytningar eða drykkju-»knæpur«, sem þannig kæmust á fót, og mun það þá líklega vera tilgangur frumvarpsins. Annars get jeg ekki sjeð neinn tilgang, nema ef ákvarðanirnar í 3. grein eru settar til að halda uppi góðri siðsemi!?

Jón Jónsson: Jeg skal ekki fara inn í einstök atriði málsins, en jeg verð að geta þess, að þó jeg sje 1. þingmanni Eyfirðinga samdóma um, að nokkrar ákvarðanir í frumvarpinu sjeu athugaverðar, þá get jeg ekki skilið í því, hvernig höfundur hinnar fyrstu auðfræði, sem prentuð hefur verið á Íslandi, getur talað, eins og hann talaði. Menn geta rifizt í 20 ár, hver sje tilgangur og ætlunarverk löggjafans; það eru mörg atriði vafasöm, þegar á ýtarlega að útlista það mál, en um það hefur lengi öllum komið saman, að ofdrykkja er eitur í þjóðfjelaginu, og sá tilgangur, að reisa skorður við henni, getur aldrei komið í bága við ætlunarverk löggjafans. Sjerstaklega þarf að takmarka drykkjuskap í verzlunarstöðum. Það hefur við gengizt og við gengst víðast enn, að hver sölubúð er veitingahús, þar sem menn kaupa staup og hálfpela til að hella í sig við búðarborðið. Hjer í höfuðstaðnum á lögreglustjórinn þakkir skyldar fyrir að hafa haldið fram banni gegn þessu, en lög þau, sem á að styðjast við í þessu tilliti, eru ekki svo ýtarleg og hagkvæm, sem vera ætti. Jeg vil leyfa mjer að stinga upp á nefnd í málinu.

Flutningsmaður: 1. þingmaður Eyfirðinga spurði um, hvað væri tilgangur frumvarpsins, og hjelt því fram, að innan verksviðs löggjafarinnar lægi ekki annað en það sem væri heillavænlegt fyrir landið; en ekki veit jeg, hvað er heillavænlegt, ef ekki tilgangur þessa frumvarps. Þingmanninum verður að vera kunnugt, að löggjafarvaldið hefur gefið út lög, sem líkt stendur á; »prostitutionin« er lögbundin erlendis; hjer er bönnuð eitursala. Vínið veldur, eins og eitrið, opt glæpaverkum og manntjóni. Heyrir ekki löggjöfin um »prostitution,« og eitursölu undir þau lög, er síðferði snerta? Hin einstöku atriði frumvarpsins, sem þingmanninum þótti óviðkunnanleg, er jeg viss um að hann er manna vísastur til að lagfæra, ef hann yrði í nefnd til að fjalla um frumvarpið. Þingmaðurinn hjelt, að menn mundu ekki hleypa sjer út í að byggja hús eða kaupa veitingaleyfi fyrir að eins eitt ár, en mjer, sem hef ferðazt kring um allt land fleirum sinnum, er líka kunnugt, að það er sjaldnast, að menn byggi ný hús, þó þeir byrji veitingar; öll þess háttar hús eru hjer á landi einungis eða að mestu leyti drykkjukneipur. (*Arnljótur Ólafsson*: Ekki á Akureyri). Jú! Það er drykkjukneipa. Þær byggja ekki atvinnu sína á því, að selja mat, eða hýsa menn, heldur á brennivínssölu og annara vínfanga. (*Arnljót-*

ur Ólafsson: ósatt). Ef það er ósatt, þá þurfa þessir menn ekki að fara á hausinn, þó þeim sje bannað að selja áfenga drykki, því þá er *það* ekki atvinna þeirra, heldur sala nauðsynjanna. Jeg óska þess, að nefnd verði sett í málið; vilji menn stytta frumvarpinu stundir, efast jeg ekki um, að einir 3 þingdeildarmanna verði fáanlegir til að verða líkfylgdarmenn þess, eins í nefnd og utan nefndar.

Forseti bar þá upp til atkvæða, hvort setja skyldi nefnd í málið, en það var fellt, og var umræðunum þá haldið áfram.

Holgeir Clausen: Jeg hef tekið eptir því hjer í deildinni, að menn eru vanir að byrja með því, að þakka flutningsmanni fyrir frumvarpið, og það held jeg að jeg verði að gjöra líka. Frumvarpið er sjálfsagt gott fyrir þá, sem bágt eiga með að stilla sig, og jeg veit, að mjer er það þarflegt, því að jeg er breyzkur maður. En mjer finnst nú reyndar vera dálítil «paradox» í frumvarpinu, þar sem það vill takmarka sölu áfengra drykkja, en bannar þó að selja lítið. Hafi jeg einhvern tíma drukkið meira en góðu hófi gegndi, þá hefur það komið af því, að jeg hafi fengið of mikið, en eigi af því, að jeg hafi fengið of lítið að drekka. Þegar maður kemur til mín, sem vill kaupa á 3 pela flösku brennivín, og jeg segi honum, að hann geti ekki fengið minna en 10 potta, þá verður afleiðingin af því, að hann kaupir 10 potta í staðinn fyrir 3 pela, og í því tilfelli nær frumvarpið ekki tilgangi sínum. Eða ef annar maður kemur til mín, sem er nú reglumaður og ekki vill drekka brennivín, heldur vill kaupa öl, þá getur hann ekki fengið minna en hálftunnu, en það er og getur verið óþægilegt, að flytja eina hálftunnu, því enginn reiðir eina hálftunnu á hesti; maðurinn verður að kaupa sjer aðra á móti, og svo hefur hann heila tunnu. Frumvarpið er því beinlínis til að ginna menn til að kaupa meira, en þeir hafa gott af að drekka.

Grímur Thomsen: Jeg get ekki verið samdóma hinum háttvirta 1. þingmanni Eyfirðinga, þar sem hann segir, að löggjafanum sje óviðkomandi siðferði þjóðarinnar. Í lögum 7. nóvbr. 1879 um breyting á eldri lögum um siglingar og verzlun á Íslandi (5. gr.), sem þingmaðurinn þá var meðmæltur, eru teknar fram þær ákvarðanir, sem sýna, að menn einmitt vildu sporna við, að sala áfengra drykkja yrði of almenn; annar gat tilgangurinn ekki verið með þeim ákvörðunum. Mjer finnst stefna frumvarpsins góð og gagnleg, þegar jeg undantek 2. gr., sem jeg felli mig ekki við, enda eru hjer á landi til lög frá 1787, sem banna að selja áfenga drykki í smáskömtum, og er þar smærra tiltekið en í þessu frumvarpi. Kaupmönnum er bannað að selja í staupum í búðum sínum, en hvernig er þessu fylgt? Sumir selja kannske ekki, en svo gefa þeir, og komi fram kæra um þetta efni, sleppur kaupmaðurinn ósekur af því, að hann segist hafa gefið það, sem hann ljet úti. Frumvarp þetta fer í nokkuð líka stefnu og frumvarp það um rjett búsettra kaupmanna, sem deildinni þóknaðist að fella um daginn; þetta frumvarp tekur nefnilega fyrir eina grein af því, sem hitt frumvarpið hafði inni að halda. Að mínu áliti er það ekki hentugt hjer á landi, að menn hafi aðgang að því, að kaupa vínföng í smáskömtum, og af því að jeg álít, að tilgangur frumvarpsins sje góður, gef jeg atkvæði með því, að það fari til 2. umræðu.

Jón Jónsson: Jeg er reyndar á því, að einstakar ákvarðanir í þessu frumvarpi þurfi lagfæringar með. En hins vegar vil jeg benda hinum heiðraða þingmanni Snæfellinga á, að það er betra fyrir kaupmenn, að sölu þeirra á vínföngum verði sett einhver takmörk í þá átt, sem hjer hefur verið farið fram á, en að svipta þá alveg rjetti til að selja vínföng nema með sjerstöku leyfi, og frumvarp til slíkra laga hefur áður komið fram á alþingi frá merkum mönnum. Jeg verð að vera hinum heiðraða flutningsmanni þakklátur fyrir, að hafa komið fram með frumvarpið, þótt sumt kynni að vera við það athugandi.

Arnljótur Ólafsson: Jeg skal alls ekki fara að þrátta við hinn heiðraða þingmann Borgfirðinga, þótt jeg ekki sje sannfærður um það, að löggjöfin eigi að fara langt út í siðferðisreglur; en ræða hans gat þó eigi sannfært mig. Þar sem það eptir 1. gr. er bannað að selja í smáskömtum, og sagt var, að það kæmi í veg fyrir, að kaupmenn seldu í staupatali, þá er slíkt bann nú óþarft með öllu, með því slíkt er fyrir löngu bannað, og það ekki einungis að *selja*, heldur og að *gefa*, eða á nokkurn hátt að *veita*. Jeg skal leyfa mjer að bæta hjer við einni almennri athugasemd. Tilgangur frumvarpsins er, eptir því sem hinn heiðraði þingmaður Borgfirðinga skýrði hann, sá, að fyrirgirða alla ofdrykkju. Jeg held hann hafi komizt heldur skammt í siðamennskunni; hann hefði líka átt að fyrir girða allt ofát, því hitt er að komast hálfa leið, því svo segir: «ofát og ofdrykkja teljast með þeim hlutum» o. s. frv. Hann hefði átt að segja: «við erum komnir á stól Mósis, og gefum út lög, sem sneita bæði hið ytra og innra siðalögmál. Jeg er enda hreinn Jesúiti; tilgangurinn helgar meðalið; allir verða að jeta og drekka, eins og jeg segi fyrir; en mannfrelsið, fái það ljúk; jeg hirði eigi hót hvað því líður, þótt það verði að alls engu; það kemur mjer ekki við, bara jeg fái að skamta mönnum drykk, ef eigi mat». Það væri gott, ef þingmaður Suður-Múlasýslu og þingmaður Borgfirðinga sameinuðu sig þó í því, að verða siðameistarar í þessu siðferðislögmáli.

Holgeir Clausen: Jeg hef nú lítið meira að segja í þessu máli. Jeg byrjaði með að þakka fyrir frumvarpið; annars er jeg búinn að segja allt, sem jeg þurfti, en skal geta þess, að jeg hef ekkert á móti 2. umræðu.

Flutningsmaður: Hinn heiðraði þingmaður Snæfellinga er einlægt að þakka fyrir frumvarpið, en er þó einlægt á móti því; jeg skal þar á mót leyfa mjer að þakka honum fyrir skemmtunina. Jeg skal leyfa mjer að taka það fram viðvíkjandi því, sem hinn heiðraði þingmaður Eyfirðinga sagði, að jeg hef aldrei talað um að *fyrirgirða* veitingar og sölu vínfanga, heldur *takmarka* þær. Það er satt, að það er áður bannað að veita í búð, en það er hægra að líta eptir, að þessum lögum sje hlýtt, en hinum eldri. Þetta frumvarp mundi í engu meira styðja að veitingum í sveit, en sú löggjöf, sem nú er. Nú veitir amtið leyfið, og það opt óspart, að því er mjer er kunnugt um. Þar sem jeg á heima eru menn svo gjörðir, að jeg er viss um, að hreppsmenn mundu í fæstum hreppum leyfa vínveitingar, ef þeir mættu slíku ráða með atkvæðum.

Eiríkur Kúld: Jeg er flutningsmanninum þakklátur fyrir tilgang hans með frumvarpinu, en jeg get ekki lofað frumvarpið, eins og það liggur fyrir. En þetta er nú kannske misskilningur, en þó held jeg, að kannske fleiri hefðu leiðzt til þess að skilja það á sama veg og þingmaður Snæfellinga. Jeg ætlaði nú eiginlega að leiðrjetta orð þingmanns Eyfirðinga, þótt jeg sje honum samdóma í þessu máli. Það gæti orðið hættulegt, ef í einhverjum hreppi væru mjög drykkfelldir menn og presturinn sjálfur mjög breyzkur, eins og hinn háttvirti þingmaður Suður-Múlasýslu benti á í gær, að veitingahús yrði kannske reist á sjálfum kirkjustaðnum. Hve mikill siðferðisauki ætli að yrði að því, ef ekki væri girt fyrir, að því yrði lokið upp á sunnudögum fyrir messuna. Það er ekki rjett hermt, að hjer á landi sjeu einungis knæpur, og þekki jeg þau hús, sem geta heitið gestgjafahús, þótt jeg sje ekki eins víðförull og hinn háttvirti þingmaður Suður-Múlasýslu. Hjer eru veitingahús víða í verzlunarstöðum, þar sem fá má bæði mat og næturgistingu, og þó í þeim líka sje veitt vín, það held jeg að þeim verði trauðla bannað. Jeg verð að vera algjörlega mótfallinn frumvarpinu, og vildi helzt láta fella það þegar í stað.

Flutningsmaður: Þar sem hinn heiðraði þingmaður Barðstrendinga var að tala um, að frumvarpið gæti leitt til þess, að byggð yrði ef til vill knæpa á kirkjustað,

þá skal jeg segja honum það, að jeg þekki til, að undir þeim lögum, sem nú eru, hefur prestur leyft að byggja veitingahús í túninu á prestssetrinu. Ef leitað hefði verið atkvæðis sóknarmanna, mundu þeir hafa synjað um veitingaleyfið. Viðvíkjandi 2. grein skal jeg geta þess, að hún er einmitt sniðin eptir því, sem tíðkast í mörgum fylkjum í Ameríku, og er það kallað «local option», nefnilega það, að hreppurinn geti greitt atkvæði um, hvort veitingahús skuli stofna eður eigi. Jeg skal annars ekkert vera á móti því, að fella þessa grein úr, ef það þykir betur fara. En skyldi það vera satt, að til sjeu regluleg gjestgjafahús hjer á landi, sem sjeu grundvölluð á því, að veita mönnum nauðsynjar, þá ættu þau eins að geta staðizt, þótt þau misstu vínsöluna, og stofnendur þeirra þyrftu þá varla fyrir þá sök að rífa húsið niður og hætta við allar veitingar.

Egill Egilsson: Jeg skal reyna að færa nokkur rök fyrir, hvers vegna jeg er á móti þessu frumvarpi. Frumvarpið er sannarlegur leiðarvísir til að gjöra menn drykkfellda. Jeg skal taka til dæmis, ef bóndi vill eignast eina einustu flösku af góðu víni til þess að gæða prestinum sínum eða einhverjum öðrum, sem til hans kynnu að koma einhvern tíma á árinu, þá getur hann ekki fengið hana hjá kaupmanni sínum eptir frumvarpinu. En það gefur honum þá leiðbeiningu, að hann geti fengið hana á veitingahúsinu. Nú hittist svo á, er hann kemur þangað, að þar sitja nokkrir af góðkunningjum hans, sem bjóða honum að drekka með sjer; hann þiggur það, og svo leiðist hann hvað af hverju, unz hann er orðinn drukkinn. Þetta hefur hann nú af því, að hann fjekk ekki á flöskuna hjá kaupmanninum. Það er einnig ópolandi, að meina mönnum að kaupa minna en 10 potta af brennivíni, því jeg get hugsað mjer brennivín sem meðal. Sá, sem bjargar mönnum af strandi, köldum og vosklæddum, þarf að hafa brennivín til að hita þá upp, en hann hefur það ekki, því hann hafði ekki efni á að kaupa 10 potta, sem nú er allt að 10 kr. virði, getur því ekki lífgað nauðleytamenn sína vegna þess, að hann vantar vínið, sem einmitt í þessu tilfelli yrði það meðal, sem við ætti. Þar sem einn heiðraður þingmaður beindist að drykkjuskap hjer í Reykjavík, þá vita allir, að hann hefur farið hjer mikið minnkandi nú í nokkur ár meðal almennings, en sje hjer drukkið að mun af nokkrum, þá er það af höfðingjunum; en það er ekki vant að hafa það í hámælum.

Þar eð ekki tóku fleiri til máls, sagði forseti þessari umræðu lokið og bar upp til atkvæða, hvort málinu skyldi vísa til 2. umræðu. Nafnakall var við haft og sögðu

Já:

Benidikt Sveinsson,
Friðrik Stefánsson.
Grímur Thomsen,
Jón Jónsson,
Jón Ólafsson,
Þórarinn Böðvarsson,
Þorsteinn Jónsson.

Nei:

Eiríkur Briem,
Magnús Andrjesson,
Arnljótur Ólafsson,
Egill Egilsson,
Eiríkur Kúld,
Guðmundur Einarsson,
Halldór Friðriksson,
Holgeir Clausen,
Lárus Blöndal,
Ólafur Pálsson,
Tryggvi Gunnarsson,
Þórður Magnússon,
Þorkell Bjarnason,
Þorlákur Guðmundsson,
Þorsteinn Thorsteinson,
Þorvarður Kjerulf.

Var því þannig neitað með 16 atkvæðum gegn 7, að málið skyldi ganga til 2. umræðu, og var frumvarpið þar með fallið.

B.

Frumvarp til laga um gistingar og vínfangaveitingar. Frá þingmanni Vestmannaeyinga. Frumvarpið er prentað í fyrri parti alþingistíðindanna, bls. 122—123.

FYRSTA UMRÆÐA Í NEÐRI DEILD,
á 17. fundi, 21. dag júlímán.

Flutningsmaður (Þorsteinn Jónsson): Jeg hef nú verið svo djarfur, að koma fram með þetta frumvarp, þó að líkt mál, sem kom fyrir deildina, fengi hjer ekki góðar viðtökur. Þetta sama mál hefur verið fyrir þinginu áður, og var þá vel tekið, og kosnar í það nefndir í báðum deildum. Jeg er ekki fær um að mæla með málinu, en vona, að það mæli sjálft fram með sjer.

Fleiri tóku ekki til máls, og var frumvarpinu þá vísað til 2. umræðu með atkvæðafjölda.

ÖNNUR UMRÆÐA Í NEÐRI DEILD,
á 19. fundi, 23. dag júlímán.

Flutningsmaður (Þorsteinn Jónsson): Jeg hef ekki mikið að segja um þetta mál. Tilefni til þess er ávarp frá bindindisfjelagi í Vestmannaeyjum, sem kom hjer fyrir þingið 1879. Það hefur í sjer fólgna töluverða lagabót, þar sem í 1. gr. er bönnuð þessi staupasala kaupmanna, sem margir hafa hneykslazt á. Annars vegar sýndist það óheppilegt, að leggja veitingamönnum enga skyldu á herðar, og að því lýtur ákvörðunin í 2. gr. um, að þeir skuli hafa minnst 6 rekkjur fyrir næturgesti. Frumvarpið er að öllu óbreytt frá því, sem það var samþykkt við 3. umræðu í neðri deild 1879, nema hvað 2 orðum: «fyrir þeim» er bætt inn í 3. gr. til skilningsauka; því að ekki er meiningin, að loka fyrir hýsingargestum eða næturgestum, heldur fyrir drykkjumönnum. Jeg verð að álíta málefnið gott, og tilgang þess góðan, sem þann að út rýma drykkjuskapnum.

Sökum þess að eigi tóku fleiri til máls, ljet forseti ganga til atkvæða um hverja einstaka grein, og var:

1. gr. samþykkt með 13 atkvæðum
2. gr. —»— — 12 —»—

Um 3.gr. var sökum óglöggrar atkvæðagreiðslu við haft nafnakall, og sögðu

Já:
Eiríkur Briem,
Arnljótur Ólafsson,
Friðrik Stefánsson,
Grímur Thomsen,
Guðmundur Einarsson,
Holgeir Clausen,
Jón Jónsson,
Jón Ólafsson,
Ólafur Pálsson,
Tryggvi Gunnarsson,
Þórður Magnússon,
Þorsteinn Jónsson,
Þorsteinn Thorsteinson,
Þorvarður Kjerulf.

Nei:
Magnús Andrjesson,
Benidikt Sveinsson,
Egill Egilsson,
Eiríkur Kúld,
Halldór Friðriksson,
Lárus Blöndal,
Þórarinn Böðvarsson,
Þorlákur Guðmundsson.

Var 3. gr. þannig samþykkt með 14 atkvæðum gegn 8.

4. gr. var samþykkt með 16 atkv.
5. — — —»— — 14 —

Að frumvarpið gengi til 3. umræðu, var samþykkt með 13 atkvæðum.

ÞRIÐJA UMRÆÐA Í NEÐRI DEILD,
á 27. fundi, 29. dag júlímánaðar.

Flutningsmaður (Þorsteinn Jónsson): Það er víst ekki mikil ástæða til að bera deildinni á brýn apturför, þó ekki væri laust við, að svo virtist við seinustu atkvæðagreiðslu. Þetta frumvarp er áhugamál fleiri landsmanna en Vestmannaeyinga; það er meining flestra góðra manna, að ofdrykkjan

sje eitthvert hið vesta þjóðarmein. Jeg vona, að minn grunur um apturfararanda hjá deildinni hrekist aptur á bak, þegar til atkvæðanna kemur, og vona jeg, að deildin sýni málinu þann sóma, að greiða atkvæði með því; jeg legg það nú glaður undir atkvæði hinnar heiðruðu deildar.

Var síðan gengið til atkvæða um frumvarpið og það samþykkt með 13 atkvæðum móti 6.

Forseti kvað málið mundu verða afgreitt til efri deildar.

FYRSTA UMRÆÐA Í EFRI DEILD,
á 23. fundi, 1. dag ágústmánaðar.

Frumvarpið, eins og það var samþykkt við 3. umræðu í neðri deildinni, sjá I, 278—279.

Frumvarpið var umræðulaust fellt frá 2. umræðu með 6 atkvæðum gegn 4.

Var frumvarpið þar með **fallið**.

XLII.

Heyásetning.

Frumvarp til viðaukalaga við tilskipun 4. maí 1872. Frá þingmanni Borgfirðinga, 2. þingmanni Norður-Múlasýslu, 2. þingmanni Suður-Múlasýslu, 1. þingmanni Húnvetninga, þingmanni Barðstrendinga, þingmanni Vestur-Skaptfellinga, 2. þingmanni Gullbringu- og Kjósarsýslu, 1. þingmanni Árnesinga og þingmanni Dalamanna. Frumvarpið er prentað í fyrri parti alþingistíðindanna, bls. 72.

FYRSTA UMRÆÐA Í NEÐRI DEILD,
á 17. fundi, 21. dag júlímánaðar.

Flutningsmaður (*Grímur Thomsen*): Það er ekki kvíðalaust, að jeg stend upp til þess að biðja hina heiðruðu deild að líta á þetta litla frumvarp, sem hjer kemur fram. Jeg játa fúslega, að bæði mjer, og sjer í lagi hinum lögfróðu mönnum, sem með mjer bera það fram, kann að virðast það stýlað í harðasta lagi. En jeg vona, að hinum háttvirtu þingmönnum sýnist mjer nokkur vorkunn, þegar jeg hef sjeð skepnur helfrosnar úti á víðavangi fyrir vanhirðu og þesta flætt hálfdauða af hungri og hor. Það er reyndar hægt að segja, að hegningarlög sjeu til, er nái yfir þetta. En það er opt ýmsum vandkvæðum bundið, erfitt að ná í sýslumann og ómögulegt að koma lögsókn við. Það hefur áður komið lagafrumvarp um illa meðferð á skepnum. Þingið tók frumvarpinu vel, nema breytti því í þá stefnu, að undantekning var gjörð, ef drepið væri úr hor. Þessi var stefnan þá hjá þinginu, en þá var það ekki nema ráðgefandi, og sú stefna var ekki vítaverð. Jeg játa sem sagt, að lög sjeu til um þetta efni, en þeim lögum verður eigi alstaðar við komið. Ef hægt er að koma því við, að sett sje á hjá mönnum, þá er það helzt hreppsnefndin, sem getur það, því að henni mun kunnastur hagur manna og þekkja bezt til. Enginn ætlast til, að frumvarp þetta verði samþykkt óbreytt, en það á að sýna stefnuna, og hinn síðastliðni vetur var harður og veitir dýra reynslu, svo því fremur er ástæða fyrir menn að vera varkára í ásetningi. Jeg vil biðja hina

heiðruðu deild að virða stefnu frumvarps þessa, og óska, að nefnd verði sett til að íhuga það.

Forseti ljet síðan ganga til atkvæða, hvort setja skyldi nefnd, og var 3 manna nefnd samþykkt. Þessir hlutu kosningu:

Grímur Thomsen með 13 atkvæðum,
Guðmundur Einarsson — 7[1] ——

þá höfðu þeir Arnljótur Ólafsson, Eiríkur Briem og Þorvarður Kjerulf 5[1] atkvæði hver, en hlutkesti rjeð, að

Þorvarður Kjerulf

hlaut sæti í nefndinni.

Síðan var 1. umræðu frestað.

Í nefndinni var Guðmundur Einarsson kosinn formaður og framsögumaður og Grímur Thomsen skrifari.

FRAMHALD FYRSTU UMRÆÐU Í NEÐRI DEILD,

á 25. fundi, 28. dag júlímánaðar.

Nefndarálit, sjá I, 157—158.

Framsögumaður (Guðmundur Einarsson): Jeg get verið stuttorður um þetta mál. Í hinni stuttu grein á undan frumvarpinu sjest nauðsyn þess, að þetta frumvarp verði gjört að lögum, bæði vegna þess, hver þörf hefur verið á slíku að undanförnu, og nú einkum sökum harðæris þess, sem yfir vofir. Vjer höfum reynt að skerða eignarrjettinn sem minnst mátti verða, en höfum þó viljað gjöra nokkuð aðhald að hlutaðeigendum, með því að leggja sektir við, þegar menn stofna fjenaði sínum í bersýnilegan voða. Menn geta reyndar sagt, að hegningarlögin sjeu næg í þessu efni, en jeg álít samt, að það þurfi sjerstakt lagaboð til þess, svo að það verði ljósara en hingað til hefur verið, að það sje synd hegningarverð, að kvelja skepnur sínar. Jeg skal ekki fara um þetta fleirum orðum að svo stöddu, fyr en jeg heyri mótbárur manna.

Varaforseti: Hið upphaflega frumvarp var sannarlega ekki frelsisfrumvarp. Það fór hvorki fram á meira nje minna, en það, að gjöra fjáreigandann ómyndugan og svipta hann ráðum yfir fjenaði sínum. Nefndin hefur fengið pata af því, að þetta mundi ekki geta verið svona, að það mundi ekki fara vel á því, að allir væru ómyndugir yfir fje sínu, aðrir en hreppsnefndirnar. Hin heiðraða nefnd hefur í stað þessa frumvarps komið með annað, sem er meinleysið sjálft, og að minni ætlun gagnsleysið sjálft. Það eru hreppsnefndirnar einar, sem ekki mun þykja þetta frumvarp allsendis meinlaust, því að um þær stendur, að þeim sje «skylt» að hafa eptirlit með fóðurbyrgðum í hreppnum. Ef að þær viðurkenna þessa skyldu sína, munu þær þurfa að ganga margt sporið um hreppinn. En óttast má, að þeim þyki ósanngjarnt, að þessi skylda sje lögð þeim á herðar, og að hreppsnefndarmenn muni daufheyrast við boði þessu og letjast á að sinna því. Jeg skal játa það, að það er mikil ástæða til að reyna að koma í veg fyrir, að búendur of setji á fóðurbyrgðir sínar, því það hefur ollað landbúnaðinum hins mesta tjóns. Þetta hefur opt verið reynt og á marga vegu, en ráðin hafa optast reynzt ónóg. Það hefur verið talað um og reynt að stofna heyforðabúr o. s. frv. En svo ónóg sem önnur úrræði hafa reynzt, er að mínu áliti sízt mögulegt, að gjöra þetta með lögum. Að minnsta kosti efast jeg um, að þetta frumvarp gjöri nokkra bót, eða komi að verulegum notum hjer á landi. Jeg er hræddur um, að hreppsnefndir taki því ekki með þökkum og fari ljett með þessa byrði, af því hún er ósanngjörn.

Þorlákur Guðmundsson: Fyrsta frumvarpið var of hart, og þegar jeg skrifaði undir það með öðrum fleirum, tók jeg það fram, að jeg ekki væri frumvarpinu samþykkur, nema í efninu. Nefndin hefur mildað það og eins og viljað reyna að sigla milli skers og báru; þó er jeg ekki alveg ánægður með aðgjörðir hennar. Það er öllum ljóst, að það þarf eitthvað að gjöra í þessu efni; það verður að stíga eitthvert spor, til að tryggja aðallífsbjargarstólpa landsbúa fyrir fyrirsjónarleysi og

1) Sbr. 38. gr. þingskapanna. Allir á fundi.

fávizku sjálfra vor; en það verður að gjöra það frjálslega og mildilega. Jeg get ekki talið þetta ómak eptir hreppsnefndunum, og jeg er viss um, að engin sæmileg hreppsnefnd telur þetta eptir sjer, heldur mun þakka fyrir að fá eitthvað að segja um þetta efni. Hreppstjórar hafa einnig skyldu í þessu efni, eptir reglugjörðinni góðu, ef menn drepa úr hor eða fara illa með skepnur. Framsögumaður tók fram, að almenningur hefði ekki gjört sjer ljósa þýðing hegningarlaganna í þessu efni. Jeg er honum samdóma um það, því sumir drepa úr hor og fyrna þó hey árlega, og hvernig væru þessir menn staddir, ef hegningarlögunum væri rjett beitt. Jeg hef því hugsað um, að koma með breytingaratkvæði um þetta, sjer í lagi við síðari hluta 3. greinar.

Arnljótur Ólafsson: Jeg kann nefndinni þakkir fyrir umbæturnar á hinu fyrra frumvarpi, því það frumvarp tekur tárin. Jeg skal ekki minnast meira á það. Nefndin kemur með nýtt frumvarp, og kann jeg vel við það nema 3. gr.; hún er svo liðug í hálsliðunum, að jeg skil hana ekki fyrir liðleika sakir.

Aðalefnið er, að maður er sektaður um 100 krónur, en það er bundið svo mörgum skilyrðum, að jeg kemst ekki út úr skilyrðavefnum. Fyrsta skilyrðið er, að hreppsnefndin hafi «að afliðnum haustnóttum» litið eptir fóðurbyrgðum; fyrir því liggja engar sektir við, ef hún hefur gjört það fyrir haustnætur, eða enda síðar en rjett «að afliðnum haustnóttum». Annað skilyrðið er áminningin; hreppsnefndin á að hafa áminnt einn eða fleiri; svo kemur 3. skilyrðið; það er «fóðurskortur», er eigi má úr bæta. En nú komast menn fyrst í geilina (dilemma) eða kvína; nú á að ganga að þeim með oddi og eggju. Á þá að sekta þá? Nei! ekki nema ef þeir fella fjenað sinn *úr hor!* Þótt mjer þyki þessi grein svona silungsleg í vatni, þá mun jeg samt greiða atkvæði með frumvarpinu. Tillögumönnum hefur tekizt þetta svo snilldarlega, að jeg vil gefa með henni atkvæði mitt sem verðlaun.

Framsögumaður: Hinn háttvirti þingmaður Eyfirðinga fór um frumvarp þetta nokkrum orðum bæði í gamni og alvöru, jeg ætla líka að svara honum í gamni og alvöru; ef honum finnst það laust í hálsliðunum, þá er ekki annað fyrir hann en búa til og binda við það breytingaratkvæða-spelk.

Halldór Kr. Friðriksson: Jeg er hræddur um, að ef þetta yrði að lögum, þá kynni að fara hjer, eins og sagt var um laun hreppstjóranna, að það mundi draga dilk eptir sjer; jeg ímynda mjer, að hreppsnefndirnar þakki fyrir að fara um allan hreppinn fyrir ekki neitt. Jeg vil taka til dæmis Grunnavíkurhrepp. Þar sem í 3. gr. er sett sú ákvörðun, að skera skuli af heyjum eða hlutaðeigandi sæta sektum ella, ef í óefni er komið, en ef náttúran hjálpar og veðurfar batnar, þá falla sektirnar. Jeg held, að frumvarpið sje sprottið af eins konar lagasótt, eins og sagt var um breytingartillögurnar; það er þýðingarlaust og getur ekki komið að neinum notum. Jeg ímynda mjer, að hreppsnefndirnar fari að letjast, þegar þær eiga að hlaupa um stórar sveitir til þessa.

Framsögumaður: Hinn háttvirti þingmaður Reykvíkinga talaði um, að lagafrumvarp þetta benti á, að það væri eins konar lagatilbúningssótt í mönnum; en það á eigi hjer við, heldur kemur hin brýnasta nauðsyn mönnum til þess. Hann sagði, að hreppsnefndirnar mundu verða latar á að hlýða fyrirmælum laganna, en jeg held, að þær mundu einmitt verða fúsar til þess, þegar þær sjá, hvílík nauðsyn er á því. Þó það yrðu einstöku sveitir, sem ekki hefðu not af þessu, yrði það þó allur fjöldinn, sem það gagnaði. Þar sem honum þykir frumvarpið ekki nógu strangt, þá skal jeg kannast við, að það er það ekki; en hvað ætli hann hefði sagt, hefði verið farið lengra? Það er örðugt að synda milli skers og báru, þegar við suma menn er að eiga. Jeg held, að þetta lagafrumvarp, verði það að lögum, geti vakið talsverðan áhuga. Hreppsnefnd-

in getur skipt með sjer verkum og valið menn með sjer til aðstoðar.

Holgeir Clausen: Mjer virðist andinn í frumvarpinu mikið góður, en jeg er hræddur um, að það gjöri meiri skaða en gagn. Menn verða að gá að því, að hjer eru menn fátækir, og margir geta komið fótum undir sig, einmitt með því að treysta á útbeitina og vera heppnir með fjenað sinn, þó hey hafi verið lítil hjá þeim. Það væri gott fyrir ríka bændur, en ekki fyrir fátæka. Hvernig eiga þeir bændur að greiða 100 kr., sem ekki eiga einu sinni 100 kr? Ef mögulegt væri að framfylgja þessu, væri það ef til vill gott, en hjer á landi er það ómögulegt.

Þegar hjer var komið umræðunum, höfðu 8 þingmenn beiðzt þess, að umræðunum væri hætt, en þeir voru þessir:

Benidikt Sveinsson,
Jón Jónsson,
Jón Ólafsson,
Þórarinn Böðvarsson,
Friðrik Stefánsson,
Þorkell Bjarnason,
Grímur Thomsen,
Egill Egilsson.

Var sú uppástunga samþykkt, og því næst var samþykkt með 18 atkvæðum, að málið skyldi ganga til 2. umræðu.

ÖNNUR UMRÆÐA Í NEÐRI DEILD,
á 30. fundi, 1. dag ágústmáu.

Breytingartillögur
við frumvarp til viðaukalaga við tilskipun 4. maí 1872, eins og það kom frá nefndinni.

a.

Breytingartillögur
frá Tryggva Gunnarssyni.

1. Upphaf 1. gr. orðist þannig: «Skylt er hreppsnefndum eða tveimur mönnum, sem hún ásamt hreppsbúum velur þar til, að hafa að» o. s. frv.
2. Upphaf 2. gr. orðist þannig: Hreppsnefndarmenn og ásetningsmenn, skulu» o. s. frv.
3. Ný grein, sem verður 3. gr.: Hreppsnefndarmenn og ásetningsmenn skulu hafa 2. kr. um daginn fyrir starf sitt, er greiðist af sveitarsjóði.
4. Í staðinn fyrir 3. gr. komi svolátandi grein, sem verður 4. gr.:

Nú hefur hreppsnefnd eða ásetningsmenn að liðnum haustnóttum lítið eptir hjá hreppsbúum fóðurbyrgðum og húsrúmi fyrir búpening, og álitið eptir peningsfjölda annað eða hvorttveggja ónógt, skal hún eða ásetningsmenn þá ákveða, hversu mörgum skepnum skal farga. Sje það eigi framkvæmt innan þriggja vikna, skal sá, er hlut á að máli, sæta sektum, 2 kr. fyrir hverja skepnu, er hann óhlýðnast að drepa, og hálfu meira fyrir hverja þá skepnu, er hann fellir úr hor þann vetur.

Nú hefur einn eða fleiri af hreppsbúum hlýtt fyrirskipun hreppsnefndar eða ásetningsmanna, en komast þó í heyþröng, svo þeir fella fje sitt úr megurð, skulu þeir þá eigi sæta sektum þar fyrir.

Eigi skal það heldur varða sektum, þó fjárfellir verði í almennum yfirtaks-harðindum, eða þó nokkrir hreppsbúar missi fje úr megurð, hafi einhverra orsaka vegna eigi verið sett á hey og hús þeirra, og þeir þannig enga óhlýðni sýnt gegn lögum þessum.

b.

Breytingar- og viðaukatillögur
frá Þorkeli Bjarnasyni og Þorláki Guðmundssyni.

1. við 1. gr.: Á eptir orðinu: «hreppsnefndum» komi: «og hreppstjóra eða hreppstjórum».
2. — 2. gr.: Á eptir orðinu: «hreppsuefndarmenn» komi: «og hreppstjóri eða hreppstjórar.»
3. — 3. gr.: Á eptir orðinu: «hreppsnefnd» komi: «og hreppstjóri eða hreppstjórar».
4. — 3. gr.: Orðin: «og skulu þeim» allt

að enda greinarinnar, falli burt. Í þess stað komi ný málsgrein: «Skal þá hreppsnefnd og hreppstjóri eða hreppstjórar ráðstafa fjenaði þeirra á þann hátt, er þeir álíta eigendum skaðminnst, hvort heldur með því, að koma fjenaðinum fyrir, kaupa fóður eða skera af heyjum, allt upp á kostnað eiganda. Svo skulu eigendur og sæta sektum 5—30 kr., sem sýslumaður ákveður. Nú fellir einhver úr hor eitthvað af fjenaði sínum, sem ekki hefur hlýtt ráðum hreppsnefndar, og skal hann þá sæta hegningu fyrir illa meðferð á skepnum».

5. Við 4. gr.: Á eptir orðunum: «má taka þær lögtaki» komi: «ásamt áföllnum kostnaði».

c.

Breytingartillaga

frá 2. þingmanni Norður-Múlasýslu.

Við 1. gr. Að fyrir orðin: «að hafa — — eptirlit með» komi: «þá er heyönnum er lokið, að líta eptir».

Við 2. gr. Orðin: «að afliðnum haustnóttum» falli burtu.

Hið upprunalega frumvarp var tekið aptur, en frumvarp nefndarinnar lagt til grundvallar.

Framsögumaður (*Guðmundur Einarsson*): Hjer eru nú komnar fram 3 breytingartillögur, og lúta allar að hinu sama, að bæta frumvarpið sem bezt, en sum hafa stigið feti lengra en nefndin. Hinum háttvirta 2. þingmanni Norður-Múlasýslu þykir heldur seint að fara að setja á á haustnóttum, og skal jeg láta það alveg á valdi deildarinnar. Þá kemur breytingartillaga frá 1. þingmanni Suður-Múlasýslu, sem stingur upp á, að hreppsnefndin velji ásamt hreppsbúum 2 menn til að setja á hey manna, en ábyrgðin liggur þó á hreppsnefndinni. Jeg veit, að meiningin er ósköp góð, en jeg þori þó ekki að mæla fram með breytingartillögunni, og breytinguna undir 4. tölulið álít jeg of stranga. Þá er breytingartillaga frá 2. þingmanni Gullbringusýslu og 1. þingmanni Árnessýslu. Hún fer fram á, að taka hreppstjóra með við heyásetninguna, og finnst mjer ekkert á móti því, en í viðaukanum við 3. gr. sýnist nokkuð þrengt að eignarrjettinum, þegar bæði á að taka eignarrjettinn af mönnum og láta þá sæta sektum að auk. Jeg get því ekki mælt með því; breytingin við 4. gr. fellur af sjálfu sjer. Jeg skal nú ekki mæla fleira að sinni, en heyra álit annara um málið.

Þorkell Bjarnason: Yfir höfuð felli jeg mig vel við stefnu nefndarinnar, því það er þjóðarnauðsyn, að reyna að koma í veg fyrir hina mjög óheppilegu heyásetning hirðuleysingja og óráðsmanna. Það eru mörg dæmi til þess, að menn setja svo heimskulega á hjá sjer, að sömu mennirnir verða ár eptir ár heylausir. Reynslan getur aldrei gjört þá í því efni hyggna, og ef aðrir hlypu ekki undir bagga með þeim, mundu þeir gjöra sjálfa sig öreiga og stofna hlutaðeigandi sveitarfjelögum í voða. Það er satt, að eignarrjetturinn er friðhelgur, en þegar eignarrjettur eins manns kemur í bága við eignarrjett annara, þá finnst mjer það mjög efasamt, hvort ekki sje leyfilegt að grípa fram fyrir hendur á þeim manni og takmarka eignarrjett hans, en jeg kalla, að eignarrjettur þess manns komi í bága við annara eignarrjett, sem fyrir óforsjálni sína og óráðsemi kemst á sveitina, og verður þannig öðrum til byrðar. Þar sem jeg og 1. þingmaður Árnesinga gjörðum breytingartillögu við frumvarpið í þá átt, að hreppstjórar yrðu með hreppsnefndunum við heyásetninguna, þá finnst mjer það ekki nema sanngjarnt, þegar á að fara að launa þeim; þeim er ekki vandara um ómak en hreppsnefndum, sem allt verða að gjöra fyrir ekki neitt, enda var og framsögumaður ekkert mótfallinn þessari breytingu; en hann gat ekki fellt sig við breyt-

ingartillögu okkar við 3. gr., og þótti of langt farið, en við höfum að mínu áliti farið styttra. Nefndin vill setja mönnum tvo kosti, þegar fóðurskortur er kominn; annar er sá, að skera af heyjum, eða sæta sektum ella. En hvernig eiga þeir að borga 100 kr. í sekt, sem hafa áður misst allan pening sinn ef til vill úr hor? þá liggur ekki annað fyrir, en fangelsið til að afplána hegninguna. Mjer þótti sektin of há og vildi því setja hana niður í 5—30 kr. Við lofum mönnum að setja fje á, eins og þeim þóknast og þeim er ekki hegnt, þó þeir hlýði ekki ráðum og áminningum ásetningarmanna, en það er fyrst, þegar fóðurskortur er kominn, að farið er að taka í taumana, og hvað er eðlilegra, en menn sæti þá sektum, ef þeir ekki vilja fara að ráðum hreppsnefndarinnar, og það sýnir sig, að þeirra ráðleggingar hafa verið á gildum rökum byggðar. Hjer er farið því að eins mannúðlega, eins og unnt er, ef nokkurt gagn á að vera í ákvæðum laganna. Var ekki gengið, má jeg spyrja, eins nærri eignarrjettinum hjer í dag, eins og hjer, með því að banna mönnum að taka egg friðlýstra fugla? Þeir sem varpið eiga, eiga þó líka eggin. Það er hin brýnasta nauðsyn á, að lög komist á um þetta efni, til þess að reyna að koma í veg fyrir hinar hættulegu heyásetningar manna, sem getur steypt heilum sveitafjelögum og jafnvel öllu landinu í hinn mesta voða.

Tryggvi Gunnarsson: Þetta mál er mjög áríðandi, og jeg er viss um, að enginn er sá hjer í salnum, sem ekki hafi vilja á að ráða bót á þessum vandræðum, er getur leitt af óhyggilegri heyásetning manna. Jeg hef komið fram með breytingartillögu, til að reyna að koma í veg fyrir, að óráðsmenn setji á hey annara en ekki sín, eins og og opt mun vilja til. Jeg held, að ekkert mál skipti framfarir landsins eins miklu og þetta mál, en það er sjálfsagt mesta vandamál, að búa til lög, sem ekki gangi of nærri eignarrjetti manna í þessu efni, en gefi þó ásetningsmönnum nokkurt vald, svo tillögur þeirra sjeu ekki einkis metnar. Það er einnig hinn mesti vandi, einkum fyrir ásetningsmenn, að fullnægja lögunum og gefa hlutaðeigendum happaleg ráð, því þá verður á margt að líta, fjármanninn, fjárkynið, útbeitina, heygæði, húsrúm o. fl., og verða því þeir, sem um slíkt eiga að dæma, að vera mjög kunnugir. Jeg hef nokkra reynslu í þessu, þar sem jeg hef áður fyrri verið 6—8 ár formaður fyrir heyásetningafjelagi. Reynslan var sú, að ásetningsmennirnir lögðu hinum ráð, sem höfðu *lítil* hey, en sumir þeirra gjörðu ekki annað en hlógu að þeim, af því þá vantaði vald til að láta fram fylgja fyrirskipunum sínum, og svo var engu borgið að heldur; þeir hlýddu sízt, sem helzt þurftu þess með og optast verða heylausir. Nefndin vill fyrst láta grípa fram fyrir hendur á mönnum, þegar fram á veturinn kemur og fje er orðið horað, en jeg álít mitt breytingaratkvæði hentugra að því leyti, að þegar menn á haustin sjá undir eins, að fóðurbyrgðir eru of litlar, að skipa mönnum þá að farga fjenaði sínum strax, meðan hann er í fullu verði, og menn þurfa ekki að bíða mikinn skaða við að selja hann. Viðvikjandi 1. gr., þá álít jeg nauðsynlegt, að ásetningsmennirnir sjeu kunnugir og góðir fjármenn, en ekki víst, að þeir sjeu beztir, sem eru í hreppsnefndinni; á hreppsnefndarmenn launalausa álít jeg ekki bætandi meira en komið er. 3. atriði held jeg ekki fast fram, en mjer finnst hart að gjöra mönnum slíkt að skyldu kauplaust, því það er mjög óþakklátt verk. Ef nokkurt gagn á að verða að ásetningunni, þá þurfa menn að hafa vald til að láta hlýða fyrirskipunum sínum; en ef deildinni þykir hjer farið of langt eða of nærri eignarrjettinum, þá er bezt að snúa aptur og fella frumvarpið. Jeg veit, að menn utanlands, sem eiga skóg, mega ekki höggva skóginn á sínu eigin landi nema eptir útmæliugu vissra óviðkomandi manna, til þess að skógurinn skuli ekki eyðileggjast; en er eignarrjetturinn með þessu eigi fullt eins mikið skertur eins og með breytingaratkvæði

mínu? og er ekki fullt svo áríðandi að við hafa strongustu reglur við ásetning óhyggginna óráðsmanna, sem geta með ráðleysi sínu steypt heilum eða hálfum sveitum í mesta voða. Jeg skal játa það, að hjer er nokkuð gengið nærri eignarrjettinum, en ekki frekar, en nauðsynlegt er. Þegar sú skoðun er komin inn hjá mönnum, hve mikill skaði er að því, að setja of mikið á hey sín, þá þarf ekki lengur strangar reglur, en meðan verið er að ryðja þessari skoðun til rúms, þá þarf *nauðsynlega* þeirra með. En hverra eignarrjetti er gengið næst? einmitt þeirra, sem vilja steypa bæði sjer og öðrum í voða og ekki þýðast annara ráð. Jeg gjöri þetta ekki að kappi, en vildi mælast til, að deildin vildi samþykkja þessar breytingartillögur, en svo má mýkja það við 3. umræðu, sem henni þykir of hart og of nærri gengið eignarrjettinum.

Framsögumaður: Jeg verð nú að segja, að mjer finnst hinn heiðraði þingmaður Suður-Múlasýslu hafa talað bæði af þekkingu og reynslu þá seinustu ræðu, sem hann hjelt. En allt um það þykir mjer þó of hart að gengið, að skipa mönnum þegar á haustin að skera svo mikið af peningi sínum, sem hreppsnefnd ákveður, þó að jeg játi, að hollur sje haustskaðinn. Jeg verð að láta á deildarinnar vald, hvernig hún vill taka í þessar breytingartillögur, sem henni eru ljósar, og sem meira og minna eru af góðri greind sprottnar og á reynslu byggðar.

Varaforseti: Það er hægast að játa, að það er ekki ástæðulaust, að koma fram með frumvarp í þessa átt, að gjöra einhverja tilraun til að bæta úr þeim vandræðum, sem í þessu efni eru fyrir höndum, því að búnaðarsaga okkar sýnir, að það er einmitt heyskorturinn, sem hefur komið mönnum á kaldastan klaka. En á að ráða úr þessum vandræðum með lagaboði? Er það hugsanlegt, að búa til lög, sem geti gjört þá menn forsjála, sem ekki vilja vera það sjálfir, sem ekki vilja hafa nëina fyrirhyggju fyrir velferð sinni og sinna? Jeg get ekki hugsað mjer neinar lagaákvarðanir, sem sjeu aðgengilegar í þessu efni. Hið einasta ráð, sem sýnist vera mögulegt, er að koma á betri fjelagsanda, og reyna að koma því fram með samtökum, sem menn vilja hjer gjöra með lagaboði; því að sá maður, sem aðrir vilja með lögum sjá fyrir, kemst í það ómyndugsástand, að hann hættir að vilja gjöra það sjálfur, og hann er illa farinn.

1. gr. nefndarálitsins vill láta hreppsnefndirnar hafa þann starfa á hendi, að hafa eptirlit með fóðurbyrgðum manna. Það væri nú hugsanlegt, að sumar hreppsnefndir þökkuðu fyrir að gegna þessu starfi. En hinn heiðraði 1. þingmaður Suður-Múlasýslu leggur hjer líkn með þraut, þar sem hann nefnir 2 menn með hreppsnefndinni; það er sannarlega miklu nær, því að það er mögulegt, að hreppsnefndin sje ekki sem færust um, að dæma um heybyrgðir á sumum bæjum. Jeg get ekki ætlað henni að vita betur en búandanum sjálfum, hve miklu fje hann getur framfleytt á jörð sinni, því að hann getur haft bak við eyrað þau ráð, sem hreppsnefndinni eru eigi kunn. En þegar tillögur hins heiðraða þingmanns fara út fyrir að gefa ráð, fer að kastast í kekki; hann vill láta bóndann sæta sektum fyrir óhlýðni, allt að 2 kr. fyrir hverja skepnu, sem hann óhlýðnast að lóga eptir boði hreppsnefndar eða ásetningarmanna. Bætist enn á, að skepnan falli úr hor, skal hann sæta hálfu meiri sekt; hann á þá að sæta 6 kr. sekt fyrir lamb eða veturgemling, sem hann hefur látið falla úr hor. En þá leggur þingmaðurinn aptur líkn með þraut; bóndinn skal ekki sæta sekt, þó hann felli fje sitt úr «megurð», ef skoðuð hafa verið hey hans. Þá hafa tveir aðrir þingmenn reynt að bæta úr skák. Þeir ætlast til, að hreppsnefndir gjöri ráðstafanir, sem bóndanum eru «skaðminnstar»; hreppsnefndir hafa þá leyfi til að gjöra bóndanum skaða, en það á að eins að vera *minnsti* skaði. Enn fremur vilja þeir láta hreppsnefndina hafa leyfi til að skera skepnur manna; þetta er þó gjörræði; en þó er ekki hjer með búið; bóndinn á þar að

auki að sæta sektum allt að 30 kr.; það er á sýslumanns valdi, hvort hann lætur sektina vera 5 eða 30 kr. Þessi grein endar svo á því, að gjöra ráð fyrir, að bóndi felli úr hor eitthvað af fjenaði sínum, sem ekki hefur hlýtt ráðum hreppsnefndar — það á líklega ekki að skiljast svo, að fjenaðurinn hafi óhlýðnazt hreppsnefndinni, þó það liggi næst — og sætir hann þá sektum fyrir illa meðferð á skepnum. (*Þorlákur Guðmundsson*: Það má hártoga það svo). Jeg bendi þingmanninum á, að það er ekki *hártogun*, að skilja orðin, eins og náttúrlegast fellur eptir eðli málsins. «Liðugleiki» þessarar greinar hefur áður verið nefndur, og verður ekki ofsögum af honum sagt; en ekkert af þessu segi jeg til að áfellast menn, heldur til að sýna, að ákvarðanir um þetta efni eru enn ekki fengnar, svo við megi una.

Halldór Kr. Friðriksson: Það eru sannarlega mörg vandræða mál, sem margir vildu ráða bót á, ef hægt væri, og svo er einnig um þetta mál. En sú er skoðun mín, að úr þeim vandræðum, sem hjer ræðir um, verði ekki ráðið með lögum. Lögin verða annaðhvort meinlaus, og þá gagnslaus eða ónýt, eða hreint og beint gjörræði, og þá ópolandi skerðing eignarrjettarins. En slíkt gjörræði, sem hjer ræðir um, er hið fljótasta og vissasta ráð til að gjöra bændur að börnum með öllu ósjálfráðum og ófullveðja, að ósjálfbjarga aumingjum, sem mundu hætta með öllu að hugsa um velferð sína, en kasta allri sinni ábyggju upp á aðra. Vjer sjáum reyndar allir nauðsynina á því, að bændur hugsi betur en þeir gjöra nú um sig, um lífsstofn sinn og meðferðina á honum, að þeir hugsi betur en þeir gjöra, hversu þeir eigi að fara með fjenað sinn, svo að hann verði þeim sem arðmestur og sem öruggust eign, en þetta verður ekki framkvæmt með neinum lögum; það verður að koma af hugsunarhætti þeirra. Það, sem þarf, er að vekja menningaranda hjá bóndanum, vekja tilfinningu hans fyrir því, hversu mikið tjón hann vinnur sjer með því að fara illa með fjenað sinn, og hversu óviðurkvæmilegt það er, að fara illa með skepnurnar, sem veita þeim lífsbjörgina. Það er verið að tala um að gefa frelsi eigi síður bændum en öðrum, en fyrir hverju frelsi er þá verið að berjast, þegar er verið að berjast fyrir, að gjöra bændur að ófullveðja börnum? Þegar verið er að tala um, að óráðsmennirnir í heyjaásetningu vinni öðrum skaða, og því þurfi að taka fram fyrir hendurnar á þeim, hví vilja menn þá að eins taka fram fyrir hendurnar á bóndanum í heyjaásetningi, og að eins í þessu efni? hví er ekki tekið fram fyrir hendurnar á öllum óráðsmönnum í öllum greinum? Hví er eigi tekið fram fyrir hendurnar á drykkjumönnunum, eyðslumönnunum, letingjunum? Uppástungur nefndarinnar eru svo, að enginn hreppsnefnd finnur sjer skylt að blýða þeim. Það er eðlilegt, að hreppsnefndinni þyki það hörð kvöð, að vera skyld til að fara út um alla sveitina, og vera vikum saman burtu frá heimilum sínum og það í þeim erindum, sem þeir verða að vita með sjálfum sjer að þeir geta alls ekki leyst af hendi svo í lagi fari, því að það er alls eigi auðið fyrir ókunnuga menn að setja á hey annars manns; það getur enginn nema bóndinn sjálfur. Hjer mega heldur ekki allir sæta sömu kjörum; það væri hreint ranglæti, að beita sömu reglum við dugnaðarmanninn, sem allt af hefur nóg ráð, og ekki þarf ráða hreppsnefndarinnar við, og við slóðann, sem ekki nennir að sjá fyrir sjer og sínum. Gæti jeg haft nokkra von um, að þessi lög gætu vakið huga manna til menningar og dugnaðar, þá skyldi jeg vera þeim samþykkur; en um það hef jeg alls enga von; þvert á móti geng jeg að því vísu, að frumvarp þetta, ef að lögum verður, hafi hinar gagnstæðu afleiðingar, og veki mótþróa bænda og óvild manna á milli. Breytingar- og

viðaukatillögur tveggja þingmanna þykja mjer hvorki gjöra til nje frá; til bóta eru þær að minnsta kosti ekki. Að bæta sektum ofan á skaðann, er sannarlega að bæta gráu ofan á svart. Aptur á móti er uppástunga 1. þingmanns Suður-Múlasýslu hið mesta gjörræði, sem hugsast má. Slíkar ákvarðanir duga ekki; hið eina tiltækilega er, að taka hegningarlögin og beita þeim með öllum þeirra strangleika, og auka þau, ef þess þarf, en að láta mann sæta sektum fyrir að vinna sjálfum sjer tjón, en þó sleppa við sektina, ef aðrir eru í ráðum með honum, er hreint niðurdrep allrar sómatilfinningar, allrar sjálfsvirðingar, allrar sjálfstæðrar hugsunar, allra tilrauna að bjargast upp á sínar spýtur, og verða eigi öðrum til þyngsla, og mig furðar sannarlega á því, að nokkur sá maður skuli koma með slíkt, sem þykist unna frelsi.

Eiríkur Kúld: Jeg get ekki kastað eins þungum steini á nefndina og 1. þingmann Suður-Múlasýslu, og hinn heiðraði þingmaður Reykvíkinga gjörði. Hann var og sá eini af þeim, sem talað hafa, sem enga hættu sá fyrir höndum. En þegar við lítum á þann grasbrest, sem út lítur fyrir, getur víst engum þingmanni blandazt hugur um, að hættan er mikil, og að eitthvað þarf að gjöra til að stemma stiga fyrir henni; og það er einmitt þetta, sem vakað hefur fyrir nefndinni og 1. þingmanni Suður-Múlasýslu. Þó að hjer sje vandi úr vöndu að ráða, get jeg ekki fallizt á það, sem þingmaður Reykvíkinga sagði, að nefndin og 1. þingmaður Suður-Múlasýslu hafi ekkert ráð sjeð uema gjörræði eitt. Jeg játa, að nefndin og hinn háttvirti þingmaður Suður-Múlasýslu hafa í fljótu áliti að vísu gengið talsvert nærri eignarrjetti manna; en hverra manna? Það eru einmitt slóðarnir, að jeg taki mjer orð þingmanns Reykvíkinga í munn. Það eru þeir menn, sem eru að fara á sveitina, sem fíkjast í að taka fóðurfje af hverjum sem vera skal, án þess að hugsa um fóðurbyrgðir sínar, en láta ráðast, hvort þeir komast í þröng eða ekki, og hugsa, að sveitin taki þá ætíð við. Þó gengið væri nú nokkuð nærri eignarrjetti þessara manna, eða rjettara sagt: sjálfræði þeirra — jeg kalla það sjálfræði — þá get jeg ekki verið móti því, því það miðar til heilla öðrum mönnum. Jeg held, að það sje óþarfi, að til taka þetta 2 króna gjald handa hreppsnefnd eða heyásetningarmönnum; því þeir munu finna hvöt hjá sjer sjálfum til að vinna þann starfa borgunarlaust í hag hreppsbúum sínum. Sektirnar kann jeg og illa við; þær koma fyrst á manninn, þegar hann hefur fellt allt úr hor, og hefur ekkert að borga með; og ætla jeg betur henta, að ákveða dagsektir fyrir þá, sem tregðast við að hlýða ásetningsmönnunum, til þess að neyða þá til að fara að ráðum þeirra. En aptur ættu að liggja sektir við, að drepa úr hor, því allir sjá, að slíkt er þó hin versta meðferð á skepnum. Jeg mun annars halla mjer að nefndarálitinu með nokkrum breytingum. Þó jeg gjöri ekki eins mikið og varaforseti úr orðfærinu á breytingar- og viðaukatillögu 2 þingmanna, af því slíkt má laga í hendi sjer, þá get jeg samt ekki aðhyllzt uppástungu þeirra, af því mjer virðist hún fara svo nærri eignarrjetti manna, að uppástungan gefur ásetningsnefndinni leyfi til að draga jafnvel kúna út af básnum og skera hana að eigandanum fornspurðum.

Jón Ólafsson: Mjer virðist svo, sem frumvarp það, sem að nefndin hefur búið til í þessu máli, sje samið í vandræða-úrræðum og bæti lítið úr upphaflega frumvarpinu. Það kæmi í sama stað niður, að stinga því undir stól og leggja að eins hegningu við, ef fellt væri úr hor. Jeg verð að vera samþykkur hinum háttvirta þingmanni Reykvíkinga, að of mikil ábyrgð sje hjer hreppsnefndum á herðar lagin. Jeg segi

fyrir mig, að mjer þætti það þungur kross, þótt jeg hafi verið og verði ef til vill optar hreppsnefndarmaður, að eiga að fara að setja á hjá bændum, sem hafa 10 sinnum betur vit á heyásetning en jeg. Jeg vildi helzt óska, að burt væri numið úr frumvarpi þessu allar aðrar ákvarðanir en sú, að leggja hegning við því, að fella fje úr hor. Jeg mun því annaðhvort koma með breytingaratkvæði við frumvarpið við 3. umræðu eða greiða atkvæði móti frumvarpinu.

Benidikt Sveinsson: Jeg get ekki skilið, hvers vegna frumvarp nefndarinnar hefur fengið svo harðan dóm, en hitt skil jeg vel, hví mælt hefur verið á móti breytingartillögunum, því þær eru svo lagaðar, að þær gætu ómögulega náð staðfestingu konungs. Jeg tek fram eitt atriði til dæmis í breytingar- og viðaukatillögum þeim, sem komið hafa frá tveimur hinum háttvirtu þingmönnum. Þeir bæta hreppstjórunum við hreppsnefndina og láta þá setja á hey manna ásamt henni. En nú stendur í viðbótinni við 3. gr.: «Nú fellir einhver úr hor eitthvað af fjenaði sínum, sem ekki hefur hlýtt ráðum *hreppsnefndar*, og skal hann þá sæta hegningu fyrir illa meðferð á skepnum». Sætir hann þá ekki hegningu, ef hann hefur ekki hlýtt ráðum hreppstjórans eða hreppstjóranna? eða sætir hann hegningu, ef hann hefur hlýðnazt hreppstjóranum eða hreppstjórunum? Hvernig fara hinir heiðruðu þingmenn að aðgreina ráðleggingar hreppstjóra og hreppsnefnda, sem eiga þó að vera í fjelagi, með tilliti til hegningarákvarðananna? Í þessu er engin meining, engin möguleg skynsamleg bugsun. Yfir höfuð ganga þessar breytingartillögur svo í berhögg við eignarrjettinn, að engu tali tekur; og sama er að segja um breytingartillögu hins 1. þingmanns Suður-Múlasýslu. Hún er sjálfsagt samin í góðum, en ofstrongum hug. En jeg get aptur á móti ekki sjeð, hvað menn geta með rökum haft á móti nefndarfrumvarpinu. Það er samkvæmt anda sveitarstjórnarlaganna, að hreppsnefndin sjái fram úr bjargarvandræðum og komi í veginn fyrir þau, og það getur þó sannarlega ekkert fremur leitt til bjargarvandræða, en ef fjenaður fellur úr hor. Það er merkilegt, að menn skuli álíta það frumvarp óhafandi, sem beinlínis er samkvæmt stefnu og anda gildandi laga, sem allir álíta góð og gild. Jeg skil ekki, hvað hinn háttvirti þingmaður Reykvíkinga getur fundið að því, að hreppsnefndir *leiði mönnum fyrir sjónir*, hve ótryggilegt það er, að setja of mikið á hey sín. En jeg er samdóma hinum háttvirta þingmanni Suður-Múlasýslu um það, að á því ríði, að skera af heyjum á haustin, þegar fjenaður er í fullu verði, og markaður er fyrir fjeð hjá kaupmönnum. Hinn háttvirti sessunautur minn hefur víst ekki talað í alvöru, þegar hann hugði, að hreppsnefndir yfir höfuð mundu ekki hafa vit á að setja á hjá mönnum, af því hann sjálfur hefði ekki gott skynbragð á því, eins vel og greindir búmenn. Hvað sektinni viðvíkur, sem við er lögð, þá álít jeg hana alveg nauðsynlega, því menn vita, að lögin um illa meðferð á skepnum hafa ekki verið skilin svo, að þau næðu til þeirra, sem fella fjenað sinn úr hor. Sektin er í frumvarpi nefndarinnar að öðru leyti svo vægileg sem auðið er, því að þar stendur *allt að 100 kr.* Jeg álít nefndarfrumvarpið þannig sanna rjettarbót, og sjálfsagt af þinginu að samþykkja það, einkum þegar að því er gætt, hvernig á stendur nú og aumlega lítur út með heybyrgðir manna í vetur sem kemur. Jeg hygg, að flestir skynsamir menn út um land muni lá þinginu það, ef það vildi ekki sinna þessu máli, en verða þakklátir, ef þetta frumvarp yrði að lögum.

Þorlákur Guðmundsson: Við höfum tveir komið með breytingartillögu við frumvarp nefndarinnar, en menn hafa alveg misskilið það, þar sem sagt hefur verið, að það gangi nær eignarrjettinum. Það er einmitt

þvert á móti. Jeg bið menn að gjöra sjer ljóst, hver munur er á orðunum. Í frumvarpi nefndarinnar stendur svo, að eigandinn skeri, en í breytingatillögum okkar, að hreppsnefnd og hreppstjóri skuli skera; ætli menn sjeu hræddir um, að það blæði ekki eins, ef hreppsnefndin lætur skera? Við höfum einmitt valið mildari veginn með því, að það skuli vera síðustu úrræðin að skera, ef ekki er mögulegt að kaupa fóður eða koma fyrir fjenaðinum. Það hafa einstakir menn hártogað orð breytinganna, og tek jeg mjer það ekki nærri, og jeg vona, að ef menn skoða þær rólega, þá sjeu þær einmitt til þess að liðka málið. Hinn háttvirti framsögumaður hafði heldur ekki á móti þeim, enda mæla þær sjálfar með sjer. Aptur á móti finnst mjer hinn háttvirti þingmaður Suður-Múlasýslu hafa farið of langt. Ekki get jeg skilið í því, hvers vegna hinn háttvirti þingmaður Reykvíkinga er svo mikið á móti þessu máli; hann er þó góður búhöldur, og þykist víst sjálfur ekki standa aptast í röðinni, hvað fjárrækt snertir, enda er hann einn af þeim fáu, sem fengið hefur verðlaun fyrir fjárrækt. Hann má þó muna eptir næstliðnum vetri, og víst hefði hjer fallið eitthvað af peningi, hefði ekki verið aðhald hjá bæjarfógetanum; þá hefði sannarlega margur drepið úr hor. Það er hægra hjer í Reykjavík en í stórum hreppi, Jeg er viss um, að það yrðu flestir hreppar, sem mundu þakka þinginu fyrir, að fá þessi lög, og ekki get jeg skilið í því, að hreppsnefndirnar teldu eptir sjer að gjöra skyldu sína í þessu efni. En jeg get vel ímyndað mjer, að hinum háttvirta 2. þingmanni Suður-Múlasýslu láti annað betur en að setja á hjá mönnum, eu þó hann væri hreppsnefndaroddviti, gæti hann látið varaoddvitann setja á í sinn stað. Mjer finnst það skylt, að hreppstjórinn taki þátt í þessum starfa, því hann er lögreglustjóri í hreppnum, og á að sjá um, að ekki sje farið illa með skepnur. Eptir 17. gr. sveitarstjórnarlaganna er það skylda hreppsnefndarinnar að sjá um góða reglu í hreppnum, og heyrir ekki þetta einmitt þar undir? Það heyrir þannig beinlínis undir gildandi lög, og mjer virðist einnig þeir vera að slá blor á augu manna, sem ekki viðurkenna þetta, og jeg er viss um, að fá lög hjá þinginu verði þakklátari en þessi, ef það verður að lögum.

Þórður Magnússon: Það er nú nærri því óþarfi fyrir mig að standa upp, því menn hafa tekið fram það flesta, sem jeg ætlaði að segja. Mín meining er, að ekki verði sjeð fyrir þessu með lögum, og eptir fá ár mun það sjást, að þau verða eigi að neinu gagni. Það getur og vel skeð, að hreppsnefndin sjálf hafi ekkert vit á að setja á hey, og aðhyllist jeg því þá uppástungu hins háttvirta 1. þingmanns Suður-Múlasýslu, að rjettara sje að kjósa menn til þess. En mjer finnst, að eitt vanti í frumvarpið. Ef hreppsnefndin setur illa á hjá mönnum, vantar, að hún sæti sektum fyrir það; hún segir t. d. við mann; «þú hefur nóg hey, þjer er óhætt», og með því ginnir hún hann til að setja á sig meira, en hann hefði annars gjört, og svo fellir hann fje sitt; við þessu þyrfti að leggja sektir á hreppsnefndina. Auk þess er það hreint ómögulegt víða að setja á; það er svo mikill munur á hirðingu og heygæðum, að einn bóndi getur fleytt fram jafnmörgu fje á jöfnu fóðri, þar sem annar fellir fjenað sinn með sömu kringumstæður. Þetta er líka hinn vandasamasti starfi, og jeg er hræddur um, að hreppsnefndir af segi að fara, og treysti sjer ekki til þess. En af því að menn fara úr hreppsnefnd eptir röð, þá er hreint ekki víst, að í nefndinni sjeu færustu menn til ásetnings, og þess vegna sýnist mjer rjettara, að kosnir sjeu ásetningsmenn, eins og hinn háttvirti 1. þingmaður Suður-Múlasýslu hefur stungið upp á. Að öðru leyti felli jeg mig bezt við

álit nefndarinnar, það hefur farið stytzt, en hin skerða fjarskalega eignarrjettinn. Helzt hygg jeg að ætti að fella þetta mál, og mun jeg greiða atkvæði í þá átt; en ef eitthvað á að gjöra, þá felli jeg mig bezt við nefndarálitið.

Tryggvi Gunnarsson: Jeg vissi það, þegar jeg skrifaði breytingartillögur þessar, að þær mundu mæta mótspyrnu, og samt áleit jeg það skyldu mína að koma fram með þær, því að jeg áleit þetta atriði í lögunum alveg nauðsynlegt, ef ásetningurinn á að verða að nokkru gagni. En ekki hugsaði jeg, að þær mundu fá eins illa útreið, og þær hafa fengið hjá hinum háttvirta þingmanni Reykvíkinga, en jeg tek mjer það ekki nærri, því að honum er svo gjarnt til að klæða hugsanir síuar í þennan búning; «sinn slær með hverju lagi», segir máltækið. Menn hafa fundið það að breytingum mínum, að þær gangi of nærri eignarrjettinum, en hinir sömu hafa hrósað mjög frumvarpi nefndarinnar. Hver er nú munurinn? Munurinn er sá, að nefndarálitið fer fram á sektir, ef hordauði verður, og að skorið sje af heyjum, þegar skorturinn er kominn, þó komið sje fram undir vor og fjenaður orðinn horaður; þetta er nú það, sem menn hæla svo mjög. Breytingartillögur mínar fara fram á það, að skorið sje á haustin, og ef hreppsnefnd er eigi hlýtt innan 3 vikna, þá skuli menn sæta sekt, 2 kr. fyrir hverja skepnu, sem þeir óhlýðnuðust að skera, og ef þeir nú fella, og það reynist, að ástæður hafa verið fyrir skipuninni að skera um haustið, þá verði sektirnar helmingi meiri. Þannig er bæði hjá nefndinni og mjer þetta tvennt, að skipa að skera og greiða sekt, ef eigi er hlýtt, og get jeg ekki sjeð, að mín tillaga grípi meira inn í eignarrjettinn en nefndin, en aptur hefur mín tillaga þann kost, að það á að byrja að skipa að skera á haustmánuðum, þegar fjenaður er í fullu verði, í staðinn fyrir hjá nefndinni í marz eða apríl, þegar fjenaður er orðinn magur. Ef hin heiðraða deild treystir sjer eigi á annan hátt, en nefndin hefur farið fram á, að sjá máli þessu borgið og taka fram fyrir hendur á þessum óráðsmönnum, þá verð jeg að greiða atkvæði móti frumvarpinu, því jeg álít þá lögin verði alveg ónýt.

Framsögumaður: Eins og hinir háttvirtu þingmenn hafa tekið fram, er það beinlínis skylda hreppsnefndanna, samkvæmt sveitarstjórnarlögunum, að við halda góðri reglu í hreppunum og varna bjargarskorti, og er þá eigi eptirlitið með því, að búendur ofsetji ekki á sig, einmitt eitt af því, er að þessu lýtur? Er ekki bjargarskorturinn bein afleiðing af ofsetningu á hey? Jú, það er einmitt það, og því verð jeg að telja heyásetningu mjög nauðsynlega. Jeg átti sízt von á því, að hinn háttvirti þingmaður Reykvíkinga mundi verða svona andvígur móti þessu, því að hann er góður og greindur búmaður talinn; og það skal jeg segja honum, að ef hann hefði verið bóndi uppi í sveit, mundi hann ekki hafa talið eptir sjer, að fara um meðal bænda og ráðleggja þeim það, sem þeim og hreppnum var til hags. Jeg held, að hann hafi áðan talað af lungunum eða utan garna sjer, eins og menn segja. Það, sem hinn háttvirti 2. þingmaður Ísfirðinga sagði, að hreppsnefndir hefðu ekki vit á ásetningi, getur kann ske átt við einstöku sveit, en almennt er jeg viss um að frumvarp þetta verður vinsælt og kemur til nokkurra bóta. En að leggja sektir á hreppsnefndina og auka henni ábyrgð, álít jeg hreint ófært. Hin háttvirta deild mun nú þegar hafa svo skýrt yfirlit yfir þetta mál, að óþarft er að fara um það fleirum orðum.

Þorlákur Guðmundsson: Jeg ætlaði að eins að geta þess, að jeg hef heyrt, að heyásetningur tíðkist víða fyrir norðan, og sýslumaðurinn í Húnavatnssýslu hafi á síð-

astliðnum vetri skrifað hreppsnefndunum um, að hafa eptirlit með heybyrgðum manna. Nú skal jeg leyfa mjer að skora á hinn háttvirta 1. þingmann Húnavatnssýslu, að skýra þinginu frá, hvaða áhrif þetta hefur haft í hans kjördæmi.

Lárus Blöndal: Eptir áskorun hins heiðraða 1. þingmanns Árnesinga skal jeg geta þess, að sýslunefndin í Húnavatnssýslu hefur optar en einu sinni tekið til meðferðar málið um heyásetningar, og hefur samið reglur um þær til fyrirmyndar í hreppunum. Jeg hef og tvívegis, síðan jeg kom í Húnavatnssýslu, í síðara skiptið seinastliðinn vetur, skrifað hreppsnefndum sýslunnar þessu máli viðvíkjandi, og hefur það haft nokkurn árangur, einkum í þeim sveitum, þar sem góður fjelagsandi hefur verið, en aptur á móti hafa sumir þverskallazt og ekki viljað hlýða tillögum hreppsnefndarinnar, en beðið hana vel að lifa.

Jón Ólafsson: Jeg vona, að þingmenn, sem eru mjer samdóma, felli annaðhvort frumvarpið algjörlega, eða þá að þeir, þó glufur komi í það, reyni að bæta það upp með breytingartillögum við 3. umræðu.

Varaforseti: Jeg vil leyfa mjer að benda 1. þingmanni Árnesinga á, að það er ekki alveg rjett, sem honum sagðist, að það væri hið sama að skera fjenað eiganda eða láta hann sæta sektum; það er þó ekki alveg sama, hvort ásetningsnefndin kemur heim til mín og sker niður pening minn, eða hún skipar mjer það undir sekt, sem jeg kannske aldrei þarf að borga.

Að öðru leyti vil jeg ekki ræða mikið meira um málið, en jeg tek það upp aptur, að þessu verður ekki komið fyrir með lagaákvörðunum.

Heyásetningur hefur verið reyndur fyrir norðan. Amtmaður Bjarni Thorarensen skipaði heyásetning um hreppa alla í sýslu hverri, en þegar amtmaðurinn, sem hafði verið þar næstur á undan honum, heyrði það til Hafnar, skrifaði hann honum aptur: «Láttu mig ekki heyra þetta optar», og var hann þó ekki sjerlegur frelsismaður talinn (nefnilega Grímur Jónsson).

Þeir vetur geta og fyrir komið, þegar ekkert verður við ráðið, og allt verður að standa og falla, hvort lögð eru á góð ráð eða engin ráð, t. a. m. næstliðinn vetur. Hver hreppsnefnd gat vitað fyrir þann vetur? Eða hvað mundi hún hafa getað skipað fyrir til úrræða á þorra eða góu?

Ef nokkuð er hægt aðgjörðar í þessu efni, þá virðist mjer, að rjettasti vegurinn væri sá, að senda áskorun til landshöfðingja um, að valdstjórnin hlutist til um þetta mál, eins og henni þykir við eiga, og hvetji menn til að hafa nægilega fyrirhyggju. Og þó er þetta ekki eðlilegt.

Þorkell Bjarnason: Jeg er samdóma 2. þingmanni Suður-Múlasýslu, og vil því sameina mig um breytingaratkvæði við hann. Dæmin frá næstliðnum vetri benda nægilega á, að nauðsynlegt er fyrir þingið, að gjöra nákvæmar ákvarðanir um, að eigi megi sektalaust fella úr hor. Meðferð sú, er skepnur á þessum vetri hafa orðið fyrir sumstaðar hjer á landi, sýnir, að við erum ekki komnir nógu langt á veg í þeirri mannúð og menntun, sem lýsir sjer í því, að fara vel með skepnur; og hvað er miskunnarleysi, ef það er ekki að fara á einn eða annan hátt illa með skepnur þær, er menn hafa undir höndum? Þær geta sjálfar engu af sjer hrundið.

Benidikt Sveinsson: Mjer gleymdist að geta þess, að það þarf að gjöra breyting við 4. gr. nefndarinnar; því eigi má sú ákvörðun standa, að sektirnar verði teknar lögtaki. Að öðru leyti er jeg alveg samdóma nefndarfrumvarpinu, enda er jeg alveg sannfærður um, að lög, sem byggð væru á breytingartillögunum við frumvarpið, mundu ekki ná staðfestingu konungs. Jeg er einn-

ig sannfærður um, að þessi mannúðlega og frjálslega aðferð, sem nefndin stingur upp á, hefur miklu betri áhrif og meiri þýðingu en hin ólöglega harka, sem breytingaratkvæðin fara fram á.

Grímur Thomsen: Að síðustu vil jeg einungis geta þess, að nefndin hefur orðið einhuga um, að breyta sektunum fyrir 3. umræðu, þannig að færa þær úr 100 kr. niður í 25 krónur, eða einhverja lægri upphæð en 100 kr.

Því næst var gengið til atkvæða, og var:

1. Breytingartillaga Tryggva Gunnarssonar við 1. gr. felld með 11 atkvæðum gegn 5.
2. Viðaukatillaga Þorkels Bjarnasonar og Þorláks Guðmundssonar við sömu grein felld með 13 atkvæðum gegn 4.
3. Breytingartillaga Benidikts Sveinssonar við sömu grein felld með 12 atkvæðum gegn 6.
4. 1. gr. nefndarinnar samþykkt með 12 atkvæðum gegn 6.

   Samkvæmt þessari atkvæðagreiðslu þóttu breytingartillögurnar við 2. grein fallnar.
5. 2. grein nefndarinnar samþykkt með 11 atkvæðum gegn 6.
6. 3. gr. Tryggva Gunnarssonar, ný grein, tekin aptur.
7. Breytingartillaga sama þingmanns við 3. gr., fyrri liðurinn felldur með 16 atkvæðum gegn 1. — Síðari liðinn tók uppástungumaður aptur.

   Viðaukatillaga 2 þingmanna við 3. gr. áleizt fallin.
8. Breytingartillaga sömu þingmanna við 3. gr. felld með 14 atkvæðum gegn 2.
9. Breytingartillaga Benidikts Sveinssonar við 3. grein felld með 13 atkvæðum gegn 1.
10. 3. gr. nefndarinnar samþykkt með 11 atkvæðum gegn 7.
11. Breytingaratkvæði 2 þingmanna við 4. gr. tekin aptur.
12. 4. gr. nefndarinnar felld með 12 atkvæðum gegn 7.
13. Frumvarpinu var vísað til 3. umræðu með 14 atkvæðum gegn 6.

ÞRIÐJA UMRÆÐA Í NEÐRI DEILD,
á 36. fundi, 6. dag ágústmánaðar.

Frumvarpið, eins og það var samþykkt við 2. umræðu, sjá I, 355.

Viðauka- og breytingartillögur við frumvarp til viðaukalaga við tilsk. 4. maí 1872, eins og það var samþykkt við 2. umræðu.

Frá nefndinni.

Fyrirsögnin orðist svo:

Frumvarp
til laga um heyjaásetningu.

1. Í enda 3. gr. fyrir: «allt að 100 kr.» komi: «allt að 50 kr.».
2. Í staðinn fyrir 4. gr. komi svo látandi grein: «Sektirnar renna í hreppssjóð. Mál, sem höfðuð eru um afbrigði gegn lögum þessum, eru opinber lögreglumál».

Framsögumaður (Guðmundur Einarsson): Jeg vil geta þess, að frumvarpið hefur engin breytingaratkvæði fengið, nema frá nefndinni, og álít jeg því hyggilegast, að aðhyllast málið, eins og það liggur fyrir.

Halldór Friðriksson: Jeg get engan veginn sjeð, hvaða gagn getur verið að öðrum eins lögum og þessum; jeg verð að álíta, að það sje að eins til að fjölga lögunum, en jeg sje alls ekkert gagn að þeim í einu nje neinu. Jeg ætla, að það væri rjett, að refsa mönnum að eins eptir hegningarlögunum, ef þeir fara illa með skepnur sínar eða drepa þær í hor; en eptirlit hreppsnefndarinnar getur aldrei orðið að neinum notum, heldur til ills eins.

Framsögumaður: Jeg get ekki verið samþykkur hinum háttvirta þingmanni Reykvíkinga. Jeg álít það æskilegt, að hreppsnefndirnar hvetji menn til að setja gætilega á, og fara vel með skepnur sínar, og einkum að þær stuðli til þess, að vekja hjá mönnum meðvitundina um það, hvað mikið sje í það varið, að hafa lífsbjargarstofn sinn í góðu standi og stofna honum eigi af heimskulegu áræði í neyð eða dauða. Jeg vonast til, að þingið felli eigi þetta frumvarp, og að það fái að ganga til efri deildarinnar.

Arnljótur Ólafsson: Jeg held, að nefndin hafi ekki gætt vel að því, að heyásetningar eru skipaðar í hreppstjóra-instrúxinu gamla, og heyra þær undir verkahring hreppstjóranna, sem nú eiga að verða smálaunaðir embættismenn, og er rjettast, að þeir haldi þessum starfa, enda er engin þörf, að taka þann starfa frá þeim og demba á aðra ólaunaða menn. Hins vegar virði jeg nefndinni til vorkunar, þó hún treysti betur þeim lögum, sem hún hefur sjálf búið til, heldur en öðrum eldri. Jeg veit það, að tilgangur nefndarinnar er góður með lögunum, og jeg er sannfærður um, að heyásetningar eru mjög áríðandi, en þó því að eins, að þær komi fram af búviti og fyrirhyggju, samsamvizkusemi og skynsemi bænda sjálfra, svo þeir sjálfir sjái skepnum sínum borgið fyrir kvöl og hordauða. Jeg vona, að Vestfirðingar finni til þess, að það sje gott, að beztu fjármenn skoði heyásetning hjá mönnum og annað, er lýtur að skepnuhirðingu; það hafa Skagfirðingar gjört, og það hefur oss Eyfirðingum komið saman um að nauðsynlegt væri, eigi til þess að skelfa menn með lagahegningu, heldur til að leiða mönnum fyrir sjónir, hvað sje baganlegt og hyggilegt, hvað sje eðlilegt og sæmilegt í meðferð á skepnum. Jeg er viss um, að sýningar þær, er nú eru farnar að tíðkast, yrðu einmitt beztar með því, að menn læri hver af öðrum heygjöf, beit, hirðing fjár og s. frv.; en ef tilfinningin fyrir því er ekki hið innra hjá manninum, þá bæta ekki lögin. Jeg vil fella lögin, ef þingmenn þeir, er með mjer vilja fella þau, stuðla til að efla framfarir í þessa átt.

Framsögumaður: Hinn háttvirti þingmaður Eyfirðinga talaði mest um hreppstjóra instrúx, en jeg veit ekki til, að það hafi nokkurn tíma verið gildandi lög, og þó svo hafi verið, þá er það nú fallið úr gildi með nýju reglugjörðinni fyrir hreppstjóra; en við erum á sama máli um það, að búvit og samvizkusemi sje nauðsynleg til þess, og þurfi að verða samfara, þegar á er sett hjá mönnum, svo að allt gangi sem hyggilegast og liðlegast, og þegar nú lögin styðja að tillögum hreppsnefnda, og sýna, hvað við liggur, ef illa fer, þá má hjer um ganga að því vísu, að árgangurinn verði allvíða æskilegur.

Þórður Magnússon: Jeg get eigi fallizt á það, að frumvarpið verði að lögum, og get jeg eigi annað álitið, en að það, að skylda menn með lögum í þessu efni, sje eigi til neins gagns, því að bezt mun fara á því, að menn með lempni sýni fram á það, sem bezt er í þessu efni, en að binda með lögum, er eigi til annars en að vekja ósamlyndi mill hreppsbúa og hreppsnefnda, og verður svo þessum lögum aldrei fylgt. Jeg álít því bezt, að frumvarpið væri fellt.

Benidikt Sveinsson: Jeg er samdóma hinum háttvirta 1. þingmanni Eyfirðinga um það, að það, sem mest ríður á, sje meðvitundin um það, hve áríðandi það sje, að fara vel með skepnur sínar, en jeg vil geta þess, að lögin, sem byggð eru á hlutarins eðli, hvetja menn, ef þau ganga í rjetta stefnu, en letja menn að öðrum kosti. Þessi lög ganga í anda sveitarlaganna og í anda hegningarlaganna; því að þó það heyri eigi undir hegningarlögin, að fella skepnur sínar úr hor, þá er það þó í anda þeirra; en þingmaður Eyfirðinga má hvetja með-

bræður sína til mannúðar í meðferð á skepnum; það útiloka eigi lögin, en þau gefa honum aðhald og ástæðu til að fylgja lögunum, með því að hann á að gjalda sektir, ef hann drepur skepnur sínar úr hor. Jeg álít, að það sje hið bezta ráð til að koma í veg fyrir yfirvofandi hættu, að rjett sje sett á; en jeg álít og, að það sje mikil hætta, að fella þetta frumvarp, því að það gæti orðið til þess, að stæla þrákálfa, sem vilja stofna skepnum sínum í hættu, með því að setja óskynsamlega á. Frumvarpið fer eigi fram á, að beita neinni ómannúðlegri eða ófrjálslegri hörku við menn, en hvetur menn til þess, að stofna eigi sveitinni í bersýnilegan vanda, með því að greiða fyrir, að menn drepi skepnur sínar úr hor og lendi síðan á sveitinni.

Halldór Friðriksson: Jeg get eigi verið samþykkur hinum heiðraða þingmanni Norður-Múlasýslu, því að jeg er sannfærður um það, að því fer fjarri, að lög þessi verði hvatning fyrir bændur, til að fara vel með skepnur sínar, heldur verða þau einmitt til hins gagnstæða. Slík lög verða að spretta af hugsunarhætti þjóðarinnar sjálfrar, en það hjálpar ekki að pína hugsunarháttinn inn með lögum. Samkvæmt þessu frumvarpi mega bændur drepa eins og þeir vilja úr hor hegningarlaust, ef nefndin hefur sett á hjá þeim, og þeir hafa farið eptir tillögum hennar, eða ef nefndin alls eigi setur á hjá þeim. Það er sannfæring mín, að það sje fjarri því, að þessi lög gjöri gagn, heldur gjöri þau þvert á móti ógagn.

Eiríkur Kúld: Jeg get eigi verið samþykkur hinum háttvirta þingmanni Reykvíkinga; hann sagði, að þessi lög yrðu að spretta af hugsunarhætti þjóðarinnar sjálfrar, en hvar skyldi hugsunarháttur þjóðarinnar koma fram, ef eigi á alþingi. Mig furðar mest á því, að hinn háttvirti þingmaður sjer enga hættu fyrir dyrum, eins og allir aðrir, en jeg sje það, að ef menn láta hvern þrákálf setja á í vitleysu, þá fellir hann úr hor, og lendir síðan með hyski sínu á sveitinni, og þá eru það aðrir en hann, sem líða tjón af óráði hans. Mjer líkar að vísu frumvarpið engan veginn, eins og það er orðað, en nú er eigi tími til að breyta því, og með því jeg vona, að það geti sumstaðar fyrirbyggt vandræði, ætla jeg að gefa því atkvæði mitt, og þó að einhver gæti farið í kring um það, þá vona jeg, að það verði sem fæstir, og engir betri menn, sem reyndu til þess.

Arnljótur Ólafsson: Jeg játa það, að jeg er samþykkur hinum háttvirta þingmanni Norður-Múlasýslu, að lögin geta verið hapt á þrákálfa. En verði þeir sektaðir, og eigi eigi neitt í sektina, hvað þá? og verði svo sektin að borgast úr hreppsjóð, þá er lítið unnið. Jeg vil taka annað til dæmis. Það er ekki einungis einstakir þrákálfar, sem menn verða að hafa fyrir augum, heldur og margir aðrir. Setjum svo: Sveitarstjórnin kemur á heimili til að setja á og segir við húsbónda. «Þú ert byrgur, góðurinn minn; þú hefur góðan fjármann og góða beit; þú slarkar af». En sveitarstjórnin getur haldið. að hann komist betur af, en raun verður á, svo hann drepi úr hor, og þá mun húsbóndinn segja við sveitarstjórnina»: «Jeg gjörði það, sem þú bauðst: það er ekki mjer að kenna, þó svona færi; taktu nú við allri kökunni». Það er sannarlega vandi fyrir sveitarstjórnina, að taka að sjer ábyrgð og yfirráð yfir þeim mönnum, sem hanga við sveit. Það væri sjálfsagt bezt, að hver vildi styðja annan, en ekki að takmarka með lögum sjálfsábyrgð og sjálfsstjórn manna, enda er það ósamkvæmt því, að biðja um frelsi og stjórnarskrá.

Jón Jónsson: Það eru undarlegar mótbárur, sem koma fram gegn frumvarpi þessu. Sumir segja, að það stríði móti eignarrjettinum, að hafa eptirlit með heyásetningu manna. Aðrir segja, að menn taki siðferðislega ábyrgð af einstökum mönnum, og

aptur enn aðrir, að menn taki sektarábyrgð af þeim með lögum þessum, og afleiðingin verði sú, að þeir verði eigi sektaðir fyrir illa meðferð á skepnum. Hvað nú fyrst snertir skerðing á eignarrjettinum, þá er sannarlega ekki hætt við, að 3. grein frumvarpsins gjöri skaða í þessu tilliti. Skilyrðin fyrir ábyrgðinni við að setja of mikið á eru heldur of mörg en of fá, aðhaldið heldur of lítið en of mikið.

Hin mótmælin eiga ekki við betri rök að styðjast, og sjest það bezt af því, að ef þau væru rjett, kæmu þau í bága ekki að eins við þessi lög, en einnig við hin frjálsu samtök, sem mótmælendur þó mæla fram með. Sannleikurinn er, að hvorki afskipti hreppsnefndarinnar nje frjáls samtök geti veikt ábyrgð hins einstaka, því allt þetta hlýtur að eins að vera bendingar. Að frjáls samtök í þessu tilliti geti komið að góðum notum, sást í vetur í Skagafjarðarsýslu. Þar voru ýmsir hreppar þessu mótmæltir, en aptur aðrir gengu að því með dugnaði og atorku. Og það veit jeg með vissu, að einmitt þeir hreppar, þar sem skeytingarleysið var mest í þessu, urðu verst leiknir í harðindunum í vetur. Hvað því viðvíkur, að menn eptir þessum lögum hafa enga ábyrgð af að drepa skepnur sínar úr hor, þá held jeg, að sú ábyrgð geti ekki orðið minni en hún er, og hefur verið til þessa, því það munu víst fá dæmi nú, að menn sjeu sektaðir fyrir að hafa fellt skepnur sínar. Hvorki hreppstjórar nje aðrir kæra menn fyrir þær sakir, enda er það mjög svo örðugt fyrir sýslumenn að rekast í slíku. Jeg játa það að vísu, að frumvarpinu er ábótavant í mörgu, en allt fyrir það vil jeg gefa því atkvæði mitt.

Lárus Blöndal: Jeg ímynda mjer, að engum þingmanni geti blandazt hugur um, að skynsamleg heyásetning sje eitt hið mesta velferðarmál landsins, en sumir virðast vera í efa um það, hvort skynsamlegt eða mögulegt sje, að setja lög um þetta viðurkennda velferðarmál. Menn skírskota til þess, að bæði í Eyjafjarðarsýslu, Skagafjarðarsýslu og víðar sjeu menn komnir svo mjög áleiðis í framförum, og leggi mikla áherzlu á framfarafjelög, sem þar sjeu komin á fót, og dettur mjer ekki í hug, að efast um, að þetta nafn «framfarafjelag» sje allmjög þekkt í þessum sýslum, en jeg held, að svo æskilegt sem það er, að þessi nöfn sjeu til og alþekkt, að þá væri enn þá æskilegra, að þessi framfarafjelög bæru svo nafn með rentu, að þau þyrftu ekki annað en að heyra góðar ráðleggingar og skynsamlegar fortölur góðra manna, til að gjöra þegar í stað það, sem gjöra ber og gjöra þarf. En jeg veit, að í Húnavatnssýslu nægja ekki til fulls góð ráð og viturlegar fortölur. Þar hefur sýslunefndin tekið þetta velferðarmál til alvarlegrar íhugunar optar en einu sinni og gjört sjer allt far um, að fá hreppsbúa til að fara að þeim bendingum, sem nefndin hefur álitið nauðsynlegar og heillavænlegar; þar hefur sýslunefndin samið til fyrirmyndar fyrir sýslubúa reglur um heyásetningar, og sent reglur þessar til allra hreppsnefnda sýslunnar, en árangurinn hefur orðið sá, að menn hafa almennt ekkert skeytt þessum reglum, þegar til framkvæmdanna kom, og sýslunefndin hefur ekki haft neitt vald til þess, að framfylgja þeim gegn almenningi. Þetta getur allt gengið vel, þar sem góður fjelagsskapur er með mönnum, en verður ekki að neinu, þar sem hann vantar, því þar fer allt út um þúfur, og menn segja, að sýslunefndin hafi ekkert vald til að semja lög fyrir sig. og biðja hana vel að lifa. En afleiðingin af þessu er, að minnsta kosti í Húnavatnssýslu, orðin sú, að sýslunefndin er orðin þreytt á því, að hafa afskipti af máli þessu. Hefði sýslunefndin þar á móti lög, sem hún gæti beitt gegn mönnum, væri allt öðru máli að gegna; það er ein-

mitt það, sem vantar. að hún geti í krapti laganna framfylgt sínum ráðum. Jeg ímynda mjer því, að slíkum lögum sem þessum mundi verða tekið feginshendi, og vona jeg, að deildin skoði þetta mál alvarlega og grandgæfilega, og komist að þeirri niðurstöðu, að hún megi ekki og eigi ekki að hafna lagafrumvarpi því, er hjer ræðir um.

Benidikt Sveinsson: Jeg skal að eins gjöra eina stutta athugasemd, sem svari 1. þingmanni Eyfirðinga. Ef frumvarp þetta tæki af mönnum sjálfsábyrgðina, skyldi jeg vera honum alveg samdóma; en því fer svo fjarri, að þau gjöri það, að þau þvert á móti skerpa hana og skýra fyrir mönnum; þau brýna fyrir mönnum þær skyldur, sem á þeim hvíla, til að tryggja sem bezt atvinnuveg þeirra og bjargræðisveg, til að sjá sjer og sínum borgið. Það er auðvitað, að þar sem komið er til þeirra manna, sem hafa þetta hugfast, sem gjöra allt, sem í þeirra valdi stendur til að sjá sjer borgið, það er auðvitað, segi jeg, að þessir menn þurfa ekki slíkra laga við, því að í þeim sjálfum, í þeirra eigin brjósti er það, sem lögin vildu brýna fyrir þeim. En lögin eru fyrir þá vondu og ekki fyrir þá góðu; þau eru fyrir þá ranglátu, en ekki þá rjettlátu. Þessi lög eru fyrir *þrákjálkana*, segi jeg æ og æ, og þau eru í anda laganna, eptir anda tímans og þörfum þjóðarinnar. Slíkt frumvarp getur deildin ekki vel verið þekkt fyrir að fella.

Varaforseti: Eins og jeg sagði við 1. umræðu þessa máls, er þörf á að gjöra eitthvað, sem gefi einhverja trygging fyrir skynsamlegri heyásetning, sem er máttarstólpi landbúnaðar hjer á landi; en jeg verð og enn að vera á sömu skoðun og þá um, að á þessu verði ekki ráðin bót með lögum; að minnsta kosti get jeg með engu móti sjeð, að það lagafrumvarp, sem hjer liggur fyrir, geti að nokkru leyti ráðið bót á þessu. Hreppsnefndirnar eiga samkvæmt frumvarpinu að hafa ráð fyrir hreppinn allan; þær verða þá að gjöra það annaðhvort með strangleika og baka sjer þar með þá ábyrgð, sem aðrir eiga að bera, eða þær fylgja lögunum sljólega, og þá er það sannarlega ekki til að hvetja menn til að sjá skynsamlega fyrir sjer, heldur mundu menn miklu fremur freistast til að hætta því sjálfir og slá svo skuldinni upp á hreppsnefndirnar. En þar sem sektin er bundin við álit hreppsnefndarinnar, bæta lög þessi ekki úr þeim lögum, sem við höfum um illa meðferð á skepnum.

Grímur Thomsen: Það væri sjálfsagt gott, ef mönnum yrði kennt að hafa lögmálið skrifað í þeirra hjörtum, eins og heiðingjarnir. En í þessu efni vill svo vel til, að vjer höfum lög, sem kveða á um hegningu fyrir illa meðferð á skepnum. En hvernig fór nú á þingi, mig minnir 1869 eða 1871? Þá felldi þingið burtu hegningu fyrir þá verstu meðferð á skepnum, fyrir þá meðferð sem sje, að láta skepnuna deyja úr hungri, eða af hor. Þessu hefur nefndin aptur viljað bæta úr, og búa til lög, sem gefa aðhald í þessu efni, sem engin lög voru um áður, og jeg fyrir mitt leyti get ekkert sjeð móti því, að ákvörðunum um þetta sje bætt við okkar gildandi lög um illa meðferð á skepnum, einkum og sjer í lagi, þegar svo stendur á sem nú, að ekki lítur út fyrir annað, en að hallæri fari í hönd. Um sektina stendur ekkert, hve há hún skuli vera, nema að hún skuli vera *allt að* 50 eða 100 kr., en þar með er þó ekki boðið, að hún skuli endilega vera svo há, sem hún má vera hæst. Jeg vona, að hin heiðraða deild láti þetta mál fá samþykki sitt.

Tryggvi Gunnarsson: Þegar breytingaratkvæði mín fjellu við 2. umræðu þessa máls, sá jeg þegar fram á, að svo látandi frumvarp, sem það, er hjer liggur fyrir, mundi ekki koma að neinu gagni.

Jeg álít frumvarpið, eins og það er, sem veiklega sveitarsamþykkt í hreppi. Þó að frumvarpið yrði að lögum, er ekkert við það unnið, nema hreppsnefndunum er lagt á herðar mjög erfitt og óþakklátt verk, en ekkert vopn í hendur; þeim er sagt að fara á stað og ráðstafa eignum manna, og þar með kastað á hana þeim vanda, sem jeg vil ekki leggja til að kasta á hana. Það mundi og langtum heillavænlegra, að valdir væru heyásetningamenn, því að fyrir því er engin sönnun, að hreppsnefndirnar sjeu ávallt skipaðar þeim mönnum, sem öðrum fremur hafi vit á að setja á hey manna, eins og áður hefur verið tekið fram. En allri skuldinni verður kastað upp á hreppsnefndina, ef fje fellur hjá þeim mönnum, sem hún hefur gjört ásetning hjá; þó hún skipi á haustin að skera af heyjum, þá þarf enginn að hlýða henni, einmitt af því, að í þetta lagafrumvarp vantar ákvarðanir um það, hvernig hreppsnefndin skuli framkvæma gjörðir sínar, eða neyta valds síns. Fyrir þessa sök ná lögin ekki þeim tilgangi, sem þau eru búin til í, og greiði jeg því atkvæði á móti frumvarpinu.

Holgeir Clausen: Það er mín sannfæring, að þetta frumvarp geti að engu liði komið. Jeg vil spyrja, hvort nokkur hreppsnefnd mundi treysta sjer til að segja bónda, sem býr á stórri jörð, þar sem er mikil fjara og gott beitarland, hvað mikinn fjenað hann megi hafa á þessari jörð, þegar þeir hafa enga hugmynd um, hvernig veturinn verður. Eptir minni meiningu gengur frumvarpið alveg út yfir fátæklingana; við þá þorir hreppsnefndin að segja, hvað sem vera skal, en við þá ríku þorir hún ekki að segja neitt. Þar að auki er ekki æfinlega gott að vita, hvað er dautt úr hor og hvað ekki. Það gæti farið eins og fór einu sinni. Það var maður, sem ekki vildi borga hundatoll af hundi, sem hann átti, því að hann uppástóð, að það væri ekki hundur, það væri köttur. Loksins varð dýralæknirinn að gefa vottorð um, að það væri hundur, og þá fyrst borgaði maðurinn. Eins mundi geta farið hjer; menn mundu segja, að það sem drepið væri úr hor, væri dautt úr bráðapest eða lungnaveiki eða þess háttar.

Því næst var gengið til atkvæða og var:

Breytingartillaga nefndarinnar við fyrirsögn frumvarpsins samþykkt með 11 atkvæðum móti 8.

Breytingartillaga hinnar sömu við 3. gr. felld með 10 atkvæðum móti 10.

Því næst var hin nýja grein aptan við frumvarpið samþykkt með 11 atkvæðum móti 3.

Frumvarpið var samþykkt í heild sinni með 11 atkvæðum móti 9. Var nafnakall við haft og sögðu

Já:

Benidikt Sveinsson,
Eiríkur Kúld,
Grímur Thomsen,
Guðmundur Einarsson,
Jón Jónsson,
Lárus Blöndal,
Ólafur Pálsson,
Þorlákur Guðmundsson,
Þorsteinn Jónsson,
Þorsteinn Thorsteinson,
Þorvarður Kjerulf.

Nei:

Magnús Andrjesson,
Arnljótur Ólafsson,
Friðrik Stefánsson,
Halldór Friðriksson,
Holgeir Clausen,
Jón Ólafsson,
Tryggvi Gunnarsson,
Þórarinn Böðvarsson,
Þórður Magnússon.

Kvað forseti málið nú mundu verða afgreitt til efri deildarinnar.

FYRSTA UMRÆÐA Í EFRI DEILD,
á 31. fundi, 9. dag ágústmánaðar.

Frumvarpið, eins og það var samþykkt við 3. umræðu í neðri deildinni, sjá I, 400.

Sighvatur Árnason: Mjer kemur þetta frumvarp svo fyrir sjónir, sem það sje þýðingarlítið; samt skal jeg ekki mæla mikið á móti frumvarpinu, og að minnsta kosti ekki spilla fyrir því, að það komist til 2. umræðu. Jeg held, að það, sem frumvarp þetta hefur inni að halda, sje þegar hjá hreppsnefndunum, svo að ekki þurfi nýrra laga við, en það er vitaskuld, að nú liggja engar sektir við eptir gildandi lögum, ef hreppsnefndunum ekki er hlýtt, en jeg skal líka geta þess, að jeg álít þetta frumvarp óhentugt með tilliti til sektanna. Jeg skal leyfa mjer að taka eitt fram viðvíkjandi sektunum, ef þessi lög fá framgang og samþykki. Ef einhver maður kæmist í heyþrot og felldi skepnur sínar, af því að hann ekki hefur hlýðnazt hreppsnefndinni, þá er sektin komin, og mundi þetta jafnaðarlega koma niður á fátækustu mönnum hreppsins. En það má til færa þar á móti önnur dæmi á landi voru, þar sem skepnur falla hjá bónda, sem hefur nóg hey eptir, en þessi maður sleppur þó sektalaus eptir þessum lögum, og þó eru það einmitt slíkir menn, sem helzt ættu að verða fyrir sektum fyrir slíkt. Jeg vil þó ekki vera á móti því, að frumvarpið gangi til 2. umræðu, ef menn vildu breyta því, en eins og það liggur hjer fyrir, er lítið gagn að því, því hver hreppsnefnd gëtur framkvæmt ákvæði þessa lagafrumvarps, án þess lög sjeu samin um það efni.

Benidikt Kristjánsson: Jeg skal fúslega játa, að tilgangurinn með þessu frumvarpi sje góður, þar sem frumvarpið gengur út á, að bæta meðferð á fje eða gangandi peningi manna, en að hinu leytinu get jeg ekki sjeð, að hjer sje að ræða um mál, sem löggjöfin geti blandað sjer inn í; jeg get ekki sjeð, að þessum tilgangi verði náð nema með frjálsum fjelagsskap í hverri sveit, og jeg vil bæta því við, að slíkur fjelagsskapur er þegar kominn á sumstaðar til sveita. Því meir, sem búnaðinum verður ágengt í landinu, því meiri vissa er fyrir því, að slíkur fjelagsskapur verði almennur. Jeg fæ heldur ekki betur sjeð, en að frumvarp þetta gangi of nærri eignarrjetti manna, og leggi hreppsnefndunum á hinn bóginn þann starfa á herðar, sem þeim er of vaxinn; þess utan hefur það þá siðferðislegu, að jeg ekki til nefni lagalega ábyrgð í för með sjer, að fáir munu vilja verða hreppsnefndarmenn, ef þetta frumvarp verður að lögum. Jeg verð því að álíta það óhagkvæmt og ótiltækilegt, að gjöra þetta frumvarp að lögum. Þess vegna er jeg einráðinn í að mæla á móti því, að það fái að eyða tímanum fyrir þinginu og hindra önnur skynsamlegri og meir áríðandi frumvörp frá að komast fram, enda örvænti jeg, að þetta frumvarp geti tekið nokkrum verulegum bótum við umræðurnar. Ef menn hafa enga innri hvöt til að taka framförum í búnaði, og einkum að sjá skepnum sínum fyrir nægu og góðu fóðri, þá mun varla hægt, að neyða menn til þess með lögum.

Því næst bar forseti undir atkvæði, hvort málið skyldi ganga til 2. umræðu, en því var neitað með 8 atkvæðum móti 2.

Var frumvarpið þannig f a l l i ð.

XLIII.

Friðun sels á Breiðafirði.

Frumvarp til laga um afnám fyrirmæla í opnu brjefi 22. marz 1855 (um selaskot á Breiðafirði). Flutningsmaður þingmaður Snæfellinga. Frumvarpið er prentað í fyrri parti alþingistíðindanna, bls. 224.

FYRSTA UMRÆÐA Í NEÐRI DEILD, á 19. fundi, 23. dag júlímán.

Flutningsmaður (*Holgeir Clausen*): Ástæðurnar fyrir því, að jeg kem hjer fram með frumvarp þetta, eru þær, að lög þau, sem hjer með eiga að af nemast, hafa aldrei náð þeim tilgangi, sem þeim var ætlað, aldrei komið að eiginlegum notum. Það er svo langt frá því, að lög þau hafi gagn gjört, að þau hafa gjört *óbætanlegan* skaða, og jeg er viss um, að ef hið háttvirta þing hefði hugleitt fyrir 26 árum síðan, hvílíkt tjón mundi af þeim leiða, mundi það varla hafa aðhyllzt þau. Jeg veit með vissu, og síðast í gær talaði jeg við mann, sem jeg gæti vel nafngreint, og sem er greindur og kunnugur maður vestfirzkur, og sagði hann hið sama, sem jeg, að sjávarútgjörð og fiskiveiðum hefði hnignað þar vestra, síðan lög þessi komu, að undrum sætti. Á Sandi fyrir norðan Jökul, í Ólafsvík, í Eyrarsveit, í Höskuldsey, í Bjarneyjum, í öllum þessum sveitum var áður mikill sjávarútvegur, en nú víðast nær því enginn. Þaðan, sem áður gengu 70—80 bátar, ganga nú 30—40; þaðan, sem áður gengu 30 bátar, ganga nú 6 með skömm. Frá Höskuldsey gengu áður margir bátar, nú 1. Í Bjarneyjum var mikill fiskiafli áður, nú enginn, nema stöku fliðra kann að nást, sem selurinn skilur eptir. Ekki nú nóg með það, að fiskiafli hafi minnkað, heldur hefur og sjálf selaveiðin minnkað í lögnunum sjálfum (*Grímur Thomsen:* Hvernig stendur á því?). Það stendur svo á því, að síðan hætt var að skjóta, heldur selurinn ekki lengur fast við lagnirnar og látrin, en heldur sig eins mikið fyrir utan þær stöðvar. Sumstaðar, þar sem áður fengust 90 kópar, fást nú ekki nema 50, og þannig hafa allir haft skaða á þessum selalögum. Selurinn er skynsamt dýr, og hverfur þaðan, sem hann er skotinn, en kemur þangað, sem hann er ekki skotinn. Nú þegar hann þarf ekkert að óttast, heldur hann sig eins mikið fyrir utan eins og inn við lagnirnar og látrin. Þannig gjöra þessi friðunarlög óbætanlegan skaða, þau lög, að friða þessi naut, sem ganga gegnum sjóinn. Jeg skal biðja hina heiðruðu þingdeild að taka vel eptir því, að jeg bið ekki um að drepa hann alveg, nei, því að jeg ber fullkomna respekt fyrir annara manna eign, en jeg vil ekki hafa það, að sá, sem á kindur, reki þær inn á tún náungans til að bíta þar, en það hafa þeir herrar gjört, sem fengu þessi lög staðfest á þingi. Vjer aumingjarnir í Snæfellsnessýslu þurfum eins að lifa, eins og aðrir, og viljum fá að lifa, viljum fá rjett til að geta veitt oss fisk úr sjó til bjargar handa hungruðum konum og börnum. Jeg veit ekki, hvernig eðli sels er háttað; jeg hef aldrei selur verið, en jeg ímynda mjer, að eðli hans sje ekki svo frábrugðið eðli annara dýra, að hann ekki vilji helzt vera þar, sem hann fær eitthvað að jeta; og þegar meiri er fiskur úti en inni fyrir, gengur selurinn burt frá látrunum, af því að hann hefur fengið leyfi til að ganga út um allan sjó. Af lögum þessum líða mörg hundruð bláfátækir menn, en að eins fáir, máske 20, hafa gagn af og eiga selanætur.

Nú vil jeg spyrja: Getur nokkur heyrt skot í 20 mílna fjarlægð? Jeg vil segja nei. Kröfur mínar vil jeg ekki hafa stærri en það, að þessar 20 mílur sjeu lækkaðar niður um helming. Jeg vil segja, að ekkert skot heyrist í 10 mílna fjarlægð, og jeg vil enda fara lengra: skot heyrast ekki í einnar mílu fjarlægð, og það þá í logni. Jeg vona,

að hið heiðraða þing muni vera mjer samdóma, að kröfur mínar sjeu sanngjarnar. Það er víst mikill munur á þingmönnum nú og var fyrir 26 árum. Jeg veit, að nú munu vera apturhaldsmenn færri og frelsisandi meiri. Vjer viljum ekki láta stjórnina bjóða oss ofbeldi og órjett, hví skyldum vjer þá vilja láta prívatmenn gjöra það? Það getur vel verið, að jeg sje apturhaldsmaður, en jeg er það þó í því órjetta, en ekki í því rjetta (Margir: heyr!) Jeg veit, að bænarskrár komu fyrir hið síðasta þing um þetta efni, en þeim var fleygt út í horn og enginn gaumur gefinn. Jeg bið hina heiðruðu þingmenn gæta vel að því, að jeg er ekki að biðja um neinn hagnað fyrir sjálfan mig, heldur fyrir bláfátæka menn, konur og börn. Auk þess hefur þetta lagaboð jafnan verið óvinsælt; menn hafa skotið á selinn í lögnunum, þeir hafa verið klagaðir, sent orð sýslumanni. Hann heimtaði gufubát, því leiðin er svo löng fram og til baka, og það góðan gufubát, sem hefði sem mestan hraða. Jeg tek það upp aptur, að engir hafa haft sannarlegt gagn af lögboði þessu, því að selir hafa minnkað hjá lagneigendunum sjálfum, og jeg veit, að hjer eru menn í salnum, sem vita þetta líka. Svartbakurinn hjálpar og til að drepa okkur, því að það er ekki nóg með það, að hann jeti æðareggin og ungana, heldur gleypir hann og æðarkollurnar sjálfar lifandi. Þennan varg megum við ekki skjóta vegna selsins, en biðjum um leyfi til að mega gjöra það. Jeg vil biðja hið heiðraða þing að minnast vel, hvers jeg bið; jeg bið um sama rjett, um jafnrjetti við aðra menn á landinu; jeg bið um, að þessir herrar selakongarnir hafi ekki rjett til að drepa okkur.

Guðmundur Einarsson: Jeg hef nú eigi skilið nema sumt í ræðu hins háttvirta flutningsmanns, og margt af því, sem hann sagði, hygg jeg að sje sprottið af misskilningi og vanþekkingu. Hann upplýsti um ástand manna þar vestra fyrir 26 árum síðan, en jeg skal taka til, að fyrir 80 árum síðan var t. d. við Oddbjarnarsker mesti fiskiafli, og gengu þaðan um 70 bátar, og þó voru þá engin selaskot tíðkuð um allan Breiðafjörð og selalátur þar bæði mörg og mikil. Þá voru menn svo vandlátir með friðun selsins, að þeir líktu því, að drepa urtuna að vorinu, saman við að skera ána frá lambinu. Já, jeg tek það upp aptur, þá var hin mesta fiskiganga um allan Breiðafjörð, og þetta er óræk sönnun fyrir því, að það eru hrein og bein ósannindi, að selur hamli fiskigengdinni. Sumt af því, sem hinn háttvirti flutningsmaður sagði, vil jeg kalla skáldaleik, eins og það, sem hann kom fram með hjerna um daginn, að þegar 6 menn færu á skipi, þyrftu þeir að hafa 2 menn með barefli til að lemja selinn frá sjer, og varna því að hann hlypi inn í bátana til að bíta mennina. Jeg vona, að hinir heiðruðu þingmenn gæti þess, hvílíkur skaði hlýzt af því, að af nema þetta bann; það gildir ærna fje. Þótt launskot sjeu dálítil, hlífast menn þó miklu fremur við að skjóta, þegar sektir liggja við. Hvað því viðvíkur, sem hinn háttvirti flutningsmaður sagði, að skot heyrðist ekki 1 mílu í logni, þá skal jeg geta þess, að á sumardaginn fyrsta heyrðust skot úr Stykkishólmi og inn á Skógarströnd, sem er á 3. mílu vegar. (*Flutningsmaður*: Við skjótum ekki með fallbyssum á selina). Skotin eru það fyrsta, sem eyða selnum, og þegar fyrst var bannað að skjóta, var það ekki nema á vissum stöðum, svo að sumir skutu samt, og eyddist þar selveiði gjörsamlega. Þar sem fyrir 20 árum síðan var 60—80—100 kr. arður af selveiði, er nú veiði þessi horfin með öllu. Á hinum fyrri þingum hef jeg gefið skýrslu um, hvílíkur arður var af selveiði á Breiðafirði, og er það langt of lítið, sem jeg hef til tekið. Þetta er alvarlegt málefni, og jeg vona, að hið heiðraða þing hugleiði, hvílíkt tjón mörgum er búið með því, að af nema þetta bann, og jeg vil skora á hinn háttvirta þingmann Barðstrendinga, að skýra sem bezt mál þetta, því að honum er vel kunnugt um það, sem hjer er um að ræða. Ef bannið er af num-

ið, er þessi mikli arður af selnum horfinn eptir 10—15 ár. Skytturnar sjálfar hafa líka sárlítinn hag af því, að fá að skjóta; að sönnu mundu þeir fá nokkuð fyrstu árin, en selurinn flýr á burtu á örstuttum tíma, þegar farið er að skjóta hann. En þegar ekki er skotið, heldur selurinn sig við lagnir og látur, og má þar bókstaflega ganga að honum vísum á vissum tímum. Gömlu mennirnir, og þar á meðal faðir minn, sögðust meta eins mikið urtuna við skerið og ána í húsinu.

Eiríkur Kúld: Jeg þykist vita, að jeg muni varla sannfæra þingmann Snæfellinga, enda verð jeg að játa, að mjer er þetta ekki eins mikið kappsmál og honum; jeg hef og ekkert loforð í þessu tilliti að efna, eins og hann. Jeg veit ekki, hvort það var jeg, sem þingmaður Snæfellinga talaði áðan til, en eins og enn væri hægt að sýna, bar jeg, sem þá var þingmaður Snæfellinga, mál þetta 1853 fram á þingi af því, að bænarskrár þar að lútandi komu frá sýslubúum hans til þingsins, og voru þær jafnvel undirskrifaðar af nokkrum selaskotamönnum sjálfum, enda verður ekki annað með sanni sagt, en að nauðsyn hafi verið á hinu opnu brjefi, sem hefur tekið fyrir gjörsamlega eyðileggingu á arðsömum atvinnuvegi margra manna. Jeg vil því biðja menn, áður en þeir breyta þessum gildandi lögum, að líta strax á afleiðingarnar. Þingmaður Snæfellinga hefur sjerstaklega tekið fram, að aðalástæðan fyrir því að nema þessar ákvarðanir úr lögum, sje sú, að selurinn styggi fiskinn. Það getur vel verið, að selur styggi fisk, en hvaða selakyn er það helzt? Reynslan hefur sýnt og sannað, að það eru ekki allar selategundir, sem svo mjög styggja fiskinn. Láturselur er það sízt. Á Ísafjarðardjúpi hafa menn dæmin fyrir sjer; þar var á sama tíma láturselur og bezti fiskiafli, en þegar vöðuselurinn kom þar, og með honum nóru- og granselur, sem honum fylgja, þá eyðilagðist fiskiaflinn þar um stund, þangað til þessum farsel, sem mest styggir fiskinn, var þar út rýmt. Það er ekki selur, sem hefur eyðilagt fiskiaflann á Breiðafirði, enda er mjer óhætt að segja, að hann er þar ekki eins spakur, og þingmanni Snæfellinga sagðist frá um daginn, að maður þyrfti að berja hann með sleggjum frá skipunum. Til að mynda Bjarneyjar hafa verið mjög veiðisæl fiskistaða, meðan ekkert skot var skotið á Breiðafirði. Eigendurnir fengu þá í toll af vermönnum 90 vættir, en nú ekki einn fisk, og þó er víst, að selur mun þar nú nokkur skotinn í heimildar- og lagaleysi. Getur nú þingmaður Snæfellinga sagt mjer, hvernig á þessu stendur? Jeg veit hann getur það ekki. Í Dritvík gengu áður 70 skip, en nú er þar enginn bátur; en þar er selurinn einmitt ekki friðaður og hefur aldrei verið. Það, sem hefur hamlað fiskigöngu á Breiðaflóa, er ekki selur, heldur ýmislegt annað, svo sem fiskigengdin hefur breytzt. Það var um 1820, að menn fóru að skjóta selinn, en hverjir voru það, sem voru að þessu? Það voru menn, sem engu öðru höfðu að sinna? En það er einnig eptirtakanlegt, að eptir 1820 hefur aldrei verið mikið um fisk á Breiðafirði. Geti þessi reynsla ekki sannfært menn, veit jeg ekki, hvernig sönnun menn vilja hafa. Sem svar upp á það spursmál, hvers vegna fiskur gangi þá ekki innst inn á Breiðafjörð, mætti nefna fleira en eitt. Fiskur gengur á vissu sviði og á vissum tímum; þegar inn eptir Breiðafirði dregur, er hann norðan fram grunnur, svo að á flóanum frá Skáleyjum til lands sjer til botns um hverja stórfjöru, og það mun hamla fiskigengdinni («Stimerne») frá að fara þar inn fyrir. Að sunnanverðu eru eyjarnar svo þjettar, og að eins þröng straumhörð sund á milli, að lítt er hugsandi, að fiskigengdir komist þar inn fyrir, nema má ske einn og einn fiskur á stangli. Menn sjá þess víða merki í Breiðafirði, þar sem nóg er djúpið, að inn á eyjasundum hefur verið róið og fiskað haust og vor, skammt frá selalögnum, og þannig hefur verið á svo kölluðu Breiðasundi afli og róið haust og vor, enda fram undir seinustu aldamót, og

þá var þar jafnframt talsverð selveiði að vorinu, og engin skot á sel við höfð. En nú er þaðan flæmdur hjer um bil allur selur af skotamönnum fyrir nokkrum árum og engin selveiði — en heldur enginn fiskur —. Þeir menn, sem ekki geta sannfærzt af þessari reynslu, kunna af ókunnugleika ef til vill að hugsa svo, að eitthvað kynni þó að fiskast þar inn frá, ef selurinn væri eyðilagður. En gæti menn þá vel að því, að arðurinn af selnum er einstakra manna eign; það gæti því verið spursmál um, hvort eignarrjetti manna væri eigi of nærri gengið (eptir stjórnarskránni, 50. gr) með því, að breyta þessum lögum. Á Breiðaflóa verður varla nokkur selur skotinn, nema hann sje í vissum skilningi annars manns eign, því að selurinn er skynugt dýr; hann heldur sig á sínum vissu stöðvum, í látrunum, meðan hann kæpir og lengur, en hrekst þaðan burtu af íslögum, og leitar þá djúpskerjanna, og er því allt eins látursel ur fyrir það, þó hann sje ekki í látrum þann daginn. En hvað eyðileggur maður með því að nema úr gildi hið opna brjef? Þessu til skýringar skal jeg gefa stutt yfirlit yfir selaveiðina á Breiðafirði, því jeg hef aflað mjer þar um skýrslu frá nákunnugum mönnum, og hef hana fyrir mjer. Í meðalári má í Múlasveit, Gufudalssveit, Flateyjarhrepp, Barðaströnd, að meðtöldu Reykjanesi að Miðhúsum, telja vorkópaveiðina 750
Sunnanfram með Breiðafirði öllum að Hvammsfirði meðtöldum, allt að Laxós 550
Auk þessa írekstrarsel að minnsta kosti 200
1500

Vetrar- og útselskópar norðan fram fjarðarins að minnsta kosti . . . 350
og sunnanfjarðar frá Miðhúsum að Rúffeyjum 370
720

Reikni maður nú eptir gömlu lagi, gjöri jeg útselskópinn á 12 kr. hvern, og verður þá sú veiði . 8640 kr.
Vorkópinn reikna jeg á 6 kr., og er, þegar írekstrarselurinn er þar með talinn, þó lint í lagt, og gjörir þetta þá . . . . . 9,000 kr.
17,640 kr.

Þessari tekjugrein er nú hjer mesta hætta búin, og útselaveiðin að minnsta kosti alveg farin, sjeu skotin leyfð, en jeg tel sama sem það sjeu leyfð, sje opið brjef 22. marz 1855 numið úr lögum, því sje ei gjörsamlega þvertekið fyrir öll skot á sel á Breiðaflóa, má eiga það víst, að þeir, sem fást við þessi skot. muni ekki einu sinni sjá látrin í friði. Þetta hefur reynslan svo þráfaldlega sannað. Allur þessi arður verður því eyðilagður fyrir mönnum, sem hafa að mestu leyti eins og eignarrjett á honum.

Þingmaður Snæfellinga gjörði sig ánægðan með línu, sem dregin væri, ekki frá Öndverðarnesi, heldur nokkuð innar, en þó svo, að 10 mílur væri frá látrum. (*Flutningsmaður*: Misskilningur!) Nei, það er rjett eptir tekið orðum þingmannsins, og vil jeg þá biðja hann, að líta á kortið, og sjer hann þá, að þó línan ætti að miðast jafnvel við Ólafsvík, þá eru ekki þaðan 10 mílur að löguunum á Hallbjarnareyri.

Jeg hef gefið hjer nokkrar upplýsingar, sem kunnugur og farið svo rjett með, sem verða má, og ímynda jeg mjer, að lengri vörn fyrir hinu opna brjefi sje óþörf, nema ef hinn háttvirti þingmaður Snæfellinga finnur einhverja selasleggjuna til að rota með ræðu mína, og verð jeg þá að sætta mig við það.

Jón Ólafsson: Jeg verð að vera þingmanni Snæfellinga mjög þakklátur fyrir þetta frumvarp, enda finnst mjer það koma á hentugasta tíma og samrýmast vel frumvarpi því, er hinn háttvirti þingmaður Barðstrendinga kom með um friðun fugla, er eptir frumvarpi því skulu allir ránfuglar ófriðholgir og rjettdræpir; þvílikt rándýr sjáarins er selurinn, og mætti hann því gjarnan sömu lögum hlíta og til dæmis valur og kjói. Enda hefur það sýnt sig, að fiskur er á burt flúinn, síðan það óheillaverk

var unnið, að friða varg þennan. Þingmaður Barðstrendinga sagði, að bænarskrár hefðu komið frá sjálfum selaskotamönnum um friðun selsins; þingmaðurinn skal ekki marka mikið af því, því að 1871 kom líka bænarskrá um að upphefja friðunina með undirskriptum sjálfra látraeiganda flestallra. Þingmaðurinn kvaðst engum loforðum bundinn; það gætu verið aðrar hvatir, t. a. m. hagsmunir sjálfs hans. Hann sagði og, að allir, sem elska sannleikann, játuðu, að fiskurinn væri eigi flúinn undan sel, en hefur þó enn eigi komið með neinar ástæður móti því að svo sje. Vel veit jeg, að þingmaðurinn hefur einkarjett til seladráps, en einkarjett til að elska sannleikann framar en vjer, sem erum gagnstæðrar skoðunar í þessu máli, kannast jeg ekki við að hann hafi, og er honum varla sæmilegt að væna aðra skorti á sannleiksást. Þorskurinn er þorskur, það veit jeg, en jeg hjelt ekki, að hanni væri svo mikill þorskur, að hann mundi hlaupa burtu af sínum stöðvum af tómum dutlungum, alveg ástæðulaust. Þingmaður Barðstrendinga sagði enn fremur, að það væru ekki allir selir, eða selategundir, sem væru óvinir fisksins; en mjer þætti gaman að vita, hvaða selategund það væri, sem ekki jetur fisk; þegar mjer hefur verið sýnd þessi selategund, skal jeg verða þingmanninum samdóma um þetta mál, en fyr ekki. Jeg álít, að þessi friðunarlög á Breiðaflóa sjeu hreint hneyksli, sem hið allra fyrsta ætti úr lögum að nemast. Lína sú, sem dregin er í hinu opna hrjefi, er nl. svo löguð, að hún útilykur Íslendinga frá að skjóta sel jafnvel á stöðvum, sem útlendingar mega veiða á. Opna hrjefið friðar svæði, sem liggur alveg fyrir utan löggjafarsvið vort, nl. lengra en $^3/_4$ mílu undan landi. Að því er snertir ummæli þingmannsins um eignarrjett hans á sel út um allan Breiðaflóa, skal jeg ekki svara honum upp á það, en bágt mun hann eiga með að sýna markið sitt á sel, sem drepinn er úti á reginhafi.

Flutningsmaður: Jeg hef tekið eptir því, að þingmaður Barðstrendinga byrjar optast ræður sínar með því að segja, að sjer sje þetta ekkert kappsmál. Í fyrsta skipti, sem jeg heyrði þetta, var á Helgafelli fyrir vestan, þegar hann bauð sig fram til þingsetu fyrir Snæfellsnessýslu. En jeg vil segja honum það, að mjer er þetta kappsmál, eins og öll þau mál, sem jeg tek að mjer á þinginu. Þar sem hann sagði, að selurinn væri ekki vinur fiska, þá er hann einmitt vinur þeirra, þ. e. honum þykir gott að jeta fisk. Jeg skal og leyfa mjer að geta þess, að selurinn er hvergi friðaður erlendis. Ef hinir heiðruðu eigendur lagnanna vildu selja þær, skyldi jeg styðja það, því að jeg er viss um, að með því bættust landinu margar þúsundir. Þar sem hinn háttvirti þingmaður Barðstrendinga sagði, að jeg talaði ekki sannleikann, þá kemur það líklega af því, að jeg er ekki prestur. Hann kvaðst þekkja göngur fiska, og væri því æskilegt, að hann vildi gefa mönnum upplýsingar, hvar fisk væri að finna í það og það skipti, því þá þyrfti aldrei að koma fiskileysi. Jeg veit ekki, hvernig menn ætla að fara að eigna sjer sel út um allan flóa, nema þeir hafi kraga um hálsinn á sínum selum, en það hef jeg ekki sjeð enn þá. Þar sem hann vildi misskilja mig, um hvað jeg beiddi, þá bað jeg um 10 mílur af 20, þær sem eru fyrir utan eyjarnar. Jeg bið hina háttvirtu þingdeild að minnast þess, að jeg gjöri þetta að kappsmáli, og það er ekki fyrir mig, heldur fátæklinga þá, sem í hlut eiga; jeg bið ekki um, að þeir fái að skjóta sel í lögnunum, heldur langt fyrir utan þær; jeg sting upp á nefnd.

Halldór Kr. Friðriksson: Það er til lítils fyrir menn að vera að skírskota í fiskigengdir; vjer erum of skammt á veg komnir í því efni til þess, að vjer getum sýnt og sannað, hvað því veldur. Að því er snertir þetta frumvarp, að af nema skotabannið, eins og það fer fram á, þá álít jeg, að það sje hið sama og leyfa skot á öllum Breiðafirði, því að það er bágt að líta eptir því, að skotmenn skjótist ekki inn fyrir þetta hálfrar mílu takmark, sem gjört er ráð fyrir í

lögunum. Þótt jeg sje ef til vill ekki eins víðförull og þingmaður Snæfellinga, þá er jeg þó svo kunnugur þar vestra, að jeg get sjeð, hvað hlyti að leiða af því, að draga línu frá Ólafsvík í Skor, og leyfa skot þar fyrir innan; það væri hjer um bil sama og að leyfa að eyða öllum lögnum. Jeg skal játa það, að mjer er þetta ekki kappsmál, en sting upp á nefnd, því jeg verð að ráða frá, að taka frumvarpið eins og það liggur fyrir.

Forseti: Jeg vildi skjóta því til álita þingdeildarinnar, hvort það sje ekki íhugunarvert að setja hvert smámál í nefnd. Nú eru þegar margar nefndir settar, og margar skammt á veg komnar, en þingtíminn hálfnaður.

Síðan var gengið til atkvæða og nefnd felld með nægum atkvæðafjölda, og umræðunum haldið áfram.

Þórður Magnússon: Þar sem menn hafa hjer «citerað» í Ísafjarðardjúp, þá skal jeg geta þess, að jeg skil ekki, að láturselur geti verið fiskiveiðum til fyrirstöðu, og í Ísafjarðardjúpi fiskaðist eins, meðan lagnir voru þar, enda hygg jeg, að það sjeu að eins sumar tegundir, sem reka fiskinn burtu. Það er satt, að ef farið er að skjóta sel, þá fælist hann allur burtu. Fiskileysið hygg jeg að sje meira að kenna grynningum og öðrum orsökum en selum, að minnsta kosti ekki látursel.

Arnljótur Ólafsson: Það eru að eins 2 athugasemdir, sem jeg vildi gjöra. Önnur er sú, að þar sem hinn háttvirti þingmaður Barðstrendinga vitnaði til 50. greinar stjórnarskrárinnar, að eignarrjetturinn væri friðhelgur, og mætti því ekki taka þessi forrjettindi af mönnum, þá vil jeg fyrst geta þess, að *veiðirjettur* er enginn *eignarrjettur*, heldur *atvinnurjettur*, og þá heyrir málið ekki undir 50. gr., heldur 51. gr. stjórnarskrárinnar, sem hljóðar svo:

«Öll þau bönd, er hamla frelsi í atvinnuvegum og jafnrjetti manna til atvinnu, og eigi eru byggð á almenningsheillum, skal af taka með lagaboði».

Það er því brýn skylda þingsins, að af taka slík forrjettindi, og er því það, sem þingmaður Barðstrendinga kom fram með sem sönnun fyrir sínu máli, einmitt það er hið sterkasta vopn á móti honum. Mjer er ekki ókunnugt um, að víðar hjer á landi hafa verið selalagnir en á Breiðafirði, t. d. á Skagaströnd og í Eyjafirði. Hvað kemur nú til, að Breiðfirðingar einir, en ekki hinir, hafa beðið um þessa vernd? Þeir einir hafa viljað skapa sjer þennan einkarjett í atvinnu, og allir hinir liðið þennan makalausa órjett, er ekki svo? Eða hafa Breiðfirðingar einir haldið uppi þessu ófrelsi þvert á móti 51. grein stjórnarskrárinnar? Mjer virðist ljóst, að svo sje. En hverju megin er nú almenningsheillin? Jeg verð að álíta það almenningsheill, að frumvarp þetta verði að lögum, eða að skotbannið verði af tekið, því almenningsheill er ekki heill tveggja, þriggja eða fáeinna selátursmanna, heldur heill allra veiðimanna, hvort sem þeir veiða fisk eða sel. Til þess nú að finna, hvar almenningsheillin er, þarf ekki annað en meta höfðatölu veiðimannanna, og í annan stað fiskmegin fiskimanna, og kópamegin selveiðamanna, og sjá, hverja tegundina fleiri veiða, og af hverri tegundinni er meiri arður, og þá er almenningsheillin fundin. Jeg er ókunnugur á Breiðafirði; en ætlun mín er sú, eptir orðspori, að almenningsheillin sje eigi kópveiðamegin. Hin athugasemdin er sú, að vjer þurfum ekki að þekkja fiskigöngur til þess að ræða þetta mál. Öllum er kunnugt, að seluriun jetur fisk og síld. Fiskurinn fælist og hræðist selinn næsta mjög; fiskurinn verður stundum það, sem menn kalla «selhræddur», það er úteygður og oturеygður, líkt og bregður fyrir hjá einstaka manni — jeg vil eigi segja hjá þeim, er segir opt, að sjer sje þetta ekkert kappsmál, en er þó undir niðri verulegt kappsmál. Menn vita og, til dæmis að taka á Eyjafirði, að sje fiskur kominn inn á fiskimið, áður en selurinn, þá er aldrei meira fiski, sem kemur einmitt af því, að

fiskurinn hræðist selinn; fiskurinn þorir eigi út úr firðinum; selurinn lokar fyrir fjörðinn. Farselur er engu minna óargadýr og meinvætti gegn fiski, en svartbakur og skarfur á móti æðarfugli. Þingmaður Barðstrendinga hefur nú komið fram með frumvarp um, að gjöra svartbak ófriðhelgan, og hann er vanur að vera sjálfum sjer samkvæmur, og skal jeg því aðstoða hann í að ófriðhelga einnig þessi gripdýr og bæta því við frumvarp 1. þingmanns Norður-Múlasýslu um friðun hreindýra. Það er skylda þingsins eptir 51. gr. stjórnarskrárinnar, að af taka þetta bann. Þingin hjer á undan hafa einlægt verið að af taka ýmisleg forrjettindi, svo sem tíundfrelsi, skattfrelsi, og seinasta þing af tók bann gegn sveitaverzlun og leyfði hana. Hví skyldi þá þetta þing, sem er saman komið eptir nýjar kosningar, láta þennan einkarjett standa sem óþakklátan minnisvarða eptir sig?

Eiríkur Kúld: Jeg ætla að eins að leiðrjetta skilning hins háttvirta 1. þingmanns Eyfirðinga á 51. gr. stjórnarskrárinnar; þar stendur: «og eigi eru byggð á almenningsheillum»; almenningsheillir eru á Breiðafirði selaveiðin, og þar að auki eru veiðirjettindi nokkur hluti af eignarrjettinum, og heyrir því ekki undir 51. gr., heldur 50. grein.

Var síðan gengið til atkvæða, með því ekki tóku fleiri til máls, og var samþykkt, að frumvarpið skyldi ganga til 2. umræðu, með 14 atkvæðum móti 3.

ÖNNUR UMRÆÐA Í NEÐRI DEILD,
á 25. fundi, 28. dag júlímán.

Flutningsmaður (*Holgeir Clausen*): Hinn háttvirti þingmaður Barðstrendinga brigzlaði mjer um daginn um, að jeg væri ekki ætíð heppinn að hitta á sannleikann. Hinn háttvirti þingmaður Dalamanna sagði á þinginu 1871, að arðurinn af selum á Breiðafirði væri ekki nema 4000 dalir; þessum tvein heiðruðu þingmönnum ber þá ekki saman, og veit jeg, að hinn heiðraði þingmaður Dalamanna skrökvar ekki að gamni sínu. Jeg veit, að hann hefur gott minni, en jeg held, að minni þingmanns Barðstrendinga sje farið að bila, að minnsta kosti í þessu máli. Það eru einungis 2 jarðir: Staðarfell og Reykhólar, sem vorselur og láturselur fæst á. Jeg er viss um, að enginn getur vísað mjer á eina jörð fyrir sunnan Hvammsfjörð, þar sem selveiði er. 4000 dalir er líka of hátt virt, því kostnaðurinn er mikill, t. d. á vorsel.

Guðmundur Einarsson: Jeg man eptir því, að jeg 1871 gjörði lauslega ágizkun um, hve mikill arður mundi vera af selaveiði á Breiðafirði; en það var lausleg ágizkun. Nú veit jeg til, að hinn háttvirti þingmaður Barðstrendinga hefur miklu áreiðanlegri vissu fyrir því, hve mikill hann er. Jeg kalla, að arðurinn af selnum sje fullt eins viss eins og af kúnni og ánni, þar sem hin sama selatala, hjer um bil, veiðist ár eptir ár. Það er satt, að vorselaveiði er kostnaðarsöm útaf fyrir sig, en þegar hún er stunduð við hliðina á æðarvarpi, þá minnkar hinn tilfinnanlegi kostnaður. Í Hvammsfirði er það ekki öðru að kenna en launskotum, að selveiði er þaðan horfin, og sama yrði á Breiðafirði vestanverðum og í Gilsfirði, ef bannið yrði af numið; öll selalátur og lagnir yrðu þá eyðilögð eptir 10 til 15 ár, og verulegur arður af selaskotum horfinn líka.

Grímur Thomsen: 1879 leitaðist jeg við að afla mjer skýringar í þessu máli. Hinn háttvirti þingmaður Snæfellinga heldur einmitt hinu sama fram nú og þingmaður sá, er þá var fyrir Snæfellsnessýslu, gjörði þá, að selurinn reki fiskinn burtu. Jeg hef leitað mjer skýringar um, hvort meining hans muni á rökum byggð. Bjarnareyjar og Höskuldsey eru ekki meira en 4—5 mílur frá landi, og eru þar góð fiskiver, þó gengur selur þar um. Jeg skal fara á annan fjörð, Kollafjörð við Steingrímsfjörð; í Broddanesi er góð fiskiveiði, og eru þar þó selalagnir; sama er og að segja um Kolbeinsá í Hrútafirði, að þar er gott fiski og þó selveiði.

Jeg skal ekki neita því, að ræða hins háttvirta þingmanns Eyfirðinga hafði mikil áhrif á mig, þegar hann var að útlista 51. gr. stjórnarskrárinnar, en jeg get ekki álitið, að hjer sje um mikið hapt á atvinnuvegi að ræða, og skora jeg á menn að hrekja það, að allgott fiski sje í Bjarnareyjum þrátt fyrir selveiðina, og jeg skora á þá, sem kunnugir eru, að hrekja það, sem hefur verið sagt hjer á þingunum 1877 og 1879, að það sje ekki láturselur, heldur vöðuselur og útselur, sem fælir fiskinn; ef þingmaður Snæfellinga sannar, að ekki sje gott fiski í Bjarnareyjum og að láturselur fæli fisk, þá skal jeg vera á hans máli, annars ekki.

Þórður Magnússon: Eptir því sem mjer er kunnugt, veit jeg ekki til, að láturselur styggi fisk, enda verð jeg og að verða á því, að meiri arður sje á Breiðafirði af selveiði og æðarvarpi, — því það tel jeg og að miklu leyti eyðilagt, ef skotabannið verður afnumið — heldur en fiskiveiðum.

Flutningsmaður: Þar sem hinn háttvirti þingmaður Borgfirðinga bar mjer það á brýn, að jeg hefði mishermt, þá verð jeg að segja honum það, að hann segir þá líka ósatt. Fyrir nokkrum árum voru af Bjarneyjum goldnar 90 vættir í vertoll, en nú engin. Ef þetta er ekki rjett hermt, hvað er þá satt? Mjer þykir það merkilegt, að Breiðfirðingar skuli ekki fá sömu rjettindi og menn annarstaðar hafa. Jeg fer ekki fram á annað en að fá jafnrjetti í þessu máli fyrir Breiðfirðinga. Ef málið fær að ganga til 3. umræðu, þá vona jeg, að jeg geti komið með nógar undirskriptir, og sannanir í þessu máli. Hjer er og einn maður í salnum, sem hefur skrifað undir bænarskrá, um að fá bannið gegn seláskotum afnumið, og það er hinn háttvirti 1. þingmaður Húnvetninga, og skora jeg á hann að skýra frá ástæðum fyrir því. Þótt fiskiveiði kunni að vera nokkur í Höskuldsey, þá þarf það ekki að vera til fyrirstöðu, því hinn háttvirti þingmaður Dalamanna sagði 1871, að þar væri engin selveiði.

Þorvarður Kjerulf: Jeg vildi að eins taka fram eina athugasemd, af því að menn greinir á um, af hverri orsök fiskigöngur á Breiðafirði hafi breytzt, hvort heldur af sel eða öðru. Það er reynsla, að þar sem fiskurinn finnur æti, þar leggst hann að. Nú hagar svo til á Breiðafirði, að er fiskigöngurnar koma sunnan eða norðan, verða fyrir þeim afarstórar grynningar yzt í flóanum, en af því að þar liggur fjöldi fiskiskútna fyrir, sem strax fer að veiða fiskinn og kasta höfðum og slógi útbyrðis, stöðvast fiskigangan að miklum mun; hygg jeg því, að þetta valdi miklu meir veiðiþurrðinni en selirnir, sem þingmaður Snæfellinga kennir um allt illt.

Jón Ólafsson: Það, sem 1. þingmaður Norður-Múlasýslu tók fram um fiskigönguna, held jeg að jeg verði að leyfa mjer að vefengja; mjer þykir það harðla ótrúlegt; það stríðir þvert á móti þeirri reynslu, sem menn þykjast hafa gjört fyrir austan, og væri undarlegt, ef sömu orsakir hefðu mótsettar afleiðingar fyrir austan og vestan, en þó undir sömu kringumstæðum. Fyrir Austurlandi er fullt af frönskum, enskum og færeyskum fiskiskútum, og gengur þar þó fiskur inn á firði. Að því er selinn snertir, hef jeg hjer áður í deildinni spurt að því spursmáli, sem jeg hef enn ekki fengið svarað, hvaða selategund það er, sem ekki jetur fisk? (*Einn þingmaður*: Síld!) Síld er líka fiskur. Fái jeg svar upp á þetta, skal jeg verða með selafriðunarmönnum. Viðvíkjandi því, sem þingmaður Borgfirðinga sagði um fiskiveiðar við Bjarney, verð jeg að eins að upplýsa deildina um, að jeg hef einmitt þessa daga haft spurnir af því, og kunnugir menn hafa sagt mjer hið gagnstæða. Jeg man ekki, hver þingmanna það var, sem hjelt, að varpinu á Breiðafirði mundi vera hætta búin, ef leyft væri að skjóta sel; var þá varpið í voða áður, meðan þetta var leyft? Menn þyrftu ef til vill betur að passa varpið, en jeg sje ekki eptir þeim til þess. Jeg sje yfir höfuð enga

ástæðu til að vernda þessa einokun þar fremur en annarsstaðar.

Eiríkur Kúld: Jeg stend einungis upp eptir áskorun þingmanns Borgfirðinga til að skýra frá fiskiverunum í Breiðafjarðareyjum. Í Bjarneyjum er allgóð veiðistaða haust og vor; og get jeg þar um gefið þá upplýsingu, að fiskur gengur inn fyrir þær eyjar, og þó er þar láturselur. En verstaða er utar í firðinum, þar sem Oddbjarnarsker er, og er þar mikill selur. Elliðaey og Fagurey eru innar, en verstaða er þar haust og vor. Þingmaður Snæfellinga dró ályktun út af því, að 90 vættir hefðu áður verið goldnar í vertolla af Bjarney, en nú engin; selurinn á ekki sök á, að nein breyting hafi orðið á því. Enda er verplass í Bjarney þann dag í dag. Það er venjulegt, að eptirgjald af Breiðafjarðareyjum er goldið í því, sem þær gefa helzt af sjer í arð, og eptir Bjarneyjar er einmitt goldið í fiski. Skot á sel á vissum tímum gætu skaðað varpið og styggt fuglinn, en þegar fuglinn hefur hreiðrað sig og er setztur upp, þolir hann betur skot. 2. þingmaður Suður-Múlasýslu spurði um, hver selategund æti ekki fisk. Jeg get ekki svarað þessu spursmáli, því að jeg hef ekki skoðað ofan í magann á hverjum sel. En jeg hef áður tekið fram, hver selategund fæli mest fiskinn. Það er annars almennt viðurkennt, að fiskiduggurnar, franskar og danskar, stöðvi fiskigönguna, með því nefnil. að þær fiska inni á fiskimiðum, og sigla svo frá landi til að slægja, og leggst fiskurinn svo að þeim niðurburði, og fer eigi lengra inn í fjörðinn að mun. Þar sem mestur fiskur er, undir Jökli, eru engar lagnir. Jeg ímynda mjer, að þeir, sem aðhyllast þessa uppástungu, gjöri það af ókunnugleika, af því að jeg ímynda mjer, að enginn vilji vísvitandi spilla þeim miklu hlunnindum, sem hjer væru í veði, ef þessi uppástunga næði fram að ganga.

Lárus Blöndal: Út af áskorun og fyrirspurn hins háttvirta þingmanns Snæfellinga um, hvort jeg hafi ekki skrifað undir bænarskrá til alþingis um, að bannið gegn selaskotum á Breiðafirði yrði úr lögum numið, og af hvaða ástæðum jeg hafi gjört það, skal jeg leyfa mjer að svara honum því, að jeg ásamt fleiri Breiðfirðingum undirskrifaði slíka bænarskrá til alþingis 1871, af því jeg var sannfærður um, að bænarskrá þessi væri á góðum og gildum rökum byggð, jafnvel þó jeg þá hefði miklar selalagnir, og efast jeg ekki um, að hinn háttvirti þingmaður Snæfellinga, sem hefur sjeð nafn mitt ritað undir þessa bænarskrá, hafi einnig lesið og kynnt sjer ástæðurnar, sem teknar eru fram í bænarskránni; að öðru leyti vona jeg, að hinn háttvirti þingmaður biði með þolinmæði atkvæðagreiðslunnar í máli þessu, og að hann þá sjái, hvort jeg í því hef breytt sannfæringu minni frá því, sem áður var.

Arnljótur Ólafsson: Jeg vil taka það fram, að það er skylda þingsins að láta málið ganga til 3. umræðu. Allir kannast við 51. grein stjórnarskrárinnar, sem svo bljóðar: «Öll þau bönd» o. s. frv. Hinn eini vafi, sem nú er á málinu, er sá, hvort selveiðin sje byggð á almenningsheillum eða ekki. Um þetta vantar skýrslur, sem vonandi er að geti fengizt, ef málið gengur til 3. umræðu. Þingið gjörir því skyldu sína, ef það lætur málið bíða þess tíma.

Halldór Kr. Friðriksson: Það er óþarfi fyrir þingmann Eyfirðinga að vera einatt að vitna til 51. greinar stjórnarskrárinnar; hún getur líka skilizt öðruvísi. Jeg vil ráða deildinni til að fella málið, og vera ekki að tefja tímann með því. Jeg veit ekki til þess, að nokkrum geti dottið það í hug, að landselur fæli fisk, því að það gefur að skilja, þótt einn og einn landselur sje á stangli, þá muni hann ekki fæla fiskinn, en þegar vöðuselurinn kemur hópum saman, þá er eðlilegt, að fiskurinn hrökkvi undan. Og þó það sje mikill selur á Breiðafirði og taki, ef til vill fisk og fisk, þá fælir það ekki fiskinn þaðan. En jeg vil spyrja: Hvenær kom fyrst selur á Breiðafjörð? Þegar skotin byrjuðu? Nei; þá var nógur fiskur, og það er fyrst kvartað nú, þegar skotin eru bönnuð. Áður voru nógar fiskiveiðar fyrir sunnan Jökul, hví eru

þær engar þar nú? Það er auðsjeð; menn ímynda sjer þetta, án þess að vita nokkuð um fiskigöngur. Þótt þingmaður Snæfellinga ímyndi sjer, að fiskigöngur verði tíðari, þá vil jeg spyrja, hvaða vissu hefur hann fyrir því? Og þá er varhugavert að eyða svo arðsömum atvinnuvegi, meðan engin vissa er fyrir því, að fá neitt í staðinn; það er að renna blint í sjóinn. Ef menn vilja taka þetta til greina, þá er ástæða til að láta frumvarpið fara veg allrar veraldar.

Grímur Thomsen: Jeg skal varast að segja nokkuð, sem eykur kapp hins heiðraða flutningsmanns, því það mun ekki mega á það auka. Þetta mál hefur optar verið fyrir þinginu. Árið 1833 kom bænarskrá frá Breiðfirðingum sjálfum, þar á meðal frá einum merkum manni, Ólafi Sivertsen; þar segir, að allir sjeu hættir við selaskot sjálfviljugir, því að þeir hafi sjeð, að selurinn skemmdi ekki fiskigöngur. Hvað fiskigöngur snertir, þá eru þær breytilegar. Við vitum, að þær hafa breytzt stórum á Faxaflóa. Fiskur gekk fyrri hluta þessarar aldar undir Vogastapa; nú er þar enginn fiskur. Það þurfa því þyngri og betri ástæður, en komnar eru, til þess að jeg geti gefið atkvæði með málinu, en þar eð eigi eru líkur til þess, virðist mjer rjettast, að fella frumvarpið og eyða eigi lengur tíma til þess að óþörfu.

Flutningsmaður: Til að stytta umræður, bið jeg hina háttvirtu og heiðruðu deild, að láta málið ganga til 3. umræðu, og mun jeg þá koma með skýrslur til upplýsingar. Jeg bið bara um þetta.

Því næst bar forseti undir atkvæði, hvort þetta mál skyldi ganga til 3. umræðu, en með því atkvæði urðu eigi glögg, við hafði forseti nafnakall og sögðu

Já:

Arnljótur Ólafsson,
Benidikt Sveinsson,
Egill Egilsson,
Friðrik Stefánsson,
Holgeir Clausen,
Jón Jónsson,
Jón Ólafsson,
Lárus Blöndal,
Ólafur Pálsson,
Tryggvi Gunnarsson,
Þorsteinn Jónsson.

Nei:

Eiríkur Briem,
Magnús Andrjesson,
Eiríkur Kúld,
Grímur Thomsen,
Guðmundur Einarsson,
Halldór Friðriksson,
Þórarinn Böðvarsson,
Þórður Magnússon,
Þorkell Bjarnason,
Þorlákur Guðmundsson,
Þorvarður Kjerulf.

Var því þannig hafnað með 11 atkvæðum gegn 11, að málið gengi til 3. umræðu, og frumvarpið þar með **fallið**.

XLIV.

Tollvörugeymsla.

Frumvarp til laga um tollvörugeymslu. Frá þingmanni Snæfellinga og 2. þingmanni Suður-Múlasýslu. Frumvarpið er prentað í fyrri parti alþingistíðindanna, bls. 159.

FYRSTA UMRÆÐA Í NEÐRI DEILD, á 51. fundi, 16. dag ágústmánaðar.

Flutningsmaður (Jón Ólafsson): Jeg finn ekki ástæðu til að mæla mikið með þessu frumvarpi; það ber það sjálft með sjer, að það er á sanngirni byggt; jeg óska að eins, að það gangi til 2. umræðu.

Jón Jónsson: Jeg skal leyfa mjer að mæla með þessu frumvarpi, því að það er kunnugt, að það er opt þung byrði fyrir kaupmenn, að þurfa að greiða fyrir fram allt tollgjald af vörum þeim, er þeir flytja inn. Jeg álít þetta mál því þess vert, að menn íhugi það, þótt jeg ekki lofi að greiða atkvæði mitt með því, eins og það nú er, en jeg vil láta það ganga til 2. umræðu, og geta menn þá lagfært þau missmíði, sem á því eru.

Var síðan gengið til atkvæða, og með 13 atkvæðum móti 6 atkvæðum neitað, að frumvarpið gengi til 2. umræðu.

Var frumvarpið þar með f a l l i ð.

XLV.

Endurskoðun jarðabókarinnar.

A.

Tillaga til þingsályktunar um nefndarkosning til að íhuga jarðabókina frá 1. apríl 1861. Frá Sighvati Árnasyni og Skúla Þorvarðarsyni, 1. og 2. þingmanni Rangæinga. Tillagan er prentuð í fyrri parti alþingistíðindanna, bls. 80.

Tillögu þessari var útbýtt meðal þingmanna í efri deildinni á 8. fundi hennar, 14. dag júlímánaðar, og á næsta fundi daginn eptir bar forseti upp þá uppástungu, að höfð skyldi ein umræða um tillöguna; var sú uppástunga forseta samþykkt í einu hljóði.

EIN UMRÆÐA Í EFRI DEILD, á 10. fundi, 16. dag júlímán.

Flutningsmaður (Sighvatur Árnason): Uppruninn til þessarar þingsályktunar er sá, að á almennum sýslufundi í Rangárvallasýslu kom fram uppástunga í þessa stefnu. Þessu til sönnunar skal jeg lesa upp sýslufundargjörðina um þetta mál, er svo hljóðar: «Fundurinn áleit brýna nauðsyn til, að endurskoðun jarðabókarinnar frá 1861 fari fram sem fyrst, bæði hvað sýsluna yfir höfuð snertir, og sjer í lagi vegna þess, að 4 hreppar sýslunnar hafa orðið fyrir stórkostlegum áföllum af völdum náttúrunnar á næstliðnum 10 til 20 árum, og fól fundurinn þingmönnum sínum að fylgja því máli fram á alþingi». Í tilefni af þessu höfum við borið upp þessa tillögu, og jeg álít, að það, sem hún fer fram á, sje mesta nauðsynjamál, og hinar ýmsu fundargjörðir, sem

liggja til sýnis á lestrasalnum, hafa inni að halda ósamkynja uppástungur, svo að auðsjeð er, að menn eru víða óánægðir með jarðabókina frá 1. apríl 1861. Á jörðunum hvíla lögboðin gjöld sem kunnugt er, en jarðabókin er mjög svo ónákvæm, svo að þau lögboðnu gjöld, sem á jörðunum hvíla, eru byggð á skökkum grundvelli. Hin mismunandi aðferð í fyrstunni gefur fulla ástæðu til að lagfæra matið. Að svo mæltu vona jeg, að þingmenn þessarar deildar verði að minnsta kosti svo mannúðlegir, að leyfa þessu máli að koma til nefndar til að íhuga það. Jeg efast ekki um, að nefndin gæti fundið einhvern heppilegri veg til nauðsynlegra umbóta á jarðabókinni, og þar sem nú einmitt löggjöfin býður, að jarðabókina skuli endurskoða að 20 árum liðnum, þá kemur þetta mikið vel saman.

Benidikt Kristjánsson: Jeg er alveg samdóma þingmanni Rangæinga um það, að breyta þurfi á ýmsum stöðum jarðabókinni frá 1. apríl 1861, en því er jeg alveg mótfallinn, að gjörðar verði almennar breytingar á henni. Ástæðan til þess, að jeg er þessu mótfallinn, er: 1. sú. að það getur ekki hjá því farið, að slík algjör endurskoðun hafi afarmikinn kostnað í för með sjer, og: 2. sú, að engin áreiðanleg vissa eða trygging er fyrir því, að jarðamatið verði öllu sanngjarnara eða rjettara eptir en áður við þessa endurskoðun. En það er auðvitað, að ýmsar jarðir hafa orðið fyrir áföllum af völdum náttúrunnar, og við það hefur gildi þeirra breytzt. Einnig kunna ýmsar jarðir að hafa misst af landeign sinni, síðan jarðamatið fram fór fyrir 20 árum síðan, þótt þar hafi ekki verið prætuland talið í jarðabókinni. Aðalverkefni nefndar ætti þá að vera það, að gefa einfaldar, en þó haganlegar reglur fyrir því, hvernig meta ætti einstakar jarðir, en þó svo, að breytingin á matinu gæti álitizt tryggileg gagnvart hinu opinbera. Þetta er og álit manna almennt í mínu kjördæmi. Þess vegna legg jeg það til, að nefnd verði kosin til þess að íhuga og gefa haganlegar reglur fyrir því, á hvern hátt jarðabókinni frá 1. apríl 1861 verði breytt í einstökum atriðum, þar sem mest þörf er á því.

Einar Ásmundsson: Hjer liggur fyrir tillaga um, að setja nefnd til að íhuga jarðabókina frá 1. apríl 1861, og koma með tillögur um nauðsynlegar breytingar til umbóta á henni. Jeg held nú fyrir mitt leyti, að þessi tillaga sje óþörf. Það eru allir samdóma um það, að á jarðabókinni eru margir og miklir gallar, en að gefa tillögur um, hvernig þeim verði fyrirhafnarlítið, en þó til gagns út rýmt, það álít jeg þyngri þraut. Jeg get að minnsta kosti ekki gjört mjer von um, að nefnd, er hjer væri nú sett, geti komið fram með ýtarlegri tillögur í þessu efni, en hver einstakur þingmaður, t. a. m. 1. þingmaður Rangæinga, sem gæti borið fram tillögu til þingsályktunar beinlínis um það, hvernig fara skyldi að laga gallana á jarðamatinu, í staðinn fyrir að koma fyrst með tillögu um nefndarkosning til að semja tillögu til þingsályktunar um málið. Þingmaður Norður-Þingeyinga er á þeirri skoðun, að ekki eigi að breyta jarðabókinni í mjög mörgum atriðum, heldur að eins þar sem gallarnir eru stærstir. En jeg ímynda mjer, að ekki verði gott að líða sundur stærri galla frá smærri göllum. Jeg er hræddur um, að takmarkið verði óljóst þar á milli. Annaðhvort álít jeg, að taka verði fyrir alla jarðabókina og reyna vandlega að umbæta hana í heild sinni, eða að öðrum kosti láta hana óhrærða. En að endurskoða og bæta alla jarðabókina, er geysimikið verk. Fyrir 4 árum lagði stjórnin fyrir þingið frumvarp um endurskoðun jarðabókarinnar, en það var fellt, helzt af þeirri ástæðu, að mönnum var ljóst, hvílíkum örðugleikum það var bundið, að meta jarðirnar upp í landinu. Verði farið á annað borð að hræra við jarðamatinu, þá þykist jeg sjá það fyrir, að umkvartanir um galla á jarðabókinni komi úr öllum átt-

um, og svo mætti fara, að þessar umkvartanir yrðu lítið færri en jarðirnar á landinu. Jeg get því ekki sjeð, að nefnd, sem þessi deild setti nú, geti orðið að neinu verulegu liði, og þar af leiðir, að jeg hlýt að vera mótfallinn tillögu Rangæinga; hún verður varla til annars, en að eyða tímanum frá öðrum málum, sem áríðandi eru. Annars fellur mjer það illa, að verða þannig að vera mótfallinn tillögu þingmanna Rangæinga, minna góðu vina.

Flutningsmaður: Jeg get nú tekið undir niðurlagsorðin í ræðu þingmanns Eyfirðinga, því mjer fellur það líka illa, að hann skuli ekki finna ástæðu til að vera meðmæltur málum þeim, sem frá mjer koma. Jeg skal svo vekja athygli manna á skoðun þingmannsins. Það hefur lýst sjer bæði nú og í gær, að hann vill ekkert við málin eiga, nema þau sjeu tekin fyrir í heild sinni, en um leið skal jeg benda á þá skoðun mína, að jeg álít, að þinginu eigi að vera hugarhaldið um, að beinast að hverjum galla í löggjöfinni sem er, og taka fyrir hvert einstakt atriði, jafnóðum og það reynist vera ósanngjarnt og á röngum grundvelli byggt, hvort heldur það er í yngri eða eldri atriðum löggjafarinnar. Væri þetta gjört, þá má búast við, að löggjöf vor yrði betri, en hún er. Dæmin eru deginum ljósari, þegar þingið tekur stórmálin fyrir í heild sinni, að það aptur á næsta þingi breytir ýmsum atriðum þeirra. Væri þar á móti sú stefna ríkjandi, að taka hvert það atriði úr löggjöfinni til lagfæringar, sem á ósanngirni er byggt, þá mundi löggjöf vor í heild sinni verða miklu heppilegri; því þar sem tíminn er svo stuttur, þá er hætt við, að farið verði fljótt og óvöndulega yfir hin stóru mál, og lögin verða þar af leiðandi miður heppilega af hendi leyst. Svo sný jeg mjer að jarðabókinni sjálfri, og er jeg þá samþykkur þingmanni Norður-Þingeyinga um það, að ekki þurfi að taka hana fyrir í heild sinni, heldur ýms atriði hennar, anuaðhvort einstakar jarðir eða einstaka sýslu, sem jeg felli mig bezt við, úr því jeg heyri mótmæli gegn tillögu okkar, eins og hún er orðuð. Samt vona jeg, að þingdeildin finni ástæðu til að setja nefnd til að íhuga þetta málefni.

Benidikt Kristjánsson: Jeg get ekki verið samdóma þingmanni Eyfirðinga um, að þingdeildin ætti að fella nefndaruppástungu þessa. Mjer finnst þvert á móti, að það sje heppilegt fyrir þingið, að sæta tækifæri til að setja nefnd til að íhuga þetta málefni. Nefndin á alls ekki að mínu áliti að íhuga jarðabókina til þess, að koma fram með breytingar á henni, því það verk yrði hverri nefnd, sem sett er hjer á þinginu, ofvaxið. En nefnd sú á að koma fram með uppástungur um, hvernig lökustu gallar á jarðabókinni ættu að lagfærast, svo að leiðrjettingarnar gætu fengið lagagildi. Nefndin ætti þá að íhuga og koma fram með reglur um það, hvernig leiðrjetta ætti matið í jarðabókinni, og þessar reglur ættu að vera einfaldar og óbrotnar, svo að leiðrjettingarnar á matinu yrðu sem kostnaðarminnstar. Jeg verð því en sem fyr að leggja það til, að nefnd sje sett.

Ásgeir Einarsson: Mjer finnst hálfísjárvert að fella bænaskrár, sem hljóða um áhugamál einhvers þingmanns og kjósanda hans. Í sýslunefndargjörð þeirri, sem 1. þingmaður Rangeyinga bar upp, stendur, að 4 hreppar sýslunnar hafi orðið fyrir áföllum náttúrunnar síðustu 10—20 árin, og því þykir mjer vorkunn, þó þeir vilji fá lagfæring á jarðabókinni sem fyrst, því það er auðsjeð, að mat margra jarða þar í sýslu hlýtur að vera orðið talsvert breytt frá því, sem var fyrir 20 árum, þegar jarðamatið fór fram. Að Rangárvallasýsla hafi orðið hart úti með jarðamatið, sannfærist jeg líka um, þegar jeg sje verðlagsskrána og skepnur þeirra, sem bera þess vott, að jarðirnar eru ekki sem beztar, nema það sje einhverju öðru að kenna, að skepnur þeirra líta ekki betur út. Jeg fyrir mitt leyti er nú mesti óvinur jarðamatsins, og vildi, að það væri fyrir löngu úr lögum numið. En ef á að fara að káka við það, þá vil jeg ekki leggja til, að farið

verði lengra, en uppástungumaður stakk upp á, nefnilega að tekið verði fyrir, að reyna að bæta úr einstöku göllum. Það er því af tilhliðrunarsemi og velvild við beiðandann, að jeg verð ekki á móti nefnd, sem þó kannske gæti fundið einhvern veg til að endurbæta jarðabókina. Þingmaður Eyfirðinga er þessu málefni alveg mótfallinn, og skal jeg vera seinastur allra manna til að lá honum, því hann er sannarlega búinn að reyna, hvernig það er að fást við slíkt, og búinn að leggja sig svo í bleyti við þetta mál.

Stefán Eiríksson: Það kann nú að vísu að vera, að nauðsynlegt sje að endurskoða jarðabókina frá 1. apríl 1861, en þó ætla jeg, að það muni sannast, að erfitt muni að breyta henni svo vel sje. Jeg er samdóma þingmanni Norður-Þingeyinga um það, að sumar jarðir hafi gengið af sjer, en svo kunna líka aðrar jarðir, að hafa batnað. Eptir uppástungunni er ekki gott að sjá, hvað meint er með endurskoðun jarðabókarinnar. Ef það er meiningin, að leggja það til, að jarðabókin verði öll í heild sinni endurskoðuð hjer á þingi, þá mundi það taka upp langan tíma, og jafnvel vera kröptum þingsins of vaxið. Ef nefnd skyldi setja í þetta mál, sje jeg ekki, hvað hún gæti verulega gjört. Ætti að taka jarðamatið frá 1861 fyrir yfir allt land, álít jeg, að það yrði að takast fyrir heima í hjeruðum, og ef ekki af sjerstakri nefnd í hverri sýslu eða hreppi, þá yrði málið að undirbúa á þann hátt, að leitað væri fyrst álita hreppsnefnda, sýslunefnda og jafnvel amtsráða; þetta álít jeg væri það eina, sem nefnd, ef sett væri, gæti komið fram með.

Skúli Þorvarðarson: Það er nú búið að ræða margt og mikið um þetta málefni, og hef jeg litlu við það að bæta. Jeg vil, að eitthvað sje framkvæmt í þessa stefnu, því jeg hygg, að öll þörf sje á því, að lagfæra jarðabókina frá 1. apríl 1861 í smærri eða stærri stýl. Jeg vona þingdeildin finni ástæðu til að setja nefnd í þessu máli, og jeg örvænti alls ekki, að hún geti orðið að miklu liði. Jeg skal líka taka það fram, að jeg er samdóma þingmanni Norður-Þingeyinga um, að rjettast sje að taka fyrir kafla og kafla, en eigi hugsa upp á að eiga við jarðamatið um allt land. Mjer þykir það allt of mikið mistraust, að halda, að nefnd geti ekki hugsazt einhver vegur til að umbæta stærstu galla, sem á jarðamatinu eru, því «sigursæll er góður vilji».

Því næst var samþykkt, með 8 atkvæð um, að nefnd skyldi setja, og voru í hana kosnir:

Sighvatur Árnason, með 9 atkvæðum
Einar Ásmundsson, — 6 —»—
Benidikt Kristjánsson — 6 —»—

Álit nefndarinnar er prentað í fyrri parti alþingistíðindanna bls. 322—324. Sjá enn fremur næsta mál hjer á eptir.

B.

Frumvarp til laga um endurskoðun jarðabókarinnar frá 1. apríl 1861. Frá nefnd þeirri, sem kosin var í efri deild alþingis til að íhuga jarðabókina. Frumvarpið er prentað í fyrri parti alþingtstíðindanna, bls. 323—324.

FYRSTA UMRÆÐA Í EFRI DEILD,
á 27. fundi, 5. dag ágústmán.

Framsögumaður (*Sighvatur Árnason*): Eins og sjá má af nefndarálitinu, hefur nefndin álitið það nauðsynlegt, að endurskoðun jarðabókarinnar frá 1. apríl 1861 yrði tekin fyrir. Það er alkunnugt, að fyrir undanfarandi þing hafa komið fram bænaskrár um það, að jarðamat það, sem jarðabókin frá 1861 er byggð á, yrði tekið fyrir og leiðrjett. Þetta var eðlileg afleiðing af því, að menn þóttust finna margar og miklar misferlur á því jarðamati. Það er kunnugt, að þingið 1875 gjörði þá uppástungu, eða gaf tilefni til þess, að nefnd var skipuð milli þinga 1875 og 1877 til að íhuga þessa endurskoðun. Uppástungur þessarar nefndar voru með frumvarpi frá stjórninni síðan lagðar fyrir þingið 1877, því þessi

utanþings-nefnd áleit nauðsynlegt, að jarðabókin væri yfirfarin oa umbætt. Var sú uppástunga byggð á því, að jarðamatið þyrfti því heldur lagfæringar við, sem þá lá við borð, að leggja ábúðarskatt á jarðarhundruðin. Þetta frumvarp stjórnarinnar var síðan rætt á þinginu 1877, og gekk að öllu leyti gegnum í efri deildinni með nokkrum smábreytingum, en í neðri deildinni varð frumvarpið fyrir miklum breytingum, sem tafði fyrir málinu, og varð það svo út undan vegna timaleysis, eins og opt kemur fyrir. Svo það er ekki í fyrsta skipti nú, að menn hafa þótzt finna misfellur á jarðamatinu; og þá undir eins viljað leitast við að fá það umbætt. Þegar menn hafa ávallt fundið þessar misfellur á jarðamatinu, þá er heldur ekki að furða, þó menn vilji fá það leiðrjett, þar sem jarðarhundruðin eru grundvöllur fyrir svo mörgum gjöldum. Á þeim liggur ábúðarskatturinn, búnaðarskólagjald, sýslusjóðsgjöld og 3 tíundir, tíund til prests, kirkju og fátækra. En til þess, að koma þessari endurskoðun í verk. hefur nefndin ekki getað fundið annan greiðari nje tryggari veg, en þann, sem nefndarfrumvarpið bendir á, til þess að verkið yrði hlutdrægnislaust og vel af hendi leyst, og undir eins á sem kostnaðarminnstan hátt fyrir landið. Þessi stefna, sem nefndin nú hefur bent á með frumvarpi þessu, er sama eðlis og sú, sem fram kom í neðri deildinni 1877, og fjekk þá fremur góðar undirtektir á þinginu, og var álitin að mundi vera affarabezt fyrir málið. Það er von nefndarinnar, að þingið taki nú svo í málið, að það geti náð tilgangi sínum. Skal jeg svo ekki fara fleirum orðum um málið, fyr en jeg heyri undirtekir þingmanna.

Landshöfðingi: Þar sem jarðabókin 1. apríl 1861 staðfestir hið gildandi jarðamat, er í 4. gr. kveðið á, að þegar 20 ár sjeu liðin frá staðfesting þessa jarðamats, eða frá 6. júní 1862, skuli þingið taka til yfirvegunar, hvort ástæða sje til, að leggja jarðabókina undir almenna endurskoðun, þá má segja, að tillaga þingmanna Rangæinga og nefndarálitið sje að vísu tímabært. Eins og hinum háttvirtu þingdeildarmönnum er kunnugt, og eins og nú hefur verið bent á, lagði stjórnin fyrir alþingi 1877 frumvarp um endurskoðun jarðabókarinnar í sambandi við frumvörp til laga um skattamál landsins, sem öðluðust staðfesting 14. desember 1877. Efri deildin staðfesti þetta frumvarp stjórnarinnar með nokkrum breytingum, sem ekki voru verulegar, en málið var fellt í neðri deildinni, og varð niðurstaðan þá, að fresta málinu. Ástæðan til þess var sú, að þó allir væru samdóma um, að gallar væru á jarðabókinni, þá voru menn þó eigi á eitt sáttir um það, hvernig ætti að haga endurskoðuninni svo, að hún yrði veruleg og vel af hendi leyst, og þar að auki virtist ísjárvert. að leggja mikið fje í sölurnar til endurskoðunarinnar. Einn hinna mestu galla á jarðabókinni er sá ójöfnuður, sem samkvæmt henni er á jarðamatinu í ýmsum sýslum landsins. Í Skaptafellssýslum og Múlasýslunum er það miklu lægra en t. a. m. Rangárvallasýslu og Eyjafjarðarsýslu. Að vísu kunna að vera gallar á matinu milli ýmissa jarða innbyrðis, en þeir eru minni, og hægra að lagfæra þá. Það, sem að mínu áliti er hið mesta vandaverk, er það, að koma jöfnuði á jarðamatið milli hinna einstöku bjeraða; þess vegna var endurskoðunarnefndin, sem stjórnarfrumvarpið 1877 stakk upp á, verulegur liður í endurskoðuninni. Því það var ætlunarverk þessarar nefndar, að undirbúa svo málið, að löggjafarvaldið gæti lagt hinn síðasta úrskurð á það, án þess að þurfa að gjöra það í blindni eða af handahófi. Þessu hefur nefndin samt sleppt. En það er hin mesta nauðsyn, að málið verði svo fullkomlega undirbúið í heild sinni, að hin nauðsynlega eining sje á hinni endurskoðuðu jarðabók. Að vísu er í 8. gr. frumvarps nefndarinnar svo ákveðið, að sýslumenn og bæjarfógetar skuli senda landshöfðingja tafarlaust allar tillögur um leiðrjetting jarðamatsins, er gjörðar hafa verið í hreppum, sýslum og kaupstöðum landsins, og að þeir skuli senda landshöfðingja

skýrslu um söluverð jarða þeirra, er seldar hafa verið í lögsagnarumdæmi hvers þeirra á tímabilinu frá 1876 til 1881, og enn fremur að landshöfðingi skuli leggja öll þessi skjöl og skýrslur fyrir alþingi 1883. En jeg verð að lýsa þeirri skoðun minni yfir, að jeg álít þessa aðferð ónóga, og skal jeg leyfa mjer að benda þingdeildinni á, að þetta er einmitt hin sama aðferð, sem beitt hefur verið við sölu þjóðjarða, og reynslan er búin að sýna, hve óhentug sú aðferð sje, þegar til framkvæmdanna kemur. Þar sem bæði nefndin og þessi heiðraða deild hefur verið í vandræðum með sölu þjóðjarða, þó eigi sjeu nema 30, þá má nærri geta, hve örðugt það muni vera, að endurskoða allar jarðir á landinu með þessari sömu aðferð. Meira að segja: endurskoðunin mun jafnvel verða ómöguleg eptir þessari aðferð. Jeg skal nú láta mjer nægja, að gefa deildinni þessar bendingar, en jeg leyfi mjer jafnframt að skora á hina heiðruðu deild, að taka þessar bendingar til yfirvegunar við 2. umræðu og laga frumvarpið í þá átt, sem jeg hef bent á. Fyrst að á að fara að endurskoða jarðamatið, þá ríður mest á því, að endurskoðunin verði góð og nákvæm. Því verði verulegir gallar á hinu endurskoðaða jarðamati, þá má ganga að því vísu, að það muni valda miklu meiri óánægju, en þó jarðabókin frá 1. apríl 1861 hefði verið látin óbreytt, því að ójöfnurnar á jarðabókinni 1861 hefur hinn umliðni tími að miklu leyti lagað, þar sem margar jarðir hafa gengið kaupum og sölum, og þá verið tekið tillit til dýrleika jarðanna, og verðinu hagað eptir því, og endurskoðunin getur því ekki ráðið bót á órjetti þeim, er með henni hefur verið gjörður eigendum þeim, er þá voru, heldur ef til vill gjört þeim órjett, sem síðan hafa keypt jarðir og eiga þær nú, það er að segja ef endurskoðunin verður ekki nákvæmlega og vel af hendi leyst.

Einar Ásmundsson: Eins og þingdeildarmönnum er kunnugt, og hinn hæstvirti landshöfðingi þegar hefur getið um, kom fyrir þingið 1877 frumvarp frá stjórninni um endurskoðun jarðabókarinnar. Frumvarp þetta komst gegnum efri deildina með nokkrum smábreytingum, en fjell í neðri deildinni. Í neðri deildinni komu fram, að mig minnir, þrjár skoðanir á þessu máli. Jeg var talsvert riðinn við þetta mál þá, og ætti því að þekkja nokkuð til þess. Ein skoðunin var sú, að fallast á frumvarp stjórnarinnar, eða frumvarpið, eins og það kom frá efri deildinni, sem hafði lítið eitt breytt stjórnarfrumvarpinu, en þó voru fáir á því máli. Önnur skoðunin var sú, að hafa ætti aðferðina við endurskoðunina einfaldari og kostnaðarminni; því að mönnum þótti sú aðferð, sem stjórnarfrumvarpið fór fram, bæði kostnaðarsöm og langvinn. Allir vita, að síðasta jarðamat stóð yfir í 12 ár; svo mörg ár liðu frá því fyrst var byrjað á því, og þangað til loksins var lagt smiðshöggið á það, og var það ekki all-lítið fje og fyrirhöfn, sem kostað var til þess. Þriðja skoðunin, sem kom fram í neðri deildinni á þessu máli 1877, var sú, að óþarft væri að meta jarðirnar, og einmitt af því, að þessi skoðun var ríkjandi hjá svo mörgum, þá fjell málið. En jeg vissi ekki betur, en að allur þorri hinna vildi heldur aðhyllast hina kostnaðarminni aðferðina, sem nefnd sú, er á dögunum var skipuð í þessari deild, hefur nú aðhyllzt, en þó með töluverðum breytingum. Því í stað þess, að skoðanir manna á þingi 1877 stefndu í þá átt, að alþingi sjálft byrjaði að vega hlutfallið milli hinna einstöku sýslna, sýslunefndirnar milli hreppanna í sýslunum, og breppsnefndir jarða í milli, er nú stefnunni snúið við þannig, að hreppstjóri og hreppsnefnd í hverjum hreppi skal vega hlutfallið milli hinna einstöku jarða í hreppnum, en aptur skal sýslunefnd jafna hlutfallið milli hinna einstöku hreppa í sýslunni. Lengra fer nefndin ekki, en leggur alþingi í sjálfsvald, hvernig það vill ráða málinu til lykta. Jeg er samdóma hinum hæstvirta landshöfðingja um það, að málinu muni varla verða ráðið til lykta á þingi 1883; meira að segja, það má þakka fyrir, ef þingið 1885

ber gæfu til, að leggja smiðshöggið á þetta mál. Þegar verið er að tala um, að meta jarðirnar á landinu, þá virðist mjer menn verði fyrst að gjöra sjer ljóst, hvort nokkurt gagn sje að jarðamati yfir höfuð eða ekki. Einungis fyrir þá skuld, að gjöldum er jafnað niður á jarðirnar, er gagn að jarðamati; væri sköttum eigi jafnað niður á jarðarhundruðin, þá væri jarðamat ekki til neins gagns, heldur væri það þá alveg þýðingarlaust. Jarðamat er ekki annað en jöfnuður á gjaldþoli hinna einstöku jarða í landinu, eða tilraun til að jafna hlutfallið milli hinna einstöku jarða, svo að ein jörð verði ekki harðar úti en önnur, þegar gjöldunum skal niður jafna. En, hvort jarðarhundruðin eru mörg eða fá, er í sjálfu sjer óverulegt atriði. Ef t. a. m. jafna á niður 100,000 kr. á alla jarðeign landsins, þá kemur í sama stað niður, hvort jeg jafna þeim niður á 100,000 jarðarhundruð, og legg 1 kr. á hvert hundrað, eða jeg jafna þeim niður á 50,000 jarðarhundruð, og legg 2 kr. á hvert hundrað. Allt verður að stefna að því, að jafna hlutfallið milli hinna einstöku jarða, svo að ekki verði lagt meira á eina en aðra. En það skal jeg játa, að þetta er vandaverk, og hefur nefndiu velt þessu vandlega fyrir sjer, og athugað fleiri vegi, sem liggja að þessu takmarki, en ekki getað fundið neinn veg greiðari en þann, sem stungið er upp á. Það getur verið, að aðrir geti fundið annan greiðari veg, og gæti nefndinni þá ef til vill snúizt hugur og fallizt á aðra skoðun, ef rök væru leidd að því, að sú aðferð væri minni torfærum bundin, en aðferð sú, er nefndin hefur stungið upp á. Sú aðferð, sem var viðhöfð við síðasta jarðamat, var mjög frábrugðin þeirri, sem nefndin nú hefur stungið upp á. Þá voru settar nefndir í hverri sveit, til að meta jarðirnar til hundraðatals, eptir því hve mikilsvirði þær voru til sölu og leigu, sem í rauninni er það sama, því að eiga jörð, er ekki annað, en að hafa rjett til að nota hana um ótakmarkaðan ókominn tíma, en að taka hana til leigu, er að hafa rjett til að nota hana um takmarkaðan tíma. Þegar á að gæta að því, hvað það er, sem hefur áhrif á verð og eptirgjald jarðanna, þá má segja, að það sje mjög margt. Til þess má telja misjafna eptirsókn eptir jörðunum, misjafna keppni á, að fá þær til kaups eða leigu. Jeg vil segja, að 2 jarðir, sem í sjálfu sjer eru jafnar að gæðum og dýrleika, geta þó haft misjafnt gildi í mínum augum, og jeg vil, ef til vill, langtum heldur þessa jörðina, en hina; jeg vil heldur búa á þessum staðnum, en hinum, þó ekki sje af öðru en því, að jeg uni mjer þar betur. Auk þessa er það ýmislegt annað, sem getur haft áhrif á verð og eptirgjald jarðanna. Jeg vil taka til dæmis vesturfarirnar af Norðurlandi. Þaðan hafa ekki svo fáir jarðeigendur farið til Vesturheims, og selt hjer jarðir sínar, en við það hafa jarðir almennt lækkað í verði. Í öðrum hjeruðum landsins hefur þetta aptur ekki átt sjer stað; þar hafa vesturfarir eigi verkað það, að jarðir hafi lækkað í verði. Miklu fremur hefur sumstaðar hið gagnstæða átt sjer stað; fólkið hefur fjölgað, og þrengslin því verkað það, að meira hefur verið sótt eptir jörðum, og þær þá hækkað í verði. Þetta sýnir, að ísjárvert getur verið, að taka of mjög tillit til verðs jarðanna og leigumálans, því grundvöllurinn verður að vera gæði jarðanna, sem þekkt eru, og notuð eru, en hin óþekktu geta eigi komið til álita í þessu máli. Nú ætluðum vjer nefndarmenn, að ekkert vald mundi vera betur til þess fallið, að jafna hlutfallið milli jarðanna í hverri sveit, en hreppstjórar og hreppsnefndir, því í þær verður maður að gjöra ráð fyrir að kosnir sjeu hinir beztu, skynsömustu og ráðsettustu menn; og að jafna hlutfallið milli jarðanna eptir gæðum þeirra og gjaldþoli, er raunar ekki meira vandaverk, en að jafna niður aukaútsvari á einstaka menn eptir efnum og ástæðum. Til þess að jarðamatið verði hlutdrægnislaust, er hreppsnefndin eptir nefndarfrumvarpinu bundin við borð, að láta sama hundraðatal haldast í hreppnum

til bráðabyrgða, sem verið hefur, en láta það hvorki ganga upp nje niður. Þessi ákvörðun er gjörð til þess, að fyrirbyggja það, sem af því getur leitt, að hver vill meta sem lægst; hver hreppur vill eðlilega, að jarðir sínar sje metnar sem minnst, til þess að þurfa ekki að svara nema sem minnstum sköttum út frá sjer. Annar vissari vegur til að fyrirbyggja þetta, var nefndinni ekki kunnur. Svo ætlar frumvarpið sýslunefndunum að jafna hlutfallið milli hreppa sýslunnar, sem kann að vera orðið nokkuð ójafnt, því á þessu meir enn 30 ára tímabili, síðan jarðamatið eiginlega fór fram, hefur víða einstökum jörðum og jafnvel heilum sveitum farið aptur eða fram, bæði af völdum náttúrunnar og manna-völdum. Til þess nú að jafna þetta hlutfall ætlar nefndin sýslunefndirnar bezt færar. En svo er nú mesti vandinn eptir, og það er, að jafna hlutfallið milli sýslnanna í landinu. Vjer vitum, að kot í sumum sýslum eru metin jafnt og stórjarðir í öðrum sýslum. Það er búið opt áður hjer á þingi að til færa dæmi þessa, og hirði jeg því ekki að taka þau upp aptur. Hverjir gætu menn nú búizt við að þekktu bezt þennan mismun á hlutfallinu milli hinna einstöku sýslna? Hverjir ættu að þekkja bezt, hvað hver sýsla á að vera mikill hluti af landinu, eða hve mikill hluti af gæðum landsins er fólginn í hverju einstöku hjeraði? Jeg get ekki betur sjeð, en að alþingi þjóðarinnar, þar sem sitja menn kosnir úr öllum sýslum landsins, ættu að þekkja þetta bezt, og vera bezt fallnir til þess, að jafna hlutfallið milli hinna einstöku sýslna. En jeg er alveg samdóma hinum hæstvirta landshöfðingja um, að mál þetta er svo mikilsvarðandi og umsvifamikið, að þingið geti ekki í einni svipan með öllum önnum sínum leitt mál þetta til lykta, en jeg get hugsað mjer, að ef þingið 1883 fengi allar nauðsynlegar skýrslur og skjöl, þá gæti það samið einhverjar reglur til að finna hlutfallið milli hjeraðanna, og gæti þá, ef því sýndist, fengið setta nefnd þinga á milli til að yfirvega málið og semja frumvarp, sem þá yrði lagt fyrir þingið 1885, hver sem lifir þá tíð. En jeg mun nú vera orðinn helzt til fjölorður, enda skal jeg nú ekki fara fleirum orðum um málið að sinni.

Framsögumaður: Jeg þarf ekki að vera langorður, því þingmaður Eyfirðinga er búinn að taka flest fram af því, sem jeg hafði hugsað mjer að segja. En það var eitt atriði, sem hinn hæstvirti landshöfðingi minntist á. Hann sagði, að þessi endurskoðun mundi valda nýjum ójöfnuði, er hann byggði á því, að tíminn, sem liðinn væri, síðan jarðabókin var staðfest, væri búinn að jafna mikið á henni gúlana við sölu jarðanna; en jeg áíít þá ástæðu hans hafa lítið við að styðjast, hjer á Suðurlandi að minnsta kosti, því salan er miðuð við hið forna hundraðasal. En það skal jeg játa, að jarðamatið er mesta vandaverk, og svo mikilfengt, að allt af mun hætt við, að á því finnist ávallt, og það með ástæðum, fleiri eða færri misfellur. Eitt má þó telja hjer um bil víst, að með þessari aðferð, sem nefndin tekur fram, mun engin hlutdrægni geta átt sjer stað, af hálfu hreppstjóra eða hreppsnefnda, þar sem þeir eiga að meta jarðirnar svo, að hundraðatalan í heild sinni haggist ekki frá því, sem hún var, heldur haldist hin sama upphæð hundraða bæði í hreppum og sýslum, en á því strandaði jarðamatið 1849. Jeg er alveg samdóma hinum hæstvirta landshöfðingja um það, að stærstar sjeu misfellurnar á hlutfallinu sýslna á milli. En hinn háttvirti þingmaður Eyfirðinga er þegar búinn að benda á, hvernig hægast muni að greiða úr þessum misfellum, enda er nú ekki strax komið að því, að fara að jafna þetta hlutfall, en æskilegt væri að vísu, að finna nú þegar veg til að jafna þetta hlutfall. En jeg get ekki sjeð neinn annan heppilegri eða happasælli veg, en þann, sem nefndin hefur bent á í 8. grein frumvarpsins, að þingið hafi á sínum tíma skýrslur um söluverð jarðanna fyrir sjer til að byggja hlutföllin á. Aðferð sú,

sem við var höfð 1849, og sem frumvarp stjórnarinnar 1877 líka tók fram og landshöfðingi vill við hafa, 'þessi yfirnefnd get jeg ekki fundið að sje svo áreiðanleg til að jafna þær misfellur, sem á jarðamatinu kynnu að verða, enda er mönnum í fersku minni, hve litlar þakkir hin svo kallaða Reykjavíkur-nefnd fjekk fyrir starfa sinn. Ef þingið á sínum tíma sjer sjer ekki fært að ráða málinu til lykta, án þess að setja rannsóknarnefnd, þá efast jeg ekki um, að það verði gjört. Þar sem hinn hæstvirti landshöfðingi benti á 8. gr. nefndarfrumvarpsins, þá skal jeg taka það fram, að það kom fram á þingi 1877, að taka skyldi til undirstöðu fyrir hlutföllum sýslna í milli afgjöld jarða, tíundaframtal, fólkstal o. s. frv., en þá var ekki talað um söluverð jarða. En söluverðið álít jeg áreiðanlegasta mælikvarðann af öllu þessu, því það fer ekki ætíð eptir afgjaldi jarða; leigumálinn er ekki áreiðanlegur til að fá út kosti og lesti jarða, og því er ekki áreiðanlegt að byggja á honum. Ýmsar jarðir hafa hlunnindi, sem vega mikið, og þegar til sölunnar kemur, þá er tekið tillit til þess konar gagna og gæða, er jörðunni fylgja, sem alls ekki er víst að sje komið fram í leigumálanum, einkum hvað ný hlunnindi snertir eða aukin í seinni tíð. Þar af leiðir, að söluverðið er tryggara að byggja á heldur en afgjaldið. En framtal og fólkstal vil jeg ekki nefna sem fráleitast af öllu þessu. Það getur verið, að nefndin hafi tekið of fá ár til undirstöðu með söluskýrslurnar, en slíkt ímynda jeg mjer að sje hægt að laga í hendi sjer.

Benidikt Kristjánsson: Jeg skildi svo orð hins hæstvirta landshöfðingja, sem hann áliti, að þó ójöfnur hefðu verið á jarðabókinni 1861, þá mundu þær nú að mestu lagfærðar, með því flestar jarðir hefðu síðan gengið kaupum og sölum; þetta hefði þá átt að verða á þann hátt, að jörð sú, sem í jarðabókinni er hærra metin, en hún er verð, hefur síðan verið seld lægra, og skakkafallið þannig lent á hinum fyrra eiganda, en kaupandinn hafi aptur verndað sig með því að gefa minna fyrir jörðina. Sje þetta svo, þá skal jeg játa, að sú nauðsyn sje burtfallin, að endurskoða jarðabókina. En jeg ætla, að fæstar af jörðum landsins hafi síðan 1861 gengið kaupum og sölum; þvert á móti mun, að því er flestar jarðir snertir, eigandinn verða að sitja lengi enn undir þessum ójöfnuði. Jeg ætla og, að í fæstum tilfellum sjeu kaupendur svo skynsamir, að taka þetta til greina, auk þess að það er víst, að margar jarðir hafa síðan orðið fyrir skemmdum bæði af völdum náttúrunnar og manna-völdum, þ. e. ábúandanna. Þess vegna get jeg ekki lagt svo mikla áherzlu á þetta atriði, að jeg ekki eptir sem áður áliti mikla nauðsyn að taka fyrir endurskoðun jarðamatsins, án þess þó á hina hliðina að kosta miklu fje til þess. Jeg skal ekki taka upp aptur það, sem hinn háttvirti framsögumaður og þingmaður Eyfirðinga hefur tekið fram, og ekki fara fleirum orðum um málið að sinni.

Landshöfðingi: Jeg skal leyfa mjer að benda hinum háttvirta þingmanni Norður-Þingeyinga á, að hann hefur alveg misskilið orð mín, þar sem hann ætlar, að það hafi verið meining mín, að ekki væri æskilegt að endurskoða jarðabókina frá 1. apríl 1861; þvert á móti; jeg álít endurskoðunina nauðsynlega, og að hún verði svo nákvæm, sem unnt er. Dæmin, sem jeg tók fram áðan, til að benda á, að margir gallar, sem verið höfðu á jarðabókinni frá 1. apríl 1861, væru horfnir síðan, með því að hið háa verð, sem var á sumum jörðum, hefði jafnað sig, með því að jarðirnar hefðu gengið kaupum og sölum, miðuðu ekki til að ráða frá endurskoðuninni, heldur einmitt til að benda á, að brýna nauðsyn bæri til að endurskoðunin væri vel og vandlega af hendi leyst. Hinn háttvirti þingmaður Eyfirðinga tók fram hinar ýmsu skoðanir manna á þessu máli, með því að benda á umræður manna á þinginu 1877, og þá sjer í lagi í neðri deildinni, þar sem hinn háttvirti þingmaður sjálfur átti sæti, og skal jeg geta þess, að mjer var mesta ánægja að ræða þetta mál saman við hinn

háttvirta þingmann. Þar sem hinn háttvirti framsögumaður benti til þess, að ekki væri ólíklegt, að þingið 1883 fyndi ástæðu til að setja nefnd milli þinga, til þess að ráða bót á þeim annmörkum, sem jeg benti á, þá sje jeg, að hann er mjer samdóma um, að nefnd sje nauðsynleg til að undir búa málið, til þess að þingið geti síðan leitt það til lykta, og er þá auðsjeð, að ágreiningurinn okkar í milli er ekki svo mikill. Hann vill setja nefndina fyrst, eptir að hreppsnefndir og sýslunefndir hafa lokið starfa sínum, en jeg vona, að þingmaðurinn við nákvæma yfirvegun komist að þeirri niðurstöðu, að ef endurskoðunarnefnd skal setja, þá eigi að gjöra það á undan endurskoðun hreppsnefnda og sýslunefnda. Nefnd þessi gæti þá leiðbeint hreppsnefndunum og sýslunefndunum um ýms atriði, sem kynnu að koma fyrir, og með því verður nefndin fær um að laga misfellurnar og jafna hlutfallið milli hinna einstöku hjeraða, svo að það verði rjett. Þetta verður nefndin betur fær um, ef hún er kosin á undan. En ef hreppsnefndir eiga fyrst að jafna hlutfallið jarða í milli og sýslunefndir hreppa í milli, og sýslumenn síðan senda skjöl um þetta mat til landshöfðingja og landshöfðingi til alþingis, þá kemur ný nefnd, sem svo á að fara að leita upplýsinga um hvern hrepp, og ef til vill um hverja jörð í hreppnum. Sje nefndin þar á móti kosin á undan, getur hún gefið hreppsnefndunum og sýslunefndunum leiðbeining og upplýsingu um, hvernig endurskoðunin eigi að fara fram, og er þessi aðferð miklu hægri, og þá undir eins meiri trygging fyrir því, að endurskoðunin verði rjett og æskileg. Jeg hef leyft mjer að gefa hinni heiðruðu deild þessar bendingar, af því jeg óska, að málið fái framgang og verði leyst vandlega af hendi. Jeg skal því leyfa mjer að skora á hina heiðruðu deild, að taka bendingum mínum um, að sett verði fyrst endurskoðunarnefnd. Hinn háttvirti þingmaður Eyfirðinga tók það fram, að málið hefði verið fellt í neðri deildinni með fram af því, að mikill kostnaður mundi leiða af því, að nefnd yrði sett, en jeg ímynda mjer, að kostnaðurinn þurfi ekki að verða meiri fyrir það, þó nefndin verði sett á undan.

Jón Pjetursson: Jeg ætla einungis að leyfa mjer að gjöra eina athugasemd til leiðbeiningar þeim, er kunna að fást við endurskoðun jarðabókarinnar frá 1. apríl 1861. Það er kunnugt, að af bændajörðum og einstöku jörðum öðrum er goldin prestsmata eða annar líkur tollur til prests. Nú þegar síðasta jarðamat var samið, var þessari prestsmötu bætt við virðingarverð jarðanna. Hundraðatala þessara jarða hækkaði við þessa prestsmötu um eitt hundrað fyrir hverjar 10 álnir, sem matan eða tollurinn nam. Til þess að slíkar jarðir geti notið jafnrjettis með öðrum jörðum, verður því við þessa endurskoðun jarðamatsins að draga frá hundraðatölu þeirri, sem þessar jarðir hafa eptir jarðabókinni frá 1. apríl 1861, eitt hundrað fyrir hverjar 10 álnir, sem matan eða tollurinn nemur, og mun jeg leyfa mjer að koma með breytingaratkvæði í þessa átt til næstu umræðu, því ef þetta frumvarp verður samþykkt, þá er nauðsynlegt, að bæta þessari ákvörðun inn í það.

Framsögumaður: Jeg skal geta þess, að jeg ímynda mjer, að nefndin muni taka bendingar hins háttvirta landshöfðingja til yfirvegunar, jafnvel þó að jeg fyrir mitt leyti hafi ekki mikið álit á þessari endurskoðunarnefnd, því að fyrst er það, að hún hlýtur að hafa ærinn kostnað í för með sjer, og annað það, að hún getur aldrei sjeð nema með annara augum, svo að tvísýni er á því gagni, sem hún mundi gjöra. En gætu menn hugsað sjer, að hún ferðaðist um allt land, til þess sjálf að skoða jarðirnar, þá fyrst væri máske nokkurt gagn að henni, en mundi samt naumast borga sig, að setja hana. En engu að síður er jeg fús á að yfirvega þetta betur í sameiningu við meðnefndarmenn mína.

Ásgeir Einarsson: Það fer nú eins

fyrir mjer, eins og fyrir leiðarsteinslausum sjómanni í þoku. Jeg er enn ekki búinn að setja mig inn í nefndarálitið, og hef heldur ekki orðið fróðari af þessum umræðum, sem haldnar hafa verið. Jeg sje af frumvarpinu og í sambandi við það, sem framsögumaður sagði, að þessi aðferð væri kostnaðarminnst; það er líka satt, því að öllum þeim mönnum, sem starfa að endurskoðuninni, er ekki ætlaður einn eyrir; og fyrst að kostnaðurinn er svona lítill, þá er bezt að lofa þeim að gutla við það, hvort sem það verður til nokkurra bóta á jarðamatinu eða ekki. Það er og satt, að nauðsynlegt er, að lagfæra jarðamatið sakir ábúðarskattsins; en jeg fyrir mitt leyti vildi nú helzt hafa allt jarðamat burtu og láta ekkert gjald leggja á jarðarhundruðin, heldur hafa að eins tekjuskattinn, og láta afgjaldið og ágóðann af jörðunni segja til. En hverjir eiga nú fyrst að starfa að þessu jarðamati? Hreppstjórarnir og hreppsnefndirnar. Jeg hefði betur kunnað við, að það hefðu gjört kosnir menn, eins og var við síðasta jarðamat. Menn eru nú farnir að hlíðra sjer hjá að vera í hreppsnefndum, og það hefur komizt svo langt, að það hefur verið kært fyrir sýslunefndum. Það hefur því orðið að taka þá menn í hreppsnefndir, sem ekki eru um það færir, og því síður um vandasamari störf. Það hafa opt komið kærur út af aukaútsvarinu, sem hreppsnefndirnar eiga að jafna niður, og ætli það mundi fara betur fyrir þeim, ef þær ættu að fara að jafna jarðamatið, en láta þó ekki hundraðatöluna í hverjum hrepp raskast? Til þess þarf þó ekki minni glöggleik en að jafna niður aukaútsvari. Jeg skil heldur ekki í því, hvernig á að koma því saman, að ef jarðirnar í einum hreppi hafa sumar gengið úr sjer, en engin hefur samt batnað, þá samt að láta hina gömlu hundraðatölu haldast; nefndin verður að gjöra svo vel og reyna að koma mjer í skilning um það. Svo er talað um í nefndarálitinu, að binda eigi jarðamatið við söluverð jarða í hverri sýslu, en þó hefur framsögumaður sagt, að ísjárvert væri að taka tillit til verðsins; þessu veit jeg ekki hvernig á að koma saman. Jeg vildi, að frumvarpið og nefndarálitið væri sem glöggast, svo að eitthvað mætti skilja í því, en jeg skal játa það, að það er enginn barnaleikur að fást við þetta mál, en það hefur ekki svo illa verið kosið í þessa nefnd, að jeg geti álasað deildinni fyrir það. Jeg skal ekki fara langt út í málið, en þegar aukanefnd á að koma, líkt og Reykjavíkurnefndin sáluga, þá þykir mjer nú fara að kasta tólfunum í jarðamatinu. Jeg held, að hinu síðasta jarðamati hafi ekkert verra fótakefli verið, en einmitt Reykjavíkurnefndin, þó að hún ætti að setja smiðshöggið á það; hún ruglaði svo í öllu jarðamatinu, að hún gjörði allt helmingi verra en það þó var í fyrstunni; og ef menn fara að bera á móti þessu, þá get jeg sannað það, því jeg er kunnugri því máli en flestir halda. Hinn 3. konungkjörni þingmaður talaði um prestsmötuna. Við síðasta jarðamat, þá var fylgt þeirri reglu í Strandasýslu, að prestsmatan var hvergi talin með; en aptur annarstaðar, t. a. m. í Eyjafjarðarsýslu, var sagt, að ef prestsmatan væri dregin frá, þá gæti farið svo, að jarðirnar yrðu einskis virði. Þetta held jeg því að hafi ruglað heilann í Reykjavíkurnefndinni, þegar hún sá þetta svona mismunandi koma úr tveim ömtum. Jeg er hræddur um, að þó að nauðsynlegt sje að lagfæra jarðamatið, þá þurfi að brúka allt aðra aðferð en þessa, sem hjer er farið fram á, allt þurfi að takast betur fram, og brúka sem minnst jarðarhundruðin sem grundvöll fyrir skatta. En ef menn vilja fást nokkuð við jarðamatið, og byggja á því skattaálög, þá verður það allt af hringlandi vitlaust, nema því að eins að jarðirnar sjeu metnar aptur og aptur í hvert skipti, sem einhver jarðabót er gjörð, eða einhver jörð

verður fyrir skemmdum, og það kann jeg ekki við að vera að hringla þessu aptur og aptur, og vest kann jeg við, að með því liggur jarðamatsbreytingin í hælunum á jarðabótarmönnunum. Þó að jeg hafi nú talað nokkuð óþægilega um þetta mál, þá er það hvorki til þess að álasa nefndinni fyrir starfa hennar eða spilla fyrir jarðamatinu.

Jón Pjetursson: Jeg finn mjer skylt vegna Reykjavíkurnefndarinnar að bera á móti því, sem þingmaður Strandamanna álasaði henni fyrir. Hann þekkir hreint ekkert til gjörða hennar og lastar hana að eins út í bláinn. Reykjavíkurnefndin átti ekkert annað að gjöra eptir erindisbrjefi sínu, en að rannsaka þær skýrslur, sem komu frá sýslumönnunum, og reikna út eptir þeim; og þó að hann beri ef til vill ekki mikið traust til mín, þá voru fleiri í nefndinni en jeg; fyrir utan mig voru þeir hæstarjettar-assessor Vilhjálmur Finsen og Jón Guðmundsson ritstjóri Þjóðólfs, sem þá var, og jeg veit, að þetta eru þeir menn, sem þingmaðurinn og aðrir bera virðingu fyrir, og sem jeg er fullviss um að hafa miklu betra vit á jarðamati en þingmaðurinn sjálfur. Það var alls ekki Reykjavíkurnefndin, sem seinast fjallaði um matið, heldur var það einmitt alþingi, sem lagði á smiðshöggið á það og sem að lækkaði sumar jarðir, en hækkaði aptur aðrar, með fram af því, að það var viss upphæð, jeg ætla 30 rdl., sem lögð var til grundvallar fyrir jarðamatinu yfir allt land. Jeg held, að menn í Strandasýslu þekki lítið til Reykjavíkurnefndarinnar, og mig undrar það stórlega, að þingmaðurinn skuli vera að hlaupa eptir því, sem flökkufólk og umrenningar masa norður í Strandarsýslu.

Framsögumaður: Jeg ætla að tala fáein orð út af orðum þingmanns Strandamanna. Hann sagði í öðru orðinu, að hann vildi ekkert jarðamat hafa, en í hinu þótti honum jarðamatið mjög nauðsynlegt; en hvað sem nú er um það, þá geng jeg út frá því, að hann álíti jarðamatið nauðsynlegt, og ætla að byggja á því. Hann vildi ekki, að því er mjer skildist, vera að hringla aptur og aptur með jarðamatið; en nú eru liðin 30 ár eða síðan 1849, er síðasta jarðamat var samið, og jeg get varla kallað það að hringla aptur og aptur með jarðamatið, þó að það sje endurskoðað á 30 ára tímabili; ekki er það mikið á móts við önnur mál, sem þingmaðurinn veit eins vel og jeg að taka breytingum ef til vill á hverju ári. Jeg vil alls ekki leggja það til, á hverju svo sem jarðamatið verður byggt, að verið sje að hringla með það aptur og aptur; en þó að það sje endurskoðað eptir svo eða svo langt tímabil, þá finnst mjer allt eðlilegt í því; það verður að laga sig eptir tímanum svo í þessu sem í öðru.

Magnús Stephensen: Jeg er samdóma nefndinni um, að endurskoðun jarðamatsins sje nauðsynleg eptir öll þessi ár, sem liðin eru frá því, að hið síðasta jarðamat fór fram; jeg er sömuleiðis samdóma nefndinni um það, að ekki verði annar rjettari grundvöllur lagður fyrir þessu jarðamati en söluverð jarðanna, í stað þess að við hið fyrra jarðamatið var, einkum við leiðrjettingu þess, haft helzt til mikið tillit til afgjaldsins. En jeg get ekki vel gjört mjer ljósa eða fallizt á aðferðina, sem nefndin ætlast til að höfð verði við jarðamatið; mjer finnst svo margir eiga að starfa að þessu jarðamati, hverjir í sínu lagi, en að svo, þegar allt er búið, þá sje ekkert nýtt jarðamat til á eptir. Fyrst eiga hreppsnefndirnar að kasta mati á hverja jörð í sínum hrepp. Í annan stað eiga sýslunefndirnar að jafna hlutfallið milli hreppanna, en til þess að koma þessum jöfnuði á, geta þær eigi haft þá aðferð, að meta hvern hrepp sem eina heild, heldur verða þær að kasta mati á hverja jörð í hverjum hreppi í sýslunum; þetta eiga

sýslunefndirnar að gjöra um sama leyti og hreppsnefndirnar vinna að sínu jarðamati; nú má búast við, að þessum tveim mötum beri ekki saman, og þá eru komin tvö möt, en þó bæði alveg ónóg. Nú er eptir að jafna hlutfallið á milli sýslnanna; það er ekki tekið fram í nefndarálitinu, hvaða vald á að vinna að því, en líklega er það þó alþingi, eða eitthvert annað vald, sem það skipar. Þegar nú þetta vald fer að meta, þá getur það ekki metið hverja sýslu sem eina sjerstaka heild, heldur verður það fyrst að meta hverja einstaka jörð í sýslunni; þarna er þá komið þriðja matið. Við þessa aðferð hafa þá fengizt 3 möt, án þess að jarðabókin lagfærist nokkuð. Það er annað, sem jeg ekki get fellt mig við, og það er það, að hið gamla hundraðatal skuli halda sjer í hverjum hrepp og hverri sýslu. Ef í einhverjum hrepp hefur verið góð jörð, en hefur orðið fyrir áföllum, síðan hið síðasta jarðamat var gjört og eyðilagzt meira eða minna, þá verður, til þess að láta hundraðatalið í hreppnum halda sjer, að jafna því, sem þessi jörð hefur gengið úr sjer, niður á hinar jarðirnar í hreppnum. Framsögumanni er kunnugt, að í Rangárvallasýslu hafa margar jarðir hin síðustu árin í ýmsum hreppum orðið fyrir stórskemmdum, án þess hinar hafi orðið betri þess vegna. Nú á hreppsnefndin að setja þessar jarðir niður; en til þess að hundraðatalið haldist í hreppnum, þá verður hún að hækka hundraðatal hinna, jafnvel meira en sannsýnilegt er, þó að hún viti, að þær jarðir hafi ekkert batnað; er nokkur sanngirni í því? Sama er að segja um sýslurnar; sá og sá hreppur hefur fallið, án þess hinir hafi tekið framförum að sama skapi; sýslunefndin verður þá að lækka suma, en hækka aptur aðra meira en góðu hófi geguir. Þetta er nú önnur hliðin; hin hliðin er sú, að jarðir í einum hrepp eða hreppar í einni sýslu hafa tekið miklum framförum, án þess að neinum öðrum jörðum í sama hrepp eða neinum öðrum hrepp í sömu sýslu hafi farið að sama skapi aptur. Þar kemur sama ósanngirnin fram. Allt þetta er mjög erfitt fyrir hreppsnefndirnar og sýslunefndirnar að meta. Þar að auki er þessi starfi fenginn þeim í hendur, án þess nokkur þóknun sje gefin fyrir, og það þykir mjer hart. Áður, þegar þingið hefur farið fram á, að settar væru nefndir til einhvers starfa, þá hefur þeim allt af verið veitt þóknun fyrir, og það þó launaðir embættismenn ættu í hlut; en nú eiga ólaunaðar hreppsnefndir og sýslunefndir að gjöra þetta fyrir ekkert. Jeg ímynda mjer, að þingið geti ekki dembt öðrum eins starfa, eins og hjer er um að ræða, þóknunarlaust upp á ólaunaðar nefndir. Jeg skal svo ekki frekar tala um málið; jeg vildi óska, að jarðamatið færi fram kostnaðarlitið, en álít þó affarasælla, að kostað sje nokkru fje til þess úr landssjóði, og það verði vel úr garði gjört, en að það verði tómt kák, þó það yrði eins ódýrt og nefndin gjörir ráð fyrir.

Einar Ásmundsson: Mjer virðist hinn 4. konungkjörni þingmaður ekki hafa hugsað eins vel um þetta mál, eins og flest annað, sem hann hugsar um. Jeg held, að okkur í nefndinni hafi ekki tekizt að gjöra aðferð okkar skiljanlega fyrir hinni heiðruðu deild. Mjer skildist, að hinn 4. konungkjörni skildi svo, að ef einhver jörð hefði gengið úr sjer, þá yrði að setja mat hennar lægra, án þess þó að með því breyttist hið gamla jarðamat á öllum hreppnum. Þetta er líka rjett skilið. En þetta gamla hundraðatal er ekki nema til bráðabyrgða í hreppnum. Ef nefndin hefði getað gengið að því vísu, að hreppsnefndirnar væru vel reikingsfærar, þá hefði hún stungið upp á, að meta þannig, að ákveðið væri, hve margir þúsundustu eða tíu þúsundustu partar hver jörð í hverjum hrepp væri af öllum hreppnum. En eingöngu af því, að nefndin treysti hreppsnefndunum ekki til að meta jarðirnar þannig, þá stakk hún upp á, að láta meta jarðirnar eptir hlutfalli þeirra í milli, miðuðu við núverandi hundraðatal, í staðinn fyrir þessa tugatölu. Sýslunefndunum hlýtur að vera allt

að einu kunnugt sem hreppsnefndunum, hvort jarðir hafa gengið úr sjer, því að í hverri sýslunefnd er maður úr hverjum hrepp sýslunnar. Jeg vona, að jeg þurfi nú ekki lengur að skýra þetta fyrir hinum 4. konungkjörna þingmanni, en vera má, að einhverjum öðrum þingmönnum sje það ekki eins ljóst og honum. Jeg skal því taka til einfalt dæmi: Jeg skal setja, að í hrepp sjeu 3 jarðir, þó að jeg viti vel, að enginn hreppur á landinu er svo lítill, og sje hver jörð 20 hundruð eða allar 60 hundruð til samans; nú hefur ein jörðin versnað um helming, en hinar ekki batnað, þá er vitaskuld, að hún verður að færast niður, svo að hún verður ekki nema fimmti hluti hreppsins, þó hún væri áður þriðjungur hans, en hinar hækka. Mjer tekst ef til vill ekki að koma nógu ljósum orðum að hugsun minni í þessu augnabliki, en jeg get fullvissað þingmenn um, að hún er rjett, ef jeg mætti skrifa hana, þá skyldi jeg reyna að skrifa hana svo, að hún skildist betur. Nú þekkir sýslunefndin þessa rýrnun, og sjer, að sumir hreppar hafa gengið úr sjer, en aðrir annaðhvort batnað eða staðið í stað. Nefndin hefur stungið upp á, að sýslunefndirnar líka hefðu fyrir grundvallartölu hið gamla hundraðatal, þó að hún ímyndaði sjer, að þær sjálfsagt væru reikningsfærari en hreppsnefndirnar. Sömu aðferð ætlast nefndin til að þetta síðasta vald hafi, sem leggur smiðshöggið á jarðamatið, það er að segja, sem ákveður eða metur, hve mikill hluti hver sýsla er úr hundraðatali alls landsins. Hvað er eitt jarðarhundrað? Allt landið er, eins og nú er, 86755 jarðarhundruð, og eitt jarðarhundrað þá ekkert annað en $^1/_{86755}$ alls landsins að gæðunum og gjaldþolinu til. Ef menn hafa þetta hugfast, þá er og ljóst, að sama gildir um hvern einstakan hrepp og hverja einstaka sýslu. Tilgangur jarðamatsins er ekki annar en sá, að skipta landinu niður í smáparta þannig, að hlutfallið verði rjett eða partarnir jafnir. Það er mjög óverulegt, hvort jarðarhundraðið er hátt eða lágt, ef að eins jöfnuður fæst. Jarðamatið hefur enga aðra þýðingu en þá, að gefa sem rjettastan grundvöll fyrir skattálagningu; ef það væri ekki í þeirri veru gjört, þá væri jarðamat alveg óþarft.

Framsögumaður: Þingmaður Eyfirðinga hefur að miklu leyti tekið af mjer ómakið, þar sem hann skýrði málið svo vel og rækilega. En jeg skal geta þess út af orðum hins 4. konungkjörna þingmanns, að mjer þótti slæmt, að hann reif svona niður aðgjörðir nefndarinnar, en byggði ekkert upp í staðinn. Þar sem hann tók fram, að hreppsnefndirnar yrðu að meta hverja jörð, þetta skal jeg fúslega játa, þá talaði hann um annað mat hjá sýslunefndinni og hið þriðja hjá yfirnefndinni. Jeg ímynda mjer, að sýslunefndirnar geti farið svo að, að ekki þyrfti að hafa mikið fyrir hinum tveim efri mötum, sem þingmaðurinn talaði um, Jeg get ímyndað mjer eitt, sem gæti verið sýslunefndinni til hins mesta stuðnings. Sýslunefndin gæti valið menn úr sínum flokki, sem gætu metið eina jörð til hundraðatals, í hverjum hreppi eptir gögnum hennar og gæðum, og þá þarf ekki nema reikningsdæmi til þess að sjá hlutföllin milli hreppanna. Ef sýslunefndin á fundum sínum sjer ekki fært að afgjöra hlutföllin hreppa í milli, þá er henni innanhandar að fara þennan veg eða annan, til þess að ná svo rjettu hlutfalli, sem hægt er. Það er borgunina fyrir þennan starfa snertir, þá skal jeg fúslega játa, að það er helzt til mikill skylduskattur að ætlast til, að sveitarstjórnirnar gjöri þetta fyrir ekkert. Jeg get því vel fallizt á, að þeim, sem að jarðmatinu eiga að starfa, sje ákveðin hæfileg þóknun, hreppstjórum og hreppsnefndum, sem leggja grundvöllinn undir allt jarðamatið, og hafa mest fyrir því.

Benidikt Kristjánsson: Jeg held mjer sje óhætt að fullyrða, að sumum þingmönnum er enn ekki fullljóst, hvernig nefndin hefur hugsað sjer fyrirkomulagið á framkvæmdum jarðamatsins. Það er ekki ætíð hægt að gjöra öðrum hugsanir sínar skiljanlegar, þar sem mikið er undir því komið,

hvort maður hittir þá rjettu aðferð til að skýra þær. Nefndin hefur vikið frá því, sem áður hefur verið stungið upp á við umræður þessa máls á þingi, þar sem hún stingur upp á, að fyrst sje byrjað að neðan og fært sig upp eptir; en ekki, eins og áður var, að byrja að ofan og færa sig niður eptir. Aðalatriðið er það í þessu máli, að undirstaðan sje rjett lögð, og hjer álít jeg hana vel lagða eptir uppástungu nefndarinnar, þar sem hreppsnefndunum er lagt það fyrir, að koma rjettu hlutfalli milli hinna einstöku jarða í hverjum hrepp. Hjer er ekki að tala um hið sanna og rjetta mat á jörðunum í samanburði við allar jarðir á landinu, heldur um að finna hið rjetta hlutfall á milli jarðanna í hreppnum, án þess að raska hundraðatali alls hreppsins. Þegar nú hreppsnefndin er búin að meta þessi hlutföll milli jarðanna, þá kemur verk sýslunefndarinnar, að jafna hlutföllin milli hreppanna, án þess að breyta því hundraðatali sýslunnar, sem nú er. Jeg skal skýra með dæmi, hvernig sýslunefndin getur fengið leiðbeiningu í því að finna hlutföllin milli hreppanna. Nefndin gjörir ráð fyrir, að hreppsnefndin hafi fundið hlutföllin milli jarðanna, og að sýslunefndin hafi sett yfirmatsmenn, sem bera mætti sig upp við um misfellur, sem kynnu að þykja vera á mati hreppsnefndar og hreppstjóra, til að koma í veg fyrir, að hreppsnefndin metti jarðirnar minna en góðu hófi gegnir, af því að það gæti hugsazt, að ef hreppsnefndarmenn sjálfir væru jarðeigendur, þá mettu þeir sínar jarðir sem minnst. Nú koma sýslunefndarmenn saman; þeir verða að gjöra sjer glögga hugmynd um matið og bera saman mat hreppsnefndanna. Nú skyldi maður gjöra ráð fyrir, að þeir bæru saman mat á einni jörð í hverjum hreppi, sem þeim þætti til þess bezt fallnar, og má gjöra ráð fyrir, að þá fáist nokkurn veginn rjettur mælikvarði, með því hreppsnefndir vissu eigi fyrir fram, hverjar jarðir til þess yrðu teknar, en ef hreppsnefndin veit fyrir fram, hvaða jörð sýslunefndin ætlar að taka til mats, þá er hætt við hlutdrægni, og að hún hjeldi þeirri jörð í sem lægstu verði. Hjer er því sýslunefndinni gefin töluverð leiðbeining til þess að finna jöfnuð milli hreppanna, og laga misjöfnuð, þar sem hann er. Ef jarðirnar eru þá rjett metnar, þá hlýtur hlutfallið milli hreppanna að vera rjett. Nú sendir sýslunefndin landshöfðingja allar jarðamatsskýrslurnar, og hann leggur þær fyrir alþingi. Þá gjöri jeg ráð fyrir, að alþingismenn þekki svo vel eina eða fleiri jarðir í sýslu hverri, að þeim verði innan handar að jafna hlutföllin milli sýslna landsins, og þá eru einungis eptir mörg reikningsdæmi, sem ekki eru vandasöm, því að eptir því, sem hlutföllin hafa orðið, þarf að reikna út hverja jörð á landinu. Jeg sje ekki annað, en allt skakkafall hverfi að mestu, ef þessi aðferð er viðhöfð. Hitt álít nefndin ógjörlegt, að taka hverja jörð eptir gögnum hennar og gæðum og reikna út, hvert gagn hvert jarðarhundrað gjörði. Það verk er svo mikið og torsótt og kostnaðarsamt, að það er nær því óvinnandi, enda þyrfti margt að taka til greina við slíkt jarðamat, svo sem peningsfjölda og hinu mismunandi arð, er hann gefur, svo og fólkshald og annan kostnað til þess að geta haft þennan peningsfjölda. Það getur verið, að mjer hafi heldur ekki tekizt að gjöra meiningu nefndarinnar skiljanlega fyrir deildarmönnum, en jeg vona þó, að þegar þeir hafa fengið nægan tíma til að hugleiða málið, þá muni þeir komast í skilning um, hvern veg nefndin fer. Þeir hafa ekki sett sig inn í, hvernig verkið kemur út í framkvæmdinni; en jeg ætla, að með þessu fáist rjettur jöfnuður milli jarða, hreppa og sýslna, og jeg ímynda mjer, að ekki þurfi að kvíða fyrir, að skakkafall verði mikið. Hjer hverfur öll hlutdrægni milli einstakra jarðeiganda, einstakra hreppa og einstakra sýslna, og er ekki minnst varið í það.

Stefán Eiríksson: Það er nú töluvert búið að ræða þetta mál, og umræðurnar benda til, að það ætli ekki að ganga greiðara til með jarðamatið nú heldur en 1861.

Mjer finnst, að hver þingmaður hafi sína skoðun á því, hvernig eigi að finna út það rjetta og sanna hlutfall í framkvæmdinni. Jeg ímynda mjer, að það sje örðugt fyrir þingið, að finna út hlutfallið milli sýslnanna. Því að það er aðgætandi, að það er ólíkur afrakstur af hverju lausafjárhundraði í sýslunum; þannig er í Skaptafellsýslunum og Rangárvallasýslu ekki meiri afrakstur af einu lausafjárhundraði en á móti afrakstrinum af hálfu lausafjárhundraði í Múlasýslunum og öllum hinum betri sýslum landsins, því að þar er fjenaður miklu arðbetri; þess vegna verður það ekki rjettur mælikvarði. Öllum kemur nú saman um það, að í rauninni sje þörf að lagfæra jarðamatið frá 1861; aðalvillan í því jarðamati, sém hjer um ræðir, er sú aðferð, sem brúkuð var, að þá voru klofnar jarðir í sundur, sem ekki höfðu sjerskild landamerki, í stað þess að allar þær jarðir áttu að virðast í heild sinni, og við þessa ófugu aðferð varð ósanngjarnt mat á hinum og þessum jörðum, sem taldar eru með sjerskildum dýrleika í jarðabókinni. Jeg fyrir mitt leyti get ekki kastað svo þungum steini á hinn 4. konungkjörna þingmann, sem sumir aðrir hafa gjört, því að jeg er honum að miklu leyti samþykkur. Jeg álít það ekki gott og ekki nærgætnislegt við hreppsnefndir og sýslunefndir, að ætlast til, að þær liggi lengri tíma yfir að starfa að jarðamatinu fyrir alls ekkert; jeg held þó, að jarðamatið sje ekki svo lítið verk, að einhverja þóknun mætti veita fyrir það. En jeg furða mig mest á því, að nefndin skuli geta látið sjer detta í hug, að búið verði að koma öllu jarðamatinu svo í gegn, að það verði lagt fyrir alþingi 1883; jeg hefði haldið, að það gæti varla verið búið fyr en 1885 að minnsta kosti. Eptir því sem jeg skil nefndarálitið, þá eiga sýslunefndir og hreppsnefndir að vinna að jarðamatinu á sama tíma; hvorartveggja eiga að byrja starf sitt jöfnum höndum, undir eins og lögin eru komin út; en jeg ímynda mjer, að æskilegra væri, að hreppsnefndirnar væru látnar meta á undan, til þess að sýslunefndirnar gætu haft það til stuðnings við sitt mat. Jeg skal svo ekki fara fleirum orðum um þetta mál að sinni, en einungis geta þess, að jarðamat það, sem nú á fram að fara, mun að líkindum lítið bæta úr hinu fyrra eptir þeim grundvelli, sem þetta frumvarp leggur fyrir.

Magnús Stephensen: Jeg þakka hinum heiðruðu nefndarmönnum fyrir kenninguna; en jeg verð að játa, að jeg er að mestu í sömu sporum eins og áður, og jeg skal láta þeirri játningu fylgja, að það er sjálfsagt af því, að jeg hef hvorki nægan skarpleik nje reikningskunnáttu til þess, að jeg geti skilið þennan hlutfallareikning nefndarinnar til hlítar. En jeg vona, að aðrir deildarmenn og hreppsnefndirnar hafi þetta tvennt til að bera á hærra stigi en jeg, svo að þær geti skilið þennan hlutfallareikning og metið allt eptir tómum hlutföllum. Jeg hef lært eins konar hlutfallareikning, sem kallaður er próportiónir en það getur ekki verið hann, sem hjer þarf að brúka; þessi hlutfallareikningur nefndarinnar heyrir undir einhvern hærri reikning, sem jeg ekki hef lært, svo að nefndin verður að virða mjer til vorkunnar. Að öðru leyti skal jeg geta þess út af orðum framsögumanns um, að jeg að eins rífi frumvarp nefndarinnar niður án þess að setja neitt í staðinn, að jeg í álitsskjali skattanefndarinnar frá 1875 hef látið í ljósi mína skoðun um, hvernig haga eigi endurskoðun jarðamatsins, og á sömu skoðun er jeg enn.

Árni Thorsteinson: Þetta mál var mjer óljóst fyrst, en það hefur orðið að nokkru skýrara fyrir mjer við umræðurnar. Mjer finnst, að ekki verði hjá því komizt, að sýslunefndirnar og hreppsnefndirnar meti jarðirnar hvor um sig, og hverja fyrir sig, eins og hinn 4. konungkjörni þingmaður hugði. Dæmi þingmanns Eyfirðinga var hentugt og skýrði málið vel eptir mínum skilningi. Hann tók til, að t. a. m. í hrepp væru 3 jarðir 20 hndr. hver, og er það þá skiljanlegt, að ef ein hefur rýrnað um helming, þá verður hún að eins 10 hdr., en hvor hinna hækkar og verða 25 hdr. hvor; þannig

kemur út hið sama hundraðatal í hreppnum, sem áður var, nefnilega 60 hdr. En jeg skal nú halda dæminu áfram. Þegar til sýslunefndarinnar kemur, þá segir hún: Nú skal hreppurinn vera 65 hdr., þá verður að jafna niður eptir hlutföllum á hinar einstöku jarðir hreppsins. Nú þegar hreppsnefndirnar eru búnar að meta og sýslunefndirnar hafa sagt sitt álit, þá kemur enn fremur til alþingis, sem segir: Þetta nýtt hlutfall á að vera í milli hverrar sýslu og í hverri sýslu. Þetta er nú allt gott. En nú finnst mjer, að nefndin hefði átt að ganga niður á við aptur og segja: Svo mörg jarðarhundruð skal eptir ákvörðun alþingis allt landið vera, svo mörg hver sýsla, svo mörg hver hreppur, og þegar hver hreppur hefur fengið sinn jarðamatsdóm, þá að lyktum kemur til að jafna niður á hinar einstöku jarðir eptir rjettu hlutfalli. Ef jeg tek dæmið aptur með þessar 3 jarðir í hrepp, þá hefur hreppsnefndin ákveðið, að ein jörðin skyldi vera 10 hdr., en hinar 25. hdr. hvor, en nú segir sýslunefndin, að hreppurinn skuli vera 65 hdr., og alþingi ákveður sýsluna svo, að hreppurinn verður 67 hdr., þá breytist náttúrlega hlutfallið milli hinna einstöku jarða eptir því. Þetta þarf allt að reiknast út, en ef reikningsfróður maður gjörir það, þá þarf það ekki að verða ómögulegt, þó það sje erfitt. Það hefði verið betra fyrir nefndina, að halda áfram og taka til, hvernig ætti að færa þetta mat niður aptur; menn gætu þá ef til vill fundið ástæðu til að stytta fyrri partinn, og á því væri þörf. Jeg álít, að mest liggi á því, að finna hið rjetta hlutfall milli sýslnanna, og ganga svo niður eptir og færa sig niður á hverja einstaka jörð. Að öðru leyti skal jeg geta þess, að þau orð, sem þingmanni Strandamanna fórust um Reykjavíkurnefndina, álít jeg alveg óverðskulduð.

Framsögumaður: Það er slæmt, að nefndin hefur lokið svo við starfa sinn, að hún hefur ekki getað gjört sig skiljanlega; en það er opt erfitt, að komast til skilningsins viðurkenningar. Þingmaður Austur-Skaptfellinga sagði, að nefndarálitið bæri það með sjer, að sýslunefndir og hreppsnefndir ættu að vinna að jarðamatinu á sama tíma, en hann vildi láta hreppsnefndirnar ljúka við sinn starfa á undan. Það er hvergi sagt, að sýslunefndir og hreppsnefndir eigi endilega að vinna á sama tíma, og þeim er heldur hvergi bannað að gjöra það. Jeg ímynda mjer, að ef sýslunefndum þykir henta að geyma starfa sinn, þar til hreppsnefndirnar eru búnar, þá muni þær sjálfsagt gjöra það, ef þær álíta það nauðsynlegt. Hinn 5. konungkjörni þingmaður minntist á reikningsdæmi þingmanns Eyfirðinga og talaði um hringsnúning á því aptur niður á við; en að fara niður á við aptur, eins og þingmaður Eyfirðinga minntist á, er ekki fyrir þann 5. konungkjörna svo reikningsfróðan mann, nema einfalt reikningsdæmi í þessu máli. Jeg ímynda mjer, að úr því að svo margir eru nú búnir að skýra málið, þá skilji deildarmenn nú, hvað nefndin meinar. En ef einhver deildarmanna gæti fundið betri veg en nefndin, þá mundi hún fúslega taka það til yfirvegunar, og eins mundi hún þakklátlega taka í móti öllum þeim bendingum, sem hún sæi að til umbóta horfðu.

Þar eð ekki tóku fleiri til máls, var gengið til atkvæða, og málinu vísað til 2. umræðu með 9 atkvæðum.

ÖNNUR UMRÆÐA Í EFRI DEILD,

á 31. fundi, 9. dag ágústmánaðar.

Framsögumaður (*Sighvatur Árnason*): Frumvarp þetta varð fyrir ýmsum mótbárum við 1. umræðu, en þó komu fáar bendingar fram, sem gátu verið málinu til leiðbeiningar, og þó að nefndin hafi enn ekki tekið þær til greina, þá hefur hún samt í huga, að taka allar þær bendingar til greina við 3. umræðu, sem hún álítur að sjeu til gagns; og hún mun leitast við, að málið fái allar þær umbætur, sem hægt er, svo að deildin geti fallizt á það. Jeg vona því, að þótt enn ekki sje bætt úr þeim göllum, sem

á frumvarpinu hafa þótt vera, að það fái að ganga til 3. umræðu. Jeg skal svo ekki mæla meir að sinni, fyr en jeg heyri hvað þingmenn leggja til þessa máls.

Einar Ásmundsson: Þegar þingmenn Rangæinga komu fram með tillögu um, að deildin kysi nefnd til að íhuga jarðabókina, þá mælti jeg heldur á móti því, með því að mjer var kunnugt, að málið var sjerstaklegum erfiðleikum bundið. En þó kaus deildin nefnd í þetta mál, og hlutfall mitt varð að verða í þessari nefnd, og gekkst jeg þó nauðugur undir það. Þegar nefndin fór að íhuga jarðabókina, þá duldist henni ekki, eins og heldur engum getur dulizt, að misfellur voru miklar á jarðamatinu; en eitt er að sjá og annað að ráða bót á því, sem úr lagi er. Nefndin hefur nú komið fram með frumvarp þetta, sem hefur verið rætt einu sinni hjer í deildinni og fengið ýmsar undirtektir. Nefndin fer í frumvarpinu ekki lengra út í málið en svo, að hún vill finna kostnaðarlítinn og greiðan veg til þess að koma betra lagi á jarðamatið, en verið hefur; en frumvarpið lýtur ekki að því, að nýtt jarðamat sje gjört; það miðar að eins til þess, að íhuga jarðamatið, leiðrjetta það og koma jöfnuði á það, en ekki til þess að gjört sje eiginlega nýtt jarðamat. Jeg þori ekki að segja, hvernig aðferð sú, sem nefndin stingur upp á, muni gefast, en jeg er viss um, að aðferðin er ekki örðugri en aðrar aðferðir, sem mjer hafa hugsazt, eða aðrir hafa bent á. Jarðamatið er misjafnt á hinum einstöku hjeruðum landsins. Jeg vil taka Rangárvallasýslu til dæmis; hún er nú metin hærra en Húnavatnssýsla, en þó held jeg, að engum, sem kunnugur er í landinu, geti blandazt hugur um, að Húnavatnssýsla er meira hjerað en Rangárvallasýsla. Rangárvallasýsla er, nú sem stendur, $^{86}/_{1000}$ landsins að hundraðatali, og ætti þá líka að vera það að gæðum; en Húnavatnssýsla er þar í mót $^{82}/_{1000}$ landsins. Það er ef til vill ekki öllum þingmönnum ljóst, hversu skakkt þetta hlutfall er, en þeim, sem kunnugir eru báðum sýslunum, hlýtur að vera það ljóst. Jeg fyrir mitt leyti er ekki vel kunnugur í þessum sýslum, en jeg hef þó sjeð báðar og komið í þær. Nú miðar þessi aðferð, sem farið er fram á í frumvarpinu, til þess að fá meiri jöfnuð á þetta; hún fer fram á, að alþingi jafni hlutföllin á milli hjeraðanna, sýslunefndirnar milli hreppanna, og hreppsnefndirnar milli hinna einstöku jarða í landinu. Nefndin hefur fyrst talið þann jöfnuð, sem hreppsnefndirnar eiga að gjöra, síðan sýslunefndirnar, og seinast alþingi, en þó að svo sje gjört, þá er alþingi þó ekki yfirmat til að breyta mati sýslunefndanna, og mat sýslunefndanna ekki yfirmat, er breyti mati hreppsnefndanna, heldur mætti þessi möt öll gjarna fara fram á sama tíma. Ef alþingi væri nú þegar fært um að segja, hvað mörg hundruð ætti að koma niður á hverja sýslu, þá gæti það gefið þetta út nú þegar, og sýslunefndir og hreppsnefndir svo jafnað niður á hvern hrepp og hverja jörð, en það er hvorttveggja, að tími þingsins er ekki mikill í þetta skipti og störfin mikil, sem fyrir því liggja, svo að nefndin ekki gat ætlazt til, að þetta yrði, en hún ætlast til, að mikið verði undirbúið í sveitum, til þess er næsta þing kemur saman eða jafnvel til þingsins 1885, svo að það geti jafnað hlutföllin eða hundraðatalið milli sýslnanna og lagt smiðshöggið á málið. Jeg hef áður tekið fram, að 1 jarðarhundrað er ekki annað en lítið brot úr öllu landinu, og það er um að gjöra, að þessi brot verði sem einföldust, að jarðarhundruðin verði sem jöfnust að auðið er. Jeg minntist á það við síðustu umræðu þessa máls, að það væri eingöngu fyrir þá sök, að menn gætu ekki búizt við, að hreppsnefndirnar í landinu væru svo reikningsfærar, að jarðarhundruð hreppanna, sem nú gilda, eru höfð fyrir mælikvarða til bráðabyrgðar, heldur en miða við einhverja stóra tölu t. a. m. 1000, og finna, hve margir þúsundustu partar hver jörð er úr hreppunum. Jeg skal til skýringar taka eitt dæmi. Jeg sný mjer þá að Rangárvallasýslu, fyrst að málið er þaðan komið. Rangár-

vallasýsla er, eins og jeg gat um áður, $^{86}/_{1000}$ landsins að jarðadýrleika, en trauðlega að gæðum. Jeg skal svo taka einhvern hrepp í sýslunni, t. a. m. Fljótshlíðarhrepp, hann er $^{130}/_{1000}$ úr Rangárvallasýslu; fara svo niður eptir og taka eina jörð í Fljótshlíðarhreppi, t. a. m. Hlíðarenda, þennan «rausnargarð hæstan undir hlíð»; hann er nú $^{27}/_{1000}$ af hreppnum. Jeg veit nú ekki, hvort Hlíðarendi stendur í rjettu hlutfalli við jarðamat hreppsins; hann getur verið meira og hann getur verið minna en $^{27}/_{1000}$. Þetta ættu hreppsnefndirnar að geta sjeð og jafnað úr, ef hlutfallið er ekki rjett. Jeg ímynda mjer, að framsögumaður geti gefið skýrslu á þessa leið, að eins sem dæmi. Þegar nú hreppsnefndin, hvort sem hún miðar við hreppsmatið gamla, sem er 971 hundrað í Fljótshlíðarhrepp, eða við þúsundustu parta, er búin með sinn starfa, þá get jeg ekki betur sjeð, en að innbyrðis jöfnuður á jörðunum í sveitinni fáist með þessu lagi. Og sýslunefndinni ætla jeg þann kunnugleika, að hún sjái, hvort hreppurinn er of hátt eða of lágt metinn, að tiltölu við aðra hreppa, t. a. m. hvort Fljótshlíðarhreppur er of hár að vera $^{130}/_{1000}$ af Rangárvallasýslu, eins og jeg líka álít, að alþingi geti sjeð, hvort Rangárvallasýsla er of hátt eða lágt metin að vera $^{86}/_{1000}$ landsins, og hvort það þarf að færa hana upp eða niður. Jeg hef leyft mjer að færa þetta dæmi til skýringar, ef verða mætti, að deildin þá síður misskildi stefnu nefndarinnar. Nefndin hefur ekki ætlazt til, að nýtt jarðamat í eiginlegum skilningi yrði gjört, heldur að eins tilraun til þess að jafna það.

Framsögumaður: Jeg ætla að eins að leyfa mjer að biðja hinn háttvirta forseta, að við hafa nafnakall um 1. gr. frumvarpsins.

Magnús Stephensen: Jeg álít það mjög óheppilegt, að nefndin skuli geyma til 3. umræðu, að koma með þær breytingar, sem framsögumaður þó sagði að væru nauðsynlegar. Þess konar breytingar eiga eiginlega að koma fram við 2. umræðu, en 3. umræða á að vera til þess, að jafna þær misfellur, sem orðið hafa við atkvæðagreiðsluna við 2. umræðu; en þegar breytingarnar fyrst koma fram við 3. umræðu, þá er ekki hægt að jafna þær misfellur, sem ef til vill kunna að slæðast inn í frumvarpið við breytingarnar. Eins og þingmaður Eyfirðinga tók fram, þá er þetta ekki nýtt jarðamat, sem frumvarpið fer fram á, eins og jeg líka gat um við 1. umræðu þessa máls. Frumvarpið fer fram á, að jafna hundraðatöluna innbyrðis á jörðunum í hreppunum og milli hreppanna í sýslunum; en það sýnir alls ekki, hvernig á að laga hlutfallið milli sýslnanna, og þó er mest í það varið og jafnframt mestur vandinn, að finna hið rjetta hlutfall milli þeirra; því að þegar búið er að finna, hve margir þúsundustu partar hver sýsla er úr öllu landinu, þá er miklu hægra að finna, hve mikill hluti hver hreppur er úr sýslunni, og hver jörð úr hreppnum. Nefndin hefur því að mínu áliti farið í kring um aðalatriði málsins. Jeg sje ekki, hvernig það, hve mikill hluti hver sýsla er úr landinu, getur fundizt á annan hátt, en að metnar sjeu allar sýslur í landinu og þá líka allar jarðir á landinu. Jeg get ekki allskostar fallizt á, að vegur sá, sem nefndin hefur stungið upp á, sje kostnaðarminnstur; jeg held þvert á móti, að hann sje ekki svo kostnaðarlítill. Jeg gat um það við 1. umræðu, að það væri ónærgætið og enda ofætlun, að leggja ekki minna starf, en þetta er, ólaunuðum mönnum á herðar, ofan á önnur störf þeirra, fyrir alls ekkert, og framsögumaður tók vel undir, að þeim væri veitt dálitil þóknun. En hefur framsögumaður gjört sjer grein fyrir, hvað miklu þessi þóknun mundi nema? Það má sjálfsagt gjöra ráð fyrir, þar sem 170 hreppar eru á landinu, að hjer um bil 1000 hreppsnefndarmenn sjeu á öllu landinu. Ef hver þessara hreppsnefndarmanna fær dálitla þóknun, þó lítil sje, þá fer það strax að draga sig saman. Minni en 10 kr. þóknun handa hverjum hreppsnefndarmanni geta menn ekki gjört ráð fyrir, og þá eru nú undir eins komnar 10,000 kr. eingöngu til

hreppsnefndarmannanna, og svo eru sýslunefndarmennirnir eptir, sem eru víst ekki færri en 150; ef þeir eiga að fá tiltölulega þóknun, þá fer nú kostnaðurinn að hækka talsvert. Þessi vegur er engu kostnaðarminni en sá, sem stungið var upp á þinginu 1877, og sem þá var hrundið af neðri deild. Allt strandar hjá mjer á því, að það er ómögulegt að vita hlutfallið á milli sýslnanna nema með því að meta hverja jörð á landinu, og meðan sýslan ekki er fundin, þá er ekki til neins að finna hlutfallið á milli jarðanna í hverjum hrepp og hreppanna í hverri sýslu. Þess vegna get jeg ekki verið með þessu frumvarpi, og ekki einu sinni með 1. grein, þó að nafnakall sje við haft.

Benidikt Kristjánsson: Jeg hef að eins litlu við það að bæta, sem jeg tók fram við 1. umræðu þessa máls, og þá eingöngu því, sem umræðurnar nú hafa gefið mjer tilefni, til. Það hefur verið tekið fram, að jarðamat það, sem hjer er um að ræða, sje ekki eiginlegt jarðamat. Jeg er á sama máli að því leyti, að það breytir ekki hundraðatölu allra fasteigna á landinu, en eiginlegt jarðamat er það þó að því leyti, að það jafnar hlutföllin, sem eru milli hinna einstöku jarða, hreppa og sýslna eptir jarðabókinni. Það hefur og verið tekið fram og það með rjettu, að það geti staðið á litlu, hvort landið er að hundraðatali metið hærra eða lægra en það nú er eptir jarðabókinni. Nefndin hefur fengið ákúrur fyrir, að hún ekki hefur komið fram með breytingar við hið upprunalega álit sitt eða frumvarp nú þegar, fyrir því, að það væri um seinan, að láta þær fyrst koma fram við 3. umræðu. Jeg get ekki betur sjeð, en nefndin hafi nokkra aðra afsökun í þessu efni, þá nefnilega, að deildarmenn hafa ekki stungið upp á neinum breytingum, sem þurfi að gjöra við nefndarálitið, og á hina hliðina ætla jeg, að deildinni muni naumast vera mál þetta enn svo ljóst, að það eigi ekki að taka lengri tíma til þess að íhuga það betur, svo sem með því að skipta, 3. umræðu þess í tvennt. Eptir því, sem fram hefur komið við umræðurnar, get jeg ekki fundið ástæðu til, að stungið sje upp á breytingum, að minnsta kosti ekki þeim, sem ekki geti eða megi koma með við 3. umræðu. Það hefur að vísu verið fundið nefndinni til, að hún ekki ákveður þeim mönnum neina borgun, sem starfa að þessu jarðamati. Jeg er líka á því, að hreppsnefndum sje borgun veitt, af því þær eru sjálfar ólaunaðar, og á hinn bóginn af því, að sjálfsagt vandasamasta starfið liggur á þeim. En sýslunefndunum þarf ekki að ætla neina sjerstaka borgun fyrir starf sitt, því að þótt lítið sje, þá fær þó hver sýslunefndarmaður 2 kr. um daginn. Fyrir utan þær er að eins alþingi, sem um matið fjallar, og þar er víst ekki spursmál um borgun. Því hefur verið hreift, að það mundi ókljúfandi fyrir alþingi að gjöra jöfnuð á milli sýslnanna. Jeg er ekki á, að svo sje, ef menn taka það gefið, að hlutföllin milli jarðanna í hverjum hrepp og milli hreppanna í hverri sýslu sjeu rjett gjörð; því að með því móti þarf ekki annað, en að ganga að einhverri helztu jörð í sýslunni, sem bezt þykir til fallin, gá að, hvert mat hún nú hefur og bera það saman við jarðir í öðrum sýslum, sem til þess eru kosnar; ef nú niðurstaða verður rjett, ef að hlutföllin eru rjett í hverri einstakri sýslu milli jarðanna, þá get jeg ekki betur sjeð, en að hið rjetta hlutfall milli sýslnanna komi svo að segja af sjálfu sjer. Hjer er sú undirstaða lögð, að naumast mun önnur betri til að byggja á, jafnvel þótt margfalt meiri tíma og margfalt meira fje væri varið til matsins. Jarðirnar eru mattar á þann hátt, að hlutdrægni getur ekki komizt að, hjer er einnig eigingirni alveg útilokuð, og álít jeg það ekki svo lítinn kost við aðferðina. En jeg lýsi því yfir, að undir eins og jeg sje álitlegri tillögur koma frá deildinni, þá skal jeg vera manna fúsastur til að ganga inn á þær breytingar. Það er auðvitað, að ef svo mikilvægar breytingar koma fram, að undirstöðu nefndarálitsins sje breytt, þá álít jeg óheppilegt, að þær komi ekki fyr en við 3.

umræðu, og ef svo er, þá ímynda jeg mjer, að ráðlegast væri að skipta 2. umræðu í tvennt, svo að tími fengist til að íhuga breytingarnar.

Framsögumaður: Jeg vil taka undir með þingmanni Norður-Þingeyinga, að 2. umræðu sje frestað; því að það er ekki af viljaleysi, að nefndin hefur ekki komið með breytingaruppástungur, heldur af því, að málið hefur gengið nokkuð fljótt fram, en margt annað að starfa, og einkanlega af því, að engar beinar uppástungur hafa komið fram hjá þingmönnunum, þó það eitt hafi verið tekið fram, að það ætti ekki við að láta þá, sem að matinu starfa, og þá einkum hreppsnefndirnar, gjöra það borgunarlaust; og jeg skal fúslega játa, að það er hart. Hinn 4. konungkjörni þingmaður reiknaði út, að mat hreppsnefndanna mundi kosta um 10,000 kr.; það getur vel verið, en jeg vil segja honum það, að menn í sveitum eru alvanir við, að fá ekki rausnarlega borgun um daginn, og jeg þori vel að stinga upp á litlu, því að það er almennur áhugi á því í sveitum, að endurskoðun verði gjörð á jarðamatinu, og þess vegna má óhætt telja víst, að margir muni vilja vinna til að starfa að því fyrir lítið. Og fyrst að þetta er áhugamál, og menn játa, að hjer þurfi rjettarbótar við, þá á mönnum ekki af ofbjóða, þó að 10,000 kr. væri varið til þess; því að jeg ímynda mjer, að þegar matið í hjeruðunum er frá, þá muni ekki verða mikill kostnaður til hins, að jafna hlutföllin sýslna í milli, og í öllu falli mun þetta jarðamat verða kostnaðarminna heldur en jarðamatið 1849, því að ef jeg man rjett, þá kostaði það um 20,000 kr. Jeg vil stuðla að því, að þessi bending hins 4. konungkjörna þingmanns verði tekin til greina, eins og allar aðrar bendingar, sem jeg sje að málinu verða til góðs; og því vil jeg halda því fram, að þessari umræðu verði frestað, svo að menn geti haft tíma til búa málið undir 3. umræðu.

Einar Ásmundsson: Jeg er alveg samdóma hinum háttvirta 4. konungkjörna þingmanni um það, að mestur sje skakkinn á jarðamatinu milli hinna einstöku hjeraða eða sýslna landsius, og líka er jeg samdóma honum um það, að mestu vandhæfin sjeu á því, að laga þennan skakka. Til þess, að sannfærast um þetta skakka hlutfall milli hjeraðanna, þarf ekki langt að fara. Landakot hjer bjá bænum er talið 33 hndr. að dýrleika, og þekki jeg lítið eitt til, hvernig sú jörð er, því jeg hef gist þar um tíma; Elliðavatn hjer í grenndinni, sem er stórbýlisjörð, ætla jeg sje talið 35 hndr. eða tæplega það. Þetta er stórmikill munur; önnur jörðin fram fleytir ekki meiru en 3 kúm, en hin mörgum kúm og hestum og mörgu sauðfje. Hofteigur á Jökuldal, sem er stórbýlisjörð á Austurlandi, er metin talsvert lægra en Landakot, eða um 29 hndr.; sama er að segja um Kaldaðarnes; það er ekki talið hærra en 29 hndr, heimajörðin; þessa jörð þekki jeg reyndar ekki, en jeg ætla, að það sje stórbýlisjörð; að minnsta kosti er þingið ekki á því, að gefa hana. Hefðu menn nú góðar landshagsskýrslur, þar sem sjá mætti, hve mikið hver jörð og hvert hjerað gæfi af sjer, þá mundi alþingi eiga hægt með, að fara nærri um, hve mikill hluti landsins hver sýsla er. Því eiginlega ætti að miða við, hvað mikill hluti þess hvert hjerað er að gæðunum til. Fyrir nokkrum árum vorum vjer betur farnir í þessu tilliti en nú; það er mesta mein fyrir þá, sem nú vilja vita eitthvað eða hugsa um landsins gagn og nauðsynjar, því menn eru þá í standandi vandræðum, einmitt af því, að menn hafa ekki slíkar hagskýrslur. Það getur nú verið, að fjárlaganefndin verði svo hugsunarsöm, að bæta úr þessum skorti framvegis með því, að styrkja bókmenntafjelagið til þess að gefa út slíkar skýrslur, en nú sem stendur erum vjer bæði í þessu sem öðru, er snertir velmegun landsins, blindir eins og bóklaus maður. Það hefur verið talað um kostnaðinn, sem muni verða við þessa aðferð á endurskoðun jarðabókarinnar, er nefndin hefur bent á, en jeg fyrir mitt leyti get ekki gjört sjerlega mikið úr

honum. Til alþingis gengur enginn kostnaður sjerstaklega fyrir það, sem þingið starfar að þessu verki; því er veitt fje úr landssjóði hvort sem er. Ekki mun heldur þurfa stórt að ætla fyrir starfa sýslunefndanna; þær fá, hvort sem er, borgun úr sýslusjóði, þó ekki sje hún ríflég. Það er að vísu satt, að hreppsnefndarmenn eru margir, en jeg hugsa, að þetta verk sje ekki eitt af þeirra þyngstu verkum; þeir þekkja jarðirnar í hreppunum og gæði þeirra eins og fingurna á sjer, og mun þeim því ekki veita sjerlega þungt að koma á innbyrðis jöfnuði milli jarðanna. Jeg held, að þeim muni jafnvel veita ljettara að fá jöfnuð milli jarðanna, en þeim veitir á einu hausti að jafna niður aukaútsvari á hreppsmenn eptir efnum og ástæðum. Það getur nú verið, að sumir segi, að jeg villist í þessu, en eptir því sem stendur á heima í mínum hreppi, þá veit jeg, að minni hreppsnefnd muni finnast þetta ljett verk, já, öllu ljettara, en að jafna eitt haust niður aukaútsvari eptir efnum og ástæðum.

Stefán Eiríksson: Það eru nú orðnar töluverðar umræður um þetta mál, enda skal jeg ekki tefja lengi fyrir mönnum með minni tölu. Jeg verð að segja, að mjer þykir það hálfskrítin kenning, sem kemur fram í ræðum hinna háttvirtu nefndarmanna, þegar þeir segja, að þetta sje ekkert eiginlegt jarðamat, en í hinu orðinu verða þeir þó að segja, að það sje jarðamat, og frumvarpið sjálft, eins og það er komið frá nefndinni, bendir einmitt á, að svo sje eða eigi að vera. Í frumvarpinu er hreppsnefndunum boðið að reikna út eptir einhverjum hlutföllum, og ímynda jeg mjer, að hreppsnefndunum að minnsta kosti muni finnast þetta nokkurt vandaverk, og hinn háttvirti þingmaður Eyfirðinga verður að gæta að því, að þó honum finnist þetta ekki stór vandi, þá muni þetta þó nokkuð þungt fyrir hreppsnefndirnar, sem flestar munu vera lítt reikningsfærar. Jeg veit það vel, að hinum háttvirta þingmanni Eyfirðinga muni ekki þykja mikið fyrir að reikna þessi hlutföll, en hann verður að gæta að því, að það eru ekki allir eins og hann. Ef þetta er ekki jarðamat, þá veit jeg ekki, hvað er jarðamat, enda bendir fyrirsögn frumvarpsins ekki á annað, en að í frumvarpinu sje farið fram á jarðamat, þar sem er að ræða um endurskoðun jarðabókarinnar frá 1. apríl 1861. En ef þetta er ekki jarðamat, þá veit jeg ekki, hvers vegna menn eru að eyða tíma í að bollaleggja þetta, og tala um einhverja aðferð, sem hafa eigi við jarðamat það, sem hreppsnefndum er ætlað að gjöra. Í þessu þykir sumum ekki mikill starfi fyrir hreppsnefndir, en það er þó sannarlega ærinn starfi, ef rjett er að gáð og með sannsýni á það litið. Fyrst eiga hreppstjórar og hreppsnefndir að meta jarðirnar, eptir 1. gr., og því næst, ef ákærur koma fram út af matinu, þá eiga hreppstjórar að kalla saman yfirmatsmenn og það ef til vill optar en einu sinni, eptir 3. gr. Auk alls þessa eiga hreppstjórar að gegna öllum skrifarastörfum við málið, og sjá um afgreiðslu allra skýrslna að afloknu matinu, svo þetta er þó, eins og jeg hef tekið fram, ekki svo umfangslítill starfi, eins og sumir ætla. Jeg verð að taka undir með þínum háttvirta 4. konungkjörna þingmanni, að mjer þykir það mjög óheppilegt, að nefndin skyldi ekki vera búin að koma sjer niður á neinar breytingar við frumvarpið í þá átt, sem bent hefur verið á í ræðunum um þetta mál hjer á undan, því það má vel vera, að með því hefði mátt takast, að laga ýmsar misfellur á frumvarpinu. Jeg fyrir mitt leyti vil benda á eitt orð, sem þarf að breyta, það er orðið «þinghá» í 2. gr.; það hagar svo víða til hjer á landi, að ekki fellur saman hreppur og þinghá, því í sumum þinghám eru 2 eða 3 hreppar, og nefndin hefur þó ætlazt til, að hver hreppur fyrir sig væri matinn af hverri einstakri hreppsnefnd; jeg sýni fram á þetta sem dæmi, til að sýna, að frumvarpið þarf lagfæringar við. En eins og frumvarpið er lagað nú, get jeg ekki gefið því atkvæði mitt.

Skúli Þorvarðarson: Af því mjer er

annt um þetta mál, og skil ekki annað, en að jarðabókin frá 1861 þurfi verulegra umbóta við, og enn fremur af því, að mjer líkar ekki nefndarálitið í alla staði, þá skal jeg leyfa mjer að fara um það fáeinum orðum, og leitast við að sýna, hvað er því til fyrirstöðu, að endurskoðun þessi á jarðabókinni verði að æskilegu gagni. Jeg kann vel við þá meiningu nefndarinnar, að byrja megi á því, að hreppstjórar og hreppsnefndir meti hinar einstöku jarðir í hreppunum, en að því er snertir þá ákvörðun nefndarinnar í 1. gr., að jarðarhundraðatal alls hreppsins skuli ekki raskast frá því, sem það er talið í jarðabókinni frá 1. apríl 1861, þá finnst mjer þessi ákvörðun vera efni til áreksturs. Það eru margar jarðir, sem hafa gengið mjög úr sjer, síðan síðasta jarðamat fór fram, en fáar batnað; þegar því einhverjar jarðir í hrepp hafa að mun rýrnað, þá á að færa yfir á hinar jarðirnar tiltölulegan hluta jarðarhundraðatalsins, sem jeg get ekki sjeð að geti verið sanngjarnt, ef hinar jarðirnar hafa í engu batnað. Þess vegna getur þessi ákvörðun, að mínu áliti, gefið tilefni til þess, að hreppsnefndirnar meti jarðirnar á móti eigin sannfæringu sinni, sem jeg verð að telja mjög svo óheppilegt. Sýslunefndirnar eru bundnar sama skilorði, að hafa hundraðatölu sýslunnar óhaggaða, og er því sama að segja um þær, og skal jeg leyfa mjer að taka dæmi, sem mjer eru næst fyrir augum, að það eru 3 eða jafnvel 4 hreppar í Rangárvallasýslu, mínu kjördæmi, sem á síðustu árum hafa orðið fyrir stór-áföllum af völdum náttúrunnar, sandfoki, landbroti af vötnum, skriðufalli úr fjöllum og fleira; hvernig á nú sýslunefndin að jafna hallanum, sem þessir hreppar hafa orðið fyrir, ofan á hina hreppa sýslunnar? Jeg skil það ekki, og í frumvarpinu sje jeg engin ráð til þess gefin, að sýslunefndin geti jafnað þetta, svo að sanngjarnt verði. Nú kemur til aðgjörða alþingis, hvaða leiðbeiningu hefur það til að gjöra hlutföllin milli sýslnanna jöfn? Þetta sje jeg heldur ekki. Jeg ætla því, að þessi endurskoðun jarðabókarinnar geti ekki náð tilgangi sínum með þessari aðferð. Auk þessa álít jeg það alveg ósanngjarnt, að taka menn frá vinnu sinni og gjöra þeim að skyldu, að starfa að matinu án nokkurrar þóknunar; en þó nú svo væri, að gjöra mætti ráð fyrir, að menn ljetu sjer lynda, að fá lítið eða ekkert fyrir þetta verk, þá þyrfti þó að vera vissa fyrir því, að þetta yrði veruleg rjettarbót fyrir landið. Það, sem mest er vert, er það, að alþingi takist að finna hið rjetta hlutfall milli sýslnanna, og ríður mest á að finna ráð til þess; meðan það er ekki fundið, er allt, sem búið er að gjöra við endurmatið, lítilsvert; en jeg vona, að hin háttvirta deild reyni nú á þessu stigi málsins, að finna einhvern hentugan veg, til að koma máli þessu í gott horf og til framkvæmdar, sem fyrst að verða má. Mjer kemur í hug, þó það sje raunar veik ástæða, hvort ekki mundi heppilegra, að gjöra þá ráðstöfun, að sýslumenn og bæjarfógetar sendu landshöfðingja skýrslur um söluverð jarða, sem seldar hafa verið í lögsagnarumdæmi hvers þeirra um allt land, ekki á 5 ára tímabili, eins og í frumvarpinu er ákveðið, heldur um 10 ára tímabil, t. a. m. frá 1871—1881. Mjer finnst slíkar skýrslur mundu geta orðið til leiðbeiningar til að finna síðar hið sanngjarna hlutfall sýslna á milli, þegar hið fullkomna jarðamat verður tekið fyrir, því menn verða að hugleiða, hve mikils virði hver jörð sje; eins getur það verið leiðbeinandi, að fá skýrslur um það, hvað hver jörð er leigð, því það er sjálfsagt, að leigumálinn fer að nokkru leyti eptir gæðum jarðanna. En jeg leyfi mjer að stinga upp á þessu eins og barn, enda er jeg barn í skilningi á þessu máli eins og öðrum. Mál þetta er sannarlega þess vert, að það sje íhugað, og af því jeg veit, að það er almennt áhugamál, þá vildi jeg óska, að menn gætu fundið einhver holl ráð við þessa umræðu, en til þess yrði nauðsynlegt, að fresta henni; þá hef jeg góða von um, að frumvarpið gæti orðið hagkvæmara og aðgengilegra við 3. umræðu. Læt jeg svo úttalað um þetta mál að sinni.

Framsögumaður: Í von um, að þessari umræðu verði frestað, ætla jeg ekki að tala meira að sinni, en að eins geta þess, að þar sem 2. þingmaður Rangæinga talaði um þau vandkvæði, sem á því væru og þá ósanngirni, sem af því flyti, ef ætti að taka skakka þann, sem ein jörð hefur orðið fyrir, og jafna honum niður á aðrar jarðir hreppsins, þá er þetta að nokkru leyti misskilningur hjá þingmanninum, og mun hann sannfærast um, að á þessu eru ekki svo mikil vandkvæði, ef hann gætir að dæmi því, sem þingmaður Eyfirðinga tók, og skilur það rjett, því hver stærð sem er, hefur sinn tíunda eða hundraðasta part og svo frv. Þar sem hinn háttvirti þingmaður Austur-Skaptfellinga tók það fram, að það mundi ókljúfandi verk fyrir hreppsnefndirnar og hreppstjórana, að jafna hlutfallið milli hinna einstöku jarða, þá skal jeg að vísu játa honum því, að það er vandaverk, en aptur er jeg með þingmanni Eyfirðinga í því, að í þetta sje lítið meira varið, en að jafna niður á hreppsbúa aukaútsvari eptir efnum og ástæðum; og þó gengur vanalega ekki lengri tími, en 1 eða 2 dagar, til að jafna aukaútsvarinu niður á hreppinn, og mundi því þetta jarðamat í hverjum hreppi ekki taka lengri tíma, en 2 eða 3 daga. Þess ber að gæta, að hreppsnefndarmenn eru gagnkunnugir jörðunum í hreppunum, enda eru þær mörgum sinnum virtar og metnar til sölu. Að endingu ætla jeg að leyfa mjer að gjöra eina uppástungu, nefnilega þá, að nefndinni sje leyft, ef hún á að íhuga þetta mál nákvæmar, að fá 2 þingmenn sjer til aðstoðar, og skal jeg leyfa mjer að stinga upp á, að til þess verði kvaddir hinn háttvirti 4. konungkjörni þingmaður og 2. þingmaður Rangæinga.

Magnús Stephensen: Jeg verð fyrir mitt leyti að mótmæla því, að mjer sje gjört að skyldu að ganga í þessa nefnd. Annað mál er það, ef framsögumaður vill stinga upp á því, að nefnd sje kosin til að íhuga frumvarp það um endurskoðun jarðabókarinnar, sem nefndin hefur samið. Ef framsögumaður vill stinga upp á t. a. m. 3 manna nefnd til að íhuga það, þá get jeg ekki sjeð, að neitt geti verið á móti því, en þar á móti verður ekki bætt nú við nefnd þá, sem kosin var til að íhuga tillögu 1. og 2. þingmanns Rangæinga um endurskoðun jarðabókarinnar frá 1861, því sú nefnd er þegar búin að leggja fram álit sitt, og þar með ljúka starfa sínum.

Forseti: Jeg verð að vera samdóma hinum háttvirta 4. konungkjörna þingmanni um það, að nefndin sje búin að ljúka starfa sínum, með því hún hefur lagt fram álit sitt, og það verið rætt á fundum, en á hinn bóginn er jeg ekki á móti því, að bera það upp til atkvæða, hvort nefnd skuli kosin á þessu stigi, til að íhuga frumvarp nefndarinnar um endurskoðun jarðabókarinnar frá 1. apríl 1861, ef framsögumaður óskar þess.

Framsögumaður: Jeg vildi gjarnan vera með því, að nefnd sje sett á ný, ef jeg sæi, að tími væri til þess, að setja hana, og væri ekki hræddur um, að málið mundi ekki komast í gegn á þinginu vegna tímaleysis: en vegna þess, að óvíst er, hvort málið einmitt vegna þessa kemst í gegn hvort sem er, þá ætla jeg þó að leyfa mjer að stinga upp á eins og fyr, að bætt sje 2 mönnum í nefndina.

Forseti bar því næst undir atkvæði, hvort nefnd skyldi kjósa, en það var fellt með 8 atkvæðum móti 3.

Benidikt Kristjánsson: Jeg ætla einungis að leyfa mjer að gjöra eina athugasemd viðvíkjandi beiðni hins háttvirta framsögumanns, um að nefndin fengi 2 af þingdeildarmönnum sjer til aðstoðar, en sem sumir hafa mótmælt, að jeg fyrir mitt leyti get ekki sjeð, að formsins vegna sje neitt á móti því, að deildin taki þessa beiðni til greina. Nefndin er að vísu búin að íhuga mál það, er henni var falið að íhuga, og hefur lagt fram álit sitt, en nú hefur það ekki líkað, og þess vegna get jeg ekki sjeð, að neitt geti verið á móti því, að nefndin fái þessa 2 menn sjer til aðstoðar við að umbæta það.

Forseti: Jeg get að vísu ekki verið á

annari skoðun, en að nefndin hafi þegar lokið starfa sínum, en samt sem áður hef jeg ekki á móti því, að bera undir atkvæði hinna háttvirtu deildarmanna, hvort nefndin skuli fá þessa 2 menn sjer til aðstoðar, því nefndin getur sjálfsagt komið með framhaldsuppástungur síðar, ef henni lízt svo.

Forseti bar þá undir atkvæði, hvort nefndin mætti bæta við sig 2 mönnum, hinum 4. konungkjörna þingmanni og 2. þingmanni Rangæinga, og var það samþykkt með 6 atkvæðum.

Síðan bar forseti eptir uppástungu framsögumanns undir atkvæði, hvort fresta skyldi umræðu þessari, og var það samþykkt með 6 atkvæðum.

Nefndin kom fram með tillögu til þingsályktunar, sjá næsta mál.

Á 39. fundi efri deildarinnar, 17. dag ágústmánaðar, tók framsögumaður nefndarinnar frumvarpið um endurskoðun jarðabókarinnar aptur.

C.

Tillaga til þingsályktunar um að undir búa endurskoðun jarðabókarinnar. Frá nefnd þeirri, sem skipuð var í efri deildinni til að íhuga það mál. Tillagan er prentuð í fyrri parti alþingistíðindanna, bls. 489.

Á 35. fundi efri deildarinnar, 12. dag ágústmánaðar, skýrði forseti frá þessari tillögu til þingsályktunar, og ljet útbýta henni meðal þingdeildarmanna.

Á 36. fundi efri deildarinnar, 13. dag ágústmánaðar, bar forseti fram þá uppástungu, að hafa skyldi 2 umræður um þingsályktunartillöguna, og var sú uppástunga samþykkt í einu hljóði.

FYRRI UMRÆÐA Í EFRI DEILD,
á 37. fundi, 15. dag ágústmán.

Framsögumaður (*Sighvatur Árnason*): Þegar nefndin fór að yfirvega þetta mál á ný, þóttist hún sjá, að þingtíminn væri orðinn svo naumur, að frumvarp það um endurskoðun jarðabókarinnar, sem hún lagði fyrir deildina um daginn, mundi vart fá framgang í þetta sinn, svo að hún komst að þeirri niðurstöðu, að hentugast væri að búa til þingsályktunartillögu þessa, sem stefnir í sömu átt og frumvarpið, sem sje, að koma því í verk, að endurskoðun jarðabókarinnar fái framgang; en sá munur er á, að tillagan bendir á annan veg en frumvarpið, en í sömu stefnu með grundvöll matsins. Jeg skal geta þess, að ef tillagan fær góðar undirtektir hjer í deildinni, þá hefur nefndin í huga að taka frumvarp sitt aptur undir seinni umræðunni um þessa tillögu. Jeg ætla svo ekki að svo stöddu að tala meira, fyr en jeg heyri, hvernig deildin tekur í málið.

Fleiri tóku ekki til máls; var þá leitað atkvæða, og tillögunni í einu hljóði vísað til 2. umræðu.

SÍÐARI UMRÆÐA Í EFRI DEILD,
á 39. fundi, 17. dag ágústmánaðar.

Breytingartillaga
við tillögu til þingsályktunar frá nefndinni í málinu um endurskoðun jarðabókarinnar.

Við staflið a. Eptir orðin: «út af fyrir sig» bætist inn í: «sem og virðingarverð þeirra í búa- uppskriptum, eða er þær hafa verið virtar til veðsetningar, eða í öðru skyni»; í niðurlagi stafliðs þessa, í stað: «sýni landsskuldina» komi: «sýni allt afgjald», og í stað: «landskuldin sje greidd» komi: «það sje greitt».

Árni Thorsteinson. Stefán Eiríksson.

Framsögumaður (*Sighvatur Árnason*): Eins og ráða má af tillögu þeirri til þingsályktar, sem hjer liggur fyrir, er meining nefndarinnar, að þessum skýrslum, sem getið er um í tillögunni, sje safnað saman víðs vegar af landinu milli þinga, svo að þingið 1883 fái þær skýrslur til þess að byggja á hlutfallajöfnuðinn milli sýslnanna

á landinu; þá verði genginn hinn sami vegur, sem frumvarpið fer fram á, en að eins sje honum vikið við þannig, að þingið semdi með sjer fyrst hlutföllin á milli hjeraðanna. Það leggur sig sjálft, að frumvarp nefndarinnar getur þá orðið góð leinbeining til að fara eptir í hjeruðum. Jeg ímynda mjer, að málið sjálft muni ekki dragast lengur fyrir það, þó að nefndin hafi farið svo að, að koma með þessa þingsályktunartillögu í stað frumvarpsins, og jeg hef mikið meiri vissu fyrir því, að tillagan nái fram að ganga, heldur en ef haldið hefði verið áfram með frumvarpið; því að í neðri deildinni hefði mátt búast við breytingum við frumvarpið, en með tillöguna verður annaðhvort að ganga áfram í því formi, sem hún nú er, eða ekki, og öll líkindi eru til þess, að hún verði samþykkt, enda hefur hún nægan tíma til að komast fram, en frumvarpið ekki. Það er nú nokkuð búið að tala um uppástungur þær, sem farið var fram á í 8. grein frumvarpsins, en í tillögunni er bent á annað í tilbót, nl. afgjald jarðanna, sem þingið á að hafa sjer til leiðbeiningar á sínum tíma. En um söludæmin segja menn, að þau sjeu ekki til í sumum sýslum; jeg get játað það, að þau sjeu mjög fá á sumum stöðum, og í sumum sýslum alls engin, t. a. m. í Vestmannaeyjum er ekkert söludæmi, því að þar eru eingöngu þjóðjarðir. En söluverðsuppástungunni til styrktar skal jeg geta þess, að 1877 var nefnd manna falið á hendur að segja álit sitt um afgjald jarðanna á Vestmannaeyjum. Tillagan um að setja þessa nefnd, kom frá þinginu 1877, og síðan kvaddi landshöfðingi mennina í nefndina, sem var 5 manna nefnd, og þar á meðal 3 landmenn og 2 eyjabúa. Mjer er svo kunnugt um það mál, að jeg veit, að nefndin gekk svo að því verki, að hún kom á hverja jörð á eyjunum, gekk um tún og heimalönd, og fjekk sjer skýrslur um hverja jörð, um nytjar þeirra, og kvað svo upp álit sitt um afgjaldið, sem henni þótti hæfilegt, á hverri einstakri jörð. Álit þetta er sjálfsagt til á sínum stað, það er að segja hjá yfirstjórn landsins. Það vildi reynast svo, að þetta álit kom saman við, eða ljet mjög nærri álnatalinu, sem er af jörðunum á Vestmannaeyjum; það var að eins sáralítill munur á því á 2 eða 3 jörðum. Það er kunnugt, af hverju þessi nefnd var sett; hún var sett af því, að umkvartanir höfðu komið frá eyjabúum um afgjaldið; en hið háa afgjald, sem þeir kvörtuðu yfir, lá ekki í álnaupphæðinni, heldur í þeim skileyri, sem landsskuldin er goldin í, nefnilega harðfiskinum, sem er í svo afarháu verði. Jeg ímynda mjer, að ef þetta afgjaldsmat væri tekið til greina, þá væri það gott til þess að byggja á, hvað Vestmannaeyjar snertir, í staðinn fyrir þau söludæmi, sem hjer er getið um í tillögunni. Í Skaptafellssýslum er mikið af þjóðjörðum, en þar eru líka einstakra manna eignir, enda hafa þær verið seldar og keyptar þar eins og hvar annarstaðar. Hvað breytingartillögurnar snertir, þá er jeg fyrir mitt leyti ekki á móti þeim, en um meðnefndarmenn mína veit jeg ekki; þeir verða að svara fyrir sig. Jeg skal taka það fram, að í mínu kjördæmi er lítill munur á söluverði og virðingarverði; viti menn, þegar bú er skrifað upp, af nýskeðu söludæmi, þá er það tekið til greina við virðingarverðið. Það getur ef til vill verið öðruvísi annarstaðar, og þeir segja þá til, sem þekkja það. Mjer finnst þessi viðauki heldur bæta en spilla; það getur reyndar gjört meiri vafninga í málinu og meiri skýrslur, og líka hef jeg heyrt, að virðingarverðið væri miklu lægra á sömum stöðum en söluverðið hefur verið; en, sem sagt, jeg skal ekki vera á móti þessari breytingu.

Stefán Eiríksson: Yfir höfuð að tala felli jeg mig vel við þingsályktunartillögu nefndarinnar, sem fer í þá átt, að reyna að fá einhvern veg til þess að fá yfirlit yfir jarðamatið með að safna þessum skýrslum; jafnvel þó að jeg ímyndi mjer, að það muni verða ærinn starfi, að fá skýrslur yfir söluverð og landsskuldargjald jarðanna á þessu tímabili frá 1871—1881, og þó jeg álíti, að með þessari aðferð fáist ekki heldur en fyrri það

jarðamat, sem öllum liki, þá er þó þessi vegur máske reynandi, hvernig sem svo þinginu gengur að fá út úr því rjett hlutfallsverð á endanum. Þingmaður Rangæinga sagði, að söluverð og virðingarverð jarða væri líkt í sínu kjördæmi. Jeg veit líka, að þar sem jeg þekki til í Austur-Skaptafellssýslu, þá munar það sárlitlu; það munar kanske 4 kr. til 8 kr. af jarðarhundraðinu og ekkert meir; og stundum er líka virðingarverðið alveg tekið eptir söluverðinu. Þess vegna höfum við, sem skrifaðir erum undir breytingartillögurnar, komið með þennan viðauka; því að okkur finnst, að úr því að á að útvega allar skýrslur um jarðirnar, þá væri líka eðlilegt að taka virðingarverðið og veðsetningarverðið til greina. Orðin, sem eru í niðurlagi breytingartillögunnar, eru ekki nema orðabreytingar. Jeg skal ekki halda fast fram með breytingunum, en jeg ímynda mjer, að þó að þær væru teknar inn í tillöguna, þá mundu þær ekki skaða málið.

Ásgeir Einarsson: Þegar jeg las þessar breytingartillögur, sem hjer eru fram komnar, þá datt mjer í hug orðtækið: »því fleiri sem hjólin eru, því valtari er vagninn«. Jeg er viss um, að söluverðið, og einkum þó afgjaldið, er það vissasta, sem farið verður eptir við jarðamatið, og jeg veit það, að amtmaður Havstein sagði, að söluverðið væri það, sem jafnaðarlega færi næst lagi, og sá jeg mörg skjöl eptir hann fallega skrifuð um það, þegar jeg var í jarðamatsnefnd hjer á þingi. Jeg hef opt vitað, að þegar jarðir hafa verið seldar í pörtum, þá hafa þær opt komizt í hærra verð en virðingarverð þeirra var. En þegar á að fara að bæta inn í tillöguna, að fara skuli eptir virðingarverði jarða í búum og veðsetningarverði, þá þykir mjer nú fara að versna; það verður það örðugasta. Jeg hef orðið var við, að virðingarverð í dánarbúum er opt langt um minna en söluverðið, og þegar menn hafa viljað fá lán út á jörðina, þá hafa þeir passað sig, að láta virða hana til fullkomins söluverðs. Menn ættu að muna eptir þjóðjarðasölunni, málinu fyrir skemmstu — þá var kvartað yfir ósamkvæmni skýrslnanna, af því þær voru frá svo mörgum — og reyna til að vera ekki að hrúga fleiri skoðunum, en þörf gjörist, inn í tillöguna; jeg ímynda mjer, að það sje nóg ráðizt í, að láta umboðsvaldið leita þeirra skýrslna, sem í uppástungunni standa, þó að ekki sje fleirum bætt við. Jeg gef því breytingaratkvæðinu ekki atkvæði mitt.

Framsögumaður: Jeg skal ekki svara fyrir breytingaratkvæðin, þeir, sem þau eiga, geta svarað fyrir sig. En jeg skal að eins víkja að þingmanni Strandamanna; hann sagði, að söluverðið væri óáreiðanlegt, og stundum allt of hátt til þess að fara eptir. En jeg get sagt honum dæmi í gagnstæða átt; jeg veit dæmi til þess, að jarðir hafa verið seldar undir virðingarverði í búi. En þegar kemur svona fyrir á báða bóga, þá getur maður hugsað sjer, að allt jafni sig í heildinni, því að hjer er talað um sýsluheildina; söluverðið á að vera grundvöllur fyrir matinu á hverri sýslu í heild sinni. Það getur vel verið, að finna megi einstök dæmi, þar sem söluverðið er ýmist of hátt eða of lágt, en þegar um margar jarðir er að ræða, þá kemur þetta til að jafna sig; og jeg get ekki fellt mig við neitt eins vel, til að fara eptir með sýslna hlutföllin, eins og söludæmin.

Ásgeir Einarsson: Jeg held, að þingmaður Rangæinga hafi misskilið mig; jeg hef ekki gjört lítið úr söluverðinu, heldur þvert á móti. En það var það, sem jeg sagði, að söluverðið og virðingarverðið færi ekki allt af saman, og því væri óhentugt, að byggja á virðingarverðinu í dánarbúum. En ef virðingarverðið og söluverðið fara saman, þá er þessi vegur rjettur, og þegar hinn rjetti vegur er fundinn, þá er málið búið og lítill vandi, sem eptir er. Það er því breytingaratkvæðið, sem jeg er á móti, en tillögunni sjálfri gef jeg jafnt atkvæði mitt eins og áður.

Arni Thorsteinson: Jeg ætla að eins að skýra frá því, hvað mjer gekk til að

koma með þessa breytingartillögu. Þegar jeg gæti að því, hve flókið jarðamatið er, og hvern veg nefndin hefur valið, þá verð jeg að segja, að hún hafi að mestu farið rjettan veg, en jeg álít, að það, sem ráði mestu í endurskoðun þessari, muni verða jarðarafgjaldið. Það eru ekki nema örfáar jarðir, sem hafa gengið í kaupum og sölum síðustu tíu árin í samanburði við allan jarðafjöldann, og því er það, að afgjaldið verður aðalgrundvöllurinn en ekki kaupverðið. Þó að nefndin telji fyrst og leggi sjerstaka áherzlu á kaup og söl, þá er þetta ekki annað en samanburður við afgjaldið, sem verður að taka til greina í sjerstökum tilfellum, þegar söluverðið ekki fellur saman við jarðarafgjaldið. Ef þetta er rjett hugsað hjá mjer, þá er það ekki úr vegi, að teknar sjeu sjerstakar skýrslur um afgjaldið, og ef virðingarverð í búi hefur orðið eða jörð matin til veðsetningar, þá á eins vel að taka það til greina. Nefndin hefur sjálf ekki gjört ráð fyrir, að menn taki annaðhvort söluverðið eða jarðaafgjaldið til greina, heldur ætti að finna hið rjetta mat á jörðum eptir öllum fyrirliggjandi skýrslum. Seinni hluti breytingaratkvæðisins er nokkuð meira en orðabreyting, því að í uppástungu nefndarinnar er farið fram á, að tilgreint sje, í hverju landskuldin sje greidd, en ekki leigurnar; en leigurnar eru ekki allt af greiddar í smjöri, heldur t. a. m. fyrir norðan sumstaðar í meðalalin, eins og á allmörgum þjóðjörðum, og öllu afgjaldinu svo slegið saman annaðhvort í meðalalin, gjald í lifandi fje, ull, sauðfje, fiski o. s. frv. Því verður að tilgreina, í hverju goldið er, svo það verði reiknað út í peninga og þar á eptir í meðalalin. Að öðru leyti vil jeg ekki gjöra kappsmál úr breytingaratkvæðunum; þau eru ekki svo veruleg, en þó finnst mjer betra, að þau sjeu samþykkt en ekki. Þó þau ekki verði samþykkt, mun þar að koma, að þeim verði að fylgja.

Að því búnu var gengið til atkvæða, og

1. Viðaukauppástunga 2 þingmanna við staflið a, að eptir orðin: «út af fyrir sig» bætist inn í: «sem og ... í öðru skyni», samþykkt með 6 atkvæðum.
2. Breytingaruppástunga hinna sömu, að í stað: «sýni landsskuldina» komi: «sýni allt afgjald», felld með 5 atkvæðum gegn 5, að viðhöfðu nafnakalli sakir óglöggrar atkvæðagreiðslu, þannig, að

Já sögðu:
Árni Thorsteinson,
Jón Pjetursson,
Pjetur Pjetursson,
Skúli Þorvarðarson,
Stefán Eiríksson.

Nei sögðu:
Benidikt Kristjánsson,
Magnús Stephensen,
Ásgeir Einarsson,
Sighvatur Árnason,
Sigurður Melsteð.

3. Breytingaruppástunga sömu þingmanna, að í stað; «landskuldin sje greidd» komi: «það sje greitt», álitið sjálffallið.
4. Stafliður a. í þingsályktunartillögunni með áorðnum breytingum samþykktur í einu hljóði.
5. Stafliður b. í þingsályktunartillögunni samþykktur í einu hljóði.
6. Stafliður c. í þingsályktunartillögunni samþykktur í einu hljóði.
7. Tillagan með áorðnum breytingum samþykkt í einu hljóði.

Kvað forseti tillöguna nú mundu verða senda neðri deild.

Á 53. fundi neðri deildarinnar, 18. dag ágústmánaðar, skýrði forseti frá, að forseti efri deildar hefði sent sjer tillögu til þingsályktunar um að undir búa endurskoðun á jarðabókinni frá 1861, og ljet hann útbýta tillögunni meðal þingdeildarmanna.

Á 57. fundi neðri deildarinnar, 20. dag ágústmánaðar, bar forseti upp þá uppástungu, að tillaga til þingsályktunar um endurskoðun jarðabókarinnar skyldi rædd í einni umræðu, og var sú uppástunga forseta samþykkt.

EIN UMRÆÐA Í NEÐRI DEILD,
á 61. fundi, 23. dag ágústmán.

Tillagan, eins og hún var samþykkt við síðari umræðu í efri deildinni, sjá I, 466.

Guðmundur Einarsson: Jeg hafði í hyggju, að gjöra breytingartillögu við mál þetta, en hætti við það aptur, af því að hún hefði orðið að vera svo umfangsmikil, að hætt befði orðið við, að málið hefði þá eigi náð fram að ganga. Jeg get eigi sjeð, hvert gagn megi að þessari þingsályktunartillögu verða, því þá verður jarðamatið eintómt reikningsdæmi á ólíkum grundvöllum byggt. Eigi að hafa hliðsjón af uppboðsverði jarða við jarðamatið, þá vita allir, hve óviss undirstaða það er. Því optast er boðið langt um meira í jarðirnar, en þær eru verðar, og líkt er að segja um söluverð þeirra. Aptur kemur á hinn bóginn það fyrir, að jarðir eru sjerstakra orsaka vegna seldar undir þeirra sanna verði. Eigi að hafa hliðsjón af jarðaafgjöldum, þá eru þau líka fjarska ólík og næsta óviss undirstaða. Því sumar jarðir eru leigðar langt yfir og sumar langt undir sanngjörnu afgjaldi, og svo er enn einn sá flokkur jarða, þar sem sjálfseignarbændur búa; á þeim er skuldsetning jafnan minni, en á öðrum jörðum að tiltölu, og á sumum engin, og þó er hvergi í þessari tillögu gjört ráð fyrir því, að hreppsnefndir skuldsetji þær, og þó þær verði nú skuldsettar af hreppsnefndum, þá vantreysti jeg kjarki sumra til að skuldsetja þær rjett í samanburði við aðrar jarðir. Og öll þessi störf eiga að vinnast ókeypis. Hver sanngirni er í því? Jeg held því, að þótt þessar skýrslur komi fyrir næsta þing, þá muni vandræði úr þessu að ráða, og jeg sje eigi, hvað þingið getur fundið sanngjarnt út úr þessu, og hjer verði fyrirhöfnin ein, en ekki annað.

Friðrik Stefánsson: Hinn háttvirti þingmaður Dalamanna kvaðst eigi sjá, hvert gagn mætti verða að þessari þingsályktun, og það er satt, ef almennt er skoðað; en hún jafnar jarðirnar í sveitunum, en aptur er mælikvarðinn eigi rjettur, því í fjölbyggðum sveitum eru jarðir að tiltölu miklu dýrar leigðar, en þar sem fámennt er, en hin heiðraða efri deild hefur viljað forðast þann mikla kostnað, sem síðast leiddi af jarðamatinu. Jarðirnar eru líka sífelldum breytingum undirorpnar, bæði af völdum náttúrunnar, þar sem þær spillast, og eins, þar sem þær á sumum stöðum eru bættar, sem alla tíma verður, meðan nokkur von er til, að búnaði og jarðabótum fari fram á landina. Jeg vil taka til dæmis, að Þingeyjarsýsla er yfir 300 ferhyrningsmílur að stærð, Eyjafjarðarsýsla um 100 ferhyrningsmílur, Skagafjarðarsýsla um 100, og Húnavatnssýsla um 150, og þó eru bæði Eyjafjarðarsýsla og Skagafjarðarsýsla dýrari að hundraðatölu en Þingeyjar- og Húnavatnssýslur. Þetta getur nú með engu móti verið rjett, svo að því leyti er það rjett, sem þingmaður Dalamanna sagði, en samt sem áður álít jeg mikla bót í því, að jarðirnar sjeu jafnaðar innbyrðis í sveitunum, þó jöfnuður fáist ekki á milli sýslna við það, en eptir þingsályktuninni verður þessi endurbót framkvæmd kostnaðarlaust af hreppsnefndunum. Og jeg verð því að vera á þeirri skoðun, að mikið megi laga jarðamatið með þessari aðferð, og leyfi mjer því að leggja það til, að málið nái fram að ganga.

Guðmundur Einarsson: Hreppsnefndirnar geta eigi jafnað jarðirnar í sveitunum, því þær hafa engan rjett til þess, þær eiga einungis að skrifa upp afgjöld jarðanna, mat þeirra og söluverð við uppboð og undir hendinni, og hjá sjálfseignarbændunum að líkindum eiga þær að setja skuldsetningu á ábúðarjarðir þeirra, og þá þurfa þær á þeim kjarki að halda, sem óvíst er að þær hafi sumar hverjar. Jeg álít, að hin fyrri uppástunga hinnar heiðruðu efri deildar hafi verið miklu heppilegri, því eptir henni áttu hreppsnefndirnar að jafna jarðirnar sín á

milli; en það var aptur sá galli á, að það var lítt mögulegt að jafna jarðirnar sýslna á milli. Og þegar alls er gætt, þá eru hrein vandræði að fást við jarðamatið, því þótt það yrði jafnað í svipinn, þá breytist þessi jöfnuður að vörmu spori bæði til betra og lakara, bæði af völdum manna og náttúrunnar.

Varaforseti: Tillaga þessi snertir mál, sem vandræði verða að koma lagi á, því það er mjög erfitt að semja jarðamat. Jeg get þó eigi annað en álitið, að tillaga þessi greiði töluvert fyrir málinu. Reyndar er það mikið verk fyrir hreppsnefndirnar, að til greina töluverð jarða frá 1871—1881, en hitt er þó mikilsverðara og um leið erfiðara fyrir hreppsnefndirnar, að safna landskuldum af hverjum hrepp fyrir hvert ár, og verði þessu til vegar komið, þá álít jeg, að það mundi mjög svo greiða þetta mál fyrir næsta þingi, og vil jeg því mæla með því, að tillaga þessi verði samþykkt. Það er, eins og kunnugt er, mestu erfiðleikar á því, að fá áreiðanlegt jarðamat. Það úrræði gæti hugsazt, að nefnd manna væri send um landið til að meta jarðirnar í samráðum við hreppanefndir og sýslunefndir. En þetta mundi kosta ærið fje. Annað ráð er það, að meta jarðirnar eingöngu eptir afgjaldinu, Þetta mat hefur þá ókosti, að með því kemur ekki það sanna verð jarðanna fram. Og væri þessi regla tekin, þá þyrfti að meta jarðirnar optar, en venja hefur verið, og get jeg ekki álitið það neinn stórgalla. En hvað sem um þetta er, þá vil jeg þó mæla með því, að tillaga þessi megi ná fram að ganga.

Eirikur Kúld: Jeg get eigi verið á sama máli og hinn háttvirti varaforseti og hinn háttvirti 1. þingmaður Skagfirðinga. Mjer sýnist tillaga þessi svo laus, og engar rjettar bendingar um, að það megi fara eptir söluverði, eins og það hefur verið hin síðustu 10 ár. En þess ber og að gæta, að þótt sumar jarðir hafi selzt með hæfilegu verði, þá hafa líka sumar selzt með hálfvirði, einkum hafa þeir, sem flutzt hafa hjeðan til Ameríku, neyðzt til að selja jarðir sínar opt og tíðum með mjög litlu verði. En hjer er eigi tekið fram, hvort þeir, sem semja eiga skýrslurnar, eigi að segja, hvað þeir áliti dýrt eða hæfilegt verð á jörðunum. Þá er afgjaldið sanngjarnari mælikvarði, en nú er sín tízka á leigumála jarða í hverju byggðarlagi. Það hefði átt að gefa nefndinni vald til þess að segja, hvaða jarðir væru of hátt leigðar, og hverjar væru of lágt leigðar, því enda í sömu sveitinni eru þess dæmi, að jarðir eru mishátt leigðar. Þessar skýrslur held jeg aldrei að geti orðið að miklu liði, þótt þær komi fyrir þingið. Hefði landshöfðingja verið falið á hendur að semja reglur þessu viðvíkjandi, þá held jeg að betur færi. Jeg get eigi ímyndað mjer, að þessi tillaga beri neinn sjerlegan ávöxt, og er jeg henni því móthverfur, þótt jeg þar fyrir játi fúslega, að jarðamatið þurfi lagfæringar við, og það sem fyrst.

Með því að ekki tóku fleiri til máls, var umræðu þessari lokið, og ljet forseti því næst ganga til atkvæða. Var þá þingsályktunartillagan felld með 13 atkvæðum á móti 6.

D.

Frumvarp til laga um breyting á jarðabókinni frá 1861. Frá hinum 3. konungkjörna þingmanni. Frumvarpið er prentað í fyrri parti alþingistíðindanna, bls. 407.

FYRSTA UMRÆÐA Í EFRI DEILD,
á 31. fundi, 9. dag ágústmán.

Flutningsmaður (Jón Pjetursson): Sú uppástunga, sem þetta frumvarp mitt fer fram á, er alls ekki ný hjer á þinginu; nei, hún er gömul og hefur optar komið inn á þingið enn þá lengri. Fyrst kom uppá-

stunga frá þingmanni Suður-Þingeyjarsýslu um, að matið á bændakirkjujörðum í Þingeyjarsýslu, sem Reykjavíkurnefndin hefði hækkað, yrði aptur lækkað. Þessi uppástunga kom fram á þinginu 1859, og í svari sínu upp á þessa uppástungu tók nefnd sú, er kosin var í jarðamatsmálinu þá á þinginu, það fram, að sjálfsagt væri, að hafa ætti tillit til prestsmötunnar, þegar nýir skattar yrðu lagðir á jarðirnar, það er að segja, að ekki ætti að leggja nýja skatta á þau jarðarhundruð, sem prestsmatan hvíldi á. Á þinginu 1863 kom aptur bænarskrá frá mörgum úr Suður-Þingeyjarsýslu, sem fór fram á það sama. Þar stendur, að Reykjavíkurnefndin í skýrslu sinni til stjórnarinnar, 23. febrúar 1857, segi, að sökum þess að prestsmötukúgildi þau, er tjeðum jörðum fylgja, hafi verið látin rýra virðingarverð þeirra, þá þykist nefndin finna ástæðu til, að færa þær upp að því skapi, því annars megi álíta, sem nokkur hluti hinna umræddu jarða sje ómetinn. Þannig fór þessi bænarskrá úr Þingeyjarsýslu fram á, að hundraðatalan yrði lækkuð á bændakirkjujörðunum, eins og þær hefðu verið metnar með kvöðinni, en það, sem Reykjavíkurnefndin tók fram í skýrslu sinni, er að mínu áliti alveg rjett gjört af henni. Því hefði bóndakirkja verið lögð niður einhverstaðar, og jörðin hefði verið metin með kvöðinni, þá hefði verið ómögulegt að sjá, hvað jörðin hefði orðið kvaðarlaus. En það var hægur vandi að sjá, hvernig Reykjavíkurnefndin hefði hækkað matið, og því hægt að taka frá hundruðin aptur, ef skattur yrði lagður á jörðina. En Reykjavíkurnefndin ætlaðist ekki til, að nýir skattar, ef þeir kæmu til, yrðu lagðir á þau hundruð jarða, er prestsmatan hvíldi á, og konungsfulltrúi sagði þá á þinginu: «Jeg álít sjálfsagt, að undir eins og spurning yrði um, að leggja eiginlega skatta á þessar jarðir, þá yrði sá ágóði jarðarinnar, sem prestsmötunni nemur, að vera undanþeginn skatti; þetta álít jeg sjálfsagt, og því óþarfi að biðja um það». Í þá daga var jarðamatið ný-afstaðið og stjórnin vildi því eigi breyta því. En nú þegar ræða er um endurskoðun jarðamatsins, þá er vonandi, að þingið vilji laga þetta. Það er auðsjeð, hvað ósanngjarnt það yrði, að borga skatt af prestsmötunni, eða þeim hundruðum, sem jörðin hefur verið látin hækka í hundraðatali við prestsmötuna; það væri beinlínis að borga toll af tolli, eða að segja, að af því maður borgar toll, þá verði hann að borga enn meiri toll. Niðurlagið á bænarskrá þeirri, er þingið sendi konungi 1863, er þannig: «að yðar konunglega hátign allramildilegast mætti þóknast að skipa svo fyrir:

1. Að í jörðum þeim, sem prestsmata eða önnur þess kyns ískylda hvílir á, verði sá hlutinn, sem prestsmötunni eða þvílíkri ískyldu nemur, aðgreindur með sjerstöku hundraðatali þannig, að hvert 10 álna virði kvaðar þessarar gjöri 1 hndr., svo að þessi hundruð geti orðið aðnjótandi þess tíundarfrelsis, sem kirkjueignum ber að lögum (samþykkt með 11 atkvæðum gegn 5).

2. Að amtmönnum verði veitt vald til að bjóða sýslumönnum að leggja sjerstakt mat á eignir og ítök bændakirkna, þegar nauðsyn ber til og eigendur eða tíundatakendur krefjast, að kirkjueignin sje aðskilin frá bændaeigninni með sjerstöku hundraða-tali (samþykkt með 14 atkvæðum gegn 3).

3. Að í hvert skipti, sem sjerstakt mat á bænda-kirkjueignum eptir 1. grein á að fram fara, þá sjeu sýslumenn skyldir til að kveðja sjer til aðstoðar og fulltingis tvo valinkunna menn, sem nákunnugir sjeu eignum þeim, sem matið á að leggjast á (samþykkt með 15 atkvæðum)».

Af því það er víst, að prestsmatan hefur hækkað bændakirkjujarðir í mati, þá sýnist mjer, að þingið ætti að óska þessu framgengt, sem fyrir löngu hefur verið beðið um. Þetta getur þingið nú því fremur, sem það

hefur meira vald en áður, og þingið sjálft hefur sýnt fram á það áður, að þetta ætti svo að vera með prestsmötuna.

Stefán Eiríksson: Jeg ætla einungis að leyfa mjer að stinga upp á því, að þessu máli sje vísað til nefndarinnar í málinu um endurskoðun jarðabókarinnar frá 1861, úr því það er nú samþykkt, að nefndin með auknum 2 mönnum sjálli um það mál enn á ný, því þar sýnist mjer þetta mál heyra undir. Verði þetta ekki tekið til greina, þá er máske þörf, að sjerstök nefnd verði sett í þessu litla frumvarpi, en jeg gjöri það ekki að beinni uppástungu. Mjer virðist málið nokkuð ísjárvert, þar sem farið er fram á, að lækka jarðarhundruðin, þannig að jörðin minnki í hundraðatali um eitt hundrað fyrir hverjar 10 ál. í prestsmötu; jeg vil taka til dæmis 20 hdr. jörð, að á henni hvílir prestsmata 10 fjórðungar, þá gengur hún niður um helming, svo jarðamatið í heild sinni gengi ekki svo lítið niður um land allt eptir þessu frumvarpi.

Flutningsmaður: Jeg væri ánægður, að vísa þessu máli til þessarar nefndar, ef jeg væri ekki hræddur um, að sú nefnd kæmist ekki í gegn á þinginu.

Forseti bar því næst undir atkvæði, hvort málinu skyldi vísað til nefndarinnar í málinu um endurskoðun jarðabókarinnar, en vegna óljósrar atkæðagreiðslu var haft nafnakall, og sögðu

Já:

Magnús Stephensen,
Árni Thorsteinson,
Ásgeir Einarsson,
Sigurður Melsteð,
Stefán Eiríksson.

Nei:

Benidikt Kristjánsson,
Einar Ásmundsson,
Jón Pjetursson,
Pjetur Pjetursson,
Sighvatur Árnason,
Skúli Þorvarðarson.

Var það þannig fellt með 6 atkvæðum móti 5, að málið gengi til nefndarinnar.

Síðan var málinu vísað til 2. umræðu með 6 atkvæðum.

ÖNNUR UMRÆÐA Í EFRI DEILD,

á 34. fundi, 11. dag ágústmán.

Flutningsmaður (*Jón Pjetursson*): Jeg hef talað um það áður, hve ósanngjarnt það væri, að láta þær jarðir, sem prestsmata eða annað, sem henni samsvarar, er goldin af, telja þau jarðahundruð, sem svara til gjaldsins, til þeirra jarðahundraða, sem skattar verða lagðir á. Jeg vona og treysti því, að alþingi verði nú eins frjálslynt og 1863, þegar það skrifaði bænarskrá til konungs um, að þessi hundruð yrðu að greind frá hinum, þannig að hver fjórðungur, eða 10 álnir gjaldsins, áttu að samsvara 1 jarðarhundraði. Jeg vona því, að þingið taki þessu máli vel.

Sighvatur Árnason: Jeg get ímyndað mjer, að frumvarpið hafi mikið við að styðjast, en jeg ímynda mjer líka, að þessi kvöð hafi verið tekin til greina við jarðamatið, en þó get jeg jafnframt hugsað, að það hafi ekki verið gjört alstaðar sem skyldi. Jeg vildi hreifa því, að annað jarðabókarmál er á ferðinni hjer á þinginu, og þetta er svo skylt því, að þetta ætti ekki að ganga svona sjerstakt fram, og allra-sízt á undan hinu. Jeg vildi því óska, að þessu máli yrði frestað, eða að hinn háttvirti flutningsmaður vildi taka frumvarpið aptur.

Flutningsmaður: Jeg hef ekkert á móti því, að þetta mál verði falið á hendur nefnd þeirri, sem skipuð var til þess að skoða jarðabókina, en jeg veit ekki, hvort það mál kemst í kring á þessu þingi, en ef það gæti orðið, þá er jeg ekkert á móti, að fela henni mál þetta, en jeg yfirlæt það til

þingmanna, hvort þeir álíta, að slík almenn breyting geti komizt á svo fljótt eða ekki.

Ásgeir Einarsson: Það er vandi fyrir mig að tala í þessu máli, þar sem jeg er kirkjueigandi, og það kannske yrði álitin hlutdrægni af mjer. En ef þetta ætti fram að ganga og ekkert yrði gjört annað við jarðamatið, þá er jeg hræddur um, að mikla rannsókn þyrfti til að vita, hvað gjöra ætti á hverjum stað, annarstaðar í landinu. Sín reglan var viðhöfð á hverjum staðnum við jarðamatið í þessu atriði. Það er aðgætandi, að þá var ekki orðin sú breyting á, sem nú er, að leggja skatt á ábúðarhundruð; þá var að eins alþingisskatturinn; nú koma þessi gjöld beinlínis á ábúendurna. Mjer finnst töluverður vandi að útkljá þetta mál, áður en maður sjer, hver jarðamatslagfæringin verður, og væri bezt, að það færi til nefndarinnar í því máli.

Sighvatur Árnason: Með því að hinn heiðraði flutningsmaður játaði, að þetta mál væri svo skylt hinu jarðabókarmálinu, þá skal jeg geta þess eptir þeirri hugmynd, sem jeg hef um gang hins málsins, að jeg vildi helzt óska, að hann tæki þetta frumvarp aptur og geymdi það þangað til 1883.

Flutningsmaður: Hinn háttvirti 1. þingmaður Rangæinga er einn í nefndinni, sem skipuð var til að endurskoða jarðabókina, og má honum því vera kunnugt um, hvort nefndin tekur tillit til þessa; ef svo er, skal jeg fús á að fela nefndinni þetta mál, og það fjelli niðnr nú. Mjer heyrðist hann gjöra ráð fyrir, að endurskoðunin yrði búin 1883, en jeg veit ekki, hvort hann getur innistaðið fyrir því, að hún verði búin þá, og þess vegna ætla jeg ekki að taka frumvarp mitt aptur. Þetta mál eða frumvarp er svo sanngjarnt, sem orðið getur, og það væri undarlegt, ef hið löggefandi þing áliti ósanngjarnt, það sem hið ráðgefandi þing áleit sanngjarnt. Það var mikill sannleikur, sem hinn háttvirti þingmaður Strandasýslu sagði, að ábúðarskatturinn hvíldi eins á prestsmötuhundruðunum og hinum, sem ekki eru prestsmötuhundruð. Hin háttvirta deild ræður, hvað hún gjörir við frumvarpið, en jeg ætla ekki að taka það aptur.

Var síðan gengið til atkvæða, og frumvarpið f e l l t með 6 atkvæðum móti 2.

XLVI.

Sala á Auðkúluheiði.

Frumvarp til laga um sölu á Auðkúluheiði. Frá þingmanni Strandamanna. Frumvarpið er prentað í fyrri parti alþingistíðindanna, bls. 328.

FYRSTA UMRÆÐA Í EFRI DEILD,
á 23. fundi, 1. dag ágústmánaðar.

Flutningsmaður (*Ásgeir Einarsson*): Jeg vil ekki eyða hinum dýrmæta tíma deildarinnar með langri umræðu um þetta mál, því að deildarmönnum er það kunnugt frá 1879, og vita, hvað þá varð því að fótakefli, og það var, að málið hafði eigi verið borið undir sýslunefnd. Jeg hef nú hjer á milli handa skjöl bæði eldri og yngri, þetta mál áhrærandi, sem lögð verða á lestrarsalinn,

svo að þingmenn geti kynnt sjer þau. 28. apríl 1879 var fundur haldinn að Auðkúlu af kosnum mönnum úr báðum hreppum, bæði Svínavatns- og Torfalækjarhreppi, til þess að íhuga þetta mál og koma sjer saman um kaupin við prófastinn á Auðkúlu; 17. júní 1881 sendu oddvitar beggja hreppanna alþingismönnunum í Húnavatnssýslu bænarskrá um söluna, og fylgdi þar með vottorð frá forseta hjeraðsfundarins, að það mál hafi verið borið upp þar 14. september 1880, sömuleiðis vottorð frá oddvita sýslunefndarinnar, þar sem segir, að málið hafi verið borið undir sýslunefnd og verið samþykkt með samhljóða atkvæðum, og enn fremur álitsskjal frá Auðkúlu-prófastinum dagsett 16. maí 1879. Jeg skal leyfa mjer að taka fáein orð upp úr álitsskjali prófastsins á Auðkúlu. Fyrst lýsir hann heiðinni og tollum þeim, sem af henni ættu að fást, en sem gangi svo og svo að innheimta; síðan gjörir hann reikning fyrir, að eins og nú standi, þá fáist af heiðinni í hreinan ábata 80 kr. árlega, en óhætt sje að selja hana fyrir 3000 kr., sem gefi af sjer 120 kr. rentu á ári, og verði það því $^1/_3$, sem prestakallið vinnur við söluna, eins og nú stendur; en aðgætandi sje, að hingað til hafi ekkert goldizt í tryppatoll, og ekkert fyrir grasatekju eða silungsveiði, enda mun lítið um hana, og veit jeg ekki, hvort hún hefur nokkuð verið stunduð, nema hvað grasafólk hefur við og við haft silungsnet með sjer, til þess að veiða að gamni sínu, sjer til matar; þetta eru því þau hlunnindi, sem, ef farið væri í málssókn, gæfu lítið af sjer annað en kostnað fyrir landssjóðinn. Að svo mæltu skal jeg ekki fara fleirum orðum um málið nú; jeg vona, að deildarmenn sjeu því hlynntir, og það því fremur sem málið hefði fengið framgang 1879, ef álit sýslunefndarinnar hefði eigi vantað; en nú er það komið, og þarf það því ekki að standa málinu fyrir þrifum.

Þar eð ekki tóku fleiri til máls, var gengið til atkvæða, og málinu vísað til 2. umræðu með 6 atkvæðum gegn 5 að viðhöfðu nafnakalli sakir óglöggrar atkvæðagreiðslu, og sögðu

Já:

Benidikt Kristjánsson,
Ásgeir Einarsson,
Einar Ásmundsson,
Sighvatur Árnason,
Skúli Þorvarðarson,
Stefán Eiríksson.

Nei:

Magnús Stephensen,
Árni Thorsteinson,
Jón Pjetursson,
Pjetur Pjetursson,
Sigurður Melsteð.

ÖNNUR UMRÆÐA Í EFRI DEILD,
á 25. fundi, 3. dag ágústmánaðar.

Flutningsmaður (Ásgeir Einarsson): Við fyrstu umræðu þessa máls skýrði jeg svo frá meðferð og undirbúningi þess, og skjöl því viðvíkjandi, sem þingmenn hafa getað kynnt sjer, hafa legið á lestrarsalnum, svo að jeg ímynda mjer, að jeg þurfi ekki að fara fleirum orðum um málið. Jeg veit heldur ekki, hvað getur verið á móti sölunni, og vona því, að deildin lofi frumvarpinu að lifa, þangað til að það kemur niður í neðri deildina, þar sem þingmenn Húnvetninga eru, sem þá ef til vill geta betur mælt með því. Mjer fyrir mitt leyti finnst það vera hin sterkustu meðmæli með sölunni, að prófasturinn á Auðkúlu telur það hag fyrir brauðið, eins og sjá má af skjölunum. Ávinningurinn af hrossatollinum er víst tvísýnn fyrir framtíðina, því að jeg veit, að það er almennur áhugi á því í Húnavatnssýslu, að fækka hrossunum sem mest þeir geta, og þeir hafa þar í sýslu haft fund með sjer um það. Þar að auki ætla þeir að kaupa hálfar Kvíslar, eins og sjá má af skjölunum, því að þar eru betri hagar fyrir hross en á Auðkúluheiði. Að öðru leyti skal jeg geta þess, að þetta er mjer sjálfum ekkert kappsmál; þingmennirnir úr Húnavatnssýslu beiddu mig

að eins að bera það hjer fram, af því að þeir gátu ekki komið því að í neðri deildinni fyrir frumvarpafjölda, en þeim þótti leiðinlegt, að koma með svo lítið frumvarp hvað eptir annað inn á þingið.

Jón Pjetursson: Jeg held, að ef heiðin er seld fyrir 3000 kr., eins og gjört er ráð fyrir í frumvarpinu, þá hafi prestakallið ekki annað en hreinan og beinan skaða af því. Þar að auki er sagt, að þetta eigi að vera minnsta verð, sem heiðin má seljast fyrir, en hver á að ákveða, fyrir hvað mikið á að selja hana? «Eigi minna en fyrir 3000 kr.» stendur; eptir því má vel selja heiðina fyrir 4000 kr. eða 5000 kr. eða jafnvel 6000 kr., en hver á að ákveða það? Hver veit nema einhver «privat» maður byði meir en hreppurnir, og er þá ekki rjettara að selja honum? Það er fjarskalegur arður af heiðinni, og hún hefur verið álitin aðalstofn undir prestakallið, bæði vegna lambatolls og grasatolls, sem vel má koma þar á, og jeg þekki fleiri en einn mann, sem hefur komið grasatolli á hjá sjer; þá er og tryppatollur til. Jeg álít, að heiðin sje fótur undir prestakallinu, og þess vegna get jeg ekki verið með þessu frumvarpi, auk þess sem í því ætti að vera ákveðið verð, sem heiðin skyldi seljast fyrir, því að jeg skil ekki, hver á að til taka þetta meira verð en til er tekið í frumvarpinu.

Flutningsmaður: Jeg skil ekki í, að þingmaðurinn skuli ekki þekkja þetta orðatiltæki, sem er í frumvarpinu; þegar talað er um í frumvörpum að selja eitthvað, þá er allt af til tekið minnsta verð. Þó að þingmaðurinn kannske ekki muni það, þá man jeg þó, að sama orðatiltæki var brúkað um söluna á Helgustaðanámunum, og ekki hafa sjezt nein mótmæli frá þingmanninum gegn því. Ef honum þykir verðið í frumvarpinu of lítið, þá getur hann komið með breytingaratkvæði við 3. umræðu og stungið upp á hærra verði. En þar sem hann heldur, að salan rýri prestakallið, þá trúi jeg nú betur áliti prófastsins, sem er í brauðinu, um það, heldur en þingmannsins; jeg ímynda mjer, að prófasturinn hafi eins gott vit á því, og sje eins góður búmaður eins og hinn háttvirti 3. konungkjörni þingmaður. Þar sem hann talaði um, að koma mætti á grasatolli, þá hefur það ekki heppnazt, að koma honum á enn; menn hafa komið norðan úr Skagafirði og úr öllum áttum, en enginn tollur fengizt og ómögulegt við það að eiga; þar að auki eru grösin farin að eyðast á heiðinni. Jeg veit að eins af einum manni, Vídalín sáluga í Víðidalstungu, sem ljet ekki alla á sig ganga og hjelt vel rjetti sínum, sem reyndi að koma grasatolli á hjá sjer, en það fór svo, að hann náði af 2 eða 3 hræðum, og varð svo að hætta við það.

Árni Thorsteinson: Jeg vildi svo innilega gjöra hón þingmanns Strandamanna, af því honum er svo annt um, að frumvarpið komist niður í neðri deildina; það er og sannglörn bón, af því að þar sitja þeir þingmenn, sem málinu eru kunnugir; en hvaða skoðun þeir hafi á málinu, er ekki hægt að segja, hvort sú skoðun, sem þeir hafa, verður málinu til falls eða frama. En jeg verð að segja þingmanni Strandamanna það, að mín skylda er að fylgja sannfæringu minni, án tillits til þess, hvort málið með hinu mótinu gæti komizt af og niður í neðri deildina. Jeg fyrir mitt leyti get því ekki lofað honum, að frumvarpið skuli komast til neðri deildarinnar, annars hefði jeg kannske gjört það. Það gæti og vel komið fyrir, að þó að frumvarpið kæmist til neðri deildarinnar, að þá yrðu þingmennirnir úr Húnavatnssýslu í minni hluta.

Flutningsmaður: Ef mönnum þykir verðið of lágt sett, þá má gjöra það hærra og láta það svo fara til neðri deildarinnar: jeg vil gjarnan láta hana fá frumvarpið, af því að þar eru kunnugir menn, sem þekkja allt vel. Jeg sæki þetta mál ekki af kappi, en af því að það hefur atvikazt svo, að jeg er orðinn flutningsmaður þess, þá þykir mjer það of illa fara, ef það skyldi deyja hjer, og jeg veit, að Húnavatnssýslu þingmennirnir

hafa ekki vonast eptir því, að þeim mundi ekki auðnast að fá að sjá það tórandi.

Þá var gengið til atkvæða og frumvarpsgreinin felld með 6 atkvæðum gegn 3.

Var frumvarpið í heild sinni þar með fallið.

XLVII.

Skipting sýslufjelags.

Frumvarp til laga um að skipta Kjósar- og Gullbringusýslu í 2. sýslufjelög. Frá 2. þingmanni Kjósar- og Gullbringusýslu. Frumvarpið er prentað í fyrri parti alþingistíðindanna, bls. 151—152.

FYRSTA UMRÆÐA Í NEÐRI DEILD,
á 45. fundi, 12. dag ágústmánaðar.

Flutningsmaður (*Þorkell Bjarnason*): Þótt jeg eigi efist um, að hinir heiðruðu þingmenn hafi kynnt sjer bæði skýrslur þessa máls, sem legið hafa á lestrarsalnum, og frumvarpið sjálft, þá skal jeg þó leyfa mjer að tala fáein orð um það, hversu máli þessu er varið. Það hefur komið tvisvar áður á þing frá íbúum Kjósarsýslu, nefnilega 1877 og 1879, og flutti þá málið hinn háttvirti 2. þingmaður Gullbringusýslu, nú varaforseti, og hann flutti það með þeirri dáð og drengskap, sem honum er lagið í öllum þeim málum, sem hann vill fylgja, og hann flutti það með afli fullkominnar sannfæringar, en þó mælti á móti því 1. þingmaður Gullbringusýslu, og það með talsverðu kappi, og var helzta mótbára hans þá gegn málinu, að málið hefði eigi verið borið undir sýslunefndina, og að engin sönnun væri fyrir nauðsyn þess. Nú hefur málið verið borið undir sýslunefnd, og tók hún það til meðferðar 31. maí 1880, eptir að hún hafði falið oddvita sýslunefndarinnar og síra Þórarni Böðvarssyni, sýslunefndarmanni Álptnesinga, að íhuga málið, og segja um það álit sitt, og þá lýsti sýslunefndin því yfir, að hún vildi, að sýslunni væri skipt í 2 sýslufjelög, og að mál þetta næði fram að ganga á þinginu. Orsakir þær, sem knúð hafa Kjósarsýslubúa, til að biðja þessa skilnaðar, eru einkum 2. Fyrst er það, að sýslusjóðsgjaldið í Kjósarsýslu er að tiltölu mikið hærra en í Gullbringusýslu. Kjósarsýsla lifir mest á landbúnaði, en Gullbringusýsla mest á sjáarútvegi, en nú er sýslusjóðsgjaldið lagt á samanlögð lausafjár- og fasteignarhundruð, og fyrir því kemur gjaldið þyngra niður á Kjósarsýslu en á Gullbringusýslu. Sýslusjóðsgjaldið í Kjósarsýslu var fyrir árið 1880 235 kr. eða $18^2/_3$ e. á mann (fólksfjöldinn 1266), en í Gullbringusýslu 395 kr., $9^1/_2$ e. á mann (fólksfjöldinn 4280), og var það þannig helmingi meira í Kjósarsýslu en Gullbringusýslu. Sama er að segja um fátækra-flutnings gjaldið. Jeg vil nú benda hinum háttvirtu þingmönnum á, að fari sýslunefndin að leggja fje að mun til að framkvæma eitthvað sjerstakt, t. a. m. stofnun skóla eða því um líkt, þá getur þessi gjaldmunur orðið ærið tilfinnanlegur fyrir Kjósarsýslu; verði til dæmis Flensborgarskóla lagðar 1500 kr. úr landssjóði næsta ár og aðrar 1500 kr. af sýslusjóði, þá verður það

gjald tilfinnaulegt fyrir Kjósarsýslubúa. En hjer við bætast og aðrar mikilvægar ástæður. Af því að atvinnuvegir í þessum 2 sýslum eru svo ólíkir, eru líka opt þau mál ólík, sem varða hvora sýslu fyrir sig. Nú eru 3 sýslunefndarmenn úr Kjósarsýslu, en 7 úr Gullbringusýslu, auk oddvita, sem þar er búsettur, og fyrir því lýtur Kjósarsýsla í lægra haldi, þegar ágreiningur verður, og verður ofurliði borin í hverju máli, sem Gullbringusýsla stendur á móti. Jeg vil taka til dæmis brúargjörð á Elliðaánum. Kjósarsýsla hefur haldið því máli fram og skotið saman til þess töluverðu fje, en svo sem engin samskot hafa komið úr Gullbringusýslu, og þannig hefur það mál eyðzt til þessa, fyrir fylgisleysi sýslunefndarinnar. Jeg ætla ekki að sinni að tala meira um þetta mál; jeg vona, að það fái að ganga til 2. umræðu.

Grímur Thomsen: Af því að jeg á tveimur undanfarandi þingum hef verið riðinn við mál þetta, þá ætla jeg að leyfa mjer að gjöra nokkrar athugasemdir við ræðu hins háttvirta flutningsmanns. Það er eigi tiltökumál, þótt hann beri mál þetta fram, því að þar sem hann lauk lofsorði á hinn háttvirta varaforseta, þá held jeg, að jeg segi ekkert leyndarmál, þótt jeg skýri frá því, að þegar hinn háttvirti varaforseti bar mál þetta fram á undanfarandi þingum, þá var það sjerstaklega eptir áskorun og undirlagi hins háttvirta 2. þingmanns Gullbringusýslu. Og vil jeg leyfa mjer að skora á hinn háttvirta varaforseta, að skýra frá áliti sínu á máli þessu. Jeg skal nú leyfa mjer að taka það fram, sem jeg bygg að mæli með máli þessu og móti því. Jeg er kunnugur ástandi sýslna þessara, og þótt jeg eigi heimili í annari þeirra, er jeg þó ekki hjer sem fulltrúi hennar, heldur sem þingmaður alls landsins, og vil því segja óvilhallt ástæður með og mót. Kringumstæðurnar eru orðnar breyttar, því nú hefur verið gjört við formgalla þeim, sem áður hefur verið á máli þessu; því að nú eru framkomin meðmæli frá sýsluuefndinni, og mælir þetta með frumvarpinu. En það, sem mælir á móti því, er það, að hinn heiðraði flutningsmaður, sem bæði er kappsamur og ötull i málum þeim, sem hann fylgir fram, sem jeg heldur eigi get gefið honum að sök, hjelt sjer, eins og hershöfðingi, sem vill vera viss um að vinna bardagann, einungis við sýslusjóðsgjaldið, sem eigi er mikið fyrir svo fjölmenn sýslufjelög. Árið 1878 var það fyrir báðar sýslurnar . . . . . 790 kr. 92 a.
árið 1879 . . . . . 640 — »-
árið 1880 . . . . . 630 — »-
og hefur þannig farið minnkandi ár frá ári, en hinn heiðraði flutningsmaður befur eigi tekið til greina mun þann, sem er á sýslusjóðsgjaldi og vegabótagjaldi, en vegabótagjaldið var 1878: 1303 kr., 1879: 1400 kr. 60 a., og 1880: 1537 kr. 38 a. Höfuðgjaldið er þannig vegabótagjaldið, og það nam árið 1880 talsvert meira en tvöföldu við sýslusjóðsgjaldið. Ætti jeg að tala fyrir Gullbringusýslu eingöngu, þá mundi jeg mæla með því, að sýslunum væri skipt, en það yrði einmitt Kjósarsýslu sjálfri hinn mesti óhagur. Í Gullbringusýslu er að eins einn þjóðvegur, en þrír í Kjósarsýslu. Nú segja sveitarstjórnarlögin, að amtið megi taka helming vegabótagjalds frá einni sýslu og leggja til annarar sýslu, og þar af leiðandi hefur vegabótagjald hin síðustu árin legið þyngra á Gullbringusýslu en á Kjósarsýslu. Vegurinn á Mosfellsheiði hefur mest verið gjörður fyrir fje Gullbringusýslu, því að hlutteking í vegabótum fer eptir tölu verkfærra manna, og leggst þá langt um þyngra á Gullbringusýslu, sem er fjölmennari. Vegalögin frá 15. okt. 1875 segja svo: »Nú er sýsluvegur lagður yfir ein»hvern hrepp eptir 4. gr., svo að þar er »minna að gjöra við hreppaveg en annars, »skal þá hlutaðeigandi sýslunefnd hafa heim»ild til að taka annaðhvort ár *allt að helm»ingi af vegabótagjaldi þess hrepps, sam»kvæmt 5., gr.* og leggja til vegabóta í öðr»um hreppum, þar sem mikið er að gjöra að »vegabótum, enda sje þar eigi sýsluvegur«.

Þessum lögum hefur hinn háttvirti flutningsmaður eigi munað eptir, og það er víst, að allt, sem vegabætur snertir, leggst þyngra á Kjósarsýslu, þegar hún er skilin við Gullbringusýslu. Jeg vil bæta því við, að þó það sje satt, að lausafjárhundruð sjeu að tiltölu fleiri í Kjósarsýslu en Gullbringusýslu, þá eru líka fleiri fasteignarhundruð í Gullbringusýslu. Jeg gæti fyrir mitt leyti vel unnt þeim þessarar skiptingar, en jeg held, að það sje eigi gott til eptirdæmis, að sýslufjelög fari að skipta sjer í smá hreppadæmi, jeg vil ekki segja greifadæmi. Það er allt öðru máli að gegna með skipting Skaptafellssýslu og Þingeyjarsýslu, þar sem víðáttan er svo mikil og vegir svo örðugir.

Jeg held, að hinn háttvirti flutningsmaður, þegar hann gætir betur að efnahagnum, að tekjuskatturinn í Kjósarsýslu var 95 kr. 50 aur., en í Gullbringusýslu 807 kr., eða meir en áttfaldur, muni verða þess var, að ekki mun allur hagur fyrir Kjósarsýslu að skilja við Gullbringusýslu. Hann verður að gæta þess, að sýslusjóðsgjaldið er ekki höfuðgjaldið, og getur því ekki verið mælikvarði til að fara eptir, heldur vegabótagjaldið, sem einmitt liggur þyngra á Gullbringusýslu, og jeg held, að menn verði að segja við hann, eins og hann hefur svo opt sagt við sóknarbörn sín: «Vjer vitum ei, hvers biðja ber».

Þorður Magnússon: Af því að jeg hef eigi haft tíma nje tækifæri til að kynna mjer nógsamlega mál þetta, og get ímyndað mjer, að svo muni ef til vill vera um fleiri, þá vil jeg leyfa mjer að stinga upp á 3 manna nefnd.

Forseti ljet þá ganga til atkvæða um, hvort nefnd skyldi sett, og var það fellt, svo að umræður hjeldu áfram.

Flutningsmaður: Jeg skal leyfa mjer að svara hinum háttvirta þingmanni Borgfirðinga fáum orðum. Hann hefur áður verið þessu máli andstæður, og var því eigi nú við góðum undirtektum að búast frá honum. Hann sagði, að ef hann ætti að tala fyrir Gullbringusýslu eingöngu, þá mundi hann mæla með því, að skiptingin færi fram, og að Kjósarsýslu væri óhagur að skilnaðinum, af því að vegabótagjaldið, sem væri aðalgjaldið, lægi miklu þyngra á Gullbringusýslu, en það vill nú svo vel til, að jeg hef hjer hjá mjer skýrslur um þetta efni. Árið 1880 var vegabótagjaldið í Kjósarsýslu 318 kr., eða 25 1/6 e. á mann; sama ár í Gullbringusýslu 1,214 kr. eða 28 1/3 e. á mann, og munar þá þannig ekki meira en 3 1/6 eða einum 9. til 10. hluta, og þetta er nú öll ósköpin og allur munurinn. En skoðum nú vegina. Það eru 2 hreppar í Kjósarsýslu, sem sýsluvegir liggja um að mun; það er Mosfellshreppur og Kjósarhreppur, en að eins lítill spotti um Kjalarneshrepp. Síðan jeg kom í Kjósarhrepp, hafa nú í 4 ár verið lagðar að eins 250 kr. til vegabóta þar í hreppinum, og þetta ár hafa ekki nema einar 30 kr. verið lagðar til vegabóta í Kjósarsýsla, en gjaldið þaðan mun vera töluvert á 4. hundrað krónur nú í ár, og hefur Gullbringusýsla þá ekki enn ljett árlega mikið í þessu efni fyrir Kjósarsýslu. Hinn háttvirti þingmaður Borgfirðinga vitnaði í löggjöfina frá 15. okt. 1875. Jeg skal segja honum það, að sú grein, sem hann vitnaði í, á einungis við hreppavegi, en ekki við sýsluvegi; síðan þessi lög náðu gildi, hefur þeim eigi verið fylgt í Gullbringu- og Kjósarsýslu að því leyti, að úr einum hreppi hafi verið lagt í annan til vegabóta. Sýslunefndaroddvitinn sagði, er máli því var hreift á sýslufundi, að það væri eigi hægt að koma því fram, því það stæði í lögunum, að menn mættu vinna af sjer gjaldið, og Gullbringusýslubúar mundu varla fara að vinna að vegabótum í Kjósarsýslu. En ef vjer jöfnum nú saman vegunum í þessum báðum sýslum, þá er það satt, að í Kjósarsýslu eru 3 þjóðvegir, en þó að eins á litlum kafla, en það eru mest melgötur og auðvelt mjög að bæta þá vegi. Í Gullbringusýslu er að vísu að eins einn þjóðvegur, en hann liggur yfir hraun og moldarflög, og það þarf að verja miklum peningum til þess að bæta hann, svo lið sje í. Hinn háttvirti þingmaður vildi sanna, að jarðarhundruð væru fleiri í Gullbringu-

sýslu en í Kjósarsýslu. Það eru þau líka, þegar talan er tekin blátt áfram, en ef borinn er saman hundraðafjöldinn við mannfjödann í sýslunum, þá fer öðruvísi, því í Kjósarsýslu eru 1801 jarðarhundruð en 1,266 menn, og kemur þannig hjer um bil hálft annað hundrað á hvern mann. En í Gullbringusýslu eru jarðarhundruð 3021, en 4266 menn, eða ekki eitt hundrað á mann hvern. Hinn heiðraði þingmaður vill enn fremur sanna, að efnahagurinn í Gullbringusýslu sje lakari en í Kjósarsýslu, því að í hinni fyrnefndu sje tekjuskatturinn áttfaldur við það, sem er í hinni. Þetta er nú að snúa sönnuninni við og setja hana á höfuðið. Jeg hef hjer lista yfir tekjuskatt úr báðum sýslunum. Hann var 1880 74 kr., eða 6 aurar á mann í Kjósarsýslu, en 600 kr. eða 14 aurar á mann í Gullbringusýslu. Sama ár var tekjuskattur af atvinnu 297 kr. 70 aurar í Gullbringusýslu, en í Kjósarsýslu enginn. Þetta held jeg sýni ljóst, að íbúar Gullbringusýslu eru meir en hálfu ríkari af jörðum, húsum og peningum, og atvinna þeirra miklu arðsamari. Jeg ætla svo eigi að orðlengja þetta mál, enda finnst mjer, að hverjum einum hljóti að vera það ljóst, að Kjósarsýsla verður helmingi ver úti með gjöld til sýslusjóðs og annað, og það er þó sannarlega hart, þar sem hún er miklu fátækari, að minnsta kosti að föstum eignum.

Varaforseti: Jeg ætlaði að hlífa mjer við að tala í þessu máli, en af því á mig var skorað, verð jeg að gjöra það. Jeg ætlaði að hlífa mjer, við því, af því jeg þóttist hafa talað nóg í því á undanförnum þingum, og nú stendur öðruvísi á en þá. Þá flutti jeg mál þetta eptir fastri áskorun nokkurra manna, og tók það að eins fram, sem var máli þessu til meðmæla, en aðrir tóku fram það, sem á móti var, svo jeg þurfti þess ekki. Nú álít jeg það skyldu mína, að skoða málið frá öllum hliðum hæði með og móti. Hvers vegna þurfa þá Kjósarsýslubúar að gjöra þetta að svo miklu kappsmáli, að koma með það á þremur þingum í röð. Þar sem flutningsmaður tók það fram, að atvinnuvegirnir væru ólíkir í sýslunum, þá er það að nokkru leyti satt, því margir Gullbringusýslubúar lifa meira á sjávarafla, en hinir meira af landbúnaði, en ef ætti að aðgreina alla sjávarhreppa alstaðar á landinu, þá yrðu sýslufjelögin nokkuð mörg. Hvað snertir, að Kjósarsýsla hafi orðið út undan í skipting fjárins, þá veit jeg ekki betur, en sýslunefndin hafi verið eins fús á að veita mönnum í Kjósarsýslu fje til utanferðar og jarðabóta, eins og í Gullbringusýslu, og álíti sjer skylt, að hlynna eins að þeim hluta sýslunnar og öðrum. Hvað útgjöld snertir, þá skal jeg játa, að Kjósarsýsla hefur kannske orðið nokkru harðara úti, t. d. með sýslusjóðsgjald, en Gullbringusýsla leggur aptur miklu meira til vegabóta. Í Gullbringusýslu eru mörg sárfátæk heimili, en auðurinn aptur meiri hjá einstöku mönnum, en þeir eru miklu færri, svo fólkstalan ein getur ekki verið verulegur mælikvarði. Það hefur verið mikið áhugamál, að brúa Elliðaárnar, og hefur það ekki fallið af meinsemi, heldur hefur staðið á því, að menn hafa verið að reyna að safna samskotum, og sýslunefndinni hefur ekki þótt fært, að leggja þennan kostnað á sýsluna, þótt hún játaði, að það væri nauðsynlegt. Þetta mál er þó í rauninni það eina af áhugamálum Kjósarsýslu, sem sýslunefndin hefur frestað, en ekki svo, að hún hafi hafnað því; þvert á móti stje hún á síðasta sýslufundi það fyrsta stig til að koma máli þessu fram, það sem sje, að fá byggingameistara til að gjöra áætlun um kostnaðinn. Þetta mál var borið fram á hjeraðsfundi, áður en jeg fór á þing, og var samþykkt þar af öllum úr Kjósarsýslu, en mótmælt af öllum úr Gullbringusýslu, en úr henni voru ekki nema 2 menn viðstaddir. Kostnaðurinn við aðskilnaðinn er þó nokkur, og mjer finnst ekki ástæðulaust, þótt sýslumaðurinn fengi nokkra þóknun fyrir að vera á 2 sýslunefndarfundum og ferðast ekki svo lítið. Það, sem verulega er á móti þessum aðskilnaði, er það, að sýslufjelögin yrðu svo lítil, að þau gætu naumast

kallazt sýslufjelög. Jeg álít því mjög ísjárvert að sundra sýslunni sem sýslufjelögum. Ef deildinni blandast hugur um, að láta málið fá framgang, vildi jeg óska, að hún ljeti það ekki ganga til 2. umræðu, svo flutningsmaðurinn þurfi ekki í sömu vök að verjast, og jeg á þinginu 1877 og 1879.

Halldór Kr. Friðriksson: Jeg er ekkert við mál þetta riðinn, og tala heldur ekki í því af því, að mjer standi ekki á sama um það. Mjer finnst allt vanta, meðan ekki koma samþykktir nema frá öðrum málspartinum. Það var neyðarúrræði, þegar Skaptafellssýslu og Þingeyjarsýslu var skipt, og þar var sannarlega mikill munur og hjer, þar sem eru margar dagleiðir yfir að fara, en hjer ekki nema hálf dagleið til sýslufundanna. Jeg verð líka að telja þetta háskalegt, því að það væri nú miklu meiri ástæða til þess, t. a. m. í Ísafjarðar- og Barðastrandarsýslu, sem eru miklu víðáttumeiri. Þetta gæti orðið til þess, að margar sýslur kæmu með líka beiðni. Það væri þá langrjettast, að taka af öll sýslufjelög, og láta hvern hrepp vera út af fyrir sig að öllu leyti, því að það verður líka að öllum líkindum endirinn, ef þessu á fram að fara. Hinn háttvirti flutningsmaðnr kvartaði um, að litlum vegabótum hefði verið komið fram í Kjósarsýslu; hvað ætli verði þá, þegar peningarnir úr Kjósarsýslu einni eiga að vera til þess? Þegar hver hreppur á að fara að annast sína vegi út af fyrir sig, þá verður ekki neitt úr neinu. Jeg álít það hreint niðurdrep fyrir allar framfarir, að vera að skipta sýslunum í fleiri fjelög, en nauðsyn krefur. Þar að auki yrði þetta langtum örðugra fyrir sýslumanninn, og jeg ætla að hinn heiðraði flutningsmaður verði að játa, að það verði enginn hagur, þegar til alls kemur, heldur beinlínis til þess, að drepa allar framkvæmdir, og þá er vel að verið.

Flutningsmaður: Eins og jeg var þakklátur hinum háttvirta varaforseta fyrir frammistöðu hans í þessu máli 1877 og 1879, eins kann jeg honum engar þakkir fyrir undirtektir hans nú, en það er hans, en ekki mín sök, þó hann hafi aðra skoðun nú en hann hafði 1877 og 1879 í þessu máli, en til þess get jeg ætlazt af honum, að hann segi þó satt. Hann sagði, að á sýslufundinum, þegar skiptingin var samþykkt, hefðu að eins verið 2 úr Gullbringusýslu, en það get jeg upplýst seinna með útskript úr fundarbókinni, hvort svo hafi verið, og get líka sagt það nú með vissu, að þar voru 2 sýslunefndarmenn og sýslumaðurinn sá 3., sem er búsettur i Gullbringusýslu, og hefði þeim verið hægt að bera hina 3 ofurliði, ef þeir hefðu viljað, þar sem oddvitinn var með, og hefði hann sjálfsagt gefið atkvæði móti skiptingunni, ef hún hefði verið móti sannfæringu hans. Hann sagði, að Kjósarsýsla hefði ekki orðið útundan í fjárveitingum. Jú, einu sinni var þangað veitt fje til jarðabóta, en með því skilyrði, að Kjósarsýsla skyldi leggja skólanum á Hvaleyri. Tillagið var greitt til skólans, en fjeð til jarðabótanna er ekki komið enn. Þingmaður Reykvíkinga áleit aðskilnaðinn háskalegan. Hann álítur háskalegt, að ljetta ósanngjarnri byrði af 150 bændum, en hann hefur ekki hikað sjer við, að fara ofan í vasa fátækra alþýðumanna, þegar um það hefur verið að ræða, að hækka laun embættismannanna. Jeg skal og geta þess viðvíkjandi sýslufundinum, að hann var í Hafnarfirði, einmitt í Gullbringusýslu, svo menn áttu miklu hægra með, að sækja fundinn úr Gullbringusýslu, en úr Kjósarsýslu, og þeir máttu vita, að þetta mál kæmi fyrir, svo það sýnir, að Gullbringusýslubúum hefur ekki verið mikill áhugi á málinu. Nú hefur sýslunefndin álitið aðskilnaðinn æskilegan, og hverjum á að trúa, ef ekki henni, því henni má þó vera málið kunnugast. Jeg vona því, að þingdeildin fari fremur eptir áliti hennar, en þeirra manna, sem hjer hafa með misjöfnum rökum talað á móti því.

Friðrik Stefánsson: Jeg ætla að taka undir með þingmanni Borgfirðinga, og álíta, að jeg sje ekki einungis þingmaður fyrir mitt eigið kjördæmi, heldur fyrir allt landið.

Mjer virðist hjer liggja til grundvallar rjettlætiskrafa frá Kjósarsýslubúum til þingsins, að þetta verði veitt. Því ekki get jeg tekið hið minnsta tillit til hinna reikningslegu athugasemda, sem þingmaður Borgfirðinga tók fram í ræðu sinni. Þær sönnuðu að mínu áliti ekki neitt, annað en það, að hann var á móti málinu, sjálfsagt af öðrum ástæðum en einberri umhyggju fyrir Kjósarsýslu. Þar er víst mörg hraungjóta og moldarflög í Kjósarsýslu, sem þyrfti að laga, og veitti henni ekki af sínu eigin fje til þess. Þeir hljóta einlægt að verða undir og hafa minni ráð, þar sem innbúar Gullbringusýslu eru fleiri, þó þeir vildu láta atkvæði hvorratveggju sýslubúanna skera úr, hvort þeir fengju lausn eða ekki, og því hafa þeir ekki til annara að flýja en löggjafarvaldsins, til að fá sjálfsforræði til þess að drýgja dáð, og hlýtur hún ætíð að vera meiri, þar sem fjelagið er frjálst en bundið. Jeg get því ekki forsvarað það fyrir sannfæringu minni nje kjósendum mínum, sem eru mjög frjálslyndir og sanngjarnir menn, ef jeg væri á móti þessu máli, sem jeg spursmálslaust gef atkvæði mitt.

Jón Jónsson: Jeg er hinum háttvirta sessunaut mínum þakklátur fyrir, að hann á tímabili því, sem liðið hefur, síðan mál þetta síðast var rætt hjer á þingi, hefur látið sannfæra sig um, að það sje æskilegt, að dreifa ekki kröptum sýslunefndanna með því að skipta sundur sýslum eða minnka þær. Kjósarsýslubúar standa í nánu sambandi við Gullbringusýslubúa, þar sem þeir róa í Gullbringusýslu margir á vetrum. Það getur vel verið, að sýslusjóðsgjaldið hvíli þyngra á Kjósarbúum en Gullbringusýslubúum, en þess vegna ættu Kjósarmenn ekki að segja sig úr lögum við samhjeraðsmenn sína; þar á móti kynni að vera ástæða til að fá breytingu á lögunum um niðurjöfnun sýslusjóðsgjalda. Það var allt öðru máli að gegna, þegar Skaptafellssýslu og Þingeyjarsýslu var skipt í 2 sýslufjelög, því þar voru eyðimerkur á milli, sem gjörðu þeim sýslufjelögum ómögulegt að vera saman, en byggðirnar í Kjósar- og Gullbringusýslu liggja mjög nálægt hver hjá annari, og eiga t. d. Kjalnesingar og Mosfellingar langt um hægra með að sækja þing með Seltjerningum og Álptnesingum, en með Kjósarmönnum.

Grímur Thomsen: Jeg vil að eins benda á, svo skiljanlegt sje, um vegabótagjaldið og sýslusjóðsgjaldið. Jeg get verið flutningsmanni samdóma um, að sýslusjóðsgjaldið kom þyngra niður á Kjósarsýslu en Gullbringusýslu. En vegabótagjaldið fellur á báða parta sýslunnar, og þyngst á þá sýsluna, þar sem flestir eru verkfærir mennirnir, en færri sýsluvegirnir, og því má verja vegabótagjaldinu í þeim parti hins núverandi sýslufjelags, þar sem mest þarf að vegum að starfa, sem sje í Kjósarsýslu. Nú sjá menn, að sýsluvegasjóðsgjaldið hvílir miklu meira á hinu sameinaða sýslufjelagi, en hvoru fjelaginu fyrir sig. Nú segja lögin, að í þeim hreppum, sem vegabóta þarf ekki með, þá sje hinum öðrum hreppum heimilt, að fá það þennan styrk, ef á þarf að halda. Þó að svo sje, að Kjósarmenn hafi ekki notað sjer þennan rjett enn, þá heimila þó lögin þeim það. Þess vegna mundu þeir hafa skaða á skiptunum. Þótt ekki sjeu nema moldargötur í Kjósinni, þá sje jeg ekki, að þeir geti gjört þar vegabætur nema með því, að fá styrk til þess frá Gullbringusýslu.

1. þingmaður Skagfirðinga sagði, að skipting sýslnanna væri nauðsynleg fyrir Kjósarbúa, til þess að þeir skyldu drýgja dáð og ráða sjer, en á sýslufundi voru þeir þó ekki bundnir, er þeir áttu meiri hluta atkvæða að ráða. Jeg reikna ekki sýslumanninn, sem er oddviti, fremur með einni sýslunni en annari. Hinn heiðraði flutningsmaður segir sampart, að lausafjárgjaldið sje meira í Kjósarsýslu, en sumpart segir hann þó, að þeir sjeu fátækari. Hvernig er þessu varið? Annaðhvort er ástæða, en ekki hvorttveggja, því það er hvað á móti öðru.

Að endingu skal jeg leyfa mjer að minnast á það, að Kjósarmenn stunda mikið sjó, og einn hinn bezti bóndi þar er valinn

kunnur formaður suður með sjó. En sem sagt: ef deildin vill láta þetta mál fá framgang, þá er mjer það ekki kappsmál. «Þeir hafa brek, er beiðast».

Þorlákur Guðmundsson: Af því jeg er kunnugur, hvernig hjer hagar til, þá ætla jeg að leyfa mjer að segja mitt álit um þetta mál. Jeg sje enga ástæðu til að skipta sýslufjelögunum. Það er rjett, sem þingmaður Borgfirðinga hefur tekið fram, að þetta er enginn hagur fyrir Kjósarsýslu. Mjer finnst einnig mjög óeðlilegt, að skipta sýslum svo smátt. Jeg get trúað því, að sýslumaðurinn hafi ekki verið á móti skiptingunni, því hann gat átt það á hættu, að það yrði þá álitið, að hann gjörði það hægðar vegna fyrir sjálfan sig, þar eð honum þá yrði skylt, að halda sýslunefndarfundi í báðum sýslunum, ef þeim yrði skipt. Á Hafnarfjarðarfundinum var enginn sýslunefndarmaður eða neinn annar fyrir sunnan Hafnarfjörð, hvorki úr Strandar-, Grindavíkur-, Hafna- nje Rosmhvalanesshreppum. Þetta sýnir að vísu stakt áhugaleysi að sækja fundi, en það sýnir einnig, að atkvæði eða álit þeirra var ekki að marka. Jeg ímynda mjer, að það sje ekki af því, að suðurbúar Gullbringusýsla hafi sett sig á móti, að Elliðaárnar yrðu brúaðar, heldur er hitt, að þeir eru svo fjærri, að þeir vita lítt um það mál, og hafa, sem von er, minni áhuga á því, en hinir, sem næst þeim búa. En jeg held einmitt, að það yrði þessu máli til dráttar, og því yrði ekki fram komið, ef sýslufjelögin skiptust, því þá yrðu kraptarnir minni. Kjósarsýsla er einir 3 hreppar, og þó að þeir dragi sig saman í sjerstakt sýslufjelag, þá er það ekki nema til að sundra kröptunum. Samþykki löggjafarvaldið þetta frumvarp, þá geta fleiri sýslur komið á eptir, sem meira hefðu til síns máls. Þetta er einhver hin hægasta sýsla á öllu landinu, og sýslumaðurinn er í miðri sýslu. Þar er engar stórar ár yfir að sækja og engar heiðar, nema ef telja skyldi Svínaskarð, og er það ekki langur fjallvegur. Gjaldhæðarmismunurinn er smámunasemi ein, og er þýðingarlaust að vera að reikna hann sundur og saman. 2 hreppar gætu líka farið að metast á um annað eins, en það verulegasta í því er það, að þetta er ekki $^1/_3$ af sýslufjelaginu að fólksfjölda.

Flutningsmaður: Það, sem þingmaður Borgfirðinga sagði um vegabótagjaldið, þá er þess að gæta, að það má nú að eins taka helming þess úr einum hrepp og leggja til annars hrepps til að gjöra þar hreppavegi, en þetta gildir ekki um sýsluvegina. Amtsráðið þar á móti má taka þriðjung vegabótagjaldsins úr einni sýslu og leggja til annars sýslufjelags, og eptir þeirri sanngirni, sem hinn háttvirti þingmaður Borgfirðinga hefur látið í ljósi í þessu máli, vona jeg, ef á þarf að halda, að hann sje manna vísastur til sem amtsráðsmaður, að leggja nokkuð af vegabótagjaldi úr annari sýslu inn í Kjósarsýslu.

Þá höfðu 8 þingmenn beðið, að umræðum yrði hætt.

Varaforseti: Jeg verð að bera af mjer rangan áburð frá hinum andlega sessunaut mínum og samþingismanni. Jeg ber á móti því, að jeg hafi sagt ósatt. Jeg man ekki eptir nema 2 sýslunefndarmönnum úr Gullbringusýsln á fundinum; sýslumanninn tel jeg ekki með þeim. Jeg mótmæli því einnig sem röngu, að sýslunefndin hafi veitt búfræðingsefninu fje til útsiglingar með nokkru skilyrði.

Jeg verð einnig að mótmæla mínum lögfróða sessunaut, 2. þingmanni Skagfirðinga. Jeg hef ekki sagt, að jeg hafi haft rangt; heldur hef jeg áður borið málið fram móti sannfæringu minni og fyrir þrábeiðni kjósanda minna.

Eptir skriflegri ósk 6 þingmanna var nafnakall viðhaft um það, hvort málið skyldi ganga til 2. umræðu, og sögðu

Já:

Benidikt Sveinsson,
Egill Egilsson,

Eiríkur Kúld,
Friðrik Stefánsson,
Guðmundur Einarsson,
Holgeir Clausen,
Jón Ólafsson,
Ólafur Pálsson,
Tryggvi Gunnarsson,
Þórður Magnússon,
Þorkell Bjarnason,
Þorsteinn Jónsson,
Þorsteinn Thorsteinson,
Þorvarður Kjerulf.

Nei sögðu:
Eiríkur Briem,
Grímur Thomsen,
Halldór Kr. Friðriksson,
Jón Jónsson,
Lárus Blöndal,
Þórarinn Böðvarsson,
Þorlákur Guðmundsson.

Var það þannig samþykkt með 14 atkvæðum gegn 7, að málið gengi til annarar umræðu.

ÖNNUR UMRÆÐA Í NEÐRI DEILD,
á 52. fundi, 17. dag ágústmán.

Breytingartillaga
við frumvarp til laga um að skipta Gullbringu- og Kjósarsýslu í tvö sýslufjelög.

Frá 1. þingmanni Árnesinga.

1. grein orðist þannig:

«Að því er snertir stjórn sveitarmálefna, skal Gullbringu- og Kjósarsýslu skipt í tvö sýslufjelög, þannig, að hin forna Kjósarsýsla og Seltjarnarnesshreppur sjeu sýslufjelag út af fyrir sig.»

Flutningsmaður (*Þorkell Bjarnason*): Um þetta mál var talað svo mikið við 1. umræðu, að jeg sje ekki þörf á, að tala mikið í þetta sinn. Við 1. umræðu hef jeg ljóslega tekið fram það, sem mælir með því, að þessi skipting komist á, og var það einkum það, að meiri gjaldbyrði hvílir á Kjósarsýslu til sýslusjóðs en jafnaður sje á, og svo hitt, að Kjósarsýsla verður allt af að verða undir á sýslufundum, þegar atkvæði skulu ráða í einhverju því máli, sem sýslunum kemur ekki saman um. En móti þessu máli hefur það verið haft fyrst og fremst, að ekki væri að marka sýslufund þann, sem haldinn var 31. maí 1880, og sem samþykkti, að aðskilja sýslurnar og að reyna að koma þessu máli fram á þingi, og var tekið fram, að fundur þessi væri ómerkur af því, að á honum hefðu mætt að eins tveir menn úr Gullbringusýslu, en hinir allir verið úr Kjósarsýslu. Um þetta hef jeg nú útvegað mjer skýrslu, og get upplýst, að úr Kjósarsýslu voru 3 á fundinum, en 4 úr Gullbringusýslu auk oddvitans. Af þessu vona jeg að auðsætt sje, að þessi fundur hafi fullkomlega verið eins haganlega skipaðnr fyrir Gullbringusýslu. eins og fyrir Kjósarsýslu, og megi því fullkomlega byggja á skoðun þessa fundar. Enn fremur hefur verið sagt, að skiptingin veikti sýslurnar og framkvæmdir þeirra. Þetta getur nú ekki átt sjer stað, hvað Kjósarsýslu snertir. Eins og nú stendur borgar Kjósarsýsla 130 kr. meira á ári í sýslusjóð, en ef hún væri sýslufjelag út af fyrir sig, og þegar farið er að leggja fje til skóla og annars, eins og líkindi eru til, má búast við, að gjöld aukist mjög. Væri allt gjald Kjósar- og Gullbringusýslu 1500 kr., þá borgaði Kjósarsýsla 260 kr. meira, en hún þarf. Þetta sjá allir menn að er enginn jöfnuður, og að komast hjá þessum ójöfnuði, mun varla veikja Kjósarsýslu. Þingmaður Borgfirðinga bar það hjer fram, að þjóðvegir væru fleiri í Kjósarsýslu; hann sagði í Kjósarsýslu væru þeir 3, en í Gullbringasýslu að eins 1. Það er satt, að í Kjósarsýslu eru þeir þrír; en 1 er lítill spotti að eins, en í Gullbringusýslu eru þeir 4, en ekki 1, eins og þingmaður Borgfirðinga sagði. Það er nefnilega: 1. vegurinn frá Keflavík til Reykjavíkur; 2. vegurinn frá Hafnarfjarðarveginum upp að Lækjabotnum; 3. vegurinn frá Hafnarfjarðarveginum út á Álptanes, og enn fremur 4. vegurinn frá Hólmi og aust-

ur að fjalli. Jeg hef ekki haft tíma til að kynna mjer, hvernig gjaldinu til vegabóta hefur verið skipt niður yfir höfuð, síðan sýslunefndin tók til starfa, milli sýslnanna, en jeg get upplýst um það, að það er hægra að gjöra við vegi í Kjósarsýslu, um melgötur, heldur en við hraungjóturnar og moldarflögin í Gullbringusýslu, svo Kjósarsýslu mun nægja sitt vegabótagjald. Enn fremur get jeg upplýst um, að af 1500 kr. ætlaði sýslunefndin einar 70 kr. til Kjósarsýslu í vegabætur hið fyrsta ár, er hún starfaði, en hitt allt til Gullbringusýslu, og í ár að eins 30 kr. til Kjósarsýslu af 1700 kr. vegagjaldi. Setji menn sig nú í þessara manna spor, sem svona verða út undan, vona jeg, að sjáist, að ástæða er til að kvarta. Þingmaður Borgfirðinga sagði, að Kjósarsýslumenn mundu einir eiga bágt með að gjöra veg yfir Mosfellsheiði; en það þykir mjer furða, að þingmaðurinn skuli vera í amtsráði, og ekki vita svo mikið, að vegurinn yfir Mosfellsheiði er fjallvegur, sem ekki kemur þessu máli við. Þegar brúkuð eru svona vopn móti málinu, vona jeg, að deildin fyrirgefi, þó jeg vilji gjöra mitt til að koma málinu fram. Breytingaratkvæði er eitt komið fram, frá 1. þingmanni Árnesinga, og er jeg því í alla staði samþykkur. Það nær þeim tilgangi, að sýsluskiptin verða sem bezt eptir atvinnuvegum. Það kemur og vel við skoðun þingmanns Skagfirðinga, sem ekki vildi láta aðskilja Kjósarsýslu og Seltjarnarneshrepp.

Jón Jónsson: Jeg er alls eigi móti því, að lofa þeim að skilja, sem eigi vilja saman vera. Jeg er frásneiddur allri ónauðsynlegri þvingun, og vil hafa frelsi alstaðar, þar sem það getur sameinazt við skyldurækt og siðsemi. En jeg hef á móti því, að menn skorist undan byrðum þeim, sem þeir eiga að bera, og jeg álít, að alþingi á að vara sig á að veita þeim röddum áheyrn, sem styðjast við eigingirni og vöntun á fjelagsanda. Þegar um skiptingu þessara sýslufjelaga er að ræða, þá eru það eigi örðugleikar eða torfærur náttúrunnar, sem menn bera fyrir sig, eins og átti sjer stað við skiptingu Skaptafellssýslu og Þingeyjarsýslu; ekki heldur getur hjer verið spurning um, að sýsla sú, sem hjer er um að ræða, sje of fólksrík; nei, aðalástæða þeirra Kjósarmanna, er vilja komast úr sambandi við Gullbringusýslumenn, er, að þeir þykjast vera ríkari en samsýslungar sínir á lausafje, og því verða harðari úti en hinir við niðurjöfnunina á sýslugjaldi. Sömuleiðis heyrði jeg hinn heiðraða framsögumann taka fram, að vegirnir í Gullbringusýslu væru verri viðfangs en vegirnir í Kjósinni, því þar væru góðar melgötur, en í Gullbringusýslu þyrfti að leggja vegina yfir hraun og ófærur. En er það sanngjarnt og rjett, að þeir, sem efnaðri eru og lifa hægu lífi, hrindi hinum efnaminni og þeim, sem meiri örðugleika hafa, út úr samfjelagi við sig, af því að þeir þurfa að tiltölu að leggja meira til fjelagsþarfa en hinir? Jeg held, að slík kenning kæmi í bága við barnalærdóm vorn. Enginn maður hefur rjett til að segja sig úr lögum við aðra af því, að hann er heldur veitandi en þiggjandi, og meðan Kjósarmenn geta ekki komið fram með betri ástæður fyrir sýsluskiptunum, en að þeir sjeu ríkari að lausafje, og hafi betri vegi en hinir, get jeg ekki greitt atkvæði með þeim.

Þorlákur Guðmundsson: Jeg var þessu máli móthverfur við hina fyrstu umræðu þess, en þegar jeg sá, að hin heiðraða þingdeild veitti því svo góðar undirtektir, þá leyfði jeg mjer að bæta þetta frumvarp með því, að bera fram þá breytingartillögu, að einum hreppi væri enn bætt við Kjósarsýslu, nefnilega Seltjarnarneshreppi. Mjer þótti þessi breyting öldungis nauðsynleg, af því að þessi hreppur hefur svo mikið saman við Mosfellssveit að skipta, bæði með afrjett, rjettahöld og fleira; og ef máli þessu á að verða framgengt, þá finnst mjer heppilegast, að þessum 4. hrepp sje bætt við, svo það nýja sýslufjelag sje þó 4 hreppar af 10, og þannig ber það sig betur. Að öðru leyti mæli jeg ekki neitt með frumvarpinu

sjálfu, en óska einungis, að breytingaratkvæði mitt verði viðtekið.

Eiríkur Kúld: Hjer er lítið mál flutt með kappi miklu á báðar hliðar. Þegar málið var við 1. umræðu, komu fram ýmsar mótbárur gegn því, en mjer þykir engar þeirra svo stórvægilegar, að ástæða sje til þess, að neita skiptingu þessari, og mjer virðist það ófrjálslegt, ef það fær eigi framgang. Úr því þessir hreppar verða fyrir halla bæði í sýslusjóðs- og vegabótagjaldi, og það verð jeg að álíta að flutningsmaður hafi fullsannað, þá er engin furða, þótt þeir vilji losa sig við hina hreppana. Jeg held það standi Kjósarsýslubúum fyrir framförum, ef þeir eru svona nauðugir þannig eins og bundnir á klafa með Gullbringusýslubúum; það dregur úr dugnaði þeirra og framkvæmdum. Hver veit, nema Kjósarsýslubúar væru nú búnir að leggja brýr yfir Elliðaárnar, ef Gullbringusýslubúar hefðu eigi dregið úr framkvæmdum þeirra í því efni. Slík skipting á sýslufjelögum er og engan veginn eindæmi. Bæði Skaptafellssýslu og Þingeyjarsýslu hefur verið skipt í tvö sýslufjelög. En vandkvæðin eru að mínu áliti þau, að sýslumaðurinn í sýslum þessum verður að halda sýslufundi á tveimur stöðum, en þar sem eigi er um víðlendari sýslur að ræða eða verri yfirferðar, en þessar sýslur eru, þar getur þessi fyrirhöfn sýslumannsins varla komið til greina. Þá er og eitt atriði, sem styrkir þetta mál, og það er það, að sýslunefndin hefur mælt fram með því, en áður, er mál þetta var rætt hjer á þingi, var einmitt það fært sem ástæða gegn málinu, að meðmæli sýslunefndarinnar vantaði; nú verður því eigi lengur borið við. Jeg skal því leyfa mjer að mæla fram með því, að frumvarp þetta fái samþykki hinnar heiðruðu deildar, og gangi óbindrað til 3. umræðu.

Grímur Thomsen: Hinn háttvirti flutningsmaður gat þess áðan, að jeg teldi Mosfellsheiðarveginn með sýsluvegum. Það hefur mjer aldrei komið til hugar; en þar sem jeg nefndi Mosfellsheiðarveginn sem einn af þjóðvegum þeim, er lægju um Kjósarsýslu, þá átti jeg náttúrlega við aðdragandann til Mosfellsheiðar upp að Þormóðsdal. Því fer fjarri, að mjer sje mál þetta kappsmál; en úr því farið er að gjöra þessa skiptingu, þá ætla jeg, að hagfelldast væri, að skipta báðum sýslunum í hreppafjelög, því sje verið að metast am það, að þessi og þessi hluti sýslufjelagsins verði á hakanum, af því að sýslunefndarmennirnir úr honum mæti eigi, þá geta mörg sýslufjelög risið upp hjer á landi, áður en lýkur. Verði af skiptingu þessari, þá hlýtur vegabótagjaldið að koma þyngra niður á Kjósarsýslu en áður, og þá geta þeir eigi gjört eins miklar vegabætur og áður, því þar eru færri verkfærir menn en í báðum sýslufjelögunum. Breytingartillaga hins háttvirta 1. þingmanns Árnesinga hefur sannfært mig um, að bezt muni vera að láta eptir Kjósarsýslubúum skiptingu þessa. Jeg skal eigi standa á móti henni, en jeg held hjer sannist það, sem skrifað stendur: «Vjer vitum eigi, hvers biðja ber».

Flutningsmaður: Jeg vil leyfa mjer að svara hinum háttvirta 2. þingmanni Skagfirðinga. Hann tók fram, að ástæðan fyrir því, að Kjósar- og Gullbringusýsla ættu að vera eitt sýslufjelag, væri sú, að Kjósarsýsla væri efnaðri en Gullbringusýsla. Þetta er ekki rjett hjá hinum háttvirta þingmanni, því að Gullbringusýsla er helmingi ríkari að húsum, peningum, og *obligationum*. Þetta sýnir munurinn á tekjuskattinum af eign í sýslunum. Í Gullbringusýslu var tekjuskatturinn 1880 14 a. á mann en í Kjósarsýslu að eins 6 aur. Og þegar menn bera saman, hvernig húsum er varið í sýslunum, þá er næsta mikill munur á moldarkofunum í Kjósarsýslu og hinum veglegu timbur- og steinhúsum í Gullbringusýslu, og enginn getur þó efazt um, að Kjósarsýslubúar mundu eins vilja byggja sjer timburhús, ef þeir hefðu efni á því. Hinn háttvirti þingmaður Borgfirðinga sagði, að vegabótagjaldið mundi koma þyngra niður á Kjósarsýslu, ef sýslurnar yrðu aðskildar;

en jeg vil spyrja hinn háttvirta þingmann, hvort eigi sje munur að hafa 300—400 kr. til vegabóta yfir að ráða, eða að eins 30—70 kr., sem er sú upphæð, er Kjósarsýsla hefur fengið 1. og síðasta árrð. Og það er jeg viss um, að Kjósarsýslubúar hafa aldrei fengið til vegabóta eins mikið, eins og þeirra eigið vegabótagjald hefur verið. Vegabótagjaldið er að eins lagt á verkfæra menn, og verður því jafnhátt, hvort Kjósarsýsla er ein eða saman við Gullbringusýslu, og svo má eptir lögum taka nokkuð úr einu sýslufjelagi af vegabótagjaldi og leggja til annarar sýslu.

Jón Jónsson: Jeg sagði ekki, að Kjósarsýslubúar þóttust vera ríkari að öllu samtöldu en Gullbringusýslubúar, heldur að þeir þóttust eiga meira lausafje en hinir, og greiða því meira gjald í sýslusjóð en þeir. Sje það nú svo, að Gullbringusýslubúar í raun og veru eru ríkari en Kjósarsýslubúar, þó hinir síðarnefndu eigi meira lausafje, þá sýnir það, að gjaldstofn sá, sem nú er fyrir sýslugjöldunum, er óhafandi, að menn í stað þess að jafna sýslugjöldunum niður að eins á lausafjárhundruðin, ættu heldur eða með fram að jafna þeim niður á tekjur gjaldþegna og atvinnu, á húseignir þeirra eða á einhvern annan gjaldstofn. Jeg vil vera með þingmanni Kjósar- og Gullbringusýslu í slíkri lagabreytingu, en jeg vil ekki vera með honum í því, að efla fjelagsleysi og sundrung í Kjalarnesþingi. Það veitir ekki af því, að sameina kraptana í því hjeraði eins og annarstaðar. Þeir geta verið nógu veikir samt í hjeraðsstjórnum vorum.

Af því að fleiri óskuðu ekki að taka til máls, þá lýsti forseti því yfir, að umræðunni væri lokið, og bar því næst breytingartillöguna og frumvarpið undir atkvæði, og var:

Breytingartillaga 1. þingmanns Árnesinga samþykkt með 15 atkvæðum, og 1. gr. frumvarpsins þannig fallin, og kemur breytingaruppástungan í hennar stað.

Því næst var 2. gr. samþykkt með 14 atkvæðum.

3. gr. samþykkt með 13 atkvæðum.

4. — —»— — 14 —»—.

Síðan var frumvarpinu vísað til 3. umræðu með 14 atkvæðum gegn 1.

Á 57. fundi neðri deildarinnar, 20. dag ágústmánaðar, kom fram í fundarlok frá 11 þingmönnum, en þeir voru þessir:

Þorkell Bjarnason,
Egill Egilsson,
Friðrik Stefánsson,
Þorsteinn Jónsson,
Ólafur Pálsson,
Þorlákur Guðmundsson,
Guðmundur Einarsson,
Þorsteinn Thorsteinson,
Holgeir Clausen,
Jón Ólafsson,
Benidikt Sveinsson,

skrifleg áskorun til forseta um, að hann ljeti frumvarp til laga um skiptingu Gullbringu- og Kjósarsýslu í 2 sýslufjelög koma til umræðu sama dag á kveldfundi. Forseti bar áskorun þessa undir atkvæði þingdeildarinnar, og leyfði þingið með 16 atkvæðum gegn 5, að málið mætti koma til umræðu á kveldfundinum, þó forseti hefði ekki tekið það á dagskrá. Var nafnakall við haft við atkvæðagreiðsluna um þetta atriði, og sögðu

Já:

Magnús Andrjesson,
Benidikt Sveinsson,
Egill Egilsson,
Friðrik Stefánsson,
Guðmundur Einarsson,
Holgeir Clausen,
Jón Jónsson,
Jón Ólafsson,
Lárus Blöndal,
Ólafur Pálsson,
Tryggvi Gunnarsson,
Þorkell Bjarnason,
Þrrlákur Guðmundsson,

Þorsteinn Jónsson,
Þorsteinn Thorsteinson,
Þorvarður Kjerulf.

Nei:

Eiríkur Briem,
Eiríkur Kúld,
Grímur Thomsen,
Halldór Friðriksson,
Þórarinn Böðvarsson.

Forseti kvaðst mundu leita samþykkis landshöfðingja til, að málið mætti koma til umræðu á þennan hátt, með því að það væri afbrigði frá þingsköpunum.

ÞRIÐJA UMRÆÐA Í NEÐRI DEILD,

á 58. fundi, 20. dag ágústmánaðar.

Frumvarpið, eins og það var samþykkt við 2. umræðu, sjá. I, 473.

Forseti skýrði frá, að landshöfðinginn hefði veitt samþykki sitt til, að frumvarpið mætti koma til umræðu á þessum fundi.

Varaforseti: Þar sem hinn háttvirti flutningsmaður vill eigi taka til máls, verð jeg að leyfa mjer, að tala fáein orð, einkum af því, að jeg var ekki viðstaddur 2. umræðu þessa máls. Jeg skal þá geta þess, að gjöld öll samtals, sem koma þyngra niður á Kjósarsýslu en Gullbringusýslu, voru eptir reikningi, sem jeg hef fyrir mjer, 600 kr. rúmar; en hvaða gjöld eru þetta? Það eru laun til yfirsetukvenna, og ferðir sýslunefndarmanna; en þjóðvegagjald, sem er aðalgjaldið, liggur miklu þyngra á Gullbringusýslu en Kjósarsýslu. Hafi það verið borið hjer fram, að Kjósarsýsla hafi farið varhluta af vegabótagjaldinu, skal jeg gefa þá upplýsingu, samkvæmt skýrslu, sem jeg hef útvegað mjer, að árið 1878 voru veittar til vegabóta í Kjósarsýslu 270 kr., en í Gullbringusýslu 825 kr.; 1879: 500 kr. í Kjósarsýslu, en 700 kr. í Gullbringusýslu, og árið 1880: 400 kr. í Kjósarsýslu, en 850 kr. í Gullbringusýslu, og skal jeg geta þess, að Gullbringusýslu var veitt svo mikil upphæð sakir þess, að Strandarbreppur hafði varið hreppsvegagjaldi sínu einnig til þessara þjóðvega. Þegar litið er á fólksfjölda í báðum pörtum sýslunnar, liggur þá í augum uppi, að Gullbringusýsla hefur orðið að mun harðara úti, og er þetta þá, að sýna hlutdrægni, eða vilja halla rjetti Kjósarmanna? Að því er snertir, að málið hafi verið samþykkt á sýslunefndarfundi, skal jeg geta þess, að eptir að málið hafði verið borið upp tvisvar eða þrisvar, urðu menn loks ásáttir um, að hætta þessu stappi og leyfa Kjósarsýslu að fá þennan umbeðna aðskilnað. En um þetta frumvarp er öðru máli að skipta. Því að auk þess, sem það hefur aldrei verið borið undir neina sýslunefnd, að skipta svo, að Seltjarnarneshreppur sje látinn fylgja Kjósarsýslu, áttu sýslurnar að rjettu lagi að gjöra samning sín í milli um fjárskiptin, og samkvæmt þeim samningi að skilja sýslufjelögin. Það er að vísu rjett, að sýslan hefur áður verið aðskilin í 2 sýslur, en Seltjarnarneshreppur hefur aldrei verið aðskilinn frá Gullbringusýslu. En það er ekki hjer með búið. Í 3. grein frumvarpsins stendur: «*skal* skipta o. s. frv.». Ef alþingi samþykkir þessa grein, setur það skiptarjett milli sýsluhlutanna, og það gjörir það án þess að spyrja einu sinni annan málspart leyfis eða ráða. Þetta væri beint gjörræði af þinginu, því að slík skipti getur enginn gjört að mínum skilningi nema hlutaðeigandi sýslufjelög sjálf eptir samningi sín á milli. Þess utan tek jeg það sjerstaklega fram sem mikilsvarðandi í þessu efni, að sjóði sýslunnar er alls ekki safnað eptir lausafjárhundruðum, svo það er þess vegna ekkert rjettlæti, að skipta honum eptir lausafjárhundruðum, heldur er honum að miklu leyti safnað af vegabótagjaldi. Þegar jeg lít á 1. gr. þessa frumvarps, sje jeg, að annar málsparturinn hefur verið ríkt í huga þess, er greinina samdi, en hins ekki minnzt, því að það er alls eigi nefnt, hvað um Gullbringusýslu skuli verða, hvort hún eigi að vera eitt sýslufjelag, eða partast enn meira sundur. Jeg skal svo ekki fara fleirum orðum um þetta frumvarp, sem mjer finnst að öllu óbafandi, eins og það er.

Flutningsmaður (*Þorkell Bjarnason*):

Jeg heyri, að varaforseti ætlar að láta rætast það, sem einn merkur maður sagði á kjörfundinum í Hafnarfirði í haust, að nú skyldi ekki framar verða af aðskilnaði Kjósar- og Gullbringusýslu. Hann vildi ósanna orð min með skýrslu, sem hann hafði með höndum; en þegar við 2. umræðu gat jeg þess, að jeg gæti ekki sagt um, hvernig vegabótagjaldinu hefði verið varið í sýslurnar þessi ár, sem hann til nefndi, því að mig vantaði skýrslur um þau. Þó þingmaðurinn því hafi ekki hermt sumt sem rjettast í þessu máli áður, skal jeg ekki bera á móti því, sem hann segir; en það sagði jeg og sannaði við 2. umræðu, að fyrsta árið fjekk Kjósarsýsla 70 kr. til vegagjörða af 1500 kr., og í vor 30 kr. af 1700 kr. vegabótapeningum. Þegar varaforseti bar þetta mál sjálfur fram á þingi 1879, bar hann fyrir sig, að Þingeyjarsýslu og Skaptafellssýslu hefði verið skipt sundur, án þess að það hefði verið áður borið undir sýslunefndirnar, svo það eru ekki einsdæmi, þó Seltjarnarneshrepp sje bætt við Kjósarsýslu, án þess um það hafi verið leitað til sýslunefndar. Varaforseti fann það að 3. grein frumvarpsins, að skiptingin á sýslusjóði væri gjörræði; en þessa 3. gr. tók jeg upp orðrjetta eptir frumvarpi því, sem hann sjálfur bar fram 1879. Það er hann sjálfur, sem hefur komið fyrstur fram með þetta svo kallaða gjörræði. Jeg skal svo ekki fara fleirum orðum um málið að sinni, því jeg verð að álíta, að það sje nægilega undirbúið, þar sem sýslunefndin hefur fengið það til meðferðar, og samþykkt skiptinguna á sýslunefndarfundi.

Varaforseti: Jeg skal heldur ekki slíta mjer út á, að ræða þetta mál. Jeg skal að eins geta þess, að á kjörfundinum í Hafnarfirði hafði jeg enga ástæðu til að vera ónægður eða hafa neinar heitingar, svo þar skil jeg ekki, hvað þingmaðurinn fer; allrasízt hafði jeg ástæðu til að tala um skipting á Kjósar- og Gullbringusýslu, sem jeg í sjálfu sjer hef heldur ekkert á móti; en jeg segi það, sem jeg hef allt af sagt um það, að það er ómynd og nærri því hlægileg smámunasemi, sem borið er fram sem helzta ástæðan fyrir því. Það mætti alveg eins vel skipta hjer um bil hverri einustu sýslu á landinu, ef menn vildu fara að parta sýslur þannig sundur. Viðvíkjandi því, sem flutningsmaður sagði um 3. gr. frumvarpsins, að hún væri eptir mínu frumvarpi 1879, þá dugar honum ekki að vitna til þess lengur; jeg hef fyrir löngu gefið ástæður fyrir því, því jeg bar mál þetta fram, nefnilega þrábeiðni og ítrekaðar áskoranir frá einstökum mönnum í Kjósarsýslu. En þess ber vel að gæta, að þá stóð allt öðruvísi á en nú. Þá var sauðlaust í Gullbringusýslu og tíundir mjög litlar, en nú er þar víða fjöldi af sauðfje. En úr því jeg varð neyddur til að bera málið fram, mun jeg hafa varið það eptir megni, og má flutningsmaður ekki taka til þess, þó jeg kæmi ekki með mótbárur móti málinu; þær komu nógar samt. En vilji sýslubúar endilega skipta sýslunni, mega þeir það gjarnan fyrir mjer, en þeir ættu þá að búa málið rækilega undir og bera það löglega fram, en ekki berja það þannig fram móti gildandi reglum og rjettum þingsköpum, í því formi þar að auki, sem allir sjá að er hrein og bein ómynd. Þar sem hinn háttvirti flutningsmaður ljet liggja að því, að jeg hefði eigi borið rjett fram um það, hve margir voru á sýslufundi, þegar mál þetta var borið upp, þá lýsi jeg því yfir, að þetta er rangt af honum, og mun jeg geta sannað, að á þeim sýslufundi, sem jeg mundi eptir, voru jafnmargir og jeg sagði.

Grímur Thomsen: Jeg vildi að eins benda á eina af ástæðum þeim, sem hinn háttvirti flutningsmaður þessa máls hefur lagt hvað mesta áherzlu á. Svo kappsamlega og atorkulega sem hann hefur sótt þetta mál, get jeg ekki sjeð, að þessi, eptir hans skoðun, mesta og bezta ástæða geti tekizt til greina. Hann vill sem sje skipta eptir atvinnuvegum, en gleypir þó við breytingaratkvæði 1. þingmanns Árnesinga, sem tekur Seltjarnarneshrepp inn í þann hluta sýslunnar, sem eingöngu hefur landbúnað

við að styðjast; en eins og kunnugt er, hefur Seltjarnarneshreppur mestmegnis sjóinn við að styðjast. Af þessu er þá auðsjeð, að flutningsmanni hefur ekki verið það alvara, að vilja skipta eptir atvinnuvegum. Titill frumvarpsins segir, að Kjósarsýsla hin forna skuli vera sýslufjelag sjer, en Gullbringusýsla sjer; 1. gr. þar á móti tekur einn hrepp úr Gullbringusýslu, og bætir honum við Kjósarsýslu. Þetta breytingaratkvæði gjörir frumvarpið því alveg óformlegt. Það er óþarfi fyrir mig, að blanda mjer inn í viðskipti þeirra, hins háttvirta varaforseta og flutningsmanns þessa máls; en þegar jeg lít á þá játningu varaforseta, sem vjer þekkjum allir að því, að vera staðfestumaður, að hann hafi á 2 þingum borið fram líkt lagafrumvarp móti sannfæringu sinni, en nú á 3. þingi mælir móti því eptir sannfæringu sinni, þá er þetta í sannleika fróðlegt, en sannar í mínum augum það, að frumvarpið eigi við veik rök að styðjast Jeg vil nú vona að eins standi á fyrir hinum heiðraða flutningsmanni, að það sje ekki hans sannfæring, að fá aðskilnaðinn, og að hann 1883 og 1885 fylgi því jafn djarfmannlega fram, að aðskilnaðurinn verði ekki gjörður, eins og hann nú fylgir því fram, að hann fáist. Jeg vona, að þingmaðurinn stefni mjer ekki fyrir það, þó jeg geti þess til, að þetta sje, ef til vill, ekki hans sannfæring, sem hann nú er að tala fyrir, því mjer virðist engin ástæða til að gjöra honum hærra undir höfði en hinum háttvirta varaforseta. En um málið sjálft skal jeg geta þess, að það er mjög rjettilega tekið fram af hinum háttvirta varaforseta, að alþingi er enginn skiptarjettur fyrir sýslufjelög, og getur ekki verið það, nema það sýni það gjörræði, sem jeg ætla því ekki. Jeg get ekki sjeð, að neitt verulegt mæli með þessum aðskilnaði, líkt og átti sjer stað við skiptingu Þingeyjar- og Skaptafellssýslu. Það er ekki svo að skilja, að jeg lái hinum háttvirta flutningsmanni, að hann sækir þetta mikla velferðarmál landsins af svo miklu kappi; en jeg bið hina heiðruðu deild, að gefa gætur að því, að hjer eru 2 þingmenn búsettir í Gullbringusýslu, sem ekki vilja þennan hjónaskilnað, þó að flutningsmaður fyrir hönd Kjósarinnar, sem jeg kalla konuna í þessum aðskilnaði, haldi því svo fast fram, að fá hann. Jeg vonast eptir því og hef ástæðu til að ætla, að hin heiðraða deild fari ekki einungis eptir konunnar, annars málspartsins, óskum, heldur eptir því, sem báðir óska, og að hin háttvirta deild í þessu máli, eins og öllum málum, sem fyrir hana eru lögð, sýni þá gætni og stillingu, að rasa ekki fyrir ráð fram í þessu máli.

Flutningsmaður: Jeg skal þá fyrst leyfa mjer, að svara hinum háttvirta þingmanni Borgfirðinga, þar sem hann sagði, að Seltjarnarneshreppur lifði eingöngu eða mestmegnis á sjávarútvegi. Það vill nú svo heppilega til, að jeg hef skýrslur um þetta, sem sýna, að þetta er ekki rjett. Árið 1879 var fólksfjöldi í Seltjarnarneshreppi 449 menn, og sýslusjóðsgjald 94 kr., en í Álptaneshreppi, sem jeg vil taka til dæmis, sama ár 1392 menn og sýslusjóðsgjaldið 103 kr. Fólksfjöldinn í Álptaneshreppi er þannig hjer um bil þrefalt meiri en fólksfjöldinn í Seltjarnarneshreppi, en sýslusjóðsgjaldið varla $^1/_{12}$ hluta meiri en í Seltjarnarneshreppi. Af þessu má sjá, hvor af þessum tveim hreppum t. d. lifir fremur á landbúnaði. Hinum háttvirta þingmanni þykir fyrirsögnin fyrir frumvarpinu óformleg, en jeg held, að eigi muni verða farið eptir fyrirsögninni, sem að mínu áliti er nú í alla staði rjett, heldur eptir frumvarpinu sjálfu, og í 1. grein er það skýrt tekið fram, hvað meint sje með skiptingunni, og þetta ætti því ekki að verða til fyrirstöðu. Viðvíkjandi 3. gr. skal jeg taka það fram, að skiptingin fer hjer fram eptir sama mælikvarða og gjaldið til sýslusjóðs er byggt á, sem er á samanlögðum fasteignar- og lausafjárhundruðum. Þar sem hinn háttvirti þingmaður sagði, að skuldirnar sem sýslusjóðurinn stæði í, væru meiri en sjóður sýslunnar, þá er það einmitt hagur fyrir Gullbringusýslu, að skiptin fari fram

á þennan hátt. Það var tekið fram, að þessi skipting færi fram, án þess að annar málspartur væri spurður að, en þetta er rangt, því það var samþykkt á sýslufundi af allri sýslunefndinni, að skiptingin skyldi fram fara, og það er nóg, og varla þarf þingmaðurinn að gleðja sig yfir því, að jeg skipti meiningu minni í þessu máli eða öðrum.

Grímur Thomsen: Nei, það er ekki nóg, því þegar hinn háttvirti 2. þingmaður Gullbringusýslu líkir saman tveim hreppum, þá beldur hann sjer of mikið til einstakra hreppa. En í Hafnarhreppi, Rosmhvalneshreppi, Grindavíkurhreppi o. fl. er meiri landbúnaður en í Seltjarnarneshreppi, og jafnvel í Garðahreppi er hann meiri, enda hagar þar vel til með beit handa kindum, þar sem bæði eru góðir hagar og fjara. Mig furðar á því, ef hin heiðraða deild gjörir sig seka í þeirri fljótfærni, að fara að skipta þessum sýslum sundur, þótt hún hvorki þekki skuldarupphæð sýslusjóðsins, nje tölu fasteignar- og lausafjárhundraða. Frumvarpið er óformlegt, því titill þess er óhafandi. Þar stendur skipti á Kjósar- og Gullbringusýslu, sjálfsagt eins og þær voru til forna, en þó á að fara að klípa einn hrepp af Gullbringusýslu og leggja hann til Kjósarsýslu. Jeg vona, að hin heiðraða deild gefi eigi atkvæði sitt þessu frumvarpi að svo komnu.

Arnljótur Ólafsson: Það er æfinlega vandi að gefa atkvæði sitt í máli, sem er jafnvel sótt og varið sem þetta mál. En mjer finnst ein hlið vera eptir enn, sem eigi hefur verið tekin fram, að minnsta kosti ekki við þessa umræðu, og það er fjarlægðin frá t. a. m. Hvalfirði eða syðst úr sýslunni til þess staðar, þar sem fundir eru haldnir. Það vakir fyrir mjer annað mál samkyns efnis, og það er skipting Þingeyjarsýslu. Þar kom eigi einungis fram, hvort skipta skyldi eptir gömlum sýslutakmörkum eða fólksfjölda eða fasteignar- og lausafjárhundruðum, heldur var mest farið eptir örðugleikum á öllum fundarhöldum og fjelagssamlífi. Þetta er aðalatriðið. Það er óheppilegt fyrir okkar sjálfstjórn, ef sýslunefndir í stórum sveitum geta eigi komið á fundi saman. Jeg ætla að leyfa mjer að nota samlíking hins háttvirta þingmanns Borgfirðinga, þar sem hann líkti sýslunum við hjón, sem eru að kíta og reka fæturnar hvort í annað. Er þá ekki betra, að þessi hjón skilji, en að láta þau vera að rífast bæði nótt og nýtan dag. Þetta rifrildi kemur nú fram hjer. Og þegar hinn háttvirti þingmaður Borgfirðinga og hinn háttvirti varaforseti rugla reitum sínum saman, þá er engin furða, þótt úr þeim verði maðurinn, og þá er hinn háttvirti 2. þingmaður Gullbringusýslu neyddur til þess að vera konan, af því að hann er einn síns liðs. En af því að jeg nú vil, að sýslunefndir hafi sjálfstjórnaranda og sæki vel fundi, þá vil jeg mæla fram með þessari skiptingu, því það veit jeg, að hinir heiðruðu þingmenn játa, að hinn mesti lífs- og framfara-andi, sem nú er kviknaður svo víða, er einmitt að þakka framkvæmdum hreppsnefnda og sýslunefnda; og að þessu framfaralífi eigum við að vinna.

Þorlákur Guðmundsson: Jeg ætla mjer eigi að tala mikið í þessu máli, en mjer finnst, að breytingaratkvæði það, sem jeg hef komið inn í frumvarpið, sje mjög svo misskilið, eða rjettara sagt hártogað. Hvað fyrirsögn frumvarpsins viðvíkur, þá stendur hún í sínum ljósu orðum svo greinileg, að það er gríla ein, að hún verði misskilin. Sama er að segja um 1 gr., svo þetta er engin ástæða móti frumvarpinu. Það hefur verið tekið fram, að frumvarpið muni eigi ná staðfestingu, af því það sje svo óformlegt; ef svo færi, þá mætti þeim þykja vænt um, sem eru að berjast gegn því. Jeg er hreppsbúi hjer, og svo kallaður hreppsnefndarmaður, svo mjer er kunnugt, að þó hreppsbúar hafi ekki haldið skiptingunni fram, þá álíta þeir þó, ef skiptin eiga fram að fara, að hagkvæmara sje, að Seltjarnarneshreppur fylgi Kjósarsýslu, því þeir eiga meiri samskipti við hana, en hina hreppana að sunn-

anverðu, og sem sýslunefndarmaður Seltjarnarneshrepps mundi jeg greiða atkvæði með, að skiptingin væri á þann hátt, sem nú liggur fyrir. Að það hafi eigi verið borið undir sýslunefndina, að haga skiptingunni þannig, skal jeg játa, en jeg vissi ekki til, þegar um það var að ræða, að skipta Þingeyjar- eða Skaptafellssýslum í 2 sýslufjelög, að neitt lægi fyrir, ekki einu sinni frá sýslunefndum, því síður frá einstökum hreppum. Jeg get sagt með vissu, þó jeg ekki hafi tíundir fyrir mjer, að það er eins mikill og jafnvel meiri landbúnaður í Seltjarnarneshreppi en í Garðahreppi. Hvað landamerkjum viðvíkur, þá eru eigi glöggvari skipti, þótt Kjósarsýsla hin forna sje tekin ein, en þó Seltjarnarneshreppur fylgi með, því 2 partar Seltjarnarneshrepps eiga land fyrir innan og norðan Elliðaár. Hvað því viðvíkur, að skipta sjóði eða skuld sýslunnar, þá er það sameiginlegt. Um sjóð mun ekki vera að ræða; að því er jeg veit bezt, er það skuld, og mun þá viðskiptin, að því er sú skuld yrði óborguð, þá er skiptin framfæru, Kjósarsýsla og Seltjarnarneshreppur eða sá hlutinn verða fullhart úti eptir þeim kringumstæðum, er að því liggja. Þó jeg sje ekki mikill friðarmaður, þá gleður það mig að heyra, hvað varaforseta og þingmanni Borgfirðinga kemur nú vel saman í þessu máli, því mig minnir, það væri allt öðruvísi 1879.

Halldór Kr. Friðriksson: Jeg er á þeirri skoðun, að það sje til tjóns, að hver og einn sje að einangrast út af fyrir sig og forðast allan fjelagsskap. Ef vjer í sannleika viljum vorar eigin framfarir, þá verðum vjer að leggjast á eitt, en eigum ekki að tvístra oss og sundra kröptum vorum. Jeg er sannfærður nm, að ef þingið leggur samþykki sitt á þessa skiptingu, þá verður hún ekki endirinn á tvístringnum; heldur verður hún til þess, að fleiri sýslur koma á eptir, og beiðast hins sama. Þetta getur orðið til þess, að slíkar skiptingar verði um land allt. Það er satt, að það er leitt, að þetta krit skuli vera milli þessara tveggja parta Gullbringu- og Kjósarsýslu, en jeg er sannfærður um, að hinn háttvirti 1. þingmaður Eyfirðinga, sem líkir þessum sýslum saman við hjón, sem kemur illa saman, jeg er sannfærður um, segi jeg, að hann mundi leitast við að sætta hjónin, en hann mundi eigi þegar í stað rjúka í að slíta þau sundur, og eins ætla jeg rjettast hjer, að reyna til að eyða þessum krit, sem nú er á í þessu sýslufjelagi. Það er mikill munur á skiptingu þessara sýslna, og skiptingu Þingeyjar- og Skaptafellssýslu. Hver sá, sem lítur á *uppdrátt Íslands*, getur sjeð mismuninn. Í þeim tveimur sýslum eru bæði óbyggðar víðlendur, heiðar, sandar, stórar ár o. s. frv., sem hindra samgöngur og fjelagslíf, og þar var full ástæða til skiptanna, þar sem svo má að orði kveða, að annar hluti sýslunnar sje svo sem útilokaður frá, að sækja sýslufundi, ef sýslurnar eiga að vera eitt sýsluumdæmi. En hjer er svo ástatt, að frá yztu takmörkum sýslunnar og til miðbiks hennar er eigi meira en 6—7 tíma reið, og vegurinn fremur góður og torfærulaus. Þetta er mikill munur. Jeg ætla mjer eigi að fara út í reikninga sýslnanna; jeg er þeim eigi gagnkunnugur. En jeg vil leyfa mjer að spyrja að einu, getur hin heiðraða deild, ef hún ætlar að gjöra Kjósarsýslu til geðs, getur hún þá tekið Seltjarnaneshrepp með? Hver hefur beðizt þess? Jeg veit, að 1. þingmaður Arnessinga vill það, (*Þorlákur Guðmundsson*: Jeg skal ábyrgjast!), en hans ábyrgð er sannlega lítils virði í þessu máli; hann getur ekki verið neinn ábyrgðarmaður fyrir því; því að þótt hreppsnefndin í tjeðum hreppi hafi látið þetta lauslega í ljósi, þá hefur það mál eigi verið rætt á reglulegum fundi, nje skoðað svo vandlega, að hann geti sagt, að það sje í sannleika vilji hreppsbúa. Það hefði átt að ræða málið bæði í hreppsnefndum og á sýslufundum, og þá fyrst gæti hinn heiðraði þingmaður ábyrgzt þetta, en fyr ekki. Jeg skora á þá þingmenn, sem því eru kunnugir, að gefa skýrslu um það, hvort það hefur nokkurn tíma komið til tals á sýslunefndarfundum

að Seltjarnarneshreppur skyldi fylgja Kjósarsýslu, er skiptin færu fram. Sje það eigi, þá lít jeg svo á málið, að þingið geti eigi rætt þetta mál á þessu þingi, svo að það hafi neitt fullnaðargildi.

Jón Jónsson: Sýslum þessum hefur verið líkt saman við hjón, og alþingi hefur verið borið saman við prest, sem ætti að sætta hjónin. Jeg ímynda mjer nú, að enginn samvizkusamur prestur, sem sæi, að hann gæti komið æskilegasta samkomulagi á milli hjóna, ef hann sjálfur vildi gjöra svo lítið fyrir þau, mundi hika við að gjöra þetta. Það, sem alþingi þarf að gjöra fyrir þær sýslur, er hjer ekki geta komið sjer saman, er að eins svo lítil lagabreyting. Allur þessi eldur er kominn út úr því, að lausafjárhundruðin er ekki hinn rjetti gjaldstofn fyrir sýslugjaldið, og það er nær að sjá við þessu, að breyta lögunum um niðurjöfnun sýslugjalds, en að skilja sýslurnar sundur.

Flutningsmaður: Jeg skal leyfa mjer að standa upp eptir áskorun hins háttvirta þingmanns Reykvíkinga, og svara honum því, er hann spurði að. Jeg veit eigi til þess, að það hafi komið til tals í sýslunefndinni, að Seltjarnarneshreppur fylgdi Kjósarsýslu, er skipt væri. En jeg hef átt tal við þann mann úr Seltjarnarneshreppi, sem þangað til í vor var í sýslunefndinni, og hann sagði mjer, að það væri vilji hreppsbúa sinna, að Seltjarnarneshreppur fylgdi Kjósarsýslu, ef skiptin færu fram á annað borð, og nú er það sýslunefndarmaður og hreppsnefndarmaður hreppsins, sem hefur gjört þetta breytingaratkvæði við málið. Hinn háttvirti þingmaður Reykvíkinga sagði, að það væri ekki nema 6—7 tíma reið frá yztu takmörkum sýslunnar inn að miðbiki hennar, þar sem sýslufundur er haldinn; en jeg get sagt honum það, að það er dagleið á sumrum, og geta verið 2 dagleiðir á vetrardegi. Hinn háttvirti 2. þingmaður Skagfirðinga sagði, að þessi beiðni væri komin af ójöfnuði í því, hvernig sýslusjóðsgjaldinu væri skipt niður á sýslurnar, en það er eigi aðalástæðan, heldur hitt, að atvinnuvegir eru ólíkir og Kjósarsýsla á ekki samstætt við Gullbringusýslu. Jeg er á sömu skoðun sem hinn háttvirti 1. þingmaður Eyfirðinga, að ekkert líf í tilliti til sveitastjórnar og engar framfarir þróist hjá Kjósarsýslu, meðan hún er svona bundin við aðra sýslu móti vilja sínum.

Jón Jónsson: Það er alveg fráleit og úrelt ástæða fyrir skiptingunni, að atvinnuvegir sjeu svo ólíkir. Eru ekki atvinnuvegir manna hjer í Reykjavík ólíkir, og geta Reykvíkingar þó lifað saman? Það verður aldrei fjelagslíf, nema hver læri af öðrum, og fjelagslífið verður fjörugast, þar sem atvinnuvegirnir eru sem margbreyttastir og allir eru ekki steyptir í sama mótinu. Mjer sýnist sú ástæða, að þeir hafa ólíka atvinnuvegi einmitt mæla með því, að þeir sjeu saman. Nú dettur engum frjálslyndum og skynsömum manni í hug, að skipta landsmönnum eptir atvinnuvegum og lifnaðarháttum. Þeir tímar, þegar stjettaþing gjörðu út um almenningsmál, eru fyrir löngu liðnir og koma varla aptur.

Friðrik Stefánsson: Þótt það liggi ekki Skagfirðingum nærri, sem gjörist á nesjum suður, þá ætla jeg að fara fáeinnm orðum um þetta mál. Danir tóku það fram hjer áður, að eigi mætti sleppa Íslandi. Það er þó minni munur á Kjósarsýslu og Gullbringusýslu, en Íslandi og Danmörku, að fólksfjöldanum til. Hinn háttvirti framsögumaður segir, að Kjósarbúar hafi skaða af að vera saman við Gullbringusýslubúa, en hinir segja það gagnstæða. Þetta kemur mjer til að halda, að hjer muni eitthvað veilt undir búa. Jeg er með þessu sanngjarna og eðlilega frelsi, sem Kjósarbúar biðja um, því á frelsinu ríður mest, einkum fyrir magnlitla, því þá verða þeir viðurkenndir, annaðhvort beinlínis eða óbeinlínis.

Var þá gengið til atkvæða og frumvarpið samþykkt með 14 atkvæðum.

Forseti kvað það nú mundu verða afgreitt til forseta efri deildar með tilmælum um, að leggja það fyrir þá deild.

FYRSTA UMRÆÐA Í EFRI DEILD,
á 44. fundi, 23. dag ágústmánaðar.

Frumvarpið, eins og það var samþykkt við 3. umræðu í neðri deild, sjá I, 493.

Einar Ásmundsson: Jeg er að visu ekki mikið með skiptingu sveitarfjelaga í smærri parta, en jeg þykist sjá, að þetta sje mjög mikið áhugamál, að fá þessari sýslu skipt í 2 sýslufjelög, og þykist vita, að nokkur ástæða geti verið til þess sakir mismunandi atvinnuvega í pörtum sýslunnar. Vil jeg því láta í ljós þá skoðun mína, að mál þetta þyrfti að íhuga og ræða vandlega; en við þessa umræðu ætla jeg ekki að þörf sje á, að fara langt út í það, enda er jeg fyrir mitt leyti ekki við látinn að gjöra það, vegna ókunnugleika; en jeg vona, að málið verði látið ganga til 2. umræðu.

Var málinu síðan vísað til 2. umræðu með 8 atkvæðum.

ÖNNUR UMRÆÐA Í EFRI EEILD,
á 48. fundi, 25. dag ágústmánaðar.

Magnús Stephensen: Jeg get ekki verið fullkomlega samþykkur þessu frumvarpi, sem hjer er nú til 2. umræðu. Það hefur að vísu áður komið fyrir, að sýslufjelögum, sem áður hafa verið ein heild, hefur verið skipt í tvö fjelög, þar sem bæði Þingeyjarsýslu og Skaptafellssýslu hefur verið skipt í tvö sýslufjelög. En í báðum þessum sýslum er svo sjerstaklega ástatt, að nauðsynlegt var að skipta þeim, og er orsökin til þess hin mikla viðátta sýslnanna; sjer í lagi á þetta sjer stað með Skaptafellssýslu, þar sem hún er öll á einn veginn, svo að það væri mjög erfitt fyrir sýslunefndarmennina að sækja allir fund á einn stað í sýslunni, og þess vegna mjög kostnaðarsamt fyrir sýslusjóðinn. Sama er að segja um Þingeyjarsýslu; hún er líka mjög löng, og það yrði því kostnaðarsamt, ef sýslunefndarmennirnir ættu að sækja fund á einn stað. Það er nú snertir Gullbringu- og Kjósarsýslu, sem hjer er farið fram á að skipta í tvö sýslufjelög, þá getur vegalengdin þar ekki komið til greina, svo að tormerki sjeu fyrir þá sök fyrir sýslunefndarmennina að sækja fund á einn stað í sýslunni. En það, sem einkanlega hefur verið borið fyrir, svo að nauðsynlegt væri að skipta sýslunni í tvö sýslufjelög, er það, að atvinnuvegirnir eru svo ólíkir. Jeg skal fúslega játa það, að talsverður munur er á atvinnuvegunum í þessum tveim hjeruðum, þar sem aðalatvinnuvegurinn í Kjósarsýslu er landbúnaður, en sjávarútvegur í Gullbringusýslu; en mjer finnst, að frumvarpið sjálft brjóti einmitt niður þann grundvöll, sem það er byggt á, þar sem Seltjarnarnesshreppur er tekinn í sýslufjelag með Kjósarsýslu. Það er kunnugt, að Seltjarnarneshreppur hefur mesta atvinnu af sjávarútvegi, og því ætti hann að vera í fjelagi með þeim parti sýslunnar, þar sem sjávarútvegurinn er stundaður, það er að segja með Gullbringusýslu. En það er ekki að eins þetta, sem gjörir það að verkum, að jeg get ekki verið þessu frumvarpi meðmæltur, heldur einnig það, að mjer finnst sú aðalstefna í málinu, að dreifa kröptunum; mjer finnst sú stefna ryðja sjer til rúms í sams konar málum og þessu, að sá, sem stendur sig betur en annar, vilji helzt vera laus við að hlaupa undir bagga með hinum. Ef þessu er fylgt frekar fram, þá mundu öll sýslufjelög hverfa, og ekki verða nema eintóm hreppafjelög, og ef einn hluti hrepps er efnaðri en annar, þá mundi hann slíta fjelagi við hinn blutann, sem fátækari er. En öll sveitarstjórn og sveitarmál hljóta að vera byggð á því, að hjeruðin sjeu sameinuð í stærri heildir, svo að eitt geti hlaupið undir bagga með öðru, ef á liggur. Það er þessi stefna í frumvarpinu, sem gjörir það, að jeg er á móti því og mun ekki gefa því atkvæði mitt.

Einar Ásmundsson: Jeg fyrir mitt leyti er ekki mikið fyrir skiptingar á sýslum í smærri sýslufjelög, þar sem ekki brýna nauðsyn ber til þess vegna víðáttu sýslnanna, og jeg hygg, að þess þurfi ekki svo mjög fyrir þá sök í hinu forna Kjalarness-

þingi. En það má þó sjá, að þetta er áhugamál sýslubúa, því að jeg ætla, að þetta sje nú í þriðja skipti, sem mál þetta kemur til þingsins. Málið hefur áður verið fellt vegna þess, að það hefur ekki verið borið uudir álit sýslunefndarinnar; en nú á þessu þingi hefur á lestrarsalnum legið skjal frá sýslunefndinni, þar sem hún getur þess, að hún hafi ekki neitt á móti skiptingunni, og jafnvel að hún álíti hana hentuga. Af þessari ástæðu og af því, að hjerað það, sem hjer er um að ræða, þótt það ekki sje stórt, er mannmargt (jeg ætla, að í því sjeu yfir hálft sjötta þúsund manns), þá er jeg fremur á því, að mál þetta fái framgang, því að fólksfjöldinn gjörir líka nokkuð til eins og stærð hjeraðanna. Atvinnuvegirnir eru líka ólíkir, eins og hinn 4. konungkjörni þingmaður tók fram, þar sem í Gullbringusýslu sjávarútvegurinn en í Kjósarsýslu landbúnaðurinn er aðalatvinnuvegurinn, og þetta finnst mjer aðalástæðan. Nú er hjer farið fram á, að Seltjarnarneshreppur fylgi Kjósarsýslu; þetta er víst eptir ósk hreppsbúa sjálfra, enda er meiri hluti Seltjarnarneshrepps líkari Kjósarsýslu; þar er að vísu sjávarútvegur atvinnuvegur margra, en það er að eins sá litli hluti hreppsins, sem við sjóinn liggur, en sjálfsagt er þessi litli hluti fólksmargur í hlutfalli við landstærðina. Af þessum ástæðum er jeg því meðmæltur, að málið fái framgang, og legg það til, að hin háttvirta deild samþykki það.

Sighvatur Árnason: Það er vitaskuld, að mál þetta hefur legið fyrir undanfarandi ár, en á annan hátt en hjer er farið fram á; þá var talað um að skipta eptir hinum gömlu takmörkum sýslnanna, Gullbringu- og Kjósarsýslu, og eptir skjölum þeim, sem legið hafa á lestrarsalnum og lýsa áliti sýslunefndarinnar, þá sjest ekki annað, en að fyrir hafi legið hin gamla skipting, en ekki að því ætti að skjóta inn í, sem hjer er gjört, nefnilega, að Seltjarnarneshreppur sje í fjelagi með Kjósarsýslu. Þess vegna álít jeg það galla á málinu, að nýju atriði er skotið inn í það, og sem heldur ekki er tekið til greina í sýslunefndarálitinu. Svo er og annað það, að jeg veit ekki nema að þessum hrepp sje skotið inn í með Kjósarsýslu að hreppsbúum fornspurðum, og jeg segi fyrir mig, að ef jeg væri einn af Seltjarnarneshreppsbúum, þá þætti mjer það hart, að slíkt væri gjört, án þess hreppsbúar vildu eða vissu af. Jeg álít, að með því að samþykkja frumvarpið, eins og það er með þessu nýja atriði, sem komið er inn í það, þá sje það sama sem að meta sýslunefndarálitið að vettugi. Það er þetta sjer í lagi, sem gjörir það að verkum, að jeg get ekki með fúsu geði fallizt á frumvarpið.

Stefán Eiríksson: Það hafa tveir þingmenn talað móti þessu frumvarpi, og jeg skal játa það, að það er að vísu rjett, sem hinn 4. konungkjörni þingmaður sagði, að það stendur öðruvísi á með Gullbringu- og Kjósarsýslu, en með Skaptafellssýslu og Þingeyjarsýslu, en eigi að síður sýnist mjer rjett að veita þessa skiptingu, þar eð, eins og tekið hefur verið fram, hænir hafa þráfaldlega komið til þingsins frá sýslubúum um þetta. Mjer sýnist, að þeir, sem ókunnugir eru, og lítið sem ekkert þekkja til þessara hjeraða, eins og sumir munu hjer vera, sem í þessari deild eru, að þeir þó ekki geti sett sig heinlínis á móti vilja sýslubúa sjálfra, sem hafa sýnt, að þetta er þeim áhugamál. Það getur vel verið, að það dreifi kröptunum, eins og hinn háttvirti 4. konungkjörni þingmaður sagði, en það kemur á sýslubúanna bak, sjálfra, og þá verður hver að bera sína byrði, og við verðum að lofa þeim að sjá fyrir afleiðingunum, úr því þeir svo sterklega óska sýsluskiptingarinnar. Viðvíkjandi því, að Seltjarnarneshreppur er tekinn inn í, þá get jeg sagt 1. þingmanni Rangæinga það, að jeg hef talað við kunnugan mann, 1. þingmann Árnesinga, sem sagði mjer, að það væri almennur vilji í Seltjarnarneshreppi, að komast í fjelag með Kjósarsýslu, svo að hverjum þingmanni er óhætt að samþykkja frumvarpið fyrir þá skuld, og jeg fyrir mitt leyti gef atkvæði

með því. Mjer finnst, að þingið eigi sízt að setja sig á móti því, þegar það sjer, að almennur áhugi er á þessu máli meðal sýslubúa, án þess að nokkur sjáanlegur skaði fyrir landssjóð eða sýslubúa í Gullbringu- og Kjósarsýslu geti af því hlotizt.

Ásgeir Einarsson: Athugasemd sú, sem 1. þingmaður Rangæinga gjörði, kom mjer til þess að standa upp, þar sem hann sagðist ekki vita, hvort þetta væri vilji hreppsbúa eða þeir vissu af því, að Seltjarnarneshreppur væri settur í fjelag með Kjósarsýslu. Jeg skal játa það, að ef þeir ekki vissu neitt af því, þá væri athugavert að samþykkja það; en nú hefur þingmaður Skaptfellinga sagt, að þeir mundu vita af því, svo að nú veit þingmaðurinn, að þeir vita það. En það er eitt atriði í þessu máli, sem ekki hefur verið hreift við, og það er það, hvort hlutaðeigandi þingmenn í neðri deildinni hafa mælt með þessu máli eða móti því; ef þeir hafa verið með því, þá álít jeg ísjárvert fyrir deildina að fella það. Þess vegna held jeg, að bezt sje, að lofa málinu að ganga að minnsta kosti til 3. umræðu, til þess að fá nákvæmari upplýsingar, sem ekki mun af veita, þar það hefur sýnt sig, að málið stendur á völtum fótum.

Þar eð ekki fleiri tóku til máls, var gengið til atkvæða, og var

1. grein frumvarpsins samþykkt með 6 atkvæðum.
2. grein frumvarpsins samþykkt með 6 atkvæðum.
3. grein frumvarpsins samþykkt með 6 atkvæðum.
4. grein frumvarpsins samþykkt með 6 atkvæðum.

Fyrirsögnin samþykkt án atkvæða. Síðan var málinu vísað til 3. umræðu með 6 atkvæðum.

ÞRIÐJA UMRÆÐA Í EFRI DEILD,
á 49. fundi, 26. dag ágústmánaðar.

Með því að eigi var liðinn hinn löglboðni tími frá því, að mál þetta hafði verið til 2. umræðu í deildinni, leitaði forseti atkvæða um, hvort þingdeildin vildi samþykkja, að brugðið væri út af þingsköpunum í þessu efni, og gat þess jafnframt, að landshöfðingi hefði veitt samþykki sitt til þess. Þingdeildin samþykkti með 10 atkvæðum, að málið mætti koma til umræðu á fundinum.

Ásgeir Einarsson: Jeg kann hinni háttvirtu deild þakkir fyrir, að hún leyfði þessu máli að koma til 3. umræðu, því á hinum fyrri stigum málsins var jeg málinu ókunnugur og vildi því leita mjer skýrslna um þessa skipting sýslnanna, og þessa hef jeg einmitt átt kost, með því að málið fjekk að ganga til 3. umræðu. Þessar skýrslur, sem jeg hef fengið, liggja hjer fyrir mjer á borðinu, svo þeir sem vilja, geta fengið þær og kynnt sjer þær, því jeg gef ekki um, að fara að lesa þær upp lið fyrir lið, ef þingmenn ekki óska þess. Skýrslur þessar sýna, að meiri sýslugjöld koma úr Kjósarsýslu en Gullbringusýslu, og skal jeg ekki rengja, að svo sje, en það er líka eitt gjald, sem leggst þyngra á Gullbringusýslu, en Kjósarsýslu, og það er vegabótagjaldið, sem er 354 kr. í Kjósarsýslu, en 1356 kr. í Gullbringusýslu; en það er nú raunar fleira fólk í hinni síðarnefndu sýslu, enda hefði þetta ekki haft mikil áhrif á atkvæði mitt, ef ekki væri annað móti þessari skipting. Það, sem að mínu áliti mælir mest með þessari skiptingu sýslnanna, er það, að þar sem svo fáir hreppar eru í Kjósarsýslu, þá hafa sýslunefndarmenn þar svo lítið atkvæði á aðalsýslufundi, og ennfremur er það leitt, að neita um þessa skipting, þar sem svo margar eindregnar bænir hafa komið inn á þingið hvert árið eptir annað; einkum væri leitt að neita um þetta, ef bænirnar væru á rökum byggðar, og málið vel undirbúið. Það sjest og á samþykktum sýslunefndarinnar, að hún er ekki á móti þessari aðgreiningu, og lofar hún meðmælum sínum síðar, en þessi meðmæli eru enn ekki komin. En það er eitt atriði, sem gjörir það að minnsta kosti vafasamt, hvort rjett sje að samþykkja þetta

frumvarp, og það er það, að því hefur verið bætt inn í frumvarpið, að Seltjarnarneshreppur skuli slitinn frá Gullbringusýslu og talinn með Kjósarsýslu. Jeg vil nú ekki rengja það, að það sje vilji Seltjerninga, að komast í fjelag með Kjósarmönnum, en á þessa sameining er ekki minnzt með einu orði í sýslunefndargjörðunum, svo það er alls engin sönnun fyrir því, og þó þeir vilji það, þá er alls ekki víst, að þetta sje vilji sýslunefndarinnar, svo að ef frumvarpið verður samþykkt, þá gæti það leitt til megnrar óánægju hjá sýslunefndinni, og vakið þras og ósamlyndi, og loks gæti allt þetta haft þá afleiðing, að bænir komi aptur fram á næsta þing um sameining sýslufjelaganna aptur í eitt; þess vegna er jeg deigur að veita þessu frumvarpi atkvæði mitt. Skal jeg svo ekki tala fleira um þetta mál að sinni, en óska að eins, að menn vildu sýna fram á, að þessi beiðni væri á rökum byggð, en ef það tekst ekki, þá ræð jeg til þess, að málinu sje frestað, þangað til það getur komið svo vel undirbúið inn á þingið, að það ljóslega sjáist, að það sje vilji allra hlutaðeigandi, að málið fái framgang.

Einar Ásmundsson: Mjer datt sízt í hug í gær, þegar þingmaður Strandamanna stóð upp, og mæltist til þess, að þetta mál gengi til 3. umræðu, að koma mundi upp ágreiningur milli okkar á þessum síðasta þingfundi, þar sem svo gott samkomulag hefur verið milli okkar hingað til, en það lítur nú út fyrir, að svo ætli þó að verða. Hinn háttvirti þingmaður hefur sjálfsagt fengið þessar upplýsingar, sem hann gat um, í draumi í nótt. Sjálfur þykist jeg hafa nokkurn kunnugleika á þessu máli, að því leyti, sem slíkt getur orðið af skýrslum þeim, sem fyrir liggja. Jeg fyrir mitt leyti get nú ekki sjeð, að það sje til mikils í þessu máli, að vera að skírskota til töluskýrslna, eins og hann gjörði, enda fór hinn háttvirti þingmaður heldur ekki mikið út í skýrslurnar, en ljet sjer nægja, að vísa þingdeildarmönnum á skýrslur, sem lægju á borðinu fyrir framan hann, en svo mikið er víst, að af þessum skýrslum sjest, að norður- og suðurhluti þessa sýslufjelags, sem hjer ræðir um, eiga ekki vel saman, að því er gjöldin snertir, því sýslusjóðsgjöldin hafa verið meira en helmingi hærri í norðurhlutanum, en suðurhlutanum. Í Kjósarsýslu og Seltjarnarneshrepp, til samans, munu vera um 1750 manns, og ef sýslusjóðsgjöldunum er jafnað niður á hvert höfuð, þá koma 19 aurar á mann. Í suðurhlutanum eða Gullbringusýslu munu vera um 3800 manns, og ef sýslusjóðsgjöldunum er jafnað niður á hvert höfuð í þessum hlutanum, þá koma 8 aurar á hvern mann. Menn skyldu því ætla, að norður-hlutinn ætti heimtingu á að njóta fullt svo mikils góðs sem suðurhlutinn, en það er þó ekki, því norðurhlutinn verður að leggja til suðurhlutans, af því atvinnuvegirnir eru svo ólíkir. Af samanlagðri tölu jarðarhundraðanna í hvorum hlutanum fyrir sig sjest, að þau eru mjög ólík, því í suðurhlutanum eru þau mjög fá, en í norðurhlutanum mörg, enda er landbúnaður þar aðalatvinnuvegur, þar sem á hinn bóginn suðurhlutinn fæst mest við sjávarútveg. Þetta er sjálfsagt aðalástæðan fyrir skilnaðinum; ójöfnuðurinn kemur hjer fram, þegar jafna á niður á menn. Að menn í suðurhlutanum ekki eru fátækari en í norðurhlutanum, sjest bezt á tekjuskattinum; þegar honum er jafnað niður á menn, þá kemur meira en tvöfalt hærri skattur á mann í suðurhlutanum, en í norðurhlutanum, þá koma 14 aurar á hvert mannsbarn í suðurhlutanum, en ekki nema 6 aurar á hvert mannsbarn í norðurhlutanum. Menn í norðurhlutanum eru því auðsjáanlega fátækari, en þó hvíla tvöfalt hærri gjöld til sýslusjóðs á hverjum manni í norðurhlutanum, en í suðurhlutanum. Hinum háttvirta þingmanni Strandamanna þótti það veruleg ástæða, að í Kjósarsýslu væru of fáir sýslunefndarmenn, en jeg skal fræða

hann um það, því hefur hann líklega ekki dreymt það í nótt, að sýslunefndarmenn eru sumstaðar færri, t. a. m. í Skaptafellssýslu, vesturhlutanum, og er það stærra svæði, að jeg ekki tali um Vestmannaeyjasýslu, þar sem ekki er nema einn hreppur. Skal jeg svo ekki fara fleirum orðum um þetta mál, því mótbárur þingmannsins voru ekki svo hættulegar, að líklegt sje, að þær snúi huga þeirra, sem áður voru málinu hlynntir.

Ásgeir Einarsson: Það er satt, sem hinn háttvirti þingmaður Eyfirðinga sagði, að okkur sessunautunum hefur ekki greint mjög á á þessu þingi, en þó hefur það, að mig minnir, komið fyrir fyr en nú, en þó vona jeg, að þessi ágreiningur leiði ekki til fjandskapar milli okkar eptirleiðis, og sízt mun hann verða til þess, að hver skori annan á bólm nú á þessum síðustu hátíðlegu augnablikum þingtímans. En það, sem jeg nú eiginlega ætlaði að taka fram, var það, að jeg held, að hinn háttvirti þingmaður hafi misskilið nokkuð orð mín. Jeg var ekki að fást um það, að sýslunefndarmennirnir eða hrepparnir væru of fáir í sjálfu sjer, en jeg sagði það, að það kynni að vera ein ástæða fyrir Kjósarmenn að fá aðskilnaðinn, að sýslunefndarmenn væru svo fáir, að atkvæði þeirra mættu sín svo lítið á aðalsýslufundi. Hinn háttvirti þingmaður talaði um það, að suðurhlutinn nyti mikils góðs af norðurhlutanum, en jeg held, að Gullbringusýsla hafi lítið gott af gjöldunum í Kjósarsýslu, og þar sem hann talaði um vegabótagjöldin, sem liggja svo miklu þyngra á suðurhlutanum, þá get jeg ekki gjört svo mikið úr því. Jeg veit ekki betur, en að Elliðaárnar renni innan takmarka Kjósarsýslu; hvers vegna nota þeir þá ekki gjöldin til þess að brúa þessar ár? Það getur þó víst ekki verið af því, að þeim þyki gaman að vaða og busla yfir þær vetur, sumar, vor og haust, eða vita af því, að náunginn verður að gjöra það sjer til tjóns og heilsuspillis; þetta get jeg ekki ætlað; mjer liggur því næst að halda, að það sje af því, að þá vantar framtakssemi til þess. En það er nú ekki þetta, sem jeg legg áherzluna á. Hinn háttvirti þingmaður Eyfirðinga, sessunautur minn, svaraði því ekki, sem jeg vildi fá svarað, og það var það, hvort það mundi ekki geta valdið óánægju hjá sýslunefndinni og þrasi í hjeraði, ef þingið ástæðulaust og upp á sitt eigið eindæmi sliti Seltjarnarneshrepp frá þeim hlutanum, sem hann eðlilega tilheyrir, og setti hann í samband við Kjósarsýslu, án vitundar sýslunefndarinnar. Það liggur hjer ekkert fyrir þinginu, sem sannar, að þessi sameining sje vilji hreppsbúa; því hjer er hvorki nein skýrsla frá hreppsnefndinni í Seltjarnarneshrepp um þetta efni, nje heldur frá sýslunefndinni. Ef þessi breytingartillaga um Seltjarnarneshrepp hefði aldrei verið samþykkt og aldrei komizt inn í frumvarpið, þá hefði jeg ef til vill verið fús á að greiða atkvæði mitt með frumvarpinu. Þingmaðurinn sagði enn fremur, að sjer hefði sízt dottið í hug, að jeg mundi verða frumvarpinu mótfallinn í dag, þar sem jeg hefði greitt atkvæði mitt með því í gær; en hinn háttvirti þingmaður gleymdi að geta þess, hvers vegna jeg hefði gjört það, en jeg tel nú ekki eptir mjer að minna hann á orsökina.

Jeg lýsti því yfir, að jeg vildi, að málið gengi til þriðju umræðu, til þess að jeg gæti útvegað mjer þær upplýsingar um málið, sem unnt væri að fá, til þess að jeg hefði einhverja vissu að byggja atkvæði mitt á. Þetta var orsökin til þess, að jeg greiddi atkvæði mitt með málinu til 3. umræðu, en alls ekki það, að jeg væri sannfærður um, að málið ætti að fá framgang. Nú hef jeg fengið þessar upplýsingar, og af þeim hef jeg sannfærzt um, að rjett væri að hafna málinu enn einu sinni, þangað til nægar sannanir væru fram komnar fyrir því, að að-

greiningin væri vilji allra hlutaðeiganda, og samkvæmt þessari sannfæringu mun jeg greiða atkvæði mitt nú við þessa síðustu umræðu málsins.

Skúli Þorvarðarson: Mig furðar á, hversu hraustlega þingmaður Strandamanna hefur barizt móti því, að frumvarp þetta fengi framgang. Mjer þykir ekki mikið í þetta mál varið, og þó að mjer sýnist ekki brýn nauðsyn á þessari skiptingu, þá er heldur ekki nein hætta búin, þó að hún fái framgang. Mjer hefur heyrzt þingmaðurinn leggja mesta áherzluna á það, að Seltjarnarneshreppur er settur í fjelag með Kjósarsýslu. Jeg stóð eiginlega upp til þess að segja frá því, að jeg fyrir skemmstu heyrði á tal tveggja manna, oddvitans og eins sýslunefndarmannsins í Seltjarnarneshreppi um þetta efni, og mjer virtist þeir verða ásáttir um, að vel gæti gengið, og æskilegt væri, að Seltjarnarneshreppur væri settur í fjelag með Kjósarsýslu. Ástæðan, sem þeir færðu fyrir þessu, var sú, að þeir sögðu, að Seltjarnarneshreppur ætti sameiginlegt afrjettarland og sameiginlega skilarjett með Mosfellshreppi, og að á minnzt skilarjett væri í Mosfellshreppslandi. Þar að auki eru þrjár jarðir fyrir innan Elliðaárnar, nl. Hólmur, Elliðavatn og Vatnsendi, sem heyra til Seltjarnarneshreppi. Viðeyjarkirkja, sem á undir Mosfellsprestakall, tilheyrir líka Seltjarnarneshreppi. Svo er og búnaðurinn í Seltjarnarneshreppi líkari Kjósarsýslu heldur en Gullbringusýslu, því að þar eru 44 búendur, og þar af eru 8 eða 9 tómthúsmenn, en 20 búendur, sem hafa talsverðan búfjenað; svo að mjer sýnist rjett, að betur fari á því, að þessi hreppur sje í fjelagi með Kjósarsýslu heldur en Gullbringusýslu, þar sem sjávarútvegurinn er mest megnis atvinnuvegur innbúa. Mjer finnst ekki full ástæða til, ár eptir ár, að neita sýslubúunum um þessa skiptingu, þó að jeg fyrir mitt leyti viti ekki, hvort þessi bæn þeirra er á rökum byggð, með tilliti til nauðsynarinnar eða ekki, því jeg er þar ókunnugur; en þingmaður Strandamanna veit þó, að skiptingin hefur verið samþykkt á sýslufundi, og það hefði varla verið gjört, ef það hefði ekki verið samkomulag milli sýslubúa sjálfra. Af þessum ástæðum get jeg ekki fallið frá því, að greiða atkvæði með þessu frumvarpi, meðan jeg ekki fæ frekari upplýsingar eða ástæður móti því, en fram hafa komið til þessa.

Einar Ásmundsson: Jeg vildi gjarnan fá skýrslu frá þingmanni Strandamanna um bænir og áskoranir hjeraðsbúa og undirtektir sýslunefndanna, þegar Þingeyjarsýslu og Skaptafellssýslu var skipt hjerna um árið. Jeg ætla, að þær sýslur hafi verið aðskildar, án þess það nokkurn tíma hafi verið borið undir sýslunefndirnar. Þess vegna sje jeg ekki ástæðu til að fresta þessu máli í tvö ár til, þó að það ekki hafi komið fyrir sýslunefndina, að Seltjarnarneshreppur væri settur í fjelag með Kjósarsýslu; það er mest komið undir búendunum sjálfum, og þeir ættu helzt að mega ráða því, hvað sem sýslunefndin segir, og hjer er komin nóg sönnun fyrir því, að íbúar Kjósarsýslu óska þessa, og mjer þykir sennilegt, að báðir hlutar sýslunnar, og Seltjarnarnesshreppur líka, vilji þennan aðskilnað. Jeg fyrir mitt leyti held, að þessir tveir partar skilji eingöngu vegna þess, að atvinnuvegirnir eru svo ólíkir í þeim.

Þar eð ekki tóku fleiri til máls, var gengið til atkvæða og frumvarpið fellt með 7 atkvæðum gegn 4 að viðhöfðu nafnakalli vegna óglöggrar atkvæðagreiðslu, og sögðu:

Já:

Benidikt Kristjánsson,
Einar Ásmundsson,
Skúli Þorvarðarson,
Stefán Eiríksson.

Nei:

Magnús Stephensen,

Árni Thorsteinson,
Asgeir Einarsson,
Jón Pjetursson,
Pjetur Pjetursson,
Sighvatur Árnason,
Sigurður Melsteð.

XLVIII.

Læknisembætti á Seyðisfirði.

Frumvarp til laga um nýtt læknisumdæmi á Seyðisfirði. Flutningsmaður 2. þingmaður Norður-Múlasýslu. Frumvarpið er prentað í fyrri parti alþingistíðindanna, bls. 158.

FYRSTA UMRÆÐA Í NEÐRI DEILD,
á 64. fundi, 25. dag ágústmánaðar.

Jón Jónsson: Jeg leyfi mjer að benda hinum háttvirta framsögumanni á, að úr því forseti hefur dregið þangað til í dag, að taka til umræðu þetta mál, er alveg útsjeð um, að það geti náð fram að ganga á þessu þingi. Jeg vil þess vegna skjóta því til framsögumanns, að taka frumvarpið aptur, og heldur koma fram fyrirætlun sinni með veitingu á fjárlögunum.

Var því næst stungið upp á, að nefnd yrði sett í málið, en sú uppástunga var felld, og sömuleiðis var með 12 atkvæðum gegn 10 neitað, að frumvarpið gengi til 2. umræðu.

Var frumvarpið þar með f a l l i ð,

XLIX.

Herskipaskot.

Frumvarp til laga um að nema úr lögum ákvörðun í tilskipun um veiði á Íslandi 20. júní 1849. Frá 1. og 2. þingmanni Gullbringu- og Kjósarsýslu. Frumvarpið er prentað í fyrri parti alþingistíðindanna, bls. 70.

FYRSTA UMRÆÐA Í NEÐRI DEILD,
á 11. fundi, 15. dag júlímánaðar.

Flutningsmaður (Þórarinn Böðvarsson): Jeg skal með fáum orðum geta þess, að á hjeraðsfundi, sem haldinn var í kjördæmi mínu, var skorað á okkur þingmenn þess

kjördæmis, að fá ákvörðun þessa úr lögum numda. Það er öllum kunnugt, að herskipið Ingólfur hefur legið hjer á höfnum; hvort sem hann skal teljast í þjónustu konungs eða eigi, þá virðist svo, sem ákörðun þessi hefði aldrei þurft að vera í lögum vorum. Því meiri nauðsyn ber til að nema hana burt úr lögunum, þar sem einstöku mönnum er gjörður með henni mikill skaði; sem auðvelt er að sanna með vottum, hve nær sem vera skal. Jeg álít, að eigi þurfi að ræða margt um þetta mál, en óska að eins, að hin heiðraða þingdeild vilji lofa því að koma til 2. umræðu.

Grímur Thomsen: Jeg veit, að frumvarp þetta er samið í góðum tilgangi, og er af beztu rökum runnið. En hjer mun nokkur hanki á, að það nái fram að ganga. Hið heiðraða þing verður að gæta þess, að fara ekki út fyrir verksvið sitt og gefa ekki lög og reglur fyrir því, sem ekki heyrir því til, því að það heyrir *einungis undir ríkisþing Dana, að gefa lög fyrir herskip þau, sem eru í þjónustu konungs*, en heyrir *eigi undir alþingi Íslendinga*. Þingið getur bannað erlendum skipum skot, því exterritórialrjettur þeirra nær ekki til landhelgi í þessu efni, en dönskum skipum ekki. Það eru engin líkindi til, að konungur muni samþykkja lög frá þessu þingi, sem banna dönskum herskipum skot hjer við land, hvort sem eru varðskot (Vagtskud), sem svo eru nefnd, og hafa þann tilgang, að láta skipshöfnina vita, nær risa skal úr rekkju, ganga til hvílu o. s. frv., eða það eru virðingarskot við einstaka menn, eða kveðjuskot til annara skipa. Sá eini vegur, sem jeg hygg að hjer sje hægt að fara, er sá, að vísa þessu máli til landshöfðingja og biðja hann, að mælast til þess við formenn þessara skipa, að skjóta eigi þessi skot um varptímann til júnímánaðarloka. Jeg er hinum heiðruðu uppástungumönnum þakklátur fyrir frumvarp þetta, en vil ráða þeim til að láta það ganga þessa leið, sem jeg hef bent á. Jeg veit, að hin heiðraða þingdeild mun vara sig á að gefa lög fyrir því, sem hún hefur ekki leyfi fyrir.

Eiríkur Kúld: Jeg er hinum heiðruðu uppástungumönnum líka þakklátur fyrir frumvarp þetta, því að allir játa, hve háskalegt það er, að skjóta nálægt varplöndum í maí- og júnímánuðum. En í annan stað verð jeg að vera hinum heiðraða þingmanni Borgfirðinga samdóma um það, er hann sagði, að lög um þetta geti eigi þing Íslendinga gefið, heldur heyri það til ríkisþingi Dana. Jeg get eigi heldur álitið hentugt, að ákvörðun þessi sje með öllu numin burt úr lögunum. Setjum svo, að útlent fiskiskip þjakaði eitthvað kostum landsbúa, ætti þá að banna herskipunum, sem hjer eru oss til varnar gegn þeim, — að skjóta að þeim oss til varnar, ef nálægt varphólmum væri? Jeg skildi svo orð hins heiðraða þingmanns Borgfirðinga, að hægt væri að banna útlendum herskipum skot, en jeg er hræddur um, að þau mundu lítið sinna því banni, og virða það að vettugi, t. d. ef einhverjar þjóðir ættu í stríði og hittust nálægt varphólmum. Jeg get eigi heldur skilið í því, að herskipastjórar Dana mundu eigi hætta skotum hjer í Reykjavík, ef þeir væru beðnir þess; að minnsta kosti veit jeg ekki til, að þeir skjóti þessi umræddu skot á Breiðafirði, þegar þeir eru varaðir við því. Jeg álít því rjettast, að vísa málinu til landshöfðingjans, eins og hinn heiðraði þingmaður Borgfirðinga sagði, því jeg sje eigi annan kost betri fyrir hendi.

Benidikt Sveinsson: Jeg verð að vera hinum heiðraða þingmanni Borgfirðinga samdóma um það, að þetta þing geti ekki sett þau lög, sem banni herskipum skot yfir höfuð að tala, eða sett þau lög, sem gildi fyrir herskipaflota Dana. Af því má þó ekki leiða, að þetta skip, sem hinn heiðraði þingmaður Borgfirðinga sagði að kæmi til

að verja oss fyrir ágangi annara; af því má þó ekki leiða, segi jeg, að það hafi leyfi til að spilla, já eyðileggi arðmestu hlunnindi vor Íslendinga, að það hafi leyfi til að eyðileggja æðarvarpið inni á höfnum að nauðsynjalausu. Það getur þó ekki verið tilgangurinn, En þingið má þó ekki láta þetta frumvarp frá sjer fara sem lagaboð. Hitt er mín tillaga, að þingið láti þetta mál koma fram í áskorunar- eða ályktunarformi til ráðgjafans eða landshöfðingjans, samkvæmt 39. gr. stjórnarskárinnar, að þingið skori á stjórnina, að hún láti eigi varnarherskipin hjer á höfnum skjóta að nauðsynjalausu á þeim tímum, sem það er til skemmda æðarvörpum, síldarveidi o. s. frv.. Mjer þykir það vera niðurlæging fyrir þingið að fara að biðja og biðja foringjana skipsins að vægja oss, og tel vænst, að málið sje með farið eins og vera ber.

Jón Ólafsson: Viðvíkjandi því, sem hinn háttvirti þingmaður Borgfirðinga sagði, þá veit jeg ekki betur, en exterritórialrjettur nái ekki til útlendra skipa. Jeg veit til þess, að í Noregi hefur það borið að hendi, að þýzkt skip vildi eigi hlýðnast, er því voru bönnuð skot nálægt síldarveiðarveri, þá sendu Norðmenn fregátu og drógu það út á rúmsjó. Það er því mín skoðun, að exterritóríalrjetturinn nái til danskra skipa en ekki til útlendra, þ. e.: enskra, franskra o. s. frv.; en mjer heyrðist hinn heiðraði þingmaður Borgfirðinga teldi hann að eins ná til útlendra, það er: ekki danskra skipa.

Grímur Thomsen: Hvað exterritórialrjett snertir, stendur það eigi á miklu, en hitt er víst, að útlend skip, þ. e. ekki dönsk skip, mega ekki skjóta innan landhelgi, og að dönsk hermál standa ekki undir alþingi Íslendinga, heldur undir ríkisþingi Dana. Viðvíkjandi því, sem hinn heiðraði 2. þingmaður Norður-Múlasýslu mælti um 39. gr. stjórnarskrárinnar, að stýla þetta mál sem áskorun til landshöfðingja eða ráðgjafans, þó er þess að gæta, að þetta er almennt mál, og heyrir því eigi undir hina sjerstöku löggjöf Íslands, og verður því ekki mögulegt fyrir oss að gefa lög um þetta efni. Þessu til sönnunar skal jeg geta þess, að jeg hef einmitt talað um þetta við landshöfðingjann, því að ábúandinn í Engey hafði borið sig upp undan skotum herskipanna við mig. Jeg hef því fyrir 3—4 vikum síðan talað um þetta við landshöfðingjann, og hann lofaði því, að biðja skipstjórann á Ingólfi að hætta hjer skotum um varptímann; enda vitum vjer það, að síðast þegar Ingólfur var hjer, skaut hann ekki, og hefur þannig látið að beiðni landshöfðingjans. Jeg tel því nægilegt í þessu máli, að biðja landshöfðingjann að umgangast það við skipstjórann á herskipunum, að skjóta ekki hjer við land, þar sem varp er, meðan á varptímanum stendur. Sá vegur mun ertingarminnstur og friðsamlegastur.

Flutningsmaður: Jeg skal fúslega játa ókunnugleika minn á lögum þeim, sem hjer ræðir um, og til hverra skipa exterritórialrjettur nái; enda heyri jeg, að lögfróða menn greinir á um það. Þó verð jeg enn að álíta, að þinginu sje eigi óleyfilegt að setja lög í þessu efni. Að minnsta kosti sje jeg ekkert á móti, að málið sjer látið ganga til 2. umræðu, og getum við þá flutningsmennirnir tekið þau ráð, sem okkur lítast bezt. Jeg hef talað um þetta efni við skrifstofustjórann, sem er löglærður maður, og vissi hann eigi galla á því, að það mætti koma fram í lagaformi.

Jón Ólafsson: Ef máli þessu verður vísað til 2. umræðu, vil jeg áskilja mjer að mega koma fram með breytingaruppástungu eða viðbót við það í þá átt, að sama skuli gilda um þær stöðvar, er síldarveiði er á. Því að allir vita, að skot eru jafnhættuleg fyrir síldarveiðar sem fyrir várp.

Forseti: Jeg skal leyfa mjer að benda þingdeildinni á, að frumvarp þetta, eins og það nú liggur fyrir, getur eigi orðið sent

landshöfðingja, heldur verður að fara með það sem hvert annað lagafrumvarp, láta það ganga til 2. umræðu o. s. frv., ef gengið getur. Jeg vil því leyfa mjer að skjóta því til hinna heiðruðu flutningsmanna að taka frumvarpið aptur, og koma í þess stað með áskorun eða uppástungu stýlaða til landshöfðingjans eða ráðgjafans, og getur þá hinn heiðraði 2. þingmaður Suður-Múlasýslu gjört þá viðbót við þá áskorun, sem honum þurfa þykir.

Flutningsmenn tóku þá frumvarpið aptur.

L.

Landbúnaðarlög.

Frumvarp til landbúnaðarlaga fyrir Ísland. Frá stjórninni. Frumvarpið er prentað í fyrri parti alþingistíðindanna, bls. 241—268.

Á 2. fundi neðri deildarinnar, 2. dag júlímánaðar, lagði *landshöfðingi* frumvarp þetta fyrir deildina og mælti þannig:

Eins og þingmönnum er kunnugt, var frumvarp til landbúnaðarlaga lagt fyrir þingið 1879, en varð þá ekki fullrætt; þetta frumvarp er alveg samhljóða hinu fyrra.

Síðan afhenti landshöfðingi forseta frumvarpið, og ljet hann útbýta því meðal þingdeildarmanna.

FYRSTA UMRÆÐA Í NEÐRI DEILD,
á 3. fundi, 5. dag júlímánaðar.

Benidikt Sveinsson: Það er að minni ætlun þýðingarlaust að fjölyrða um þetta umfangsmikla og vandasama mál að sinni. Frumvarp til sams konar, eða rjettara: *sömu* laga var lagt, eins og menn muna, fyrir efri deildina í hitt eð fyrra, en varð svo seint búið þaðan, að enginn tími varð fyrir neðri deildina að íhuga það, svo sem þörf var á. Einnig munu hinir heiðruðu þingmenn minnast þess, að efri deildin tók að eins fyrir einn kafla úr frumvarpinu, nefnilega kaflann um samband landsdrottna og leiguliða og um úttektir jarða; lengra þóttist hún eigi geta komizt. Mín tillaga er nú sú, að nefnd sje þegar kosin í málið og fyrstu umræðu svo frestað, því að sá er skilningur minn á 9. grein þingskapanna, að umræðu *skuli* frestað, þegar nefnd er kosin, meðan á henni stendur. Í 9. grein stendur sem sje berum orðum: «verði þetta gjört» þ. e.: nefnd sett, «þá er umræður þegar eru byrjaðar, *skal* síðan fresta þeim». Eins og jeg hef áður tekið fram, er þetta ákvörðun, sem þingdeildin ekki *getur* breytt.

Jeg leyfi mjer því næst að stinga upp á 7 manna nefnd í málið.

Því næst bar forseti undir atkvæði deildarinnar, hvort þegar skyldi kjósa nefnd í málið og fresta 1. umræðu, og var það samþykkt; var samþykkt 7 manna nefnd og hlutu kosningu með flestum atkvæðum þessir:
1. Guðmundur Einarsson með 21 atkvæðum
2. Eiríkur Briem

3.	Þorkell Bjarnason	með 18	atkvæðum
4.	Þorlákur Guðmundsson	— 18	—«—
5.	Friðrik Stefánsson	— 16	—«—
6.	Þorvarður Kjerulf	— 16	—«—
7.	Lárus Blöndal	— 15	—«—

Í nefndinni var Guðmundur Einarsson kosinn formaður og Eiríkur Briem skrifari og framsögumaður.

FRAMHALD FYRSTU UMRÆÐU Í NEÐRI DEILD,

á 34. fundi, 5. dag ágústmánaðar.

Nefndarálit, sjá I, 297—318.

Framsögumaður (Eiríkur Briem): Breytingar þær, sem nefndinni þótti þörf á að gjöra við frumvarp stjórnarinnar, urðu svo margar, að nefndin fann ástæðu til að semja nýtt frumvarp, en ljet þó, eins og menn sjá, margar greinir stjórnarfrumvarpsins halda sjer orðrjettar og óbreyttar. Hin helztu atriði, sem vikið er frá stjórnarfrumvarpinu í, eru þau, er nú skal greina.

Við I. kap. stjórnarfrumvarpsins er gjörð sú breyting, að þar sem jörð var í stjórnarfrumvarpinu miðuð við 1 hdr., þá hefur nefndin í frumvarpi sínu miðað við 5 hdr.; en nafnið «þurrabúð» hefur nefndin fellt úr af þeim ástæðum, að við nafnið «þurrabúð» er ýmislegt bundið, sem landbúnaðinum er óviðkomandi, svo sem kosningarrjettur o. s. frv., og þetta vildi nefndin alveg leiða hjá sjer. En þó þótti nauðsynlegt, að gjöra greinarmun á stærri jörðum og mjög smáum býlum, og hefur nefndin því kallað þær jarðir, er minni eru en 5 hdr. að dýrleika, *smábýli*. Við 2. gr. er einungis sú litla breyting, að almenningur er í frumvarpi nefndarinnar ákveðinn svo, að það sjeu að eins þær lendur, sem engir hafa öðrum fremur tilkall til, og af því leiðir, að svo er ákveðið, að allir landsmenn hafi jafnt tilkall til þeirra lenda, í stað þess að almenningur í venjulegum skilningi er opt og einatt það land, sem einhver sveit eða hjerað hefur öll jafnt tilkall til.

Við II. kap. Í 5. gr. þessa kapítula er sú breyting á gjörð, að engin ákvörðun er þar um almenning, ef tvær jarðir eða fleiri liggja að stöðuvatni, þar sem það skyldi vera almenningur samkvæmt stjórnarfrumvarpinu, er utar lægi en 60 faðma frá landi. Það vakti fyrir nefndinni, að land gæti komið upp, lengra frá landi, og að það ætti þá eigi við, að allir ættu tilkall til þess. Í 7. gr. er að eins orðamunur. Nefndin hefur orðið «fiskhelgi», og ætlar, að það geti ekki valdið miskilningi, þar sem að fiskhelgi fylgja eigi önnur rjettindi, en 16. og 17. gr. til nefna. Enn fremur er fiskhelgi miðuð við 1000 faðma frá landi, í stað þess að í stjórnarfrumvarpinu var nefnt 600 faðma frá landi; en hjer er sett hjer um bil hin sama ákvörðun, sem í frumvarpi meiri hlutans í landbúnaðarlagamálinu, sem var 8 hundruð tólfræð. Í 18. gr. er sá munur, að engir vogrekar eru undanteknir.

Við III. kap. Hjer er 20. og 21. gr. bætt inn í. Nefndinni þótti sanngjörn ákvörðun sú, sem stendur í 20. gr., að sá, sem eigi getur fengið vatn í sínu eigin landi til að veita á engi sitt, geti fengið það úr annars manns landi, þó hann nái eigi samkomulagi við þann landráðanda, að eins ef honum er það ekki til nokkurs meins, að missa það, og að öðru leyti með því skilyrði, að sá, sem vatnið notar, borgi að fullu, eptir sanngjarnra manna mati, öll jarðspjöll þau, er af vatnsveitingunni kunna að leiða, og enn fremur að henni skuli hætta, ef hún ætlar að valda landbroti eða hættum. 21. gr. gjörir ráð fyrir, að svo geti staðið á, að vatni megi ekki veita á slægjuland, nema með því móti jafnframt að bæta slægjur annars manns, og að hann vilji eigi taka þátt í vatnsveitingunni. Þegar svo stendur á, þótti nefndinni rjett, að taka þær ákvarðanir, sem nefndar eru í 21. gr., og ætlaði

hún að þar með væri ekki gengið of nærri rjetti eiganda, með því að eigi er heimtað, að hann taki meiri þátt í kostnaðinum en svo, að hann hafi af honum $8^1/_3$%; en á hinn *bóginn* þótti nefndinni eigi gjörlegt, að ganga nær rjetti hans, því að opt getur landeigandi fengið meiri arð af fje sínu en 4%, enda er hjer og að nokkru leyti byggt á von um, að jörðin muni batna við vatnsveitinguna, og hversu góð rök sem sú von hefur við að styðjast, þá er hún þó aldrei vissa. 23. gr. fer í líka stefnu og ákvarðanir um sama í laxalögunum, en það er sjálfsagt, að hún haggar eigi þeim nákvæmari ákvörðunum, sem þar eru settar um laxveiðina.

Við IV. kap. Þær ákvarðanir, sem 27. gr. gjörir um lendingar í varplöndum, þykir jafnnauðsynlegt að settar sjeu einnig um lendingar í friðlýstum selalögnum. Um 28. gr. er það að segja, að sjaldnast mun þörf á þeirri lagaákvörðun, eptir því sem venja er alstaðar hjer á landi, en þó þótti rjettara að halda henni, en sú breyting er gjörð, að áskilin er borgun, þó eigi sje annað af hendi látið en húsaskjólið eitt; því eigi þótti ástæða til að veita mönnum rjett til að heimta það með sjálfskyldu og án alls endurgjalds, þar eð því er þó samfara ónæði og verkatafir fyrir heimamenn. 29. gr. gefur sýslunefndum heimild til að til taka sanngjarna borgun fyrir hagagjald, enda þótt skemmri tíma nemi en hálfu dægri, og jafnframt að ákveða, hvernig það skuli greiða, svo að henni er t. d. heimilt að ákveða, að það skuli gjalda fyrir fram.

Við V. kap. Aptan af 30. gr. er sleppt ákvörðun um það, hvernig að skuli fara, þegar menn eignast ítak, af því að það er nefnt síðar. Í 31. gr. stjórnarfrumvarpsins var til tekið, að engjar mætti eigi beita, frá því 6 vikur eru af sumri, en nefndin færði það takmark fram til 3 vikur af sumri. Í 33. gr. þótti eigi þörf á að kveða neitt á um kolagrafir, eða um að ítakseigandi megi beita skóg, þegar peningur bítur meira við en gras.

Við VI kap.: Í 38. gr. er svo kveðið á, að eigi megi reka pening til beitar fast að landi annars manns, því að nefndinni þótti óhentugt að til taka ákveðið bil, svo sem gjört var í stjórnarfrumvarpinu. Enn fremur þótti nefndinni eigi rjett að fyrirmuna mönnum með öllu að byggja sel, beitarhús og fjárborgir o. s. frv., nær landi annars manns en 200 faðma, þar eð svo gæti staðið á, að eigi væri annarstaðar byggingarstæði, er notað yrði, en hæfilegt þótti henni þar á móti, að þetta væri eigi byggt nær, þegar engin nauðsyn bæri til. Út úr þessari grein hefur og fallið ákvæði um sektir, þegar móti er brotið. 39. gr. nefndarfrumvarpsins er talsverð breyting frá stjórnarfrumvarpinu, þar sem gjört er ráð fyrir, að setja gripi inn, ef eigandi sýnir sjerlegan átroðning, eða hann á einhvern þann gallagrip, sem brýtur garða og girðingar. Nefndinni þótti ástæða til þess, að gefa heimild til að setja inn skepnur þær, sem fyrir hirðuleysi eiganda gjörðu öðrum mein, því á þann hátt kemur ágangurinn optast fram, að eigandinn lætur skepnur sínar ganga, hvar sem þær vilja, þótt það sje þá venjulega í annara löndum. Eptir uppástungu nefndarinnar á innsetningarrjetturinn að eins þá við sauðfje, þegar það á að vera heima á hverju máli, svo sem er um málnytupening eða sauðfje þann tíma, þegar það er við hús og hey; þegar þannig stendur á, ætti það eigi að þurfa að ganga mikið í annara löndum. En af því að innsetningarrjettur meinsamra nágranna gæti opt orðið þungbær, þótti nefndinni ástæða til, að gjöra þá ákvörðun í 43. gr., að menn ættu kost á að bjóða borgun fyrir átroðning eptir mati, ef þeir vilja komast hjá því, að skepnur þeirra sjeu settar inn; og ætlaði nefndin, að hún með þessu móti gæti rjettar beggja hlutaðeigenda. Þar sem í 40. gr. frumvarps nefndararinnar er tekin fram upphæð útborgunargjaldsins, má svo vera, að sumum þyki gjaldið nokkuð hátt; en þess ber að gæta,

að þetta gjald á bæði að vera borgun fyrir rekstur, innsetningu og sendiferð til eiganda, og einnig skaðabætur.

Í frumvarpi stjórnarinnar er gjört ráð fyrir ítölu, en nefndinni þótti ýmsir þeir annmarkar vera á ítölu, einkum þar sem þröngbýlt er, að hún vildi ráða frá því, að halda nokkurstaðar þeirri ákvörðun. Fyrst og fremst er hið mesta vandhæfi á, að meta eina skepnutegund í haga móti annari, og það er einnig erfitt að segja, hve margar skepnur þarf að setja í haga, svo að þær verði eigi feitari, þótt færri sjeu. En auk þessa, þá er þetta takmark, sem sett er, án efa mjög viðsjált. Það er varla efamál, að því færri sem fjenaður er í landi, því feitari verður hann, en þar með er ekki sagt, að það sje skynsamlegt, að hafa að eins svo margt fje, að t. a. m. beztu topparnir einir bitust. Því er eins varið, og ef maður sendi út að eins einn sláttumann á fjögra manna engi, af því að hann gæti unnið meira með því, að ganga í beztu slægjuna, heldur en hver um sig af fjórum, ef engið er slegið allt. Einn vegur er enn til þess, að varna ágangi, sem sje að hlaða vörzlugarða, en nefndin gat ekki álitið, að rjett væri að gjöra mönnum að skyldu, að hlaða landamerkjagarða, sakir þess mikla kostnaðar, sem af því mundi leiða, en þó er 39. og 43. gr. frumvarps nefndarinnar hvetjandi til samkomulags í þessu tilliti, þar sem svo stendur á, að vörzlugarða má gjöra án mjög mikils kostnaðar.

Við VII. kap. Fyrir þessum kapítula lagði nefndin til grundvallar frumvarp það, sem efri deild alþingis samþykkti 1879. 1. gr. þessa kapítula, eða 47. gr. frumvarpsins, er þó að nokkru frá brugðin. Nefndinni þótti sem sje rjett, að menn gætu haft fleiri jarðir en eina undir í senn til ábúðar, en hitt þótti nefndinni óráð, að gefa mönnum leyfi til að eyðileggja jarðir, eða svo að kalla, og setti hún því þá ákvörðun, sem í 47. gr. stendur, að við halda skuli öllum nytsömum mannvirkjum á útijörðinni, og eru hús ein undantekin. 48. gr. er ný grein; hún fer fram á, að maður, sem nýtir jörð eða jarðapart í öðrum hreppi, skuli gjalda tiltöluleg sveitargjöld í þeim hreppi, sem jörðin er, sem hann nýtur, þó hann sje sjálfur búsettur í öðrum hreppi. Hjer er sama máli að gegna og um kaupmenn, sem verða að gjalda kaupstaðargjöld af verzlunum sínum bjer á landi, og búa þó sjálfir annarstaðar. 54. gr. er frábrugðin að því leyti, að hús eru eigi svo mörg tiltekin; nefndin ætlaði sem sje, að eigi sje ástæða til þess, að fleiri hús, en hjer eru tiltekin, sjeu föst jarðarhús; þar eð það væri hvorki eiganda til hagnaðar, að binda þannig fje sitt, nje heldur koma leiguliða að notum, þar sem hann yrði að gjalda vexti af verði húsanna, og hafa þau í ábyrgð sinni, þótt bann ef til vill þyrfti eigi á þeim að halda. 68. gr. er talsvert frábrugðin. Efri deildin ákvað, að endurgjalda skyldi jarðabætur, en tók ekki neinar ákvarðanir fram um það, eptir hverjum mælikvarða endurgjaldið skyldi meta. Nefndin hefur nú hjer sett þá ákvörðun, að leiguliði skuli leita samkomulags við eiganda, en nái hann eigi samkomulagi, skuli hann hafa leyfi til að gjöra jarðabótina upp á eigin spýtur, en þó eptir að fram er farið mat óvilhallra manna, hversu mikill kostnaður við jarðabótina verði, og hve mikið megi hækka afgjald af jörðinni þeirra vegna; þótti nefndinni með þessu nokkur trygging fengin fyrir því, að jarðabæturnar yrðu gjörðar skynsamlega og jörðinni til bóta. Endurgjaldið greiðir landsdrottinn eptir sömu reglu, sem sett er í 21. gr. um landeiganda, er vill eigi taka þátt í vatnsveitingum, sem jörð hans verður að notum. 69. gr. ákveður um leiguliða, sem er í fastri byggingu, að hann má heldur ekki koma í veg fyrir, að gjörð sje sú jarðabót, sem eigandi vill gjöra láta á jörð sinni; en hann fær fullar skaðabætur fyrir spell á leiguliðanotum. Inn í 70. gr. er þeirri ákvörðun bætt, að leiguliði, sem hefur t. d. fellt innstæðukúgildi eða látið hús hrörna, svo að hann hefur unnið til að missa ábúðarrjett, skuli þó eiga kost á að halda honum, ef hann lofar

að bæta úr skemmdum næsta ár, og setur fullnægjandi trygging fyrir því. Með því móti missir hann þó eigi ábúðarrjett sinn skilyrðislaust. Í 72. gr. er tekin ákvörðun um, að manni skuli byggja út, ef hann á frá jörðu að fara, þegar svo stendur á, sem þar er sagt.

Við VIII. kap. engar verulegar breytingar, en 81. gr. yrði að lagast eptir því, sem til er tekið í frumvarpi til laga um borgun handa hreppstjórum og öðrum, er gjöra rjettarverk.

Við IX. kap. Í þessum kapítula er ýmislegt það fellt burtu, sem miður þótti við eiga í almennum lögum, en sýslunefndir þar á móti gætu tekið ákvarðanir um, því að mjög misjafnlega hagar til í hinum ýmsu hjeruðum. 90. gr. gjörir ráð fyrir, hvernig að skuli fara, ef kærur koma fram um það, að afrjett sje of sett af þeim fjenaði, sem upp er rekinn. Þegar svo stendur á, hafði stjórnarfrumvarpið gjört ráð fyrir ítölu, en eins og jeg áður sagði, vildi nefndin hvervetna forðast hana. Seinni málsgrein 96. greinar gjörir ráð fyrir, að sýslunefndum verði heimilað, að taka upp sýslumark og hreppamörk, ef henni þykir það við eiga, og hún sjer veg til að komast hjá þeim erfiðleikum, sem því eru samfara.

Við X. kap. Nefndin felldi burtu kaflann um nýbýli úr stjórnarfrumvarpinu; þótti nefndinni eigi ástæða til að hvetja menn til að byggja nýbýli, með því að gefa eptir gjöld til landssjóðs, sem engar undanþágur annars eru veittar frá, og sízt á þetta við um nýbýli á afrjettum, með því að afrjettir eru fremur of litlar en óþarflega stórar, og það mun sýna sig því meir, sem lengur líður, ef búnaður manna tekur framförum. Í 104. gr. er að eins sú ákvörðun tekin um nýbýli, að um þau fari, sem um hjáleigur. Í 105. gr. er ákvæði um það, þegar 2 eða fleiri eiga jörð saman, að einn skuli þá ráða byggingu allrar jarðarinnar. Fyrir þessu var einnig ráð gjört í frumvarpi stjórnarinnar; en hjer er þó veruleg breyting, þar eð eigi er gjört ráð fyrir, að sá, sem á part í jörð, geti fengið hann útskiptan til eignar, nema því að eins að partinum fylgi sjerstakt býli, og hann geti orðið sjerstök jörð á þann hátt, sem síðar segir. Það var tekið fram í nefndinni, hversu nauðsynlegt væri, að sporna móti því, að jarðir pörtuðust sundur, en eptir stjórnarfrumvarpinu lá eigi einungis opið fyrir, að jarðir deildust í smáparta við erfðir, heldur var með því jafnvel gefin hvöt til þess, að hver, sem ætti part í jörðu, fengi honum útskipt. Ástæðurnar fyrir stjórnarfrumvarpinu, er það var lagt fyrir efri deildina í hitt eð fyrra, sýna, að landshöfðinginn hefur tekið fram, hversu óheppilegt það væri, og viljað setja skorður við því, en stjórnin ekki viljað fallast á það. Ákvörðunin í 105. gr. á einkum við þetta atriði, að því leyti sem hún gjörir það miður girnilegt, að eiga part í jörð, þegar eigandinn getur búizt við að hafa eigi byggingarráðin á partinum. Greinar þær, sem hjer fara næst á eptir, eru að vísu að sumu leyti nýmæli, en geta varla út af fyrir sig orðið mikið ágreiningsefni, þar eð þær styðjast við það, sem á undan er farið. Ákvörðunina í 110. gr. um það, þegar smábýli leggjast niður, að þau þá leggist undir aðra jörð, þótti nefndinni nauðsyn að taka, og sömuleiðis það, að ítak, sem lagt væri frá einni jörð, væri lagt undir aðra jörð, enda þótt öðruvísi væri akveðið í stjórnarfrumvarpinu. Í 111. gr. er leigutíminn takmarkaður við 50 ár; þótti nefndinni rjettara og hagfelldara, að það hjeti sala, ef um lengri tíma væri að gjöra. Í 112. gr. eru teknar upp ákvarðanir um, hversu skipta skyldi túni, engjum, skógi o. s. frv., þegar tveir menn eða fleiri búa á sömu jörð, en nefndin vill, að úthaga og hlunnindum sje því að eins skipt, að um það geti verið samkomulag, því það getur opt staðið svo á, að erfitt sje að koma því við, og varúðarvert, að gefa einum einstökum rjett til að heimta skipti á því. 113. gr. hefur nefndin bætt við; enda þótt það í flestum tilfellum sje óþarfi að gjöra ráð fyr-

ir, að menn eigi ekki hús yfir fjenað sinn, sem sjálfsagt er að ætíð hlýtur að vera nauðsynlegt, en það gæti þó verið, að einhver vildi leiða það hjá sjer. Í 114. gr. er hreppsnefndinni gefin heimild til að takmarka skógarhögg og viðarbrúkun, en nefndinni þótti eigi rjett, að fyrirmuna þessi afnot með öllu; en ákvarðanir um, að skemma eigi skóg með beit, þótti nefndinni að árangurslaust mundi vera að setja. 116. gr. gjörir ráð fyrir, að 1 maður skuli kosinn til að ráða vatnsveitingum, ef margir taka þátt í þeim saman, og er það samkvæmt því, að einn ráði fyrir byggingu jarðar, sem margir eiga saman. 117. gr. kveður á um veg, sem liggja skal heim að hverju býli, og eru ákvarðanir nefndarinnar eigi eins strangar og í frumvarpi stjórnarinnar. Í 118. gr. er nýtt um rekstur á skepnum, og eru ákvarðanir hennar í sambandi við 39. gr. og 43. 123. gr. er beinlínis prentuð upp eptir frumvarpi stjórnarinnar, því atkvæðagreiðslan við 2. umræðu getur haft svo mikil áhrif á hana, að búast mátti við, að henni þyrfti að breyta hvort eð var.

Jeg hef þá farið yfir helztu frábrigði í frumvarpi nefndarinnar, og skal svo ekki tala meira um málið að sinni.

Landshöfðingi: Hin háttvirta nefnd hefur að mínu áliti vel og vandlega leyst verk það af hendi, er henni var falið af þessari heiðruðu deild, og er þó mál það, er bjer ræðir um, yfirgripsmikið og mesta vandamál, og sjer í lagi kann jeg hinni háttvirtu nefnd mínar beztu þakkir fyrir það, að hún hefur fundið ástæðu til að taka málið í heild sinni til ýtarlegrar yfirvegunar, og sagt um það álit sitt; því jafnvel þótt naumleiki tímans ef til vill kynni að vera því til fyrirstöðu, að málið verði útrætt á þessu þingi, er að mínu áliti samt sem áður mikið varið í það, að frumvarpið verði rætt af þessari heiðruðu deild, bæði í heild þess og í öllum atriðum þess.

Þar sem hin háttvirta nefnd getur um hugsunarstefnur sínar við meðferð málsins, virðist mjer þessi stefna í alla staði rjett, og eins og jeg fyrir mitt leyti er henni meðmæltur, vona jeg, að hin heiðraða deild einnig fallist á hana. Hvað snertir breytingar þær, sem nefndin hefur stungið upp á, virðast mjer margar þeirra eiga vel við, en þegar kemur til þess að ræða hinar einstöku greinar frumvarpsins, mun mjer verða gefinn kostur á að koma fram mótbárum þeim, er jeg kynni að finna tilefni til við sumar uppástungur hinnar háttvirtu nefndar. En á þessu stigi málsins verð jeg að láta mjer nægja að lýsa því yfir, að nefndarálitið og frumvarp nefndarinnar virðist mjer góður grundvöllur að byggja á umræðurnar um þetta mikilsvarðandi mál, og þess vegna er jeg, jeg tek það upp aptur, hinni háttvirtu nefnd mjög þakklátur.

Benidikt Sveinsson: Jeg er sá, sem á kannske bágast með að fella rjettan dóm á þetta mál. Jeg ætla þó að gjöra nokkrar athugasemdir við málið í heild sinni. Í hitt eð fyrra lagði stjórnin þetta frumvarp fyrir efri deild; þar var kosin nefnd í málið, og hún sá sjer ekki fært, að taka nema tvo kafla úr frumvarpinu og gjöra breytingar við þá. Nú hefur stjórnin aptur lagt frumvarpið óbreytt fyrir neðri deild alþingis, og er það kynlegt, að ekkert skyldi það vera í samþykktum efri deildar, sem væri nýtilegar bendingar fyrir hina háttvirtu stjórn, hvorki formleg breyting nje efnisbreyting. Nefndin hefur nú eins og hlýðið barn farið eptir óskum stjórnarinnar og tekið málið til íhugunar í heild sinni, og fengið hrós fyrir hjá landshöfðingja. Nefndin segist hafa ráðist í að taka frumvarpið í heild sinni, bæði vegna þess, að stjórnin álíti að svo eigi að vera, og líka vegna hins, að henni virtist það rjettast og viðfelldnast, ef þess væri auðið o. s. frv. Enn fremur segir nefndin, að hugsunarstefnur hennar hafi verið, að lögin yrðu sem einföldust og óflóknust, og eigi væru í þeim endurteknar ákvarðanir þær, sem fólgnar eru í nýútkomnum núgildandi lögum. En mjer er ómögulegt að segja um, hvort henni hafi tekizt þetta, því það vantar allt nefndaráilt, og hjer liggja að eins

fyrir fáeinar almennar athugasemdir framan við nýtt frumvarp, án þess sýnilegar breytingar sjeu gjörðar eða minnsta ástæða tilfærð fyrir þeim, og þess vegna var það, að framsögumaður hjelt svo langa ræðu, sem beinlínis heyrði til 2. umræðu, og mundi hann ekki hafa gjört það, eins skarpur maður og hann er, ef hann hefði sjeð mögulegleika á að ræða málið án þess, eins og við átti og lögskipað er í þingsköpunum við fyrstu umræðu málsins. Jeg hef á þessum litla tíma, sem tæki hefur verið á, reynt að setja mig inn í hugsunarhátt nefndarinnar, en það er ómögulegt; jeg álít, að allar athugasemdir framsögumannsins hefðu átt að liggja prentaðar fyrir, til þess að menn hefðu getað glöggvað sig á þeim. Jeg álasa ekki nefndinni, því jeg þekki árvekni hennar, en henni var það ofætlun, að semja jafnlangt nefndarálit, og hjer þarf, á svo skömmum tíma; og því álít jeg bezt, að málið gangi til nefndarinnar aptur, og semji hún fullkomið nefndarálit og gjöri breytingar við frumvarpið. Jeg hef ekki skarpleika til að greiða atkvæði um þetta nema í blindni. Jeg skal þó leyfa mjer að taka fram fáeinar athugasemdir.

1. kapituli vekur undir eins hjá mjer efasemdir um skipting á jarðeignum; svo framarlega sem það er alvara nefndarinnar, að hafa lögin einföld og óbrotin, þá er áríðandi, að undirstöðuatriðin sjeu glögg. Undir jarðeign á að vera talið allt, sem heyrir til jarðeignum. Þó framsögumaður færi nokkrum orðum um þetta, og bætti úr því, að ekkert nefndarálit er til hliðsjónar, þá er mjer ekki gefinn sá skarpleiki, að jeg geti haft full not af því.

Í 2. kapítula get jeg ekki skilið, að það sje hugsunarlega rjett, að telja undir almenn landsrjettindi það, sem jörðum til heyrir, staðarlega tekið. Jeg skil ekki, að það heyri undir *rjettindi* mannsins, að hafa höfuð og fætur, og álíka heyrir það og ekki undir rjettindi jarða, hvað þeim fylgir, sem hluta landsins sem partar af því. Í 3. kapítula get jeg ekki skilið að undir sameiginleg rjettindi heyri vatnsveitingar; jeg veit ekki betur, en í Jónsbók standi: «hverr maðr á vötn ok veiðistöður fyrir sinni jörðu, ok svá sem at fornu hefir verit», og er það talinn sem sjálfstæður eignarrjettur, því í 24. kap. í landsleigubálki stendur, að menn megi veita vötnum þeim, er upp spretta í sjálfs hans jörðu og í sínu landi hver. Jeg vil því heyra glöggar ástæður, áður en jeg gef atkvæði mitt fyrir að breyta þessari ákvörðun Jónsbókar. Ástæðulaust get jeg ekki gengið inn á það.

Í 10. gr. hjá nefndinni stendur, að ekki megi aðskilja veiðirjettinn og lóðina. Hvernig er þá það ítak, sem ekki er ítak? Þetta er bannað í veiðilögunum, en þar er danskur hugsunarháttur kominn inn í lögin, því þar eru herramennirnir yfirdrottnar hinna minni landeiganda. Þetta er því alls ekki eptir íslenzkum hugsunarhætti; þá kemur 4. kapituli; þar stendur, að hver maður sje skyldur að hýsa menn; hvernig verður slíkt lagakvöð á *jörðum*? En hvað er nú jörð? Jörð er eptir 1. gr. býli, sem eigi fylgir minna land en 5 bundruð og eigi er partur úr annari jörð. Sá, sem þess vegna býr á koti, eða því jarðnæði, sem ekki er þannig lagað, er ekki skyldur að hýsa mann. Þetta sjer hver heilbrigð skynsemi að er svo fráleitt. Það er engan veginn meining mín, að álasa nefndinni fyrir þetta; jeg játa, að það er ofætlun á svo skömmum tíma, að lagfæra þá þúsundfalda galla, sem á stjórnarfrumvarpinu eru, því það er í heild sinni óhafandi grundvöllur fyrir úreltri landbúnaðarlöggjöf. En mjer er alvarlega umhugað um, að málið fari ekki úr þessari deild svo illa úr garði gjört. En það er stjórnin, sem vill berja þetta áfram með hnúum oghnefum svona tímalaust, þar sem hún nú befur lagt frumvarpið óbreytt fyrir neðri deild, þvert á móti samþykktum efri deildar í hitt eð fyrra, þar sem þó sátu hinir beztu lagamenn. Jeg álít að öðru leyti, að landbúnaðurinn sje ekki á því stigi bjer, að gott sje að gefa lög fyrir honum, nema þá kafla og kafla; því menn eru nú fyrst

að vakna í þá stefnu, og fyrst verður þó frækornið að vera komið, áður en byggt verði á ávöxtunum. Jeg álít, að það þurfi að gefa landbúnaðinum nýja stefnu; en þetta frumvarp í heild sinni álít jeg að sje til þess að festa hið gamla, en á hinn bóginn þó til að uppræta gullvægar grundvallarreglur í hinum eldri og yngri landslögum vorum, eins og jeg benti á til dæmis að taka um afnot vatnsins. Jeg álít því bezt, að gefa út vissa kafla, og beina þeim í rjett og skynsamlegt horf.

Stjórninni hefur farizt mjög óhyggilega, þar sem hún ekki tók tillit til beggja nefndarálitanna, bæði meiri hlutans og minni hlutans, frá nefnd þeirri, sem skipuð var til að semja frumvarp til landbúnaðarlaga. Hún hefði átt að tína það bezta úr báðum; en hún hefur einblínt á meiri hlutann. Þar sem í 1. kafla hjá minni hlutanum stóð ákvörðun um, að enginn útlendingur mætti festa eignarráð á jörðum í landinu, þá hefur stjórnin fellt þessa ákvörðun úr sem óhafandi og móti öllum íslenzkum lögum, en í instrúxi Kristjáns III. fyrir Pál Hvífeldt frá 1552 stendur, að hann skuli tilkynna lögmönnunum á Íslandi, að þeir skuli halda þeirri venja, að enginn útlendingur megi taka jörð eða bæ á Íslandi til eignar móti íslenzkum lögum. Og þessa ákvörðun álítur stjórnin þó óhafandi, sem sjálfur konungurinn áður hefur játað að væri móti íslenzkum lögum; það má þó með sanni segja, að stjórnin sje ekki of vel að sjer í íslenzkum lögum.

Guðmundur Einarsson: Það var skaði, að 2. þingmaður Norður-Múlasýslu komst ekki í nefndina, því þá hefði hann getað komið vel að sinni riddaralegu lögspeki. Hann fellir mjög harðan dóm á nefndina og stjórnina; jeg skal nú ekki verja stjórnina, því fyrir hana mun verða svarað af öðrum, en mjer finnst hann fella of harðan dóm um nefndina. Hann sagði, að það vantaði allt nefndarálit; sjón er sögu ríkari, hvort þetta er satt. Hjer liggur fyrir nefndarálit, sem tekur fram í fáum en greinilegum orðum álit nefndarinnar, og þar hjá er frumvarp nefndarinnar aðalálit hennar um málið; en það hefði tekið upp mikinn tíma, að semja og prenta ástæður fyrir hverri grein, og að nokkru leyti var ekki þörf á því; enda veit jeg, að hinn háttvirti þingmaður er svo lögfróður maður, að hann getur haft glöggt yfirlit yfir málið, ef hann vill; hann vill það kannske ekki, en hann getur það. Hann tók til dæmis ýms atriði, sem væru óheppileg; jeg vil biðja hann, að útskýra fyrir mjer, hvaða jarðeignir geta ekki heyrt undir 1. og 2. gr., og hverjar jarðeignir þá vantar. Viðvíkjandi því, sem hann tók fram um veiðina, þá er hún sannarlega ítak, en hann ruglaði saman veiði í á og veiði í sjó; selveiði getur heyrt undir jörð langt í burtu, og verið því ítak, upp á það veit jeg ljóst dæmi í Barðastrandasýslu. Þess konar aðfinningar eiga ekki við. Jeg skal svo ekki tala fleira að sinni.

Arnljótur Ólafsson: Jeg játa það, að jeg er glaður yfir nefndarálitinu; því að jeg er sannfærður um, að það bætir stjórnarfrumvarpið mikið. En hins vegar er jeg samþykkur 2. þingmanni Norður-Múlasýslu í því, að nefndarálitið vantar. Þessi vöntun er óheppileg, sakir þess að vjer þingmenn, sem eigi erum í nefndinni, getum eigi sjeð breytingar nefndarinnar. Jeg vil eigi fara nema sem skemmst og eigi tefja tímann; legg jeg því eigi það til, að vísa málinu aptur til nefndarinnar; heldur að frumvarp nefndarinnar verði prentað um aptur, þannig, að breytingar hennar verði prentaðar með öðru letri, og að stjarna sje sett við hverja nýja grein, er nefndin hefur bætt inn í. Enn fremur vil jeg og leggja það til, að ræða framsögumanns verði prentað með, af því að hann hefur þar fært rök fyrir breytingunum. Jeg sje ekki, að þingið hafi nema 2 kosti; annar er sá, að það greiði atkvæði sín án rannsóknar í trausti til nefndarinnar, en hinn er sá, að fresta málinu, með því að fella það. en hvorugt er aðgengilegt. Jeg vil taka eitt til dæmis; nefndin hefur ekki alstaðar haldið vel þá

frumreglu sína, að eignarrjetturinn haldist óskertur, og er 105. gr. brot á móti þessari góðu og rjettu frumreglu. Í greininni segir: »Ef tveir menn eða fleiri eiga jörð saman, þá skal þó æfinlega einn ráða byggingunni». Ef jeg nú á part í jörð, má jeg ekki flytja á jörðina, því hinn jarðareigandinn getur sagt: Þú hefur engan rjett til þess. 108. gr. leggur og óþarflegt band á menn, því eptir henni má enginn leggja jörð undir bú sitt nema með samþykki landshöfðingjans; hann á að ráða því, en hann hefur að minni hyggju ekkert vit á því, heldur verður eingöngu að fara eptir tillöguum sýslunefndarinnar. Mjer er spurn: til hvers eru menn að setja þær ákvarðanir í lög, sem ganga ofan í sjálfar sig? Til hvers er eignarrjetturinn, þessi frjálsi rjettur til að ráða yfir eigum sínum, ef hann má eigi koma til framkvæmdar í frjálsum samningum manna á milli? Fyrir því ættu öll eða nálega öll ákvæði í öðrum eins lögum, og þessi eru, að vera viðlög eða varalög (declaratoriske Bestemmelser), það er að skilja: þau gilda því að eins, að eigi sje öðruvísi um samið. Það er þetta, sem jeg vil leyfa mjer að taka fram, en jeg vil ekki ásaka nefndina, því að hún hefur haft naumaan tíma, og þess vegna var henni eigi mögulegt, að leysa verk sitt fyllilega af hendi.

Jón Jónsson: Jeg er hinni háttvirtu nefnd þakklátur fyrir, að hafa tekið frumvarp stjórnarinnar til íhugunar í heild sinni, og get jeg ekki verið samdóma hinum heiðraða þingmanni Norður-Múlasýslu um, að við eigi þurfum endurbót á landbúnaðarlögum vorum. En það verð jeg að vera öðrum heiðruðum þingmanni samdóma um, að nefndin hefur ekki leyst starf sitt af hendi á þann hátt, sem menn hefðu. Það voru sannarlega ekki frumvörp til landbúnaðarlaga, sem vantaði okkur, þegar deildin fól nefndinni málið. Þau voru til 5 eða 6 áður. Nefndin hefði því heldur átt að fara vandlega yfir eldri frumvörpin, og að segja álit sitt um þau, en að semja enn eitt frumvarp. Nefndin hafði því minni ástæðu til þess að gjöra þetta, sem hún hefur í öllu verulegu fylgt stjórnarfrumvarpinu. Niðurskipun efnisins er hin sama í báðum frumvörpunum, og fiestallar breytingar þær, er nefndin hefur gjört á því, eru orðabreytingar. Það er því langt frá því, að þeir, sem eru samdóma nefndinni, geti, ef þeir vilja vera sjálfum sjer samkvæmir, fellt stjórnarfrumvarpið frá 1. umræðu; en það er þó nauðsynlegt, ef nefndarfrumvarpið á fram að ganga, því báðum frumvörpum verður varla vísað til 2. umræðu.

Guðmundur Einarsson: Jeg vil leyfa mjer að svara hinum heiðraða þingmanni Eyfirðinga nokkrum orðum. Hann gat þess, að sjer þætti í frumvarpinu gengið of nærri eignarrjettinum. Það er sjálfsagt, að það eru *menn*, sem unnið hafa að verki þessu, að semja frumvarpið, og að það hefur því sína galla. Jeg skal geta þess viðvíkjandi 105. gr., að ákvörðun sú, sem þingmaðurinn finnur að, var sett, til þess að koma í veg fyrir, að smábýli kæmu upp; en að því er snertir 108. gr., »ef maður leggur eina jörð undir aðra», þá var málið lagt undir landshöfðingja sökum þess, að hin opinberu gjöld, er á jörðinni hvíla, hljóta að falla niður, ef ein jörð er lögð undir aðra, og má það því eigi vera komið undir landsdrottnunum sjálfum, heldur undir yfirstjórninni, hvort slíkt mætti hafa stað. Jeg ætla mjer eigi að fara að rekja hverja einstaka grein á þessu stigi málsins. Hinn heiðraði 2. þingmaður Skagfirðinga fann að því, að búið væri að búa til nýtt frumvarp í viðbót við ein 4 eða 5. Já, hjer um má segja: »Einn það að öðrum finnur, það iðkar hann sjálfur mest»; en hvað um það er, þá er hægðarverk að koma þessu skaplega fyrir með því að við hafa sömu venju, sem höfð hefur verið, þegar svona hefur staðið á, nefnilega að fella stjórnarfrumvarpið, en láta frumvarp nefndarinnar, sem nú er verið að ræða, ganga til 2. umræðu.

Friðrik Stefánsson: Þar sem jeg er einn af *nefndarmönnum*, verð jeg að svara hinum heiðraða 2. þingmanni Norður-Múla-

sýsln. Jeg get ekki álitið, að landbúnaður hjer á landi sje svo lítils háttar eða lítilfjörlegur atvinnuvegur, að engin lög þurfi um hann, og ekki heldur, að eigi sje tími kominn til þess; eða þykir þingmanninum ekki ærið langt, síðan því máli var hreift? Því allir eru samdóma um það, að landbúnaður sje aðalatvinnuvegur vor; líka veit þingmaðurinn, að fyrsta löggjafarþingi voru 1875 hefur verið legið á hálsi, og það að verðungu, að það skyldi taka launalög embættismanna fyrir, en láta landbúnað og atvinnuvegi landsins sitja á hakanum, sem eru þó og hljóta að vera sú eina sanna og rjetta undirstaða til framfara landsins; en hvað því viðvíkur, að neðri deild alþingis geti ekki verið þekkt fyrir að samþykkja þetta frumvarp, fyrst stjórnin hafi ekki tekið neitt tillit til álits efri deildar á því 1879, er að mínu áliti ástæðulaust, því neðri deildin gjörði þá svo miklar breytingar við frumvarp efri deildar, að ekki var við því að búast, að stjórnin legði það nú fyrir þingið aptur í sömu mynd, og er því álit mitt, að hún hafi í þessu máli farið hinn rjetta veg, en samt vill hinn heiðraði 2. þingmaður Norður-Múlasýslu beita öllum skörungsskap sínum og málsnilld til að fella frumvarp nefndarinnar. Því þyki deildinni gallar á því, er henni innan handar að gjöra breytingar við það, en að kasta því frá sjer umræðulaust, sýnist mjer alls ekki við eiga um svo mikilsvert mál, sem þetta, og geti málið gengið fram tímans vegna, verð jeg eindregið að vera á þeirri skoðun, að í því sje mikil rjettarbót, eins og það kemur nú frá nefndinni, og mæli því með því, að hin heiðraða deild láti það ganga fram.

Halldór Friðriksson: Jeg býst við, að það verði lengi þess að bíða, að þau lög verði samin í þessu máli, sem öllum líkar, enda er vandi að gjöra þau svo úr garði, að þau verði góð og hæg í framkvæmdinni, þannig að þau gangi eigi of nærri eignarrjetti manna, og á hinn bóginn hafi þær ákvarðanir í sjer fólgnar, sem til verulegra bóta geta leitt. Mjer finnst engin ástæða til, að skila nefndinni aptur frumvarpinu, þótt breytingar hennar á því sjeu eigi prentaðar með skáletri eða stjörnum, en hitt er satt, að greiðara hefði orðið að átta sig á frumvarpinu, ef ástæður hefðu fylgt fyrir hverri breytingu. Jeg get þó ekki ætlað, að þessi galli þurfi svo mjög að spilla fyrir frumvarpinu, því að það er skylda þingmanna, að finna sjálfir ástæðu fyrir breytingum nefndarinnar, en ekki fara eingöngu eptir hennar ástæðum. Þeir eiga að lesa bæði frumvörpin, og bera svo saman, hvað er til bóta í hvoru fyrir sig. Jeg tel það mjög óheppilegt, að fella fumvarpið. Stjórnin verður að laga frumvarpið eptir tillögum þingsins, og því er það nauðsynlegt, að þingdeildin geti látið í ljósi skoðun sína á málinu. Það verður að gæta þess, að þetta er, eptir því sem þingmenn segja, áhugamál þjóðarinnar, og hvenær og hvernig hefur almenningur betri kost á að láta í ljósi álit sitt um málið, en einmitt fyrir fulltrúa þjóðarinnar? Jeg álít gott, að ræða breytingarnar og sýna galla frumvarpsins. Það er engin afsökun, sem sumir þingmenn færa til, að þeir hafi eigi tíma til að kynna sjer málið, því að þeir þurfa eigi að gefa atkvæði sitt með þeim atriðum málsins, sem þeir ekki hafa haft tíma til að hugsa nægilega. Stjórnin getur og eigi breytt frumvarpinu eptir tillögum þingsins, ef hún fær eigi að vita skoðanir þess. Jeg skal að vísu eigi neita því, að mjer finnst ýmsir gallar á frumvarpinu, og mjer þykir nefndin eigi alstaðar fylgja þeirri stefnu, sem hún kveðst hafa tekið, en allt fyrir það finnst mjer eigi ástæða til að fella það frá annari umræðu, heldur má þá koma fram með breytingar þær, sem þurfa þykir.

Framsögumaður: Það hafa ýmsir talað móti nefndinni fyrir meðferð hennar á máli þessu í beild sinni, sumpart fyrir það, að það eigi væri neitt nefndarálit, sem hún hafi komið með, sumpart af því, að það væru engar ástæður færðar fyrir frumvarpi hennar, svo að það væri eigi ljóst, á hverju hún byggði tillögur sínar. 2. þingmaður

Norður-Múlasýslu kvaðst eigi hafa getað áttað sig á málinu, en sagði, að margt mundi þó vera miður úr garði gjört frá nefndinni en skyldi, og því til sönnunar tók hann fram einstök atriði, sem yfir höfuð að tala að eins snerta fyrirsagnir fyrir kapítulum, að þær eigi ættu við. Það getur vel verið, að rjettast sje að sleppa öllum fyrirsögnum fyrir kapítulum, og þingmaðurinn gæti þá hæglega komið með breytingaratkvæði um það. Hann sagði, að 10. gr. væri ósamkvæm 30. gr., en í 10. gr. er einungis talað um það, þar sem veiðirjettur fylgir lóð, en eigi um ítök eða þann veiðirjett, sem nú einu sinni er aðskilinn frá lóðinni. Þar er því engin mótsögn milli þessara greina, sem eru báðar öldungis samkvæmar hinum gildandi lögum. Hinn heiðraði þingmaður Norður-Múlasýslu ámælti enn fremur nefndinni og stjórninni fyrir, að þær hefðu eigi tekið nægilegt tillit til minni hlutans í landbúnaðarmálinu. Þannig hefði stjórnin fellt úr ákvarðanirnar hjá minni hlutanum, um að enginn útlendingur mætti eignast jarðir hjer á landi, og nefndin hefði eigi tekið þetta upp í frumvarp sitt. En jeg sje eigi ástæðu til þess að taka þetta atriði að svo stöddu fram í lögum, því það er engin hætta fyrir, að útlendingar eignist svo miklar eignir hjer á landi, að það verði til neins meins, og meðan svo stendur, er eigi nægileg ástæða til að takmarka svo eignarrjett manna, að þeir eigi megi selja þeim, sem bezt býður, þótt útlendur maður sje.

Orsökin til þess, að engar nákvæmar ástæður eru prentaðar með frumvarpi nefndarinnar, er að nokkru leyti sú, að það hefði tekið ofmikinn tíma að semja þær, og þó einkum það, að eigi var tími til að prenta þær, því sjálft nefndarálitið lá meir en $1^1/_2$ viku í prentsmiðjunni, áður en það varð fullprentað. Viðvíkjandi því, er hinn háttvirti þingmaður Eyfirðinga sagði, að betra hefði verið að prenta breytingarnar í frumvarpinu með auðkenndu letri, þá skal jeg játa, að það hefði getað verið hagfellt, en að það sje svo áríðandi, að prenta þurfi frumvarpið að nýju einungis vegna þess, það fæ jeg ómögulega sjeð. Til þess að fá ljósa skoðun á mismun frumvarpanna, þarf hvort sem er að bera þau saman. Hinn háttvirti 2. þingmaður Skagfirðinga fór fram á það, að nefndin tæki frumvarpið aptur, og ljeti prenta það aptur í nýju formi, svo það gæti gengið til annarar umræðu, en það álít jeg eigi nauðsynlegt. Þingdeildin verður að skera úr, hvort frumvarpið skuli ganga til annarar umræðu. Jeg er hinum heiðraða þingmanni Reykvíkur þakklátur fyrir undirtektir hans í málinu, og jeg álít sem hann, að nauðsynlegt sje að málið haldi áfram. Stjórnin og þeir, sem eiga við mál þetta eptir á, hafa mikinn stuðning af að sjá vilja deildarinnar í því, og sömuleiðis undirtektir hinnar heiðruðu efri deildar. Jeg álít því nauðsynlegt, að málið gangi til annarar umræðu.

Eiríkur Kúld: Jeg get ekki verið samdóma hinum hæstvirta landshöfðingja með að kveða lofsorði á nefndina fyrir starfa hennar. Jeg hef einnig skilið svo hinn háttvirta þingmann Dalamanna, sem nefndin hafi farið feti lengra, en kraptar hennar leyfðu. Jeg held nefndin hefði átt að fylgja sömu stefnu og efri deildin á seinasta þingi, að taka einungis fyrir einn kafla af lögunum, vanda hann sem bezt, svo hann hefði getað verið fullbúinn á þessu þingi, því naumast er ætlandi til þess, að tíminn leyfi í þetta sinn að ræða öll landbúnaðarlögin til heppilegra og æskilegra úrslita, með því að taka þau svona í heild sinni. Jeg álít, að ekki sje eins við það að keppa, að ryðja málinu af í heild sinni, eins og hitt, að þeir kafiar komist vel af, sem mikið ríður á. Jeg er engan veginn að álasa nefndina; hún hefur óefað haft vilja á að gjöra, hvað hún gat, en hún hefði ekki átt að taka fyrir allt málið. Jeg vil ekki fella málið, þótt það geti ekki orðið útrætt, og að minnsta kosti vil jeg lofa því að ganga til 2. umræðu, en jeg er samdóma 2. þingmanni Skagfirðinga um, að hjer liggi tvö frumvörp fyrir, þar eð hvorugt er aptur tekið, og þess vegna álít

jeg heppilegra, að halda einnngis öðru til 2. umræðu. Því þó við vildum fara að prjóna frumvörpin saman, þá er jeg hræddur um, að það kosti mikinn athuga og vandvirkni, ef engin lykkjuföll eiga á að verða. Þingmaður Dalamanna sagði sjálfur, að það hefði ekki verið tími til að semja nefndarálit; þetta er einmitt sönnun fyrir mínu máli, að þá hefði verið betra, að taka ekki nema einn kafla og færa svo rök fyrir gjörðum sínum, því jeg er samdóma 2. þingmanni Norður-Múlasýslu, að hjer liggi ekkert nefndarálit fyrir, og á hinn bóginn get jeg ekki kannazt við það, að menn eigi — hver og einn — sjálfir að búa sjer til ástæður, eins og þingmaður Reykvíkinga sagði; það getur verið gott fyrir *hann*; en mjer nægir það ekki; jeg hefði viljað fá að sjá ástæður nefndarinnar. Þess vegna er jeg hinum háttvirta framsögumanni þakklátur fyrir skýringar þær, er hann gaf á frumvarpi nefndarinnar. En jeg gat þó ekki fylgt svoleiðis hans skýringarræðu, að mjer sje það full leiðbeining til þess að greiða atkvæði um breytingar nefndarinnar, og þess vegna hefði jeg viljað styðja uppástungu þingmanns Eyfirðinga um, hvort ekki mætti prenta ræðu framsögumanns, áður en málið kemur til 2. umræðu.

Forseti: Þar eð margir hafa enn beðið sjer hljóðs, og nauðsynlegt verður að skjóta á kveldfundi til að leggja fram álit fjárlaganefndarinnar, sem þá verður loks væntanlega búið, þá ætla jeg að leyfa mjer að fresta fundi þangað til kl. 6 í kveld.

Arnljótur Ólafsson: Mætti jeg leyfa mjer að geta þess fjárlaganefndinni til afsökunar, að handritið kom í prentsmiðjuna á sunnudag, en nú er föstudagur, og hefur alls ekki síðan staðið á handriti frá nefndinni.

Jón Ólafsson: Mundi það ekki vera æskilegt að athuga, hvort prentarinn, sem einn hefur á hendi alla prentun fyrir alþingi, getur fullnægt skyldu sinni svo fljótt, sem þörf er á, fyrir þingið, og jafnframt, ef hann eigi getur það, fara með sumt af því, sem prentast þarf fljótt og vel, í hina prentsmiðjuna. Það er óhæfilegt að bíða þurfi milli eina og tvær vikur eptir nefndaráliti frá prentsmiðjunni, eins og átti sjer stað í landbúnaðarmálinu. Jeg skora á forseta þingsins að sjá hagsmunnm landsins og þörfum þingsins í þessu tllliti borgið.

Forseti Þessa mun verða gætt, og ef nauðsyn þykir til bera, gjört, eins og þingmaðurinn leggur til.

FRAMHALD FYRSTU UMRÆÐU Í NEÐRI DEILD,

á 35. fundi, 5. dag ágústmán.

Benidikt Sveinsson: Jeg vil leyfa mjer að vekja athygli hinnar háttvirtu deildar á einu atriði, sem stendur í sambandi við það, sem jeg sagði á fyrri fundinum í dag, og það er það, að jeg fæ ómögulega skilið, hvernig 2 frumvörp, bæði frumvarp nefndarinnar og frumvarp stjórnarinnar geti verið rædd í sameiningu við 1. umræðu. Það stendur beinlínis í þingsköpunum: «Við fyrstu umræðu skal ræða frumvarpið», og «eptir að búið er að ræða frumvarpið» skal leita atkvæða um, hvort það «skuli ganga til 2. umræðu». Jeg get því ekki betur sjeð, en það sje ómögulegt, að ræða þessi 2 frumvörp við eina og sömu 1. umræðu, og vísa þeim báðum til 2. umræðu. Fyrir því stakk jeg upp á því, hvort hin háttvirta nefnd vildi ekki taka aptur frumvarp sitt og koma svo fram með það sem breytingaratkvæði við 2. umræðu. Hinn háttvirti framsögumaður sagði, að hægt væri að láta málið ganga til 2. umræðu, en það er *frumvarpið*, sem til er tekið í þingsköpunum að greiða skuli atkvæði um hvort ganga skuli til 2. umræðu.

Framsögumaður: Jeg skal leyfa mjer að taka það fram, að jeg veit ekki betur, en það hafi verið venja á fyrri þingum, að fjárlaganefndin komi fram með breytingartillögur sínar við stjórnarfrumvarpið sem nefnd-

arálit. Jeg skal taka til dæmis í hitt eð fyrra; þar stendur í nefndarálitinu. «Þótt «þessar tillögur sjeu að álíta sem breytingar- «uppástungur við stjórnarfrumvarpið, hefur, «eins og fyr, þótt hentugra og hægra til «yfirlits, að láta stjórnarfrumvarpinu sam- «síða fylgja heilt nýtt frumvarp». Eins og fjárlaganefndin fór að í hitt eð fyrra, eins hefur landbúnaðarlaganefndin farið að nú. Jeg skal og taka það fram, að 1879, þegar bæði frumvörpin þannig lágu fyrir, var málinu vísað til 2. umræðu, og eins mætti gjöra nú. Ef mönnum kann að sýnast það hægra, þá má semja lista yfir samkynja greinir í báðum frumvörpunum, og láta hann vera kominn fram fyrir 2. umræðu.

Jón Jónsson: Fjárlögin eru í mörgu tilliti sjerstaklegs eðlis, og má eigi fara með önnur mál alveg á sama hátt og farið er með þau. En það er víst, að það hefur verið föst regla með öll önnur lagafrumvörp en fjárlögin, að láta ekki 2 frumvörp í neinu máli ganga til 2. umræðu. Jeg verð því að aðhyllast uppástungu hins háttvirta þingmanns Barðstrendinga, að ef nefndin tekur ekki aptur frumvarp sitt, og kemur fram með það sem breytingartillögur við 2. umræðu, verður að fella annaðhvort þeirra nú. En mjer skildist svo á ræðu hins háttvirta þingmanns Barðstrendinga, að hann vildi fella stjórnarfrumvarpið (*Eiríkur Kúld*: Nei), en það getur ekki átt sjer stað, því ef stjórnarfrumvarpið er fellt, verður nefndarfrumvarpið að falla með því. Þar að auki er stjórnarfrumvarpið í mörgum verulegum greinum samhljóða nefndarfrumvarpinu, og þeir, sem vilja styðja það, geta því ekki fellt stjórnarfrumvarpið. En þær greinir, sem nefndin hefur sleppt, hefur hún sleppt alveg þegjandi án þess að færa ástæður fyrir því, og fer ekki vel á því, að deildin fylgi henni í því. Jeg játa, að ástæður geti verið fyrir skoðunum þeim, er nefndin hefur haldið fram um nýbýli og smábýli, en þær hafa lítið komið fram hingað til, og virðist mjer, að deildin ætti ekki að aðhyllast þær, fyr en búið væri að ræða þær ýtarlega. Ræða framsögumannsins gat ekki sannfært mig fullkomlega. Þótt búnaður vor sje nú á svo lágu stigi, að smábýli víða ekki geta staðið sig, þótt kál og jarðeplarækt sje enn mjög lítilfjörleg hjá oss, og kornyrkja engin, er ekki víst, að svo verði um aldur og æfi.

Setjum, að gras- og engjarækt taki bótum, og að kálgarðarækt og kornyrkja fari að tíðkast hjer, eins og á sjer stað norðarlega í Noregi, þá munu smábýlin fara að standa sig, og þá gæti það band, sem nefndin vill láta leggja á skipting jarða, orðið mjög óheppilegt. Ef menn fella stjórnarfrumvarpið nú, er þannig hætt við, að kastað verði í blindni mörgum ákvörðunum, sem gott gæti verið að halda, en aptur á móti samþykktar ýmsar ákvarðanir, sem eru ísjárverðar og þurfa íhugunar við.

Þorkell Bjarnason: Hinn háttvirti framsögumaður hefur sýnt fram á, að fjárlögin hafa gengið til 2. umræðu, þó eins hafi staðið á með þau eins og þetta nefndarfrumvarp, og skal jeg því ekki fara út í þá sálma. Það hafa margir fundið margt að gjörðum nefndarinnar, en þó enginn lagt á hana þyngri dóm en hinn háttvirti 2. þingmaður Skagfirðinga. Hann hefur borið henni það á brýn, að hún hafi ekki viljað leggja það á sig, að fara út í álit minni hlutans (*Jón Jónsson*: Það sagði jeg ekki). Jú, þingmaðurinn hafði þau orð; jeg skrifaði þau upp eptir honum — en í nefndarálitinu stendur: «Þess skal getið, að vjer höfum haft til hliðsjónar bæði frumvörp meiri og minni hlutans í landbúnaðarlagamálinu» o. s. frv. Það stendur þannig beinlínis í nefndarálitinu, að nefndin hafi hugleitt álit minni hlutans. Þingmaðurinn verður að fyrirgefa nefndinni það, þótt hún máske sje ekki eins starfsöm og ötul sem hann. Í hinni fyrri ræðu sinni vildi hann vísa málinu aptur til nefndarinnar. En hvað á nefndin að gjöra? Hún á, eins og hinn háttvirti 2. þingmaður Norður-Múlasýslu sagði, að skýra frá því, af hverjum ástæðum hún ræður til þeirra breytinga, sem hún hefur gjört á frumvarpinu. Til þess þarf nefndin

mikinn tíma, en nú er, eins og menn vita, stutt eptir af þingtímanum, og mörg áríðandi mál, sem enn eru óútkljáð, svo nefndin hefur engan tíma til þessa. Hverjar verða þá afleiðingarnar? Þær, að málið getur ekki komið aptur inn á þingið frá nefndinni, og orðið rætt þar nokkuð, hvað þá til fullnustu. En það væri mjög slæmt, að svo færi á þessu þingi, að hvorki þjóðin nje stjórnin gæti fengið að sjá álit og tillögur deildarinnar á þessu einna-mesta áhugamáli þjóðarinnar, heldur að eins skoðanir nefndarinnar, að eins 7 manna. Það væri sorglegt, ef svo færi á fyrsta þingi í húsi því, sem vor fátæka þjóð hefur reist svo veglegt, að það mál, sem henni er eitt hið dýrmætasta, fjelli sökum tímaleysis, og ekkert sæist af því, nema álit nefndarinnar. Já, þetta mál er sannkallað áhugamál þjóðarinnar. 1839 og 1841 var það tekið fyrir í embættismannanefndinni, og fyrir 36 árum síðan var það tekið fyrir á hinu fyrsta ráðgefandi þingi Íslendinga, og á mörg þing hefur þjóðin síðan sent bænarskrár um þetta mál. Sjest ekki einmitt á þessu, að landbúnaðarmálið er áhugamál þjóðarinnar? að hún hugsar um það? að hún þráir það til lykta leitt? Hinn háttvirti 2. þingmaður Norður-Múlasýslu kvaðst eigi geta áttað sig á breytingunum, af því að nefndin hefði ekki gjört grein fyrir, hvers vegna hún breytir frumvarpi stjórnarinnar. Jeg skil ekki í því, að gamlir þingmenn geti ekki fljótt áttað sig á breytingunum og sjeð, hverjar þær eru; Þeir hljóta þó að þekkja ljóst það, sem áður hefur farið fram í máli þessu. Ef þingmaðurinn hugsar þetta mál til 2. umræðu, mun hann fá glöggari grein á breytingunum. Hinn háttvirti framsögumaður hefur nú skýrt frá ástæðum nefndarinnar fyrir breytingunum, og mun hann skýra enn ýtarlegar frá þeim við 2. umræðu. Auk þess er það á valdi deildarinnar, að ræða málið í köflum, og geta þá þingmenn haft ljósara yfirlit og gjört breytingar eptir vild sinni; þá má fella það úr, sem menn vilja, en samþykkja hitt, og ef mönnum þóknast, þá láta að eins einstaka kafla standa, sem þá gætu komið út sem lög, t. d. kaflann, sem var fyrir efri deildinni síðast, um viðskipti leiguliða og landsdrottna, o. s. frv. Það mun sannast, að, hversu lengi sem mál þetta verður íhugað, munu finnast gallar á því, þegar til reyndarinnar kemur. Það er ómögulegt, að þingið geti svo sett lög um svona umfangsmikið og margbrotið efni, hversu lengi sem það hefur það til meðferðar, að ekki verði á þeim gallar, þegar til framkvæmda kemur. Jeg held, að það sje einmitt gott, að fá lögin sem fyrst, svo að menn geti komizt að raun um gallana og leiðrjett þá svo sem fyrst. Jeg vil óska eptir því, að nafnakall verði við haft nú, þegar atkvæði er greitt, hvort það skuli ganga til 2. umræðu, því að jeg hygg, að þjóðin vilji sjá, hverjir það eru, sem fella vilja hið mesta áhugamál hennar. Jeg óska og vona, að þetta mál nái fram að ganga, þrátt fyrir þá mótspyrnu, sem það nú fær.

Lárus Blöndal: Jeg þarf eigi að tala mikið í þessu máli, því hinn háttvirti framsögumaður og hinn háttvirti 2. þingmaður Gullbringusýslu hafa haldið svörum uppi fyrir nefndina. En jeg held það ætli að ræðast hjer málsháttarinn: Sinum augum lítur hver á silfrið. Hinn hæstvirti landshöfðingi hefur lokið lofsorði á nefndina fyrir starfa hennar, og þykir oss það mikils vert. En aðrir, og þar á meðal hinn háttvirti 2. þingmaður Norður-Múlasýslu, hafa kastað mörgum og þungum steinum á nefndina fyrir starfa hennar. Hann ljet meðal annars undrun sína í ljósi yfir því, að nefndin hefði dirfzt, að leggja út í mál þetta í heild sinni, í stað þess að fylgja stefnu nefndarinnar í efri deild árið 1879, að taka einstaka kafla frumvarpsins, og sagði, að nefndin eins og hlýðið barn hefði í þessu farið eptir áliti stjórnarinnar. Jeg veit nú eigi, hvað hinn háttvirti þingmaður meinar með þessum orðum: „hlýðið barn“, en ef hann meinar með þeim, að nefndin hafi sannfæringarlaust og sálarlaust tekið þá stefnu í máli þessu, sem hún tók, þá verð jeg með

allri virðingu fyrir sjálfrstæðri sannfæringu þingmannsins, að segja honum það, að bæði jeg og nefndin öll í heild sinni þykist fullkomlega hafa sína sannfæringu fyrir sig, eins og þingmaðurinn sína. Nefndinni var fullljóst, að mikið var í fang færzt með því, að taka málið fyrir í heild sinni, en hún vissi líka, að það var áhugamál þjóðarinnar, að fá að minnsta kosti suma kafla landbúnaðarlaganna fullgjörða. Það, sem hjer er gjört, getur og orðið góður grundvöllur fyrir meðferð málsins síðar meir. Hinum háttvirta 2. þingmanni Norður-Múlasýslu þótti þetta mál koma svo flatt upp á sig, að hann ómögulega gæti áttað sig á því, þrátt fyrir allan þann viturleik og skarpleika, sem honum er gefinn. Það er sannarlega undarlegt að heyra slíkt, þar sem mál þetta hefur fengið þann undirbúning, sem það hefur haft, og þar sem bæði frumvörp meiri hlutans, minni hlutans og stjórnarinnar hafa legið fyrir allra sjónum, svo árum hefur skipt; og jeg er sannfærður um, að hinn háttvirti þingmaður Norður-Múlasýslu hefur sjálfur haft þann áhuga á þessu máli, að hann hefur fullkomlega sett sig inn í það. Það er sannarlega undarlegt, ef menn eigi hafa tíma til að ræða þetta mál hjer á þingi, þar sem menn þó hafa gefið sjer tíma til að ræða öll önnur mögulega og ómöguleg mál, og setja nefnd á nefnd ofan í þau. Hversu sem nú nefndinni kann að hafa tekizt starfi sinn í máli þessu, vona jeg, að hin heiðraða deild taki það til greina, sem skynsamlegt er hjá henni, og láta málið ganga til 2. umræðu.

Þorlákur Guðmundsson: Það er nú búið að bera hendur fyrir höfuð nefndinni í máli þessu, enda var eigi vanþörf á því, því margir hafa álasað nefndinni fyrir starfa hennar, bæði fyrir að hún eigi taki ástæður fram, og fyrir að álit hennar sje eigi glöggt. Jeg er sannfærður um, að hefði nefndarálitið verið langt og flókið, og breytingaratkvæði gegnum allt frumvarpið, þá hefðu hinir sömu menn sagt, það væri ókljúfandi; það hefði átt að hafa það hins vegar, og það var ástæða til að segja það, en engar fyrir því, sem þeir hafa haft á móti málinu; þegar svo hefði átt að fara að gjöra breytingaratkvæði við breytingaratkvæði, þá hefðu hinir útvöldu jafnvel villzt, en þeir hugsa hvorki um að rata nje villast, og ekki annað en fella málið. Ef hinn háttvirti 2. þingmaður Norður-Múlasýslu hefði sjálfur samið þetta frumvarp, þá hefði honum líkað það í alla staði, og þá hefði hann vist álitið það mesta afreksverk, enda getað skotið ör af hverjum fingri, til að verja það, þótt nú þyki honum ekkert nýtilegt í því. Það er sannarlega óbeppilegt, ef málið skyldi falla, og jeg álít, að það kasti skugga á þingið, ef svo fer, því þetta er áhugamál þjóðarinnar, og í alla staði nauðsynlegt. Jeg þakka hinum háttvirta þingmanni Reykvíkinga fyrir ræðu sína, því hún er skynsamlega og vel mælt. Menn getur lengi greint á um, hvað sje hið þarfasta mál þjóðarinnar; sumir segja háskólamál, aðrir stjórnarskipunarlög, og hinir þriðju landbúnaðarlög, o. s. frv. Jeg skýt því undir dóm þjóðarinnar og þingdeildarinnar, á hverju af þeim 3 málum þjóðinni ríði mest og fyrst (*Benidikt Sveinsson:* Á að greiða atkvæði um það strax?) Jeg heimta engin atkvæði. Hinn háttvirti þingmaður Norður-Múlasýslu sagði, að eigi væri kominn tími til málsins enn, en jeg vil spyrja: hvenær kemur þá tíminn til þess? Hann sagði, að við stæðum á svo lágu stigi með búnað og jarðabætur; en heldur hann þá, að dráttur á landbúnaðarlögum hefji oss upp á æðra stig í búnaði og jarðahótum? eða álítur hann, að þessi lög ekki þurfi fyr, en landbúnaður og jarðabætur eru komnar á sitt hæsta stig? Það hefur verið sagt, að þetta mál væri barið áfram með hnefum og hnúum; en er rjett að segja slíkt, þó nefndin haldi því fram, að málið sje rætt? og ef þetta er óþarft mál að ræða það, þá eru mörg mál jafnómerkileg, sem þessir mótstöðumenn landbúnaðarlaganna, hafa komið með á þessu þingi. Það eru einmitt þessir menn, sem ganga með hnefum og hnúum á móti því mesta velferðar- og vandamáli,

sem, eins og hinn hæstvirti landshöfðingi sagði, lagt hefur verið fyrir þetta þing. Jeg vona, að málið verði eigi fellt, og eigi rekið í nefndina aptur, því jeg mótmæli því; jeg veit líka, að engir eru þeir, sem láti einstaka menn hafa þau áhrif á sig, að þeir breyti sannfæringu sinni, og það er jeg viss um, að falli málið, mun þjóðin una því mjög illa. Jeg vona því, að menn samþykki, að það gangi til annarar umræðu.

Jón Ólafsson: Jeg er nú einn af þeim, sem eigi get annað, en mælt gegn frumvarpi þessu, þótt jeg fái ámæli fyrir það. Hinn háttvirti 2. þingmaður Gullbringusýslu sagði, að það væri sorglegt, ef þetta frumvarp yrði fellt. Getur verið. En hverjum er það að kenna öðrum en nefndinni? Hún hefur nú í 5 vikur verið að búa til breytingaratkvæði við frumvarpið, því nefndarálitið er ekkert annað en *breytingaratkvæði*. Hjer sjest engin ástæða fyrir neinu. Sami þingmaður kvað málið hafa komið á þing fyrir 36 árum, og hafa haft langan undirbúning þar á undan. Það getur verið satt, en málið er engu að síður jafnvel ver undirbúið, en það var þá, því nú eru 2 eða jafnvel 6 frumvörp, ef vel er talið, sem að eins flækja málið. Nefndin hefur reist sjer hurðarás um öxl með því, að taka allt málið fyrir í einu. Stjórnin hefur breytt ónærgætnislega, og jeg vil segja óviðurkvæmilega við þingið, að taka eigi nokkurt minnsta tillit til álits efri deildar 1879, heldur senda þessari deild sitt frumvarp óbreytt til meðferðar, og jeg álít það eigi samboðið virðingu þeirri, er vjer eigum að bera fyrir vorri heiðruðu systurdeild, að taka þessu með þökkum af stjórninni. 1. þingmaður Húnvetninga sagði, að það væri undarlegt, að vilja heldur ræða ýms smáfrumvörp, en láta þetta stórmál sitja á hakanum. En einmitt af því þetta mál er svo stórt, að það er of stórt einu þingi, er ekki hægt að ljúka við það, þar sem aptur á móti má afgreiða mörg af hinum smærri málum. Mörg af þessum smá-málum eru og sum hálfbúin, sum meira en hálfbúin frá þinginu. Eigum við nú að leggja það á hættu, að eyðileggja allt okkar sumarstarf við þessi minni mál, með því að fara að verja tíma okkar til að ræða þetta mál, sem nú *getur* ekki komizt fram tímans vegna, ef nokkur mynd á að verða á meðferð þess, og svipta oss þar með færi á, að ljúka við þau minni mál, sem nú eru langt á veg komin, og sem við annars höfum tíma til að ljúka við. Hinn háttvirti þingmaður Árnesinga sagði, að hinar einu skynsömu mótbárurnar gegn frumvarpinu hefðu komið frá hinum háttvirta þingmanni Reykvíkinga. Jeg efast eigi um skynsemi þingmanns þess, en það er hart að gjöra alla aðra, sem talað hafa gegn frumvarpinu, að óvitringum fyrir það. Verði frumvarpið fellt, sýnir það, að frumvarpið er eigi byggt á betri ástæðum en mótbárurnar. Af því nefndarálit vantaði, þurfti framsögumaður að brjóta þingsköpin með því, að fara út i hinar einstöku greinir málsins, sem þó alls ekki má gjöra fyr en við 2. umræðu. Af því ómögulegt er að ljúka við málið, álít jeg það misbrúkuu á tíma þingsins, að eyða honum til þess, að ræða það, enda verður það að líkindum drepið fyr eða síðar. Áður en jeg sezt, vil jeg svara einum háttvirtum þingmanni, sem sagði, að það væri eins um nefndarálit fjárlaganefndarinnar og þetta; en því fer fjarri, að svo sje, því sú nefnd hefur bæði fært ástæður fyrir frumvarpinu, og auk þess einkennt breytingar sínar. Jeg álít, að nefndin gjörði þarft verk, ef hún tæki frumvarpið aptur og ljeti prenta það að nýju.

Framsögumaður: Það hafa komið fram margar mótbárur á móti því, að mál þetta gangi til 2. umræðu, en það er búið að taka það fram hvað eptir annað, hvað ástæðulausar þær mótbárur eru. Þótt málið aldrei gæti orðið útrætt á þessu þingi, þá er það þó eigi að síður nauðsynlegt, að minnsta kosti að þessi deild sýni með atkvæðagreiðslu sinni, hverja stefnu hún vill aðhyllast, og að öðru leyti að málið verði sem bezt búið undir fullnaðarúrslit á næsta þingi. En

hvað formið snertir, þá er búið að margtaka það fram, að í því tilliti er ekkert því til fyrirstöðu, að það gangi til 2. umræðu, þótt þeir, sem mælt hafa á móti því, hafi eigi viljað taka það til greina.

Eiríkur Kúld: Jeg vil leyfa mjer að leiðrjetta hinn heiðraða 2. þingmann Skagfirðinga. Jeg hef aldrei sagt, að jeg vildi fella málið, og það hefur enginn sagt nema hinn heiðraði 2. þingmaður Norður-Múlasýslu. Jeg vil leggja það til, að málinu sje frestað, en eigi að það sje fellt. Jeg get eigi annað sjeð, en að hjer sjeu 2 frumvörp, en ekkert nefndarálit, og er jeg í því samdóma hinum heiðraða 2. þingmanni Norður-Múlasýslu; en jeg get ekki skilið, hvernig bæði frumvörpin geta gengið til 2. umræðu. Þess vegna hef jeg stungið upp á því, að ræða framsögumanns verði prentuð með frumvarpi nefndarinnar, sem ástæður fyrir breytingum hennar, og vil jeg svo láta vísa málinu til 2. umræðu. Mjer er málið áhugamál, og jeg vil ekki láta það deyja, en jeg tek mjer ekki nærri, þó það verði eigi allt að lögum. Það hefði verið heppilegra, hefði kaflar af því verið teknir og gjörðar breytingar við þá, en við hvert frumvarpið á að gjöra breytingar?

Halldór Friðriksson: Það er furða, að menn skuli vera í vandræðum með þetta; mjer virðist það ofur-einfalt mál, að stjórnarfrumvarpið annaðhvort gangi til 2. umræðu, eða að það verði fellt, og þá eins hitt frumvarpið; ef frumvarp stjórnarinnar verður fellt, þá getur komið til atkvæða, hvort frumvarp nefndarinnar eigi að koma til 1. umræðu; en ef stjórnarfrumvarpið gengur til annarar umræðu, þá verður nefndin að koma með breytingaruppástungur við það samkvæmar sínu frumvarpi. Jeg álít öldungis nauðsynlegt, að fá málið til 2. umræðu, Jeg játa það, að í frumvarpi nefndarinnar eru margar breytingar til hins betra, og því álít jeg verra að fella það; einmitt það ætti því að leggja til grundvallar, en ekki stjórnarfrumvarpið. En fari svo, að frumvarp stjórnarinnar gangi til 2. umræðu, þá er hægt að gjöra atkvæðaskrá, þar sem uppástungur nefndarinnar geti komið fram. En að því er snertir breytingar nefndarinnar, þá er það ekki talað af sanngirni, að hjer sje ekkert nefndarálit. Hin sama aðferðin er höfð við fjárlögin. 2. þingmaður Suður-Múlasýslu var að gefa stjórninni ofanígjöf fyrir meðferð hennar á efri deild í fyrra, er hún hafi ekki tekið til greina uppástungur hennar 1879; en hann getur greitt atkvæði á móti öllum greinum þeim, sem efri deild eigi lagfærði eða samþykkti; það er nóg ofanígjöf fyrir stjórnina. Jeg ætla, að margt í frumvarpinu sje rjettarbót, og enda þótt lítil líkindi sjeu til, að þetta mál verði rætt til enda í báðum þingdeildunum, þá verð jeg að ætla, að málið vinni talsvert við það, að það sje rætt hjer í deildinni, svo að stjórnin fái að sjá, hverjar breytingar hún vilji gjöra á frumvarpinu; það er bezti vegurinn til að fá það fram, sem til bóta lýtur. Jeg verð að vona, að hin heiðraða deild taki annaðhvort frumvarpið til 2. umræðu, en jeg vil heldur nefndarframvarpið, en stjórnarfrumvarpið.

Forseti: Mjer sýnist ekki vandi að greiða úr þessu máli. Þingmenn geta gjört hvort er vill, hafnað stjórnarfrumvarpinu ellegar látið bæði frumvörpin ganga til 2. umræðu með þeim fyrirvara, að nefndin snúi sínu frumvarpi upp í breytingaratkvæði við frumvarp stjórnarinnar.

Þorlákur Guðmundsson: Jeg ætla einungis að bera til baka orð 2. þingmanns Suður-Múlasýslu, er hann sagði, að 5 vikur hefðu gengið til þess að semja frumvarpið. Þetta er alls ekki rjett, því það er langt síðan nefndin lauk frumvarpinu og afhenti það til prentunar, og getur því hver maður sjeð, hvort þetta er satt eða ekki. Jeg man ekki betur, en þeir væru að afsaka fjárlaganefndina í dag með því, að handritið hefði verið búið á sunnudaginn. En hver á að prenta? Kannske fjárlaganefndin gjöri það sjálf, og þess vegna hafi orðið þessi dráttur á því?

Það er undarlegt, að vera að þræta of-

an í sín eigin augu, og segja, að ekkert nefndarálit liggi fyrir. Hvar eru reglur fyrir því, hvað nefndarálit eigi að vera langt? Þær eru náttúrlega engar til, og einstakir þingmenn munu ekki geta gefið reglur fyrir því. Nefndarálitið er fyrir framan frumvarpið, eins og hver maður, sem hefur bæði augun opin, getur sjeð.

Lárus Blöndal: Það er að eins lítil athugasemd, sem jeg vil gjöra. Jeg vil spyrja þessa heiðruðu herra, sem hafa hróp-að hæst hjer í salnum um það, að ekkert nefndarálit sje til í máli þessu, jafnvel þó það liggi prentað hjer á borðinu fyrir framan okkur; og má jeg þá spyrja hina hátt-virtu herra: hvernig fór nefnd sú að, sem var kosin í landbúnaðarmálið í efri deildinni 1879? Hún tók að eins 2 kafla frumvarps-ins til ýtarlegrar yfirvegunar og gaf í áliti sínu með almennum orðum ástæður fyrir því, hvers vegna hún gjörði það. Því næst ljet nefndin í áliti sínu prenta kaflana um landsdrottna og leiguliða og um úttektir með þeim breytingum við þessa kafla frum-varpsins, sem nefndin hefði gjört, *án þess að færa nokkrar ástæður fyrir þessum breytingum, eða gjöra nokkrar athuga-semdir um þær.* Þessu fann enginn að í efri deild, en nú, þegar sama málið kemur fram hjer í deildinni og nefndin í málinu fylgir alveg hinni sömu formlegu aðferð í áliti sínu, eins og nefndin í efri deild 1879, þá rísa þessir heiðruðu herrar upp öfugir og úthverfir, og vilja slá sig til riddara á nefndinni, með því að bregða henni um formleysi.

Þá höfðu 8 þingmenn:

Jón Ólafsson,
Egill Egilsson,
Holgeir Clausen,
Grímur Thomsen,
Benidikt Sveinsson,
Jón Jónsson,
Þorkell Bjarnason,
Ólafur Pálsson,

beiðzt, að hætt skyldi umræðunum, og var það samþykkt með 15 atkvæðum.

Þá var stjórnarfrumvarpið fellt með 15 atkvæðum gegn 4.

Því næst var nefndarfrumvarpið borið undir atkvæði; var við haft nafnakall, og sögðu

Já:

Eiríkur Briem,
Magnús Andrjesson,
Egill Egilsson,
Eiríkur Kúld,
Friðrik Stefánsson,
Grímur Thomsen,
Guðmundur Einarsson,
Halldór Friðriksson,
Holgeir Clausen,
Lárus Blöndal,
Ólafur Pálsson,
Tryggvi Gunnarsson,
Þórður Magnússon,
Þorkell Bjarnason,
Þorlákur Guðmundsson,
Þorsteinn Thorsteinson,
Þorvarður Kjerulf.

Nei:

Benidikt Sveinsson,
Jón Ólafsson.

Jón Jónsson greiddi ekki atkvæði, og færði þær ástæður til, að hann áliti nefnd-arálitið fallið með stjórnarfrumvarpinu, en með því hefði hann greitt atkvæði.

Forseti spurði þingmenn, hvort það væru ástæður, og kváðu þeir nei við því. Taldist því atkvæði Jóns með meiri hluta, og var þannig samþykkt með 18 atkvæðum gegn 2, að frumvarp nefndarinnar skyldi ganga til 2. umræðu.

ÖNNUR UMRÆÐA Í NEÐRI DEILD,
á 53. fundi, 18. dag ágústmánaðar.

Breytingar- og viðaukatillaga við frumvarp til landbúnaðarlaga.

66. gr. falli burtu, en í staðinn komi ný grein þannig orðuð:

»Leiguliði skal vinna upp tún og venju-legt engi leigujarðar sinnar, svo að hún sje í fullri rækt. Svo skal og hver sá, er á jörðu, jarðarparti eða hjáleigu býr, skyldur

að vinna árlega að jarðabótum á ábyli sínu, sem svarar tveim dagsverkum fyrir hvern verkfæran karlmann, 20—60 ára að aldri, er hann hefur á heimili sínu sem ársmann. Sjálfráður er ábúandi að því, hverja jarðabót hann vinnur, og skal hann árlega á vorþingi gefa hreppstjóra skýrslu yfir jarðabót þá, er hann ljet vinna næsta ár á undan. Skyldur er hreppstjóri að hafa eptirlit með jarðabótum þessum, og má hann, með ráði hreppsnefndar, þar sem hann álítur að skylduvinna þessi sje vanrækt, ákveða nánar um fyrirkomulag og framkvæmd hennar. Bregði leiguliði af þessu lengur en eitt ár í senn, missir hann ábúðarrjett sinn. Nú vanrækja ábúendur, er eigi eru leiguliðar, tjeða skylduvinnu eitt ár eða lengur, og skulu þeir þá sekir fyrir ár hvert um 1—10 kr. Þorkell Bjarnason. Þorlákur Guðmundsson.

Forseti skýrði frá, að hann mundi fyrst taka til umræðu 1.—6. kapítuli,

Framsögumaður (Eiríkur Briem): Við 1. umræðu var mest talað um, að hve miklu leyti formið á frumvarpi nefndarinnar leyfði málinu að ganga til 2. umræðu. Einnig var lítið eitt rætt um nokkur einstök atriði. Eins og jeg tók þá fram viðvíkjandi 1. gr., þá væri kannske ástæða til að taka til um óværueignir. Að því er snertir 10. gr., þá kom það fram í nefndinni, að ef til vill mætti setja aðrar ákvarðanir, en þó þótti nefndinni ekki ástæða til að gjöra breytingu frá gildandi lögum í efni. Viðvíkjandi 23. gr. vil jeg taka fram um misskilning þann, sem jeg hef orðið var við hjá sumum þingmönnum, að það var engan veginn meining nefndarinnar, að gjöra með því breyting frá gildandi lögum. Nefndin gekk að því sem sjálfsögðu, að allar hinar sjerstöku ákvarðanir, t. a. m. um laxveiði o. fl., stæðu óhaggaðar. Jeg skal enn fremur geta þess um 41. gr., að þar sem talað er um innsetningu á fjenaði, þá hefur fallið úr við prentunina, að sá, sem setur fjenaðinn inn, sje skyldur að gefa fjenaðinum hey. Að svo stöddu sje jeg ekki ástæðu til að taka fleira fram viðvíkjandi þessum kafla, fyr en jeg heyri umræður þingmanna.

Benidikt Sveinsson: Jeg verð að lýsa því yfir, að jeg hefði mjög margt að tala um þessa 6 fyrstu kapítula, ef ræða ætti þá að nokkru gagni, en jeg sje ekki, að tíminn geti enzt til þess, þar sem svo mörg önnur mál standa á dagskrá þingsins, sem sjálfsagt verða óræddd og hálfrædd; með öðrum orðum: jeg sje mjer ekki kleyft, að leggja út í að skýra frá öllum þeim göllum, sem eru á þessum köflum öllum og öllu frumvarpinu yfir höfuð. Jeg mundi gjöra þingmenn leiða á að hlusta á bæði formgalla þá, sem eru á meðferð þessa frumvarps, og eins gallana á innihaldi hinna einstöku greina. Jeg skal að eins taka til dæmis um 23. gr. Framsögumaður segir, að það sje ekki meining frumvarpsins, að koma í bága við gildandi ný lög, en þessi grein kollvarpar þó gildandi lögum, lögunum 11 maí 1876, og öllum grundallarreglum eldri laga. Framsögumður hlýtur að sjá, að slíkar ákvarðanir eru allshendis óhafandi. Hinn háttvirti framsögumaður ætlast þó ekki til, að gagnstæð lög um sama efni gildi hver við hliðina á öðrum. Það væri sannarlega skrítin «*códification*» af íslenzkum landbúnaðarlögum. Nei, til þess heyrir, að landbúnaðarlögin sjeu sjálfri sjer samkvæm samanhangandi heild. Jeg ætla þá heldur ekki að fjölyrða um það, þótt hver greinin í frumvarpinu sjálfu ríði í bága við aðra, t. a. m. eins og þegar ekki má leigja neina jarðeign lengur en 50 ár í senn, en aptur er á öðrum stað kveðið svo á, að ábúðarrjetturinn skuli vera æfilangur. Þetta kemur þó hvað í bága við annað. Þetta er nú eitt dæmi þess, hve frumvarpið er óhafandi. Jeg hef ekki önnur ráð, þegar frumvarpið er svona úr garði gjört, en að greiða atkvæði á móti öllum köflum frumvarpsins og öllum einstökum greinum.

Framsögumaður: Viðvíkjandi hinum sjerstöku atriðum, sem þingmaðurinn tók fram, einkum að 23. gr. gæti ekki staðið jafnhliða öðrum gildandi ákvörðunum, þá er mjer ómögulegt að sjá það, t. a. m. að sjer-

stök lög um laxveiði megi ekki standast jafnframt þeim almennu ákvörðunum, sem settar eru í greininni. Hitt atriðið, að 50 ára byggingartími kæmi í bága við æfilanga ábúð, þá er vitaskuld, að svo er, þegar ábúandi lifir lengur en 50 ár. En hitt er þó aðgætandi, að þegar byggt er æfilangt, þá er engin viss áratala ákveðin, svo að það er reyndar allt annað en þegar miðað er við vissan árafjölda; en að öðru leyti liggur þetta atriði fyrir utan þann kafla, sem nú er til umræðu.

Urðu svo ekki lengri umræður um málið, og beiddist forseti að mega lesa allan kaflann upp, og láta síðan greiða atkvæði um hann. Var það samþykkt, og var:

I.—VI. kapituli samþykktur í einu með 15 atkvæðum gegn 4.

Því næst var tekinn til umræðu 7. og 8. kapituli landbúnaðarlaganna.

Framsögumaður: Viðvíkjandi þessum kafla hefur komið ein breytingaruppástunga frá tveimur mönnum úr nefndinni við 66. gr., og fer hún fram á, að gjöra að lagaskyldu, að hver ábúandi vinni árlega að jarðabótum á ábýli sínu, sem svarar tveim dagsverkum fyrir hvern verkfæran karlmann, 20—60 ára, sem hann hefur á heimili sínu sem ársmann. Þetta kom til tals í nefndinni, en þó að allir nefndarmenn könnuðust við, að það væri af góðum toga spunnið, þá gat meiri hlutinn eigi fallizt á, að ástæða væri til þess, að taka upp slíka ákvörðun, af því að hann áleit, að hún gæti ekki orðið að neinum verulegum notum; það getur heldur eigi álitizt nauðsynlegt, að hvetja menn til jarðabóta á þann hátt, eptir þeim hug, sem menn nú eru farnir að hafa á jarðabótum, enda væri þá nauðsynlegt að ákvörðunin færi lengra. Með því að gjöra jarðabætur að lagaskyldu, þá þyngir það á ábúanda, og að svo miklu leyti, sem hann er leiguliði, nýtur hann eigi fremur en verkast vill ávaxtanna af því, heldur landsdrottinn hans, og verður þetta þannig að eins viðbót við eptirgjald hans. Auk þess þyrfti þetta talsvert eptirlit, ef jarðabæturnar ættu að verða annað en eintómt kák, þar sem góðan vilja vantaði, og yrði það mikil fyrirhöfn. Þess vegna áleit meiri hlutinn rjettast, að þessu væri sleppt. Jeg man ekki eptir, að bent væti sjerstaklega á önnur atriði.

Eiríkur Kúld: Jeg vil leyfa mjer að benda hinum háttvirta framsögumanni á, að mjer þykir 60. gr. ógreinilega orðuð; jeg ímynda mjer, að það eigi að vera «komma» á eptir orðinu eigi, og að «semíkólon» mætti falla burt; þá er fyrst mögulegt að skilja greinina.

Framsögumaður: Já; það á að vera, eins og þingmaðurinn segir.

Þorkell Bjarnason: Viðvíkjandi breytingaruppástungu minni og annars háttvirts þingmanns vil jeg leyfa mjer að geta þess, að það hefur verið skorað á okkur báða að koma svipaðri ákvörðun inn í landbúnaðarlögin, en nefndin vildi ekki fallast á hana. Margir skynsamir bændur álíta það nauðsynlegt, til að vekja hjá mönnum áhuga á jarðabótum, að mönnum sje gjört að skyldu, að gjöra árlega jarðabætur, sem ekki eru tilfinnanlegar, á ábýlum sínum. Þetta, sem hjer er farið fram á, er lítil kvöð fyrir ábúendur, og getur eigi talizt nein tilfinnanleg byrði fyrir þá, en getur þó með tíma orðið að góðu gagni, bæði af því að jörðin smábatnar, og svo af hinu, að með þessu komast menn smámsaman að raun um, að jarðabætur sjeu nauðsynlegar. Það er þetta, sem ætlazt er til að breytingaruppástungan komi til leiðar, og á hún að ná jafnt yfir alla, sem á jörðum búa. Sektin á að vera fólgin í því, að leiguliði missi ábúðarrjett sinn, og er það honum nóg hegning, en jarðeigandi og aðrir, sem ekki eru leiguliðar, skulu afplána sektina með fje. Jeg

held, að þetta geti orðið að miklu gagni, og vona því, að deildin gefi góðan róm að breytingaruppástungunni.

Þórður Magnússon: Þó að góð meining sje í þessari breytingartillögu, að efla jarðabætur, þá er það mín skoðun, að það muni eigi vera til neins gagns. Þar sem hinn háttvirti 2. þingmaður Gullbringusýslu sagði, að þetta væri lítil kvöð fyrir ábúandann, þá verð jeg að álíta annað, því að sá bóndi, sem hefur 6 verkfæra menn á heimili sínu, verður árlega að bæta við sig hjer um bil 36 kr. útgjöldum. Ef bóndinn er frumbýlingur, og girðir tún sitt með þessum skyldudagsverkum, þá verður það máske ekki búið á 10 árum, þó að hann hafi 6 menn, og fellur þá þetta verk að öllu til eiganda, án þess leiguliði hafi þess not. Hafi hann nú fullhart eptirgjald áður, þá er þetta ekki lítil viðbót. Það er heldur ekkert gagn að túngarði, nema hann nái allt umhverfis túnið. En hvað sektinni viðvíkur hjá þeim, sem búa á sjálfseign, þá virðist mjer eigi rjett, að eigandi jarðar, sem hefur marga menn og brýtur opt móti þessu boði, verði að eins sektaður um 10 kr. Jeg get því ekki fallizt á breytingartillöguna af þessum ástæðum, sem jeg hef tekið fram, og mun greiða atkvæði á móti henni.

Þorlákur Guðmundsson: Hinn háttvirti 2. þingmaður Ísfirðinga hefur talað á móti þessari breytingartillögu, og fært til ástæður, sem mjer þykja ekki mikilvægar. Jeg álít, að enginn maður sje verður þess, að fá jörð, ef hann vill ekki vinna henni lítið í hag og undir eins sjálfum sjer. Það er undarlegt, ef menn ekki skyldu heldur vilja vekja upp dugnað, en að niðurdrepa honum. Hinn háttvirti þingmaður sagði einnig, að eigi væri gagn að túngarði, nema því að eins, að hann nái umhverfis allt túnið, en það er ekki alstaðar svo háttað; víða er gagn að, þó að túngarðurinn nái ekki nema fyrir helming eða fjórðapart af túninu, allt eptir því hvernig túninu hagar til. Ef menn hafa hug á jarðabótum, og áhugann ætti að vekja, þá geta þeir unnið þær, þó þeir sjeu leiguliðar. Enda þekkjum vjer margan leiguliða einyrkja, sem mikið hefur gjört eptir sínum kringumstæðum, bara að menn gjöri sjer ljóst, að slíkt er bæði til gagns og sóma; og jeg er viss um, að það er enginn einyrki, sem hefur hugann á því, sem eigi getur gjört eitthvað til bóta. Þetta ætti þó að vera til að hvetja menn til þess, en ekki að letja þá; en hafi bóndinn, eins og þingmaðurinn tók til dæmis, 6 verkfæra menn, þá ætti hann því heldur að geta unnið jarðabætur, eða skyldi fara betur á því, að menn hans lægju aðgjörðarlausir uppi í rúmi? Þetta er ekki gjört vegna þeirra árvökru og atorkusömu, heldur hinna, sem sofa, til að vekja þá til að sýna sjálfum sjer og föðurlandinu einhverja rækt.

Af því að eigi tóku fleiri til máls, lýsti forseti því yfir, að umræðunni væri lokið, og ljet því næst greiða atkvæði um breytingartillöguna við 66. gr., og fjell hún með 14 atkvæðum gegn 4[1]. Því næst bar forseti 7. og 8. kapítula búnaðarlaganna undir atkvæði, og voru þeir samþykktir með 16 atkvæðum.

Þá kom til umræðu 3. kafli frumvarpsins, 9.—12. kapituli.

Framsögumaður: Viðvíkjandi þessum kafla, þá komu fram um daginn mótmæli á móti 105. gr. og greinunum þar á eptir. Viðvíkjandi 105. gr., þá skoðaði nefndin svo, að ástæða væri til að setja ákvörðun um það, að einn skyldi hafa byggingarráðin fyrir hverri jörð, bæði til þess að styðja að góðu samkomulagi, ef 2 eiga jörðina, og til þess að gjöra mönnum síður girnilegt, að eignast parta úr jörðum, sem er til þess að rýra verð þeirra í heild sinni. Þar sem

1) Í gjörðabók neðri deildar er atkvæðagreiðslunnar um þessa breytingartillögu ekki getið, en það, sem hjer stendur, er tekið eptir umræðunum.

sagt var um daginn, að nefndin vildi koma í veg fyrir það, að nýbýli fjölguðu, þá er það að nokkru leyti á rökum byggt. En nefndin áleit, að ef býlin væru mjög smá, þá gæti það leitt til iðjuleysis og þar af leiðandi örbirgðar, ef einyrki hefði ekki fulla atvinnu við að stunda það bú, sem hafa mætti á býlinu, og þess vegna vildi nefndin eigi gjöra slík býli að sjerstökum jörðum, eða láta neitt vera því til fyrirstöðu, að þau væru lögð niður. En þegar býlin eru nokkuð stór og ekki minni en 5 hundruð, og sýslunefndin álítur það til bóta, að byggð verði aldrei lögð niður á þeim, þá er það ekki fyrirmunað. En þar sem ákveðið er, að leita samþykkis landshöfðingja, þegar gjöra skal smábýli að jörð, eða jörð að hjáleigu, þá byggist það á því, að sjerstakar lagaákvarðanir eru við þetta bundnar, er síðar kynnu að fjölga, og því þótti nefndinni ástæða til, að umboðsvaldið hefði nokkuð að segja um breytingar þær, sem gjörðar væru í þessu tilliti.

Þórður Magnússon: Hvað snertir 105. gr., þá get jeg ekki betur sjeð, en hún komi í bága við eignarrjettinn. Ef annar maður á 10 hundruð í jörðu, en annar 11 í sömu jörð, þá hefur sá byggingarráðin, sem á 11 hundruð. Ef jeg því ætti allt að helmingi einhverrar jarðar, en annar maður ætti rúman helming á móti mjer, þá gæti jeg ekki komizt á jörðina sjálfur, þó jeg vildi, heldur gæti meðeigandi minn byggt hana hverjum, sem honum þóknaðist. Jeg álít því þessa grein óhafandi, og ætla að vita, hvort ekki verða einhverjir til þess, að koma með breytingaratkvæði við hana með mjer við 3. umræðu.

Framsögumaður: Það er rjett, sem hinn háttvirti 2. þingmaður Ísfirðinga tók fram, að þetta er nokkur takmörkun á eignarrjettinum, en þessa takmörkun virtist nefndinni yfirgnæfandi ástæða til að gjöra, af því henni hugsaðist ekkert annað hagfelldara ráð til þess, að koma í veg fyrir, að jarðir pörtuðust í sundur, sem verður til þess að spilla jörðunni og rýra verð hennar og gildi, sem og til að koma í veg fyrir ágreining þann, er opt leiðir af því, þegar margir búa saman í sömu húsum, hver að óvilja annars.

Var síðan gengið til atkvæða um þennan kafla, og fjell atkvæðagreiðsla þannig:
105. gr. felld með 10 atkvæðum á móti 10.
Var nafnakall við haft og sögðu

Já:
Eiríkur Briem,
Magnús Andrjesson,
Friðrik Stefánsson,
Guðmundur Einarsson,
Halldór Friðriksson,
Lárus Blöndal,
Ólafur Pálsson,
Þorkell Bjarnason,
Þorlákur Guðmundsson,
Þorvarður Kjerulf.

Nei:
Arnljótur Ólafsson,
Benidikt Sveinsson,
Egill Egilsson,
Eiríkur Kúld,
Grímur Thomsen,
Jón Ólafsson,
Tryggvi Gunnarsson,
Þórður Magnússon,
Þorsteinn Jónsson,
Þorsteinn Thorsteinson.

9. kapítuli með áorðinni breytingu samþykktur með 13 atkvæðum gegn 1.

10., 11., 12. kapítuli samþykktur með 14 atkvæðum móti 2.

Frumvarpinu í heild sinni var því næst vísað til 3. umræðu með 14 atkvæðum.

ÞRIÐJA UMRÆÐA Í NEÐRI DEILD,
á 63. fundi, 24. dag ágústmán.

Frumvarpið, eins og það var samþykkt við 2. umræðu, sjá I, 298—318.

Breytingartillögur
við frumvarp til landbúnaðarlaga,
eins og það var samþykkt við aðra umræðu.
Frá nefndinni.

1. Við 2. gr. Aptan við orðin: «sveit eða hjerað» bætist: «óværueignir eru óbyggðar lendur, sem eigi liggja undir nokkra jörð, og eigi eru hafðar til uppreksturs».
2. Við 10. gr. Þessi grein falli burt, og breytist greinatalan eptir því.
3. Við 23. gr. Aptan við greinin bætist: «Að öðru leyti fer um veiðar í ám eptir því, sem ákveðið er í sjerstökum lögum».
4. Við 41. gr. Á eptir orðunum: «sem inn setti» komi: «einnig skal gefa honum hey, ef með þarf».
5. Við 81. gr. Í stað: «3 krónur» komi: «2 krónur», og orðin: «og ferðakostnað . . . verður» falli burt.
6. Næst á eptir 104. gr. bætist ný grein, sem verður 105. gr., svo hljóðandi:

«Ef 2 menn eða fleiri eiga parta í hinni sömu jörð, þá skal þó ávallt einn maður ráða fyrir byggingu allrar jarðarinnar, og yfir höfuð ganga í landsdrottins stað, nema eigandi vilji sjálfur búa á parti sínum, enda sje sá partur eigi minni en 5 hndr. Komi eigendum eigi ásamt um, hver ráða skal fyrir byggingunni, þá skal atkvæðafjöldi ráða, en ef eigi eru fleiri en 2 hlutareigendur, skal sá ráða, er meira á í jörðinni, og eigi þeir báðir jafnmikið skulu óvilhallir menn kveða á um, hver hafa skal byggingarráðin. Sá, sem fyrir byggingu ræður, skal tilkynna það sýslumanni; hann ábyrgist og eigendum eptirgjald jarðar og álag».

7. Við 110. gr. Aptan við orðin; «þegar smábýli» bætist: «eða óværueign».
   Aptan við orðin: «og smábýlið» bætist; «eða óværueignin».
   Aptan við orðið: «smábýlisins» bætist: «eða óværueignarinnar».
8. Við 111. gr. Aptan við greinina bætist: «eða æfilangt».
9. Við 112. gr. Á eptir orðunum: «að því er snertir» komi: «borgun fyrir úttektir og 71. gr. í sömu reglugjörð að því leyti, er snertir».

Framsögumaður (Eiríkur Briem): Síðan við 2. umræðu í þessu máli hafa engar breytingartillögur komið fram nema frá nefndinni, og fara þær í líka átt, og jeg gat um við 2. umræðu. Viðvíkjandi 105. gr., sem felld var úr frumvarpinu við 2. umræðu, er það að segja, að nefndin hefur stungið upp á nýrri grein í hennar stað, sem er svipuð hinni, nema hvað tekið er fram, að eigandi hafi sjálfur rjett til að búa á jarðarparti sínum, ef hann vill; en að öðru leyti er greinin óbreytt.

Af því að fleiri óskuðu ekki að taka til máls, lýsti forseti því yfir, að umræðunni væri lokið, og ljet því næst greiða atkvæði, og var:

1. breytingartillaga nefndarinnar samþykkt með 13 atkvæðum
2. breytingartillaga nefndarinnar samþykkt með 10 atkvæðum.
3. breytingartillaga nefndarinnar samþykkt með 14 atkvæðum.
4. breytingartillaga nefndarinnar samþykkt með 14 atkvæðum.
5. breytingartillaga nefndarinnar samþykkt með 11 atkvæðum.
6. breytingartillaga nefndarinnar samþykkt með 10 atkvæðum gegn 1.
7. breytingartillaga nefndarinnar samþykkt með 12 atkvæðum.

8. breytingartillaga nefndarinnar samþykkt með 15 atkvæðum.
9. breytingartillaga nefndarinnar samþykkt með 13 atkvæðum.

Frumvarpið í heild sinni samþykkt með 13 atkvæðum.

Lengra komst frumvarpið ekki áleiðis á þinginu.

LI.

Háskóli á Íslandi.

Frumvarp til laga um stofnun háskóla á Íslandi. Frá 2. þingmanni Norður-Múlasýslu. Frumvarpið er prentað í fyrri parti alþingistíðindanna, bls. 60.

FYRSTA UMRÆÐA Í NEÐRI DEILD,
á 13. fundi, 18. dag júlímánaðar.

Flutningsmaður (*Benidikt Sveinsson*): Jeg má vera þakklátur hinum háttvirta forseta fyrir það, að hann hefur valið þessu máli það sæti á dagskránni, sem hann hefur gjört, því jeg er sannfærður um, að sóknarbandsleysingarmálið, sem um var rætt, hefur sett andlega lypting í hina heiðruðu þingdeild, og hafið hana á æðra andlegt sjónarsvið, svo hún verður þolinmóðari og fúsari að gefa orðum mínum gaum.

Andróður sá og barátta, sem skólamál vor og framganga þeirra hefur jafnan átt við að stríða, knýja mig sem sje til að fara nokkrum orðum um frumvarp þetta, og gjöra grein fyrir skoðun minni á málinu yfir höfuð og rökum þeim, sem jeg byggi frumvarpið á, en jeg skal vera svo fáorður sem mjer er unnt.

Jeg játa það, að þetta frumvarp er nýmæli að ytri álitum. Jeg játa, að orðið «háskóli» er nýmæli hjer á landi, enda mundi jeg fús á að breyta þessu nafni í «landskóli» eða «þjóðskóli», ef menn svo vildu, og nafnið eitt væri málinu til fyrirstöðu. En hyggi maður nákvæmar að, sjer maður, að það hefur djúpar sögulegar rætur, og hvílir á afltaugum liðins tima, og er þannig samkvæmt anda tíma þeirra, sem nú eru, og ætlunarverki þjóðar vorrar.

Lítum á mannkynsöguna; lítum á reynslu mannkynsins frá þeim tíma, sem vjer höfðum sögur af. Eins og vísindi, framför og frelsi hafa jafnan verið samfara hjá þjóðunum yfir höfuð, þannig hefur innlend menntun, framför og frelsi jafnanverið þrjár skyldgetnar himinbornar systur, sem hafa haldizt í hendur og leitt hverja einstaka þjóð að því takmarki, sem forsjónin hefur sett henni.

Lítum á sögu sjálfra vor. Oss hefur aldrei leiðzt að renna augum vorum til hinnar fögru og frægu fornaldar vorrar. Má jeg spyrja: voru það ekki þær hinar sömu þrjár himinbornu systur, sem hjeldust í hönd ur einnig hjá oss? Og fór það ekki svo, að þegar þær hurfu, þá var allri vorri frægð, öllum vorum frama lokið.

Það var þannig ekki úr lausu lopti gripið, er hið fyrsta endurreista alþingi 1845 bar hina innlendu þjóðmenntun fram mála fyrst. Eins og orðið «mamma» er hið fyrsta

orð, sem vjer heyrum af vörum barnsins, þannig var orðið «þjóðskóli» hið fyrsta orð af vörum alþingis 1845, framborið í nafni og umboði þjóðarinnar af þeim manni, þeirri frelsishetju, sem nú er að vísa látinn, en hin andlega og líkamlega ímynd hans mænir yfir oss hjer í salnum, og jeg vildi óska, að hún æ og æfinlega hefði sem mest og bezt áhrif á oss innan þessara helgu vjebanda.

Er nú þá ekki stofnun skóla þess, sem frumvarpið ræðir um, byggt á sögulegri nauðsyn? Hún er sannarlega ekki hastarleg breyting eða stökk frá því sem er. Hún er að eins varðveizla og efling þess sem er. Jeg byggi nefnilega á því frumvarpi, sem þingið samþykkti í hitt eð fyrra, um stofnun lagaskóla. Undirtektir stjórnarinnar undir málið leiði jeg á *þessu* augnabliki hjá mjer; seinna skal jeg gefa þeim hornauga. Hjer ræðir þá að eins um, að draga þær vísindastofnanir, sem vjer höfum og *eigum* að hafa, í *eina* skólaheild, *eina* vísindalega stofnun. Viðvíkjandi þessari stofnun vil jeg taka fram, tvö atriði: *þýðingu* hennar og *kostnaðinn*, sem henni er samfara.

Lítum fyrst á hið fyrra atriðið. Vjer vitum allir, að sameinaðir kraptar, hvort sem þeir eru líkamlegir eða andlegir, orka meiru en tvístraðir og á sundrungu. Getum vjer þá neitað því, að hin andlega samvist og samvinna (Jdeeudvexling) meðal kennanda og meðal lærisveina mundi verða og hlyti að verða frjóvgari, innilegri, fjörugri og aflmeiri í þessum sameinaða skóla, en í prestaskólanum og læknaskólanum, dreifðum eins og ýlustráum hjer og hvar? Getum vjer í annan stað neitað því, að vjer mundum og hlytum að vaxa í augum *sjálfra vor*, að sjálfsmeðvitund vor og þjóðarinnar hlyti að vaxa, að andlegt þor og þrek þjóðarinnar hlyti að dafna, þegar vjer sæjum, að vjer betur og á fullkomnara stigi fullnægðum andlegum þörfum þjóðarinnar og þeirri ábyrgð, sem á henni hvílir, eptir því sem augu vor og hennar ljúkast æ betur og betur upp fyrir hinu *sanna*, hinu *fagra*, hinu *góða?* Getum vjer í þriðja lagi neitað því, að vjer hlytum að vaxa í áliti hjá öðrum þjóðum, hinum fjölmennu, auðugu og menntuðu þjóðum heimsins, sem búast má við að hætti við að líta niður á bóginn til vor, sem færumst það í fang, að ganga fram á sjónarsvið sögunnar og þjóðanna? Því skyldum vjer skorast undan að taka oss í hönd og bera fyrir brjósti voru blys vísindanna, blys hinna fornu og frægu íslenzku, þjóðlegu vísinda, til að lýsa oss og öðrum á hinni torsóttu, sömu framfara- og frelsisbraut heimsins? Því mundu ekki einnig þær virða oss því meir, sem þetta blys skín skærar í höndum vorum? Já, því mundi himnafaðirinn loksins eigi sjálfur líta í náð og velþóknun blessunarríku augliti niður til vor, hinnar fátæku og fámennu þjóðar, er hann sæi, að vjer með atorku og áhuga ryddum oss til rúms á hinum háu himinbrautum, sem hann hefur ætlað oss að feta eins og öðrum þjóðum?

Og þá *kostnaðurinn* til þessa skóla. Hin heiðraða þingdeild sjer, að hjer er í sjálfu sjer um engan kostnaðarauka að ræða. Að vísu eru laun þau, sem til lögfræðiskennslunnar ganga, 600 kr. meiri á ári, en ráð var fyrir gjört í frumvarpinu 1879, en þegar að er gætt, sparast meira fje við þetta fyrirkomulag, t. a. m. húsaleiga 3 skóla, afnot alþingishússins í staðinn fyrir að verða að kosta fje til ofnhita og þössunar á vetrum, svo að það ekki eyðileggist, ef það stendur ónotað. Þetta lítilræði, sem jeg get ekki einu sinni fengið huga minn til að dvelja við í samanburði við annað eins mál og þetta, eptirlæt jeg að öðru leyti hinum háttvirtu þingmönnum að íhuga og útreikna nákvæmar.

En nú skal búast við þeirri mótbáru, hvað sjerstaklega *lögfræðisdeildina* snertir, að jeg byggi á röngum grundvelli, því *í fyrsta máta* höfum vjer eigi fje, sem vjer

megum missa, til að koma á *lögfræðiskennslu* hjá oss, og í *annan stað*, þá hafi konungur vor eigi staðfest frumvarp það um stofnun lagaskóla, sem jeg byggi á.

Látum oss þá skoða þessi atriði nákvæmar.

Hvað kostnaðinn snertir, þá setjum svo, að lögfræðisdeildin kostaði oss 10,000 kr. á ári, eins og hinn virðulegi þingmaður Borgfirðinga taldi mest til lagaskólans í hitt eð fyrra. Já, mikil væru ósköpin fyrir oss, sem höfum jafnmikið fje liggjandi ár frá ári í landssjóði. En sleppum því. Ef vjer ráðgjörum 75,000 manns á öllu landinu, þá telst mjer til, að þetta svaraði 13—14 aurum á mann, og það er þá svo sem einn vel útilátinn kaffibolli á ári! Þetta gæti nú þó því að eins komið til greina, ef vjer þyrftum að gjöra nýja álögu, til þess að ná þessu fje. Nei, það er allt öðru nær; vjer þurfum *enga* nýja álögu, og megum fyrir þær sakir drekka kaffibollann okkar rólegir; vjer getum sparað jafnvel miklu meira fje, *sumpart strax*, *sumpart innan skamms*, meðal annars með því, að *af nema ópörf* embætti. Jeg skal til taka amtmannaembættin, landlæknisembættið og jafnvel biskupsembættið. Allt svo þurfum vjer eigi að eyða *einum eyri* meira til embættismannastjettarinnar, en nú er, nema minna sje, þó vjer kostum 10,000 kr. á ári til lögfræðiskennslu. En hjer er þar að auki á annað stórkostlegra fjársparnaðaratriði að líta. Má jeg spyrja: Hvað kostar oss, reiknað út í krónutali, lagamenntunin góða í Kaupmannahafnarháskóla, eins og verið hefur og eins og nú er? Það vill svo vel til, að jeg hef hjer liggjandi á borðinu fyrir framan mig árbók háskólans, útgefna af professor C. Goos árin 1875—77. Þar segir á einum stað svo, að í skýrslu regentsprófastsins standi, að á árunum 1849—að því ári meðreiknuðu — til þess tíma hafi 70 stúdentar komið til háskólans frá Reykjavíkur skóla. Af þessum 70 stúdentum hafi að eins 28 náð embættisprófi, og af þeim 28 að eins 11 bezta vitnisburði, en hinir öðrum vitnisburði, sumir í lakara lagi. Allt svo sjer maður, að *meira en helmingur* af íslenzkum stúdentum hefur á þessu árabili orðið tapaðir sauðir, frávillingar, eða skipreikar, eða hvað maður vill kalla það. Berum nú þetta saman við setningu þjóðmegunarfræðings Dana, N. C. Friðriksens. Hann reiknar svo, að kandídat í lögfræði kostaði 17,000 kr. Þessi kostnaður er reiknaður þannig, að *allt*, sem þarf að kosta til mannsins, er talið ár fyrir ár, þangað til hann er orðinn kandídat, og renturnar lagðar við. Látum nú eptir þessum hlutföllum íslenzkan lögfræðiskandidat koma á ár hvert, annan *tapaðan*, en hinn *hólpinn*. Það er að segja, setjum svo, sem eigi er ofmikið í lagt, að einn Íslendingur hafi á þessu árabili tekið embættispróf í lögfræði annað árið, og einn tapazt hitt árið. Hinir töpuðu sauðir hafa þá annaðhvort ár allan þann tíma kostað 17,000 krónur; og þó þetta þyki ef til vill öfgar, þá held jeg, að jeg gæti til nefnt Íslendinga, fleiri en einn, og máske fleiri en tvo, sem hafa kostað meira en þetta til að ná embættisprófi í lögfræði við háskólann í Kaupmannahöfn, og komið þó heim svo búnir. En «nomina sunt odiosa»; nefnum eigi nöfnin. Á þessu geta hinir háttvirtu þingmenn sjeð, hvað miklu fje hefur verið fleygt í sjóinn fyrir hina töpuðu annaðhvort ár, og öll til samans, sem leiðir af þessu hryggilega ástandi og tilhögun; og er þó ekki talið nema til hálfs, nema *öllu*, sem ekki er innfalið í fje, væri á botninn hvolft; af þessu stutta yfirliti geta allir sjeð, að hjer ræðir í öllu falli um eins mikið fje ár hvert, eins og frumvarpið fer fram á að gangi til lögfræðiskennslunnar, þó kostnaðaráætlunin væri byggð á meira en þriðjungi lægri reikningi, en prófessor Friðriksen gjörir.

Já, þá koma nú hinir *ekki töpuðu* sauð-

ir. Kostnaðinn gjörum vjer hinn sama, svo einlægt koma 17,000 á ár hvert; en þá vil jeg spyrja: hvað hefur svo hinn ekki tapaði sauður lært við Kaupmannahafnarháskóla? Hvað höfum vjer fengið i staðinn fyrir þetta æfafje? Með öðrum orðum: Hvernig er kennslan við háskólann í Kaupmannahöfn í íslenzkum lögum? Nú tek jeg þá aptur hina sömu árbók sjálfs háskólans í hönd mjer. Jeg hef látið leggja út 1. kafla úr árbókinni um þetta mál, og mun jeg sjá svo um, að hinir háttvirtu þingmenn geti kynnt sjer hann á lestrarsalnum undir gangi málsins á þinginu. Jeg skal því ekki þreyta þingmenn með að lesa mikið upp orð fyrir orð, enda er það langt mál, en að eins taka fram nokkur aðalatriði.

Fyrst er þá að nefna brjef hins danska ráðgjafa dags. 16. marz 1863 til háskólans, er hann, út af bænarskrám alþingis 1855 og 1857 um stofnun lagaskóla í Reykjavík, skoraði á háskólakennarana, að þeir segðu álit sitt um, hvort ekki mætti taka nokkuð meira tillit til íslenzkra stúdenta í fyrirlestrunum við háskólann, bæði með tilliti til afbrigða þeirra, sem ættu sjer stað í hinni almennu löggjöf, hvað Ísland snertir, og eins með tilliti til hinnar alveg sjerstöku löggjafar fyrir Ísland, sem sje Jónsbókarinnar. Þessari áskorun svara nú háskólakennendurnir með brjefi dags. 7. apríl 1863. Þeir segja, að hin sjerstaka meðferð á *íslenzkum* rjetti, sem sje höfð nú sem stendur í lögfræðisfyrirlestrunum við háskólann, sje fólgin í því, að *sumpart* sje í inngánginum til danskrar lögvísi, eða hinum almenna hluta privatrjettarins, þar sem talað sje um uppsprettur rjettarins (Retskilderne), tekin fram aðalatriðin í hinni *sögulegu* framsókn íslenzkra laga, og hvernig dönsk-norsk lög hafi komið í staðinn fyrir þau, og að laga þeirra sje getið, sem sjerstaklega hafi komið út fyrir Ísland, einkum síðan um lok næstliðinnar aldar, *sumpart* sje í hinum sjerstaklegu fræðigreinum vísað til hinna sjerstaklegu íslenzku lagaboða í þeirri grein, eins og líka sje gefin lýsing yfir stöðu Íslands í ríkinu, þegar lesið sje yfir ríkisrjettinn, skýring, sem nákvæmlega sje gefin í ritum prófessors Larsens sál. Þetta er rit það, sem hinn ógleymanlegi landi vor Jón sálugi Sigurðsson skrifaði á móti.

Nú! Niðurstaðan verður þá *eptir* þessu brjefi háskólakennaranna sjálfra sú, að kennslan specific í íslenzkum lögum og rjetti við háskólann er að eins fólgin í fátæklegum bendingum, sem mestmegnis eða eingöngu heyra til hinnar *útvortis rjettarsögu landsins*, og þar með punctum og basta. Á hinn bóginn játa þó kennendurnir, að það sjeu *þó ekki ómerkileg* atriði í íslenzkum lögum og rjetti, sem ekki sje vísindalega lýst í fyrirlestrunum við háskólann, einkum og sjer i lagi landbúnaðarrjetturinn, *að* í sambandi við þetta standi vafaspursmál um það í mörgum greinum, hvort Jónsbók gildi eða ekki, *að* til þess að rannsaka á vísindalegan hátt, hver lög sjeu gildandi á Íslandi, þurfi fjarskalega yfirgripsmikla og erfiða rannsókn á myndun íslenzkra laga o. s. frv. Þá játa og kennendurnir, að *rjettarsagan* sje alveg sjálfstæð og hafi myndazt út af fyrir sig fram til vorra tíma, *að* kennsla í henni ekki geti sameinazt fyrirlestrum yfir rjettarsögu Dana, *að* hún mundi eigi fyrirferðarminni en hún o. s. frv.

Sem vænta má, lýsa kennendurnir því yfir í enda brjefsins, að þeir *eigi finni sig kallaða, til að fara frekara en að undanförnu út í íslenzk lög og íslenzka rjettarsögu í fyrirlestrum sínum*, og þetta er mergurinn málsins. En nú er ekki þar með búið. Vjer höfum en annað brjef. Ný bænarskrá frá alþingi, segir í árbókinni, kom ráðgjafanum en á ný til þess að rita brjef til lögfræðiskennaranna við háskólann 27. marz 1872. Eptir að ráðgjafinn hefur talið ýmsar og ýmsar eptirtektaverðar ástæður fyrir

því, að hann hafi neitað um að verða við bæn alþingis, *heimtar* hann þó á hinn bóginn skýrslu frá háskólakennendunum um það, hvort *engin von* væri um, að þær tálmanir, sem hingað til hefðu hamlað því, að fullkomnari kennsla væri veitt í íslenzkum lögum og rjetti, sjer í lagi *landbúnaðarrjettinum* gamla og *rjettarsögu Íslands*, mundu geta horfið með því að nota hina *nýju krapta*, sem háskólinn bæði mundi fá, og þegar hefði fengið, síðan hann gaf hið fyrra álit sitt út. Og skyldi þetta ekki geta orðið, þá hlyti hann að álíta þetta svo *áríðandi*, að gjöra yrði nýja tilraun til að fá mann, til að halda fyrirlestra yfir hinar áminnztu fræðigreinir.

En hvað skeður? Í svari lögfræðiskennaranna 16. maí 1872 skorast þeir gallharðan undan að kenna íslenzka rjettarsögu og íslenzk landbúnaðarlög í sambandi við háskóla-fyrirlestrana. Þeir segja, sem von er, að *Danir* ekki hirði um slíkt, og þeir *geti ekki* sett sig inn í það, sökum ókunnugleika *á íslenzkri tungu*, já, þeir segja meira, þeir segja, að háskólakennendurnir *geti ekki* orðið *skyldaðir* til að vinna *slíkt* verk, sem útheimti *sjerstaklega þekkingu*, djúpsetta þekkingu á *íslenzkri tungu*, *íslenzkri sögu* og *íslenzkum staðháttum*; þeir segja, að, eins og enginn meðal lögfræðiskennara háskólans *sæi sjer fært*, að halda slíka fyrirlestra, með því íslenzkir stúdentar mundu verða ærið aðfinningasamir áheyrendur (kritisk auditorium) — hinir hátlvirtu þingmenn mega ekki hlæja að þessu, því það er svo sem hver sjái sjálfan sig, ef hann ætti að fara að halda fyrirlestra á máli, sem hann eigi kann, eða fyndi sig *kallaðan til*, að beita rannsókn sinni í þá stefnu, — þannig yrðu þeir fastlega *að ráða frá, að nokkur háskólakennari yrði skyldaður til þess að halda slíka fyrirlestra, um leið og honum væri veitt háskólakennaraembættið í lögum.* Á hinn bóginn ljetu háskólakennendurnir það í ljósi, að það mundi verða eina úrræðið í þessu efni, að leita uppi mann, sem eigi væri háskólakennari, helzt borinn og barnfæddur Íslendingur, til að takast kennsluna í íslenzkum lögum á hendur, og bentu í þessu tilliti á hæstarjettardómara V. Finsen, enda var samkvæmt þessum álitsorðum hinna lögfræðislegu háskólakennara af ráðgjafanum sett þóknun handa kennara í íslenzkum rjetti á fjárbálk háskólans eptir uppástungum til fjárlaga 1874—1875; en þessi uppástunga var felld á ríkisþinginu, enda tók framsögumaðurinn í fjárlaganefndinni það skorinort fram, að stjórninni væri nær, að verða við bæn Íslendinga, og gleðja þá með þeirri rjettlátu kröfu, að stofna lagaskóla á Íslandi, til minningar um 1000 ára byggingu Íslands, en fara að skipa kennara í íslenzkum lögum við háskólann, sem þeir *aldrei*, eins og satt var, höfðu *beðið* um, og því væri *ekki* að skapi þeirra. En uppástunga þessi varð til þess, að embætti það var skipað við háskólann, sem landi vor lector Gísli Brynjúlfsson nú gegnir.

Nú getum vjer þá eptir allt þetta sjeð svart á hvítu, hvílíka lögfræðismenntun vjer höfum fengið við háskólann, og í annan stað, hvers vjer megum vænta í þessu efni framvegis. Vjer *villumst frá rjettarsögu vorri*, hinu *fagra lagamáli* voru, *sterkustu* og *brýnustu kröfu staðhátta vorra*, og *þjóðernis*; en í stað þess innrætist oss *dönsk rjettarsaga*, *dönsk rjettarmeðvitund*, *danskir mannfjelagshættir og skipan í hverja átt sem litið er!* Þetta getur verið gott í sjálfu sjer, en því er sannarlega ekki skiptandi við þau hin helgu, dýrmætu bönd, sem binda oss við ættjörðu vora, eða hvað segir hið löggefandi alþingi um *þetta*, alþingi, sem staðfestir ár eptir ár og dag eptir dag grúa af sjerstökum íslenzkum lögum? Er til *þessa* kostandi of fjár, velmegun og velferð fjölda-margra ungra Íslendinga? Og getur hið löggefandi alþingi vænt þess, að það

uppfylli skyldu sína við þjóðina, sem sannarlegt *þjóðlegt* löggjafarvald, með þessu fyrirkomulagi, þessu andlega, lagalega og stjórnlega öfugstreymi?

Nú vil jeg þá snúa mjer að hinni mótbárunni, þeirri, að konungur vor hafði *eigi staðfest frumvarp þingsins 1879 um stofnun lagaskóla á Íslandi.* Nei, veit jeg það. En látum oss líta á ástæðurnar, sem ollu því, að ráðgjafinn ekki vildi útvega staðfesting konungs á þetta lagafrumvarp. Þær eru að lesa í brjefi ráðgjafans dagsettu 28. febr. 1880, sem er prentað í stjórnartíðindunum, deildinni B, bls. 60—61.

1. Ráðgjafinn telur það til, að frumvarpið hefði svo mikinn kostnað í för með sjer fyrir landið, þar sem stungið væri upp á 2 föstum sjálfstæðum embættum með 6400 kr. launum. Þessa ástæðu tel jeg í mesta máta «uconstitutionel», ósamboðna anda stjórnarskrárinnar og fjárveitingarrjetti þingsins. Það fje, sem þingið veitir, það er það bært um að veita; ráðgjafinn er enginn fjárhaldsmaður þings vors eða þjóðar.

2. Þá telur ráðgjafinn þann galla, að frumvarpið hafi innihaldið svo verulegar breytingar frá hinum fyrri bænarskrám um lagaskólann, er hafi farið fram á, að yfirdómendurnir skyldu vera kennarar við skólann; nú hafi verið stungið upp á sjálfstæðum kennurum. Þessi ástæða felur sannarlega í sjer ósamkvæmni og mótsögn. Því þegar háskólakennendurnir í Kaupmannahöfn sjálfir æ ofan í æ lýsa því yfir í brjefum sínum til stjórnarinnar, að það sje ofætlun fyrir þá, jafnmarga og jafngóða lögfræðinga, sem hafa eigi annað að stunda, en kenna lög, *að læra og kenna íslenzkan rjett*; því skyldi það ekki miklu fremur ofætlun fyrir dómendurna í yfirdóminum, að kenna íslenzkan rjett í *hjáverkum* sínum, er þeir hafa annað embætti að stunda? Eða hvernig gat það verið letjandi ástæða fyrir ráðgjafann, að skólinn var á þennan hátt, sem frumvarpið stakk upp á, einmitt fullkomnari?

3. Þá virðist ráðgjafanum ógjörningur, að kandídatar frá íslenzka lagaskólanum hafi rjett til allra embætta á Íslandi; en á hvaða rjettlæti skyldi það vera byggt, að þeir Íslendingar, sem eiga að nema *íslenzkan rjett*, skyldu standa á baki þeim, sem ekkert *tækifæri* fá til að nema hann við háskólann í Kaupmannahöfn.

4. Enn getur ráðgjafinn þess til, að Íslendingar mundu hætta að sækja háskólann. Vjer vitum allir, að þessi ályktun styðst ekki við reynsluna, hvorki hvað prestaskólann eða læknaskólann snertir, og hverju mundum vjer annars hafa verið bættari, þó t. a. m. tvisvar sinnum 70 íslenzkir stúdentar hefðu sótt háskólann á tímabilinu frá 1849, sem jeg áður talaði um, með þeim hryggilega árangri, sem háskólakennendurnir sjálfir lýsa í árbókinni á þessu tímabili.

5. Enn lýsir ráðgjafinn þeirri ástæðu sinni yfir, að eptirköstin af stofnun lagaskólans á Íslandi mundu hafa orðið þau, að Íslendingar í vísindalegu tilliti yrðu skaðlega afskekktir, ekki að eins frá danskri lögvísi, heldur og frá hinum almennu áhrifum norðurálfunnar í vísindalegu tilliti, í lögfræðislegum og stjórnfræðislegum efnum. Þessi ástæða virðist mjer gegna furðu. Eða skyldi sá múrveggur hlaðinn vera nú á dögum milli Íslands og annara landa norðurálfunnar, að Íslendingar ekki gætu leitað til þeirra háskóla, sem þeir hefðu mest gagn af að sækja meiri menntun til, hvort sem það væri háskólinn í Kaupmannahöfn, eða þá aðrir skólar, eða þá að flytja mætti lögfræðisbækur og rit annara þjóða og annara háskóla til Íslands? Danir sjálfir leita til annara landa, til að afla sjer meiri þekkingar, eptir að þeir hafa lokið embættisprófi við háskólann, og jeg man ekki betur en ráðgjafinn sjálfur sem nú er, hafi gjört það,

því gætu Íslendingar það ekki eins? Nei, hjer getur ekki annað verið meint en «specific» «dönsk lögvísi» og um hana má segja, að allt er bezt hvað með öðru. Og hver maður í víðri veröldu mundi kalla það vísindalega apturför, þó vjer Íslendingar legðum niður danska lögvísi, og fengjum þjóðlega íslenzka lögvísi í staðinn?

6. Þá kemur sú ástæða, að ekki sjeu til menn, sem vaxnir sjeu því, að kenna lögfræði á Íslandi. En hve nær mun sá dagur renna upp, að vjer fáum betri mann, en vjer höfum í þessu tilliti frá háskólanum í Kaupmannahöfn, úr því lögfræðiskennendur hans játa sjálfir, að þeir geti hvorki *lært* eða *kennt íslenzk lög og rjett*, og vísa einmitt á menn til þessa, sem bornir sjeu og barnfæddir á Íslandi? Og getur þá þessi dómur ráðgjafans um íslenzka lögfræðinga verið rjettur og á rökum byggður? Nei, það eru hinar vísindalegu stofnanir sjálfar, sem mynda sína eigin kennara, og svo var um sjálfan háskólann í Kaupmannahöfn. Væri skortur á góðum íslenzkum lögfræðingum, þá er það og verður háskólanum í Kaupmannahöfn að kenna, og þessari vöntun verður að rýma burt með lagakennslu á Íslandi; þar er það að fá, sem háskólakennarana sjálfa skortir, *þekking á íslenzkri tungu, íslenzkri rjettarsögu, íslenzkum staðháttum*, og það á langtum hærra stigi, en ráðgjafinn í Danmörku getur gjört sjer nokkra hugmynd um.

7. Loks telur ráðgjafinn þá ástæðu, að það mundi jafnvel ósanngjarnt gagnvart 10—15 íslenzkum kandídötum, sem nú eru að lesa lög við háskólann, að stofna lagaskólann, og hvetja þannig aðra til að keppa við þá um embættin. Þetta er þó kynleg ástæða, því fyrst er það, að það eru einmitt íslenzkir lögfræðisnemendur við háskólann í Kaupmannahöfn, sem einlægt hafa barizt fyrir því, að lagamenntun fengist á Íslandi sjálfu, og einmitt eptir *þeirra áskorun*, sem *nú eru* að nema lög við háskólann, bar jeg frumvarpið um stofnun lagaskólans fram á alþingi *1879*. Og hver er kominn til að segja oss það, að eigi fari um þessa 10—15 eins og þá 70, sem áður eru taldir? Og hvaða einkarjett eru þeir búnir að fá til embætta á Íslandi?

Nei! Jeg get sannarlega eigi annað betur gjört við þetta ráðgjafabrjef, en leggja það upp á hylluna. Jeg er sannfærður um, að ástæður þær, sem í *því* eru, eru *ekki* sprottnar undan tungurótum þess hæstvirta ágætismanns, sem vjer höfum fyrir ráðgjafa. Hann er of vitur, of frjálslyndur, of góður til þess. Þær eru sprottnar frá hinum svo nefndu dansk-íslenzku herrum; vjer þekkjum þær ofurvel frá fornu fari, og *þess vegna* þykir mjer engin furða, að þær eru hreint að segja neyðarúrræði ofan á neyðarúrræði, bobbi ofan á bobba, mótsögn ofan á mótsögn!

Látum hjer þá staðar nema! En mjer er þó ómögulegt að skiljast svo við þetta mál, að jeg ekki, háttvirtu löggefandi fulltrúar Íslands! ávarpi yður enn með einu orði. Gætið þess, að hjer ræðir um *lífsspursmál* hins *íslenzka þjóðernis*, um þjóðarinnar eigið JEG. Gætið þess, að lög og rjettur er hið sterkasta einkenni þjóðernisins, sem hún lifir og deyr með, og það fremur en með sjálfu móðurmálinu. Jeg þekki engar þjóðir með *sömu lögum* og *sama rjetti*, innbyrðis *sjálfstæðar*; en eigi þarf lengra að fara en til Dana og Noregsmanna, til að sjá, að þjóðir með sama tungumáli geta verið og eru innbyrðis sjálfstæðar. Vjer þurfum eigi að fara til annara þjóða, eða vestur um haf til að sjá þetta. Að vjer erum bæði *fátæk* og *fámenn* þjóð, er einmitt hin *sterkasta* ástæða *með* frumvarpi mínu, *því* þess meiri háski er oss og þjóðerni voru búinn, að vjer hverfum sem dropi í hafinu inn í önnur *sterkari* og *aflmeiri þjóðerni*, á móti tilætlun for-

sjónarinnar, sem gaf oss sjerstakt þjóðerni, og því meira verðum vjer að leggja í sölurnar, til þess að svo verði *ekki*. Gætið líka að frávillingunum, hinum töpuðu við Kaupmannahafnarháskóla! Kemst eigi hver maður við, er hann sjer barn rifið nauðugt frá brjósti móðurinnar, já, kemst maður ekki jafnvel við, þó ekki sje nema lamb, ungt, vanmátta aumingja-lamb, er menn sjá villast frá móðurinni og jarma? En hvað gjörum vjer þá Íslendingar? Vjer látum unga, óreynda sonu lands vors, sonu vorrar eigin móður, fara til framandi landa, áður en þeir hafa fengið lífsþekkingu og lífsreynslu, út á hið hála hjarngler freistinganna og afvegaleiðslunnar. Þar skulu þeir vera mörg ár, vinalausir, frændalausir, aðstoðarlausir, leiðbeiningarlausir. Jeg, sem hef reynt þetta, þekki það, og hef nú sýnt yður þá hlið málsins, sem hlýtur að snerta yðar eigin huga og hjörtu. Loks tek jeg það fram, að jeg veit að vísu, að hin heiðraða deild hefur kuta til að stúta þessu frumvarpi, en gætið þá þess, að þetta frumvarp verður ekki *skorið niður*, án þess að *blóðdropar* ættjarðarinnar fylgist með, en jeg veit, að enginn yðar vill saurga þetta fríða frelsismusteri með þeim.

Mín tillaga er að öðru leyti, að 5 manna nefnd verði skipuð í þessu máli.

Var þá tillagan um nefnd borin undir atkvæði, og samþykkt með atkvæðafjölda, að kjósa 5 manna nefnd. Þessir hlutu kosningu:

Benidikt Sveinsson	með	20	atkvæðum.
Grímur Thomsen	—	13	—»—
Lárus Blöndal	—	11	—»—
Jón Jónsson	—	10	—»—
Jón Ólafsson	—	10	—»—

Í nefndinni var Benidikt Sveinsson kosinn formaður og framsögumaður og Jón Ólafsson skrifari.

FRAMHALD FYRSTU UMRÆÐU Í NEÐRI DEILD,

á 32. fundi, 3. dag ágústmánaðar.

Nefndarálit, sjá I, 354—355.

Framsögumaður (*Benidikt Sveinsson*): Hinum háttvirtu þingmönnum mun hafa þótt jeg vel langorður seinast, er jeg talaði um háskólann, og skal jeg eigi að þessu sinni þreyta menn með því, að bæta miklu við það, sem jeg þá sagði. Jeg skal hjer taka það eitt fram, að löggjöfin er aðalverkahringur þingsins, en til þess að þingið geti náð þessum sínum tilgangi, í þessu tilliti að framkvæma löggjafarvaldið, áleit nefndin, að innlend lagamenntun, og hún fullkomin, væri öldungis nauðsynleg. Jeg lofaði að vera ekki orðmargur að þessu sinni, og vil jeg biðja hina heiðruðu þingmenn að stinga hendinni í sinn eiginn barm og spyrja sjálfa sig: á jeg að sinna þessu máli, eða á jeg ekki að gjöra það? Jeg er alveg sannfærður um, að þetta frumvarp á miklu betri talsmann í brjósti hvers þingmanns hjer í salnum, en þau orð eru, er jeg fæ mælt.

Grímur Thomsen: Sem nefndarmaður og sem annar í minni hluta nefndarinnar þá skal jeg geta þess, að jeg gat ekki orðið meiri hlutanum samdóma af þeirri ástæðu, að mjer þótti hann vilja fara nokkuð hart áfram, eða, eins og þingmaður Eyfirðinga komst svo fagurlega að orði um daginn, vilja «taka *stökk*», í stað þess að fara með jöfnum og höglegum fetum. Við höfum prestaskóla og læknaskóla. Það er því sjeð fyrir guðfræðiskennslu og læknakennslu, en lagakennsluna vantar, og hún hefur mætt mótspyrnu. Okkur virtist því næst liggja, að byrja á því, að biðja um lagaskóla. Í þessu greindi okkur á við meiri hlutann; *hann* vill fá *háskóla*, og við játum, að hann hefur mikið til síns máls, einkum frá skáldlegu sjónarmiði. Hugsunin er fögur og háfleyg, því það mun fáheyrt, og jafnvel eins-

dæmi, að 70,000 manns hafi háskóla. Eins og okkur er farið, hefur frá fyrstu tímum, frá tímum Jóns Loptssonar og Gissurar biskups, sú löngun legið hjer í landi, að fara utan og leita sjer fróðleiks og frama; og það mun enn sem áður um eyjarskeggja, að þeir fara til annara landa, þó að háskóli komi hjer, en vera má, að það yrði síður, og við vildum halda þessari löngun við. Þetta gekk okkur til.

Margir furða sig á valnum; hann hefur margt til síns ágætis, en við köllum hann líka stundum fálka; en þó svo sje, neitar enginn honum um það, að hann sje skarpskyggn og háfleygur; hann þýtur enn sem áður ljett og snúðugt áfram, og vjer furðum oss á flugi hans og loptsveiflum, en þó dylst oss það eigi, að hann sjer ekki æfinlega vel fram í veginn, þótt hann beini fluginu hátt. Eins er um 2. þingmann Norður-Múlasýslu, svo vel sem hann hugsar, og svo háfleygur sem hann er í anda, þá er hann ekki ólíkur valnum, þegar hann er kallaður fálki.

Framsögumaður: Jeg efast ekki um, að þingmenn sjeu mun fróðari um fálka og vali eptir hina skáldlega ræðu þingmanns Borgfirðinga, og að þeir af henni hafi dregið þá ályktun, að það sje heimska af 70,000 manns, að biðja um háskóla. Er það þá ekki heimska, að heita þjóð — 70,000 manns? Kemur ekki þessi hugsun beinlínis í ósamkvæmni við sjálfa sig? Jú, sannarlega! Eins og það er ekki mannfjöldinn, sem einkennir þjóðirnar eða þjóðernin, þannig hefur lítla fámenna þjóðin allar hinar sömu skyldur gagnvart vísindunum og stóra þjóðin. Sje það satt og rjett, að vjer Íslendingar höfum sjerstakt tungumál, sjerstakt land, sjerstakt þjóðerni, sje það rjett og satt, að vjer sjeum yfir höfuð þjóð og höfum sjerstakt löggjafarvald, sjerstakleg lög og sjerstaka stjórn — kannske það sje skáldskapur líka? — þá segi jeg, að það er sama sem að standa á höfðinu, að snúa því upp, sem niður horfir, að segja vjer höfum ekki rjett til þess, að hafa *háskóla*, og að vjer sjeum ekki *skyldir* til að kosta háskóla, sem aðrar þjóðir, svo hið sanna, fagra og góða geti blómgazt hjá oss sem öðrum þjóðum. Jeg bið hinn háttvirta þingmann Borgfirðinga að sanna, hvort það er ekki skáldskapur, að fara utan og ætla sjer að læra *dönsk lög* til að kenna *íslenzk lög*, og eiga svo að framkvæma þau á Íslandi. Hvaða fugl er það, sem flýgur svo, að hjer sje til samanburðar? Þekkir hinn háttvirti þingmaður Borgfirðinga slíkan fugl? Nei, háttvirtu þingmenn! hjer er ekki skáldskapur; þetta frumvarp talar ekki skáldskaparmáli, nema að því leyti sem það er ókomið, sem það fer fram á; hjer er einungis spursmálið um, að sameina þær menntastofnanir, sem vjer höfum, að viðbættri lagakennslu. Í konunglegri auglýsingu 8. júní 1863 er nefnd lagakennsla. Sumir eru hræddir um, að stjórnin muni synja oss um staðfestingu þessara laga, en það er vantraust á stjórninni, að ímynda sjer, að hún muni synja Íslendingum um að stofna skóla í sínu eigin landi fyrir sína eigin peninga. Í þessum skóla yrðu alveg hinar sömu kröfur gjörðar sem í öðrum lagaskóla, og álíka yrði í hinum öðrum vísindagreinum. En hví á þá að brennimerkja þessa vísindastofnun Íslendinga, að hún megi ekki nefnast því nafni, sem sams konar stofnanir nefnast annarstaðar í heiminum? Jeg vonast eptir, að hin heiðraða deild sjái, að meiri hluti nefndarinnar stendur á rjettum grundvelli, og óska jeg, að svo mæltu, að frumvarpið gangi til 2. umræðu.

Grímur Thomsen: Hinn heiðraði framsögumaður lagði mikla áherzlu á, að hann stæði nú á rjettum grundvelli í þessu máli; en hefur hann þá öll þau ár, sem hann hefur viljað fá að eins lagaskóla, staðið á röngum grundvelli? Ef svo er, hvaða vissu

höfum við þá fyrir því, að hinn heiðraði þingmaður haldi nú statt og stöðugt við þessa skoðun sína? Nei, jeg vitna til orða hins heiðraða 1. þingmanns Eyfirðinga, að betra sje að fara fót fyrir fót, en að fara í þessum stökkum. Næsta fetið er að fá lagaskóla. Við getum verið vissir um, að stjórnin gengur fremur að uppástungu okkar um lagaskóla nú en háskóla, einmitt af því, að við höfum beðið um lagaskóla áður; hún þreytist að neita, þegar hún sjer, að við þreytumst ekki að biðja. Þar á móti er mjög tvísýnt, að hún taki til greina beiðni um háskóla, sem fyrst nú er farið að biðja um. Jeg fyrir mitt leyti þori ekki að fara nú fram yfir það, sem þingið áður hefur beðið um, og jeg vona, að hinir heiðruðu þingmenn, sem eru á mínu máli um það, að við seinna meir eigum að fá háskóla, fari ekki lengra í þetta skipti, en að biðja um lagaskólann, því að ef við höldum ekki áfram, þangað til við fáum hann, bíður enn lengur, að við fáum háskóla.

Halldór Kr. Friðriksson: Það er auðvitað, að það er fagurt nafn «háskóli», en jeg held þó, að betra væri, að einhverjar rentur fylgdu nafni. Jeg sje ekki, hver mismunurinn er á meiri hluta uppástungunni og minni hlutans í rauninni, nema það, að meiri hlutinn vill hafa nafnið «háskóli»; munurinn er í raun og veru enginn fyrir mínum augum. En auk þess eru stórgallar á frumvarpi meiri hlutans. Það er engin ákvörðun um, að læknaskólann og prestaskólann skuli af nema, en eigi þeir að standa við hliðina á háskólanum, þá fer mjer nú að þykja þyngjast á landssjóði. En hvað er nú þessi háskóli? Það eru að eins 3 vísindagreinir, sem á að kenna þar. Málfræði, náttúruvísindi, hin fögru vísindi o. s. frv. er ekki *gefið í skyn* að nokkurn tíma skuli kenna við þennan fyrirhugaða háskóla. Jeg get ekki sjeð ástæðu til þess fyrir oss, að taka frumvarp, sem hefur mikinn kostnað í för með sjer, en hefur á hinn bóginn ekkert verulegt gagn í för með sjer. Um frumvarpið að öðru leyti vil jeg ekki tala. Hvað á það t. a. m. inn í lagafrumvarp um háskóla, að til taka hvar kennslan skuli fara fram? Lagakennsluna verður að ræða sjer, óháða þessum háskóla, og má þá heldur sinna henni.

Framsögumaður: Hinn háttvirti þingmaður Reykvíkinga ímyndaði sjer, að það þyrfti sjerstaklega lagagrein, til þess að upphefja prestaskólann og læknaskólann hjer. Þekkir ekki þingmaðurinn það, að hægt er að af nema gömul lög með nýjum lögum óbeinlínis? Ef hann ekki þekkir það nje skilur, mun vera hægt að setja hann svo á knje sjer við 2. umræðu, að hann fái skilið það; en nú er 1. umræða, og skal jeg því ekki fara út í þetta einstaklega atriði. Hinn háttvirti þingmaður þekkir víst engan háskóla. Menn skyldu þó ímynda sjer, að hann þekkti þann háskóla, sem hann sjálfur hefur verið á og numið það, sem hann numdi. Nei, hann þekkir hann ekki heldur, sje jeg. En jeg skal þó fræða hann um það, að báskólinn danski var búinn að standa marga tugi ára, áður en fleiri vísindagreinir en einmitt þessar þrjár, guðfræði, lögfræði og læknisfræði, sem frumvarpið ræðir um, og sem nauðsynlegastar voru fyrir embættismenn landsins, voru kenndar á honum. Hann var svo vesall framan af, að hann stóð auður svo árum skipti, og enginn stúdent sótti hann, eins og átti sjer stað með fleiri háskóla á 15. öld. Danir þurftu sjálfir að fá kennara frá öðrum löndum til að kenna á honum. Svona fullkominn var danski háskólinn framan af. En hjer mun nú koma fram aðalspursmálið, hvort ekki sje ofdirfska fyrir löggjafarþing Íslendinga, að hugsa svo hátt, að *þora* að samþykkja lagafrumvarp um stofnun *háskóla*. En liggur ekki sú spurning nær, hvort það sje ekki særandi

fyrir þjóðina að vita fulltrúa hennar svo kjarklausa, að þeir þori ekki að að líta upp, en grúfi sig niður á milli púfnanna í hugleysi og andlegu volæði.

Hinn háttvirti þingmaður Borgfirðinga brá mjer um ósamkvæmni. Nei, þekkir ekki þingmaðurinn þetta: *Tempora mutantur et nos mutamur in illis*; tímarnir breytast, og vjer breytumst með þeim. Það er einmitt ósamkvæmni af þeim mönnum, sem fást við stjórnarmál, að breytast ekki eptir tímanum. Það er að vera mosavaxinn þröskuldur til hindrunar frelsi og framförum í andlegu og líkamlegu tilliti. Jeg get þar á móti sýnt hinum háttvirta þingmanni Borgfirðinga dálaglegan krákustíg, eins og hann væri eptir vissan fugl, sem hann sjálfur hefur farið, hopað og hoppað á þessu lagaskólamáli frá öndverðu. Í hitt eð fyrra 1879, að jeg taki hið næsta, barðist hann á móti lagaskóla af alefli; þá mátti ekki nefna lagaskóla; en núna 1881 berst hann fyrir lagaskóla. Þetta er endirinn á krákustígnum, sem liggur opinn fyrir í alþingistíðindunum frá fyrri árum í heild sinni. Jeg er að öðru leyti minni hlutanum þakklátur fyrir það, að hann er samdóma meiri hlutanum um aðalhugsunina í frumvarpinu. En það þarf að hafa, segir hann, á því einkennið lítillækkunar, brennimarkið íslenzka á hugann og hjartað. En, getum vjer þá efazt um, getum vjer neitað því, að vjer höfum langt um meiri vísindauppsprettu í hinum fornu lögum vorum en sjálfir Danir? Getur nokkur neitað því, að rjettarsaga vor er auðugri lagaleg vísindauppspretta en rjettarsaga Dana? Að láta þennan fjársjóð liggja grafinn, að þora ekki að nefna hann, þora ekki að koma með hann fram í dagsljósið, það er sannarlega ekki samkvæmt tíma þeim, sem vjer lifum á, og skyldum þeim, sem hann leggur oss svo ríkt á herðar. Gleymum því ekki, háttvirtu þjóðfulltrúar, að svo framarlega sem þjóðfrelsi vort á að bera og rísa undir nafninu löggjafarvald, þá leggur það oss skyldur á herðar, þær skyldur, að við halda þjóðerni voru og þjóðlegri framrás löggjafar vorrar, þótt vjer sjeum ekki nema 70,000 manns að höfðatölunni, sem stendur. Og ef vjer ekki fullnægjum þessari helgu skyldu, þá troðum vjer þjóðerni vort undir fótum vorum. Ef Danastjórn vill ekki unna oss þess, að koma upp hjá oss háskóla fyrir vort eigið fje, þá vitum vjer sannarlega, hvers vjer megum vænta eptirleiðis af sambandi voru við Danmörku. Sje það á hinn bóginn rjett *politík*, að þora ekki að fara fram á stofnun háskóla, þá getum vjer sjeð, hvernig vjer verðum metnir í augum allra siðaðra þjóða heimsins. Nei, jeg ber ekki það vantraust til hinnar dönsku stjórnar, að hún unni oss ekki þessarar sæmdar, þessa vafalausa rjettar. Og bróðurbandið milli vor og Dana mundi einmitt styrkjast og tryggjast á þennan hátt, og með engum hætti betur, eins og líka sambandið milli háskólans í Danmörku og háskóla á Íslandi gæti eflt og aukið hag og sóma beggja þjóðanna. Meira að segja, þótt háskólinn á Íslandi verði minni og fátæklegar úr garði gjörður en háskólinn í Danmörku, þá mundi ekki líða á löngu, áður en hann gæti staðið honum jafnfætis í sumum greinum, því vjer stöndum að mörgu leyti betur að vígi en Danir, þegar um norræn vísindi er að ræða, ef vjer leggjum alla krapta vora fram.

Sje þetta nú allt saman skáldskapur einn, þá er mig farið að dreyma, og þá er það orðin sannarleg ráðgáta fyrir mig, hvernig jeg og aðrir háttvirtir þingmenn eiga að leysa þann skyldustarfa af hendi, sem þjóðin hefur lagt oss á herðar.

Jón Ólafsson: Jeg skal að eins leyfa mjer að leiðrjetta orð hins háttvirta þingmanns Reykvíkinga. Það lítur út fyrir, að hann hafi lesið 1. gr. frumvarpsins, eins og annar ónefndur herra les ritninguna. Hann hefur komizt fram úr tveimur fyrstu setningunum, en gleymt að glöggva sig á hinni þriðju. Hún hljóðar svo: «Auk þess skal þar einnig kennd heimspeki og önnur vísindi, eptir því sem síðar verður ákveðið með lögum». (*Halldór Friðriksson*: Í hverri deildinni?) Í nýjum deildum náttúrlega,

en utan við þessar deildir, því að það stendur: «Auk þess». Jeg skal láta hinn háttvirta þingmann vita það, að margir háskólar eru erlendis, bæði í Ameríku og jafnvel Þýzkalandi, þar sem að eins eru kenndar þessar 3 vísindagreinir. Hann hefði gott af að kynna sjer bók, sem heitir «*University Progress*». Jeg skal lána þingmanninum þá bók, ef hann skyldi skilja ensku. Jeg álít, að 6. grein mætti gjarnan falla burt, því að eins má til taka í reglugjörð fyrir skólann, hvar kennslan á fram að fara, eins og að gjöra það með lagaboði.

Með því að ekki tóku fleiri til máls, sagði forseti umræðunni lokið, og var samþykkt, að vísa málinu til 2. umræðu með 17 atkvæðum gegn 5. Eptir ósk 6 þingmanna var nafnakall við haft og sögðu

Já:
Eiríkur Briem,
Magnús Andrjesson,
Arnljótur Ólafsson,
Benidikt Sveinsson,
Egill Egilsson,
Eiríkur Kúld,
Friðrik Stefánsson,
Guðmundur Einarsson,
Jón Jónsson,
Jón Ólafsson,
Ólafur Pálsson,
Tryggvi Gunnarsson,
Þórarinn Böðvarsson,
Þórður Magnússon,
Þorsteinn Jónsson,
Þorsteinn Thorsteinson,
Þorvarður Kjerulf.

Nei:
Grímur Thomsen,
Halldór Friðriksson,
Lárus Blöndal,
Þorkell Bjarnason,
Þorlákur Guðmundsson.

ÖNNUR UMRÆÐA Í NEÐRI DEILD,
á 44. fundi, 12. dag ágústmánaðar.

Framsögumaður (*Benidikt Sveinsson*): Það hafa eigi komið fram neinar breytingaruppástungur við þetta frumvarp, svo að eigi er ástæða til að ræða langt um það. Það eru að eins einstakar ahugasemdir, sem jeg ætla mjer að drepa á. Hinn háttvirti þingmaður Reykvíkinga gjörði ráð fyrir, að í skóla þessum ætti ekki að kenna nema einstakar vísindagreinir, en jeg vil leyfa mjer að benda hinum háttvirta þingmanni á, að 2. gr. frumvarpsins sýnir beinlínis, að þetta er röng móthára. Einnig hefur hinn háttvirti þingmaður Reykvíkinga fundið að því, að ákvarðanir vantaði til að af nema prestaskólann og læknaskólann; en þær ákvarðanir eru óþarfar, því að þeir hljóta að falla inn undir þennan skóla, eptir því sem stendur í 3. og 4. gr. frumvarpsins, með því fyrirkomulagi, sem þeir nú hafa og sem þeir verða að hafa fyrst um sinn. Það hefur og komið sú móthára á móti 6. gr., að hún ætti ekki vel við, en mjer finnst það alveg rjett, sem hún fer fram á, það þarf einmitt lagaheimild fyrir því, að alþingishúsið verði notað, að minni meiningu. Fleiri athugasemdir ætla jeg mjer eigi að gjöra, en jeg vil að eins taka það fram, að fram að reformationinni voru að eins kenndar við háskólann í Kaupmannahöfn guðfræði, læknisfræði og lögfræði. Það má ekki ætlast til, að menn skapi fullkomnar vísindalegar stofnanir í fyrstu, heldur að hinar vísindalegu stofnanir skapi þá eiginlegu vísindamenn; einungis með tímanum ná slíkar stofnanir fullkomnum blóma, vexti og viðgang, og þennan vöxt og viðgang fá þær frá sjálfum sjer. Það er bezt fyrir oss, að sníða oss stakk eptir vexti; vjer verðum að byrja þar, sem vjer erum komnir; betra seint en aldrei. Svo bef jeg eigi meir að tala að sinni, en jeg vona, að deildin sýni með atkvæðagreiðslunni, að hún meti þetta mál að verðugleikum, og jeg er viss um það, að hver þingmaður hefur eins næma tilfinningu fyrir rjetti og skyldu þjóðar sinnar eins og jeg í þessu máli.

Jón Jónsson Jeg þarf ekki að skýra frá því, að jeg er málinu hlynntur, því að jeg er einn í meiri hluta nefndarinnar, en

síðan frumvarp þetta var til 2. umræðu, höfum rætt fjárlög landsins, og hafa þau vakið hjá mjer vafa um það, hvort landið getur borið þá byrði, sem leiðir af því að samþykkja þau 7,000 kr. laun, er getur um í 4. grein frumvarpsins. Sumir kynnu að segja, að það sje sama, að greiða atkvæði á móti 4. gr. og að fella frumvarpið, en það get jeg ekki sjeð. Til vísindalegra framfara eru nú af þinginu veittar 12,000 kr., og af því mætti fá fje til að borga með fyrirlestrana í lögfræði við háskólann. Árið 1875 voru laun yfirdómaranna hækkuð í því skyni, að þeir tækju að sjer kennslu við lagaskólann, og eins og 1 af þessum yfirdómurum veitir tilsögn í lögfræði við prestaskólann, eins er mjög líklegt, að hinir yfirdómararnir fengjust til að halda fyrirlestra við lagaskólann fyrir sanngjarna þóknun, og sama gæti verið um aðra lög- og stjórnfræðinga í Reykjavík; jeg vil t. d. nefna reikningsendurskoðandann, herra Indriða Einarsson. Einnig 6. grein frumvarpsins virðist mjer óhagkvæm. Prestaskólinn og læknaskólinn hefur kennslustofu, sem háskólinn getur notað, og í prestaskólahúsinu er ein stofa, sem nú ekki er notuð af landinu, en sem væri góð kennslustofa handa lögfræðingsefnum.

Grímur Thomsen: Jeg er minni hluta maður, en vil leyfa mjer að bera upp tvær spurningar fyrir hinn háttvirta meiri hluta: 1, hvort meiri hlutinn sje ekki hræddur um, að afleiðingarnar af stofnun háskóla hjer verði þær, að þau hlunnindi, sem stúdentar hjeðan hafa við háskólann í Kaupmannahöfn, verði tekin frá þeim, og að Danir mundu segja, að Íslendingar hafi viljað losa sig úr vísindalegu og vináttu-sambandi við þá, og neiti því um þennan styrk, sem hingað til hefur verið þeim svo ríflega veittur. 2, vil jeg spyrja hinn háttvirta framsögumann að því, hvað lengi hann ætlast til að kennslan fari fram á hverju ári, hve nær hún á að byrja og hve nær að enda, og er þessi spurning eins mikilvæg og hin, því að nú er í hinni tilvonandi nýju stjórnarskrá gjört ráð fyrir að lengja þingtímann, og þá má skólinn eigi koma í bága við þingið; kennslan við skólann má þá eigi vara lengur er fram í maímánuð, og eigi byrja fyr en í septembermánuði. Jeg vil enn benda á eitt atriði. Vjer vitum, að við prestaskólann og læknaskólann eru bókasöfn, verkfærasöfn, ölmusur, og annar styrkur, en ölmusurnar vantar á lagaskólann. Það gleður mig, að hinn háttvirti 2. þingmaður Skagfirðinga hefur fundið, að athugavert væri að aðhyllast frumvarpið, eins og það liggur fyrir. Það átti að gjöra ráð fyrir, að af nema prestaskólann og læknaskólann. Jeg held, að hvað fagurlega sem hinn háttvirti 2. þingmaður Norður-Múlasýslu talar um tilfinningar, þá hafi hinn háttvirti 2. þingmaður Skagfirðinga rjettara fyrir sjer.

Framsögumaður: Jeg get sagt eins og segir á þeim stað: Á þeim degi urðu þeir Heródes og Pílatus vinir, þar sem þessum tveimur háttvirtu þingmönnum, 2. þingmanni Skagfirðinga og þingmanni Borgfirðinga, hefur komið saman um að reyna til að koma við kaunin á frumvarpinu, þar sem þeir halda að það sje viðkvæmast. Hinn háttvirti 2. þingmaður Skagfirðinga kvaðst hafa sjeð sig um hönd. Það er satt, og það eru hans orð. Nú hefur hinn háttvirti þingmaður komizt að þeirri niðurstöðu, að það sje kostnaðarminna, að hafa fleiri hús, fleiri bókasöfn, og fleiri áhöld; hina gagnstæðu skoðun hafði hann, þegar hann var í nefndinni. Hinum háttvirta þingmanni hefur sjálfsagt snúizt hugur af einhverri annari ástæðu, en hann þorir eigi að gjöra hana uppskátt, og ber svo þessu í vænginn. Hvað kostnaðinn snertir, þá er hann að vísu þjóðkjörinn þingmaður, en hann hefur ekki skoðað vel inn í hjörtu bænda á Íslandi, ef hann heldur, að þeir horfi í þessar 7000 kr., og meti þær meira en andlegt sjálfsforræði og vísindalegt líf í landinu. Það er nauðsynlegt fyrir hinn háttvirta þingmann, að meta ekki þessa helgu þjóðartilfinningu svo lágt, ef hann vill halda almenningshylli. Þingmaðurinn getur trúað mjer til þess, að þessi kotungshugsun hans verður ekki frumvarp-

inu til falls. Hinn háttvirti þingmaður Borgfirðinga lagði fyrir mig 2 spurningar, sem hann ætlar víst eigi að ljett sje að að svara, enda getur . . . . . einn spurt svo, að sjö spekingar geti ekki úr leyst. Hvað fyrri spurningu hans snertir, þá svara jeg því, að jeg hvorki veit það nje vil vita það, en ef Danir vilja hafa vináttusambandið milli háskólans í Kaupmannahöfn og háskolans hjer, og ef yfir höfuð að tala styrkur sá, sem íslenzkir stúdentar nú njóta, er ekki agn eitt, þá er ekki hætt við, að þeir taki hann af oss. Þessar stofnanir eiga að styrkja hvor aðra á sinn hátt. Vjer höfum á því að byggja hjer, hvað ýmisleg forn vísindi og lögfræði snertir, sem háskólinn í Kaupmannahöfn mætti jafnvel þakka fyrir með tímanum að hafa sjer til fyrirmyndar. Jeg ber ekki vantraust til Dana, að þeir muni taka af oss þann styrk, sem vjer nú njótum við háskólann, og þó svo yrði, læt jeg mjer vel um vært; hann kostar oss og hefur kostað oss hvort eð er mikils til of mikið af andlegu frelsi og framförum, þegar vel er að gætt. Hinni spurningu hins háttvirta þingmanns um það, hve nær háskólinn eigi að byrja og hve nær hann eigi að enda, er mjög ljett að svara. Jeg hygg, að ef hinn háttvirti þingmaður lærði sjálfur lög, þá mundi hann verða fullþreyttur að lesa í 9 mánuði á ári, og verða feginn að hvíla sig 3 mánuði, hvað þá í 10 vikur, sem ráðgjört er að þingið standi. Þingið á að byrja 1. júlí og standa í 10 vikur; það er ekki of mikill hvíldartími við nám. Hinn háttvirti þingmaður sagði og, að eigi væri sjeð eins vel fyrir lögfræðinga deildinni eins og fyrir prestaskólanum og læknaskólanum; vildi þá hinn háttvirti þingmaður láta nefndina skapa vísindalega stofnun alveg með sama fyrirkomulagi eins og prestaskólann og læknaskólann? Það er ómögulegt; þetta eru agnúar, sem hinn háttvirti þingmaður býr sjálfur til. Jeg efast um, að ölmusur liggi í hlutarins eðli, þó að þær sjeu gefnar til styrktar nú á presta- og læknaskólanum, og þó að þær sjeu ekki ráðgjörðar nú fyrir lögfræðingana, þá er innanhandar að koma með þær seinna; það er seinni tíma verk, að veita þær. En jeg sje ekkert á móti því, að af nema þær líka við prestaskólann og læknaskólann með tímanum. Löggjafarvaldið á að veita gefins nám, en það á ekki bókstaflega að mata námsmenn eins og með spæni. Það er ölmusuhugsun, sem þessi háttvirti þingmaður vill eyðileggja frumvarpið með. Þetta, sem hinn háttvirti þingmaður Borgfirðinga hefur haft á móti frumvarpinu, er ástæðulaust, og það gleður mig, að hinn skarpvitri þingmaður gat ekki fundið meira á móti því, því sjaldan bregður um betra, ef veit hið verra. Það skín annars út úr honum, að hann er málinu hlynntur i raun og veru, en það er að eins tímaspursmál fyrir hann, hvort það skuli gjöra í dag, sem á að gjörast á morgun; en það, sem þú getur gjört í dag, það skalt þú ekki geyma til morguns, segi jeg. Það er helg skylda fyrir þingið, að sleppa ekki tækifærinu og tímanum í öðru eins máli og þessu. Jeg segi fyrir mig, að jeg hef aldrei gjört of fljótt það, sem getur verið landi og lýð til eflingar.

Friðrik Stefánsson: Þótt það sje máske varla fyrir bændur að tala í þessu máli um fyrirkomulag vísindastofnana hjer á landi, þá vil jeg þó, áður en til atkvæða er gengið, láta í ljósi meining mína, því að bændur munu þó leggja fje til í kostnað þann, sem stofnun háskóla hefur í för með sjer. En þótt þessi kostnaður komi á bændur, hika jeg ekki við að greiða atkvæði mitt með þessu frumvarpi: því hjer er að eins um tvennt að velja, lagaskóla eða háskóla. Minni hlutinn fer fram á lagaskóla, en það er þó skoðun hans, að háskóli skuli síðar stofnaður, en þar sem kostnaðurinn er nær því sá sami, hika jeg ekki við að greiða atkvæði með því fullkomnara, sem sje háskólanum, fyrst kostnaðurinn er hinn sami, og það því heldur, sem minni hlutinn vill stofna háskóla síðar, því það kalla jeg í kostnaðerlegu tilliti að »róa leiðangurinn og gjalda leiðarvítið»; því jeg skil ekki í, hvað háskóli á að þýða, þegar búið er að

stofna lagaskóla, því háskólinn er að mínu áliti ekki annað en sameinaður laga-, lækna- og prestaskóli. Og allir hljóta að játa, að sú stofnun hjer á landi er mjög nauðsynleg, sem hjá öllum öðrum menntuðum þjóðum; ekki sje jeg heldur neina hættu á því, að það vísindalega og bræðralega samband við Dani þurfi að raskast um skör fram af þeirri ástæðu, þó sumir óttist það, og það því síður, sem hinn núverandi ráðgjafi Íslands hefur fylgt flestum málum vorum svo vel, að vjer ættum ekki að gjöra honum þær getsakir að óreyndu. Jeg álít skyldu sjerhvers þjóðfjelags, að hafa í sínu eigin landi menntunarstofnanir þær, er kenna þau vísindi, er embættismenn landsins þurfa að kunna, til að geta staðið í skyldusporum. Þótt íslenzkir bændur og þingmenn sjeu máske eigi nú svo höfðingjadjarfir og einarðir, sem þeir voru á 11. og 12. öld, að þeir þori nú ekki að nefna háskóla, í staðinn fyrir lagaskóla, landskóla, eða hvað hann væri nú kallaður, sem minna og mýkra þætti, þá vil jeg afbiðja mjer slíkt kjarkleysi, og fyrir bænda hönd greiði jeg því glaður atkvæði með þessari stofnun, því hún kostar minna, þegar allt kemur til alls. Sumir vilja ekki, að mjer virðist, taka sjer orðið háskóli í munn, en danskir bændur dirfast þó að nefna lýðháskóla. Menn hafa komið með þá mótbáru, að stjórnin eða ráðgjafinn muni ekki vilja, að vjer förum fram á svona mikið, en ráðgjafinn vill einmitt, að vjer tölum hreint út, eins og oss býr í brjósti, að vjer segjum það, sem vjer viljum. Ef jeg man rjett, barðist hinn háttvirti þingmaður Borgfirðinga á þinginu 1879 móti lagaskóla, en nú 1881 berst hann fyrir honum, og eptir sömu reglu verður hann 1883 einmitt með háskóla, því að svo virðist, sem hann sje tveim árum í tímanum á eptir hinum háttvirta 2. þingmanni Norður-Múlasýslu, og þurfi jafnan tveggja ára umhugsunartíma, til að álíta það gott, rjett og satt, sem hinn háttvirti 2. þingmaður Norður-Múlasýslu hefur sagt honum sem öðrum 2 árum áður, en ekki af þeirri ástæðu, heldur af frjálsri sannfæringu minni greiði jeg atkvæði með frumvarpi þessu, og læt svo út talað um það, og vona, að hin heiðraða deild leyfi því að ganga frá sjer til efri deildar.

Jón Jónsson: Það er undarlegt, hversu mjög bæði hinn háttvirti þingmaður Borgfirðinga og hinn háttvirti framsögumaður misskilja mig. Jeg tók fram, að jeg væri móti 2 greinum frumvarpsins, en hinn háttvirti þingmaður Borgfirðinga er á móti þeim öllum. Jeg get því ekki skilið, hvernig hinn háttvirti framsögumaður getur sagt, að jeg sje á sama máli og hinn háttvirti þingmaður Borgfirðinga. Jeg til færði gegn 6. grein frumvarpsins, að til eru 2 stofur í prestaskólahúsinu, sem gætu orðið notaðar fyrir kennslustofur bæði í guðfræði og lögfræði. Þess vegna vil jeg eigi, að þinghúsið sje tekið til þess, og jeg get ekki skilið í því, hvernig að þessi salur og aðrar stofur, sem ætlaðar eru alþinginu, verði notaðar fyrir kennslustofur á vetrum. Til þess þarf að setja upp hjer ofna og gjöra mjög mikinn annan kostnað, sem maður kemst hjá, með því að gjöra prestaskólahúsið að háskólahúsi.

Lárus Blöndal: Jeg vil leyfa mjer að tala að eins fá orð í máli þessu, af því að jeg var annar í minni hluta nefndar þeirrar, sem hin háttvirta deild setti í þetta mál. Það er tekið fram í ástæðum minni hlutans, hvað hefur neytt hann til að vera ofurlítið annarar skoðunar en meiri hlutinn. Eins og kunnugt er, kom þessi spurning um lagaskóla þegar fram á hinu fyrsta þingi 1845, og hefur síðan verið, eins og hinn háttvirti 2. þingmaður Norður-Múlasýslu tók fram 1879, sannkallað vöggukvæði alþingis, en nú virðist mjer, að hinn háttvirti 2. þingmaður Norður-Múlasýslu sje farinn að kveða þetta kvæði nokkuð öðruvísi en áður. Það er skoðun mín, að þetta mál eigi að standa á sama grundvelli, sem það hingað til hefur staðið á, því að með því mundi enginn vafi vera á, að það næði fram að ganga. Jeg ímynda mjer, að menn sjeu kunnugir og hafi kynnt sjer hina fögru

og snjöllu ræðu hins háttvirta þingmanns Norður-Múlasýslu í máli þessu á fyrri þingum, og jeg álít óþarft að bæta nú nokkru þar við. Af þessari ástæðu álít jeg það hyggilegast, að yfirgefa ekki þann grundvöll, sem hinn háttvirti framsögumaður hefur byggt á áður, og taka eigi of langt stökk, til þess að oss yrði eigi alls synjað. Jeg fyrir mitt leyti álít lagaskóla hjer á landi nauðsynlegri, heldur en bæði prestaskóla og læknaskóla, því að í lögum vorum er svo margt sjerstaklegt, sem eigi er í lögum Dana, og þörfin og nauðsynin á lagaskóla hjer á landi verður, eptir að við höfum fengið löggjafarþing, einmitt brýnari en áður. Ef lagaskóli kæmist hjer á, mundi háskóli koma, áður langt liði, af sjálfu sjer án mikils kostnaðar fyrir landið sóttlaust og umræðulítið. Það er og að minni hyggju athugavert, sem hinn háttvirti þingmaður Borgfirðinga vakti eptirtekt á, hvort ekki eru sterkar líkur til þess, að íslenzkir stúdentar verði sviptir styrk þeim og einkarjettindum, sem þeir njóta við háskólann í Kaupmannahöfn, ef vjer fengjum háskóla þann, sem hjer er beðið um. Þótt jeg í sjálfu sjer sje ekki mótfallinn málinu, vil jeg þó benda hinni háttvirtu deild á, hvort ekki mundi heppilegra að halda sjer við tillögu mína og hins háttvirta þingmanns Borgfirðinga í máli þessu, að biðja að eins um lagaskóla, því jeg er sannfærður um, að vjer fáum lagaskólann, ef þingið lætur frumvarpið frá 1879 ganga aptur óbreytt til stjórnarinnar.

Halldór Friðriksson: Mjer heyrðist hinn háttvirti framsögumaður segja, að þetta mál væri tímaspursmál, og jeg skildi hann svo, að það ætti að fá framgang af því, að vjer vissum ekki, nema vjer yrðum dauðir 1883. Það er auðvitað, að sumir af oss kunna að verða dauðir þá, en jeg vona, að þjóðin öll verði þó ekki dauð 1883. Það er því ekki svo mikið komið undir því, að 2. þingmaður Norður-Múlasýslu eða þingmaður Reykvíkinga komi því á, heldur hitt, að það komist á á rjettum tíma. En er nú sá rjetti tími? Það er sannarlega mjög miklum efa bundið. Ef hjer á að stofna háskóla, ber margs að gæta, og jeg er í vafa um, að landsmenn sjeu enn færir um að bera þann kostnað, sem af honum leiðir, því að ef vjer stofnum háskóla, viljum vjer víst hafa hann meira en nafnið tómt. Það er rjett, að háskólinn í Kaupmannahöfn var mjög ófullkominn fyrst, og átti við mikla örðugleika að berjast, en jeg ímynda mjer, að hinn háttvirti framsögumaður sje mjer samdóma um það, að háskóli sá, sem vjer stofnum á síðari hluta 19 aldar, eigi að vera fullkomnari, en þessi háskóli var á 15. öld; vjer megum alls eigi miða við byrjun þeirra skóla. En til þess, að háskóli vor verði annað en nafnið tómt, þarf meira en *tómar tilfinningar* og *tóman hávaða*; til þess þarf mikið fje. Hinn háttvirti 1. þingmaður Skagfirðinga vildi, að allt vinátttu- og vísindalegt samband við Dani slitnaði sem allra-fyrst; jeg er sannfærður um, að það mun þó varla vera vilji hins háttvirta framsögumanns, og fæstra þingmanna, og að þingmaður Skagfirðinga sje í þessu eins og fleiru undantekning frá öðrum. En jeg vil biðja menn að gæta vel að afleiðingunum. Jeg er sannfærður um, að ef vjer stofnum háskóla hjer, þá verða stúdentar sviptir «Communitetinu» og ferðastyrk til háskólans í Kaupmannahöfn. Þeir hafa opt og einatt verið að berjast fyrir því, og gjört tilraunir til að af nema þessi rjettindi íslenzkra stúdenta, og það er sannarlega ekki með góðum vilja sumra, að svo margir íslenzkir stúdentar hafa verið og eru á «Regentsen». Þegar jeg var við háskólann, kom uppástunga um að af nema ferðastyrkinn, en Kristján konungur VIII. setti þvert nei fyrir, svo ekki varð af því. Dönum er sannarlega ekki mikið um, að sjá þennan fjölda af íslenzkum stúdentum á «Regentsen», og jeg þykist vita með vissu, að þeir mundu nota tækifærið til, að takmarka þennan rjett, ef háskóli yrði stofnaður hjer. Mjer virðist það vera mjög varhugavert fyrir oss, að hleypa oss út í það

fyrirtæki, sem oss er of vaxið, og svipta oss með því hlunnindum þeim, sem vjer nú njótum. Jeg hef áður verið hlynntur þessu máli, og er það að nokkru leyti enn, því að mjer hefur fundizt það eðlilegt, að vísindastofnanir væru til í landinu sjálfu, þar sem menn geta numið þær vísindagreinir, sem heimtaðar eru af þeim, sem vilja verða embættismenn landsins. Jeg hef verið hlynntur lagaskóla hjer á landi, en allt um það, er jeg orðinn deigari nú á síðari tímum, þegar jeg hef sjeð, að, eptir að þessar tvær vísindastofnanir voru komnar hjer á fót, hafa siglt til Kaupmannahafnar árlega helmingi fleiri. Þetta er það, sem hefur gjört mig hikandi, það að sjá, að allur þorri stúdenta siglir, og vill ekki nota vísindastofnanir þær, sem hjer eru. Það var jeg, ef jeg man rjett, sem 1845 samdi þá bænarskrá frá stúdentum á háskólanum til alþingis um alþýðuskóla hjer á landi, og í raun rjettri er skoðun mín enn óbreytt, en þessi atriði hafa gjört mig hikandi nú hin síðari árin. Jeg vona, að hin háttvirta deild taki þessar athugasemdir mínar til greina, og hugsi sig vel um í þessu máli, hvað heilladrjúg háskólastofnunin muni verða.

Holgeir Clausen: Jeg skal ekki tala margt um þetta mál, en jeg stóð upp til að gjöra eina athugasemd, sem jeg bið deildina að veita eptirtekt. Allir við, sem hjer erum samankomnir, erum gáfaðir og duglegir menn, eins og við sjálfir vitum bezt, og þó hefur enginn okkar verið á háskóla. Þegar maður nú getur fengið annað eins «*product*» af dugnaði og gáfum, og hjer er samankomið, án þess að brúka háskóla, til hvers er þá, mínir herrar, að vera að berjast fyrir að fá það, sem við alls ekki þurfum á að halda? Jeg játa, að í þessu tilliti heyri jeg ekki til framfara-mannanna.

Framsögumaður: Jeg verð að segja, að það gjörir mjer illt, að verða enn að standa upp, til að svara nokkrum af þeim mótbárum, sem komið hafa fram móti þessu máli, en jeg er neyddur til að gjöra það. Hinn háttvirti 2. þingmaður Skagfirðinga sagði, að svo væri ráð fyrir gjört í frumvarpinu, að lagakennslan skyldi fara fram í þessum sal. Hvar stendur það skrifað? Hver hefur sagt það? eða hvaðan hefur þingmaðurinn þá ráðagjörð? Jeg þekki hana ekki, og hún væri líka meiningarlaus. Allir, sem hafa gengið um þetta hús, hljóta að hafa sjeð, að hjer eru nóg önnur herbergi fyrir kennslustofur en þingsalirnir sjálfir, enda hefur enginn ráðgjört, að hafa þá til þess. En það er og auðvitað, að húsið sjálft hefur gagn af að vera notað, og jeg held, að kálgarður sá, sem það er reist á, hafi hvorki verið svo veglegur nje ódýr, að honum sje of boðið með því, þó þetta svæði væri notað í þessu augnamiði. Mjer þykir annars leiðinlegt að heyra þennan þingmann og sjá hringla þetta allt aptur og fram í málinu, í norður og suður, austur og vestur; það er eins og hann viti ekki, hvert hann á að snúa sjer. 1. þingmaður Húnvetninga minnti mig á, að þetta mál væri vöggukvæði þingsins. Það er satt; en jeg bið þingmanninn líka að minnast þess, í hvaða mynd þetta mál kom hjer inn á þing og hver bar það fyrst upp. Það var hinn ógleymanlegi landi vor, Jón sál. Sigurðsson, sem fyrstur manna vakti máls á því, en munurinn var að eins sá, að hann kallaði stofnunina *þjóðskóla*. Það var jeg, sem fyrst stakk upp á sjerstökum lagaskóla. Síðan jeg var að nema lög í Kaupmannahöfn, hef jeg allt af verið að velta því fyrir mjer, hvernig ætti að koma þessu máli svo fyrir, að fullnægjandi væri þörfum vorum, en jafnframt svo úr garði gjört, að stjórnin gæti gengið að því. En hvernig sem þingið hefur farið að, hefur ráðgjafastjórnin í Danmörku jafnan daufheyrzt. En hver skyldi trúa þessu, sem lesið hefur konunglega auglýsingu til alþingis 8. júní 1863, og veit, að alþingi hefur nú fengið löggjafarvaldið og fjárforræði? Sú ástæða dugar þó ekki vel fyrir ráðgjafann, að segja nú, að það sje til niðurdreps lagamenntuninni, að veita oss lagakennslu, því að þeir, Íslendingar, sem nú eru á háskólanum í Kaupmannahöfn

eru að öllum líkindum sjálfsagðir kennarar við þessa fyrirhuguðu vísindastofnun, og þeir hafa þekkinguna í íslenzku fram yfir prófessórana sjálfa, sem einnig hafa numið lög við þann hinn sama háskóla, og geta því það, sem prófessórarnir hafa ekki getað, og geta ekki og munu ekki geta að vitni þeirra sjálfra, sem jeg áður hef skýrt frá. En um lagaskólann, sem minni hlutinn . hjelt fram eða málið í því formi, segi jeg, að jeg er ekki sá þrákjálki, að mjer detti í hug að berja svo höfðinu við steininn, að vera að nauða á stjórninni, að biðja hana um það, sem hún vill ekki veita. Jeg bið deildina aptur á hinn bóginn, að muna eptir því, að vjer sitjum hjer á löggjafarþingi, og að við berum ekki fram neinar bænir, en vjer krefjumst þess og eigum að krefjast þess, með fullri einurð og festu, sem þjóðþarfir vorar heimta. Það er nauðsynlegt, að hinir heiðruðu þingmenn gangi út frá þessu og skoði málið frá þessu sjónarmiði, því að með því einu móti erum vjer okkur þess meðvitandi, að vjer höldum hjer á rjetti þjóðarinnar, sem við megum ekki spila úr höndum oss, vjer getum ekki forsvarað það fyrir þeirri þjóð, sem vjer erum fulltrúar fyrir. Hinn heiðraði þingmaður Reykvíkinga efaðist um, að frumvarp þetta kæmi á rjettum tíma. Mjer þykir vænt um, að hann efast um það; hann neitar því þó ekki, að nú, einmitt nú, sje hinn rjetti tími. Það var og auðheyrt á ræðu þingmannsins, að hann var málinu yfir höfuð meðmæltur. Jeg verð að segja þessum sama þingmanni, að vjer stöndum nú svo að vígi, að vjer getum meira en borið oss saman við háskóla Dana á 15. öld, þá er hann var að berjast við að komast á fót. Jeg hef áður tekið fram, að jeg get ekki tekið þátt í þessari hræðslu, sem þingmaðurinn ber fyrir því, að styrkur sá verði af numinn, sem íslenzkir stúdentar hafa við báskólann í Kaupmannahöfn; þau hafa að minnsta kosti enn ekki verið tekin af, þó stofnaður væri prestaskóli hjer, meira að segja: frá sjálfum háskólanum í Kaupmannahöfn voru lögð *stipendia* til prestaskólans. Eru það þá ekki óhæfilegar getsakir og vanþakklæti við frændur vora Dani, þegar þingmaðurinn getur þess til um þá, að þeir noti þetta tækifæri, eins og hann sagði, til að taka styrkinn af oss? Þingmaðurinn sagði enn fremur, að hann væri deigur á, að fá lagakennsluna hjer á landi sakir þess, að svo margir sigldu, þó hjer væri prestaskóli og læknaskóli. En þetta ætti öllu fremur að vera sönnun fyrir hinu mótsetta; því að það sýnir einmitt, að Íslendingar eru nú svo þroskaðir, að þeir þurfa háskóla, þegar þeir hverfa hjeðan til að nema annarstaðar hin æðri vísindi, og afla sjer yfir höfuð þeirrar menntunar, sem þeim nú gefst ekki kostur á að afla sjer hjer.

Þingmanni Snæfellinga ætla jeg ekki að svara; mjer gat ekki skilizt, að honum væri sjálfum vel ljóst, hvert ræða hans stefndi, og þá er ekki að vænta þess af mjer.

Eiríkur Kúld: Jeg er hræddur um, að nafnið »háskóli« hneyksli menn; mjer fyrir mitt leyti stendur alveg á sama, hvort stofnun þessi heitir »þjóðskóli« eða »háskóli«; en jeg vil leiða athygli manna að því, hvernig mál þetta er komið inn á þingið í þessum búningi. Það er vissulega komið sem neyðarúrræði, nokkurs konar vandræðaúrræði. Frá 1845 hefur verið beðið um lagaskóla, íslenzkir námsmenn sent bænarskrá um þetta frá Kaupmannahöfn, úr landinu sjálfu einnig komið bænarskrár um það hvað eptir annað o. s. frv., en allt hefur strandað hjá stjórninni og ekkert fengizt. Hvernig á þessari tregðu stendur, er mjer aldeilis óskiljanlegt. Það hefur verið sagt hjer skýrt og skiljanlega, að lagakennslan við Kaupmannahafnar-háskóla geti alls ekki verið fullnægjandi íslenzkum júristum; en aptur hafa þær mótbárur komið fram, að við mundum missa þann mikilsverða styrk, sem íslenzkir námsmenn hafa við Kaupmannahafnarháskóla, ef hjer yrði stofnaður háskóli. Þessu held jeg að sje ástæðulaust að bera kvíðboga fyrir. Danir hafa sjálfir sýnt, að sá kvíðbogi á við ekkert að styðjast og er getsakir einar; það

sýnir prestaskólinn, sem fær þaðan styrk. Það hefur heyrzt borið hjer fram í salnum, að lagaskólans væri engin þörf, því að nú væru komnir nógir lagamenn. Hví er þá verið að troða upp á oss útlendum mönnum, sem við skiljum ekki, og þeir skilja varla okkur? Kostnaðurinn skal jeg játa að er nokkur við slíka stofnun, einkum ef *communitetið* væri tekið af okkur, en þá vil jeg þó benda á það, að allt það fje, sem eytt verður til lagakennslu og laganáms, verður brúkað hjer í landinu sjálfu en ekki í Danmörku. Undarlegast þykir mjer, þegar jeg heyri þingmenn vera að tala um, að það muni ekki fást, sem hjer er farið fram á. Við erum þó ekki að biðja um neina fjárveitingu, heldur að eins samþykki konungs. Það lítur út fyrir, að stjórnin hafi ekki veitt okkur lagaskólann af því, að henni hafi þótt við fara fram á of lítið, en sparnaðurinn við að fá lagaskóla í stað háskóla er harðla lítill; það er ógnar-einfalt reikningsdæmi, sem jeg vona að allir þingmenn geti reiknað, að mismunurinn er að eins 600 kr. Jeg hirði ekki á, að gefa meiri hluta nefndarinnar atkvæði mitt, en ætti jeg ekki á öðru völ, en að samþykkja minni hluta uppástunguna, mundi jeg einnig gjöra það.

Þegar hjer var komið umræðunum, höfðu þessir 8 þingmenn,

Þorsteinn Thorsteinson,
Þorlákur Guðmundsson,
Holgeir Clausen,
Lárus Blöndal,
Tryggvi Gunnarsson,
Guðmundur Einarsson,
Ólafur Pálsson,
Grímur Thomsen,

beiðzt þess, að þeim væri hætt, og var það samþykkt.

Síðan var frumvarpið borið undir atkvæði, og var við 1. grein við haft nafnakall, og sögðu

Já:

Magnús Andrjesson,
Benidikt Sveinsson,
Egill Egilsson,
Eiríkur Kúld,
Friðrik Stefánsson,
Jón Jónsson,
Jón Ólafsson,
Ólafur Pálsson,
Tryggvi Gunnarsson,
Þórarinn Böðvarsson,
Þórður Magnússon,
Þorsteinn Jónsson,
Þorsteinn Thorsteinson,
Þorvarður Kjerulf.

Nei:

Grímur Thomsen,
Guðmundur Einarsson,
Halldór Kr. Friðriksson,
Holgeir Clausen,
Lárus Blöndal,
Þorkell Bjarnason,
Þorlákur Guðmundsson.

Var greinin þannig samþykkt með 14 atkvæðum gegn 7.

2. og 3. grein voru samþykktar með 14 atkvæðum hvor.
4. grein samþykkt með 13 atkvæðum.
5. grein samþykkt með 14 atkvæðum.
6. grein felld með 12 atkvæðum móti 8.

Málinu var vísað til 3. umræðu með 14 atkvæðum gegn 2.

ÞRIÐJA UMRÆÐA Í NEÐRI DEILD,

á 49. fundi, 15. dag ágústmánaðar.

Frumvarpið, eins og það var samþykkt við 2. umræðu, sjá I, 447.

Framsögumaður (*Benidikt Sveinsson*): Jeg finn ekki ástæðu til að lengja umræður í þessu máli, og treysti á góðar undirtektir þingmanna á þessu seinasta stigi málsins eigi síður en við 1. og 2. umræðu þess.

Fleiri óskuðu ekki að tala í þessu máli, og sagði þá forseti umræðunni lokið. Var því næst gengið til atkvæða og við haft nafnakall eptir ósk 6 þingmanna:

Benidikts Sveinssonar,
Friðriks Stefánssonar,
Jóns Ólafssonar,

Þórarins Böðvarssonar,
Þorsteins Thorsteinsons,
Holgeirs Clausens.

Já sögðu:
Magnús Andrjesson,
Benidikt Sveinsson,
Egill Egilsson,
Eiríkur Kúld,
Friðrik Stefánsson,
Jón Jónsson,
Jón Ólafsson,
Ólafur Pálsson,
Tryggvi Gunnarsson,
Þórarinn Böðvarsson,
Þórður Magnússon,
Þorsteinn Jónsson,
Þorsteinn Thorsteinson,
Þorvarður Kjerulf.

Nei sögðu:
Eiríkur Briem,
Guðmundur Einarsson,
Halldór Friðriksson,
Lárus Blöndal,
Þorlákur Guðmundsson.

Forseti lýsti því næst yfir, að frumvarpið væri samþykkt með 14 atkvæðum gegn 5, og að það mundi verða sent efri deildinni.

FYRSTA UMRÆÐA Í EFRI DEILD,
á 39. fundi, 17. dag ágústmánaðar.

Sighvatur Árnason: Þetta mál er víst nýmæli hjer á þingi, og má segja, að það sje mikilfengt mál, sem sjálfsagt þarf að íhuga vel og vandlega, og vil jeg því leyfa mjer að stinga upp á því, að 3 manna nefnd sje sett í málinu, og 1. umræðu síðan frestað.

Stefán Eiríksson: Jeg er hinum háttvirta þingmanni Rangæinga samdóma um það, að þetta mál er í alla staði íhugunarvert, því það má með sanni segja, að þetta er stórkostlegt mál. En til þess, að geta greitt atkvæði um þetta mál, þarf jeg skýringa á því frá deildarmönnum. Eptir þessu frumvarpi verða það ekki að vísu neitt mikilfeng gjöld, sem þessi háskólastofnun hefur í för með sjer fyrir landssjóðinn; það eru að eins, eptir því sem nú stendur á pappírnum 7000 kr. á ári handa kennurum við lögfræðisdeildina; en jeg vildi fræðast um það, einkum af hinum háttvirtu þingmönnum úr Reykjavík, hvort ekki mundi örðugt að fá hjer hús fyrir þessa stofnun; jeg ímynda mjer kannske, að það mætti nota þetta nýja þinghús fyrir háskólann, því það er þó almennings-eign, en önnur hús held jeg sjeu hjer engin, sem til þess yrðu notuð. Mjer fyrir mitt leyti þykir illt, að lögfræðingaskólinn skuli vera hjer tengdur við háskólann. Það er kunnugra en frá þurfi að segja, að bænarskrár hafa komið á flestum undanfarandi þingum um stofnun lagaskóla, og það einmitt frá menntamönnum í Kaupmannahöfn, og hef jeg ætíð verið því máli meðmæltur, og þykir mjer því illt, að lagaskólinn skuli máske falla fyrir þá sök, að hann er í þessu frumvarpi settur í samband við háskólann. Að öðru leyti skal jeg geta þess, að jeg sje ekki, hvað nefnd á að gjöra, þegar svona langt er liðið á þingtímann, því við það, að setja nefnd í málið, yrði það til þess, að málið næði ekki fram að ganga á þessu þingi. Jeg ímynda mjer, að hinir löglærðu menn hjer í deildinni, sem eru þessu máli kunnugri en jeg, geti skýrt það án nefndar.

Benidikt Kristjánsson: Ef jeg væri viss um, að nefnd mundi bæta þetta mál og efla framgang þess, þá skyldi jeg vera fyrstur manna til að leggja það til, að nefnd yrði kosin í því, en af því svo langt er liðið á þingtímann, þá er jeg hræddur um, að það yrði ekki til annars en fella málið, ef nefnd yrði nú kosin, og að hinu leytinu er jeg ekki sannfærður um, að það sje nauðsynlegt, því í rauninni er þetta ekki neitt nýtt mál, nei, það er mjög gamalt, því að það má segja, að það hafi verið á dagskrá, síðan þing byrjaði, bæði á ráðgjafarþinginu og á löggjafarþingi. Að vísu kann þetta mál í fljótu bragði að sýnast vera öðruvísi nú en áður, en munurinn er, að minnsta kosti í mínum augum, þýðing-

arlítill. Hjer í þessu frumvarpi er samfara lagaskóla gjört ráð fyrir að stofna háskóla, án þess í peningalegu tilliti sje gjört nokkuð til að stofna hann. Hjer eru allir skólarnir settir saman undir einu nafni, nafninu «háskóli», sem skipt er niður í sjerstakar deildir: guðfræðisdeild, lögfræðisdeild og læknisfræðisdeild, og hefur þetta fyrirkomulag engin fjárútlát í för með sjer, en stofnunin fær nýjan vísindalegri blæ en áður, og gefur von um, að menntalífið verði fjörugra með sameiningunni. Jeg álít, að þessi breyting fari í svo æskilega stefnu, að hún ætti ekki að fæla menn frá frumvarpinu, heldur miklu fremur hvetja menn til að samþykkja frumvarpið. Í rauninni veitir það að svo komnu ekki annað en lagaskóla í viðbót við þá 2 skóla, prestaskólann og læknaskólann, sem við nú höfum. Jeg þarf ekki að brýna fyrir þingmönnum, hve nauðsynlegt sje, að stofna lagaskóla hjer á Íslandi; það hefur verið sýnt fram á það áður, og í neðri deildinni hefur þetta efni verið brýnt áþreifanlega fyrir mönnum, og jeg veit, að mörgum hjer í deildinni munu kunnar þær ástæður, sem þar hafa verið færðar fyrir stofnun lagaskóla. Jeg skal einungis taka það fram, að nauðsynin á lagaskóla verður brýnni með hverju ári, eptir því sem lögunum fjölgar, sem frá alþingi koma. Ísland hefur fengið sitt sjerstaka löggjafarþing og sjerstakt löggjafarvald, og af því flýtur, að löggjöf Íslands verður sjerstök, svo ekki er sýnilegt, að háskólinn í Kaupmannahöfn veiti nokkra, sízt næga kennslu í íslenzkum lögum. Að endingu legg jeg það til, að málið verði rætt án nefndar.

Síðan bar forseti undir atkvæði, hvort nefnd skyldi kosin, en það var fellt með 6 atkvæðum.

Málinu var því næst vísað til 2. umræðu með 8 atkvæðum.

ÖNNUR UMRÆÐA Í EFRI DEILD,

á 41. fundi, 20. dag ágústmánaðar.

Sighvatur Árnason: Jeg skal játa það, að það mælir mikið fyrir því, að slík stofnun, sem hjer er um að ræða, komist á. En samt álít jeg, að það sje mikið tímaspursmál, hvort þörf sje nú á að koma þessari stofnun á fót eða ekki; nauðsynin er ekki svo brýn, nú sem stendur, eins og sumir, sem hafa mælt með þessari háskólastofnun, hafa haldið fram. Það er kunnugt, að lögfræðiskennslan er ekki svo þörf hjer á landi nú sem stendur. Þess vegna vil jeg nú enn á ný stinga upp á því, að sett verði 3 manna nefnd í málið til þess að íhuga það enn, betur og láta í ljósi álit sitt um það í heild sinni, eða gjöra breytingar til betri vegar á frumvarpinu, sem hjer liggur fyrir.

Var þá borið undir atkvæði, hvort nefnd skyldi kjósa; var það samþykkt með 6 atkvæðum, og í nefndina kosnir:

Magnús Stephensen með 6 atkvæðum.
Sighvatur Árnason — 6 —»—
Sigurður Melsteð — 6 —»—

Var umræðunni síðan frestað.

Í nefndinni var Magnús Stephensen kosinn formaður og Sighvatur Árnason skrifari.

Sökum hinna miklu anna síðustu daga þingsins gáfust nefndinni ekki tómstundir til að íhuga þetta mál til hlítar, og kom það því ekki optar til umræðu.

LII.

Skipting þinghár.

Frumvarp til laga um nýjan þingstað í Þingvallahreppi í Árnessýslu. Frá 1. þingmanni Árnesinga. Frumvarpið er prentað í fyrri parti alþingistíðindanna, bls. 129.

FYRSTA UMRÆÐA Í NEÐRI DEILD,
á 17. fundi, 21. dag júlímánaðar.

Flutningsmaður (Þorlákur Guðmundsson): Frumvarp þetta er ekki margbreytt, og snertir ekki almenning, en einungis beiðendurna. Það er fram komið samkvæmt áskorun frá íbúum Þingvallahrepps, sem getið var af forseta og legið hefur um hríð á lestrarsalnum; hún er undirskrifuð af 20 mönnum, öllum hreppsbúum; hreppsnefndin hafði áður leitað til sýslunefndarinnar, og óskað, að fá sjerstakan þingstað, en sýslunefndin þóttist ekki hafa myndugleika til að gjöra út um það mál, og mun hún sjerstaklega hafa haft tillit til brjefs landshöfðingja frá 20. nóvember 1880, sem prentað er í Stjórnartíðindunum B, bls. 166, þar sem það er látið í ljósi, að umboðsvaldið geti ekki gjört út um þess kyns mál. Ástæðurnar fyrir frumvarpi þessu hafa deildarmenn getað kynnt sjer á lestrarsalnum. Víða er 3 daga ferð að sækja manntalsþingið fram og aptur, og yfirvaldið kemur þar aldrei, eða mjög sjaldan; hreppsbúar fara því á mis við allt heimulegt gagn af yfirvaldinu, en eyða eins miklu í ferðakostnað, eins og þeir gjalda á þingi, í staðinn fyrir að það er skyldugt, að gjöra mönnum svo ljett fyrir sem unnt er að greiða gjöld sín. Jeg vona, að deildin sjái ekki ástæðu til að neita um þessa beiðni hreppsbúa.

Jón Jónsson: Þingvellingar geta að minni hyggju fengið þessar óskir, þær er hjer liggur fyrir, uppfylltar *án* löggjafarvaldsins. Umboðsvaldið getur sjálft ákveðið, að halda aukamanntalsþing, og er þá ráðið úr hinum helztu vandræðunum. En vita Þingvellingar, hvað þeir fá auk manntalsþingsins með þessu frumvarpi? Þeir fá sjerstaka rjettarþinghá í hreppnum, og það munu þeir varla kæra sig svo mikið um. Nú eru Grímsnesingar og Grafningsmenn skyldir til að stefna Þingvellingum fyrir sáttanefnd í öllum skuldamálum, en verði þetta frumvarp að lögum, geta þessir nábúar þeirra stefnt þeim með kveldsfyrirvara fyrir gestarjett, og það mundi ef til vill ekki þykja öllum Þingvellingum rjettarbót. Jeg skýt því til flutningsmanns, hvort hann væri ekki fáanlegur til að taka frumvarpið aptur.

Flutningsmaður: Jeg skal svara 2. þingmanni Skagfirðinga því, að það getur ekki verið hættulegra fyrir íbúa Þingvallahrepps, en hverja aðra, að fá sjerstaka rjettarþinghá, því það er engin ástæða að beita öðru rjettarfari við þá en aðra.

Forseti skaut því til flutningsmanns, hvort hann vildi ekki aðhyllast uppástungu 2. þingmanns Skagfirðinga um, að taka frumvarpið aptur, en þingmaðurinn var ófáanlegur til þess.

Þá höfðu þessir 8 þingmenn:

Benidikt Sveinsson,
Friðrik Stefánsson,
Þórarinn Böðvarsson,
Þorkell Bjarnason,
Egill Egilsson,
Grímur Thomsen,
Holgeir Clausen,
Þorvarður Kjerulf,

beiðzt þess, að umræðunum væri hætt, og var það samþykkt. Síðan bar forseti upp til atkvæða, hvort málið skyldi ganga til 2. umræðu, og var það samþykkt með atkvæðafjölda.

Málið kom ekki síðar til umræðu.

LIII.

Afnám amtmannaembættanna.

A.

Frumvarp til laga um afnám amtmannaembættanna. Frá 1. þingmanni Eyfirðinga, 2. þingmanni Skagfirðinga, 2. þingmanni Suður-Múlasýslu, 2. þingmanni Gullbringu- og Kjósarsýslu, 1. þingmanni Norður-Múlasýslu og 1. þingmanni Skagfirðinga. Frumvarpið er prentað í fyrri parti alþingistíðindanna, bls. 145.

FYRSTA UMRÆÐA Í NEÐRI DEILD,
á 52. fundi, 17. dag ágústmánaðar.

Framsögumaður (*Jón Ólafsson*): Þetta er nú 1. umræða þessa máls, og með því jeg þykist vita, að frumvarp þetta fái góðan byr í deildinni hjer, þá þykir mjer óþarfi að mæla sjerstaklega fram með því, enda mælir það bezt sjálft fyrir sjer. Jeg vona, að það fái að ganga hiklaust til 2. umræðu.

Jón Jónsson: Jeg vil taka það fram, að mjer þykir mál þetta næsta umfangsmikið og íhugunarvert, og því álít jeg þörf á að ræða það ýtarlega. Það hefur opt verið tekið fram af hinum helztu hagfræðingum vorum, að landssjóðnum væru ofvaxin þau embættislaun, er nú hvíla á honum, og að margir af embættismönnum vorum mættu missa sig; þeir hafa því í háði verið kallaðir «landsómagar». Hvað sem nú þessu líður, getur verið mikil spurning um, hvort einn af hinum æðri embættum vorum ekki mættu leggjast niður, eptir að sú mikla breyting á landsstjórninni, sem gjörðist 1873 með stofnun landshöfðingjadæmisins, hefur fengið tíma til að verka í ýmsar áttir. Það er nú út sjeð um, að lög þau, er hjer liggja fyrir, nái framgang á þessu þingi, en eitthvað mætti samt gjöra í þá stefnu, er uppástungumennirnir hafa haft fyrir augum, t. d. með þingsályktun, athugasemd við fjárlögin eða með öðru; þess vegna vil jeg leyfa mjer að stinga upp á 5 manna nefnd í málinu.

Því næst ljet forseti greiða atkvæði um það, hvort nefnd skyldi kjósa, og var það samþykkt með 12 atkvæðum, og voru þessir kosnir:

Jón Jónsson með 11 atkvæðum
Þorsteinn Jónsson — 10 —»—
Lárus Blöndal — 7 —»—
Friðrik Stefánsson — 7 —»—

auk þess höfðu 5 þingmenn fengið 6 atkv. hver; var því dregið hlutkesti um þá, og hlaut

Jón Ólafsson

sæti í nefndinni.

Í nefndinni var Jón Jónsson kosinn formaður og Jón Ólafsson skrifari og framsögumaður.

Nefndarálit, sjá I, 580—582, sbr. næsta mál hjer á eptir.

Frumvarpið kom ekki framar til umræðu.

B.

Þingsályktun og yfirlýsing. Frá nefnd þeirri, sem sett var í neðri deild alþingis til að íhuga frumvarp til laga um afnám amtmannaembættanna, sjá I, 582.

Á 56. fundi neðri þingdeildarinnar, 19. dag ágústmánaðar, skýrði forseti frá þessari þingsályktunartillögu, og á næsta fundi dagsinn eptir var eptir uppástungu forseta samþykkt, að hafa skyldi 2 umræður um tillöguna.

FYRRI UMRÆÐA Í NEÐRI DEILD,
á 59. fundi, 22. dag ágústmánaðar.

Breytingartillaga
við þingsályktunar- og yfirlýsingartillögu nefndarinnar í málinu um afnám amtmannaembættanna.

1. Við 1. lið. Orðin: «og biskupsembættið» falli burt.

2. Við 2. lið. Orðin: «biskups- og» falli burt.
3. Yfirlýsingin falli burt.

Minni hluti nefndarinnar.
Lárus Blöndal. Þorsteinn Jónsson.

Framsögumaður (*Jón Ólafsson*): Hjer er sú bót í máli, að nefndarálitið er svo langt og svo ýtarlega skýrt þar frá öllum ástæðum, að jeg vona, að þingmenn skilji það, og mun því ekki þörf á, að taka það upp aptur. Viðvíkjandi því, sem minni hluti nefndarinnar fer því fram, að það sje þessu máli óskylt, er meiri hlutinn hefur farið fram á, að biskupsembættið falli burt, þá held jeg, að þessir heiðruðu meðnefndarmenn mínir hafi ekki gjört sjer ljósa grein fyrir sambandinu á milli amtmanna og biskupsins, eða einkum fyrir því sambandi, sem er á milli amtmannsins sunnan og vestan og biskupsins. Þeim hlýtur þó að vera kunnugt, að þessir 2 embættismenn í sameiningu mynda hin svo nefndu «stiptsyfirvöld». Væri nú að eins amtmaðurinn tekinn burtu, mundu hin háu stiptsyfirvöld fara að gjörast fremur þunn í roðinu, eða heldur fátækleg, þegar einungis helmingurinn, nefnilega biskupinn einn, væri eptir sem stiptsyfirvald. Þessi ágreiningur minni hlutans um 1. og 2. lið er því eiginlega misskilningur eða skortur á skilningi á eðli málsins. Breytingartillagan um, að yfirlýsingin falli burt, er þó ekki heppilegri. Landshöfðinginn lýsti því yfir í einni af ræðum sínum eigi alls fyrir löngu, að þegar konungur undirskrifaði fjárlögin, þá yrði þar við hver sú ákvörðun, sem þau hefðu inni að halda, að konungsúrskurði. Í fjárlögunum frá þinginu 1879 stóð sú athugasemd, að amtmannaembættin yrðu *ekki veitt* fastri veitingu, þegar þau losnuðu. Hjer er allt svo *konungsúrskurður* fyrir því, að embættin *skuli ekki* framar verða veitt fastri veiting, en með því það getur ekki verið hafa meining hvorki þings nje konungs, að fara að innleiða þá reglu, að skipa föst embætti að eins *settum* mönnum *til langframa*, þá er það vafalaust, að þennan konungsúrskurð má svo skilja, sem stjórnin ætlist til, að amtmannaembættin leggist niður, og þá liggur beint við, að skora á stjórnina, að koma með frumvarp um það, hvað hún vilji setja í staðinn.

Grímur Thomsen: Það er að eins eitt atriði í þessu máli, sem jeg vildi gjöra fáeinar athugasemdir við. Jeg ætla ekki að minnast á afnám amtmannaembættanna, en um afnám biskupsembættisins vildi jeg fara fáum orðum. Mig furðar á því, að sjá nafn hins heiðraða 2. þingmanns Suður-Múlasýslu á meðal þeirra, sem vilja leggja þetta embætti niður. Hann, sem þó er menntaður maður, gamall ritstjóri og rithöfundur, og sjálfsagt líka sögumaður.

Sje nokkurt nafn og nokkurt embætti þjett vafið inn í sögu landsins, þá er það biskupsnafnið og biskupsembættið. Hver stemmdi stigu fyrir veldi og gjörræði höfuðsmanna og hirðstjóra nema biskuparnir? Menn munu kannast við viðureign Jóns biskups Árnasonar við Fuhrmann og Lafranz, Hannesar Finnssonar við Levetzau. Þessir menn hafa verið sú þjóðlega fyrirmynd fyrir dáð og dugnaði gagnvart ofsa og yfirgangi útlendra embættismanna hjer á landi. Og hvað á svo að setja í staðinn fyrir biskupinn? Svo kallaða dómprófasta. En hvað erum við bættari með því, þótt þeir sjeu ódýrri? Jeg vil ekki af nema þetta embætti, sem gengur jafnframt nafninu eins og rauður þráður í gegn um alla Íslands sögu. Í biskuparöðinni finnum vjer hina duglegustu og frjálslyndustu menn. Biskuparnir vörðu sjálfsforræði Íslands, og það yrði of langt mál, að benda á allt það, sem þeir hafa unnið landi og lýð til gagns. Því vil jeg enn halda embættinu, þó aldrei væri nema nafnsins vegna, enda mundi fara svo, ef það væri lagt niður, að við yrðum innlimaðir í Sjáland eða eitthvert annað biskupsdæmi í Danmörku, eins og Færeyingar nú eru.

Framsögumaður: Jeg er að öllu leyti á sama máli og þingmaður Borgfirðinga um framkvæmdir og þýðingu biskupa á fyrri

tíðum, og jeg get skrifað undir hvert orð, sem hann sagði um það. En hann gætir ekki að því, að það er af, sem áður var; það er öðru máli að gegna með biskupinn nú en á hinum fyrri tíðum. Nú er biskupsembættið orðið allt annað, en það var þá, því nú má það heita hreint og beint vífilengju-embætti (*omsvöbs-departement*), eða í hæsta lagi sem undir- skrifstofa undir landshöfðingja. Það er heldur ekki meining nefndarinnar, og það hefur hún ekki farið fram á, að *af nema* biskupsnafnið eða embættið, heldur að breyta þeim leifum, sem eptir eru af því, það er: af nema það, sem *sjerstakt* embætti, en *störfin* eru ekki afnumin. Sum falla niður af sjálfu sjer, nefnilega vífilengju-störfin, sem ekki eru nema til tafar málefnum og framkvæmdum. Hin verulegu störfin eru mörg svo vaxin, að þau eptir eðli sínu sem umboðsleg störf heyra undir landshöfðinga-dæmið eða undir skrifstofur þess, svo sem landfógeta, endurskoðara o. s. frv. Hin eiginlegu biskupsstörf þ. e. hin kennimannlegu, eru nú orðin svo fá, og þeim er þannig varið, að það mætti auðveldlega sameina þau öðru embætti, nl. fela þau prófastinum í Kjalarnesþingi, er vjer nefnum dómprófast. Það er á stjórnarinnar valdi, hvernig lagað frumvarp hún vill leggja fyrir þingið um breytinguna. Nafnið gjörir lítið til. Enda má halda því, ef vill, eins fyrir það, þótt störf biskups yrðu t. a. m. sameinuð prófastsembættinu í Kjalarnesþingi. Jeg get ekki ætlað, að hinar góðu röksemdleiðslur þingmanns Borgfirðinga hitti þetta mál, því hann miðaði mest við fyrri tímann, og átti það því ekki við, eins og biskupsvaldinu hagar til nú á dögum.

Varaforseti: Er það heppilegt, að neðri deildin ein semji þingsályktun í þessa átt? Jeg vil vekja athygli þingmanna á því, að mjer sýnist heppilegra, að láta málið ganga einnig gegnum efri deildina, því það gjörir mjög mikla breytingu á stjórninni í landinu. Breytingu á amtmannaembættunum er jeg ekki mjög mikið mótfallinn, og ef til vill ekki, að þau yrðu lögð niður. Sum störf þeirra yrðu að leggjast undir landshöfðingja, og þá þyrfti líklega að fá annan landritarann til, þó að þessi sje duglegur, sem nú er. En látum það svo vera. Sumum störfunum yrði að bæta úr á annan veg; amtsráðin t. d. yrði að setja saman á annan hátt en nú er. Hvað biskupinn snertir, þá er það satt, sem framsögumaður sagði, að það er að eins annar hlutinn eptir af stiptsyfirvöldunum, þegar amtmaðurinn er farinn, en hvort það þar fyrir er rjett, að láta biskupinn «fokka með», ef svo mætti að orði kveða, það held jeg ekki. Því þótt jeg sje sannfærður um, að biskupar komi ekki upp í sama stýl og á fyrri öldum, þá er óumflýjanlegt, að landið verður að heyra undir eitthvert biskupsdæmi. Má vera, við yrðum svo heppnir, að lenda undir Sjálandsbiskupsdæmi; mjer þætti enn lakara, ef við lentum suður á Fjóni. (*Jón Ólafsson*: Verðum framvegis sjálfstætt biskupsdæmi eins og nú.) Eigi Ísland að vera sjálfstætt biskupsdæmi, verður það og að hafa biskup fyrir sig.

Grímur Thomsen: Jeg skal leyfa mjer að bæta því við, að þótt það sje satt, sem nefndin fer fram á, að störf biskupsins sjeu ekki eins mikil nú eins og fyrrum, þá er hitt þó víst, að mikið er komið undir manninum sjálfum, hvað vel honum tekst að halda því valdi, sem hann hefur, og auka það. Þótt biskupar hafi á síðari tímum hopað á hæl fyrir því veraldlega valdi, eða misst nokkuð að valdinu fyrir vangá eða þrekleysi, en það munu þeir hafa gjört til þess, að komast ekki í deilur við stjórnina, þá get jeg hugsað mjer það biskupsefni nú, sem mundi færa það meira í lag aptur og auka veldi þess með staðfestu og dugnaði. Sje það satt, að biskupinn hafi lítið annað en skrifstofustörf á hendi, þá er það einstökum biskupum að kenna. Jeg held enn fremur, að verksvið stiptsyfirvaldanna sje ekki eins lítið, og nefndin gjörir úr því. Stiptsyfirvöldin hafa og eiga að hafa yfirumsjón yfir öllum kennslumálum í landinu. Það hlýtur að vera áríðandi, að hafa þessa yfir-

umsjón góða, og því er það ekki þýðingarlítill starfi, sem þeim er ætlaður.

Framsögumaður: Það er ekki tilgangur nefndarinnar með ályktun þessari, að af nema biskupsembættið eiginlega, heldur bitt, að breyta því þannig, að það yrði ekki lengur sjerstakt embætti með 7,000 til 8000 króna launum. Að þessu leyti er orðavalið, ef til vill, eigi sem heppilegast, enda þótt við höfum skýrt málið svo, að óþarfi er að misskilja það. Jeg mun því í nafni nefndarinnar koma með breytingaratkvæði til 3. umræðu í þá átt, að í staðinn fyrir «afnám biskupsembættisins», komi: «um breytingu á skipun biskupsembættisins». Yrði t. a. m. prófastur í Kjalarnesþingi eptirleiðis kosinn á almennri prestastefnu fyrir allt land, og hann ætti að fremja biskupsverk, þá yrði þetta samkvæmt hugsuninni í frumvarpi til laga um kosningu presta, sem þingmaður Borgfirðinga kom með á öndverðu þessu þingi. Jeg vona því, að þingmaðurinn mundi styðja þá breytingu, ef hann vill vera sjálfum sjer samkvæmur. Með því þannig að vjer eptir sem áður höfum biskup, þótt embætti það væri sameinað öðru, þá er auðsætt, að landið yrði eptir sem áður biskupsdæmi, og er það ástæðulaus gryla, að vjer yrðum innlimaðir í dönsk biskupsdæmi.

Umboðsstjórnin á hægt með að skipa fyrir um amtsráðin á margan annan hátt en nú er, og setja annan oddvita en amtmanninn; einhver sýslumaðurinn getur allt eins verið það, þegar amtmaðurinn er dottinn úr sögunni.

Jón Jónsson: Þingmaður Borgfirðinga má ekki kenna biskupunum um, að biskupavaldið hefur gengið til þurrðar hjer á landi. Svo hefur gengið hvervetna annarstaðar, ekki að eins á Norðurlöndum, en jafnvel í Rómaborg hefur hinn æðsti biskup kristniunar orðið að sleppa öllu veraldlegu valdi. Meiri hluti nefndarinnar hefur álitið, að úr því svo var komið, þá væri bezt, að koma embætti þessu öðruvísi fyrir, og að sameina það við prófastsembættið í Kjalarnesþingi eða forstöðumannsembætti prestaskólans, og mundi það varla rýra virðingu þá, sem menn nú hafa fyrir biskupsembættinu, að það hætti að vera skrifstofuembætti.

Því næst var gengið til atkvæða, og fjellu atkvæði þannig:

Breyting minni hluta nefndarinnar við fyrri tölulið samþykkt með 10 atkvæðum gegn 7.

1. liður með áorðinni breytingu samþykktur með 19 atkvæðum.

Breyting minni hluta nefndarinnar við 2. lið áleizt samþykkt.

2. liður þannig breyttur samþykktur með 19 atkvæðum.

Niðurlags-yfirlýsingin var tekin aptur.

Því næst var málinu vísað til síðari umræðu með 19 atkvæðum.

SÍÐARI UMRÆÐA I NEÐRI DEILD,

á 64. fundi, 25. dag ágústmánaðar.

Tillagan, eins og hún var samþykkt við fyrri umræðu í neðri deildinni, sjá I, 576.

Breytingaruppástungur við þingsályktun í amtmannamálinu, eins og hún var samþykkt við fyrri umræðu í neðri deildinni. Frá nefndinni.

Að þingsályktunin verði svo hljóðandi:

Þingsályktun og yfirlýsing.

Neðri deild alþingis skorar á ráðgjafa hans hátignar konungs, að hlutast til um:

1, að lagt verði fyrir næsta þing frumvarp til laga um aðra skipun á biskupsembættinu og um afnám amtmannsembættanna.

2, að amtmannsembætti það, sem nú er laust og hitt amtmannsembættið og biskupsembættið, ef þau skyldu losna, verði ekki veitt föstum embættismönnum, fyr en búið er að ræða á alþingi ofannefnt lagafrumvarp eða annað frumvarp um, hvernig megi skipa hina æðri stjórn hjer á landi með haganlegra móti og minna kostnaði en nú á sjer stað, allt samkvæmt og í samhljóðun við

konungsúrskurð þann, sem felst í 9. grein A. 1. fjárlaganna frá 24. oktbr. 1879.

Í sambandi við þessa áskorun lýsir neðri deild alþingis yfir því, að hún í trausti til þess, að ráðgjafinn muni taka þessa áskorun til greina, hafi sleppt því, að taka upp í fjárlög þessa árs álíka athugasemd um biskupsembættið og þá athugasemd um veitingu landshöfðingjaritaraembættisins og amtmannanna, sem fjárlögin frá 24. oktbr. 1879 innihalda.

Framsögumaður (Jón Ólafsson): Jeg vil leyfa mjer að geta þess, að hjer er komið fram breytingaratkvæði við þingsályktunina, sem stendur að sje frá nefndinni, en rjettara væri, að það stæði að eins frá meiri hluta nefndarinnar, með því að nokkrir nefndarmenn vildu ekki fallast á breytingartillöguna, þó að meiri hlutinn væri henni samþykkur. Að öðru leyti skal jeg geta þess, að þessi breytingartillaga fer fram á, samkvæmt fyrri umræðunni, að skipað væri fyrir um hina æðri stjórn með haganlegra móti, en verið hefur. Einnig hefur nefndin breytt orðinu «afnám» í «aðra skipun», hvað biskupsembættið snertir, því að það var aldrei meiningin, eins og jeg líka síðast tók fram, að það eigi beinlínis að af taka það. Jeg vona, að hin heiðraða deild greiði atkvæði með þessari breytingartillögu.

Lárus Blöndal: Jeg vil að eins leyfa mjer að skýra frá, að þessi breytingaruppástunga er alveg heimildarlaust eignuð nefndinni, því að það var farið á bak við bæði mig og hinn háttvirta þingmann Vestmannaeyinga, og við mótmæltum henni, er hún var borin undir okkar álit; við vildum vera sjálfum okkur samkvæmir, því að við 2. umræðu málsins gjörðum við breytingartillögu við yfirlýsingu nefndarinnar, og hún var þá samþykkt af hinni heiðruðu deild. Þetta orð «frá nefndinni» er því blekkjandi, og ætti heldur að vera: «frá meiri hluta nefndarinnar». Jeg ætla mjer að halda hinu sama fram sem áður, og mun greiða atkvæði móti uppástungunni.

Framsögumaður: Það er auðvitað, að hinn háttvirti þingmaður hefur rjett til að greiða atkvæði, hvernig sem hann vill, en hitt ranghermir hann, að hjer hafi í nokkru verið farið á bak við hann, enda kannaðist hann sjálfur við í ræðu sinni, að jeg hefði sýnt honum breytingartillöguna, þegar hann sagði, að hann hefði ekki viljað skrifa undir hana. Jeg bauð þingmanninum, að hann gæti gjört ágreiningstillögu, en það kvaðst hann ekki vilja. Hinn annan nefndarmann gátum við ekki fundið í það sinn, en hann hafði áður neitað að skrifa undir. Þegar minni hlutinn þannig ekki gjörði ágreiningsatkvæði, hafði meiri hlutinn rjett til að koma fram sem nefndin með breytingartillögu sína. Mótmæli jeg því alveg, að hjer sje í nokkru farið á bak við þingmann Húnvetninga, eða að við höfum gjört nokkuð heimildarlaust.

Lárus Blöndal: Jeg held því sama fram, sem jeg hef tekið fram áður, að það var heimildarlaust, að setja á breytingartillöguna, að hún væri frá nefndinni, því að bæði jeg og þingmaður Vestmannaeyinga eigum engan þátt í henni, og því hefði verið rjettast, að á breytingartillögunni hefði staðið: «frá meiri hluta nefndarinnar», því að hitt er blekkjandi, eins og það stendur.

Jón Jónsson: Það er alveg rjett hjá hinum háttvirta 1. þingmanni Húnvetninga, að það voru að eins þrír í meiri hluta nefndarinnar. Jeg sýndi hinum háttvirta þingmanni Vestmannaeyinga breytingaruppástunguna, og hann neitaði að vera með í henni.

Framsögumaður: Þegar hinir tveir nefndarmenn komu eigi fram með ágreiningsatkvæði, þá var enginn minni hluti til, og vjer þrír hinir vorum í okkar fulla rjetti, að koma fram sem «nefndin», og vil jeg leyfa mjer að skjóta því undir úrskurð forseta, hvort það hafi ekki verið rjett, að setja «frá nefndinni», eins og á stóð.

Forseti: Eptir áskorun hins háttvirta framsögumanns skal jeg leyfa mjer að lýsa því yfir, að jeg get ekkert sjeð á móti því, að breytingartillagan er talin «frá nefndinni»,

þegar meiri hluti nefndarinnar er meðmæltur henni.

Jón Jónsson: Samkvæmt þessari yfirlýsingu forseta vona jeg, að úttalað sje um form þessa máls. Gegn efni breytingaruppástungunnar gat jafnvel 1. þingmaður Húnvetninga ekkert haft, og er því vonandi, að hann samþykki hana. Hún er nú orðuð svo, að enginn frjálslyndur maður getur haft á móti henni.

Þorsteinn Jónsson: Jeg þarf ekki að lýsa því yfir, að jeg var breytingunni mótfallinn ásamt hinum háttvirta 1. þingmanni Húnvetninga. Að við ekki komum með breytingaruppástungu við breytingaruppástungu meiri bluta nefndarinnar, kom til af því, að okkur sýndist breytingaruppástungan og yfirlýsingin vera hjer um bil það sama, sem úr var fellt við fyrri umræðu með breytingu okkar. Jeg vona þess vegna, að þeir, sem við fyrri umræðu þessa máls greiddu atkvæði með breytingaruppástungunni, greiði einnig atkvæði á móti þessari.

Með því að ekki óskuðu fleiri að taka til máls, var gengið til atkvæða og var:

Breytingartillagan við þingsályktunina felld með 14 atkvæðum gegn 7.

Þingsályktunartillagan var samþykkt með 20 atkvæðum.

Kvað forseti hana mundu verða afgreidda til landshöfðingja sem þingsályktun.

LIV.

Endurskoðun stjórnarskrárinnar.

A.

Tillaga til þingsályktar, um að neðri deild alþingis seti nefnd til að íhuga stjórnarskrá um hin sjerstaklegu mál Íslands, dags. 5. janúarmánaðar 1874. Frá 2. þingmanni Norður-Múlasýslu. Sjá I, 41.

Á 5. fundi neðri deildar, 8. dag júlímánaðar, skýrði forseti frá þessari tillögu til þingsályktar og ljet út býta henni meðal þingdeildarmanna. Á næsta fundi neðri deildar, daginn eptir, var eptir uppástungu forseta samþykkt, að hafa skyldi eina umræðu um ályktartillöguna.

EIN UMRÆÐA Í NEÐRI DEILD,
á 8. fundi, 12. dag júlímánaðar.

Flutningsmaður (Benidikt Sveinsson): Háttvirti forseti! jeg verð að biðja hina heiðruðu fulltrúa Íslendinga að veita nákvæmlega athygli fáeinum orðum, sem jeg ætla að mæla. Jeg get fullvissað hina háttvirtu þingmenn um það, að mjer er fullkomlega ljós þýðing þessa máls, þess allsherjarmáls, sem þessi fáorða tillaga ræðir um. Mjer er alveg ljós gangur stjórnarmáls Íslands, og þau áhrif, sem hinn framstreymandi, festandi og skapandi tími hefur haft og mun hafa á það í sambandi við aðgjörðir sjálfra vor og þjóðar vorrar. Mjer er einnig ljóst vanmegni mitt til að leggja þann skerf á metaskálarnar, sem vera ber, og hvaða hvöt og skyldur jeg hef til að leggja krapta mína fram af fremsta megni. Jeg finn mig þá fyrst skyldan til, að gjöra ljósa grein

fyrir, hvers vegna jeg sje mig knúðan til að bera þessa tillögu fram á þinginu. Lítum þá á fáein ytri sögulег atriði. Á lestrarsal þingsins sjáum vjer liggja áskoranir, ávörp eða bænarskrár úr 5 kjördæmum landsins, og þar á meðal úr því kjördæmi, sem jeg er fulltrúi fyrir, um að endurskoða stjórnarskrána og koma fram breytingum á henni á þessu þingi. Þessi kjördæmi eru Vestur-Skaptafellssýsla, Dalasýsla, Suður-Þingeyjarsýsla, Norður-Þingeyjarsýsla og Norður-Múlasýsla. Í annan stað hafa blöðin, sem hafa verið köllnð og eru rjett kölluð tungur þjóðanna, hreift ýmsum nauðsynlegum breytingum á stjórnarskránni, og um þetta efni er einnig ritað í merkasta riti, sem vjer allir þekkjum, frá hendi Þjóðvinafjelagsins, «Andvara». Þetta hefur meðal annars vakið athygli þjóðarinnar, og núna seinast um daginn var hreift einu megin-atriði stjórnarskrárinnar, hæstarjetti í Danmörku. Þetta hefði samt sem áður, ef til vill, eigi verið nóg hvöt fyrir mig til þess að bera fram þetta mál — nei! það eru *aðgjörðir hins síðasta ráðgefandi alþingis 1873 í stjórnarmáli landsins*, sem hafa knúð mig til að gjöra það. Eins og hinum háttvirtu þingmönnum hlýtur að vera í fersku minni, bar það fram fyrir konung vorn sem aðaluppástungu eða rjettara samþykktar atriði algjört frumvarp til stjórnarskipunarlaga fyrir Ísland, og í annan stað vara-uppástungu, byggða á ýmsum meginsetningum. Aðaluppástunguna gat konungur vor ekki aðhyllzt, en varauppástungan leiddi, jeg segi *leiddi* til þess, að vjer fengum stjórnarskrána 5. jan. 1874 frá konungi. Þessi varauppástunga eða vara-samþykktaratriði frá hálfu þjóðarinnar á Íslandi og stjórnarskráin 5. jan. 1874 frá hálfu konungsins í Danmörku eru þannig hinn vissi og viðurkenndi «constitutionelle» grundvöllur, sem liggur fyrir. Látum það gott heita. Þetta eru þá hyrningarsteinarnir undir þjóðfrelsisbyggingu vorri; þetta eru máttarstólparnir í frelsismusteri voru, sem í hugsjóninni er himinfagurt, en í verkinu því miður vansmíði. En hjer skal staðar nema, því á þessu stigi málsins ætla jeg mjer ekki að ganga inn í aðalefni — Realitet málsins.

Það, sem jeg þannig á þessu stigi málsins legg áherzluna eingöngu á, eru samþykktaratriðin frá síðasta ráðgefandi alþingi 1873, sem lesa má í alþingistíðindunum það ár, í síðari parti bls. 264—265. II a. b. c. d. Öll varauppástungan er ein heild og hljóðar svo:

a. að stjórnarskrá þessi ekki ákveði fasta fjárhagsáætlun, heldur skuli hún fyrir hver 2 ár lögð fyrir alþingi til samþykkis. Með 25 samhljóða atkvæðum.

b. að stjórnarskrá þessi ákveði, að sjerstakur ráðgjafi skuli skipaður fyrir Íslands mál, sem hafi ábyrgð á stjórnarstörfum sínum fyrir alþingi. Með 25 samhljóða atkvæðum.

c. að engin gjöld eða álögur verði lagðar á Ísland til sameiginlegra mála án samþykkis alþingis. Með 22 samhljóða atkvæðum.

d. að endurskoðuð stjórnarskrá, byggð á óskertum landsrjettindum Íslendinga, verði lögð fyrir hið 4. þing, sem haldið verður, eptir að stjórnarskráin öðlast gildi. Með samhljóða 24 atkvæðum.

En það er II, *d.*, sem hjer kemur sjerstaklega til greina nú á þessari stundu, þótt það að öðru leyti sje óaðgreinanlegur liður í varauppástungunni II. Gæti menn vel að því, að einnig þessi liður er samþykktur bæði af hinum *þjóðkörnu* og *konungkjörnu* þingmönnum 1873 með *bróðurlegum ag samverkandi einingarhuga*.

Nú vona jeg, að hinir háttvirtu þingmenn sjái ljóst, hvað hvetur mig, hvað knýr mig, hvað skyldar mig til að fram bera uppástungu um endurskoðun stjórnarskrárinnar 5. jan. 1874 á hinu 4. löggefandi alþingi, úr því stjórnin eigi hefur gjört það. Hjer er um arfgengan helgidóm að ræða. Hið ráðgefandi alþingi er sannköllud móðir hins löggefandi alþingis. Þessi móðir þess og vor sem löggefandi fulltrúa seldi oss í hendá *deyjanda* degi þennan helgidóm, þjóðfrels-

ismál Íslands, sem hún hafði borið á brjóstum sjer, annazt og erfiðað fyrir. Vjer höfum tekið á móti þessum helgidómi svo fullkomnum, sem móðirin gat hann af hendi leyst, og vjer höfum notið þeirra rjettinda, sem honum voru samfara, en rjettindunum fylgja skyldur, helgar og heilagar skyldur. Tökum þá þennan helgidóm, prýðum hann og hugmyndina um hann í hugum vorum og hjörtum. Göngum að breytingunum á svo nefndri stjórnarskrá Íslands 5. jan. 1874 með allri vorri ráðsnilld, stillingu og djörfung, en umfram allt, að ógleymdri sannri íslenzkri hollustu við konung vorn í Danmörku, með fölskvalausri föðurlandsást, og óbifanlegu trausti til konungs konunganna!

Að svo mæltu vil jeg snúa fáeinum orðum til hins hæstvirta fulltrúa stjórnarinnar hjer á þingi. Hann hefur manna mest utan þings og innan brýnt fyrir oss, að gott samkomulag milli stjórnar og þings sje máttarstólpinn undir starfsemi hinnar «constitutionelle» stjórnar, til velferðar landi og lýð. Hann hefur verið sjónarvottur að dugnaði og framfara-anda hinnar fátæku og fámennu þjóðar vorrar, frá því hið fyrsta löggefandi alþingi var stofnað, og hann hefur með óneitanlegum dugnaði og atorku lagt krapta sína fram og verið samvinnandi með oss til þess, að viðleitni þjóðarinnar hefði, *innan hinna þröngu takmarka stjórnarskrárinnar*, blessunarrík áhrif og ávexti fyrir land og lýð. Það er til þessa manns, sem jeg sný orðum mínum, og það er hann, sem jeg skora á, að hann leggi fram sínar mikilsmegnandi leiðbeiningar og aðstoð til þess, að fá stjórnarskránni breytt í betra og frjálsara horf, samkvæmt því, sem gjörðist á alþingi 1873, og að óskertum landsrjettindum vorum bæði á þessu stigi málsins, og eins þegar til aðalefnisins kemur. Þessi sami hæstvirti herra var ljúfur á að *semja* við alþingi 1867 um stjórnarmál Íslands; þá fjekk hann ákúrur hjá stjórninni í Danmörku, að hann hefði eigi haft *heimild* til þess, en *nú* er hún gefin í 34. gr. stjórnarskrárinnar, já, meira að segja, *skylda* hans til þessa, skylda, sem jeg er sannfærður um að hann muni uppfylla með ljúfu geði.

Jeg læt svo út talað um þetta mál að sinni, og sting upp á 5 manna nefnd.

Jón Jónsson: Þótt engin bænarskrá hafi komið úr mínu kjördæmi um endurbót á stjórnarskránni, verð jeg að lýsa því yfir, að orð þau, sem nú voru töluð, munu finna opin hjörtu í Skagafirði, og hafa kjósendur þar fullt eins mikinn áhuga og aðrir landsmenn á því, að stjórnarmál vort komi í viðunarlegt horf. Jeg er því málinu í mesta máta hlynntur.

Þar eð ekki tóku fleiri til máls, bar forseti upp til atkvæða, hvort kjósa skyldi 5 manna nefnd eptir uppástungu flutningsmanns, og var það samþykkt með atkvæðafjölda. Þessir hlutu kosningu:

Benidikt Sveinsson	með	19 atkv.
Guðmundur Einarsson	—	14 —»—
Þorvarður Kjerulf	—	13 —»—
Tryggvi Gunnarsson	—	12 —»—
Ólafur Pálsson	—	10 —»—

Í nefndinni var Benidikt Sveinsson kosinn formaður og framsögumaður og Þorvarður Kjerulf skrifari.

Nefndarálit, sjá I, 365–368.

B.

Frumvarp til endurskoðaðra stjórnarskipunarlaga um hin sjerstaklegu mál Íslands. Frá nefnd þeirri, sem kosin var í neðri deild alþingis til að íhuga stjórnarskrána. Frumvarpið er prentað í fyrri parti alþingistíðindanna, bls. 369—377.

FYRSTA UMRÆÐA Í NEÐRI DEILD,

á 49. fundi, 15. dag ágústmánaðar.

Framsögumaður (*Benidikt Sveinsson*): Jeg skal ekki verða langorður um þetta frumvarp á þessu stigi málsins. Nefndarálit í

þessu máli hefur legið svo lengi fyrir þingmönnum, að jeg vona, að öllum sje orðið það ljóst. Jeg skal að eins leyfa mjer að skýra frá þeim aðalgrundvallarreglum, sem nefndin hefur lagt til grundvallar fyrir breytingum sínum. Þær eru þrjár. Sú var þá fyrst, að gjöra engar óvernlegar breytingar á þeim ákvörðunum stjórnarskrárinnar, sem nefndin felldi sig við að innihaldinu, hvorki á orðum eða setningaskipun. Önnur, að gjöra yfir höfuð að tala eigi aðrar breytingar á stjórnarskránni en þær, sem hún sjálf heimilar og bendir til með þeim meginsetningum, sem teknar eru fram í byrjun hennar. Í 1. grein er skýlaust sagt, að tilgangur stjórnarskrárinnar sje sá, að Ísland hafi löggjafarvald, framkvæmdarvald og dómsvald *út af fyrir sig* í hinum sjerstaklegu málum landsins. Á þessu hefur nefndin byggt. Hin þriðja grundvallarregla var sú, að byggja breytingarnar í þessa stefnu sumpart á þeim frumvörpum, sem hin ráðgefandi þing samþykktu, og sumpart á ákvörðunum þeim, sem voru í þeim frumvörpum stjórnarinnar, sem hún sjálf hefur fyr meir lagt fyrir hin ráðgefandi alþingi. Nefndin hefur þannig haldið sjer innan þröngra takmarka, án þess að leggja á hylluna ætlunarverk það, sem hin háttvirta deild hefur falið henni á hendur. Nefndin hefur nefnilega á hinn bóginn haldið því föstu, að meginsetningar stjórnarskrárinnar í 1. grein væri ekki einasta í orði, heldur líka á borði, sannarlegar stjórnfrelsisákvarðanir fyrir Ísland, en það eru þær ekki í stjórnarskránni 5. jan. 1874. Samkvæmt þessu hefur nefndin lagt það til, að stjórnarábyrgðin færðist inn í landið sjálft, en hvíldi ekki á manni, ráðgjafanum, í 300 mílna fjarlægð frá landinu, því með slíku fyrirkomulagi er óhugsandi, að skipa stjórn landsins á þann hátt, að hún geti heitið svo, að landið hafi hana út af fyrir sig, eða hún komi því að sönnum notum. Önnur aðalbreytingin er viðvíkjandi fjárveitingarvaldinu; það er breytingin á 25. gr. stjórnarskrárinnar, að tillagið til hinnar æðstu innlendu stjórnar einnig liggi undir atkvæði þingsins, enda virðist þessi óhafandi takmörkun á fjárforræði þingsins byggð á ástæðulausri grunsemd um, að þingið vanbrúki stjórnfrelsið, gagnstætt því, sem fram hefur komið á þinginu. Þriðja aðalatriðið snertir dómsvaldið, eða ákvörðunina um hæstarjett, og er hún samkvæm frumvarpi stjórnarinnar 1867, og finnst í ákvörðunum um stundarsakir, eins og líka önnur ákvörðun, sem stendur í sambandi við það, að ábyrgðin færist inn í landið og yfir á landshöfðingjann. Viðvíkjandi þinginu sjálfu er sú breyting gjörð, að kosningarrjetturinn er lítið eitt rýmkaður með því, að numin er burtu ákvörðunin um vissa upphæð, sem menn verða að gjalda til sveitar, til þess að hafa kosningarrjett. Önnur breyting er það, að tala hinna konungkjörnu er færð niður í 4 í staðinn fyrir 6, og í sambandi við þetta er sú ákvörðun sett um stundarsakir, að Ísafjarðar og Akureyrar kaupstaðir sjeu gjörðir að nýjum kjördæmum. Þá er í þriðja lagi sú ákvörðun, að nema burtu þá takmörkun, að þingið að eins geti sett nefndir, á meðan á þinginu stendur, til að íhuga almenn málefni, en hefur ekki heimild til að setja nefndir, er starfað geti þinga á milli. Enn fremur er þingtíminn lengdur til 10 vikna. Þá er einnig að geta þeirrar ákvörðunar, að með lagaboði megi ákveða sambandið milli þjóðkirkjunnar og og hins veraldlega valds. Jeg vona, að hinir háttvirtu þingmenn sjái, að allar þessar breytingar, sem jeg nú hef nefnt, sjeu óumflýjanlega nauðsynlegar, og þó svo hóflegar, að eigi verði móti haft. Jeg veit ekki, hvort jeg á að hryggjast eða gleðjast yfir því, að landshöfðinginn er hjer eigi viðstaddur, en jeg hlýt að skilja það svo, að hann finni ekki ástæðu til að tala á móti þessum breytingum, því mjer er ekki kunnugt, að hann sje forfallaður, svo að jeg verð

að taka það svo, að þetta sje góðs viti fyrir málið, og hef þá eigi öðru við að bæta, en að óska, að hinir háttvirtu þingmenn leyfi þessu máli að ganga til 2. umræðu.

Grímur Thomsen: Jeg vildi leyfa mjer að gjöra eina fyrirspurn til hins háttvirta framsögumanns. Vjer höfum, eins og hann veit, lög um hina stjórnarlegu stöðu Íslands í ríkinu frá 2. jan. 1871, og meðan þau lög haldast, hlýtur ráðgjafinn að sumu leyti (3. gr.) að hafa ábyrgð á því, að stjórnarskránni sje fylgt, þó að þetta frumvarp verði að lögum. En nú er 3. gr. stöðulaganna hin sama og önnur grein í þessari nýju stjórnarskrá; verður þá ekki ráðgjafinn að hafa ábyrgð á því, að 2. gr. í þessari nýju stjórnarskrá verði haldin? Hvernig hugsar hann sjer þá, að ábyrgðin skiptist á milli landshöfðingjans á Íslandi og ráðgjafans í Kaupmannahöfn? Hinn háttvirti framsögumaður vill láta ábyrgðina hverfa frá ráðgjafanum til landshöfðingjans, en hann getur þó ekki tekið ábyrgðina frá ráðgjafanum í þeim efnum, sem stöðulögin heimta. Hvernig fer, ef ágreiningur verður milli ráðgjafans og landshöfðingjans? og hinn háttvirti framsögumaður sjer, að það getur komið fyrir, um skilninginn á því, hvað sjeu hin sjerstaklegu málefni Íslands. Þessi breyting, að flytja ábyrgðina frá ráðgjafa yfir á landshöfðingja, virðist því vera þeim vandkvæðum bundin, að hún kemur í bága við stöðulögin frá 2. jan. 1871. Það væri slæmt, þegar búið væri að hafa svo mikið fyrir þessu máli, og efla tvisvar til nýrra kosninga, að það þá skyldi stranda á stöðulögunum. Þetta er sá höfuðagnúi, sem jeg finn á þessu nefndarfrumvarpi. Jeg játa, að breytingarnar eru margar góðar, en þetta er því til fyrirstöðu, að jeg geti greitt atkvæði mitt með frumvarpinu.

Framsögumaður: Jeg held, að mótbárur hins háttvirta þingmanns Borgfirðinga sjeu byggðar á helberum misskilningi. Heldur hann, að ráðgjafinn hafi ábyrgð fyrir ríkisdeginum um hin sjerstaklegu málefni Íslands? Er ekki sami agnúinn á eptir þessari gömlu stjórnarskrá, ef skilningur hans er á rökum byggður? Hjer er enginn munur, nema sá, að í staðinn fyrir tilvitnunina í stöðulögin, sem aldrei hafa verið samþykkt af alþingi, stingur nefndin upp á, að talin sjeu upp hin sjerstaklegu málefni Íslands í 2. gr. sinni, einmitt hin sömu mál, sem talin eru í 3. gr. stöðulaganna, í tilliti til hverra ráðgjafinn hefur ábyrgð á, að stjórnarskránni sje fylgt. Það er einungis í einu atriði, sem breytingarnar geta komið í bága við stöðulögin, þar sem stendur í 3. gr. þeirra um hæstarjett, að eigi megi gjöra breyting á stöðu hans, án þess hið almenna löggjafarvald ríkisins taki þátt í því. En þá segi jeg, eins og hinn háttvirti þingmaður Borgfirðinga sagði í málinu um stefnufrest í einkamálum, að stjórnin mundi sjá ráð til þess, að nema þennan agnúa burtu. Það er sjálfsagt, að nefndinni dettur ekki annað í hug, en að ráðgjafinn leggi fyrir ríkisdaginn lagafrumvarp um þetta atriði, en það kemur alþingi að öðru leyti ekki við. Það skyldi vera ánægja mín, ef hinn háttvirti þingmaður Borgfirðinga vildi koma með einhverja aðra flækju, sem jeg ekki gæti greitt úr eða svarað.

Grímur Thomsen: Jeg vil leyfa mjer að spyrja hinn háttvirta framsögumann einnar spurningar enn. Hver verður staða ráðgjafans og hinnar íslenzku stjórnardeildar, þegar þessi nýja stjórnarskrá hefur öðlazt lagagildi, og enginn nema landshöfðingi hefur ábyrgðina? Nú getur komið upp ágreiningur milli ráðgjafans og landshöfðingjans um, hvað sje hin sjerstaklegu málefni Íslands, t. d. um verzlun og siglingar, um fiskiveiðar útlendinga, hvort það sjeu sjerstakleg málefni fyrir Ísland eða almenn ríkismálefni. Hinn háttvirti framsögumaður veit, að almenn ríkismálefni verða að leggjast fyrir

ríkisráðið og ríkisþingið. Þegar nú ágreiningur kemur, hver á þá að skera úr? Því að hinn háttvirti framsögumaður verður að játa, að undir 2. gr. tölulið 7. geta komið fyrir mál, sem ekki er ljóst hvort eru eingöngu sjerstakleg málefni fyrir Ísland eða jafnframt almenn ríkismálefni. Jeg get ekki betur sjeð, en verksvið ráðgjafans, sem konungur hefur sett, til þess að hafa ábyrgð, ekki einungis í hinum sjerstaklegu máiefnum Íslands, heldur líka í hinum almennu málefnum, sje svo takmarkað, að alþingi hafi ekki vald til að setja slík lög. Ef það er löngun hins háttvirta framsögumanns, að frumvarp þetta verði að lögum, þá ímynda jeg mjer, að hann vildi gjöra það svo úr garði, að á því væru engir þeir agnúar, sem gætu verið staðfestingu þess til fyrirstöðu, en jeg held, að eins og það liggur nú fyrir, þurfi að bera það einnig undir ríkisdaginn.

Framsögumaður: Jeg skal taka það fram, að hjer er enn misskilningur hjá hinum háttvirta þingmanni Borgfirðinga. 2. grein nefndarfrumvarpsins er tekin orðrjett upp úr stöðulögunum; þar af flýtur, að ef vafamál getur risið út af þessari 2. grein hjá nefndinni, þá getur og hið sama vafamál risið út úr stöðulögunum. Skilur þingmaðurinn ekki það? Jeg skal taka það upp aptur. Verði ágreiningur um þessi atriði í 2. grein nefndarfrumvarpsins, þá getur eins orðið ágreiningur um *þessi sömu atriði í stöðulögunum*. Skilur ekki hinn háttvirti þingmaður Borgfirðinga þetta? eða skilur hann ekki, *að sama er = sama?* Annað mál er spurningin um það, hver á að útkljá spursmálið um það, hvað sjeu sjerstakleg málefni Íslands, ef 2. grein ekki hrökkur til? en jeg vona, að hinn stjórnfróði þingmaður sjái, að nefndin hefur ekki stungið upp á neinu nýmæli í þessu tilliti, en honum er innanhandar sjálfum að koma fram breytingu í þessa átt.

Að öðru leyti skal jeg svara þingmanninum því, að jeg lít svo á, að þó ríkisdagurinn hafi eptir anda stöðulaganna áskilið sjer rjett til að afgjöra takmarkaspursmálin, þá heyra þessi atriði auðsjáanlega eptir hlutarins eðli, jeg segi eptir hlutarins eðli, bæði undir atkvæði alþingis og ríkisdagsins. En nefndin vildi snerta við sem minnstu af því, er gæti riðið í bága við stöðulögin.

Nefndin takmarkaði uppástungur sínar við það, að Ísland fengi sanna innlenda stjórn í þeim málum, sem stjóruarskráin segir að sjeu sjerstök mál, eða með öðrum orðum, að stjórnarskráin sje stjórnarskrá, ekki einasta í orði, heldur og á borði.

Tryggvi Gunnarsson: Þar eð jeg var svo heppinn, að komast í nefndina, þá álít jeg mjer skylt með fáum orðum, að skýra frá skoðun minni á málinu. Jeg held, að margir út um landið, er hugsa um stjórnarmál, sjeu á þeirri skoðun, að stjórnarskráin sje ekki svo fullkomin, að ekki þurfi neinar breytingar á henni. En um hitt ætla jeg sjeu miklu deildari meiningar, hvort það eigi að bera fram þessar breytingar í dag eða á morgun; með öðrum orðum: nú eða löngu síðar í hinum ókomna tíma. Jeg er meðal þeirra, er hafa álitið stjórnarskrána svo viðunanlega, að breytingin mætti dragast, þar til brestirnir væru betur reyndir, en jeg hef þó komizt að sömu niðurstöðu og nefndin, að rjett væri að tala um breytingar þær, er álíta má að nauðsynlegar sjeu, og eigi draga það lengur.

61. gr. stjórnarskrárinnar segir: «Nái uppástungan um breytingu á stjórnarskránni samþykki beggja þingdeildanna, skal leysa alþingi upp þá þegar, og stofna til almennra kosninga af nýju. Samþykki hið nýkosna alþingi ályktunina óbreytta, og nái hún staðfestingu konunga, þá hefur hún gildi sem stjórnarlög». Er það nú hugsanlegt, að það þing, sem byrjar málið og ber fyrst fram uppástunguna, geti gjört þær breytingar, að óhætt sje, að slíta þingi og stofna til nýrra kosninga í því trausti, að breyt-

ingin komist óbreytt gegnum hið nýstofnaða þing? Jeg held ekki. Jeg hygg, að það þurfi að ræða það mál miklu meir en hálfan mánuð, eins og sá tími er, sem þingið á eptir; því þótt málið væri byrjað þegar í upphafi þingsins, þá væri ekki rjett, að ráða því til lykta á sama þingi. Þinginu er skylt að segja sitt álit um málið í eitt eða tvö skipti, áður en hugsað er til nýrra kosninga. Mjer finnst, að í það minnsta ætti málið að liggja 2 ár hjá þjóðinni til umræðu bæði í ritum og ræðum, ef það á að geta orðið svo úr garði gjört, að hið nýja alþingi, eins og stendur í þessari áðurnefndu 61. gr. stjórnarskárinnar, ætti að geta samþykkt það óbreytt. Þess vegna er það, að ef þetta mál verður fellt á þessu þingi nú þegar, þá getur ekki næsta þing afgreitt málið, því ályktanir þingsins þurfa að liggja fyrir almenningi millum þinga, til þess að landsmenn geti átt kost á, að bera skoðanir sínar saman og sagt sitt álit um málið. Jeg vona, að margir af þingmönnum sjeu á sömu skoðun og jeg, að ekki sje rjett, að ráða málinu til lykta á sama þingi, og það er fyrst borið upp, heldur verði að ræða það mál svo vandlega, áður nýjar kosningar fara fram, að hið nýja þing geti gengið að breytingartillögunum alveg óbreyttum.

Annað atriði, sem hvetur mig til að fylgja fram málinu á þessum tíma, er það, að nú sem stendur höfum vjer þann konung, sem hefur sjerstaka velvild til Íslands. Hann hefur gefið oss þessa stjórnarskrá, og hann hefur sjálfsagt þann einlæga vilja, að gefa oss þá stjórnarskrá, sem oss yrði að sem mestum og beztum notum. Enn fremur er ráðgjafi vor mjög frjálslyndur, sem vill landinu hið bezta, og um hinn hæstvirta landshöfðingja vorn vitum vjer það, að hann hefur mest að stjórnarskránni stuðlað, og vill því sjálfsagt, að hún verði að beztu notum. Allir þessir 3 menn mundu af fúsum vilja hjálpa til þess, að fá haganlega breytingu á stjórnarskránni, er gæti orðið til heilla fyrir land og lýð. Af þessum ástæðum hef jeg skrifað undir nefndarálitið, og vil leggja það til, að málið megi ganga til 2. og 3. umræðu, svo að þjóðin síðan fái að sjá álit þingsins.

Hvort allar breytingarnar, sem nefndin hefur lagt til, eru heppilegar eða ekki, vil jeg eigi dæma um; en jeg skal játa það, að jeg var ekki meðnefndarmönnum mínum samdóma um þær allar, einkum hvað snertir hina æðstu innlendu stjórn landsins og um hina konungkjörnu þingmenn. Þar á móti eru margar breytingar, sem jeg álít til mikilla og verulegra bóta.

Guðmundur Einarsson: Þar eð jeg skrifaði undir nefndarálitið með fyrirvara, þá verð jeg að fara um það fáeinum orðum. Jeg skal fyrst geta þess, að mjer þóttu forsendurnar ekki liðlega orðaðar mjer til handa. Jeg hef aldrei efazt um, að stjórnarskráin yrði að notum, eins og hún nú er, og hún er þegar búin að vinna okkur mikið gagn, og jeg er sannfærður um, að konungurinn hefur gefið okkur góða rjettarbót með henni. En jeg skrifaði undir nefndrrálitið með fyrirvara af því, að skoðnn mín á málinu er lík þeirri, sem þingmaður Borgfirðinga hefur ljóslega tekið fram, nefnilega, að þessum breytingum yrði eigi komið á eptir fyrirkomulaginu í Danmörku, og eptir því sem stöðu Íslands er hagað í sambandi við stjórnina þar. Jeg dró efa á, að unnt væri, að fá því fyrirkomulagi á komið, sem frumvarpið fer fram á. Þriðja atriðið var það — og er jeg þar á sama máli og 1. þingmaður Suður-Múlasýslu — að jeg álít ekki tíma til að ræða málið nú til lykta, og að það eigi ekki að fullræða það á einu þingi. En á hinn bóginn álit jeg gott, að segja álit sitt um það, og láta það svo bíða næsta þings.

Þetta voru aðalástæðurnar til þess, að jeg skrifaði undir með fyrirvara.

Framsögumaður: Jeg skal geta þess viðvíkjandi orðum þingmanns Dalamanna, að forsendurnar voru skrifaðar og orðaðar, áður en hann skrifaði undir nefndarálitið. Honum var því innanhandar að koma þá þegar með þessar athugasemdir sínar, eða hvers vegna tók hann þær ekki fram þá þegar í þessum fyrirvara? Viðvíkjandi hinu atriðinu, að þessum breytingum yrði ekki komið á eptir hinu núverandi stjórnarfyrirkomulagi í Danmörku, þá vil jeg setja eina spurningu fyrir þingmanninn. Heldur hinn háttvirti þingmaður Dalamanna, að ríkisdagurinn fari fyrir fram að breyta stjórnarfyrirkomulaginu þannig, að þingmaður Dalamanna gæti komið og sagt: «Nú er tíminn kominn til breytingarinnar»?

Þar sem þingmaður Borgfirðinga talaði um, að það þyrfti tvisvar að fram fara nýjar kosningar, þá er það misskilningur. Ef málið kæmist fram nú á þingi og stjórnin sinnti því, þá er ekki spursmál nema um einar kosningar. En heldur þingmaðurinn virkilega, að þjóðin mundi telja eptir sjer það ómak, að kjósa einu sinni til alþingis, til þess að fá breytingu á stjórnarskránni? Þess konar mótbárur eru svo lítilfjörlegar, að það er varla samboðið þingmanni, að koma fram með þær hjer í þessum sal. Þingmaður Dalamanna vildi ræða málið, en ekki fullræða það. Hvað meinar hann með því?

Jeg vildi skora á hann, og mjer finnst honum skylt, að láta í ljósi skoðun sína um þetta mál afdráttarlaust.

Guðmundur Einarsson: Jeg ætla ekki að svara hinum háttvirta framsögumanni upp á það, hvaða munur er á, að *ræða* og *fullræða*. Honum hlýtur að vera það ljóst, að málið er ekki fullrætt, fyr en það er búið í báðum deildum. Eins og nú stendur á, höfum vjer nóg að hugsa um önnur mikilsverð innanlandsmál, og ættum því fyrst um sinn að hleypa hjá oss stjórnarskránni, og láta bíða við fyrst um sinn. Við megum þakka fyrir hið góða samband, sem nú er á milli vor og stjórnarinnar, og megum þakka fyrir, á meðan þetta góða samkomulag helzt. Jeg verð því, eins og jeg hef sagt, að álíta, að nú sem stendur sje ekki hentugur tími til, að hreifa við stjórnarskránni, til þess að fá henni breytt.

Framsögumaður: Jeg vil vara þingmann Dalamanna við því, að láta þau orð heyrast hjer í salnum, eða sveigja að því, að breytingar þær, sem farið er fram á af nefndinni, sjeu til þess gjörðar, að spilla því góða samkomulagi, sem nú er milli þings og stjórnar. Það er svo langt frá, að svo sje, að þær eru og eiga að vera til þess, að tryggja þetta góða samkomulag. Þingmaðurinn verður að geta skilið, að því betur sem búið er um hnútana í stjórnarskrá vorri, því minni ágreiningsatriði verða, því tryggara er sambandið milli stjórnarinnar og þingsins. Jeg verð að skoða þessi hans orð sem af ógáti töluð, ef þau hafa átt að lúta að því, að þetta gæti komið kala milli þings og stjórnar. Þingmaðurinn sagði enn fremur, að við ættum fyrst að koma öllum okkar innanlands-málum í rjett horf, en síðan fara að hugsa um stjórnarskrána. Þetta er dálagleg kenning. Löggjafarstarfi þingsins um innanlandsmál vor þrýtur aldrei, meðan þjóð og þing er til, en atkvæði þingsins um þessi óendanlegu málefni er allt annað, eptir því hvort stjórnarskráin er breytt eða óbreytt. Hún er því sjálf sá grundvöllur, sem við eigum fyrst að leggja, eða svo fljótt að leggja, sem auðið er, og síðan byggja á honum. En þingmaður Dalamanna vill segja: «Amen, halelúja! Stjórnarskráin lifi óbreytt um aldur og æfi!»

Halldór Kr. Friðriksson: Þetta mál, stjórnarmál Íslands, hefur lengi verið á dagskránni, og mig furðar alls ekki, þó að þeim mönnum liggi mál þetta á hjarta, sem hugsa um framtíð landsins. Það er víst, að við

tókum móti stjórnarskránni 5. janúar 1874 með þakklæti, eins og skylt var, en þó þannig, að við fundum fullvel, að öllum vorum óskum var ekki fullnægt, en vjer vonuðnm, að geta með tímanum fengið þær breytingar á gjörðar, sem vjer ætluðum að einhverju leyti vera skilyrði fyrir því, að land og þjóð næði þeim vexti og viðgangi, sem æskilegt væri, svo að frelsi það, sem vjer höfum barizt fyrir, gæti komið oss að fullum notum. Eins og jeg tók við þessari stjórnarskrá 1874 með þakklátri tilfinningu til hans hátignar konungsins, og með þeirri von, að vjer fengjum síðar óskir vorar fylltar viðvíkjandi breytingum á stjórnarskránni, eins hef jeg þá sömu skoðun enn, að við þurfum að fá ýmsu breytt í stjórnarskránni. Jeg ætla, að ábyrgðinni sje enn eigi svo fyrir komið sem viðunandi sje. Vjer þurfum breytingar við í þessu efni og fleirum, en á hinn bóginn vona jeg, að hinn heiðraði framsögumaður sje mjer samdóma um það, að slíkar breytingar verði vandlega að íhuga og ræða, áður en þær eru til lykta leiddar. Þótt við höfðum það mál eitt á þingi sem aðalmál, væri sannarlega nóg um að ræða. Það er ekki nóg, að þingið komist að einhverri niðurstöðu; það verður, ef vel á að vera, að komast að þeirri niðurstöðu, sem einhver líkindi eru til eða því nær vissa að næsta þing vilji aðhyllast. Það getur því verið gott, að ræða þetta mál nú á þingi og hreifa ýmsum atriðum í því, en það getur ekki orðið útrætt á þessu þingi, þar sem svo mörg önnur áríðandi mál eru fyrir hendi, sem af þarf að koma. Hinn háttvirti framsögumaður gat ekki fundið, að neitt í þessum breytingum kæmi í bága við stöðulögin; það getur vel verið rjett og satt, en það er þó rjettara, þegar breytingar eru ráðgjörðar, að taka stöðulögin jafnframt til íhugunar; því að í stöðulögunum er gjört ráð fyrir, að ráðgjafinn hafi alla æðstu stjórn á hendi ekki að eins í sameiginlegum, heldur einnig sjerstökum málum Íslands, og því er það nauðsynlegt, þegar setja skal fast ákvæði um hin sjerstaklegu málefni Íslands, að þau skuli heyra undir landshöfðingjann, að stöðulögin sjeu tekin fyrir jafnframt, einkum um verksvið ráðgjafans. Það er einkum tvennt, sem jeg ætla helztu atriði þessa máls: 1. Ábyrgð landshöfðingjans og hin æðsta innlenda stjórn, og 2, hæsti rjettur. Hin önnur smærri atriði miða eiginlega hvorki til að auka rjettindi landsins eða skerða þau; jeg tek til dæmis kosningu konungkjörinna þingmanna, hvort þeir eru 4 eða 6. Jeg ætla því, að breytingar þurfi, en þó með svo felldu móti, að breytingarnar sjeu hugsaðar og ræddar út í yztu æsar, og allt, sem af breytingunum kann að leiða. Gagnið af því, að ræða málið nú, er því að mínu áliti ekkert; eigi umræður um það að vera annað en til gamans, veitti ekkert af þeim 12 dögum, sem eptir eru af þingtímanum, og kæmist þó ekki lengra en svo, að við gætum að eins sýnt efri deildinni okkar tillögur, en hún fengi engan tíma til þess, að gjöra neitt við málið. En nú eru svo mörg áríðandi mál, sem deildin þarf að koma fram, og stendur því alveg á sama, hvort þetta mál er fellt nú þegar, eða því vísað til 2. umræðu.

Tóku þá ekki fleiri til máls, og leitaði forseti atkvæða um, hvort málinu skyldi vísað til 2. umræðu, og var það samþykkt með 16 atkvæðum.

Á 67. fundi neðri deildarinnar, 26. dag ágústmánaðar, átti frumvarp til endurskoðaðra stjórnarskipunarlaga að koma til 2. umræðu, en var þá tekið út af dagskrá. Eptir það kom málið ekki til umræðu.

LV.

Löggilding verzlunarstaðar við Sandvík.

Frumvarp til laga um löggildiug verzlunarstaðar við Sandvík í Grímsey. Frá 2. þingmanni Eyfirðinga. Frumvarpið er prentað í fyrri parti alþingistíðindanna, bls. 279.

FYRSTA UMRÆÐA Í EFRI DEILD,
á 20. fundi, 28. dag júlímánaðar.

Flutningsmaður (Einar Ásmundsson): Jeg skal ekki eyða miklu af hinum dýrmæta tíma þingsins með því, að halda langa varnarræðu fyrir þessu litla frumvarpi. Þess mun heldur ekki þurfa, þar sem þinginu hefur verið svo ljúft að löggilda aðra verzlunarstaði. Jeg vona, að hinir háttvirtu þingdeildarmenn sjái, að Grímseyingar þurfa ekki síður á verzlunarstað að halda en aðrir, sem þá hafa fengið. Ey þessi liggur, eins og menn vita, 6 mílur úti í regin-hafi, og eiga þeir því mjög bágt með, að ná til annara kaupstaða. Grímseyingar hafa sjálfir beðið um, að verzlunarstaður yrði löggiltur við Sandvík, og vona jeg, eptir því sem þingið hefur reynzt í slíkum málum, að það verði við þessari bæn þeirra. Hvort þeir muni hafa verulegt gagn af þessari löggilding, er ekki hægt að segja fyrir; það sjest fyrst á sínum tíma.

Forseti bar því næst undir atkvæði, hvort málinu skyldi vísað til 2. umræðu, og var það samþykkt með 10 atkvæðum.

ÖNNUR UMRÆÐA Í EFRI DEILD,
á 22. fundi, 30. dag júlímánaðar.

Með því að enginn tók til máls, bar forseti frumvarpið umræðulaust upp til atkvæða, og var það samþykkt með 8 atkvæðum. Að frumvarpið gengi til 3. umræðu, var samþykkt með 9 atkvæðum.

ÞRIÐJA UMRÆÐA Í EFRI DEILD,
á 24. fundi, 2. dag ágústmánaðar.

Flutningsmaður: Jeg ætla mjer ekki að halda langa meðmælingarræðu með frumvarpi þessu, en að eins láta þá von í ljósi, að deildin samþykki það og lofi því að komast til neðri deildarinnar og sendi henni það eins og ofurlitla þjóðhátíðargjöf á þessum hátíðlega degi.

Fleiri tóku ekki til máls, og var þá frumvarpið samþykkt með 9 atkvæðum. Kvað forseti það nú mundu verða afgreitt til neðri deildar.

Í neðri deildinni kom frumvarpið aldrei til umræðu.

LVI.

Skólamál.

A.

Uppástunga til þingsályktunar (um skólamál landsins). Frá 1. þingmanni Árnesinga. Uppástungan er prentuð í fyrra parti alþingistíðindanna, bls. 38.

Á 5. fundi neðri deildar alþingis, 8. dag júlímánaðar, skýrði forseti frá, að uppástunga þessi væri til sín komin, og ljet útbýta henni meðal þingmanna; og á 6. fundi neðri deildarinnar, 9. dag júlímánaðar, var

sú uppástunga forseta samþykkt, að hafa skyldi að eins *eina* umræðu um uppástungu þessa.

EIN UMRÆÐA Í NEÐRI DEILD,
á 8. fundi, 12. dag júlímán.

Flutningsmaðar (Þorlákur Guðmundsson): Það, sem hvatti mig til að koma með þessa uppástungu, var það, að mjer virðist skólamál landsins vera á völtum fæti og að þau vanti fasta stefnu. Sumir hugsa um að koma á barnaskólum, aðrir búnaðarskólum, sumir alþýðuskólum, sumir gagnfræðaskólum til og frá um landið, og eins og eðlilegt er, þá er leitað til landssjóðsins með fjárbænir og fjárframlögur til þess, að styrkja og stofnsetja skólana. En þetta getur orðið ærin byrði fyrir landssjóðinn, og ef til vill of mikil, ef skólarnir verða þjettir, og hann á að styrkja þá alla með fjárframlögum Mundi því vera nauðsynlegt, að komast að einhverri niðurstöðu í þessu efni, svo að vilji þjóðarinnar og fjárveitingarvaldið mættust á miðri leið, svo alþýða rasaði síður fyrir ráð fram í þessu. Þess vegna sting jeg upp á, að sett verði 5 manna nefnd, til þess að íhuga málið, og, ef unnt væri, að koma því í betra horf en nú er.

Jón Jónsson: Jeg er flutningsmanni samdóma um það, að þörf er á, að koma fastri skipun á skólamálið. En hitt er víst, að þau eru örðug að eiga við, og uppfræðingin yfir höfuð miklum vandkvæðum bundin; efnahagurinn er lítill og barnaskólar í hverri sveit mundu ef til vill of þung byrði; þó má þetta ekki hræða menn frá, að taka uppástunguna til álita, því undir uppfræðingu almennings er öll okkar hagsæld komin. Mjer virðist uppástungan benda á, að hlutverk nefndarinnar eigi að taka fyrir alla skóla landsins, og virðist mjer þá, að henni sje ætlað vel mikið. Hjer liggur t. d. fyrir frumvarp til laga um stofnun háskóla, búnaðarskóla á Hólum í Hjaltadal o. fl., en jeg vildi óska, að þingið vildi gjöra mun á hinum sjerstöku skólum og almennu skólamáli. Hver skóli er umfangsmikið mál, og mundi ekki ganga vel að taka þá alla inn í þetta mál. Spurningin ætti hjer einkum að vera um hina fyrstu undirstöðu undir uppfræðing ungmenna, og að minni hyggju er það ætlunarverk nefndarinnar, að sýna fram á, hvernig þessu verði bezt komið í verk.

Jón Ólafsson: Jeg ætla einungis að gjöra eina formlega athugasemd, og hún er sú, að verksvið nefndarinnar er, eptir því sem uppástungan hljóðar, almennt, og það liggur alls ekki fyrir, að ræða nú um, eins og hinn háttvirti 2. þingmaður Skagfirðinga gjörði, hvert vísa skuli bænarskrám um einstaka skóla. Þingið hefur fríar hendur, er þær koma fram, að vísa þeim til nefndar, er sett kann að verða samkvæmt þessari uppástungu, eða til fjárlaganefndar, eða setja sjerstaka nefnd í þeim málum, eða fella þau. Meðferð á þeim bænarskrám liggur ekki fyrir í dag, og er óþarft að lengja umræður um það, sem ekki liggur fyrir.

Varaforseti: Mjer finnst ekki eiga við á þessu stigi málsins, að ræða um það, hvað nefndin eigi að gjöra, eða hverja skóla eigi að kosta af sýslusjóði, hreppsjóði o. s. frv., en jeg vildi beiðast skýringar á því, þar eð mjer er það ekki ljóst, hve nær nefndin á að koma fram með tillögur sínar, hvort þær eiga að ræðast á þessu þingi, eða hvort nefndin á að hafa málið til lengri meðferðar?

Flutningsmaður: Þingsályktunartillagan ber það sjálf með sjer, að jeg á ekki við latínuskólann eða Möðruvallaskólann; það eru fastir skólar, sem heyra landssjóðnum til. En á hinn bóginn er það á nefndarinnar valdi, hvernig hún fer með málið. Jeg hef ekki markað henni svið, en þó er það ætlun mín, að hún ætti að koma fram á þessu þingi með tillögur sínar.

Jón Jónsson: Þingmaður Árnesinga — (Meira gat hann ekki sagt fyrir hlátri).

Forseti: Jeg verð að biðja þingmanninn að gæta góðrar reglu; það sæmir ekki, að þingmenn tali hlæjandi.

Jón Jónsson: Jeg bið forseta forláta, þó það kómi krampadrættir í andlit mjer. Þingmaður Árnesinga tók fram, að lærði skólinn og Möðruvallaskólinn lægju fyrir utan verksvið nefndarinnar. Hann nefndi þó sjálfur búnaðarskóla. Möðruvallaskólinn og aðrir slíkir skólar liggja ekki fyrir utan menntun alþýðu. Allir skólar landsins hafa fyrir augnamið uppfræðingu alþýðu. Hjer hefur aldrei verið nein stjettagreining. Þessum jöfnuði þurfum vjer að halda og tryggja á þann hátt, að hinir lægstu skólar og menntunarstofnanir komist í náið sambandi við æðri stofnanir, svo að það verði hægt fyrir hinn fátækasta kotung, að koma barni sínu til hinnar æðstu menntunar, sem kostur er á hjer á landi. Ekkert mundi betur styðja öflugt þjóðlíf og menntunarfýsn en það, ef hver unglingur, þó hann væri fæddur í koti efst uppi undir heiði, vissi, að hann ætti kost á, að ná öllum þeim frama, sem menntunin getur veitt.

Forseti: Jeg skal leyfa mjer að geta þess viðvíkjandi spurningu varaforseta um verksvið nefndar þeirrar, er hjer ræðir um, að jeg álít, að þessi nefnd verði sett eptir því, sem 9. gr. þingskapanna heimilar, þar sem svo er að orði kveðið: «Hvor þingdeildin fyrir sig getur sett bæði stöðugar nefndir, sem málum af einhverri tiltekinni tegund skal vísað til, og nefndir í einstökum málum, sem þó einnig seinna má vísa til nýjum málum, þegar efni þeirra stendur í sambandi við eða er skylt fyrra málinu».

Því næst var kosin 5 manna nefnd, og urðu í henni:

Eiríkur Briem með 18 atkvæðum.
Arnljótur Ólafsson — 16 —»—
Jón Ólafsson — 12 —»—
Þorlákur Guðmundsson með 15 atkv.
Lárus Blöndal með 10 atkvæðum.

Í nefndinni var kosinn formaður Eiríkur Briem, skrifari Lárus Blöndal, og framsögumaður Arnljótur Ólafsson.

Nefndarálitið, sjá I, 223.

B.

Uppástunga til þingsályktunar um skólamál. Frá nefndinni í skólamálinu. Uppástungan er prentuð í fyrri parti alþingistíðindanna, bls. 318.

Á 37. fundi neðri deildarinnar, 8. dag ágústmánaðar, var sú uppástunga forseta samþykkt, að hafa eina umræðu um tillögu þessa til þingsályktar.

EIN UMRÆÐA Í NEÐRI DEILD,
á 43. fundi, 11. dag ágústmánaðar.

Framsögumaður (*Arnljótur Ólafsson*): Jeg vona, að hinir háttvirtu deildarmenn hafi frumvarpið fyrir sjer, þegar þeir athuga álit nefndarinnar. Nefndin var kosin til að íhuga menntun alþýðu, þá menntun alþýðu, sem ekki fæst í latínuskólanum í Reykjavík, eða skólanum á Möðruvöllum. Nefndin áleit, að landssjóður ætti eigi að styrkja þá barnakennslu, sem er lögboðin fyrir alla, en landssjóður ætti að rjetta hjálparhönd þeim stofnunum, sem veita alþýðu menntun. Síðan hefur nefndin leyft sjer, að nefna nokkrar þær greinir, sem hún álítur að eigi að kenna, og bindur kostnaðinn af landssjóðs hálfu við árlegan 1000 kr. styrk, en fer undir eins fram á það, að styrkurinn sje að nokkru bundinn við vöxt skólans, og vill um leið láta taka tillit til þess, hve strjálbyggt er kring um skólann. Það er sem sje auðsætt, að þar sem strjálbyggt er, kemur meiri tilkostnaður á hvern mann, en þar sem þjettbýlla er, af þeim er hlut taka í skólanum, eins og náttúrlegt er,

því að þeir eru færri. Þess vegna fallist nú deildin á skoðun nefndarinnar, er rjett að senda landshöfðingja álitið til að hafa það «til hliðsjónar» við útbýtingu á því fje, sem veitt er til menntunar alþýðu. Við þetta álit hefur og fjárlaganefndin bundið sig, en þó svo, að hún hefur veitt, eða rjettara, ráðið til að veitt sje og fje til barnaskóla.

Varaforseti: Jeg verð að hreifa því, að það er víst fremur fátítt, að taka svona nefndarálit, og gjöra það — ef ekki að lögum, — þá að minnsta kosti að nokkurs konar reglu fyrir landsstjórnina eða stjórnarráðið, og þykist jeg vita, að nefndin hafi eigi ætlazt til, að þessi regla væri í nokkru *bindandi*. Sú spurning gæti og vaknað: hve lengi gildir þessi regla? Fyrir utan þetta er jeg að mörgu leyti og að flestu leyti samþykkur nefndarálitinu, enda þótt jeg verði að skoða það eingöngu sem bendingu, en að það geti ekki verið bindandi fyrir landshöfðingja. Það er eitt skilyrðið, að skólinn standi undir sýslunefndinni, eða skólastjórn, sem hún kýs. Þetta á þó sannarlega ekki að vera bindandi regla; nje heldur það, að allar greinar þær sjeu lærðar, sem nefndar eru, nje heldur það, að ekki megi kenna neitt fleira, en nefnt er í nefndarálitinu. Þar sem nefndarálitið fer því fram, að barnaskólum skuli engan styrk veita, er það auðsætt, að það er ekki bindandi fyrir langan tíma, að minnsta kosti getur sú ákvörðun ekki gilt þann tíma, sem næst fer í hönd, þar sem fjárlagafrumvarpið fer fram á, að veita fje, þó lítið sje, til barnaskóla á næsta fjárhagstímabili. Hlutfallið milli þess, sem aðrir eiga að leggja til á móts við landssjóðinn, er og engan veginn fast ákveðið, heldur segir nefndarálitið sjálft: «jafnaðarlega». Það er því í þessu sem öðru liðamjúkt, sem betur fer. Því sannarlega er það sá aumasti styrkur, sem hugsazt getur af landssjóði, að hann leggi til $^2/_5$, þegar aðrir hafa komið skólunum upp og lagt til $^3/_5$. En það, sem jeg sjerstaklega veiti eptirtekt og legg áherzlu á í nefndarálitinu, er niðurlag seinustu greinar; þar stendur, að skólar þeir sem þegar eru stofnaðir, eru *ekki* bundnir við þessi skilyrði. Með þessari ákvörðun skrifa jeg því fúslegar undir nefndarálitið.

Þorsteinn Jónsson: Jeg get ekki gefið atkvæði mitt með þessu nefndaráliti í heild sinni, án þess að láta sjá mótmæli frá mjer móti því. Það hlýtur að vera annaðhvort ókunnugleiki eða athugaleysi nefndarinnar, að hugsa til, að sameina Vestmannaeyjar við Skaptafellssýslu, það væri þá langtum nær, að sameina þær við Rangárvallasýslu. En þar sem við erum nú annars byrjaðir að byggja á eyjunum skóla, sem við ætlumst til að verði bæði fyrir börn og unglinga, sem lengra eru komnir, vildi jeg helzt, að við fengjum þann styrk, sem okkur ber.

Þorlákur Guðmundsson: Það var alls ekki önnur meining, en að þingsályktunin skyldi vera bending, enda tekur nefndarálitið það fram, einkum í niðurlaginu, eins og varforseti tók fram. Mjer er kunnugt um það, að barnaskólar kenna allir meira en hið lögboðna, svo að þeir komast ekki inn undir ákvarðanir nefndarinnar. En jeg vona, að menn sjái, að það er ekki viturlegt, að slá hendinni alveg af þeim, sem þegar eru komnir á stofn eða komast munu á þessu fjárhagstímabili, meðan að ekki komast upp fleiri sýslu- eða alþýðuskólar, en nú eru til, en hins vegar er jeg á því, að hina lögboðnu barna kennslu, í þrengri skilningi, eigi ekki að styrkja af landssjóði, og að barnaskólar víðast upp til sveita verði of vaxnir kröptum og efnahag almennings.

Þorkell Bjarnason: Það er sjálfsagt samhuga vilji allra þingmanna, að efla alþýðumenntunina hjer á landi, en spurningin getur að eins verið um það, hvort betra sje og hentugra, að alþýðan fái þessa nauðsynlegu menntun gegnum barnaskóla eða al-

þýðuskóla, svo kallaða. Lög alþingis 9. jan. 1880 gjöra foreldrum að skyldu, að kenna börnum skript og reikning, en, eins og nú hagar til á landinu, get jeg ekki sjeð, að þessu geti orðið framgengt barnaskólalanst. Það eru til sveitir hjer á landi, þar sem enginn kann svo vel að skrifa og reikna nema presturinn, að hann geti kennt þetta, svo í lagi fari. Þingmaður Reykvíkinga sagði um daginn, að presturinn væri ekki of góður til að líta eptir kennslunni; þetta er satt, en það þarf meira að gjöra en líta eptir, ef enginn er til að kenna, og þingmaðurinn mun sjá, að það er prestum ofætlun, að kenna öllum börnum að skrifa og reikna í sóknum sínum, ekki sízt meðan engin hús eru til, þar sem börnin geti komið saman. Jeg álít, að tíminn sje enn ekki kominn til að stofna marga unglingaskóla, meðan barnaskólana vantar svo að segja gjörsamlega. Það er víst, að barnaskólamenntunin verður almennari en unglingaskólamenntunin, og unglingaskólarnir munu mest gagna þeim, sem næstir búa og bezt hafa efni, en fátæklingarnir verða útilokaðir sökum efnaleysis. Því hefur verið borið við, að það sje of vaxið landssjóði, að stofna svo marga barnaskóla, sem þyrfti, en jeg er viss um, að til þess þyrfti ekki að verja svo fjarskamiklu fje; jeg vil nefnilega láta verja fje úr landssjóði til að styrkja skólana svo sem fyrsta 10 árin, en úr því held jeg að styrkurinn mætti hætta til hvers skólans fyrir sig; því að þegar bændur sjá, hversu mikið gagn er að slíkum skólum, munu þeir sjálfir kosta kapps um að halda þeim með styrk úr sveitarsjóði, þó styrkur landssjóðsins hyrfi; en jeg er þar á móti hræddur um, að sá andi og áhugi, sem nú er að kvikna á þessu máli, deyi alveg út, ef landssjóður nú hættir að styrkja barnaskólastofnanir að öllu leyti. Jeg verð því að vera á því, að barnaskólar eigi fyrst að verða sem almennastir, áður en við förum að hugsa um alþýðuskóla; í þeim sýna börnin sig, hvernig hæfilegleika þau hafa, og þau af þeim, sem gáfur hafa góðar, geta fengið meiri menntun bjá prestinum eða einhverjum öðrum lærðum manni, og mundi það ekki verða kostnaðarsamara, heldur en að koma þeim í þessa fyrirhuguðu skóla. Jeg get því ekki gefið atkvæði með þessu nefndaráliti, af því að jeg álít, að nefndin hafi tekið ranga stefnu.

Guðmundur Einarsson: Jeg er á öðru máli en hinn háttvirti annar þingmaður Gullbringusýslu. Jeg vil einmitt gefa þessari þingsályktun atkvæði mitt. Jeg er móti barnaskólum á sumum stöðum. Þeir geta t. d. ómögulega blessazt sumstaðar í sveitum, því landið er víðast of strjálbyggt til þess, og þó nú að hreppaskólar yrðu stofnaðir, þá er fátækum ómögulegt eða lítt mögulegt að koma börnum sínum þangað sökum kostnaðarins, sem af því leiðir. Það er og opt svo um barnaskóla, að kennslan er lakari þar, en sú tilsögn, er börn geta notið allvíða í heimahúsum. Jeg álít miklu heppilegra og hentugra, að hafa umgangskennara. Þeir geta verið kafla og kafla á hverjum bæ. Allir geta haldið slíkan kennara í ½ mánuð eða 3 vikur, þar sem þeir aptur á móti eigi hafa efni til að senda börn sín til veturvistar í barnaskóla. Þessi kennari setur börnum fyrir, áður en hann fer, og þegar hann kemur aptur, hlýðir hann þeim yfir, og sjer, hvað þeim hefur farið fram. En kennslubækur fyrir þess konar kennsluaðferð eru enn eigi til nógu hentugar, en það er að ætlun minni skylda yfirstjórnarinnar, að sjá um, að til sjeu bækur, sem hafi það inni að halda, sem heimtað er að börn nemi undir fermingu. Barnaskólar eru góðir og nauðsynlegir í þorpum og sjávarplássum, þar sem margra orsaka vegna er erfitt að segja börnum til. Jeg álít mjög hagkvæmt, að fela hinum hæstvirta landshöfðingja málið á hendur, en hann þarf að hafa strangt eptirlit með, að skólar sjeu í

raun og veru stofnaðir, og að fjenu sje varið til verulegrar menntunar, og það er jeg sannfærður um að hann muni gjöra. Jeg vil sterklega mæla fram með, að alþýðuskólar sjeu settir á stofn, svo að gáfuðum og námfúsum unglingum geti gefizt kostur á, að afla sjer frekari menntunar, en þeim hefur gefizt kostur á að ná við heimanám.

Framsögumaður: Jeg vil leyfa mjer að svara hinum háttvirta varaforseta, þar sem hann spurði að því, hvort nefndin ætlaði að gjöra reglu þessa að bindandi reglu eða eigi. Í þingsályktuninni stendur, að landshöfðingi eigi að hafa skilyrðin til hliðsjónar, og jeg álít, að fjárlaganefndin eigi að taka tillit til þess, er hún ræður til fjárveitinga og úthlutunar þess milli barna- og alþýðuskóla. Reglan er eigi bindandi regla, og getur eigi verið það, meðan enginn skóli fullnægir þessum skilyrðum. En því fleiri skilyrði sem skólinn uppfyllir, því fyr kemur hann til greina við fjárveitinguna. Setjum t. d., að 2000 kr. væru til, og 3 skólar sæktu um styrk af þeim. Þá gjörir landshöfðingi annaðhvort, að hann skiptir fjenu á milli allra skólanna eptir verðleikum, eða hann segir: »Þessi skóli er barnaskóli, því hann uppfyllir engin skilyrði. Hingað til hefur allt verið barnaskólar, nema Flensborgarskólinn, en hann hefur líka fengið meiri fjárstyrk en aðrir skólar. Hvað snertir ræðu hins háttvirta 2. þingmanns Gullbringusýslu, þá vil jeg eigi svara öðru en því, sem jeg nú hef sagt, en bæta þó því við, að fjárlaganefndin vildi eigi draga allan fjárstyrk af barnaskólunum. Hinn háttvirti þingmaður kann að segja, að landssjóðurinn eigi að styrkja barnaskóla landsins, en jeg verð að segja það aptur á móti, að eigi hann að styrkja þá alla, þá endist honum eigi fje til þess, og því fyr sem hann hættir að styrkja þá, því rjettara breytir hann. En jeg vil auka tillagið til barnaskólanna fram yfir það, sem nefndin gjörði, því það er sanngjarnt, að þeim skólum, sem komnir eru á fót, sje líka veittur styrkur, þangað til landssjóðurinn segir: Nú fæst enginn styrkur framar. Jeg veit eitt einfalt ráð, og það er, að landssjóðurinn styrki og stofni sem fæsta skóla, en ljetti sköttum og skyldum sem mest af þjóðinni, og gefi sýslunefndum vald til þess, að leggja gjöld á sýslubúa til slíkra fyrirtækja, því það eru engin drýgindi, að heimta saman skatta til landssjóðsins, og greiða svo allt jafnbraðan út aptur. Hinn heiðraði þingmaður Vestmannaeyja hafði rjett að mæla, er hann kvað óhaganlegt, að sameina Vestmannaeyjar við Vestur-Skaptfellinga, og stofna einn skóla handa báðum, en heppilegra væri að sameina þær við Rangeyinga. Nefndin vill fúslega ljá eyra þeirri breytingartillögu hans. Hinn heiðraði þingmaður Dalamanna, og hinn heiðraði 2. þingmaður Gullbringusýslu voru gagnstæðrar skoðunar um barnaskóla. Jeg er í skoðun minni á þeim mitt á milli þeirra. Jeg álít barnaskóla hvervetna nytsama, en játa, að það sje miklum örðugleikum bundið, að koma þeim við, þar sem strjálbyggt er, og auk þess hafa þeir, sem og allir skólar, sína ókosti. Helztu kostir þeirra eru: 1. að þeir venja börnin á reglusemi, svo sem að fara á fætur á sama tíma, borða á sama tíma, iðja, lesa og leika sjer á sama tíma, sofa á sama tíma o. s. frv. 2. að þeir hafa samlífið fram yfir heimakennsluna. Þar lærir hvert barnið af öðru, stundum kannske það, sem vont er, jeg játa það, en optar líka það, sem gott er og gagnlegt. Þetta samlíf er undanfari og skilyrði fjelagslífsins og þjóðlífsins. Í skólunum á sjer eigi stað þessi takmarkaði einangursskapur, sem á sjer stað á sveitabæjum. Þar sem jeg þekki til, hefur tilsögnin orðið drýgri og affarabetri, þar sem börnin hafa verið mörg saman, en þar sem heimakennsla hefur verið við höfð. Jeg hallast því heldur að barnaskólum en að heimakennslu, en það gæti verið sú hætta

við barnaskólana, að öll börnin yrðu eins og steypt í sama móti, þó það varla sje líklegt, þar sem börnin eru svo mikinn tíma af árinu heima. Hjer vantar oss undirstöðu, eins og svo víða annarstaðar, en jeg vil þó ráða hinni heiðruðu deild til þess, að aðhyllast aðalskoðanirnar í þessu nefndaráliti, því þær eru að minni hyggju rjettar.

Eiríkur Kúld: Jeg er eindreginn á skoðun hinnar heiðruðu nefndar í máli þessu. Jeg játa, að hinn háttvirti framsögumaður hafði rjett að mæla, er hann taldi sveitarskólunum margt til gildis. En þeir eru of dýrir og geta eigi fullkomlega náð tilgangi sínum. Fjárhagur manna hjer bannar bændum einnig að nota þá. Jeg vil taka til dæmis bónda, sem á 6 börn. Hann hefur eigi fje til þess, að koma börnum sínum fyrir á öðrum bæ til náms, en hann getur miklu heldur tekið kennara, til þess að segja þeim elztu til, og svo geta þau aptur kennt þeim yngri. Þetta þekki jeg af eigin reynslu, og veit dæmi til þess. Jeg held, að heimakennslan verði miklu affarabetri og hentugri í sveit, þar sem þó prestar og umgangskennarar geta haft umsjón með henni. Öðru máli er að gegna í kaupstöðum og verplássum; þar álít jeg barnaskóla alveg nauðsynlega. Í verplássum, t. d. víða í Snæfellsnessýslu, eru engin tækifæri til þess að kenna í heimahúsum, húsakynni slæm og full af sjómönnum þann tíma ársins, sem kennsla á fram að fara, nefnilega um vertíðina, svo kennslan tálmast á ýmsa vegu í heimahúsum. Galli sá, sem sveitaskólar ef til vill hafa mestan til að bera, er sá, að við þá missist einhver hin hezta kennsla Íslendinga, nefnilega heimakennsla barna, og þeirri kennslu getur presturinn æfinlega haft strangt eptirlit með, því samkvæmt lögunum er honum heimilt, að taka unglinga burt og koma þeim fyrir annarstaðar, ef honum eigi þykir uppfræðing þeirra sem skyldi. Jeg get eigi verið samþykkur hinum heiðraða 2. þingmanni Gullbringusýslu, og halla mjer heldur að áliti hinnar heiðruðu nefndar.

Þá beiddust

Benidikt Sveinsson,
Friðrik Stefánsson,
Holgeir Clausen,
Arnljótur Ólafsson,
Jón Ólafsson,
Jón Jónsson,
Þorsteinn Thorsteinson,
Lárus Blöndal

þess, að umræðunum væri hætt, og var það samþykkt. Ljet síðan forseti ganga til atkvæða um tillöguna sjálfa, og var þingsályktunin samþykkt með 17 atkvæðum.

Forseti kvað þá þingályktunina mundu verða senda landshöfðingja.

LVII.

Lestagjald af póstgufuskipunum.

Tillaga til þingsályktunar um lestagjald af póstskipunum. Frá yfirskoðunarmönnum landsreikninganna, Grími Thomsen og Magnúsi Stephensen. Tillagan er prentuð í fyrri parti alþingistíðindanna, bls. 73.—79.

Á 11. fundi neðri deildar alþingis, 15. dag júlímánaðar, skýrði forseti frá, að hann

hefði fengið tillögu þessa, og ljet út býta henni meðal þingmanna.

Á 14. fundi neðri deildarinnar, 19. dag júlímánaðar, stakk forseti upp á því, að hafa skyldi eina umræðu um tillögu þessa, og var það samþykkt.

EIN UMRÆÐA Í NEÐRI DEILD,
á 56. fundi, 19. dag ágústmánaðar.

Landshöfðinginn: Þó að jeg, eins og þingmönnum er kunnugt, ekki sje vanur því, að taka þátt í umræðum alþingis viðvíkjandi þingsályktunum, vil jeg leyfa mjer að fara fáeinum orðum um mál það, er hjer liggur fyrir.

Þar sem hinir háttvirtu yfirskoðunarmenn landsreikninganna ekki hafa gjört neina uppástungu viðvíkjandi staflið a og b í álitsskjalinu, skal jeg láta mjer nægja, að vísa til brjefa ráðgjafans og landshöfðingjaus, er prentuð eru í álitsskjalinu, og einungis geta þess, að í brjefi ráðgjafans frá 15. apríl f. á., bls. 2, hefur verið vísað til ríkisreikninganna fyrir 1870—71 og 1871—72 í sambandi við athugasemdir ríkisyfirskoðandanna við þá, og sem hafa inni að halda allar upplýsingar um það, hvernig hlýtt hafi verið lögunum 2. janúar 1871, 5. gr., og skírskotað til ráðgjafabrjefsins frá 24. ágúst 1878. Það er snertir styrktarsjóðinn, hefur ráðgjafinn einnig í brjefi sínu frá 16. apríl f. á. vísað til alþingistíðindanna 1877, þar sem prentuð hafa verið fullkomin reikningsskil fyrir sjóði þessum frá stofnun hans með allra-hæstum úrskurði 25. júlí 1844, og til upplýsinga þeirra, sem finna má í lagasafni fyrir Ísland 1857, bls. 132 og flg.; en það er viðvíkur konungsúrskurðinum 25. júlí 1844, er skýrt tekið fram í brjefinu, að hann má álíta óraskanlegan samkvæmt hinum gildandi stjórnarlögum landsins.

Þannig hefur í báðum þessum málum stjórnin vísað yfirskoðunarmönnunum til þeirra upplýsinga, er yfir höfuð að tala eru til, og sem hún getur látið í tje, og því get jeg ekki fallizt á «*Præmisser*» yfirskoðunarmanna, eða ástæður þær, sem þeir byggja á álit sitt um þessi tvö atriði, sem sje að yfirskoðunarmennirnir ekki hafi getað fullnægt ályktun alþingis viðvíkjandi þeim, þó að jeg að öðru leyti sje yfirskoðunarmönnunum alveg samdóma um það, að ómögulegt sje að taka þessar ályktanir til greina. Það er snertir hið 3. atriði álitsskjalsins, er sá munur á meðferð hinna háttvirtu yfirskoðunarmanna, að þeir við þetta atriði hafi að minnsta kosti ekki sparað sjer það ómak, að leiða ný rök að því. Jeg tel meðal þeirra orð þau, er landshöfðinginn hefur við haft á alþingi 1879, og eru þau prentuð með stóru letri, sem sje, að það megi skoða lestagjaldið af póstgufuskipunum sem tillag, er Ísland borgar fyrir póstgufuskipsferðir milli Íslands og Danmerkur. Ríkissjóðurinn borgar 40,000 kr., en Ísland 7,156 kr. Að vísu eru þessi orð rjett *citeruð*, og jeg verð að kannast við það, að jeg hef við haft þau við 3. umræðu um frumvarpið um afnám lestagjaldsins, þar sem hinn háttvirti þingmaður Borgfirðinga tók það fram sem ástæðu fyrir frumvarpinu, að vjer færum á mis við allt lestagjaldið af póstskipunum, þar sem þetta ætti að draga frá árstillaginu úr ríkissjóðnum. Jeg vildi þá hugga hinn háttvirta þingmann Borgfirðinga með því, að þó að þetta lestagjald yrði dregið frá árstillaginu, þá væri það samt sem áður borgað inn í landssjóðinn á aðra hönd, og því leyfði jeg mjer að kalla þessa ástæðu að mestu leyti «*doktrinær*», en eptir áskorun hins háttvirta þingmanns skýrði jeg þetta orð með að segja í staðinn fyrir það: «theoretisk», og við það bætti jeg hinum tilvitnuðu orðum um, að það mætti skoða þennan frádrátt sem nokkurs konar tillag til póstgufuskipsferðanna frá Íslands hálfu, en mjer datt ekki í hug, að þessi orð mín mætti skilja, eins og mjer væri ekki kunnugt um það, að útgjöldin við póstgufuskipsferðirnar milli Danmerknr og Íslands, samkvæmt lögum 2. janúar 1871, hvíla eingöngu á ríkissjóðnum. Jeg vona, að allir þingmenn sjái, að á þessum orðum

í lestagjaldsmálinu megi ekki byggja neina röksemdaleiðslu um skyldu ríkissjóðsins til að endurgjalda lestagjald það, er getur um; að minnsta kosti er jeg sannfærður um, að ekki neinn dómstóll geti byggt úrskurð sinn á þeim rökum. En það sama má segja um hina málfræðislegu útlistun á orðunum í 6. gr. laganna 2. janúar 1871, sem hinir háttvirtu yfirskoðunarmenn svo skarplega hafa tekið fram, með því að byggja þýðingu sína á orðunum: «Ef nokkuð gjald *verður lagt* á þessar póstferðir til hins sjerstaklega sjóðs Íslands» o. s. frv., eingöngu á orðunum «verður lagt», og leggja áherzlu á það atriði, að lestagjaldið er miklu eldra en lögin 2. janúar 1871, þar sem það er boðið með lögum 15. apríl 1854, en gleyma, að hinn sjerstaklegi sjóður Íslands fyrst er stofnaður með lögum 2. janúar 1871, og þess vegna var ekki neitt gjald lagt til hans með lögum 15. apríl 1854, en um gjald það, er lagt er til ríkissjóðsins, má vel segja 2. janúar 1871, að það verður lagt til hins sjerstaklega sjóðs Íslands, þegar hann verður stofnaður frá 1. apríl 1871. Þess ber einnig að gæta, að í hinum danska texta þessara laga segir: «Paabyrdes der den nævnte Postfart nogen Afgift til Islands særlige Kasse», án þess að binda það við hinn ókomna tíma.

En hvað sem öðru líður, er jeg búinn á alþingi 1877 (Alþ.tíð. I, bls. 109) að lýsa því yfir, «að ef þingið skyldi halda því fastlega fram, að leggja þetta mál (um lestagjald af póstskipunum) undir dómstólana, þá skyldi jeg að svo stöddu ekki mæla á móti því, nema að svo miklu leyti sem jeg fyrir mitt leyti yrði að halda, að vjer ekki ættum von á að vinna málið, og sökum þess álít jeg mjer skylt að ráða frá því», og jeg tók þetta upp aptur á alþingi 1879 (Alþ.tíð. II, bls. 105). Jeg er enn þá á þeirri skoðun, að ef málssókn verður höfðuð í tilefni af tillögum hinna háttvirtu yfirskoðunarmanna, muni afleiðingin ekki verða önnur en sú, að ekki alllítill kostnaður verði stofnaður landssjóðnum, án þess að málið sjálft verði þinginu til sóma.

Grímur Thomsen: Jeg ímynda mjer, að tillagan sje svo ljós, og hin einstöku atriði svo nákvæmlega rannsökuð, að eigi sje þörf á langri umræðu um þetta mál. Þingið 1879 tók hana upp eptir tillögu reikninganefndarinnar, og þessi tillaga er ekki annað en svar upp á áskorun þingsins 1879. Jeg ætla ekki að fylgja hinum hæstvirta landshöfðingja í röksemdaleiðslunni, en þess vil jeg geta, að þó að vafasamt sje, hvort við höfum skilið rjett orðið «*verður*», þá höfum við þó skilið rjett orðið «*póstferðir*», því að þó að lestagjald sje lagt á póstskipið, þá er það eigi lagt á póstferðirnar, heldur á skipið að því leyti sem það er vöruskip. Jeg ætla svo ekki að eyða fleiri orðum um þetta mál, en fel það þinginu á vald. En sje tillaga okkar rjett, þá dugar ekki að horfa í kostnaðinn. Við leggjum það til, að lestagjaldið af strandskipunum verði dregið frá; sökum góðra undirtekta stjórnarinnar við strandsiglingar skipanna viljum við ekki láta telja þá upphæð með. Að öðru leyti fel jeg deildinni málið.

Með því að ekki tóku fleiri til máls, lýsti forseti því yfir, að umræðunni væri lokið, og bar því næst þingsályktunartillöguna undir atkvæði deildarinnar, og var hún samþykkt með 20 atkvæðum.

Forseti kvaðst þá mundu senda þingsályktun þessa til forseta efri deildar með tilmælum um, að leggja hana fyrir deildina.

Á 42. fundi efri deildar, 22. dag ágústmánaðar, skýrði forseti frá, að hann hefði fengið frá forseta neðri deildar tillögu til þingsályktunar um innkröfu lestagjalds og ljet útbýta henni meðal deildarmanna.

Á 44. fundi, 23. dag ágústmánaðar, var sú uppástunga forseta samþykkt í einu hljóði, að hafa eina umræðu um tillöguna.

EIN UMRÆÐA Í EFRI DEILD,
á 46. fundi, 24. dag ágústmánaðar.

Tillagan eins og hún var samþykkt við eina umræðu í neðri deild, sjá I, 576.

Magnús Stephensen: Eins og hinnm háttvirtu þingmönnum mun kunnugt, er þessi tillaga þannig til komin, að alþingi 1879 fól yfirskoðunarmönnum landsreikninganna á hendur, að íhuga spursmálið um það, hvort fjármálastjórn Danmerkur hafi breytt rjettilega í því, að draga lestagjaldið af póstgufuskipunum frá tillaginu úr ríkissjóði, og hafa yfirskoðunarmennirnir komizt að þeirri niðurstöðu, að samkvæmt stöðulögunum 2. jan. 1871, 6. gr., hafi ekki verið næg lagaheimild til þess, að draga lestagjaldið frá tillaginu úr ríkissjóði. Hvernig yfirskoðunarmenn hafi komizt að þessari niðurstöðu, býst jeg við að deildarmenn hafi kynnt sjer af tillögum yfirskoðunarmanna, sem lagðar voru fyrir þingið í sumar, en þó skal jeg stuttlega drepa á aðalástæðurnar fyrir þessari tillögu.

Ákvörðun stöðulaganna 2. jan. 1871, 6. gr: «Ef nokkurt gjald verður lagt á þessar póstferðir til hins sjerstaklega sjóðs Islands, verður jafnmikið dregið af árstillagi því, sem ákveðið er handa Íslandi í 5. gr.», gátu yfirskoðunarmenn ekki skilið öðruvísi en svo, að heimildin til að skerða árstillagið úr ríkissjóði vegna póstferðanna milli Íslands og Danmerkur væri bundin tveim skilyrðum, 1. að þetta gjald sje lagt á póstferðirnar sjálfar, póstferðirnar sem póstferðir, sem sjerstakt gjald, er hvíli á þeim, og 2. að eitthvert nýtt gjald, sem ekki var lögboðið, þegar lögin 2. janúar 1871 öðluðust gildi, verði lagt á pósferðirnar milli Íslands og Danmerkur, og byggjum vjer þetta á orðunum: «*ef* nokkurt gjald *verður* lagt á þessar *póstferðir*». En yfirskoðunarmönnum virtist hvorugt þetta skilyrði geta átt við um gjaldið fyrir leiðarbrjef handa póstgufuskipunum, sem árlega hefur verið dregið frá tillaginu úr ríkissjóði, síðan lögin 2. jan. 1871 fengu gildi, því að gjald þetta hvíldi alls ekki á póstferðunum sjálfum eða póstflutningunum, því samkvæmt lögunum 15. apríl 1854, 4. gr., þurfti ekki að kaupa leiðarbrjef handa póstgufuskipunum vegna póstflutninganna, heldur hvíldi þetta gjald á þeim vegna þess, að þau jafnframt voru höfð til vöruflutninga. Hitt annað skilyrði gátum við heldur ekki sjeð að ætti við um gjaldið, sem dregið hefur verið frá tillaginu úr ríkissjóði, því að lestagjaldið er miklu eldra, en lögin 2. jan. 1871, þar sem það er boðið með lögum 15. apríl 1854, 4. gr. Við gátum því ekki álitið, að þessi orð 6. greinar laganna 2. jan. 1871 gæfu heimild til þess skilnings, að draga ætti lestagjaldið fyrir póstgufuskipin frá tillaginu úr ríkissjóði. Rannsóknin á sögu þessa máls sýnir og, að ekki sje rjett, að draga þetta gjald frá tillaginu úr ríkissjóði; en saga málsins er í stuttu máli þessi:

Í frumvarpi til laga um stöðu Íslands í ríkinu, sem lagt var fyrir ríkisþingið 1868, var ekkert minnzt á kostnaðinn af póstferðunum milli Danmerkur og Íslands, og þá heldur ekki á neinn frádrátt frá árstillaginu úr ríkissjóði vegna póstferðanna, en undir umræðunum í fólksþinginu komst sú skýlausa ákvörðun inn í lögin, «að af skipum þeim, sem notuð eru til reglulegra póstflutninga milli Danmerkur og Íslands, skuli ekki greiða neitt lestagjald eptirleiðis», og var þessi ákvörðun samþykkt í fólksþinginu. En þegar lögin komu fyrir landsþingið, þá umturnaði það þeim frá rótum, og setti þá ákvörðun í grein, sem samsvarar 3. gr. í þeim lögum, sem nú gilda, undir stafliðinn um verzlun og siglingar, að Danmörk skyldi borga kostnaðinn af póstflutningunum milli Danmerkur og Íslands, en þó mætti ekki íþyngja ríkissjóði með gjaldi til landssjóðs af póstferðunum. Síðan fóru lögin aptur frá landsþinginu þannig breytt í þessu efni og til fólksþingsins, en fólksþingið breytti ekki þessari ákvörðun að efninu til; og loks er þessi ákvörðun komin yfir í lögin 2. janúar 1871. Yfirskoðunarmenn gátu ekki betur sjeð, en að engin ástæða hefði verið fyrir landsþingið að breyta hinni ljósu ákvörðun fólksþingsins, ef landsþingið hefði ætlazt til, að lestagjaldið af póstgufuskipunum væri dregið frá árstillaginu úr ríkissjóði; miklu frem-

ur virðist yfirskoðunarmönnum auðsætt, að landsþingið hafi hjer gjört efnisbreyting, og að meining ríkisþingsins hafi verið sú, að girða fyrir, að Íslendingar gætu sett lög um, að leggja ný gjöld á póstskipin, og þannig útvegað Íslandi hærra tillag úr ríkissjóði.

Af þessum ástæðum hafa yfirskoðunarmennirnir lagt það til, að alþingi skoraði á ráðherra Íslands að heimta 34,302 kr. úr ríkissjóði, ef þörf gjörist, með málssókn gegn fjármálastjórn Danmerkur, og þessa tillögu yfirskoðunarmanna hefur neðri deildin nú samþykkt, og er því á valdi efri deildarinnar, hvað hún vill gjöra í þessu efni; það er sjálfsagt ómögulegt að segja, hver afdrif þessa máls verða. Yfirskoðunarmenn þora ekki að segja, hvort málið ynnist; þeir hafa að eins gjört það, sem fyrir þá var lagt, og hafa nú borið upp sína skoðun á málinu, en það er á þingsins valdi, að fallast á hana eða ekki; afdrif málsins eru hulin, en framtíðin verður að sýna, hver þau verða.

Síðan var tillagan samþykkt með 10 atkvæðum, og kvaðst þá forseti mundu senda hana landshöfðingja.

LVIII.

Skuldakröfur Þingeyinga gegn leigjanda brennisteinsnámanna.

Tillaga til þingsályktunar um greiðslu á skuldum hinna fyrri brennisteinsnemanda í Þingeyjarsýslu. Frá þingmanni Norður-Þingeyinga. Tillagan er prentuð í fyrri parti alþingistíðindanna, bls. 236.

Á 19. fundi efri deildarinnar, 27. dag júlímánaðar, gat forseti þess, að hann hefði fengið tillögu þessa, og ljet úthýta henni.

Á 20. fundi, 28. dag júlímánaðar, stakk forseti upp á því, að hafa skyldi eina umræðu um tillöguna, og var það samþykkt í einu hljóði.

EIN UMRÆÐA Í EFRI DEILD,
á 24. fundi, 2. dag ágústmánaðar.

Flutningsmaður (*Benidikt Kristjánsson*): Þótt jeg telji víst, að hinir háttvirtu deildarmenn hafi kynnt sjer skjöl þau, sem legið hafa til sýnis á lestrarsalnum, þá skal jeg samt stuttlega skýra frá tildrögunum til þessa máls. Í aprílmánuði 1872 gjörði stjórnin samning við Lock nokkurn, enskan mann, sem almennt er kallaður hinn eldri, um leigusölu á brennisteinsnámum þeim, sem landssjóðurinn á í Þingeyjarsýslu, og sem heita Hlíðarnámar og Fremrinámar. Nokkru seinna mun Lock þessi hafa selt samninginn fjelagi nokkru, sem nefndist «hið norðlenzka brennisteinsfjelag Íslands», og 1876 sendi fjelag þetta hingað Lock hinn yngra, son þess, er fyrst keypti, til þess að vinna að námugreptri, að vísu ekki til þess að vinna þá náma, sem stjórnin átti, heldur aðra, sem hann hafði tekið til leigu hjá umboðsmanninum Múla-kirkjueigna, og sem nefnast Þeistarreykjanámar. En þegar til kom, hafði Lock ekkert fje til þess að vinna námann, og vantaði öll tæki til þess, en varð á hinn bóginn að hafa mikinn kostnað bæði til hestakaupa og verkfæra, til þess að vinna námann með. Hjer var því ekki nema um tvennt að gjöra: annaðhvort varð hann að hætta við námugröptinn eða fá lán hjá landsmönnum. Hið síðar-

nefnda tókst, og urðu allmargir til þess að lána honum fje. Jeg vona, að deildarmenn lái ekki Norðlingum það, þó að þeir láni þeim manni, sem stjórnin hefur gjört samning við, því að þeir bjeldu, að einmitt fyrir þá sök ættu þeir hjer að skipta við skilvísan og heiðvirðan mann. Enda sýnir samningur stjórnarinnar bezt, að landsmenn hafi tryggingu fyrir því, að menn þeir, sem nota námana hafi til að bera »Hæderlighed og Vederhæftighed«. Mjer virðast líka Norðlingar hafa sýnt þegnskap sinn í því, að treysta þeim manni, sem hafði gjört samning við stjórnina. Þegar kom til námugraptarins, gekk allt á trjefótum hjá yngra Lock; þeir, sem höfðu lánað, komust líka að skorti á loforðaefndum frá hans hálfu, þar sem hann sagðist sifellt eiga von á peningum með hverri ferð, en ekkert kom. Að vísu kom um haustið stórt gufuskip, mestmegnis með kol, en lítið af peningum, og þeir peningar, sem komu, voru hafðir til þess að kaupa sauðfjenað fyrir til útflutnings. Þegar kom fram á veturinn, fóru menn að verða hræddir um skuldir sínar hjá Lock; einkum voru það þó þeir Þórður verzlunarfulltrúi Guðjohnsen á Húsavík, sem hafði lánað Lock talsvert fje, og Eggert umumboðsmaður Gunnarsson, sem heimtuðu skuldir sínar. Eggert umboðsmaður hafði þurft að senda 105 £ til Englands, en Lock tók við peningunum hjer og lofaði að borga þá á Englandi. Því næst fór Eggert hingað suður til Reykjavíkur og sigldi til útlanda; þar hitti hann þann mann, sem skuldakröfuna átti að honum, og frjetti þá, að engin greiðsla hefði orðið á peningunum af Locks hendi. Þess vegna urðu þeir Þórður og Eggert til þess að heimta kyrrsetningu af eignum fjelagsins, og á fógetarjettarfundi 18. janúar 1877 veðsetti Lock þeim og öðrum skuldheimtumönnum eigi að eins öll verkfæri, sem brúkuð voru við námann, og aðrar eignir fjelagsins, heldur og þar að auki samninginn við stjórnina. Eptir þetta fóru þeir að rita til Englands til skuldajöfnunarmanns þess, sem settur hafði verið í þrotabúi fjelagsins. Hið fyrsta brjef, sem þeir fengu frá þessum skuldajöfnunarmanni, Rod Mackay ætla jeg hann heiti, var dagsett í júlí 1877, og viðurkennir hann þar skuldir fjelagsins hjer á landi, og segir, að allar skuldir fjelagsins með skuldunum á Englandi sjeu 1706 £, en eigur fjelagsins og ábyrgðargjald, sem fjelagið setti fyrir samninginn í Danmörku, sje nægilegt til þess, að borga skuldirnar með á sínum tíma, auk verðs þess, sem líkur væru til að þeir fengju fyrir samninginn, sem þegar sje gjörð tilboð í. Jeg tek þetta fram til þess, að þó að ekki sje neitt formlegt skjal frá fjelagsins hendi sem umboðsskjal til handa Lock, þá er þó til hæði viðurkenning frá Lock og Rod Mackay fyrir því, að Lock hafi haft heimild til að taka lánið fyrir fjelagsins hönd. Þriðja brjef frá Rod Mackay skýrir frá, að samningurinn sje seldur Mr. Paterson, málaflutningsmanni á Englandi, og barmar sjer yfir því, að hinn nýi samningur sje svo útbúinn, að Mr. Paterson ekki sje skyldur til að borga skuldir fjelagsins. Þá ritar Þórður Guðjohnsen til landshöfðingja, og landshöfðingi til ráðgjafans fyrir Ísland. Ráðgjafinn gefur það svar, að ekki sje hægt að gjöra neitt verulegt, til þess að ná skuldunum, en bendir til, að eini vegurinn til þess sje sá, að neyta rjettar síns með lögsókn á Englandi. Það vita allir, að það er ekki manna meðfæri hjer á landi, að sækja mál í Englandi, því að kostnaðurinn er svo mikill, að rjetturinn er varla svo mikill, að það kosti ekki meir að vinna hann. Jeg lái ekki stjórninni, þó að hún hafi viljað vinda af sjer vandræði og firrast allt það, sem af þessu kynni að leiða, þó að ef til vill ekki hafi verið full ástæða til þess að leiða það hjá sjer. Jeg ætla mjer ekki, af því jeg er ekki fær um, að tala um, hverjar skuldbindingar liggja á stjórninni til þess að rjetta hluta þessara manna frá lagalegu sjónarmiði; en jeg vona, að deildin sje mjer samdóma um það, að stjórnin hafi þó siðferðislega skyldu til þess, að hjálpa þessum mönnum, því að þeir veittu

lánið, af því að þeir treystu manninum einmitt af því, að stjórnin hafði gjört samning við hann, enda hefði það ekki verið þegnleg hugsun hjá þeim, að ætla, að stjórnin gjörði samning við óskilvísa og óheiðarlega menn, sem ekkert mætti undir eiga. Eins og deildinni er ljóst af uppástungunni, þá er hjer ekki mikils krafizt, og fyrst fulltingis er leitað hjá stjórninni á annað borð, þá má það ekki minna vera, en farið er fram á í þessari tillögu. En jeg treysti því, að ef þingið legði gott til málsins, þá mundi það verða til þess, að stjórnin tæki í taumana, og mundi það hafa heillavænlegar afleiðingar fyrir þá, sem hjer eiga hlut að máli. Jeg skal svo ekki orðlengja frekar um þetta mál.

Þar eð ekki tóku fleiri til máls, var gengið til atkvæða, og

1. Aðaluppástungan samþykkt í einu hljóði.
2. Varauppástungan samþykkt í einu hljóði.

Kvað forseti tillöguna nú mundu verða senda forseta neðri deildar með tilmælum um, að leggja hana fyrir þá deild.

Á 32. fundi neðri deildar, 3. dag ágústmánaðar, skýrði forseti deildinni frá, að forseti efri deildar hefði sent sjer tillögu til þingsályktunar um greiðslu á skuldum hinna fyrri brennisteinsnemanda í Þingeyjarsýslu.

Á 37. fundi, 8. dag ágústmánaðar, var sú uppástunga forseta samþykkt, að ræða í einni umræðu tillögu þessa.

EIN UMRÆÐA Í NEÐRI DEILD,

Á 43. fundi, 11. dag ágústmánaðar.

Þingsályktunin, eins og hún var samþykkt í efri deild, sjá I, 320.

Benidikt Sveinsson: Eins og hinum háttvirtu deildarmönnum er kunnugt, hafa skjöl þessu máli viðvíkjandi legið á lestrarsalnum, og hefur þingmönnum þannig gefizt kostur á að kynna sjer málið; þarf jeg því ekki að orðlengja mjög um það. Mergur málsins er, að fjelagi því, sem uppástungan ræðir um, eða umboðsmanni þess, Lock að nafni, hefur árið 1876 verið lánað stórfje af ýmsum, en sjer í lagi af tveim mönnum í Þingeyjarsýslu, og mót því loforði, að endurgreiða fjeð eptir stuttan tíma, en allt er ógoldið enn. Margir aðrir prívatmenn eiga og talsvert hjá fjelagi þessu, og hið opinbera á hjá því 137 kr. 13 aura; en alls skuldar fjelagið 3752 kr. 28 aura. Þetta enska fjelag hefur samið við dómsmálastjórnina, og sætti henni veð fyrir samningnum; en af skjali, sem hinn enski skuldajöfnunarmaður (*liquidator*) hefur gefið út, verður ekki betur sjeð, en að veðið standi einnig fyrir þessum peningalánum í Þingeyjarsýslu, er hjer um ræðir. Jeg álít, að þetta sje hinn rjetti og eðlilegi vegur, sem skuldaheimtumenn geta farið, því að vísa þeim til að fara í mál við skuldaþrjótana á Englandi, er sama sem að vísa þeim í sjóinn, án þess minnsta vissa sje fyrir, að þeir nái rjetti sínum. Jeg vonast svo góðs til stjórnarinnar í Danmörku, að hún taki betur en svo í strenginn fyrir þegna Danakonungs á Íslandi, og það því fremur, sem samningur ráðgjafans við þetta fjelag tekur það fram, og gefur því trygging fyrir, að brennisteinsnámarnir megi þeim einum leigjast, sem er »hæðerlig og veðerhæftig«.

Holgeir Clausen: Er þetta ekki hreint prívatmál? Kemur það þinginu nokkuð við? jeg er hræddur um ekki.

Benidikt Sveinsson: Jeg skal eun ítreka fyrir þingmanninum, að fjelagið leigði námana af dómsmálastjórninni, og hún hefur undir gengizt að sjá um, að maðurinn, sem leigði, væri »veðerhæftig og hæðerlig«; en það held jeg að sá maður sje ekki eða geti ekki beitið, sem fer svona að ráði sínu, eins og umboðsmaður fjelagsins hefur gjört. Það er líka, eins og jeg sagði rjett í þessu augnabliki, aðgætandi, að hjer ræðir um danska íslenzka þegna gagnvart enskum þegnum, og þar sem ræðir um gjöld til hins opinbera sjálfs, getur ekki verið að tala um prívatmál.

Af því eigi tóku fleiri til máls, ljet

forseti ganga til atkvæða, og var uppástungan samþykkt í einu hljóði, og kvað forseti hana mundu verða senda landshöfðingja sem fullnaðarályktun frá alþingi.

LIX.

"Gjöf Jóns Sigurðssonar,,.

A.

Tillaga til þingsályktunar um, gjafafje Ingibjargar Einarsdóttur. Frá 1. þingmanni Suður-Múlasýslu. Tillagan er prentuð í fyrri parti alþingistíðindanna, bls. 327. Erfðaskráin sjálf á bls. 407—408.

Á 33. fundi neðri deildar alþingis, 4. dag ágústmánaðar, skýrði forseti frá, að hann hefði fengið tillögu þessa, og ljet útbýta henni meðal þingmanna.

Á sama fundi var sú uppástunga samþykkt, að hafa eina umræðu um tillögu þessa.

EIN UMRÆÐA Í NEÐRI DEILD,
á 35. fundi, 5. dag ágústmán.

Halldór Kr. Friðriksson kvaðst ekki geta skilið, að þetta mál gæti komið fram sem þingmál. Hann gæti ekki sjeð, þótt einhver prívatmaður gjörði einhverja ákvörðun, að þá ákvörðun skyldi leggja fyrir löggefandi þing. Þess vegna væri formlegra, að leggja málið fyrir sameinað þing á prívatfundi, svo að allir þingmenn í einni einingu rjeðu úrslitum þess.

Flutningsmaður (*Tryggvi Gunnarsson*) sagði, að í gjafabrjefinu stæði, «*að alþingi*», ekki alþingismenn, skyldi ráða, hvernig fjenu væri varið. Þannig væri og farið með fleiri mál, sem ekki heyrðu beinlínis undir löggjafarþing, t. a. m. var skólamálið nýlega til umræðu hjer í deildinni, og svo var því vísað til landshöfðingja. Hann gæti ekki skilið, hvers vegna þingmaður Reykvíkingja vildi fara gagnstætt orðum gefandans.

Halldór Kr. Friðriksson kvaðst ekki geta sjeð, að nokkurt mál, sem svo væri lagað sem þetta mál, væri með rjettu lagt fyrir þingið sem löggefandi þing. Það ætti hvorki að ganga til landshöfðingja eða stjórninnar til fullnaðarúrslita, heldur væri til ætlazt, að alþingismenn rjeðu málinu til lykta, og þar sem í gjafabrjefinu stæði «alþingi», væri með því átt við þingmenn alla í einu, en ekki hvora deildina út af fyrir sig, eða þingið sem löggefandi þing.

Eiríkur Kúld kvaðst uppástungumanni samdóma um, að málið heyrði undir atkvæði þingsins eptir gjafabrjefinu, og gæti hann ekki skilið, því þingið vildi neita að taka það til meðferðar. Hitt væri sjer ekki ljóst, hvort neðri deildin ætti ein að gjöra út um málið, setja nefnd í það, ræða það hjer, og svo senda það til efri deildar, sem þá máske líka setti nefnd í það, breytti því og svo frv., og lenti það svo á endanum í sameinuðu þingi, og ef svo væri, gæti hann ekki talið það heppilegt, og ætlaði hann því að betra væri, að það færi strax í sameinað þing og yrði rætt einungis á þann hátt.

Flutningsmaður: Málið kemur ekki inn á þing frá prívatmanni eða gefanda, heldur frá þingmanni. Jeg hef leyft mjer að koma málinu inn á þing; mitt nafn

sem þingmanns stendur undir tillögunni til þingsályktunarinnar. 37. grein stjórnarskrárinnar segir: «Heimilt er hverjum þingmanni, að bera upp sjerhvert opinbert málefni» o. s. frv. Málið er því komið hjer á þing alveg eptir þingsköpum, og á eptir minni meining að ganga gegnum báðar þingdeildir.

Jeg vil mæla með, að nefnd sje sett, til að yfirvega málið og koma með uppástungu, hvernig fjenu skuli vera varið.

Jón Ólafsson: Jeg vil taka það fram, að hjer liggur fyrir *tillaga til þingsályktar*. Jeg verð því að álíta, að þetta sje rjett form og rjett með málið farið. En úr því stendur í gjafabrjefinu «alþingi», hefði ef til vill átt betur við, að bera hana upp í sameinuðu þingi, því það mun ekki vanalegt, að þingsályktanir gangi frá einni deild til annarar. (*Forseti*: Jú! Það er alltítt) Það er í öllu falli óþörf tímatöf!

Flutningsmaður: Jeg álít, að í sameinað þing komi ekki nema þau mál, er deildirnar geta ekki komið sjer samau um. Hjer hefur enginn ágreiningur komið fram um málið milli deildanna, og virðist mjer því ekki rjett, að málið gangi þá leið, heldur eigi það að ræðast í þessari deild fyrst.

Jeg óska, að 5 manna nefnd sje kosin í málið.

Var nefndarkosning samþykkt með 14 atkvæðum, og nefndin kosin þegar.

Fengu þessir flest atkvæði.

Tryggvi Gunnarsson	18	atkvæði
Lárus Blöndal	11	—»—
Eiríkur Briem	10	—»—
Guðmundur Einarsson	9	—»—
Halldór Kr. Friðriksson	9	—»—

Í nefndinni var Tryggvi Gunnarsson kosinn formaður og framsögumaður, og Lárus Blöndal skrifari.

B.

Tillaga til þingsályktunar um «Gjöf Jóns Sigurðssonnr». Frá nefndinni. Nefndarálitið og tillagan er prentuð í fyrri parti alþingistíðindanna, bls 471—472.

Á 56. fundi neðri deildarinnar, 19. dag ágústmánaðar, var samþykkt sú uppástunga forseta, að hafa skyldi tvær umræður um tillögu þessa.

FYRRI UMRÆÐA Í NEÐRI DEILD,
á 57. fundi, 20. dag ágústmán.

Framsögumaður (*Tryggvi Gunnarsson*): Ástæðurnar fyrir þessu nefndaráliti eru teknar fram í álitinu sjálfu, svo að jeg hef ekki ástæðu til að tala um þær. Hvað það snertir, að nefndin hefur ályktað, að vöxtunum skyldi vera varið til vísindalegra fyrirtækja, þá var það ákveðið af því, að það þótti helzt samboðið Jóni Sigurðssyni sjálfum. Einnig þótti nefndinni rjettast, að sjóðuriun væri í vörzlum landshöfðingja, en að þingið hefði úrskurðarvald í því efni. Jeg vona, að deildin aðhyllist álitið umræðulaust.

Grímur Thomsen: Jeg vil að eins spyrja hina háttvirtu nefnd, hvort nokkuð væri á móti því, að við orðin í 2. gr. «sögu landsins», væri bætt: «og bókmenntum».

Jón Ólafsson: Jeg vil mæla fram með þessari breytingartillögu hins háttvirta þingmanns Borgfirðinga, og óska, að nefndin taki hana til greina.

Eiríkur Kúld: Jeg vildi stinga upp á, að það mætti vera bókmenntasaga.

Framsögumaður: Jeg vil geta þess eptir áskorun hins háttvirta þingsmanns Borgfirðinga, að það kom til umræðu í nefndinni, að hafa nokkuð þröng takmörk um það, hvaða rit yrðu gefin út, svo að einhverju vissu verki yrði haldið áfram, en það er svo margt, sem gæti heyrt undir það, að styðja að bókmenntum. En jeg skal ráðfæra mig við nefndarmennina um þetta atriði. Jeg ímynda mjer, að þeir vilji eigi hafa meira en sögu landsins; þeir hjeldu fast við það, þegar það kom til tals í nefndinni. Jeg vil engu lofa um þetta, en hinn háttvirti þingmaður Borgfirðinga getur komið fram með álit sitt sem breytingartillögu.

Grímur Thomsen: Mjer virðist eptir gjafabrjefinu, að það sje meining gjafarans, að þessi sjóður sje undir stjórn alþingis, en eptir reglum þingsályktunarinnar virðist mjer farið fram á, að sjóðurinn sje að nokkru leyti undir stjórn landshöfðingja, en það er hægt að hafa hann undir umsjón 3 manna milli þinga. Það er ekki af því, að jeg tortryggi landshöfðingja, að jeg vil ekki, að sjóðurinn sje undir stjórn hans, heldur af því, að jeg held, að ekki sje ætlazt til þess af gefandanum.

Framsögumaður: Það kom til orða í nefndinni, hvort sjóðurinn ætti eigi að vera í vörzlum forseta hins sameinaða þings, en með því að óvíst er, að sami verði forseti ár eptir ár, og eitt árið getur hann verið norðan úr Þingeyjarsýslu, annað árið austan úr Skaptafellssýslu, og 3. árið vestan úr Ísafjarðarsýslu, þá þótti nefndinni eigi henta, að hrekja bækurnar og sjóðinn frá einu horni landsins til annars, en betra væri, að reikningsbækurnar og aðrir pappírar væru á sama stað og í sama kassa. Þó landshöfðinginn sje sá, sem geymir sjóðinn, þá á þó alþingi að ráðstafa vöxtum hans, og það virðist mjer vera höfuðatriðið, en ekki, hver geymir sjóðinn, auk þess sem þetta er samkvæmt gjafabrjefinu; umráð alþingis er innifalið í því, að það velur 3 menn, sem ráða skuli, hvernig verja skuli vöxtunum.

Þetta verð jeg að álíta hið hentugasta fyrirkomulag.

Jón Ólafsson: Jeg verð að ljúka lofsorði á nefndina fyrir það, að mjer finnst, að hún hafi tekið alveg rjetta stefnu í máli þessu, þá nefnilega, að verja fjenu í sem líkustum tilgangi því, sem gjafarinn vann í lifanda lífi. Hitt finnst mjer þýðingarlítið atriði, hvar fjeð er niður komið, sje það annars vel geymt, og er mjer að því leyti sama, hvort fjeð er hjá landshöfðingja eða landfógeta eða öðrum góðum geymanda. Hitt er aðalatriðið, að fjeð eptir uppástungu nefndarinnar verður undir stjórn, sem alþingi hvert út nefnir. Aptur verð jeg að verða samdóma hinum háttvirta þingmanni Borgfirðinga um það, að betur færi á, að bæta inn í: «eða bókmennta» á eptir «sögu landsins». Þetta er alveg samkvæmt aðalreglu nefndarinnar, því að gefandinn vann bæði að sögu landsins, bókmenntum, stjórnmálum þess og framförum, og skal jeg í því tilliti minna á, að eitt það höfuðrit, sem hann var með að stofna, og sem hann átti mestan þátt í að samningu og útgáfu, hjet «Safn til sögu Íslands og íslenzkra *bókmennta*», og með því tillaga hins háttvirta þingmanns Borgfirðinga einmitt kemur svo vel heim við meginreglu nefndarinnar, vona jeg, að nefndin hafi ekki neitt á móti að gjöra sjálf þessa breytingu til næstu umræðu.

Var síðan gengið til atkvæða, og fjell atkvæðagreiðsla þannig:

Fyrirsögnin samþykkt með 20 atkvæðum.
1. gr. samþykkt með 19 atkvæðum.
2. — —— — 20 ——
3. — —— í einu hljóði.
4. — —— með 18 atkvæðum.

Síðan var samþykkt í einu hljóði að þingsályktunin gengi til síðari umræðu.

SÍÐARI UMRÆÐA I NEÐRI DEILD,
á 59. fundi, 22. dag ágústmánaðar.

Breytingartillaga
við reglur um «Gjöf Jóns Sigurðssonar».

Við 2. gr. Inn í greinina bætist á eptir: «sögu landsins» þessi orð «og bókmenntum, lögum þess».

Jón Jónsson.

Framsögumaður (*Tryggvi Gunnarsson*): Það hefur komið ein breytingartillaga fram við mál þetta, en jeg get eigi sjeð, að hún sje í neinu tilliti betri en nefndarálitið. Auk þess er hún svo klaufalega samin, að það er varla mögulegt að skilja hana; sje nokkur meining í henni, þá er hún hjer um bil hin sama, sem er í áliti nefndarinnar.

Jón Jónsson: Jeg hygg, að hinn háttvirti framsögumaður hefði vel skilið breytingartillögu þessa, ef hann hefði viljað skilja

hana. Hún fer fyrst fram á hið sama, sem hinn háttvirti þingmaður Borgfirðinga og hinn háttvirti 2. þingmaður Suður-Múlasýslu tóku fram við fyrri umræðu, að eigi færi vel á því, að útiloka bókmenntir landsins frá styrk af fje þessu. Þar að auki hef jeg viljað láta vísindalegar ritgjörðir viðvíkjandi lögum landsins geta komið til greina. Allir vita, að Jón Sigurðsson stnndaði þau, og var hann aðalhöfundurinn að hinu bezta lagasafni fyrir Ísland, er hingað til hefur komið út. Það virðist því vera mjög ótilhlýðilegt, að setja þessar vísindagreinir, bókmenntir og lög hjá, þá er verja skal vöxtum af gjöf Jóns Sigurðssonar til verðlauna vísindalegra rita.

Jón Ólafsson: Jeg fæ eigi betur sjeð, en breytingartillaga þessi sje fullljós og auðskilin, og þarf sjerlegan klaufaskap og sljóleik sálargáfnanna til, að geta misskilið hana, hún fer alveg í þá átt, og það orðrjett, eins og hinn háttvirti þingmaður Borgfirðinga og jeg bentum á við fyrri umræðu. Hinn háttvirti 2. þingmaður Skagfirðinga hefur skrifað upp orðrjett eins og við töluðum og bætt við einu orði, og jeg ímynda mjer, að hin heiðraða deild sje ekki eins greindarlítil eins og 1. þingmaður Suður-Múlasýslu, heldur geti vel komizt að efninu í ekki vandskildari orðum en þessi eru.

Framsögumaður: Jeg hef reynt að komast að meiningunni í breytingartillögu þessari, og sjeð, að eigi er það mikið frábrugðið því, sem nefndin hefur lagt til, — hjer er bætt við í «lögum og bókmenntum», en það getur að nokkru leyti falizt í niðurlagsatriði nefndarinnar. Hún var á þeirri skoðun, að eigi sje haganlegt, að dreifa kröptunum meira en svo, að hægt sje að styðja að því, að eitthvert verulegt verk gæti komið út fyrir þetta fje, og á þeirri skoðun er hún enn; þar sem renturnar verða eigi meiri en nálægt 300 kr. á ári, þá virðist varla mega rýmka þessi takmörk meira en nefndin hefur farið fram á; þó er henni þetta ekki kappsmál.

Jón Ólafsson gat þess, að hægt væri að semja rit um bókmenntir, án þess að það heyrði í eiginlegum skilningi til bókmenntasögunni, og ekki hefði Jóni Sigurðssyni þótt óþarft, að sundur greina þær tvær hugmyndir, íslenzkar bókmenntir og sögu Íslands. Hvað því viðvíkur, að dreifa kröptum, sem hinn háttvirti framsögumaður hefði talað um, gæti hann þó eigi ímyndað sjer, að þetta «verulega verk» hans ætti að vera að koma út hjeðan af um aldir alda til eilífðar, en hann mundi þó vita, að renturnar af «gjöfinni» hjeldust við um aldur og æfi. Þar sem framsögumaður hefði sagt, að bókmenntir gætu falizt í orðinu «saga», þá væri það eigi rjett, nema hvað bókmenntasöguna snertir, og enda það væri vafasamt, því hjer væri óvíst, hvort «saga» væri haft í víðari merkingu eða þrengri; það mundi því eigi spilla neinu, að taka það skýrt fram, og gæti það ekki verið annað en samkvæmt skoðun nefndarinnar, ef það er satt, að hún hafi þegjandi hugsað sjer með orðinu «saga» bókmenntirnar líka. Lög heyrðu og til þess starfa, sem gjafarinn hefði stundað um æfina, enda gætu og lög falizt líka í orðinu «saga», þegar það væri haft í svo víðri merkingu, sem nefndin þættist leggja í það, og væri þá rjettast, að taka það berlega fram.

Grímur Thomsen var samþykkur breytingartillögu 2. þingmanns Skagfirðinga, því ef verðlaunin ætti að takmarka við þau rit, sem nefndin færi fram á, þá væri óvíst, að þau væru svo opt á boðstólum, en ef breytinguuni yrði framgengt, mundi enginn hörgull verða á, að rit mundu bjóðast, sem styrkja þyrfti og veita verðlaun fyrir; enn fremur væri það mjög gott og gagnlegt, ef fengjust lagaritgjörðir, t. d. um hver væri gildandi lög hjer, svo að mikil umbót væri að breytingartillögu þessari.

Halldór Kr. Friðriksson: Jeg get eigi verið þessu samdóma, því að ef vjer lítum á starfsemi Jóns Sigurðssonar, var það einkum saga landsins, sem hann lagði mesta stund á, en þá jafnframt allar hennar greinir, og það hafði líka nefndin í huga. Ef

uppástungumennirnir skilja við orðin «bókmenntir» og «lög» sama sem bókmenntasaga og rjettarsaga, þá er jeg því samdóma, en þá felst það í orðunum hjá nefndinni, en jeg get eigi verið þeim samdóma, ef þeir skilja við orðið «lög» hvert helzt rit um lög, svo sem ritdóma, eða annað því um líkt, því að jeg álít eigi rjett, að hafa það svo óákveðið, og fyrir því er breytingin eigi heppileg, þar sem hún gjörir orðin enn óákveðnari en ella eptir nefndarálitinu. Jeg vil því helzt ráða þingmönnum til að aðhyllast tillögur nefndarinnar óbreyttar.

Eiríkur Kúld: Jeg er í nokkrum vafa um mál þetta. Jeg er á máli hins háttvirta þingmanns Borgarfjarðarsýslu, að æskilegt væri, að tekið væri sjerstaklega fram um bókmenntir, að þær væru einnig meintar í þingsályktuninni, því jeg efast um, að menn skilji svo þessi orð nefndarinnar: «viðvíkjandi sögu landsins, stjórn þess og framförum», og þar í innibindist einkum bókmenntasaga landsins. Og þegar jeg nú íhuga, að það verða 300 kr., sem árlega koma af þessu fje í vexti, þá álít jeg óhætt, að rýmka verksviðið. Jeg legg það til, að breytingartillaga hins háttvirta 2. þingmanns Skagfirðinga sje borin upp í tvennu lagi. Jeg vel nefnilega sleppa úr orðinu «lögum», því það er svo óákveðið. Það yrði ef til vill misskilið, og farið að gefa út fyrir það lögbók eða þess konar, og það tel jeg óhappalegt, en ef meint er sögulegt rjettarfar landsins sjálfs, vil jeg aðhyllast það. Jeg mæli móti þessu orði «lögum» í breytingartillögunni, og halla mjer þá heldur að frumvarpi nefndarinnar.

Grímur Thomsen: Jeg veit, að það er álit nefndarinnar, að fjenu skuli varið sem líkast tilgangi þeim, er Jón Sigurðsson jafnan barðist fyrir. Hann hafði 2 stefnur; hann var bæði stjórnfræðingur og lagafróður og bókmenntavinur. Hann leitaðist opt við að greiða úr flóknum lögum, og sem formaður bókmenntafjelagsins hefur hann verkað meir fyrir bókmenntir, en flestir aðrir. Mjer finnst því, að heppilegt sje að halda þessu umræddu breytingaratkvæði, því annars dregur það úr minningu hans, þegar eigi er minnzt á nema aðra þessa hlið.

Benidikt Sveinsson: Jeg hallast að breytingartillögu hins háttvirta 2. þingmanns Skagfirðinga. Aðalmunurinn á tillögu hans og nefndarálitinu er sá, að eptir breytingu hans er verksviðið rýmra og í öllu falli glöggvar ákveðið en hjá nefndinni. Þess ber vel að gæta, að eptir því sem verksviðið er rýmra, að því skapi eru meiri líkindi til, að meira val verði á góðum ritgjörðum. Hinn háttvirti þingmaður Barðstrendinga fann mjög að orðinu «lögum» í breytingartillögunni, en jeg get ómögulega verið honum samdóma. Skyldi það vera heppilegt, að útiloka vísindalegar ritgjörðir eða rit um rjettarsögu landsins eða hin gildandi lög? Það væri að minni meiningu hrópleg synd, að vilja hafna þessari ritgjörð. Jeg vil þannig mæla með breytingartillögunni, því jeg fæ eigi betur sjeð, en að hún bæti nefndarálitið stórum.

Jón Jónsson: Jeg held, að engum, sem þekkti Jón heitinn Sigurðsson, geti blandazt hugur um, að lög Íslands og lagamenntun hjer á landi hafi verið eitt af hinum mestu áhugamálum hans. Hann starfaði mjög að því, að gefa út íslenzkt lagasafn. Honum var að þakka, að stjórnartíðindi fyrir Ísland voru gefin út. Eitt af aðalritum hans var lögfræðislegs efnis, «um stöðu Íslands í ríkinu», og með þeirri ritgjörð gekk hann á hólm við bezta lagamann Dana, sem þá var uppi.

Með því að eigi tóku fleiri til máls, var umræðunum lokið. Ljet forseti því næst greiða atkvæði um breytingartillöguna, og var hún samþykkt með 13 atkv. Því næst var þingsályktunartillagan með breytingaratkvæðinu borin undir atkvæði, og var hún samþykkt í einu hljóði.

Forseti kvaðst þá mundu senda hana forseta efri deildarinnar með tilmælum um, að leggja hana fyrir þá deild.

Á 44. fundi, 23. dag ágústmánaðar,

skýrði forseti efri deildar frá því, að hann hefði fengið frá forseta neðri deildarinnar tillögu til þingsályktunar um «Gjöf Jóns Sigurðssonar», og ljet út býta henni meðal þingmanna.

Á kveldfundi sama dag stakk forseti upp á, að hafa eina umræðu um tillögu þessa, og var það samþykkt í einu hljóði.

EIN UMRÆÐA Í EFRI DEILD,
á 45. *fundi*, 24. dag ágústmán.

Þingsályktunin, eins og hún var sam þykkt við síðari umræðu í neðri deild, sjá I, 555.

Enginn tók til máls, og ljet því forseti ganga til atkvæða, og var tillagan samþykkt í einu hljóði; kvaðst forseti þá mundu senda hana til landshöfðingja.

LX.

Þvergirðingar í Elliða-ánum.

A.

Uppástunga til þingsályktunar, um að setja nefnd, til að rannsaka aðgjörðir og framkvæmdir landsstjórnarinnar viðvíkjandi þvergirðingum í Elliðaánum. Frá þingmanni Mýramanna. Uppástungan er prentuð í fyrri parti alþingistíðiudanna, bls. 62—63.

Á 8. fundi neðri deildar alþingis, 12. dag ágústmánaðar, skýrði forseti þingmönnum frá, að hann hefði fengið uppástungu til þingsályktunar frá þingmanni Mýrmanna viðvíkjandi þvergirðingum í Elliðaánum.

Á 9. fundi neðri deildarinnar, 13. dag júlímánaðar, var sú uppástunga samþykkt að útkljá uppástungu þessa við eina umræðu.

EIN UMRÆÐA Í NEÐRI DEILD,
á 12. fundi, 16. dag júlímánaðar.

Flutningsmaður (*Egill Egilsson*): Af því sú hefur jafnan orðið reyndin á, þegar um Elliðaárnar hefur verið talað á þingi, að hinar bitrustu kappræður hafa risið í þinginu, þá vil jeg í þetta sinn reyna að haga svo orðum mínum, að jeg ekki gefi tilefni til slíks.

Hinni heiðruðu deild er mjög svo kunnugt, já! það er kunnugt um allt land, að þingsályktun var samin 25. ágúst 1879, og með henni var umboðsstjórninni falið að annast: 1. *að þvergirðingar* H. Th. A. Thomsens í Elliðaánum yrðu teknar burtu með fógetagjörð, og skipaður væri lögfróður maður til að gæta rjettinda þjóðjarðarinnar Hólms í Seltjarnarnesshreppi við þessa fógetagjörð, og til að framfylgja því máli af hálfu landssjóðsins. 2. *að* opinbert lögreglumál yrði höfðað gegn H. Th. A. Thomsens, til sekta fyrir brot gegn 2. grein viðaukalaga við Jónsbókar landsleigubálks 56. kap. um friðun á laxi 11. maí 1876, og skaðabætur fyrir veiðispjöll á þjóðjörðinni Hólmi í Seltjarnarnesshreppi.

Hinni háttvirtu deild er kunnugt, að umboðsstjórnin hefur ekki framkvæmt neitt af því, er tjeð þingsályktun fór fram á, og sem neðri deild þingsins hafði falið því á löglegan hátt til meðferðar, annað en það, að höfðað væri opinbert lögreglumál gegn

Thomsen fyrir ólögmæta veiðiaðferð í Elliðaánum, sem hafði þann árangur, að Thomsen var dæmdur í væga sekt fyrir undirdómi, en yfirdómurinn dæmdi hann sýknan saka, og hafði það helzt fyrir ástæðu, — eptir því sem skilizt verður, — að *laxinn synti á hliðinni*. Síðan hefur ekkert heyrzt af framkvæmdum umboðsvaldsins í þessa átt, og árangurinn er sá, að Thomsen þvergirðir enn sem fyr, og það jafnvel enn rammar í skjóli umboðsvaldsins. Það sýnist því brýn nauðsyn fyrir hina heiðruðu neðri deild, að láta rannsaka, hvernig á því stendur, að umboðsvaldið skuli leyfa sjer slíkt, og hvort það ekki geti borið ábyrgð af því.

Í annan stað hefur það vakið hina mestu gremju bjá almenningi, að vitanlegt er, að Thomsen hefur ljóstrað því upp við landshöfðingja, með brjefi 7. júlí f. á., «að menn muni hafa tekið ófrjálsri hendi laxa úr kistum hans», og hinu sama hefur hann ljóstrað upp við ráðherra vorn, með brjefi 28. júlí s. á., en þá með þeim orðum «að hann hafi ástæðu til að ætla, að hjer búi og þjófnaður undir». Þetta sýnist þó sannarlega að sje rannsóknarvert, því hjer er borinn upp stórglæpur á þjóðina undantekningarlaust við æðstu valdstjórn landsins, og er þetta allt sprottið af laxveiði Thomsens í Elliðaánum, og er því mjög skylt þessu máli; það er því vonandi, að rannsókn í þessa átt yrði óumflýjanlega til þess, að mál yrði höfðað gegn Thomsen út af þessu eptir fyrirmælum hegningarlaga vorra um slík efni.

Hin áminnztu brjef gjörðu það að verkum, að ráðherrann fól landshöfðingjanum, að setja rannsóknardómara með konunglegu umboði, til þess að rannsaka þau Elliðaármál, sem enn þá ekki væri genginn fullnaðardómur í fyrir hjeraðsdómi, og kvaddi landshöfðingi, eins og við mátti búast, sína aðra hönd, Jón landritara Jónsson, til þessa starfa. Byrjaði hann þessa herför sína, að mig minnir, hinn 10. nóvember f. á., og barðist hann nú á hæl og hnakka í málaferlum þeim, opt með miskunarlausri harðýðgi og óþolandi frekju. Þannig kastaði hann hverjum af öðrum í fangelsi, og meðferð hans á sumum var engu betri, en hann hefði haft fyrir sjer föðurbana. (*Forseti* beiddi þingmanninn að hafa vægari orð). Orðið er talað og verð jeg að leita, hvort jeg geti ekki fundið orðum mínum stað. Jeg hef hjer fyrir mjer eiginhandarvottorð frá fangaverðinum hjer, sem sýnir, að Bergsteinn Jónsson, sem var einn af hinum mörgu, sem nefndur rannsóknardómari varpaði í fangelsi, sat þar tvisvar. Í fyrra sinni frá 13.—24. nóvember f. á., og í annað sinn frá 20. desember f. á. til 6. janúar þ. á. Af þessu er ljóst, að þessi maður, sem ekki gat verið grunaður um annað, en í mesta lagi að hafa brotið nokkra rimla í laxakistum Thomsens, hefur mátt sitja 28 daga í dimmu og köldu fangelsi, og það í öðrum eins níðingskulda, eins og allir muna var síðastliðinn vetur, og það auk þess einmitt um hina helgustu hátíðisdaga friðar og fagnaðar á jörðu. Þetta er nú að sönnu það minnsta af framferði rannsóknardómarans í þessu máli, en sú rannsókn, sem álíta má sjálfsagða að stofna verði um hegðun hans og embættisfærslu í þessu sínu rannsóknardómara-embætti, mun leiða margt lakara í ljós; og óskiljanlegt er, að þetta geti vitalaust fram farið, borið saman við 48. gr. stjórnarskrárinnar.

Að þessu sinni ætla jeg ekki að færa fleiri ástæður fyrir nauðsyninni á, að nefnd verði kosin til að rannsaka það, er jeg nú hef tekið fram, og vona jeg, að hin heiðraða deild finni til hins sama; en 5 manna nefnd álít jeg nægja í þetta mál, ef vel er valið.

Eiríkur Kúld: Það fer illa á því, að jeg heyri ekki rjett vel, svo að má ske fyrir þá skuld hafi hinn háttvirti uppástungumaður ekki getað sannfært mig um, að brýna nauðsyn bæri til, að setja nefnd á þessu þingi til að rannsaka þetta mál. Það má annars með sanni segja um þetta Elliðaámál, að lengi lifi hjer í kolunum, því fyrir hvert þingið eptir annað kemur það,

og allt af er höggvið í sama farið. Hvað á nú þetta lengi að ganga? Á þingið nú í ár aptur að ausa út stórfje, jeg verð að segja til ónýtis, í þessu skyni? 1879 kostaði mál þetta landssjóðinn ærið fje, má ske 1000 kr. eða meira til prentunar á skýrslum, brjefum og fleiru, auk tímatafarinnar, sem það olli þinginu. Á nú enn að eyða jafnmiklu fje í þetta? En hvað um það, sje nefnd endilega nauðsynleg, mun jeg gefa atkvæði mitt fyrir uppástungunni, en annars ekki, því jeg treystist ekki til að gefa atkvæði mitt fyrir því, að stórfje úr landssjóði sje eytt til óþarfa. En hvert er nú eða á að vera verkefni þessarar nefndar? Uppástungumaður gat þess, að rannsaka þyrfti aðgjörðir landritarans út af illri meðferð hans á mönnum hjer í vetur, og rannsaka þyrfti einhver meiðyrði, er kaupmaður Thomsen á að hafa haft um einhverja menn hjer í brjefi til landshöfðingja. Þessu skil jeg ekki að þingið þurfi að skipta sjer af. Hver verður að klaga þess konar fyrir sig, og er það þá dómsmál, en alls ekki þingmál. Ekki getur það heldur verið ætlunarverk nefndarinnar, að rannsaka það, hver veiðirjettinn eigi í Elliðaánum, því að það álít jeg áður fullkomlega upplýst. Eða á nefndin að rannsaka, hvort og að hverju leyti þvergirðingar kaupmanns Thomsens í ánum sjeu löglegar eða ekki? Nei, því slíkt mun nú vera fyrir hæstarjetti til úrslita. Eða á nefndin að rannsaka, að hve miklu leyti að viðaukalög 11. maí 1876 og ráðherrabrjef 26. maí s. á. hafi bindandi áhrif á þetta mál? Það getur ekki verið, því slíkt er dómsmál. Eða á nefndin að safna skýrslum til frekari skýringar á því, sem fram hefur farið gegn veiðandanum í Elliðaánum? Það getur heldur ekki verið, því að þeim skýrslum mun þegar hafa verið safnað hjer í vetur af landritaranum, sem til að rannsaka slíkt hafði fengið sjerstakt «*Commissorium*», og efast jeg ekki um, að skýrslur þessar, sem og skýrslur um aðgjörðir landstjórnarinnar yfir höfuð í þessu máli, sjeu þegar sendar til Kaupmannahafnar og liggi nú fyrir hæstarjetti. Hvers vegna má nú eigi fresta þessu, þangað til hæstarjettardómurinn er fallinn? Jeg skil það ekki. Þess vegna vil jeg enn skora á uppástungumanninn að gefa mjer enn nákvæmari skýrslu um verkefni þessarar nefndar, því að ef hann þá sannfærir mig um nauðsyn hennar, mun jeg gefa atkvæði mitt fyrir nefndinni, en annars ekki. Að öðru leyti skal jeg geta þess, að mjer þykir nokkuð undarlegt, hve kappsamlega er barizt á móti þvergirðingum Thomsens í Elliðaánum, þar sem nokkurs konar þvergirðingar eiga sjer stað þar rjett hjá í Grafarvogi, hvar hver branda er veidd, sem inn fyrir girðingarnar kemur, og um það talar enginn.

Jón Jónsson: Mjer er reyndar ekki ljóst, í hverju sambandi aðferð rannsóknardómarans í Elliðaáamálinu standi í við það mál, sem hjer liggur fyrir. En jeg þakka hinum heiðraða framsögumanni fyrir, að hafa gefið mjer tækifæri til að segja mitt álit um sögur þær og tilgátur, er komið hafa fram einkum í blaði, sem þykist standa hátt yfir öðrum blöðum og hafa þann ritstjóra, er geti sagt öllum öðrum til siðanna. Samt hafa þessar dróttanir verið svo heimskulegar og illgirnislegar, að jeg hef álitið það langt fyrir neðan mig að svara þeim. Það, sem einkum kom mjer til að taka að mjer rannsókn á Elliðaáamálinu, var það, að þegar jeg var málaflutningsmaður við yfirdóminn, þótti mjer ýmsar skýrslur og skýringar vanta, enda kom það og fram, þegar yfirdómurinn lagði fullnaðardóm á málið. Önnur ástæðan var sú, að mjer þótti leiðinlegt, að beinzt væri að þjóðinni um þjófnað, heyra frá því sagt í útlendum blöðum, og víðar, að eignarrjetturinn væri ekki friðhelgari hjer á landi, en að menn væru að stelast að veiðivjelum náungans, og því vildi jeg reyna að styðja að því, að það kæmist upp, hvort það hefðu verið þjófar, er hefðu stolizt til að brjóta laxakisturnar á leynilegan hátt, eða hvort þessi leynd og óhreinskilni kæmi af því, að einurðarlitlir afvegaleiddir unglingar hefðu átt hlut að máli. Það var

í fornöld álitið, að ef einhver drap mann og lýsti ekki víginu á hendur sjer, þá væri sá morðingi. Nokkuð líkt er ástatt með ofríkisverk á eignum manna. Sjeu þau unnin opinberlega, er enginn ódrengskapur í þeim; en þræti maður fyrir, að hafa unnið slíkt verk, er ástæða til að halda, að þjófnaður eða annað því um líkt búi undir. Ef maður tekur kind, sem annar maður á, en hinn eignar sjer hana og markar hana undir sitt mark fyrir augunum á þeim, er hefur kindina undir höndum, þá mun varla geta risið þjófnaðarrannsók út af því, en ef sá, sem eignar sjer kind, er annar maður hefur undir höndum, fer á næturþeli í fjárhús hins og tekur kindina á laun, þá kemst hann ekki hjá þjófnaðarrannsókn. Til þess nú að rannsaka, hvernig staðið hefði á hinum leynilegu kistubrotum, varð jeg nú að neyta alls þess strangleika, sem lögin heimiluðu rannsóknardómurum. Þetta var bein skylda mín, og efast jeg um, að það verði sagt með rökum, að jeg hafi farið feti framar en lögin heimiluðu,

Forseti: Jeg verð að biðja þingmannin að halda sjer betur við efnið; þetta kemur ekkert málinu við.

Jón Jónsson: Jeg verða að biðja hinn háttvirta forseta að fyrirgefa þetta, og geta þess, að þingmaður Mýramanna gaf ástæðuna til þess. (*Forseti*: Jú —). Jeg vona, að jeg hafi leitt nokkur rök að því, að jeg gat ekki hagað rannsókn minni öðruvísi en jeg gjörði, til þess að komast að raun um, hvort þeir, er brutu kisturnar, hafa verið þjófar eða hafa gjört það, sem þeir gjörðu, af því, að þeir hafa álitið kisturnar óhelgar. Jeg verð fyrir mitt leyti að óska, að nefnd verði sett, og get jeg ekki nema gladzt yfir því, að mönnum verði gefinn kostur á að rannsaka aðgjörðir mínar, og vona jeg, að þá verði alveg ljóst, að allar dylgjur og tilgátur, sem komið hafa fram um þessa rannsókn, sjeu ekki sprottnar af öðru en illgirni einstakra manna.

Jón Ólafsson: Þar sem hinn háttvirti þingmaður Barðstrendinga áleit, að þetta heyrði ekki undir þingið, þá skal jeg geta þess, að þetta er beinlínis tekið fram í 22. grein stjórnarskrárinnar. Þar stendur: «Hvor þingdeildin fyrir sig getur sett nefndir, meðan þingið stendur yfir, að rannsaka málefni, sem eru áríðandi fyrir almenning». Að þetta sje *áríðandi fyrir almenning*, úr því hefur þingið skorið 1879, með því þá að setja nefnd í málið. Mjer finnst hjer ekki liggja fyrir að tala um, hvert eigi að vera verkefni nefndarinnar, því það er ákveðið í hinni prentuðu uppástungu, heldur hvort hana skuli setja. Hvort hún ætti líka að rannsaka aðgjörðir rannsóknardómarans, það læt jeg ósagt, en jeg verð að óska nefndar í málið.

Flutningsmaður: Hinn háttvirti þingmaður Barðstrendinga þóttist ekki hafa heyrt greinilega ræðu mína, og ræður það að líkindum, því að hafi hann ætlað að svara henni, þá var ræða hans sannarlega öll töluð út í hött, og var auðheyrt hann mælti meir af vilja en mætti, en eptir andanum í ræðu hans dettur mjer í hug bið forna spakmæli: «Hver dregur dám af sínum sessunaut». Hversu ókunnugur hann er málavöxtum hjer, sýnir sig bezt, þar sem hann furðar sig á því, að allt af sje verið að rífast um Elliðaárnar; en allir þegi yfir veiðiskapnum í Grafarvog. Hann veit ekki, að Grafarvogsmenn ekki taka veiði frá neinum öðrum, þar sem engin á eða jafnvel lækur, er teljandi sje, rennur ofan í Grafarvog, upp með hverjum fleiri gætu búið, sem veiði ættu á móts við Grafarmanninn, en það má hann þó vita, að fyrir mörgum spillir Thomsen veiði í Elliðaánum. (*Eiríkur Kúld*: Hver á veiðina í Elliðaánum annar?). Það vita allir, að Thomsen á hana upp að vissu takmarki, en þar fyrir ofan á hver jarðarábúandi tiltölulega veiði fyrir sínu ábýli, sem að ánum liggja beggja vegna. Að enginn hafi mælzt til þess við þingið, að slík rannsókn verði stofnsett, er hálfbroslegt að heyra þingmanninn segja, hann, sem jeg hef opt sjeð vera á lestrarsal þingsins, þar sem bænarskrá um þetta efni hefur

legið síðan í þingsbyrjun, og hún með ótal undirskriptum.

Halldór Friðriksson: Jeg skil ekki, hvað á að vera hlutverk þessarar nefndar. Málið er fyrir hæstarjetti, og það í tvennu lagi. (*Margir*: Nei!). Það er einungis dómstólamál (*Egill Egilsson*: Nei!). Landsstjórnin hefur gjört það, sem hún átti að gjöra, að láta málið ganga til dómstólanna, eins og þingdeildin bað um 1879. Deildin getur ekki dæmt það mál, sem er fyrir hæstarjetti, og ekki heldur breytt dómnum. Það er bezt, að láta málspartana eigast eina við; sá, sem fyrir rangindunum þykist verða, getur borið sig upp um það.

Jón Ólafsson: Þingmaður Reykvíkinga þóttist ekki skilja þetta mál. Undanfarin þing og saga málsins sýna, að hann hefur aldrei skilið það fyrri, svo það er ekki von hann skilji það fremur nú. Og það drífur líklega aldrei á daga hans, að skilja nokkuð í því. Því mun nú vera svo varið. Hann vildi láta málspartana eigast við um það. Er honum þá ókunnugt um, að landssjóðurinn ætti nokkrar jarðir, er hlut eiga að máli? Hjer er því landssjóður málspartur; einmitt í þessu máli eru rjettindi eignarjarðar landssjóðs fótum troðin, og þess vegna þótti þinginu 1879 nauður reka til að rannsaka þetta mál. Sama nauðsyn mun enn á vera.

Halldór Friðriksson: Það er búið að rannsaka það, sem þingið ályktaði 1879 (*Jón Ólafsson* og *Egill Egilsson*: Nei!). Þingmennirnir geta lengi sagt nei út í bláinn, fyrst þeir ekkert vita, hverju þeir neita, og hafa engan snefil af rjettri hugmynd um málið.

Þá var stungið upp á 3 manna nefnd, en eptir tillögu uppástungumanns var 5 manna nefnd samþykkt og í hana kosnir:

Egill Egilsson	með	17	atkvæðum.
Grímur Thomsen	—	16	——
Jón Ólafsson	—	12	——
Eriðrik Stefánsson	—	10	——
Þorvarður Kjerulf	—	9	——

Í nefndinni var Egill Egilsson kosinn formaður, og Jón Ólafsson skrifari og framsögumaður.

B.

Tillaga til þingsályktunar um þvergirðingar í Elliðaánum. Frá nefnd þeirri, sem skipuð var í neðri deild alþingis til að rannsaka framkvæmdir stjórnarinnar viðvíkjandi þvergirðingum þessum. Nefndarálitið og tillagan er prentuð í fyrri parti alþingistíðindanna, bls. 617—618.

Á 50. fundi neðri deildarinnar 16. dag ágústmánaðar skýrði forseti deildinni frá, að hann hefði fengið nefndarálit í málinu um þvergirðingar í Elliðaánum, og daginn eptir, á 52. fundi deildarinnar, var það samþykkt, að útkljá skyldi mál þetta í einni umræðu.

EIN UMRÆÐA Í NEÐRI DEILD,
á 61. fundi, 23. dag ágústmánaðar.

Framsögumaður (*Jón Ólafsson*): Nefndin, sem þingið hefur kosið í þetta mál, hefur komizt að sömu niðurstöðu sem í hitt eð fyrra, og er þingsályktunin nálega óbreytt, og því hlýtur þingið að áliti nefndarinnar að halda hinu sama fram sem áður; að eins er niðurlagið stranglegar orðað en áður. Ástæðurnar eru teknar fram í tillögunni, og þess vegna er ekki þörf á að taka þær skýrar fram, fyr en mótmæli koma.

Halldór Friðriksson: Jeg býst við, að orð mín muni ekki hafa meiri áhrif en vant er í þessu máli, en þó tel jeg mjer skylt, að benda deildinni á, að í hitt eð fyrra var höfðað mál út af laxveiðinni og þvergirðingunum í Elliðaánum, og það er nú fyrir hæsta-rjetti, og þess vegna verður hann að skera úr, hvort þvergirðingarnar eru löglegar eða ekki, en hvernig sem dómur hæsta-rjettar fellur, þá getur þessi uppástunga ekki orðið að neinu gagni; því að ef hæstirjettur álítur þvergirðingar ólöglegar, til hvers á þá að höfða mál? þá er það þegar fengið,

sem nú er verið að biðja um? En dæmi hæstirjettur, að þvergirðingarnar sjeu löglegar, þá eru þær það eins fyrir hinn einstaka og alla, eins fyrir Hólm og hinar jarðirnar. Með hæstarjettardóminum 1875 er þegar skorið úr þessu um allar jarðir þær, sem við árnar eru. Jeg veit það, að hinn háttvirti 2. þingmaður Norður-Múlasýslu ætlar, að hann með lagalegum orðaflækjum geti snúið málum svo, að dómstólarnir komist til annarar niðurstöðu, en það dugar ekki hjer, því að hæstirjettur hefur þegar dæmt, að öll veiðin í Elliðaánum sje eign Thomsens. (*Benidikt Sveinsson*: Nei). Jeg veit ekki, hvað menn vilja hafa það ljósara, að hæstirjettur hefur dæmt, að Thomsen eigi alla veiðina, heldur en það, sem stendur í dómi hæsta-rjettar, og skal jeg leyfa mjer með leyfi forseta að lesa upp þessi orð úr dómnum: «og þar eð svo ber að álíta, að með kaupbrjefinu 11. desember 1853 hafi laxveiðin verið seld föður hins stefnda að öllu leyti, eins og hún til þess tíma hafði verið notuð, þá verður sú krafa stefnandans, að hinn stefndi verði skyldaður til að nema burtu þvergirðingar sínar úr ánum, ekki tekin til greina». (*Benidikt Sveinsson*: Það kemur ekki þessu máli við). Það dugar ekki að hanga í því, að það hafi verið gengið út frá því, að Thomsen eigi veiðina í ánum, og það er merkilegt, að menn skuli allt af vera að höggva ofan í sama farið í þessu máli, eins og dómstólarnir fari að breyta því, sem þeir einu sinni hafa dæmt. Það má heldur ekki ætlast til, að dómstólarnir dæmi eptir áliti þingsins, heldur eptir lögunum. En þar sem hæstirjettur hefur dæmt málið, þá verður ekki farið lengra; og nú hefur hann þegar dæmt málið frá einu sjónarmiði, og þegar hann nú dæmir sama málið frá öðru sjónarmiði, þá skil jeg ekki, að dómstólarnir geti gjört meira; jeg get ekki ímyndað mjer, að málssókn yrði upp frá því til annars, en vekja óróa og baka kostnað að óþörfu.

Framsögumaður: Hinn háttvirti þingmaður Reykvíkinga byrjaði ræðu sína með því, að hann byggist við, að sín orð mundu ekki hafa meiri áhrif í þessu máli en þau eru vön að hafa, og jeg vil einnig byrja með því að óska þess, að orð hans hafi ekki meiri áhrif nú á deildina, en þau eru vön að hafa. Hann sagði, að sama spurning og hjer ræðir um, lægi nú fyrir hæstarjetti, en fyrst hann segir það, hefur hann auðsjáanlega aldrei lesið það mál, en hafi hann lesið það, þá segir hann ekki satt. Hann segir enn fremur, að hæstirjettur geti dæmt, að veiði Thomsens sje ólögleg, en ef hæstirjettur dæmir ekki svo, er þá þar með sannað, að veiðiaðferð hans sje ekki ólögleg? Nei! Það þarf ekki að sanna annað, en að málið hafi ekki legið fyrir rjettinum í rjettu formi. *Petta* spursmál hefur aldrei legið fyrir dómstólunum, hvort fleiri en einn eigi veiðina. Það, sem landsyfirrjetturinn hefur dæmt, er það, að viðaukalögin við Jónsbók eigi að eins við, þar sem fleiri eigi veiði í á, og að það «liggi ekki fyrir» annað, en að Thomsen eigi einn veiðina í Elliðaánum. Og þetta er þannig lagað fyrir hæstarjetti. En ef nú aðrir koma (t. d. landssjóðsjörð) og gjöra tilkall til veiðirjettar, hvað svo? Það er nýtt og áður ódæmt spursmál. Þingmaður Reykvíkinga sagði, að árnar væru seldar með þeim rjetti, sem eigandi þeirra hafði áður, og byggir á því, að Thomsen eigi einn alla veiðina í ánum, en þetta sýnir, að hann hefur aldrei lesið kaupbrjefið, því í kaupbrjefinu stendur, að árnar sjeu seldar með rjetti til að hagnýta sjer veiðina, eins og tíðkazt hafði þangað til, á þann hátt, er hann bezt veit, vill og getur, þó «samkvæmt lögum þeim og tilskipunum, er út hafa verið gefin eða hjer eptir kunna að koma út» («i overensstemmelse med de om fiskerierne i Ísland ergangne eller herefter udkommende love og anordninger»). Þetta eru kaupbrjefsins orð. Hann bregður enn fremur nefndinni um orðaflækjur. Jeg skal ekki tala um, hve sæmil-gur áburður þetta er, en jeg vona, að orð hans í þessu tilliti hafi sömu áhrif og þau eru vön að hafa. Hann segir, að veiðin hafi verið seld í öll-

um ánum, en hvernig getur hann sagt það, þar sem stendur skýrt í kaupbrjefinu, að veiðin sje seld upp að þessum tiltekna fossi og ekki lengra? Hvernig getur hann sagt slíkt, þar sem til er tekið víst takmark? Hæstirjettur hefur aldrei dæmt um þetta atriði, hvort þjóðjörðin Hólmur hafi misst veiðirjett sinn. Þingmaðurinn mun aldrei geta sýnt, að nokkur maður hafi keypt þann veiðirjett frá jörðinni; ef hann getur það, þá skora jeg á hann að gjöra það, en geti hann það ekki, fer hann með ósannindi og vífilengjur. Það lítur út fyrir, að þingmanninum sje ekki annt um rjett þjóðjarðanna. Hann talaði að lokum um, að þetta væri einungis til að vekja óspektir; það er ósæmilegnr áburður, en jeg vona, eins og hann sjálfur, að þessi hans orð muni ekki hafa meiri áhrif, en orð hans eru vön að hafa.

Halldór Kr. Friðriksson: Það eru skýr orð, sem jeg hef talað, og hreki framsögumaður þau. Það gefur að skilja, að þegar hæstirjettur hefur stutt «*Conclusion*» sína á einhverri undirstöðu, þá verður hún að standa óhögguð, þrátt fyrir orð framsögumanns. Hvernig getur hjer verið spurning um, hvort Thomsen hafi veiðirjett eptir hinum nýju veiðilögum frá 1876? Nú er spurningin um, hvort Thomsen hafi rjett til að hafa þvergirðingar í ánum, og hæstirjettur verður að styðja sinn dóm um það á gildandi lögum; ef fiskiveiðalögin 1876 hafa eigi upp hafið gildandi Jónsbókarlög, þá verður niðurstaðan að verða hin sama. Þegar enn fremur veiðirjetturinn var seldur frá hinum öðrum jörðum, gefur að skilja, að hann hefur einnig verið seldur frá Hólmi, og hafi hæstirjettur dæmt svo, að hinar jarðirnar hafi misst veiðirjett sinn, þá hlýtur Hólmur að fylgja þar með. Það er líka skrítið, að landssjóður höfði mál út úr sínum eigin gjörðum, út úr því, að hann hafi selt veiðirjett þessarar jarðar. Þessi þingsályktun er tóm tilraun til að baka landssjóðnum kostnað með orðaflækjum. «Conclusion» hæstarjettar á að styðjast við þau orð, sem jeg las upp; þær «*præmisser*» hljóta að standa, og niðurstaðan getur því eigi orðið önnur en hin sama.

Framsögumaður: Það er makalaust, að þingmaður Reykvíkinga skuli ekki geta fengið það inn í höfuð sitt, **að hvorki eru** fyrst og fyrst «*præmisser*» dóms bindandi, þótt dómurinn sje bindandi; það vita að minnsta kosti allir júristar. Og þótt þær væru bindandi, segja þessar «*præmisser*» ekkert annað en það, að veiðin hafi seld verið upp að þessum vissa fossi, en enginn þvergirðingarjettur er seldur. Það er öldungis eins og að berja höfði sínu við stein, að tala eins og þingmaðurinn gjörir. Það er víst til einkis, að reyna, að koma fyrir hann vitinu. Þingmaður Reykvíkinga var líka að rugla um hin nýju lög frá 1876, en það var ekki gott að skilja, hvað hann meinti með því. Jeg hef ekki minnzt á þau einu orði, enda koma þau ekkert þessu máli við. Hjer er einungis spurningin um, hvort viðaukalögin hafi áhrif, ef *fleiri, en einn* eiga veiðirjettinn, en yfirrjetturinn hefur lagt þann úrskurð á, að þau lög hafi eigi áhrif, ef *einn einasti* maður á veiðirjettinn. Þingmaður Reykvíkinga sagði og, að það væri skrítið, ef landsjóðnr höfðaði mál móti sínum eigin gjörðum. Hvenær, hvar og hverjum hefur landssjóður selt veiðirjettinn fyrir Hólmslandi? Ef þingmaðurinn eigi getur svarað þessu, þá eru það tómar orðaflækjur, sem hann fer með, sannarlega þær orðaflækjur, sem ekki eru svara verðar.

Jón Jónsson: Ef það er rjettur skilningur minn, að þvergirðingarnar verði upptækar gjörvar með fógetagjörð (*Framsögumaður*: Já), þá held jeg, að þingmaður Reykvíkinga taki þetta mál of geyst. Alþingi sker, þó það samþykki þingsályktunina, ekki úr því, hvort kisturnar skuli npptækar. Það verður fógetarjetturinn, og eptir hann yfirdómur og hæstirjettur, sem gjöra út um þá spurningu, og sje rjettur Thomsens kaupmanns svo vafalaus, sem þingmaður Reykvíkinga segir, þá ætti hann sízt af öllum

að hafa á móti nýrri prófun í málinu fyrir dómstólunum.

Síðan var gengið til atkvæða, og var þingsályktunartillagan samþykkt með 11 atkvæðum gegn 8; var nafnakall við haft, og sögðu

Já:
Benidikt Sveinsson,
Egill Egilsson,
Friðrik Stefánsson,
Grímur Thomsen,
Jón Jónsson,
Jón Ólafsson,
Ólafur Pálsson,
Þorkell Bjarnason,
Þorlákur Guðmundsson,
Þorsteinn Jónsson,
Þorvarður Kjerulf.

Nei:
Magnús Andrjesson,
Eiríkur Kúld,
Guðmundur Einarsson,
Halldór Friðriksson,
Lárus Blöndal,
Tryggvi Gunnarsson,
Þórður Magnússon,
Holgeir Clausen.

Forseti kvað þá tillögu þessa til þingsályktunar mundu verða senda forseta efri deildarinnar með tilmælum um, að leggja hana fyrir þá deild.

Á 44. fundi, 23. dag ágústmánaðar, skýrði forseti efri deildarinnar deildarmönnum frá, að hann hefði fengið frá forseta neðri deildar tillögu til þingsályktunar um þvergirðingar í Elliðaánum, og á

45. fundi, 24. dag ágústmánaðar, var það samþykkt í efri deildinni í einu hljóði, að hafa eina umræðu um tillögu þessa.

EIN UMRÆÐA Í EFRI DEILD,
á 47. fundi, 25. dag ágústmánaðar.

Tillagan, eins og hún var samþykkt í neðri deildinni, sjá I, 579.

Magnús Stephensen: Það er ekki í fyrsta skipti, sem þetta mál um þvergirðingarnar í Elliðaánum hefur komið fyrir þingið, og þingið hefur þegar gjört ýmsar ályktanir um þær, og stjórnin gjört ráðstafanir út af þeim. Þessi þingsályktunartillaga er því óþörf, sjer í lagi þar sem þau mál, er hafin hafa verið út af þvergirðingunum, samkvæmt ályktun alþingis 1879, enn þá ekki hafa fengið fullnaðarúrslit. Fyrri part greinarinnar: «Alþing skorar alvarlega á landstjórnina, að láta nú enga stund lengur dragast að hefja mál móti Thomsen kaupmanni í nafni þjóðjarðarinnar Hólms fyrir ólöglegar þvergirðingar hans í Elliðaánum og þar af leiðandi veiðispilli fyrir Hólmsland» álít jeg meinlausan, en seinni hluta greinarinnar, þar sem farið er fram á, að þess verði krafizt, að hinar ólögmætu þvergirðingar verði tafarlaust upptækar gjörvar úr ánum upp á ábyrgð landssjóðs, álít jeg alveg óhafandi. Jeg held, að það, að koma með tillögu þessa nú, sje sama sem að gefa selbita í vasa sínum, því samkvæmt laxveiðarlögunum 1876, og eins og venja hefur verið til, tekur Thomsen þvergirðingarnar upp einmitt nú um mánaðamótin ágúst og september; vjer vitum, að nú í dag er 25. ágúst, og ákvörðun þessarar tillögu verður sjálfsagt ekki framkvæmd fyr en eptir helgina, eða 30. eða 31. ág., það er að segja: daginn áður, en þvergirðingarnar verða teknar upp af kaupmanninum sjálfum. Verði nú farið að gjöra fógetagjörð upp á ábyrgð landssjóðsins einum eða tveimur dögum áður, en þvergirðingarnar verða teknar upp að lögum, þá álít jeg það rangt, tilgangslaust og jafnvel hlægilegt. Af þessum ástæðum get jeg ekki fallizt á þessa tillögu, en álít rjettast að bíða, þangað til mál þau, er hafin voru út af þvergirðingunum, samkvæmt ályktun alþingis 1879, hafa fengið fullnaðarúrslit fyrir hæstarjetti.

Einar Ásmundsson: Einmitt af því, að mál hefur ekki verið höfðað gegn Thomsen kaupmanni samkvæmt ályktun alþingis 1879, þessi er tillaga fram komin. Aðalatriðið

er það, að fá skýrt ákveðið með dómi, hvort jörðin Hólmur eigi veiði fyrir sínu landi eða ekki, en hjá þessu hefur hingað til verið sneitt, þó alþingi ályktaði 1879, að svo skyldi gjöra. Þess vegna verður nú að höggva í sama farið, þó jeg játi, að það sje leiðinlegt. Jeg verð því að samþykkja þessa tillögu, þó jeg játi, að jeg hefði óskað, að hún væri nokkuð öðruvísi orðuð.

Jón Pjetursson: Jeg vildi að eins skjóta því til hins háttvirta forseta, hvort ekki mætti kljúfa tillöguna í tvennt, þegar til atkvæðagreiðslunnar kemur, þannig að fyrst væri borinn upp fyrri partur greinarinnar, sem þannig hljóðar: «Alþing skorar alvarlega á landsstjórnina, að láta nú enga stund lengur dragast að hefja mál mót Thomsen kaupmanni í nafni þjóðjarðarinnar Hólms fyrir ólöglegar þvergirðingar hans í Elliðaám og þar af leiðandi veiðispilli fyrir Hólmsland, og að landsstjórnin skipi lögfróðan mann til sóknara fyrir þjóðjarðarinnar Hólms hönd», og svo hitt, sem eptir er af greininni, verði borið upp sjer. Þó jeg gjöri þessa uppástungu, þá er ekki þar með sagt, að jeg gefi atkvæði um þessa grein, því jeg veit varla, hvort jeg get það, þar sem jeg er dómari, og það seinna getur komið fyrir mig, að dæma í þessu máli.

Benidikt Kristjánsson: Eins og hinn háttvirti 4. konungkjörni tók fram, getur auðsjáanlega ekki verið spursmál um, að taka þvergirðingarnar upp nú á þessu hausti á ábyrgð landssjóðs, en þó get jeg ekki sjeð, að ákvörðunin geti orðið að baga eða ógagni. Í fyrsta lagi er ekki víst, hvað hjer er meint með orðinu «landsstjórn», hvort það er hin innlenda stjórn hjer, sem á að gjöra þvergirðingarnar upptækar, eða ekki, og í öðru lagi er hjer ekki farið fram á annað en það, að sóknari krefjist þess, að þær verði teknar upp, en að það skuli gjöra það, er ekki sagt, því það hlýtur að vera komið undir úrskurði fógetans á staðnum; það verður að vera á valdi dómarans, hvort hann tekur kröfu sóknarans til greina eða ekki, hvort gjöra á þvergirðingarnar upptækar eða ekki. En jeg er alveg samdóma hinum háttvirta þingmanni Eyfirðinga um það, að mál hefur enn ekki verið höfðað fyrir þvergirðingarnar samkvæmt tilgangi þeim, sem var aðalatriðið í þingsályktun alþingis 1879, og má virða þetta svo, sem það hefur verið hrækt í þingsályktunina, og ekki meira, og að það sje ekki samboðið virðingu þingsins, að taka á móti því með þögn og láta hjer við staðar nema. (*Forseti*: Jeg skal benda þingmanninum á, að það eru ótilhlýðleg orð, sem hann við hefur). Það kemur nú ekki aptur fyrir, því jeg er nú búinn með það, sem jeg ætlaði að segja.

Forseti: Jeg tek það fram aptur, að það voru ótilhlýðileg orð, sem þingmaðurinn við hafði, þar sem hann sagði, að það hefði verið «hrækt í þingsályktunina».

Magnús Stephensen: Jeg skal upplýsa þingmann Norður-Þingeyinga um það, að það er sjálfsagt komið undir úrskurði fógetans, hvort þvergirðingarnar verða teknar upp eða ekki, en málið getur legið fyrir honum í þrenns konar mynd. Annaðhvort álítur hann það ólöglegt, að þvergirðingarnar sjeu teknar upp, og neitar þess vegna, að gjöra það, eða hann álítur það sjálfsagt, og gjörir það, eða þá í þriðja lagi, það sem hjer liggur á milli: hann álítur það vafasamt, hvort það sje leyfilegt, og þá krefst hann ábyrgðar af sóknaranum fyrir gjörðina, og er þetta síðasta vanalega tilfellið. Jeg held sjálfsagt, að fógetinn heimti ábyrgð af gjörðarbeiðandanum fyrir gjörðinni, og þess vegna er það ekki þýðingarlaust spursmál, hvort þvergirðingarnar verða gjörðar upptækar eða ekki. Að öðru leyti skal jeg taka það fram viðvíkjandi því, er sagt hefur verið um mál þau, er höfðuð hafa verið eptir ályktun alþingis 1879, að í þessari ályktun var farið fram á, að höfða opinber mál, en undir opinberum málum getur ekki komið fullnaðarúrskurður um það, hvort þessi eða þessi hafi eignarrjett að því eða því landi, ítökum eða landsnytjum; þess vegna verður það naumast útkljáð með þessum málum, hvort Hólmur, sem er fyrir ofan fossinn í Elliða-

ánum eigi veiðirjett í ánum eða ekki. Jeg skal svo okki fjölyrða meira um þetta mál, en einungis lýsa því yfir, að jeg er nú eins og áður þessari tillögu ósamþykkur.

Forseti: Það hefur komið uppástunga frá einum háttvirtum þingmanni um að kljúfa tillöguna í tvennt við atkvæðagreiðsluna, en jeg sje enga ástæðu til að gjöra það, heldur ber jeg tillöguna upp í einu lagi.

Síðan var gengið til atkvæða, og var tillagan samþykkt með 6 atkvæðum, og kvaðst forseti mundu senda hana landshöfðingja.

LXI.

Umboðsskrá landshöfðingjaritara Jóns Jónssonar.

A.

Tillaga til þingsályktar, að setja nefnd til að rannsaka umboðsskrá Jóns landshöfðingjaritara Jónssonar til að dæma í Elliðaáamálunum. Frá 1. þingmanni Eyfirðinga og 2. þingmanni Norður-Múlasýslu. Tillagan er prentuð í fyrri parti alþingistíðindanna, bls. 496.

Á 46. fundi neðri deildarinnar, 13. dag ágústmánaðar, skýrði forseti þingmönnum frá, að hann hefði fengið tilögu til þingsályktar viðvíkjandi umboðsskrá Jóns Jónssonar, og á næsta fundi, sama dag, var samþykkt sú uppástunga, að ræða tillögu þessa í einni umræðu.

EIN UMRÆÐA Í NEÐRI DEILD,
á 48. fundi, 15. dag ágústmánaðar.

Flutningsmaður (*Arnljótur Ólafsson*): Jeg hef ekki annað um þessa tillögu að tala en það, hvort nefnd skuli setja, og ætla jeg, að 3 manna nefnd muni nægja.

Var það samþykkt með 17 atkvæðum, að setja skyldi nefndina, og hlutu þessir kosningu:

Arnljótur Ólafsson: með 18 atkvæðum
Benidikt Sveinsson: — 17 —«—
Þorsteinn Thorsteinson: með 10 atkv.

Í nefndinni var Arnljótur Ólafsson kosinn formaður og framsögumaður,

B.

Tillaga til þingsályktar viðvíkjandi umboðsskrá Jóns Jónssonar landshöfðingaritara til að dæma í Elliðaáamálunum. Frá nefnd þeirri, sem skipuð var í því máli.

Nefndarálitið og tillagan er prentuð í fyrri parti alþingistíðindanna, bls. 487—519, og 611—617.

Á 62. fundi, 24. dag ágústmánaðar, skýrði forseti frá því, að hann hefði fengið tillögu þá til þingsályktar, sem hjer ræðir um, og á næsta fundi, sama dag, var samþykkt sú uppástunga, að ræða tillögu þsssa í tveimur umræðum.

FYRRI UMRÆÐA Í NEDRI DEILD,
á 65. fundi, 25. dag ágústmánaðar.

Framsögumaður (*Arnljótur Ólafsson*): Jeg sje, að enginn óskar að tala í þessu

máli, og þykist vita, að það muni vera af því, að hinn hæstvirti landshöfðingi er hjer ekki viðstaddur í salnum, enda get jeg ekki neitað því, að jeg hef heldur ekki mikið að segja, úr því hann er ekki hjer og enginn fyrir hans hönd. Jeg geng að því vísu, að meiri hluti deildarinnar fallist á aðgjörðir nefndarinnar í þessu máli, og muni vera á sama máli og hún. Þetta er einstakur atburður í sögu landsins, að senda hvað eptir annað þjón hinnar æðstu innlendu stjórnar til að dæma í slíkum málum, sem hjer hefur verið gjört. Jeg veit ekki dæmi til þess í nokkru þingfrjálsu landi, að hin æðsta innlenda stjórn taki ritara sinn og útvegi honum konunglegt umboð til að dæma í slíkum málum. Jeg veit, að í útlöndum er stundum skipuð dómsnefnd á líkan hátt, sem Commissorium eða konunglegt umboð er veitt, en jeg veit ekki til, að slíkt starf sje fengið í hendur *einum* manni, og það þeim manni, sem er í undirgefinui stöðu og undir handarjaðri framkvæmdarvaldsins. Það verður þá að vera af því, að þessi maður sje það afbragð að stillingu, gætni og samvizkusemi, að ekki sje völ á öðrum eins manni í öllu landinu. Mjer ber nú ekki að dæma um, hvort svo sje, en jeg vona, að hver geti dæmt það hlutdrægnislaust með sjálfum sjer. Það er merkilegt, að þetta nýmæli, þessi kynlegi viðburður, skuli byrja rjett á eptir því, er vjer fengið höfum stjórnarbót vora. Er þetta dilkur, sem fylgir móðurinni, stjórnarbótinni, eða er þetta undirvaningur, sem er kominn inn í landið með nýjum herrum? En hvað kemur til, að þetta umboð er sífellt fengið sama manni, þvert á móti fordómi hæstarjettar; jeg hef þetta orð yfir útlenda orðið «Præjudicat»? Það er sjálfsagt af því, að dómarabækur hans eru færðar með hinni sömu reglu í kláðamálinu, sem jeg hef heyrt að verið hafi hjá einum manni, sem settur var um hríð til að gegna bæjarfógetaembættinu hjer í Reykjavík. En jeg skal ekki fara lengra út í, að rekja það mál. Þá skal jeg snúa mjer að ástæðunum fyrir tillögu nefndarinnar. Það hefur verið töluverður misskilningur eða ágreiningur um skilning laxveiðalaganna frá 11. maí 1876. Jeg skal nú ekki sem ófróður maður í lögum segja neitt um, hvort þessi eða hinn skilningur er rjettur, nje færa önnur rök til, en hjer eru tekin fram á 21. bls. En það vita allir, að enginn efi eða ágreiningur hefur verið í nokkurri þinghá landsins um skilning laganna, nema hjer viðvíkjandi Elliða-ánum. Hvarvetna í landinu hafa menn tekið orðið «upptækur», «óhelgur» í hinni sömu fornu merkingu, sem nú er vottað af hinum hálærða Dr. Jóni Þorkelssyni, þ. e. sama sem «ófriðheilagur, rjettlaus, sem engar bætur verða kraföar fyrir, þó að skemmdur, meiddur, drepinn eða eyddur» sje. Þennan skilning styður og orðið «upptækur», sem haft var af sama löggjafa um sama efni, á sama tíma, (sbr. 2. gr. í lögum 2. nóvbr. 1875 um þorsknetalagnir). Jeg held, að það þurfi engan lagamann til að skilja lögin, og ekki öllu meira vit en það vit, sem jeg hef. Í 2. gr. laxafriðunarlaganna frá 11. maí 1876 stendur: «*Enginn* skal leggja net eða garða, eða aðrar fastar veiðivjelar lengra en út i miðja á» o. s. frv. Nú koma aðrir og segja: þetta *enginn* á einungis þar við, sem menn eiga veiði saman, en ekki þar, sem einn á alla veiðina. Þar á móti segi jeg að standi í síðari málslið sömu greinarinnar: «Nú rennur á í fleiri kvíslum, og má *enginn* þvergirða eina þeirra, nema meiri sje fiskiför í annari, *enda eigi engir aðrir veiði í kvísl þeirri, sem þvergirt er*» Hjer er gjört ráð fyrir, þegar einn á veiði, sem undantekning og í mótsetning við 1. málslið sömu greinar. Þetta, að *einn* á alla veiði, er því undantekning frá hinu víðáttumikla orði «*enginn*». Þegar nú þessi undantekning er til staðar, þá, og einungis þá má

þvergirða aðra kvíslina, svo orðið «enginn» hlýtur að ná til *allra* eða merkja alla, eptir 1. málslið, og þýða sama sem: *öllum er bannað* o. s. frv. En svo vík jeg að því, sem jeg ætlaði að segja áður, að hinum næstu rökum fyrir tillögunum, þeim rökum, er síðast standa á undan tillögunum. Nefndin hefur nú áður tekið fram hinn almenna skilning manna á lögunum og bent á öll þau brjef, skjöl og skilríki, sem prentuð eru framan við álit nefndarinnar; en nú tek jeg fyrst fram, að þótt jeg gæfi mótstöðumönnum mínum, sem skilja lögin öðruvísi, rjett, og setji, að skilningur þeirra sje rjettur, og setjum svo, að þeir komi fram með þá mótbáru, að lögin eigi ekki við Elliðaárnar, því Thomsen eigi einn alla veiðina, hvað leiðir af þessari skoðun gagnvart þessu máli, má jeg spyrja? Þessum ágætismanni er fengið dómsvald og skipað að rannsaka ítarlega og dæma 33 menn, sem ákærðir eru fyrir að hafa brotið á móti 108. og 298. gr. hegningarlaganna. Á hverju er þetta byggt eptir hinum ýtrasta skilningi á laxfriðunarlögunum 11. maí 1876 Thomsen í vil? Á engu, því það er ekki enn sannað, að Thomsen eigi *einn alla* veiðina í ánum. Það er ekki enn sannað, að jarðirnar Hólmur og Breiðholt hafi nokkurn tíma misst veiðirjett sinn, enda veit jeg ekki betur, en sú megingrein standi í lögbók, að reki og veiði fylgi landeign hverri, nema með lögum sje frá komin. Hjer vantar sönnun þess, að veiðirjetturinn sje að lögum frá kominn nokkurri jörðinni upp með ánum, svo sem með afsalsbrjefi. Hjer vantar því gjörsamlega sönnun þess, að kistubrotsmennirnir hafi drýgt nokkurt brot, jafnvel þótt þessi togskilningur laganna sje tekinn góður og gildur. Það á að senda þennan víking, sem jeg utanþings mundi hafa kallað bölsóta, ekki einungis móti 33 mönnum, heldur móti öllum landsmönnum, því hann getur vaðið og bölsótazt um allt land, og líklega svo langt frá landi, sem fiskhelgi nær, því jeg hef einhverstaðar sjeð, að, eptir skilningi eins háttstandandi manns, heyrði fiskhelgi fullkomlega landinu til, ef um síldarveiði er að ræða. Allir þeir, sem fengið hafa náðargjöf vors heittelskaða konungs, stjórnarskrána, eiga að mæta í sjerhverri þinghá, á hverjum stað sem er, fyrir þessum eina manni, og hann má varpa þeim hvort heldur er í höpt eða dýflissu, og líklega dæma þá, þótt ekki sje fyllilega eða eðlilega sannað, að þeir hafi brotið neitt, og einmitt þessi sami maður á að dæma, sem hefur svo ágætlega sannað áður sem málaflutningsmaður í yfirdóminum, að þessir menn væru sýknir. Jeg get ekki annað en þagnað af undrun og vitnað til þessa ágætismanns í því efni. Við áreiðargjörð hans hefur og komið fram vitni, sem hefur sannað, að lax gengi upp fyrir Stórahyl, og það langt. Enn fremur er sagt í áreiðargjörðinni, staðfestri með hendi ritarans, að Helgi Guðmundsson í Móakoti hafi borið það, að faðir sinn hefði veitt lax og fengið einhverja mestu veiðina í fjelagi við Breiðholts- og Árbæjarbændur í norðuránni hjá Blásteinshólma, og rengdi enginn rjett hans eða hinna bændanna til þessarar veiði. Eitt sumar veiddust í Breiðholts- og Árbæjarlandi 500 laxar, og í einu veiddust 200 laxar, með því að hleypa norðuránni í suðurána. Það er þannig sannað, að til forna hafi lax gengið upp eptir ánni, og enginn hafi bannað veiði í henni fyrir ofan Stórahyl, og þó á að dæma þessa menn fyrir að hafa varið rjett sinn til laxveiðarinnar, enda þótt ósannað sje, að Thomsen eigi einn alla veiðina. Það á að dæma þá, án þess að þeir geti komið nokkurri vörn fyrir sig, studdri á samveiðarrjetti jarðanna í ánum. Það er eins og einn af oss væri á ferð, t. d. uppi á Kaldadal; maður kæmi þar að og tæki hest hans. Þingmaðurinn verður í vanda staddur, hann nær ekki í hreppstjórann, ekki í sýslumanninn, ekki í amtmanninn og ekki

í landshöfðingjann; honum verður það þá fyrst fyrir, að hann hleypur á eptir manninum og tekur af honum hestinn. Maðurinn fer ofan í byggð, þar sem þingmaðurinn hafði náttstað; hann kemur með kæru og segir, að þingmaðurinn hafi með ofbeldi tekið af sjer hestinn, og kannske slitið gjörð, axlaband eða þess konar. «Viðurkennirðu ekki allt þetta?» segir hann svo við þingmanninn, «Jú» segir þingmaður, «en jeg á hestinn». «Það getur þú ekki sannað, ofbeldismaðurinn þinn, jeg set þig í svartholið á nýjársnótt, eða jólanótt og þar skaltu dúsa, hvort sem þú ert veikur eða ekki, og ef þú ert ekki hræddur við mig, þá skal jeg útvega mjer konunglegt umboð». Er þetta nokkuð að bjóða frjálsum mönnum? Hvað ætla forfeður vorir hefðu sagt? Aldrei hugsaði þó Ólafur konungur til að komast lengra en í Grímsey, en nú má vaða undir konunglegum verndarhjálmi um allt landið. Það er ekki meining mín, að beina þessu að vorum heitt elskaða konungi, heldur að þeim, sem hafa útvegað þessa umboðsskrá. Jeg vona, að allir verði mjer um það samdóma, að það er skylda vor, undir ægisbjálmi stjórnarbótar vorrar að ganga fram fyrir stjórnina og biðja hana að fresta þessu umboði, þangað til frjálsbornir menn geta komið vörn fyrir sig, þangað til skorið er úr því með dómi, hvort hinar opt umgetnu jarðir hafi misst laxveiðirjett sinn eða eigi.

Um seinna atriðið skal jeg ekki fara mörgum orðum, einkum af því, að hinn hæstvirti landshöfðingi er hjer eigi í salnum. En það segi jeg, að vilji menn fram fylgja 1. og 2. tölulið, þá er ekki annað úrræði, en að senda menn af vorri hendi, líkt og opt er gjört í öðrum löndum, og mjer er nóg í því efni, að benda á, hvernig áskorun síðasta alþingis 1879 var send til stjórnarinnar.

Guðmundur Einarsson: Það er ekki í fyrsta sinnið, sem þetta mál um Elliðaárnar kemur fyrir þingið, og jeg hef jafnan verið því móthverfur, af því að jeg hef álitið það þinginu óviðkomandi. En nú er hin heiðraða deild komin á nýjan rekspöl í máli þessu, og er það henni mikil vorkunn, þar sem nú er kominn sá ábætir, að búið er að kjósa konunglegan umboðsmann, til þess að reka mál þetta, og það er í sannleika að mínu áliti óheppilegt stig, svo að jeg get alls eigi láð hinni heiðruðu deild, þótt hún taki þannig í mál þetta, og þótt jeg, svo sem jeg áður hef sagt, hafi að undanförnu verið máli þessu móthverfur, þá mun jeg nú fyrir mitt leyti mæla fram með því og gefa atkvæði mitt.

Jón Jónsson: Hin háttvirta nefnd hefur sjálf með skjölum þeim, er hún hefur látið prenta, ljóslega sýnt og sannað, að jeg hef eigi gjört nokkurt stig til þess, að öðlast hvorki umboðsskrá þessa, nje rannsóknarvald það, er mjer var falið í haust með annari umboðsskrá. Á sama hátt gekk, þegar mjer var falið hjer um árið aðgjörðir í fjárkláðamálinu, og fjekk jeg fulla reynslu í því máli fyrir, að vandi fylgir hverri virðingu. Jeg veit vel, að það er hvorki skemmtilegt nje þakklátt starf, sem getur um í hinni konunglegu umboðsskrá, og jeg mundi vera deildinni þakklátur, ef hún gæti, með því að samþykkja niðurlagsatriði hinnar heiðruðu nefndar, útvegað mjer lausn frá þessu starfi, sem jeg geng til með miklum áhyggjum og kvíða. Samt hef jeg álitið mjer skylt, ekki að skorast undan að gjöra, hvað í mínu valdi stæði, til að þetta mál, sem er orðið sannkallað vandræðamál þjóðarinnar, fái skapleg og rjettlát úrslit. Jeg þakka nefndinni fyrir, að hún hefur viljað leysa mig undan ábyrgðarmiklu og vandasömu starfi, en jeg ætla ekki sjálfur að greiða atkvæði þar um, hvorki með nje á móti. Meira hefði jeg nú ekki þurft að segja, ef ekki ýms orð, bæði í ræðu hins háttvirta forstöðumanns og í nefndarálitinu, neyða mig til að bera hönd fyrir höfuð mjer. Jeg vil eigi tala um þau ó-

virðingarorð, svo sem «víkingur», «bölsóti» o. s. frv., sem hinum háttvirta framsögumanni þóknaðist að titla mig með; slík orð sýna að eins óvild eða hatur, og rýra meira virðingu þess manns, sem hefur þau um hönd, en þess manns, er þau eru höfð um. Þar á mótti verð jeg að svara áburði hins háttvirta framsögumanns um, að jeg hafi fært embættisbækur óreglulega. Jeg játa, að margir skrifi betur en jeg, og að finnast kunni í embættisbókum þeim, er jeg hef ritað, blekklessur, eða þess konar, en um óreglulega bókfærslu hefur enginn maður enn þá brigzlað mjer með sanni, og vona jeg, að skýrslur þær, sem jeg hef bókað í þau 15 ár, er jeg hef fengizt við dómarastörf, hafi ekki verið óljósari eða óskipulegri, en slíkar skýrslur almennt gjörast. Hin heiðraða nefnd kallar mig «ritara landshöfðingja», og það útskýrir hinn háttvirti framsögumaður svo, að það sje sama sem þjónn hinnar innlendu stjórnar, og henni undirgefinn. Það er vitaskuld, að jeg sem embættismaður er ekki alveg óháður landsstjórninni, en það vona jeg að eigi sjer einnin stað um 2 heiðraða nefndarmenn, prestinn að Bægisá og sýslumanninn í Þingeyjarsýslu, og dettur þó engum í hug að gruna þá um skort á einurð og kjark til að gegna þeim störfum, sem að eins verða falin óháðum og frjálsum mönnum, svo sem þingstörf og dómarastörf; enda er það vitaskuld, að þó maður sje sem embættismaður bundinn til að framkvæma hin umboðslegu störf, þau er embættinu fylgja, samkvæmt vilja stjórnarinnar, þarf maður ekki að fara eptir vilja hennar í öðrum störfum, sem manni eru falin, og sem hann á að gegna einungis samkvæmt sannfæringu sinni, og dómsstarf er einmitt þess konar starf. Það er einmitt fyrsta skilyrðið fyrir því að vera dómari, að hlutaðeigandi er fær um að rannsaka hvert mál án manngreinarálits, án ótta fyrir stjórn eða einstökum mönnum. Nefndarálitið ber enn fremur upp á mig, að jeg hafi átt í málaþrasi við ýmsa háttstandandi menn, og því til sönnunar lætur nefndin prenta vottorð frá bæjarfógeta um, að 4 slík mál hafi verið dæmd móti mjer. Eitt af þessum málum er hið alræmda reikningsmál, sem hinn þáverandi varaforseti þjóðvinafjelagsins höfðaði á móti mjer. Það fjekk sinn dóm um daginn á þjóðvinafjelagsfundi, og þarf jeg varla að orðlengja um það. Hin 3 málin voru eiginlega öll eitt og sama mál, og þykir mjer vænt um, að fá tækifæri til þess, að skýra frá hinu sanna í þessu máli, sem mjög margar missagnir og rangfærslur hafa verið útbreiddar um. Jeg hafði sem þáverandi málaflutningsmaður við yfirdóminn orðið að takast á hendur flutning á þessum 3 málum fyrir annan mann, Pál gestgjafa og fjekk sem umboðsmaður Páls skjölin í málunum ljeð í 14 daga. Á ákveðnum degi mætti jeg með skjölin og ætlaði þá að afhenda þau, en þá voru málin alls ekki tekin fyrir. Jeg varð því að ætla, að mótpartar Páls, sem voru sækjendur málanna, hefðu hætt við þau, enda voru þau öll ómerkileg meiðyrðamál, sem sækjendur engan heiður gátu haft af, og með því að jeg hafði enga lyst til að geyma skjöl þau, sem jeg hafði meðtekið fyrir hönd Páls, afhenti jeg honum þau með þeim ummælum, að jeg sæi ekki betur, en að honum væri frjálst að gjöra með þau hvað hann vildi, þó hann vildi brenna þau. Eptir mínu áliti var þetta rjett, en hvort jeg hef skilið lögin rjett í þessu tilliti, það mun hæstirjettur dæma um á sínum tíma; en það er þó auðsjeð, að það var ekki til að auka málaþras, að jeg ráðlagði Páli að brenna skjölin, heldur en að halda málunum undir dóm, og vil jeg í sambandi þar við geta þess, að jeg hef orðið að skýra landshöfðingja og ráðgjafanum frá öllum þessum málavöxtum, þar sem jeg sótti um leyfi til þess, að mega sameina hin umgetnu 3 mál í eitt mál fyrir hæstarjetti, og það leyfi fjekk jeg. En það er ólíklegt, að sá sami landshöfðingi, sem fyrir 10 árum síðan kom því til leiðar, að háum embættismanni, sem einn nefndarmaður mun þekkja, var vikið frá embætti sínu meðal annars sökum drykkjuskapar, óreglulegrar bókfærslu og

málaþrass, mundi hafa gengið þegjandi fram hjá málaþrasi hjá mjer, ef slíkt yrði borið með rökum upp á mig. Loksins verð jeg að fara fáeinum orðum um skipun dómsvaldsins hjer á landi. Hin háttvirta nefnd virðist ekki að hafa tekið nógsamlega eptir því, að hin síðustu 600 ár, eða síðan landið gekk undir konung, hafa í raun og veru allir dómarar verið umboðsmenn konungs. Öllum dómurum landsins, nema hinum 3 yfirdómendum, getur konungur þar að auki vikið frá völdum án dóms og laga. Þeir eru því stjórninni og landshöfðingja eins háðir og landshöfðingjaritarinn. En hver sá maður, sem konungur setur til þess, að rannsaka eitthvert mál, á að gjöra allt, hvað í hans valdi stendur, til að leiða sannleikann í ljós hlutdrægnislaust og án tillits til þess, hvort þeir, sem rannsókninni er beint á móti, eru vinsælir eða ekki. Það er vafalaus skylda slíks dómara, ef það er nauðsynlegt til þess, að leiða sannleikann í ljós, að taka mann fastan, þá að gjöra það, þótt það sje á jólanóttina. Það er skylda dómarans, segi jeg, að taka þá menn fasta, sem kærðir eru fyrir rán og sem með ósannsögli eða á annan hátt staðfesta gruninn um, að þeir hafa viljað leyna ófrjálsum verkum . . . .

Benidikt Sveinsson: Jeg neyðist til þess, að biðja hinn háttvirta forseta að halda tungu þessa þingmanns í skefjum. Jeg heimta, að hann leggi þegar fram bækur þær og skjöl, sem sanna, að full og lögleg ástæða hafi verið til að taka þá menn fasta, sem hann hefur sett í fangelsi; jeg mótmæli því, að hann hafi haft nokkra löglega ástæðu til þess, og jeg mótmæli þeim sakargiptum sem ósönnum, sem hann ber upp á þá, sem hann hefur ofsótt með rjettarrannsóknum sínum. Hin heiðraða deild verður að fyrirgefa mjer, þótt mjer hitni, þar sem það er meðal annara systir mín, sem hefur orðið fyrir ákærum og ofsóknum þessa manns. En hvað meiðyrðum þingmannsins til mín sjálfs viðvíkur, þá skal jeg að eins minna menn á það, að alþingi sjálft heimtaði, að stjórnin ljeti dómstólana skera úr þeim sakagiptum, sem hún byggði á öllum ósönnum og ósönnuðum, en nei, og mun það jafnan standa með gullnu letri í sögu landsins, til ævarandi og maklegrar óvirðingar fyrir hina dönsku stjórn, að hún hafði eigi siðferðislegt þor og þrek til þess, að leyfa embættismanni að reka af sjer ósönn ámæli og rangar sakagiptir.

Jón Jónsson: Má jeg nú halda áfram. Jeg sagði að þegar menn væru ákærðir fyrir rán, þá væri það skylda lögreglustjórans að taka þá fasta, þótt það svo væri á jólanótt eða nýársnótt, og er það bezt fyrir sakborning sjálfan, að sem minnstur dráttur verði á slíku máli, því ekki getur hann sýkn orðið, nema málið verði ransakað . . .

Forseti: Jeg verð að biðja hinn heiðraða þingmann að halda sjer sem mest við efnið. Reyndar get jeg eigi verið mjög strangur við hann í því efni, af því að nefndarálitið kemur svo víða við, en jeg vil þó biðja hann að leitast við, að vera sem næst efninu.

Jón Jónsson: Það er, eins og jeg tók fram, skylda þess umboðsmanns konungs, sem á að rannsaka mál, að gjöra þetta hlutdrægnislaust, svo að bæði hinir saklausu og hinir seku geti komið í ljós, og þess vegna verða menn að fyrirgefa, þótt jeg hafi framið áreið, þegar jeg ætlaði, að hún mundi geta fengið þýðingu í málinu, þó jeg sæi vel, að slíkt varla yrði til að íþyngja sektarábyrgð þeirra, er fyrir sökum voru hafðir. Jeg tek það upp aptur, að jeg hef eigi tekið neinn fastan, sem hefur sagt satt. En þegar menn með lýgi reyna að glepja aðra og hylja sannleikann, þá verður rannsóknardómarinn að taka til sinna ráða. Hvað dómsaðgjörðir þær snertir, er mjer hafa verið á hendur faldar, get jeg ekki sagt annað, en að jeg muni reyna að fara svo með málið, sem jeg geti forsvarað fyrir drottni og samvizku minni, þó afleiðingin af því yrði ný ámæli af æðri og lægri, enda er eigi við öðru að búast í máli, sem er spillt af persónulegum æsingi og frekju.

Forseti: Það hefur verið skorað á hinn

heiðraða 2. þingmann Skagfirðinga, að hann legði fram bækur þær og skýrslur, sem bæru sönnur á mál hans.

Jón Jónsson: Því miður er mjer það ómögulegt, því jeg hef hvorugt hjer á þingi. Hin heiðraða nefnd hefur, meðan hún fjallaði um þetta mál, haft aðgang til að skoða rjettarbækur mínar og skjöl þau, er þeim fylgdu, og er það ekki mjer að kenna, að nefndin ekki hefur notað þennan aðgang. Skyldi nokkur þingmaður fyrir utan nefndina nú óska, að sjá hjá mjer rjettarbækur og skjöl, fyr en þetta mál verður útkljáð, er honum það vel komið, ef hann vill koma til mín eptir þing.

Jón Sigurðsson: Jeg býst við, að hinum heiðruðu þingmönnum þyki nýlunda, að heyra mig tala af þingmannabekkjunum, en — ein nýlundan rekur aðra — og hjer er sannarlega nýlunda á ferðum, þar sem um þessa umboðsskrá er að ræða. Það er að vísu eigi algjör nýlunda, því það hefur opt áður komið fyrir í rjettarsögu lands þessa, og skal jeg leyfa mjer að nefna sem dæmi, að konungur gaf Árna Magnússyni og Páli Vídalín umboðsskrá til þess að dæma og rannsaka hin og þessi mál, en sú umboðsskrá var allt annan veg en þessi, því að ef jeg skil þessa umboðsskrá rjett, þá er með henni eigi að eins tekið fram fyrir hendurnar á lægri dómendur, heldur og yfirdóminum, og ef til vill hæsta-rjetti; það er alveg á valdi landshöfðingja, hvort málið skuli ganga til yfirrjettar. Þannig var því eigi varið með umboðsskrá Vídalíns og Árna Magnússonar. Þeir gátu tekið fyrir sjerstök mál, ef þau voru kærð fyrir þeim, og það mátti áfrýja til þeirra dómum, enda var þá enginn yfirdómur til nema á alþingi, og þetta var á vorum dimmustu einveldistímum — jeg leyfi mjer að kalla þá svo —. En hverjir voru nú þessir menn? Það var lögmaður landsins og íslenzku- kennarinn við háskólann í Kaupmannahöfn, báðir hinir mestu ágætismenn, og þar á ofan tveir. Og jeg held, að í engu slíku Commissorio hafi verið færri en 2—3 menn, og þeir jafnan afbragðsmenn. En nú er einn maður tekinn til þessa starfa. Jeg vil að vísu eigi fara í persónulegt manngreinarálit, en mjer er spurn: Hvað hefur þessi maður til síns ágætis? Það er eigi svo mikið, sem hann hafi æft sig í neinu dómaraembætti. Jú, það er satt, að hann er ritari landshöfðingja, en jeg veit, satt að segja, ekki, hvar í röðina jeg á að setja þann embættismann. Jeg fyrir mitt leyti álít hann eigi mikið æðri en hreppstjóra. Jeg held, að hið mesta ágæti hans sje í því fólgið, að hann er laginn á að þefa upp smáyfirsjónir einstakra manna. Það getur verið, að ætlun mín sje röng, en þessa ætlaði jeg að vjer þyrftum sízt við, Íslendingar, því að minni hyggju er oss alls eigi hættara til slíkra brota en öðrum, og stjórnin gat unnið margt þarfara verk, en að senda mann til þess að snuðra upp smáyfirsjónir vorar. Jeg álít þetta tiltæki stjórnarinnar alveg óþarft, og val hennar á manninum óheppilegt, sem mest má verða. En auk þessa liggur hjer, að minni hyggju, fiskur undir steini, að með þessari umboðsskrá er gengið all-nærri dómsvaldinu og stjórnarskrá vorri, og jeg hygg, að mikill vafi sje á, hvort slíkt Commissorium getur staðið með stjórnarskrá vorri. Að minnsta kosti er með þessu bent á, að stjórnin virði eigi stjórnarskrá vora eins mikið og sjálfir vjer, því vjer höfum aldrei sýnt oss líklega til þess, að brjóta stjórnarskrá vora, en hjer hefur stjórnin þó að minnsta kosti bent til þessa. Jeg vil biðja hina háttvirtu þingmenn að lesa 13. gr. stjórnarskráarinnar: «Konungur veitir sumpart beinlínis, sum«part með því að fela hlutaðeigandi stjórn«arvöldum á hendur leyfi þau og undanþágur «frá lögum, sem tíðkazt hafa eptir *reglum «þeim, sem farið hefur verið eptir hingað «til*». En eptir sömu reglum, sem nú, hefur aldrei áður Commissorium gefið verið. Hjer er farið fram yfir hin fyrri Commissoría. Og það er hart af stjórninni, að hún skuli þegar á fyrstu 10 árunum fara að krukka í þá stjórnarskrá, sem hún hefur gefið. Jeg álít, að hjer sje virðing þingsins í veði, ef

eigi er tekið einbeitt í taumana. Því þegar búið er að ráðast á eina grein stjórnarskrárinnar, þá munu fleiri eptir fara. Jeg tek það upp aptur: Virðing og sæmd alþingis er í veði, ef eigi er tekið strangt og einbeitt í taumana þegar í stað.

Þorlákur Guðmundsson: Út úr orðum hins háttvirta 2. þingmanns Skagfirðinga, þar sem hann sagði, að hann hefði álitið sjer skylt að rannsaka báðar hliðar þessa máls, til þess að komast eptir sannleikanum, út úr þessum hans orðum vil jeg leyfa mjer að leggja þá spurningu fyrir hann, hvort hann hefur rannsakað það, í hverjum tilgangi varðmaður kaupmanns Thomsens hafði skammbyssu á verðinum, sem hleypa mátti úr 7 skotum. Jeg var staddur á Búastöðum sem rjettarvitni hjá rannsóknardómaranum 16. desember fyrra árs, þegar þar var yfirheyrður einn af þeim, er verið hafði við hin opinberu kistubrot, og hann bar það, að Eiríkur, þá verandi landsseti Thomsens, sem nú er farinn til Vesturheims, hefði sýnt sjer og öðrum áreiðanlegum manni þetta vopn; hann kvaðst því mest hafa farið í þá ferð, til að stilla til friðar, eða, að því er mig minnir að bókað væri, að varna blóðsúthellingu; og nú vil jeg leggja þá spurningu fyrir hinn háttvirta 2. þingmanns Skagfirðinga, hvort rannsóknardómari Elliðaármálsins hefur rannsakað, í hverjum tilgangi Thomsen kaupmaður hefur fengið verði sínum skammbyssu þessa, jafnframt hvort þetta er leyfilegt, eða getur staðizt við gildandi lög hjer á landi, og vil jeg biðja þingmanninn að leysa úr þessari spurningu.

Halldór Kr. Friðriksson: Mjer virðist umræðurnar um þetta mál hafa verið nokkuð snarpar, og það einkum út af því, að landshöfðingjaritara Jóni Jónssyni hefur verið á hendur falið þetta umboð. En mjer virðist það eigi vera hjer aðalatriði málsins, hvort það er heldur þessi maður eða annar, sem umboð hefur fengið til að dæma í þeim málum, sem hjer ræðir um, heldur hitt, hvort gengið er ofnærri stjórnarskrá vorri, þeirri er konungur sjálfur hefur gefið oss; það á að vera að minni ætlun aðalumræðuefni í þessu máli, enda þótt jeg gjarnan játi, að ef sjerstakan mann hefði þurft að skipa sem dómara í þessu máli, þá hefði sjálfsagt mátt fá einhvern liðlegri og hæfari til þess starfa, en þann sem nú er til þess skipaður. Jeg verð að lýsa því yfir sem minni skoðun, að hjer er gengið of nærri stjórnarskránni, og enda þótt að kunni að mega verja þetta commissorium sem eigi beint brot á stjórnarskránni, þá verð jeg þó að segja, að eigi má ganga svo nærri stjórnarskránni, nema brýnasta nauðsyn krefji. Jeg ætla þetta umboð hið sama sem að segja: Embættismaður sá, sem skipaður er og ætti að dæma í þessu máli, er óhæfur og ónýtur dómari, og því verður að setja annan. En það er undarlegt, að svipta þann embættismann þannig dómsvaldi í þessu máli, en láta hann þó halda embætti sínu, því að ef hann er óhæfur dómari, hví er honum þá haldið? Jeg verð að ætla þessa aðferð ósamkvæma rjettarfari voru, ósamkvæma sjálfri sjer, óliðlega og jafnvel ólöglega. Þess vegna óska jeg, að umboðsskrá þessi verði af numin sem fyrst, og mjer finnst þessi aðferð svo óliðleg, að alþingi ætti eigi að þola slíkt.

Viðvíkjandi 3. uppástungunni vil jeg leyfa mjer að spyrja nefndina: ef þessir 2 menn verða sendir, hefur þá nefndin hugsað sjer, að þeir færu upp á landsins kostnað eða fyrir alls eigi neitt, því að ef landið á að bera kostnaðinn af ferð þeirra, þá ber nauðsyn til, að þessi þingsályktun gangi einnig til efri deildar alþingis. Jeg fyrir mitt leyti ætla þessa 3. tillögu einnig óþarfa, og vil leggja til, að henni sje sleppt. Jeg verð að treysta því, að stjórnin taki allar ástæður eins til greina fyrir það, þótt sjerstakir menn sjeu eigi sendir til að fram fylgja þessu máli.

Jón Ólafsson: Jeg mun greiða atkvæði mitt með öllum niðurlagsatriðum nefndarinnar, en eigi sökum allra þeirra umyrða, sem höfð hafa verið nú hjer í salnum. Jeg verð að telja það málinu óviðkomandi og

alls ósæmilegt, að beina svo, sem gjört hefur verið, brigzlyrðum og meiðyrðum að einum þingmanni, og jeg hef einurð til að lýsa yfir því, að jeg ber jafnmikla virðingu fyrir hinum háttvirta 2. þingmanni Skagfirðinga, sem öðrum þessum háttvirtu herrum, sem nú hafa látið hin þyngstu orð, sem þeir eiga til, dynja á honum. Jeg held mjer, sem sagt, til ástæðna nefndarinnar, og mun greiða atkvæði með öllum ályktunum hennar, en virði smánaryrði þessara háttvirtu herra að vettugi.

Jón Sigurðsson: Jeg býst við því, að jeg eigi part af sneið þeirri, sem hinn háttvirti 2. þingmaður Suður-Múlasýslu gaf þingmönnum þeim, sem talað hafa nú. En hinn háttvirti 2. þingmaður Skagfirðinga hefur sjálfur gefið tilefni til þess, að um hann væri talað, því að ræða sjálfs hans snerist mest um sjálfan hann. Jeg vona, að þingmenn verði að játa það, að jeg forðaðist að tala um þingmanninn persónulega, sem mest jeg gat, en hann gaf sjálfur tilefni til umtals um sjálfan sig með ræðu sinni, svo að mjer var eigi unnt að komast hjá því. Jeg verð því að álíta yfirlýsing hins háttvirta 2. þingmanns Suður-Múlasýslu eigi á rökum byggða, en sprottna annaðhvort af misskilningi eða misheyrn.

Framsögumaður: Jeg hef eiginlega engu að svara hinum háttvirta 2. þingmanni Skagfirðinga, því það, er hann talaði um landshöfðingjaritarann, kom ekki við ræðu minni, nema ef vera skyldi það, sem hann fræddi oss um, að ritarinn mundi leita sannleikans í þessu máli. En þingmaðurinn sýndi oss eigi, hvar sannleikurinn mundi fólginn vera í þessu máli. Það er jafnan hægt að segja, að maður ætli að leita sannleikans, en örðugra er að fylgja fram því loforði sínu í verkinu. Jeg vil leyfa mjer að spyrja hinn háttvirta 2. þingmann Skagfirðinga, hvort hann vill eigi bera landshöfðingjaritaranum kveðju mína, og spyrja hann, hvort hann álíti það eigi sannleikanum viðkomandi í þessu máli, að fyrst sje skorið úr því með dómi, hvort Thomsen eigi einn alla veiðina í ánum; hvort eigi sje áríðandi að vita það vissu, hvort þjóðjörðin Hólmur muni eigi eiga veiðirjett fyrir landi sínu samkvæmt áreið hins fyrverandi rannsóknardómara; einnig hvort eigi mundi æskilegt, að um það væri dæmt, hvort þessir 33 sakborningar muni sekir vera eptir 117. gr. hegningarlaganna um ólöglegt sjálftæki, eða eptir 298. gr. Enn fremur hvort búa ætti mál til eptir niðurlagi þessarar greinar, eða eigi. Í annan stað vil jeg spyrja, hvort eigi væri rjett að rannsaka, hvort sjálftækið hefði verið ólöglegt, sjá 117. gr. hegningarlagauna, eða leyfilegt, það er: liggi utan refsilaganna, sbr. þá 41. gr. Í sambandi við þetta vil jeg bera upp fyrir landshöfðingjaritarann þá spurningu, hvort hann hafi gjört áreiðina með vilja húsbónda síns, eða hvort húsbóndinn hafi eigi brjeflega eða munnlega lýst því yfir, að áreiðin heyrði eigi málinu til. Í þriðja lagi vil jeg leyfa mjer að spyrja hinn háttvirta 2. þingmann Skagfirðinga, hvort hann vill eigi bera landshöfðingjaritaranum kveðju mína og spyrja hann, hvort þessi konunglegi umboðsdómari muni hafa þrek til þess í sannleiksleitun sinni, að byggja á áreiðinni, um leið og hann rannsakar málið, en áður en hann lýkur á dómsorði. Jafnframt vil jeg gefa houum þá upplýsing, að meðan þessi úrbrot hafa átt sjer stað, hafa bændurnir í Seltjarnarneshreppi og landeigendurnir kring um árnar lýst skýlaust skilningi sínum á laxalögunum 11. maí 1876. Enn bið jeg hinn sama háttvirta 2. þingmann Skagfirðinga, að bera landshöfðingjaritaranum kveðju mína, og spyrja hann, hvort landsetarnir og hinir merkustu bændur hafi eigi skriflega borið sig upp fyrst við hreppsnefndina og skorað á hana að hlutast til, að taka þvergirðingarnar úr ánum; hvort þeir, segi jeg, hafi eigi fyrst borið sig upp við hreppsnefnd, svo við sýslumann, síðan við amtmanninn, og síðast við hina æðstu innlendu stjórn og beðið hana að skerast í leikinn. Þegar þeim var engin áheyrn veitt af hreppsnefnd, af sýslumanni, af amtmanni, þá bera þeir sig

upp við landshöfðingjann í trausti til þess, að minnsta kosti mundi hann af embættisröggsemi vernda eign þeirra gagnvart yfirgangi. En hver varð embættisröggsemin? Sú, að höfðað var opinbert lögreglumál á hendur þeim. (*Margir*: *heyr!*). Það er heimildarlaust að kalla þetta «æsingar» og «æði», eins og stendur í flestum þessum brjefum og skjölum, að kalla það þessum nöfnum, þegar heiðvirðustu menn sveitarinnar hafa borið sig upp við löggæzluvöldin, allt frá hreppsnefnd upp að landshöfðingja, og eigi má skera úr því, hvort þeir hafa brotið lögin, heldur elt eitt einasta atriði út úr allri þessari keðju; að kalla það rán og gripdeildir, ef til vill, að taka sinn eigin hest, eins og dæmið var, sem jeg tók áðan. Ef jeg væri viss um, að hinn konunglegi umboðsmaður gengi svo langt, að hann ljeti sjerstaklega skera úr um veiðirjett Hólms gagnvart veiðirjetti Thomsens og þar af fljótandi þvergirðingar hans, — ef jeg mætti treysta þessu, þá væru niðurlagsatriði þingsályktunarinnar óþörf, nema sökum þess, sem hinn háttvirti þingmaður Suður-Þingeyinga tók svo rjettilega fram, að hjer er með umboðsskrá þessari gengið svo nærri stjórnarskrá vorri og stjórnfrelsi voru, að jeg sje eigi betur, en reknir sjeu óþyrmilega í hana hælarnir, og það eigi tárhreinir hælar, og raskað sje hyrningarsteinum hennar. Fyrsta grein stjórnarskárinnar inniheldur þessi orð: «Í öllum þeim málefnum, sem varða Ísland sjerstaklega, er *dómsvaldið hjá dómendum*». Þá vil jeg segja: Þetta dómsvald verður þó að virða, og það má eigi skerða það meira en það hefur nokkru sinni skert verið, frá því er landið komst undir konung og fram að 1874. Ef það nú sannast, að dómsvaldið er nú skert meira, þá er farið með þessa frelsisskrá vora ekki svo vel, sem hún væri ekki til, heldur stigið feti framar, gengið nær henni, af því að hún er til. Að endingu skal jeg geta þess, að það mun vera alveg rjett, sem hinn háttvirti þingmaður Suður-Þingeyinga sagði, að mál þetta skuli ekki koma fyrir yfirrjettinn, því að í niðurlagi boðsskrárinnar stendur: «Er þú að lokum «hefur kveðið upp dóminn og auglýst hann «hlutaðeigendum, skalt þú senda *landshöfð-«*ingja vorum* yfir Íslandi dómsgjörðirnar». Nú vita menn, að ef dómur á að ganga til yfirdómsins, þá fer hann fyrst til amtmannsins, en ef hann skal ganga frá yfirdómnum til hæstarjettar, þá á hann að ganga gegnum greipar landshöfðingjans. Jeg vil ekki geta þess til, að dómsgjörðirnar eigi eingöngu að fara frá ritaraskrifstofunni til skrifstofu landshöfðingjans þar upp yfir; jeg ímynda mjer, að þær verði sjálfsagt sendar með brjefi til ráðgjafans, sem verður skarpviturt brjef og eptir því góðgjarnt.

Jón Jónsson: Jeg er, eins og jeg áður hef tekið fram, samdóma hinum háttvirta þingmanni Suður-Þingeyinga um það, að valið á rannsóknardómaranum er mjög óheppilegt, og mest fyrir hann sjálfan. Jeg vona, að þingmenn fyrirgefi mig, þó jeg hafi talað um sjálfan mig, því að nefndin og framsögumaður neyddi mig til þess með brigzlyrðum sínum. Jeg hef ekki viljað gjöra mikið úr landritaranum, en jeg vil skjóta því til þingmanna, hvort hinn háttvirti þingmaður Suður-Þingeyinga hafi haft ástæðu til að segja, að landritarinn væri aumari en hinn aumasti hreppstjóri. Jeg er ekki vanur að lögsækja fólk, og ætla því ekki að höfða mál út af þessum orðum, fremur en öðrum óvirðingarorðum, er þingmönnum hefur þóknazt að hafa um mig, en jeg nefndi þau, af því að þau sýna, hve bágt menn eiga með að tala rólega og blutdrægnislaust í þessu máli. Jeg get ekki skilið, hvernig þingmönnum finnst umboðsskráin vera brot á móti stjórnarskránni. Jeg tók það fram í hinni ræðu minni, að sjerhver dómari hjer á landi, og jafnvel yfirdómendurnir, eru umboðsmenn konungs, og geti því engum heilvita manni blandazt hugur um það, að stjórnarfyrirkomulag það, sem nú er, heimili konungi að setja dómara. Það mun vera misskilningur, að halda, að dómur sá, er jeg kynni að kveða upp samkvæmt umboðsskránni, verði ekki áfrýjað.

Jeg vil í því tilliti vísa mönnum til lögfræðinganna, meðal annara til rita Nellemanns, og benda á mitt «commissorium» í fjárkláðamálunum, og sýna fleiri yfirrjettardómar, að aðgjörðir mínar í þeim málum lágu undir yfirskoðun yfirdómsins. Hinn háttvirti þingmaður Eyfirðinga lagði mikla áherzlu á það atriði, að umboðsskráin skipar mjer að senda landsböfðingja dómsgjörðirnar, þegar þær eru búnar, en þó ráðgjafinn vilji láta landshöfðingja og ekki amtmann ráða því, hvort áfrýja skuli málinu, hefur hann varla ætlað landshöfðingja að áfrýja málinu öðruvísi en samkvæmt hinum almennu lögum um slíka áfrýjun.

Þingmaður Reykvíkinga skildi umboðsskrána svo, að með henni hefði bæjarfógetanum í Reykjavík og sýslumanninum í Kjósar- og Gullbringusýslu verið vikið frá embætti. En þetta er ef til vill enn meiri misskilningur, en misskilningur þingmanns Eyfirðinga, og veit jeg eigi betur, en að báðir hinir nefndu heiðruðu embættismenn hafi gegnt embættum sínum eins eptir að sjerstakur dómari var settur í Elliðaánum, og fyrir þann tíma, og hafa þeir varla öfundað rannsóknardómarann af störfum hans.

Jeg vil að síðustu snúa mjer til hins háttvirta 2. þingmanns Norður-Múlasýslu. Jeg hef eigi viljandi dróttað neinu meiðandi að honum, því að jeg ber eins mikla virðingu fyrir honum og fyrir öðrum háttvirtum þingmönnum. En jeg vil benda honum á, að hafi það ekki verið rjett, að drótta að honum málaþrasi og að víkja honum frá embætti meðal annars sökum málaþrass, þá getur ekki heldur verið rjett, að nefndiu, sem hann hefur setið í og verið að öllu leyti samdóma, dróttar málaþrasi að mjer, og vill láta mig heita minni mann, af því að jeg hef átt í málum við aðra. Mig minnir, að þingmaður Norður-Múlasýslu væri sækjandi i málum þeim, er hann var lagður í einelti fyrir; en svo hefur þó verið háttað málaferlum þeim, er þingmaður Norður-Múlasýslu og aðrir nefndarmenn ámæla mjer fyrir, að jeg er ekki sækjandi í neinum þeirra, og það er gamalt orðtæki, að enginn hefur lengur frið, en nábúi hans vill; en sá, sem sækir og stefnir einhverju máli, hefur mesta ábyrgð af því þrasi, sem af því leiðir.

Varaforseti: Það er sjálfsagt naumast vert að bæta við umræðurnar i þessu máli, sem nú hafa orðið bæði snarpar og langar og miður sæmandi, eins og nefndarálitið i málinu. Meðan jeg sat í forsetasætinu, vildi jeg ekki áminna þingmenn, fyr en brýnustu nauðsyn bæri til, enda er ekki óvanalegt, að lík orð falli, þegar talað er um laxveiðina í Elliðaánum. Jeg vil leyfa mjer að leiðrjetta 2. þingmann Skagfirðinga, þar sem hann sagði, að hinn háttvirti þingmaður Suður-Þingeyjarsýslu hefði sett hann fyrir neðan lægstu hreppstjóra. Þetta er ekki rjett hermt; hinn háttvirti þingmaður Suður-Þingeyinga sagði, að hann vissi ekki, hvar hann ætti að setja hann, og að sjer fyndist ekki ástæða til, að setja hann mikið hærra en hreppstjórana; ætla jeg þingmanninum á sama standa, hvar hann er settur að þessu sinni. Um málið sjálft ætla jeg ekki að tala margt. Jeg hef ávallt reynt, að hliðra mjer hjá þessu máli, og vil gjöra hið sama enn. Jeg hef ekki átt þátt í að bendla þingið við það. Jeg hef einnig reynt til að hliðra mjer bjá þessu máli í hjeraði. Sumir sóknarmenn mínir hafa viljað ganga í málið og taka úr Elliðaánum laxakisturnar, en jeg hef getað hindrað þá frá því, því að jeg áleit þeim þetta óviðkomandi og ekki rjett, úr því yfirvöldin höfðu neitað að gjöra það. Jeg hef reynt að halda mjer fyrir utan þetta mál, en nú er jeg óviss um, að jeg geti það lengur, því að hjer er beinzt að þeim manni, sem mest hefur fjallað um þetta mál sem dómari, og sem einnig hefur viljað vera laus við æsingar og hlutdrægni, og af allri alvöru befur reynt að taka mál þetta objectivt; það er sýslumaðurinn í Gullbringu- og Kjósarsýslu; og eigi hann að standa fyrir rjetti út af aðgjörðum sínum í máli þessu, þá mun sýslubúum hans ekki líka það vel. Að vísu hefur einn, eða ef til

vill 2 miður hlutvandir menn, sem voru forgöngumenn þess, að spilla veiðivjelunum í Elliðaánum, gripið til þess, að afsaka sig með því, að gjöra hótunarorð yfirvalds síns að hvöt, þar sem þó samvizka þeirra verður að segja þeim, að þetta sje rangt, og þetta er borið fram, án þess að sýslumaður af viti, og það er sent til ráðherrans, án þess að hann af viti, og án þess að honum sje gefinn kostur á, að mótmæla þessum ranga áburði og færa fram rök móti honum. Þessi aðferð er verð þess, að hún geymist í þingtíðindunum. Það er sannarlega ískyggilegt í þessu máli, ef þessi dómari, sem allir, sem til hans þekkja, viðurkenna að sje rjettsýnn og hlutdrægnislaus, og sem eins hefur komið fram í máli þessu og reynt að hindra allar ólöglegar tiltektir, ef hann, segi jeg, á nú að standa fyrir rjetti og rekast úr dómarasæti í þessu máli. Að honum er með þessari umboðsskrá vikið úr dómarasæti í máli þessu, er ljóst, en að honum sje svo gott sem vikið frá embætti, það held jeg misskilning, enda mundi það of hart þykja undirmönnum hans. Jeg fæ ekki betur sjeð, en að þetta umboð gangi mjög nærri stjórnarskránni, sem bæði þing og stjórn á að virða, og álít jeg því, að umboð þetta sje bæði óþarft og eigi rjett, en eigi mun jeg atkvæði um mál þetta greiða.

Framsögumaður: Það er að eins eitt orð, sem jeg ætlaði að segja hinum háttvirta 2. þingmanni Skagfirðinga, þó að hann hafi ekki gefið mjer neitt svar upp á spurningar mínar. Hann ætlaði að vefengja þann skilning minn á hinni konunglegu umboðsskrá, sem laut að því, að málið gæti ekki komið fyrir landsyfirrjettinn, þegar hann væri búinn að dæma það, með því að vitna í hið konunglega umboðsbrjef sitt 7. október árið 1880, að hann átti eptir því að senda rannsóknargjörð sína til ráðgjafans. En jeg veit ekki, hvað hann vildi leiða út af þessum samanburði, því það er sitt hvað, að senda rannsóknargjörð eða frumpróf til að vita, hvort mál skal höfða, eða að senda dóminn með dómsgjörðunum. Ef 2. þingmaður Skagfirðinga er nokkuð skyldur þessum umboðsdómara, þá gæti hann sagt honum, að þessi dómur gæti heyrt eins fyrir þessi ummæli undir hæstarjett. Það er og bert, að þótt hann þykist leita sannleikans, þá vill hann eigi út með þann sannleika, sem hann geymir í hinu lögvitra brjósti sínu.

Með því að fleiri óskuðu ekki að taka til máls, þá sagði forseti, að umræðunni væri lokið, og ljet því næst ganga til atkvæða og var:

I. 1. tillaga samþykkt með 21 atkvæði.
2. — —— — 19 ——
II. — —— — 13 ——

Tillögunni var síðan vísað til síðari umræðu með 20 atkvæðum.

SÍÐARI UMRÆÐA Í NEÐRI DEILD,
á 67. fundi, 26. dag ágústmánaðar.

Framsögumaður (*Arnljótur Ólafsson*): Jeg hef ekkert að segja; einkum af því 2. þingmaður Skagfirðinga er ekki á fundi, get jeg ekki vænzt eptir að fá svar upp á spurningar þær, er jeg lagði fyrir hann í gær. Hinn hæstvirti landshöfðingi hefur og ekki fremur fundið ástæðu til að vera á þessum fundi, en fundinum í gær. Jeg ætla því að bíða átekta um mótmæli þau, er fram kunna að koma. Jeg álít tillögurnar nauðsynlegar, eins og stendur, og jeg held það minnsta, er vjer getum gjört, sje það, að sjá um, að málið verði borið upp fyrir stjórnina í Danmörku, og sjá um, að mishermingar sjeu ekki gjörðar.

Grímur Thomsen: Jeg vildi leyfa mjer að spyrja hina háttvirtu nefnd, hvað til þess kemur, að hún vill senda 2 menn; mjer virðist 1 mundi nægja. Jeg veit reyndar, að það er siður í sumum löndum, t. a. m. Japan, að gjöra 2 sendiberra úr garði, til þess að þeir skuli passa hver upp á annan, en það er þó líklega ekki í því skyni, að nefndin hefur valið 2 menn til farartinnar.

Framsögumaður: Jeg skal geta þess, að það er ekki hægt, að samlíkja þessari

sendiför við þær sendifarir ríkja í öðrum löndum, sem þingmaður Borgfirðinga gat um. Ísland er ekki ríki. Nefndin ætlaði, að 2 menn væru það minnsta, því það er óvarlegt, að senda að eins 1 mann, er dáið getur eða slasazt úr för á annan hátt í þess háttar erindum. En vegna kostnaðarins hugði nefndin nægilegt, að 2 menn væru sendir.

Halldór Kr. Friðriksson: Þingsályktunartillagan kveður svo á, að senda skuli 2 alþingismenn, til þess að framfylgja áskoruninni við stjórnina í Danmörku, en alls ekkert er nefnt um kostnaðinn við þessa sendiför. Mjer virðist, ef kostnaðurinn á að greiðast úr landssjóði, þá hljóti efri deildin og að samþykkja tillöguna; því jeg get ekki sjeð, að neðri deildin ein sje bær um, að ákveða fje til þessa. Og ef landssjóðurinn á að bera þennan kostnað, þá þarf þó einhverstaðar að gjöra ráð fyrir því fje, sem til þess þarf, en það er hvergi gjört.

Framsögumaður: Nefndin hugsaði sem svo: það er ekki hægt að vita, hver kostnaðurinn verða kann, nje gjörandi að setja slíka ótiltekna tölu á fjárlögin, enda voru þau þá komin upp í efri deild, og í þriðja lagi þyrfti þá mál þetta að koma fyrir efri deildina, sem ekki er tími til. Þeir, sem fara, verða því að fara upp á sinn eiginn kostnað í þeirri von, að fá ómakið endurgoldið á aukafjárlögum seinna.

Jón Jónsson: Út af spurningu 1. þingmanns Árnesinga um skotvopn þau, sem getur um í rjettarhaldi mínu á Bústöðum að vökumaður Thomsens hafi haft, þá vil jeg skýra honum frá því, að þessi vökumaður veiktist og dó skömmu eptir rjettarhaldið; Thomsen var þá ekki hjer á landi, og síðar, þegar hann kom, var búið að senda ráðgjafanum rannsóknina. Þetta atriði hefur því enn ekki verið ýtarlega rannsakað.

Þá kom 1. þingmaður Eyfirðinga fram í gær með ýmsar spurningar, og vil jeg reyna að leysa eins stuttlega og greiðlega úr þeim sem jeg get.

Fyrst vil jeg taka fyrir spurninguna um, hvort dómi þeim, sem kynni að verða kveðinn upp í þessu máli, verði skotið til yfirdómsins eða hæstarjettar. Jeg skírskotaði í gær til orða Nellemanns um þetta atriði, og nú skal jeg leyfa mjer að lesa upp þýðingu á því, sem hann segir þar um. Dómur þeirra manna, sem commissorium hafa fengið, skal fyrir utan Kaupmannahöfn skjóta til yfirdómanna, sje sú upphæð, sem ágreiningur er um, minni en 100 rdl., en annars til hæstarjettar. Konunglegir erindsrekar eru þannig háðir hinum almennu áfrýjunarreglum; og eptirlit hinna æðri dóma veitir tryggingu, sem mikið dregur úr þeim vandkvæðum, er skipun slíkra dómanda annars kynni að vera bundin. Það er vafasamt, hvort stjórnin hefur heimild til að skipa «commissión» til að dæma án áfrýjunar». Tilskipun frá 11. júlí 1800 um landsyfirdóminn á Íslandi getur í 11. grein sinni um «commissoria», og segir hjer um bil þetta:» dómum þeirra manna, sem commissorium hafa, skal sömuleiðis skotið til yfirdóms, þegar upphæð sú, sem ágreiningur er um, ekki nemur meira en 200 lóðum silfurs eða virði þeirra; en sje málið svo mikið, að það geti komið fyrir hæstarjett samkvæmt 1—6—16 norskra laga, ber að áfrýja málinu beinlínis þangað». Áfrýjun á dómi þeim, er kynni að verða kveðinn upp samkvæmt commissorie því, er hjer ræðir um, er þannig komin undir upphæð sektar þeirrar, er hlutaðeigandi kynni að verða fyrir. Verði hún ekki meiri en 200 kr., má áfrýja til yfirdóms, verði mun meiri, til hæstarjettar.

Þá spurði þingmaðurinn, að því sem mjer heyrðist, hvort jeg væri samdóma yfirdómnum í dómum þeim, er hann hefur kveðið upp í Elliðaármálinu. Jeg get ekki sem stendur svarað þessu öðruvísi, en að jeg muni reyna, að svo miklu leyti, sem það er nauðsynlegt til þess að dæma þetta mál, að rannsaka öll þau atriði, er getur um í dómum yfirrjettarins, þar á meðal það, hvort laxinn syndi á hliðinni; en hvort jeg þar eptir verði samdóma yfirdóminum eða ekki, get jeg ekki nú sagt.

Í þriðja lagi spurði hann, hvort jeg hjeldi ekki, að áríðandi væri að rannsaka, hvort Hólmur eigi veiði í ánum. Það hefur, eins og skjöl nefndarinnar sýna, verið ágreiningur milli landshöfðingja og mín um þetta atriði. Jeg hef álitið mjög svo áríðandi, að vita um rjettindi þeirra jarða, er liggja fyrir ofan veiðitakmörk Thomsens, og til þess að koma að einhverri niðurstöðu um það, hjelt jeg þá áreið, er nefndin hefur látið prenta. Þá spurði hann, hvort jeg hefði framkvæmt áreiðina eptir tilmælum húsbónda míns. Jeg hef aldrei minnzt á áreiðina við hann. Hann er húsasmiður og hugsar um allt annað, en áreiðir og málarekstur.

Þá heyrðist mjer hann spyrja, hvort jeg mundi hafa þrek til þess, að byggja dómsúrslit þessa máls á áreiðinni. Um þrek mitt verða aðrir að dæma en sjálfur jeg, og vil jeg skjóta því til hins háttvirta þingmanns, að leysa sjálfur úr þessari spurningu. Í síðasta lagi kemur sú spurning, hvort jeg hafi rannsakað, hvað gengið hefði á undan stóra kistubrotinu í ofanverðum júlímánuði 1879. Hefði hinn háttvirti framsögumaður gjört svo vel að skoða rjettarbækur mínar, eins og honum stóð til boða, mundi hann hafa sjeð, að jeg hef lagt fram öll þau brjef, sem bændur rituðu hreppsnefnd, sýslumanni og amtmanni, áður en kistubrot þetta átti sjer stað. Þar að auki sjest það af rannsókn minni, að oddviti hreppsnefndarinnar í Seltjarnarneshreppi fór með 3 öðrum bændum á undan brotinu til sýslumanns, og skýrði honum munnlega frá, hvað þeir ætluðu sjer, en fyrst eptir að þeir voru búnir að brjóta, fóru þeir til landshöfðingjans. Sýslumaðurinn höfðaði opinbert mál gegn þeim og dæmdi þá í sektir, og fyrst eptir að dómur þessi var dæmdur ómerkur af yfirdóminum, var mjer fengið málið til rannsóknar.

Þannig vona jeg mjer hafi tekizt, að leysa úr spurningum þeim, sem þingmaður Eyfirðinga lagði fyrir mig. Í sambandi hjer við vil jeg út af orðum varaforseta í gær um, að margir mundu sakna sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu, ef honum yrði vikið frá embætti, og þar sem jeg ekki efast um, að líkt mundi fara hjer í Reykjavík, ef bæjarfógetanum yrði vikið frá völdum, að taka fram aptur, að rannsókn mín gefur ekki hið minnsta tilefni til að óttast, að Reykvíkingar og Kjósar- og Gullbringusýslu-búar muni missa hin ágætu yfirvöld, sem þeir nú hafa.

Framsögumaður: Jeg varð litlu fróðari af þessu svari 2. þingmanns Skagfirðinga. Mjer fannst það væri, eins og hann væri að fara í gegnum sjálfan sig, «eða flá kött». Hann svaraði engu þeirri spurningu, hvert tillit mundi verða tekið til áreiðarinnar við umboðsdóminn. Heldur ekki svaraði hann neinu til þeirrar spurningar, hvort nokkuð það um samveiðirjettinn í ánum gæti komið fram í rannsókn málsins, er hefði áhrif á sýknu eða sekt þessara 33 manna. Það þarf að rannsaka vandlega, hvort þessir menn hafa gjört árásir á eignir *annara* manna eða ekki, og því þarf að rannsaka, hvort Thomsen á einn veiði í ánni, eða hvort samveiðirjettur er í henni. Í 298. gr. hegningarlaganna segir: «Ef nokkur skemmir eigur annars manns», o. s. frv; en samkvæmt laxveiðalögum 11. maí 1876, eru allar ólöglegar veiðivjelar upptækar. Sje samveiðirjettur í Elliðaánum, eru veiðivjelar Thomsens eptir allra dómi ólöglegar, og því upptækar, og sjeu veiðivjelarnar upptækar, eru þær eigi lengur Thomsens eign, og þeir hafa þá ekki skemmt eigur hans með því að brjóta þessar ólöglegu veiðivjelar. Vegna þessa þarf fyrst að skera úr því, hvort veiðivjelar Thomsens kaupmanns sjeu lögmætar eða ekki. En úr því verður einungis skorið með því, að rannsaka og fá fullnaðardóm um, hvort veiðirjetturinn í ánum er eins manns eða sameiginlegur.' Þetta skoða jeg aðalatriði málsins, en þessu hefur þingmaðurinn engu svarað. Annað aðalatriðið er það, hvernig þessir 33 menn fóru að ráði sínu, eða hvað gengið var á undan, áður en þeir gengu að kistunum og tóku þær upp 25. júlí 1879. Þeir sneru sjer fyrst

til sveitarstjórnarinnar samkvæmt brjefi, sem jeg hef með höndum, dagsettu 5. júlí 1879; en 8. júlí sama ár skrifaði sveitarnefndin sýslumanni. En eptir að sá árangur varð af þessum brjefum, sem varð, að hvorki sýslumaður nje sýslunefnd þorðu að taka þessar veiðivjelar úr ánum, skrifuðu þeir enn fremur amtmanni með jafnlitlum árangri. Síðast báru þeir málið upp fyrir landshöfðingja 25. júlí sama ár. En upp á það brjef kom ekkert svar, nema ef það var svarið, að opinbert lögreglumál var höfðað gegn mönnum þessum. Finnst nú hinum háttvirta 2. þingmanni Skagfirðinga, sem segist vera að leita sannleikans, að þessum mönnum sje eigi næstum varnað að bera fyrir sig sannleikann, ef þeir, eptir að hafa leitað til lögreglustjórnarinnar á öllum stigum, frá sveitarnefndinni upp til hinnar æðstu stjórnar í landinu, skulu dæmdir beint eptir 108. grein hegningarlaganna um það brot, að hafa tekið sjer það vald, sem þeir ekki höfðu? Finnst honum sennilegt og sannleikslegt, að dæma þessa menn hart og vægðarlaust fyrir «æði», «ofsa» og «æsingar»? Nefndin hefur ekki haft tækifæri til að láta prenta öll skjöl þessu máli viðkomandi, en 2. þingmaður Skagfirðinga hlýtur að vera þessum brjefum kunnugur, eða ef hann er þeim eigi kunnugur, þá á hann kost á að kynna sjer þau, og getur hann svo sent þau hinum konunglega umboðsdómara í málinu. Jeg bið þingmanninn, ef hann hefur þrek til, og álítur það samrýmilegt við umboðsskrána, að skýra mjer frá, hvort hann álítur rjett og sanngjarnt, að dæma menn í þessu svokallaða kistubrotsmáli eptir 298. gr. hegningarlaganna, án þess að það komi til greina, hvort þeir með athæfi sínu hafi skemmt annars manns eign eða eigi. Hitt veit jeg, að hinn háttvirti þingmaður er mjer samdóma um, að opinberum friði hafi ekki verið raskað með þessum kistubrotum, því að hann hefur sjálfur tekið það fram sem skipaður málaflutningsmaður við yfirdóminn, að þetta verk hafi ekki fremur raskað almennum friði, framkvæmt við Elliðaárnar, heldur en þó það hefði verið gjört inni í Surtshelli. En jeg vildi þó mælast til þess, að hann vildi segja mjer, hvort hann er mjer samdóma um þetta atriði, eða hvort hann er það ekki, af því að hann hefur ekki að eins gefið sig út fyrir að leita að sannleikanum sem sannleiksvin, heldur einnig fyrir að vera sannleiksvitni. Það er sannarlegt tilhlökkunarefni, að vita og eiga von á, að sami maðurinn, sem gjörði áreiðina og sótti og varði málin við yfirdóminn, sem 8. og 9. skjalið getur um, skuli eiga að verða hinn konunglegi dómari, einkum af því að hann er sannleiksvitni, því að sannleikurinn er ætíð einn og sannleikurinn er sjer ávallt samkvæmur, ella er hann ekki sannleiki. Jeg þekki engan sannleika, sem er sitt í hvert skiptið, annað veifið í útsuðri, en hitt í landnorðri. Jeg skal svo ekki þreyta þingmanninn með fleirum spurningum, því að jeg veit, að hann getur ekki svarað nema einu sinni, en jeg vona, að hann sýni þrek og dug, ekki til að aua beint áfram, heldur til þess að fylgja ávallt hinni rjettu leið í þessari sannleiksrannsókn sinni.

Jón Jónsson: Sannleiksvitni hef jeg aldrei kallað mig, en jeg vil bera sannleikanum vitni. Jeg hef heldur ekki sagt, að jeg fremur en aðrir menn væri sannleiksvinur, og vona jeg, að allir hinir háttvirtu þingmenn elska sannleikann, en hata lygina. Þingmanni Eyfirðinga verð jeg enn fremur að benda á, að opt á satt kyrt að liggja, og þegar dómarinn á að rannsaka mál, þá er það skylda hans, að ganga að þessari rannsókn án «*forudfattet Mening*». Það var tekið fram um daginn, mig minnir af hinum háttvirta 1. þingmanni Norður-Múlasýslu, að þingmenn mættu ekki vera «forudbestemte», ekki greiða atkvæði eptir því, sem þeir höfðu fyrirfram tekið í höfuðið og án þess að vilja láta sannfærast, en dómarar eru enn meira en þingmenn skyldir til, ekki að hætta sannleiksrannsóknum sínum á miðri leið, og ekki að slá því föstu sem ó-

bifanlegum sannleika, er þeim í svipinn þykir sennilegast. Að því er snertir það, sem jeg hef tekið fram í málsskjölum þeim, er nefndin hefur látið prenta, get jeg að eins sagt, að þegar jeg samdi þessi skjöl, var jeg sannfærður um, að allt það, sem jeg sagði í þeim, væri satt; en hvort mjer þá hafi missýnzt í einstökum atriðum, get jeg ekki sagt nú. Hafi svo verið, vona jeg, að mig muni hvorki vanta þrek nje sannleiksást til að játa það hreinskilnislega. Jeg vona, að hinir háttvirtu þingmenn sjái, að mjer er vorkunn, þó að jeg geti ekki nú sagt, hvernig dómur muni falla í málinu, nje bent á, hver vörn muni bezt í málinu; en jeg efast ekki um, að ef þingmaður Eyfirðinga fengi að halda vörn uppi fyrir hina ákærðu, þá mundu þeir vera vel hólpnir.

Með því að eigi óskuðu fleiri að taka til máls, lýsti forseti því yfir, að umræðunni væri lokið, og var því næst gengið til atkvæða, og var tillagan til þingsályktunar samþykkt með 15 atkvæðum. Kvað forseti hana mundu verða senda til landshöfðingja.

Á 68. fundi neðri deildarinnar, 27. dag ágústmánaðar, voru kosnir til utanferðar út af umboðsskrá Jóns landshöfðingjaritara Jónssonar 2 menn, og urðu fyrir kosningu: Tryggvi Gunnarsson með 17 atkvæðum, og Arnljótur Ólafsson — 14 —»— og tóku þeir báðir kosningunni.

LXII.

Gufuskipsferðirnar.

Tillaga til þingsályktunar um fyrirkomulag á gufuskipsferðum umhverfis strendur landsins. Frá fjárlaganefndinni. Álit og tillaga fjárlaganefndarinnar er prentað í fyrri parti alþingistíðindanna, bls. 417—423.

Á 43. fundi neðri deildarinnar, 11. dag ágústmánaðar, skýrði forseti deildarmönnum frá, að hann hefði fengið tillögu til þingsályktunar um fyrirkomulag á gufuskipsferðunum kring um strendur landsins frá fjárlaganefndinni.

Á 45. fundi, 12. dag ágústmánaðar, var sú uppástunga samþykkt í einu hljóði, að ræða tillögu þessa í 2 umræðum.

FYRRI UMRÆÐA Í NEÐRI DEILD,
á 48. fundi, 15. dag ágústmánaðar.

Framsögumaður (*Tryggvi Gunnarsson*): Þetta mál stendur nú talsvert betur, en þegar það var rætt hjer á þingi árið 1879. Árið 1880 var farið nálega breytingarlaust eptir áætlun þingsins, og var sú áætlun vinsæl af flestum. Árið 1879 og þar áður voru ferðirnar norður um landið 3, en árið 1880 voru þær 5. En annað, sem er málinu til mikilla bóta, er það, að það hefur verið flutt úr höndum póststjórnarinnar og innanríkisráðgjafans, og er nú komið í hendur hinnar íslenzku stjórnar, sem styður málið með mestu velvild. Áður þurfti í marga staði að leita, ef menn vildu koma breytingum

fram, og það til þeirra manna, sem eigi þekktu til, hvernig hjer er ástatt. Mjer er það kunnugt, að ráðgjafi Íslands er þessu máli mjög velviljaður, og einnig kann jeg hinum hæstvirta landshöfðingja þakkir fyrir það, hvað vel hann studdi það eptir þing 1879. Einnig hefur bætzt við ein ferð milli landa, nefnilega ein miðsvetrarferð. Þetta allt til samans skoða jeg sem talsverða framför síðan árið 1879. Þó munu nú eigi allir vera orðnir vel ásáttir enn þá, en þess verður langt að bíða, að allir verði ánægðir með annað eins mál, og þetta mál er; það verða menn líklega aldrei, svo lengi sem skipin eru eigi nema 2. Það er mikill vandi, að semja góða ferðaáætlun fyrir alla, því að landið er stórt og strjálbyggt. Flestir munu þó vera ánægðir með nr. 1, og þó að nokkur hlutinn sje eigi ánægður með það, þá má bæta úr því, með því að samþykkja nr. 2; því verði þeirri áætlun framgengt, þá bætir hún úr því, sem Sunnlendingum hefur verið mesta óánægjuefni. Jeg hefði kosið, að þingið vildi veita 3000 kr. til þess að nr. 2 fengi framgang, en jeg hef ekki þorað að koma fram með þá tillögu. Nefndin hefur ráðið frá að samþykkja nr. 3; því sú áætlun er mest gjörð til þess að sýna, hve miklum erfiðleikum það er bundið, að láta skipin mætast í Reykjavík á hentugum tíma. Sunnlendingar eru náttúrlega á þeirri skoðun, að nr. 3 verði hentugra fyrir Suðurland, og skal jeg ekki berjast mikið móti því, því að bezt er að reyna á báðar hliðar að uppfylla sem mest óskir þeirra, sem hlut eiga að máli. En það vona jeg, að enginn aðhyllist þá breytingu, að annað skipið færi á milli landa en annað í kring um landið. Jeg held, að ekki sje ráðlegt fyrir deildina, að fara fram á það, því að annaðhvort verður það eiganda skipsins eða landinu of kostnaðarsamt. Vöruflutningur norður fyrir land verður með þeim hætti svo dýr, að óttast má fyrir, að það yrði mjög lítið notað, því ef menn ætla að nota skipið, sem fer norður um land, þá verða þeir að borga flutninginn kring um landið, auk þess fargjalds, sem greiða þarf milli Reykjavíkur og Kaupmannahafnar, til þess að skipið geti borgað sig, en ef þeir borga ekki flutninginn, þá fær eigandi skipsins ekki annað en það, sem fæst fyrir ýmsar innanlandsbögglasendingar kring um landið. Þó slík ferðatilhögun sje í marga staði álitleg í fljótu bragði, þá álít jeg mjög athugavert, að aðhyllast hana, vegna þess, að þær ferðir auðsjáanlega eigi geta borið sig fyrst um sinn.

Landshöfðinginn: Hin háttvirta fjárlaganefnd hefur í nefndaráliti því, er hjer liggur fyrir um gufuskipaferðir, lagt það til, að alþingið samþykki eina þessara ferðaáætlana, er nefndin hefur samið, og bundið greiðslu þess fjár úr landssjóði, sem veitt er í fjárlaganna 10. gr. 6., því skilyrði, að fylgt verði þeirri ferðaáætlun, sem alþingi samþykkir.

Jeg efast nú ekki um það, að hinni háttvirtu nefnd hafi gengið hið bezta til með tillögum þessum, en samt sem áður virðast mjer þær óaðgengilegar nema með breytingum, sem jeg vona að bæði nefndin og hin háttvirta deild geti aðhyllzt.

Fyrst er það, að það í formlegu tilliti virðist mjer óaðgengilegt, að binda greiðslu þess fjár, sem veitt er í fjárlögunum, því skilyrði, sem ekki er getið um í fjárlögunum sjálfum, eða með öðrum orðum: að löggjafarvaldið, konungur og alþingi í sameiningu, sje háð skilyrði því, er verður sett af öðrum hluttakanda löggjafarvaldsins. Sje það nauðsynlegt, að við hafa eitthvert skilyrði fyrir fjárveitingum, þá er að mínu áliti ekki síður nauðsynlegt að tiltaka þetta skilyrði í fjárlögunum sjálfum. Að eins með þessu móti verður nægilegt tillit tekið til þess, hvort hlutaðeigandi skilyrði sje aðgengilegt frá löggjafarvaldsins hálfu. Annar málsparturinn, alþingið, hefur ekki heimild til, þegar búið er frá þess hálfu að samþykkja fjárlögin, að bæta við þau skilyrðum, sem óvíst er hvort konungur vill staðfesta, en fjárlögin eru eins og öll önnur lög byggð á samkomulagi milli beggja hluttakenda í löggjafarvaldinu, og það er vitaskuld, enda

er það aðalregla fyrir alla samninga, að þeim verði ekki breytt af öðrum málsparti á eptir, nema með samþykki hins málspartsins. Sje það því nauðsynlegt, að binda fjárveitinguna í 10. gr. C. 6 því skilyrði, sem hjer ræðir um, eða öðru, má sjálfsagt taka það inn í fjárlögin sjálf, en það er að mínu áliti «*okonstitutionelt*» að taka það upp í þingsályktun.

Eins og skilyrði það, sem stungið er upp á í 5. tölulið, þannig er óaðgengilegt í því formi, sem það liggur fyrir, eins virðist mjer það einnig að efninu til óaðgengilegt frá þingsins hálfu, og skal jeg leiða rök að því, með því að gjöra ráð fyrir, að bætt verði úr hinum formlegu göllum uppástungunnar, og að skilyrðið verði sett í samband við hlutaðeigandi gjaldlið í fjárlögunum sjálfum.

Jeg man eptir því, að hinn háttvirti formaður fjárlaganefndarinnar, er, eins og kunnugt er, á hinar beztu þakkir skilið fyrir viðleitni sína í þessu máli, tók það sterklega fram á alþingi í hitt eð fyrra, að ekki dugi að fara inn í hin einstöku atriði ferðaáætlananna fyrir póstskipið, af því að það liggur í hlutarins eðli, að þingmenn aldrei verði sáttir um þau; hver vill, að skipið komi sem optast í sitt umdæmi. Þessi skoðun er alveg rjett, og einnig má draga hina nauðsynlegu *konsekvens* úr henni, sem ekki síður er samkvæm hlutarins eðli, en hún er sú, að alþingið sje ekki fært um að semja ferðaáætlun handa gufuskipunum, svo að þessi áætlun dugi í öllum einstökum atriðum hennar; það leiðir beinlínis af því, að þingmenn ekki geta orðið sáttir um hin einstöku atriði ferðaáætlunarinnar, að þingið heldur ekki getur ákveðið góða ferðaáætlun með tilliti hinna einstöku atriða hennar. Aptur á móti er það alveg eðlilegt, að þingið ákveði aðalatriði þessa máls, og samþykki grundvallarreglu, sem byggja skal gufuskipaferðirnar umhverfis strendur landsins á.

Jeg skal leyfa mjer að taka fram þau aðalatriði, sem að mínu áliti á að byggja ferðaáætlun gufuskipanna á, og eru þau, sem nú segir.

1. Póstferðirnar milli Danmerkur og Íslands skulu vera 10.

2. Þeim skal haga svo, að annað skipið (B) fari 3 ferðir milli landanna, og í hvert skipti norður um landið bæði á leiðinni út og á apturleiðinni, en hitt skipið (A) komi beina leið frá útlöndum til Reykjavíkur, og fari beina leið frá Reykjavík til útlanda, en gjöri í hvert skipti hringferð um landið, svo að það komi við á svo mörgum höfnum í hinum fjórðungum landsins, sem kostur er á, og flytji til þeirra vörur, póstsendingar, farþega frá útlöndum og til útlanda með sama verði og skipið B.

3. Á sumarferðunum eiga bæði skipin að koma við á svo mörgum höfnum, sem unnt er, og skal koma við á aðalhöfnunum í hvert skipti, sem skipið fer milli útlanda og landsins, en á hinum höfnunum að minnsta kosti tvisvar eða þrisvar á hverju ári; en aðalhafnir eru þessar: Seyðisfjörður, Akureyri, Ísafjörður og Stykkishólmur.

4. Sumarferðunum skal haga svo, að alþingismenn geti með þeim ferðazt til og frá alþingi, og að svo miklu leyti sem unnt er, að skólapiltar og kaupafólk geti notað þær.

Þessi eru aðalatriði þau, sem að mínu áliti verður að taka til greina við samning ferðaáætlunarinnar, en öll hin atriðin ber að fela umboðstjórninni að semja um við fjelag það, er tekst á hendur að útvega skip til ferðanna. Svo langt á alþingið að mínu áliti að fara, en ekki lengra, með tilliti til ferðaáætlananna. Stjórnin á að hafa ábyrgð á, að þessu verði framgengt, en í öllum smáatriðum á hún að hafa frían hendur, einmitt til þess, að mögulegt verði að framkvæma aðalatriðin.

Munurinn á ferðaáætlun nefndarinnar nr. 1. og fyrirkomulagi því, er jeg þannig hef bent til, er í raun og veru sá, að skipið A. eptir minni uppástungu kemur á báðum sumarferðum þess frá útlöndum beina leið

til Reykjavíkur og fer þaðan beina leið til útlanda; eptir ferðaáætlun nr. 1 kemur það á fyrstu ferð sinni beina leið til Reykjavíkur, en ekki á annari ferðinni, og þar að auki fer það frá Reykjavík í báðum ferðum norður um landið. Hin háttvirta nefnd játar, að það hafi verið annmarki á þessari tilhögun gufuskipsferðanna, sem reynd hefur verið í fyrra, og sem verið hefur hin vinsælasta hjá landsmönnum að undanskildum Sunnlendingum, að frá 12. júní til 8. október hafi órjettur verið gjörður Sunnlendingum bæði með tilliti til flutnings á farþegum og brjefasendingum, og má vel bæta því við, einnig til vöruflutninga. Aptur á móti er sá hagnaður, sem ferðaáætlun nr. 1 hefur inni að halda fyrir Austfirðinga og Norðurlandið mjög lítill, þegar vel er aðgætt, en Vesturlandinu er að mestu leyti fyrirkomulagið heldur baganlegra eptir minni uppástungu. Hún heldur því föstu, að skipið A á hverri þessara tveggja ferða geti flutt bæði vörur, farþega og póstsendingar beina leið frá útlöndum til allra þeirra hafna umhverfis strendur landsins, er það kemur við á, og einnig flutt vörur, farþega og póstsendingar frá þeim *direkte* til útlanda, því það er sjálfsagt, að landsmenn eigi að haga sjer eptir póstferðunum, en þeir geta eins vel með þessu fyrirkomulagi og með hinu, 5 sinnum á ári hverju, notað póstferðirnar til flutninga frá útlöndum og til útlanda. Allur munurinn er ekki nema hægðarauki, sem í sjálfu sjer er óverulegur. Tökum til dæmis Seyðisfjörð eða Akureyri; með því fyrirkomulagi, sem jeg bef bent til, geta menn ferðazt frá þeim til útlanda og frá útlöndum til þeirra 5 sinnum hvert ár, og sent vörur og póstsendingar, og fengið *direkte* eins mörgum sinnum, og þeir geta kosið, hvort þeir vilja heldur nota skipið B til þess beina leið þrisvar um árið, eða A, með því tvisvar að leggja ferðina um til Reykjavíkur. Eptir ferðaáætluninni nr. 1 geta þeir farið beina leið öllum 5 sinnum; aptur á móti verða allir Sunnlendingar eptir þessari ferðaáætlun öll 5 sinni að leggja ferð sína norður um landið, og eigi ekki neinn kost á, að koma einu sinni allt sumarið beina leið til útlanda eða frá þeim til Reykjavíkur. Vestfirðingum mun það í öllu verulegu standa á sama, hvort ferðunum verði komið fyrir annaðhvort eptir áætlun I eða eptir minni uppástungu; þó mun þessi síðari að öllum jafnaði vera þeim hagfelldari. En þetta er ekki jafnrjetti, og þess vegna verður að breyta áætluninni I í þá átt, er jeg hef bent til.

En hvort sem er, má álíta það óhentugt, að slá föstum nema aðalatriðum málsins, en fela ber stjórninni, er sannarlega ekki hefur neinn annan tilgang en þann, að koma gufuskipsferðunum á á sem haganlegastan hátt fyrir allt landið, að annast um það, innan þeirra takmarka, er sett verða, með því að ákveða þessi aðalatriði, og láta í hennar vald og ábyrgð, að semja við gufuskipsfjelagið um hin einstöku atriði ferðaáætlunarinnar.

Jeg tek það upp aptur, að alþingið er ekki fært um að semja ferðaáætlunina svo, að hún verði fullnægjandi öllum landsbúum eða öllu landinu í hag, en alþingið er fært um og skylt til að ákveða aðalreglur þær, er ferðaáætlunina eigi að byggja á. Jeg skal þess vegna mæla sem bezt jeg get móti því, að alþingið ræði eða samþykki hin einstöku atriði ferðaáætlunarinnar, en mæla með því, að þingið í ályktun þeirri, er hjer getur um, ákveði aðalreglur þær, sem ferðaáætlunina eigi að byggja á, og skal jeg í þessu tilliti vísa til þeirra aðalatriða, er jeg áður gat um.

Um þessi aðalatriði er ekki neinn ágreiningur milli stjórnarinnar og alþingis, og þess þarf því ekki við. að setja þau sem skilyrði fyrir greiðslu fjár þess, er ræðir um í fjárlaganna 10. gr. C. 6., úr landssjóði. En aptur á móti er það óaðgengilegt, að binda þessa greiðslu við það skilyrði, sem nefndarálitið stingur upp á í 5. tölulið, og þetta getur þar að auki orðið hættulegt. Jeg skal í þessu tilliti vísa til samnings þess, er gjörður hefur verið 12. janúar f. á. milli ráðgjafans og hins sam-

einaða gufuskipafjelags í Kaupmannahöfn, og sem prentaður hefur verið í stjórnartíðindunum, 34. tölulið. Í fyrstu grein þessa samnings segir, að póstferðirnar skuli gjöra samkvæmt ferðaáætlun, er fjelagið semur og ráðgjafinn fyrir Ísland samþykkir. En nú vill nefndin binda stjórnina við ferðaáætlun þá, er alþingið kynni að samþykkja; þetta er beinlínis í stríði móti samningnum frá 12. janúar 1880, og getur gefið fjelaginu ástæðu til að rjúfa þennan samning. Eptir því sem jeg fæ sjeð, mundi skilyrði það, er hjer ræðir um, veita fjelaginu heimild til að segja upp samningnum, vegna þess að stjórnin með þessu skilyrði ekki getur samþykkt aðra ferðaáætlun, þó að samningurinn heimili fjelaginu að semja bana að áskildu samþykki ráðgjafans. En þá er úti um strandsiglingarnar, að minnsta kosti fyrst um sinn, jafnvel þótt að bæði stjórn og alþingi hafi verið umhugað um, að koma þeim í gott horf, og að þeim hafi heppnazt það með því fyrirkomulagi, sem nú er, og er byggt á samningnum frá 12. janúar þ. á., og þá má alþingið kenna sjálfu sjer einu um þennan óhagnað. Önnur hætta getur einnig verið skilyrðinu samfara, og er hún sú, að ríkisdagurinn, sem veitir fjeð til póstskipaferðanna milli Danmerkur og Íslands, 40,000 kr. árlega, geti bundið þessa fjárveiting alveg líku skilyrði, t. d. að fjeð verði því að eins greitt úr ríkissjóði, að fylgt verði þeirri ferðaáætlun, sem ríkisdagurinn samþykkir, sem sje t. a. m. byggt á þeirri aðalreglu, að samkvæmt lögum 2. janúar 1871, 6. gr., skuli gjöldin til póstferða milli Danmerkur og Íslands greidd úr ríkissjóðnum, en þessum póstferðum eru strandsiglingarnar alveg óviðkomandi; þess vegna gæti ríkisdagurinn bundið greiðslu gjaldsins úr ríkissjóði því skilyrði, að allar póstferðirnar skuli vera beina leið milli Kaupmannahafnar og Reykjavíkur. Jeg ímynda mjer, að hinn háttvirti framsögumaður svari upp á þessa mótbáru: «Það má ekki óttast fyrir því, að ríkisdagurinn setji eins óskynsamlegt skilyrði fyrir greiðslunni»; og jeg er honum alveg samdóma um það, að ekki sje ástæða til þess að halda, að ríkisdagurinn fari svo óskynsamlega að í þessu máli, en jeg vona, að hann á hinn bóginn sje mjer samdóma um það, að ríkisdagurinn getur gjört það eins vel og alþingið getur sett það skilyrði, er hjer ræðir um. En það sem okkur greinir á, er það, að jeg virði skynsemi alþingis eins mikils og skynsemi ríkisdagsins. En setjum samt sem áður, að ríkisdagurinn, þegar hann er búinn að fá þessa kenningu frá hálfu alþingis, setji því um líkt skilyrði, — þá er einnig búið fyrst um sinn með strandsiglingarnar, og sjer í lagi búið með 5 póstferðir milli útlanda og hafna umhverfis strendur Íslands.

Mjer er sannarlega eins annt um gott fyrirkomulag á gufuskipsferðunum og hinum háttvirta framsögumanni, eða yfir höfuð að tala öllum hinum háttvirtu þingmönnum, og jeg vona, að jeg hafi haft tækifæri til að sýna og sanna það í verkinu; þess vegna mun mig taka það ekki síður sárt, ef strandsiglingarnar skyldu líða undir lok, og sjer í lagi ef vjer eigum að kenna sjálfum oss einum um það. Vegna þess vil jeg skora á hina háttvirtu nefnd, að taka 5. tölul. aptur, og jeg vil leyfa mjer innan 2. umræðu að bera mig saman við hana um breytingar þær, er mjer virðast nauðsynlegar í 1. tölulið, til þess sem bezt að ná tilgangi strandsiglinganna. Það er snertir 2., 3. og 4. töluliði, ætla jeg ekki að fjölyrða, en jeg skal taka það fram viðvíkjandi 4. tölulið, að í samningnum frá 12. janúar f. á. hefur 3. gr. inni að halda ákvarðanir um plássið á skipunum handa farþegum, og um fæðispeninga og flutningsgjald fyrir farþega, og að þessum ákvörðunum sjálfsagt má breyta með samningi við gufuskipsfjelagið, og jeg vil bæta því við, að jeg ætla að mæla með því, að stjórnin leitist við, að koma á breytingum á þessum ákvörðunum með samningum í þá átt, sem 4. töluliður fer í.

Jón Jónsson: Auk þeirra 3 ferðaáætl-

ana, sem nefndin hefur komið með, er nú komin sú, sem hinn háttvirti landshöfðingi skýrði frá munnlega. Eptir áætlun hins hæstvirta landshöfðingja eiga 2 hringferðir að koma í staðinn fyrir 2 ferðir fram og aptur, en sá munur er á hringferð og á ferð fram og aptur, að skipið á hringferðinni kemur ekki nema einu sinni að öllum öðrum höfnum en Reykjavík, en þegar skipið fer aptur sömu leið, kemur það tvisvar á allar hafnir nema á endastöðvarnar. Eptir uppástungu landshöfðingja mundu því Vestfirðingar, Norðlendingar og Austfirðingar að eins fá skipið til sín 8 sinnum, þar sem þeir samkvæmt ferðaáætluninni Nr. 1 fá það 10 sinnum. Hinn hæstvirti landshöfðingi gat ekkert um nr. 3; þar hefði hann getað sjeð, að Reykvíkingum er eigi órjettur gjör, en aptur verða þar Austfirðingar harðast út undan. Undanfarandi ár hefur helzt hallazt á Sunnlendinga og Vestfirðinga, en Austfirðingar hafa verið bezt settir, en Austfirðingar verða þó að viðurkenna það, að þeir geta eigi talizt standa Sunnlendingum eða Vestfirðingum jafnfætis, að því er snertir vörumagn og fólksfjölda, og fyrir því verða þeir, finnst mjer, að sætta sig við það, þótt meira tillit sje tekið til Sunnlendinga og Vestfirðinga. Þeir kunna að segja, að «*Camoens*» komi hjer títt á sumrum og taki póst með hverri ferð; en þá hafa Austfirðingar síldarveiðaskip Norðmanna. Þótt þessi skip Norðmanna flytji enn eigi póst, þá ber þess að gæta, að stjórnin hefur gjört gangskör að því, að þau fari að gjöra það framvegis. Jeg er því nefndinni samdóma um, að annaðhvort beri að samþykkja nr. 1 eða nr. 3, en jeg vil gjöra nr. 1 að varauppástungu, en nr. 3 að aðaluppástungu, og vil jeg þá um leið gjöra nokkrar breytingar við nr. 3, svo að ferðirnar frá Reykjavík og til Reykjavíkur verði á hentugri tímum. Það hefur ætíð verið sá galli á póstskipsferðum, að skipin hafa legið óþarflega lengi hjer í Reykjavík. Ef legutíminn hjer í Reykjavík væri styttur, gæti sparazt svo mikill tími á 3 fyrstu ferðunum, að skipið A gæti lagt af stað 25. maí frá Kaupmannahöfn til Reykjavíkur og þaðan norður um land, og þá gæti það komið aptur hingað seint í júnímánuði með þingmennina; sömuleiðis mætti þá haga ferðum skipsins B þannig, að það færi frá Reykjavík norður fyrir land fyrst í júlímánuði, og flytti kaupafólk og skólapilta, en í septembermánuði færi til Reykjavíkur alveg eins og eptir ferðaáætlun nr. 3.

Arnljótur Ólafsson: Hinn hæstvirti landshöfðingi gat þess í upphafi ræðu sinnar, að ólöglegt væri að binda fjárveitinguna skilyrði, sem eigi stæði á fjárlögunum. Jeg er þessu í sjálfu sjer samdóma, en jeg bið hina háttvirtu deild og landshöfðingja að gæta þess, að nefndin gat ekki tekið þetta til greina í fjárlögunum, því að þá var eigi búið að semja þessa tillögu, er fjárlagafrumvarp nefndarinnar var samið. En jeg skal fyrir mitt leyti eptir megni stuðla til þess, að þetta skilyrði verði sett við 10. gr. C. 6, og jeg vona þá, að hinn hæstvirti landshöfðingi sje ánægður í þessu tilliti. En hinu get jeg ekki verið samdóma, að alþingi sje ekki fært um að dæma nema má vera um grundvallarreglur eða aðalatriði máls þessa. Hjer á þingi sitja þjóðkjörnir menn úr öllum hjeruðum landsins, og hljóta því að þekkja til; en það er eðlilegt, að hver skari dálítið eld að sinni köku, og vilji líta á hag síns hjeraðs, en þar fyrir er eigi ástæða til að ætla, að þingið sje eigi fært um að dæma um smáatriðin. Úrslit þessa máls hljóta að vera komin undir samkomulagi milli þingmanna innbyrðis við umræður málsins og samkomulagi síðast við stjórnina. Jeg dreg ekki í efa viturleik nje góðvilja ráðgjafans, en hitt segi jeg, að hvorki ráðgjafinn nje hinn hæstvirti landshöfðingi

eru eins kunnir högum og verzlunarviðskiptum landsmanna, sem allir þingmenn saman. Jeg mótmæli því algjörlega, er landshöfðinginn sagði, að nefndin segi, að Sunnlendingum hafi verið órjettur gjör með ferðaáætluninni 1879, eða þessari áætlun nr. 1. Nefndin segir að eins, að ferðirnar verði ekki beinar frá Reykjavík til útlanda; en Reykvíkingar hafa áður heimtað, að ferðirnar væru beinar, og hafa í því efni fest fót sinn í stöðulögunum. En það er ekki til þeirra ferða, sem vjer eigum að leggja fje, heldur í sameiningu við vora dönsku bræður til ferðanna umhverfis landið. Þess vegna er engin ástæða til að bregða nefndinni um, að hún hafi gjört órjett. Nefndin hefur tekið það fram með nr. 2, hvernig ráða má bót á þessu fyrir Reykjavík. Jeg vil leyfa mjer að vekja athygli hins hæstvirta landshöfðingja og þingsins á því, hvernig nú stendur á. *Stimon* þykist standa sig við að láta gufuskip ganga á milli hafna hjer á landi og Skotlands, án þess að fá einn eyri fyrir úr landssjóði. Austfirðingar og Norðlendingar geta haft nógar ferðir til útlanda með síldarveiðaskipum Norðmanna. Það er því fyrir Sunnlendinga og Vestfirðinga, að Nr. 1 er samið, og enn Nr. 2, ef stjórnin vildi taka það ásamt Nr. 1 náðarsamlega til greina. Áætlun sú, sem hinn hæstvirti landshöfðingi talaði um, er mjer óljós, og jeg ímynda mjer flestum þingmönnum, og fyrir því væri æskilegt, ef vjer fengjum að sjá hana í skýrslusniði á prenti. Nefndinni datt ekki í hug, að setja ráðgjafanum of þrönga kosti, en hún bar það traust til hans, að hann mundi eins geta samþykkt þessa áætlun fyrir árin 1882 og 1883, eins og hann samþykkti hana fyrir árið 1880. Það kemur hjer fram sá undarlegi viðburður sem optar, að þingið sýnir ráðgjafanum meira traust, en kemur frá einu sæti hjer í salnum.

Landshöfðingi: Hinn háttvirti framsögumaður fjárlaganefndarinnar talaði um, að ferðaáætlun sú, sem jeg stakk upp á, væri sjer óljós, og ljet í ljósi þá ósk sína, að fá tillögur mínar prentaðar sem ferðaáætlun. En eins og jeg hef áður tekið fram, álít jeg, að það sje ekki ætlunarverk þingsins, að ræða hin einstöku smáatriði þessa máls, heldur að eins slá föstum aðalatriðunum, því að meira getur þingið ekki gjört. Þar af leiðir aptur, að jeg get ekki sjeð neina ástæðu til að láta prenta fullkomna ferðaáætlun, heldur einungis taka fram aðalatriði hennar.

Framsögumaður: Hinn hæstvirti landshöfðingi talaði um ferðaáætlun, sem jeg þykist vita að hentug mundi verða að mörgu leyti, en meðan jeg hef ekki fyrir mjer töflur, eða aðalatriðin úr þessari áætlun, sem hann hefur hugsað sjer, get jeg ekki dæmt um, að hve miklu leyti hans ferðaáætlun er hentugri, en sú, sem hjer liggur fyrir. Jeg veit líka, að landshöfðingjanum er eins hægt og nefndinni að skrifa sína áætlun upp í töfluformi; það þurfa menn að fá til að geta fullkomlega glöggvað sig á henni og dæmt um, hvor betri er. Þegar hinn hæstvirti landshöfðingi dæmdi um ferðaáætlunina nr. 1, þótti mjer undarlegt, að hann skyldi ekki nefna nr. 2, sem einmitt bætir úr þeim göllum, sem hann fann á nr. 1. Hinn hæstvirti landshöfðingi sagði, að það væri hættulegt, að setja skilyrði, því að við gætum átt á hættu, að ríkisþingið gjörði hið sama. Nú vil jeg skoða orð hins hæstvirta landshöfðingja sjálfs. Hann sagði, að þingið ætti að setja grundvallarreglur fyrir ferðunum, til nefna aðalatriðin, en láta á vald stjórnarinnar að skipa fyrir um hið ómerkilegra. Sje þessi grundvallarregla, eða þessi aðalatriði bindandi, eru það þá ekki líka skilyrði? jú, sannarlega, og úr því, að landshöfðinginn vill sjálfur, að þingið kveði á um öll aðalatriðin, þá get jeg ómögulega sjeð, að meiri hætta sje á því, að gjöra fullkomna

ferðaáætlun, og kveða eins á um hina minni staði. Ef binda má skilyrðum komu skipsins á Akureyri, Ísafjörð, Stykkishólm, Seyðisfjörð og Reykjavík, get jeg enga hættu sjeð við það, að binda komu þess á hina minni staði, Vopnafjörð, Sauðárkrók, Dýrafjörð m fl., sömu skilyrðum. Eptir þessu að dæma get jeg þá ekki sjeð, að nefndin gangi ráðgjafanum nær, en hinn hæstvirti landshöfðingi. Hvað snertir Djúpavog og Borðeyri, þá hefur hinn hæstvirti landshöfðingi sjálfur áður mælt vel og röggsamlega fram með því, að skipið kæmi á þá staði; hver er þá hættan? Jeg sje hana ekki. Hinn hæstvirti landshöfðingi hefur mælt svo vel fram með ferðaáætluninni 1879, að það mundi enginn hafa betur gjört; en þessi áætlun, sem hjer ræðir um, er að kalla má, alveg sú sama, svo frá landshöfðingjans hálfu vona jeg að ekkert sje að óttast, þó nr. 1 verði samþykkt. Hinn hæstvirti landshöfðingi talaði um, að hætta væri búin frá hálfu gufuskipafjelagsins danska, að það vildi ekki ganga að áætlun þessari. Vjer værum þá ekki svo dauðans-illa farnir, þótt svo væri; en mjer er óhætt að segja, að það þurfum við heldur ekki að óttast. Það getur ekki rofið samninginn fyrir þá skuld, að þessi áætlun verði tekin, því hún er hin sama hjer um bil, eins og sú var, sem það er bundið við með áður nefndum samningi, og mjer er óhætt að fullyrða, að fjelagið vill ekki heldur gjöra það, því að forstjóri þess fjelags, *Kock*, er ferðaáætlunni meðmæltur og álítur, að hún sje sjer og okkur hentug. Jeg ímynda mjer því, að landshöfðinginn beri í þessi efni allt of mikinn kvíðboga. Jeg mundi reyndar fyrir mitt leyti vel vera fús á, að bæta inn í 5. tölulið orðinu: «aðalatriðum», þannig, að meining greinarinnar væri sem líkust því, er mjer skildist landshöfðinginn fara fram á, því að jeg álít slíka viðbót alveg bættulausa fyrir þingið að aðhyllast, af því jeg veit, að stjórnin vill ekki annað en hið bezta í þessu máli. Jeg vona, að svo fari, ef hinn hæstvirti landshöfðingi vill styðja þetta mál, og ef sunnlenzkir kaupmenn vilja styðja, að nr. 2 komist á, með því að nota duglega skip það, sem þar er ráðgjört, til vöruflutninga, að þá muni öll óánægja Sunnlendinga hverfa. Víst er það merkilegt, eins og nefnt hefur verið, að hugsa sjer, að «*Camoens*» skuli ganga milli landa fyrir einn enskan kaupmann allt sumarið án hins minnsta styrks, en að allir kaupmenn hjer í Reykjavík til samans geti eigi orðið ásáttir um, að nota í einingu eitt skip yfir hásumarið, svo það fái fullan farm tvær ferðir, en sjeu þeir svo skeytingarlausir og kærulausir, að vilja ekki nota skipið, og þannig dálítið styðja að beinum milliferðum milli Reykjavíkur og útlanda fyrir sig og aðra hjer á Suðurlandi, þá verð jeg að segja, að mjer er sama um þeirra óánægju; sje það meining þeirra, að fá beinar samgöngur milli Reykjavíkur og Kaupmannahafnar fyrir brjefin sín eingöngu upp á kostnað hinna landsfjórðunganna, þá get jeg ekki verið þeim meðmæltur. Nr. 3 sýnir, að nefndin hefur einnig haft í huga, að láta skipin mætast í Reykjavík, en hún gat með engu móti komið því svo fyrir, að skipin gætu mætzt þar á hentugum tíma fyrir alla þá, sem þurfa að nota þau. Jeg vona, að hinir heiðruðu þingmenn hafi ekki skilið ræðu mína eða tillögur í þessu máli svo, að jeg hafi viljað halda Norðurlandi fram meira, en vera ber, en setja aðra landsfjórðunga hjá. Jeg veit með sjálfum mjer, að jeg hef nú og áður valið það, er mjer fannst vera hentugast, þegar litið er á þarfir landsins í heild sinni, en ekki eins einstaks fjórðungs.

Landshöfðinginn: Hinn heiðraði 1. þingmaður Suður-Múlasýslu vísaði til orða minna í þessu máli á þingi 1879, en jeg verð að minna þingmanninn á, að þá var öðru máli að gegna, því að þá var ekkert

neinu skilyrði bundið, og var að eins farið fram á, að stjórnin leitaðist við, að farið væri sem mest eptir tillögum eða áætlun þingsins. Jeg tók það fram áðan, að jeg hefði í hyggju, að bera mig saman við nefndina áður en til 2. umræðu kemur, og vona jeg, að við þá getum komið okkur saman um þær breytingar, sem mættu miða að því, að tilgangi stjórnarinnar og alþingis yrði náð. Jeg tók svo eptir, að í svari hins háttvirta 1. þingmanns Suður-Múlasýslu lægi bending til þess, að hann væri ekki ófús á, að breyta 5. tölulið, eða bæta inn í orðinu: »höfuðatriði«; en það liggur í augum uppi, að það er nauðsynlegt að greina, *hvað* eru aðalatriði, því að annars gæti það orðið misskilningi undirorpið.

Jón Ólafsson: Hinn hæstvirti landshöfðingi lagði mikla áherzlu á það í ræðu sinni, að alþingi gæti ekki samið ferðaáætlun eins vel og stjórnin; að það ætti einungis að slá föstum aðalatriðunum í ferðaáætluninni. En hvað eru aðalatriði? og hvað eru ekki aðalatriði? Um þetta greinir menn einmitt á. Við álítum til dæmis að taka það aðalatriði, að skipið komi á vissar hafnir, og að það komi á þær í þessari ferð, en ekki hinni. Jeg tek það aptur fram, hver ætti að vera fær um að semja ferðaáætlun, ef ekki fulltrúar þjóðarinnar, sem eru komnir hjer saman frá öllum sýslum landsins? Jeg get ekki skilið, hvað ætti að geta talað fyrir því, að stjórnin hefði betra vit á þessu máli en landsmenn sjálfir, enda hefur reynslan skorið hjer skörulega úr; vjer höfum reynsluna fyrir oss um það, hversu höndulega það hefur tekizt til, þegar stjórnin hefur verið ein um hituna, að ráða áætluninni. Í hitt eð fyrra setti þingið áætlun, sem fylgt var í fyrra, og með hana voru menn ánægðir um allt land, nema hvað þetta Reykjavíkur-nöldur heyrðist hjer í höfuðstaðnum. Þá sýndi þingið, að það getur samið áætlun, sem unnt er að fylgja og öllum gegnir vel. Nú í ár hefur stjórnin sett nýja áætlun upp á sitt eindæmi, þá áætlun, sem nafntoguð mun verða og lengi í minnum höfð. Í ár fara skipin hvort á eptir öðru með 5 daga millibili kring um landið, þannig að fyrra skipið hefur tekið alla farþega, brjef og vörur, þegar hitt kemur, og leiðir þá náttúrlega af því, að hreint ekkert gagn verður að seinna skipinu. Það má sigla tómt á eptir hinu og elta það, engum lifandi manni til nokkurs gagns, eigendum skipsins til skaða og til ergelsis fyrir alla landsmenn, sem horfa á ósómann, og vita, að þessi slysalegi eltingarleikur fer fram upp á þeirra kostnað, því þeir hafa lagt fjeð fram til ferðanna. Meiri reynslu en þessa þurfum við ekki fyrir því, að stjórnin geti ekki gjört heppilegar ráðstafanir í þessu máli. Einmitt af því, að nefndin vildi ekki hafa þessar algjörlega gagnslausu ferðir, einmitt af því, að nefndin gjörsamlega vantreystir stjórninni til, að setja áætlun, sem sje byggð á hagsmunum alls landsins, en ekki á kaupmannajarminum í Reykjavík, einmitt þess vegna hefur nefndin viljað halda þessu skilyrði fram, að fje verði því að eins til ferðanna greitt úr landssjóði, að fylgt verði áætlun þeirri, sem þingið samþykkir. Jeg segi hinum hæstvirta landshöfðingja það í fullri alvöru: Þingið, sem er skipað mönnum gagnkunnugum víðs vegar um land og kunnugum hagsmunum hinna ýmsu landshluta — þingið hefur betra vit á, að semja hentuga áætlun, en Reykjavíkurkaupmenn, landshöfðingi og ráðgjafi allir til samans. Það befur verið tekið fram, að ríkisdagurinn gæti komið með annað skilyrðið á móti, og sett upp aðra ferðaáætlun og sagt svo: »Jeg legg ekki fje til strandferðanna, nema *minni* áætlun sje fylgt«. Við þá grýlu er jeg alls ekki hræddur. Gjöri ríkisdagur og ráðgjafi svo vel, ef þeir vilja. Ef í það færi, gætum við verið án alls samkrulls við póstferðirnar milli Íslands og Danmerkur. Vjer þurfum ríkis-

dagsins ekki við; vilji hann sýna oss nokkra ósanngirni eða gufuskipafjelagið danska, þá fari ríkisdagur og gufuskipafjelag í friði hvert á land, sem þau vilja, fyrir oss; en reyndar er ekki hætt við þessu. Samkvæmt stöðulögunum er ríkissjóður skyldur, að halda uppi gufuskipsferðum milli Íslands og Danmerkur; frá því getur stjórnin ekki gengið. En þótt upp úr slitnaði með strandferðirnar, þá gætu Íslendingar fengið langt um ódýrari ferðir kring um landið með öðru móti, en þeir verða nú að hafa, svo jeg er heldur ekki hræddur við þá grýlu, að ferðirnar umhverfis landið falli niður. Jeg veit, að það er hægðarleikur að fá stærra skip, og betra og hentugra en Arcturus fyrir hjer um hil 37,100 kr. um 5 mánuði, þar í talin skipleiga, fólkslaun og kol og assúranse á skipi. Jeg hef tilboð um þetta frá »*Bergenske Dampskibsselskab*». Nú kostum við 18,000 kr. upp á strandferðir, og ef við drögum þá upphæð frá 37,000 kr., þá verða eptir 19,000 kr., en þann mismun vona jeg að væri hægt að vinna upp, einkum þegar þess er gætt, að matsalinn á »Arcturus» verður að gjalda eigendum skipsins 6000 kr. um árið fyrir að mega hafa matsöluna. Þessar 6000 kr má líka draga frá 19,000 kr., því eins mættu þær renna inn í landssjóð, ef hann hjeldi skipið; þá eru nú eptir einar 13,000 kr., sem þarf að vinna upp á vörum og farþegum; en svona lagað skip rúmar farm svo mikinn, að ef skipið fengi fullan farm í *einni* ferð af 5 fram og aptur, þá mundi fyrir það fást um 20,000 kr., svo þó það gengi tómt allar hinar ferðirnar, og þó ekki sje reiknað neitt fyrir fargjaldi farþega, hefði landið þó *samt* hag á, að taka skipið á leigu og hafa sjálft ferðirnar. Það er engin furða, þó þessi dönsku skip frá »*det forenede Dampskibsselskab*» sjeu illa ræmd hjer, því fjelag það er svo illa kynnt í sjálfri Danmörku, að þar sem það hefur náð að verða eitt um hituna, þykir ekki undir því búandi. Frá Esbjerg á Jótlandi hefur fjelagið náð undir sig öllum gufuskipsferðum til Englands, og er þar nú svo komið, að bændur nálægt Esbjerg, sem þurfa gripi að senda til Englands, senda þá nú yfir á Fjón og þaðan með enskum skipum til Englands; svo sanngjarnt eða hitt heldur er flutningsgjald fjelagsins. Í vetur sóttu menn um til ríkisdagsins, að fá hjálp til að byggja nýja höfn, sem fjelagið gæti ekki einokað, og mælti stjórnin með þessu, því hún viðurkenndi ósanngirni hins sameinaða gufuskipafjelags. Hinn háttvirti landshöfðingi sagði, að Sunnlendingum hefði verið sýnt ranglæti í þessu máli, og nefndin hefði játað það, en húñ hefur aldrei játað þetta; hún hefur að eins sagt, að Sunnlendingum væri vorkunn, þótt þeir væru óánægðir. Þeir voru orðnir svo vanir, að hafa yfirburði yfir allt land í þessu efni, að von var þeim sviði fyrst í stað að vera settir lítið meira en jafnfætis öðrum hjeruðum landsins. Hafi ranglæti verið nokkrum sýnt áður — og það *hefur* verið gjört — þá var það ekki Sunnlendingum, heldur hinum landsfjórðungunum. *Öllu Íslandi* n e m a Reykjavík hefur áður verið órjettur gjör, og því viðurkunnir nefndin, að Reykvíkingum geti verið vorkunn, þegar nokkuð, þó lítið sje, er tekið frá þeim og lagt til hinna landsfjórðunganna. Jeg kem aptur til þess, sem jeg tók áður fram, að stjórninni hefur farizt miður en vel, þegar hún hefur átt að ráða ferðum gufuskipanna. Hvaða tillögum hefur hún fylgt? 1881 hefur hún ekki annað betra að fara eptir en tillögur kaupmanna í Reykjavík, svo sem sjá má af stjórnartíðindunum fyrir 1880, B. deildinni, bls. 110. Eptir þeirra tillögum er sett áætlunin í ár. Stjórnin álítur þá álit kaupmanna í Reykjavík meira vert en álit þingsins; stjórnin álítur hagsmuni Reykjavíkurkaupmanna meira virði en hagsmuni alls landsins. Er nú þessi aðferð stjórnarinnar hvöt til, að leggja stjórn-

inni þetta vald í hendur? Nei! Höldum fast við 5. niðurlagsatriðið, og einmitt ræða landshöfðingjans nú hefur sannfært mig um, að það er einmitt þörf á, að taka þessa ákvörðun upp í sjálf fjárlögin, þegar við fáum þau aptur frá efri deild.

Halldór Friðriksson: Jeg skal eigi vera margorður í máli þessu. Jeg get fyrir mitt leyti verið hinum hæstvirta landshöfðingja samdóma í flestu því, er hann sagði. Hinn háttvirti framsögumaður sagði, að áætlun sú, sem hann hefði gjört 1879, hefði verið svo vinsæl. Já, það getur verið, að hún hafi verið það hjá Gránufjelaginu, og á Norðurlandi og Austurlandi, en hjer á Suðurlandi hefur hún sannarlega verið allt annað en vinsæl, enda er fullkomin ástæða til þess, því að Sunnlendingum var sannarlega gjörður mikill órjettur með þeirri áætlun, þar sem þeim var varnað að geta skrifað til Danmerkur og fengið svar aptur á styttri tíma en á 2 mánuðum. Ef «Camoens» hefði eigi komið hjer við á Suðurlandi í sumar, þá væri ekki einn fiskur seldur enn frá Suðurlandi hjá þeim kaupmönnum, sem hjer eru búsettir. Það er ávallt verið að tala um Reykjavík, eins og enginn verzlunarstaður sje til á Suðurlandi, nema hún, en þar eru þó 24 verzlendur, sem ættu að geta notað gufuskipsferðirnar. Hinn háttvirti framsögumaður sagði, að Sunnlendingar gætu farið að leigja sjer gufuskip, en hví geta Norðlendingar ekki gjört hið sama? Það eru minnst vöruflutningar með gufuskipum, sem Sunnlendingar sækjast eptir, heldur er það það, að geta komið brjefum sínum greitt og haganlega til útlanda. Í áætluninni nr. 1 eru Sunnlendingar útilokaðir frá að geta komið brjefum sínum svo fljótt, sem þeir þurfa, til útlanda. En því er svo varið með þetta, eins og svo margt annað, ef Norðlendingar einungis fá það, sem þeir hafa hug á, þá er nóg; um Sunnlendinga er ekkert hugsað. Og þó hlýtur hver, sem hugsar um málið, að játa, að mest er undir því komið, að greiðar og góðar samgöngur sjeu milli útlanda og höfuðstaðar landsins, þar sem embættismenn og stjórn landsins hefur aðsetur, og þar sem að mest er verzlunin. Þetta er svo augljóst, að jafnvel hinn háttvirti framsögumaður verður að játa það. En þegar litið er á ferðaáætlanirnar, þá er auðsjeð, að nr. 1 er öldungis óhafandi, ekki einungis fyrir Reykjavík, heldur og fyrir allt Suðurland. En aðalhugsunina í nr. 3 get jeg fellt mig við; með henni fær bæði Norðurland, Vesturland og Austurland sömu hagsmuni, og þau hafa við nr. 1, og þá getur Suðurland komið brjefum til útlanda eptir þörfum. Það er ekkert á móti því, að einhverju verði breytt í ferðaáætlun þessari, t. a. m. einhverjum komudegi, ef hann þykir óhentugur, því að jeg er engan veginn að berjast fyrir þessum eða þessum degi, heldur fyrir því, að sambandið milli Suðurlands og útlanda sje haganlegt. Jeg er á máli hins hæstvirta landshöfðingja í því, að jeg álít, að þingið eigi ekki að semja fullkomna ferðaáætlun, heldur að eins taka fram aðalgrind (skema) áætlunarinnar. En að þingið sje að taka til, að skipið eigi að koma á þessa og þessa höfn þennan og þennan sjerstaka dag, í því er engin hugsun. Þingið getur eins vel farið að semja áætlanir um póstferðir. Þingið á, eins og jeg hef þegar tekið fram, að eins að semja aðalgrind fyrir gufuskipsferðunum, en hið einstaka semur umboðsstjórnin, og hagar því eptir ástæðum. Jeg neita því alls eigi, að þingið sje fært um, að semja fullkomna ferðaáætlun, en það geta komið ýms atvik fyrir, sem því er eigi auðið að sjá við, eða ákveða fyrir fram. Það efast enginn um það, að t. a. m. hinn háttvirti 1. þingmaður Eyfirðinga geti sagt, hvenær hentugt sje að skip komi á Eyjafjörð, en tálmanir þær, er fyrir geta komið og raskað áætlun hans,

getur hann með engu móti sagt fyrir. En ef þingið semur fullkomna áætlun, og setur það sem skilyrði fyrir fjárveitingu, að henni verði fylgt, þá getur það eigi skilizt öðruvísi en svo, að þingið vilji ekkert fje veita til gufuskipsferða, nema áætlun þess sje að öllu leyti tekin til greina. Það dugar eigi, að vitna til þess, að «Camoens» og hin norsku síldarveiðaskip komi hingað til landsins, og að það megi nota þau, því að það getur eigi verið rjett, að haga gufuskipsferðum eptir því, hvenær «Camoens» kann að koma, eða hvort hann kemur. Hinir heiðruðu uppástungumenn hafa haft það fyrir augum, að «Camoens» mundi koma hjer á Suðurland, og þess vegna hafa Sunnlendingar orðið á hakanum, en hver getur ábyrgzt það, að «Camoens» komi hjer næsta sumar? Og ef hann kemur eigi, þá eru Sunnlendingar svo gott sem útilokaðir frá samgöngum við útlendar þjóðir. Og þótt nú «Camoens» komi, þá nýtur Reykjavík eigi fremur góðs af því en aðrir hlutar landsins. «Camoens» kemur hingað mestmegnis til þess að kaupa hesta og kindur, og hann er því eigi fremur bundinn við Suðurland, en hina fjórðunga landsins. Jeg fyrir mitt leyti vona, að þingið eigi fallist á áætlunina nr. 1, því að það er hin sama áætlun, sem hjer á Suðurlandi hefur verið svo óvinsæl, en það er eigi nóg, að hún sje vinsæl í Eyjafirði og á Austurlandi. Hin heiðraða nefnd ætti að taka aptur þessar áætlanir og semja nýja áætlun eptir áætluninni nr. 3, samkvæmt því sem hinn hæstvirti landshöfðingi hefur tekið fram. (*Arnljótur Ólafsson*: Nei). Jú segi jeg. Nefndarálitið er þó eigi meira en nefndarálit, en sannarlega engin lög.

Holgeir Clausen: Jeg er samþykkur hinum háttvirta 2. þingmanni Suður-Múlasýslu í því, að jeg vil ekki binda mig við neitt sjerstakt gufuskipsfjelag, heldur fá gufuskipsferðir kring um landið, þar sem jeg get fengið þær beztar og ódýrastar. Hvað «Camoens» við víkur, þá vil jeg fyrir mitt leyti ekki einu sinni fara út í Engey með honum, hvað þá heldur lengra. Þetta er flatbotnaður bátur, sem er ætlaður til þess í stórám, að fara um, þar sem grunnt er, og svo er yfirbygging á honum, sem er svo aumlega úr garði gjörð, að maður veit ekki, hvenær skipinu hvolfir og maður stendur á höfðinu, með fæturna upp. Þegar jeg sá áætlunina nr. 1, þá fannst mjer hann blása á norðan, en eigi nógu mikið, því þá hefði kannske áætlunin fokið burt. Jeg sje það af áætluninni, að strandferðaskipið á að koma við á Borðeyri, en það get jeg eigi ímyndað mjer geti haft framgang, því Hrútafjörður er ómældur upp. (*Arnljótur Ólafsson*: Þá er að brúka «Camoens»!). Það er ekki skip. Hvað síldarveiðaskip Norðmanna snertir, þá er jeg sannfærður um, að það er ómögulegt, að fá þau til þess að koma og fara á tilteknum dögum, því þeir verða sína veiði að stunda. Ef ferðaáætlun þessari verður haldið, eins og hún er hjer fyrirhuguð, þá neyðast kaupmenn í Reykjavík líklega til þess, að leigja sjer gufuskip. (*Jón Ólafsson*: Bravo!). Ef það er meiningin með áætluninni nr. 1, að ekkert gufuskip komi til Reykjavíkur, fyr en það hefur farið kring um landið, þá er hún óbrúkandi, því ef ríkisdagurinn á að leggja fje til gufuskipsferðanna, þá verður hann að ráða nokkru um það, hvernig ferðunum sje hagað. Jeg skal leyfa mjer næst, þegar mál þetta kemur fyrir, að leggja fram áætlun, sem jeg hef í höndum, og sem jeg hef lagt fyrir hina heiðruðu nefnd, en hún eigi tekið tillit til.

Þorsteinn Thorsteinson: Þessar umræður sýna það, að það er illt að gjöra áætlun, sem öllum líkar. Höfuðatriðið, sem hinir heiðruðu þingmenn, er síðast töluðu, tóku fram, var það, sem menn fara nú bráðum að þreytast á, nefnilega það, að hann blási á norðan. Eptir því sem jeg ætla, kemur þetta til af því, að þeir ávallt vitna

í áætlunina Nr. 1 og Nr. 3, með öðrum orðum: Þeir gjöra sjer ómak fyrir að sýna, að hann sje á norðan, en muna eigi eptir áætluninni Nr. 2; en það gleður mig, að hinn háttvirti framsögumaður kvaðst ætla, að fá mætti áætlun líka þessari, því hann er bæði kunnugri gufuskipsfjelaginu og stjórninni en flestir aðrir bjer. Ef hinn háttvirti þingmaður Reykvíkinga vildi taka tillit til áætlunarinnar Nr. 3, þá gæti hann verið ánægður, en hvers vegna kemur hann þá ekki með aðra áætlun, sem er betri, og sem allir geta orðið ánægðir með? Hinn hæstvirti landshöfðingi ljet það í ljósi, að hann væri hræddur um, að gufuskipsfjelagið eigi mundi fallast á þetta, og þá mundi gufuskipsferðunum lokið. Þetta er jeg alls eigi hræddur við, því jeg álít, að fjelagið hafi eigi tekizt á hendur þessar gufuskipsferðir af velvilja við Íslendinga, og það væri í sannleika leitt, ef gufuskipsfjelagið hefði þá hugmynd um Íslendinga, að þeir væru að þiggja ölmusur af því, því fjelagið sýnir, með því að það hefur tekið þær að sjer, að það hafi hag af því, og jeg hygg, að það hafi ábatazt svo á ferðum sínum til landsins, að það eigi vilji missa af þeim. Fjelagið er og að mörgu leyti og víst í alla staði heiðvirt og gott fjelag, þótt ekki hafi það ávallt sýnt okkur þann greiða, sem það hefði getað og sem maður hefði mátt vænta af góðum skiptavinum. Það var t. d. í vor að miklar vörur voru í Skotlandi, sem mönnum lá á að fá, sjerstaklega þá á fyrstu ferð skipsins í kring um landið, en það hafði þá ástæðu fyrir, að taka eigi vörur þessar, að það væri svo hlaðið. En sannleikurinn var sá, að það var fermt með miklu meiri kolum, en það þurfti á að halda, því það gat og fengið næg kol bæði á Ísafirði og hjer, og hefði því vel getað tekið þessar vörur í stað kolanna, og mundi fragtin af vörum þessum fyllilega hafa borgað mismuninn á kolaverðinu á Skotlandi og hjer. Jeg held, að eins og hin danska stjórn hefur hugsað um gagn vort, eins muni hún hugsa um gagn Dana, en það mundi beinlínis verða óbeinlínis skaði fyrir Dani eða máske rjettara fyrir danska kaupmenn, ef við yrðum að fá framandi þjóða skip til vöruflutninga, því þá mundi smátt og smátt minnka höndlunarviðskipti vor við þessa bræðraþjóð, og hið danska gufuskipsfjelag hefur hlotið að standa sig við ferðirnar, úr því það hefur haldið þeim áfram. Það var alls eigi meining nefndarinnar, að treysta sjer að semja svo fullkomna áætlun, sem ekki gæti raskazt og jeg efast um, að slík áætlun um sjóferðir nokkurn tíma hafi verið búin til; því til þess þyrfti maður að vera almáttugur og ráða yfir vindi og fleiru. Eða treystir hinn heiðraði þingmaður Reykvíkinga sjer til þess, að ráða fyrir stormi og ís, svo ekkert hindri skipin. Jeg er sannfærður um, að þingið er miklu færara um að semja áætlun, en stjórnin, því, eins og áðan var tekið fram, hljóta þingmenn, sem eru frá öllum hjeruðum landsins að vita miklu betur en stjórnin, hvað hjer hentar. Jeg vona, að hinn háttvirti þingmaður Reykvíkinga, sem er að tala um norðanvindinn, komi með sunnankælu, til þess að vega upp á móti honum. Að nefndin hefur minnzt á «Camoens», er að eins til þess að sýna, hve vel Reykjavík er sett að því, er viðvíkur sambandinu við útlöndin.

Grímur Thomsen: Jeg skal eigi tala mörg orð og sízt í þá átt, hverjir mest gagn hafi af ferðaáætluninni, Norðlendingar, Sunnlendingar, Vestfirðingar eða Austfirðingar. Jeg get borið um það, að áætlunin nr. 1, sem er mjög svipuð ferðaáætluninni, er samþykkt var 1879, var ekki tilbúin í því skyni, að gjöra einum landshluta lægra undir höfði en öðrum, og hinn heiðraði 1. þingmaður Suður-Múlasýslu — jeg er því kunnugur — á engar átölur skildar fyrir hlutdeild sína í því máli, en jeg ætla að eins að benda á

það, hver skilyrði þingið getur sett fyrir gufuskipsferðunum. Meðan Diana var hjer sem strandsiglingaskip, voru lagðar til ferðanna 96,700 kr., en síðan ferðirnar komust í hendur gufuskipsfjelaginu, hefur það fengið 58,000 kr. Ríkissjóðurinn hefur lagt til 40,000 kr., og þar við bætast 18,000 kr. frá landssjóði. Og þessa upphæð á fjelagið eptir samningi að fá árlega fyrir að halda uppi gufuskipsferðum milli Íslands og Danmerkur og fara hringferðir umhverfis landið. Þessi upphæð í fjárlögum Dana gæti sjálfsagt hækkað, að því er snertir beinlínis samgöngurnar milli Danmerkur og Íslands, en við hringferðirnar umhverfis landið er stjórnin eigi bundin, nema fyrir eitt fjárhagstímabil í einu. Það er því varasamt fyrir þingið, að setja skilyrði, sem koma í bága við samninga þá, sem áður hafa verið gjörðir. Þegar þingið t. d. vill láta fæði á strandferðaskipunum kosta það og það, þá er það móti samningunum við gufuskipsfjelagið, og því getur þingið eigi farið fram á þetta, nema því að eins, að það vilji sýna gjörræði gegn samningunum. Jeg er alveg samdóma hinum hæstvirta landshöfðingja í því, að varasamt sje, að setja nákvæma ferðaáætlun, og binda því skilyrði, að ekkert fje verði veitt til ferðanna, nema þessari áætlun sje fylgt í öllu. Þetta er áhætta, einkum ef áætluninni er breytt frá því, sem hún var árið 1879. Jeg held, að hagfelldast sje, að koma sjer saman um einhver höfuðatriði í áætluninni, eins og hinn hæstvirti landshöfðingi tók fram, en eigi binda fjárveitinguna við smáatriði. Ferðirnar eru 10 með janúarferðinni, 6 með öðru skipinu, en 3 með hinu. Jeg veit eigi, hvort hin heiðraða nefnd hefur haft samninginn fyrir sjer, þegar hún samþykkti ferðaáætlunina, en það veit jeg, að hún hefur eigi haft hann fyrir augum, er hún samdi nefndarálitið. Jeg álít ótilhlýðilegt, að vera að metast um það, hvort skipið kemur optar á einn en annan stað. Ef strandsiglingarnar farast fyrir sökum metnings um komustaðina, þá munum við finna, hvað við höfum misst. Jeg ber eigi það traust til hins háttvirta 2. þingmanns Suður-Múlasýslu, að hann geti fengið gufuskip, sem fari umhverfis landið, með betri kostum, en við nú höfum. Jeg legg það því til, að þingmenn komi sjer saman um höfuðáætlunina, en jafnframt að 4. töluliður verði látinn falla burt.

Jón Ólafsson: Það eru einkum 2 atriði, sem jeg vildi leyfa mjer að svara. Hinn háttvirti þingmaður Reykvíkinga sagði, að þingið væri ekki fært um að semja ferðaáætlun, af því það gæti ekki sjeð fyrir ýms smáatvik. En þetta á jafnt við hvert það vald, er semur áætlunina, engu fremur við þingið en stjórnina. Eða hefur hún kannske nokkurn spásagnaranda til að sjá fyrir óorðna hluti? Nei, þingmaðurinn sannar þó allt of mikið, og þess vegna ekkert, því enginn getur sjeð fyrir óorðna hluti. Hinn háttvirti þingmaður Borgfirðinga hjelt, að 5. niðurlagsatriði nefndarinnar kæmi í bága við samning gufuskipafjelagsins og ráðgjafans. Nefndin hafði þennan samning fyrir sjer, en hann er að eins bindandi fyrir fjelagið, en ekki fyrir stjórnina eða alþingi. Stjórnin hefur áskilið sjer rjett til að segja samninginum upp haustið 1881, og eins síðar, ef alþingi neiti að veita fje til ferðanna. Ef nú fjelagið ekki vill ganga að þessum kostum, hver neyðir oss þá til að eiga við þetta fjelag? Það eru til fleiri fjelög en þetta eina danska. Jeg skrifaði í vetur öðru gufuskipafjelagi, hinu Björgvinska gufuskipafjelagi, sem er fullt eins áreiðanlegt fjelag, og fjekk það svar, að það vildi leggja til skip, töluvert stærra en það, sem vjer nú höfum, fyrir 5300 kr. um hverjar 3 vikur, eða í 5 mánuði fyrir 37000 kr., og þar í innifelast laun handa fólki, kol og fleira, og svo megum vjer sigla hvert sem vjer viljum, og alþingi ráða tilhögun ferðanna. Jeg skrifaði og öðrum ríkismanni í Bergen, sem sjálfur á gufuskip, og sem þingmaður Borgfirðinga mun þekkja (hann heitir G. E.

Lehmkuhl), og kvaðst hann treysta sjer til að útvega skip jafnvel með vægara verði en fjelagið fór fram á. Hann er sjálfur gufuskipaeigandi, eins og jeg sagði, og sendi hann mjer leigumála á skipum sínum undanfarandi ár, og af því hef jeg sjeð, að hann hefur verið mjög vægur, og var samningurinn frá 1877, en nú er, eins og allir vita, leiga á gufuskipum miklu lægri og einlægt að lækka. Tilgangur nefndarinnar með þessu 5. atriði var ekki svo mjög sá, að setja stjórninni harða kosti, heldur miklu fremur til þess að koma í veg fyrir það gjörræði, sem opt hefur verið sýnt, þar sem það hefur alveg verið komið undir geðþekkni skipstjóranna, hvort skipið kæmi á þessa og þessa höfn. Jeg vissi til þess í fyrra, að skipstjórinn fór fram hjá einni höfn, þar sem hann átti að koma, og kenndi um þoku, þar sem 3 seglskip sigldu þó inn samtímis, og höfðu þó skipstjórar þeirra aldrei komið þar fyr, og þeim hlekktist þó ekki neitt á. Þess ber ef til vill að geta, að forstjóri gufuskipafjelagsins Kock var á skipinu með sjóveiki og magapínu, og lá á að flýta sjer til næsta lands, því maðurinn er lingjörður og bar sig illa.

5. töluliður er þannig nauðsynlegur til að koma í veg fyrir, að dutlungar skipstjóranna eða magapína Kocks verði hærra sett en þörf og hagsmunir þjóðarinnar.

Varaforseti: Gufuskipsferðirnar hafa á síðustu undanförnu árum bæði vakið mikla óánægju hjer á Suðurlandi og verið til skaða fyrir gufuskipafjelagið sjálft, því kaupmenn hjer hafa verið svo óánægðir, að þeir hafa varazt sem mest þeir hafa getað, að senda vörur með skipum fjelagsins, enda er tíminn mjög langur, sem vörurnar eru á leiðinni með því fyrirkomulagi, ekki að tala um þann óþólandi tíma og kostnað, sem þetta fyrirkomulag hefur fyrir þá, sem vilja fara með skipinu til Kaupmannahafnar. Sá mikli dráttur, sem verður á ferðum póstgufuskipanna, orsakast með fram af því, að skipin eru bundin við að koma við á Færeyjum í hverri ferð, og er það að hinu leytinu ekki í neinu tilliti hagur fyrir Ísland. Jeg verð að vera með nr. 1, en eingöngu með því skilyrði, að nr. 2 sje með, en að það geti komizt á, verð jeg að álíta miklar líkur til, enda ímynda jeg mjer, að það skip gæti fengið fullan farm báðar leiðir. Um 5. tölulið man jeg ekki fyrir víst, — og þó held jeg að það hafi verið svo — að hann hafi ekki verið settur með samþykki allra nefndarmanna, heldur hafi sumir viljað hafa, að það stæði: *í öllum aðalatriðum*. Ef 4. töluliður gæti ekki staðið, þá væri það sannarlega óheppilegt fyrir landsbúa, því það er sannarlega ekki ástæðulaust, að menn kvarta yfir því, hve dýrt sje að ferðast með gufuskipunum, þegar menn ekki geta komizt til Kaupmannahafnar eða þaðan og hingað fyrir minna en 70—90 kr., og lakast er, að gufuskipið, sem hingað gengur frá Skotlandi, er farið að taka það eptir, að selja farið svona dýrt. Aðbúnaðurinn er heldur ekki góður, því sumir hafa sagt, að þeir gætu ekki haldið sjer þurrum jafnvel í rúmunum fyrir leka. Það væri því jafnvel ástæða til að minnka tillagið úr landssjóði, og óskandi, að stjórnin vildi reyna að semja við önnur fjelög, ef það fjelag, sem hún hefur samið við, gefur ekki betri kjör.

Jón Jónsson: Jeg get ekki verið hinum háttvirta varaforseta samdóma um, að vjer getum fengið nr. 2, án þess að leggja til meira fje en það, sem ferðirnar nú kosta, og heyrðist mjer þingmaður Suður-Múlasýslu ætla á, að viðaukatillag þetta mundi verða um 3000 kr. Jeg er enn á því, að Sunnlendingar og Vestfirðingar hafa sanngirniskröfu á, að ferðaáætlun nr. 3 með breytingum verði tekin fram yfir ferðaáætlun nr. 1. Húnvetningum og Skagfirðingum stendur hjer um bil á sama, hvor ferðaáætlunin nái gildi, en Ísfirðingar fái brjef og sendingar frá útlöndum minnst 3 dögum fyr eptir ferðaáætlun 3, en eptir ferðaáætlun 1, og því lengra sem suður eptir kemur, því meiri verður munurinn; í Reykjavík er hann um 10 daga. Þar að auki missa Vestmannaeyingar allt gagn af sumarferðum skipsins

samkvæmt ferðaáætlun nr. 1. Á landinu eru samkvæmt hinum síðustu prentuðu skýrslum um 70 verzlanir, og af þeim eru 50 frá Vestmannaeyjum til Borðeyrar, sem gætu fengið brjef og vörur frá 1—10 dögum fyr eptir nr. 3. Það eru þá 20 verzlanir, sem hafa hag af nr. 1, en 50, sem hafa hag af nr. 3. Þó jeg þannig haldi fram ferðaáætluninni nr. 3. gagnvart nr. 1, er jeg ekki samdóma þeim þingmönnum, sem heldur vilja alls engar strandsiglingar en nr. 1; nei, þrátt fyrir galla þá, sem hafa verið á strandsiglingunum, hafa þær mjög mikla þýðingu og mega með engu móti falla niður aptur. Ferðaáætlun nr. 1 er með öllum göllum hennar vissulega mjög mikil bót frá þeim ferðaáætlunum, sem voru áður, en strandsiglingar komust á gang.

Eiríkur Kúld: Jeg hefði óskað, að nefndin hefði þó tekið tillit til þeirrar ferðaáætlunar, sem formanni hennar var afhent. Jeg get ekki sjeð, að nr. 3 geti verið viðunandi, þar sem hvorki skólapiltar nje alþingismenn geta þá notað ferðirnar, því fleiri þurfa að hafa gagn af þeim en kaupmenn einir. Það er undarlegt að heyra það, að ef menn taki nr. 1, einkum ef nr. 2 er með, þá sje Reykjavík eða Sunnlendingar fyrir borð bornir og gjörðir afskipta. Reykjavík er þó ekki bundin þeim skilyrðum, sem sumar aðrar hafnir eru bundnar, og hafa ástæðulaust orðið að sæta í þessu tilliti, þar sem skipstjóranum er lagt í sjálfs-vald, hvort skipið kemur þar við eða ekki, ef honum líkar ekki veðrið eða útlit veðurs, eða þykist eigi álíta höfnina nægа fyrir skip sitt. Þetta leiðir t. a. m. beinlínis af því skilyrði, sem í seinustu ferðaáætluninni er sett um Stykkishólm. Skipstjórar póstgufuskipanna kalla þá höfn má ske eigi góða fyrir sig eða skip sín, og geta þannig, ef þeim sýnist, látið vera að koma þar, þegar þeim sýnist, en þetta kemur af því, að þeir hafa í raun og veru aldrei legið rjett á þeirri höfn. Höfnin er í alla staði góð, þegar inn á hana er komið, að minnsta kosti hefur herskipið Ingólfur ekki hikað við að koma á Stykkishólmshöfn og liggja þar, og þá ættu eigi stærri skip en «Valdemar» og «Arcturus» að geta komið þar ætíð inn. Þess ber líka að geta, að Reykjavík er betur stödd en nokkur annar staður á landinu, þar sem hún hefur 3 ferðum fleira en aðrar hafnir, og ef þar við bætast 2 ferðir eptir nr. 2, þá er synd að segja, að Reykvíkingar sjeu afskiptir gjörðir af gufuskipsferðunum.

Halldór Friðriksson: Það er merkilegt, sem hinn háttvirti 1. þingmaður Ísfirðinga sagði, að vjer gætum ekki sjeð fyrir veður og vind; það datt mjer sannarlega aldrei í hug, en það eru ýms önnur atvik, sem þingið ekki getur sjeð fyrir. En látum nú svo vera, að veður og vindur komi, hvernig fer þá um þessa þingsályktun? Hún hlýtur að breytast. Það er gott að vera að vísa mönnum til annara, en það hefur enginn sagt, að vjer værum bundnir við þetta danska fjelag; það eru reyndar miklir erfiðleikar með að hverfa frá því. Margir eru opt nógu fúsir á að gjöra tilboð, ef þeir fái þetta og þetta, en þegar til framkvæmdanna kemur, þá verður niðurstaðan önnur, og allt annað ofan á.

Við nr. 2 er gengið út frá því, að það kosti ekkert; en það kostar mikið; það gjörir enginn, að skuldbinda sig til að senda skip tvisvar í 2 ár hingað til lands öldungis upp á óvissu, hvort þeir fá nokkuð fyrir eða ekkert, hvort þeir fá nokkurn farm eða ekki. Hinn háttvirti þingmaður Barðstrendinga var mjög á móti nr. 3, af því að skólapiltar og alþingismenn gætu þá ekki notað ferðirnar; slíkt getur ekki verið neitt skilyrði við samning ferðaáætlunarinnar, og hugsunin í nr. 3 er hin eina rjetta. Það væri eigi óhaganlegt, að láta brjef til Kaupmannahafnar, þangað til svarið væri komið aptur, vera 2 mánuði á leiðinni, eins og verður að vera eptir nr. 1. Ef nr. 3 verður þannig komið fyrir, að skólapiltar og alþingismenn geti komizt með skipunum, þá er það mjög gott, en það má alls ekki vera *conditio sine qua non*.

Framsögumaður: Jeg skal ekki eyða orðum að ferðaáætluninni nr. 1 eða nr. 3., því þingmenn munu þegar vera búnir að átta sig á, hvað þeir ætla að gjöra í því efni, en jeg ætla að minnast á 5. tölulið, sem svo margt hefur verið talað um. Þar stendur, «að fjeð verði því að eins greitt úr landssjóði, *að fylgt* verði þeirri ferðáætlun, sem alþingi samþykkir». Í þessu orði «f y l g t» liggur sú meining, að farið sje sem næst áætluninni, en þar með er ekki sagt, að eigi megi hreyta til í smáatriðum. Þingmaður Borgfirðinga sagði, að það væri undarlegt, að taka til verð á fæði í skipinu með 4. tölulið, og gjöra það að einu skilyrðinu, og það væri brot á samningnum, sem stjórnin hefði gjört við gufuskipafjelagið; en þess er að gæta, að töluliður 4. er ekkert skilyrði. Í tölulið 5. stendur, að útborganir fyrir ferðirnar sjeu bundnar við *ferðaáætlun* þá, er þingið samþykkir, en fæðisreikningur er engin ferðaáætlun. Að öðru leyti er jeg þingmanni Borgfirðinga samþykkur um, að draga þyrfti úr orðunum í 5. tölulið, til þess að fara varlega. En þar sem er talað um, að ekki þurfi að eiga við danska gufuskipafjelagið nema með aðalpóstskipið, sem danska stjórnin kostar, þá vil jeg geta þess, að verði það ofan á, þá er áætlunin nr. 1 dottin úr sögunni, um leið að ekki er sami eigandinn að báðum skipunum, þá er ekki hægt að koma hentugu sambandi á milli skipanna; aðalpóstskipið hættir þá að fara norður fyrir landið, og gengur að eins á milli landa, eða milli Kaupmannahafnar og Reykjavíkur, en hitt skipið gengur þá umhverfis landið, en þar af leiðir aptur, eins og jeg hef áður tekið fram, að fraktin verður of dýr, ef vörurnar eiga fyrst að koma hjer og síðan flytjast með öðru skipi kring um landið. Eigi þannig lagað fyrirkomulag að komast á, þá er það ekki hugsanlegt, nema sami eigandi sje að báðum skipunum, sem vill vinna til þess, að flytja vörurnar fyrir ekkert kring um landið, til þess að fá allt af fullan farm handa því skipinu, sem gengur milli landa. Verði það ofan á, að hið norska skip verði tekið, þá er þessu fyrirkomulagi lokið, sem nú er.

Þá tóku ekki fleiri til máls, og kvað forseti umræðunum lokið; bar hann því næst hin einstöku atriði undir atkvæði og fjellu þau þannig:

1. tölul. samþykktur með 12 atkvæðum mót 4 atkv.
2. tölul. samþykktur með 16 atkvæðum mót 4 atkv.
3. tölul. felldur með 11 atkv. mót 10 atkv.;

var þar við haft nafnakall, og sögðu

Já:

Friðrik Stefánsson,
Grímur Thomsen,
Guðmundur Einarsson,
Halldór Kr. Friðriksson,
Jón Jónsson,
Ólafur Pálsson,
Þórarinn Böðvarsson,
Þorkell Bjarnason,
Þorlákur Guðmundsson,
Þorsteinn Jónsson.

Nei:

Eiríkur Briem,
Arnljótur Ólafsson,
Benidikt Sveinsson,
Egill Egilsson,
Eiríkur Kúld,
Jón Ólafsson,
Lárus Blöndal,
Tryggvi Gunnarsson,
Þórður Magnússon,
Þorsteinn Thorsteinsson,
Þorvarður Kjerulf.

4. töluliður samþykktur með 18 atkv.
5. —»— —»— — 16 —

Að tillagan gengi til 2. umræðu var samþykkt í einu hljóði.

SÍÐARI UMRÆÐA Í NEÐRI DEILD,
á 54. fundi, 18. dag ágústmánaðar.

Áætlanir um ferðir gufuskipanna voru á þessum fundi komnar frá

1. þingmanni Snæfellinga, sjá I, 474—475.
2. 2. þingmanni Skagfirðinga, sjá I, 476—477.
3. þingmanni Reykvíkinga, sjá I, 478—479.

Breytingar- og viðaukauppástungur við tillögu fjárlaganefndarinnar til þingsályktunar í gufuskipamálinu.

a.

Við «Borðeyri, Þorlákshöfn og Blönduós» bætist: «ef kringumstæður leyfa».

Th. Thorsteinson. Jón Óafsson.

b.

Í staðinn fyrir «3. marz» komi: 13. marz.

Við Húsavík bætist: «16. maí».

— Skagaströnd bætist: «5. ág.»

Fjárlaganefndin.

c.

Til vara fyrir 1. og 2. í uppástungum nefndarinnar komi:

Að stjórninni sje falið á hendur, að semja fullkomna ferðaáætlun gufuskipanna, en gæti þess við samning þessarar ferðaáætlunar:

Að annað gufuskipið fari 2 ferðir í júnímánuði, júlímánuði og ágústmánuði, að eins frá útlöndum til Reykjavíkur, og haldi þegar til útlanda aptur, er það hefur affermt í Reykjavík og tekið þar farm.

Til vara:

Að gufuskipin mætist hjer í Reykjavík, er annað þeirra kemur frá útlöndum, en hitt er á beinni leið til útlanda.

Halldór Kr. Friðriksson. Grímur Thomsen. Þorkell Bjarnason. Þorlákur Guðmundsson. Egill Egilsson. Þorsteinn Jónsson.

d.

Að gufuskipið komi við í Þorlákshöfn á leið sinni frá útlöndum til Reykjavíkur og á ferð sinni frá Reykjavík til útlanda í sumarmánuðunum fjórum sinnum, eða tvisvar sinnum hvora leiðina.

Halldór Kr. Friðriksson. Magnús Andrjesson. Þorlákur Guðmundsson. Þórarinn Böðvarsson. Eiríkur Kúld. Eiríkur Briem.

e.

Við 5. tölulið:

Í staðinn fyrir: «fylgt verði þeirri ferðaáætlan»,

komi: «Fylgt verði í öllum aðalatriðum ferðaáætlun þeirri».

Tryggvi Gunnarsson. Grímur Thomsen. Arnljótur Ólafsson. Guðmundur Einarsson. Þorlákur Guðmundsson. Þorsteinn Jónsson.

f.

Aptan við tillöguna bætist:

Til vara ályktar þingið:

Geti ráðgjafanum ekki tekizt að koma á þeim breytingum á samningi sínum við «det forenede dampskibsselskab», sem að framan er ráð fyrir gjört, veitist honum heimild til að taka gufuskip á leigu fyrir landssjóðsins reikning, er fari fimm ferðir umhverfis strendur landsins samkvæmt áætlun þeirri, er hjer fer á eptir, og má hann gefa allt að 50000 kr. alls í leigu fyrir gufuskip í 5 mánuði, og sje þar í innifalin skipleiga, fólkshald og kol og vágjald skips, en landssjóður hafi farþegjagjald allt og flutningsgjald og ráði kostsölu allri.

Skipið fer frá
Björgvin, Leith eða
öðrum stað í Noregi
eða Skotlandi
1. maí, komi á Seyðisfjörð, Eskifjörð, Djúpavog, og til Reykjavíkur um 9. maí;
þaðan aptur 12. maí,
og komi á Stykkishólm, Ísafjörð, Borðeyri, Sauðárkrók, Akureyri, (Húsavík eða) Vopnafjörð, Seyðisfjörð, Eskifjörð, og þaðan út, komi til
Björgvinar eða Leith um 25. maí.
1. júní. komi á Eskifjörð, Seyðisfjörð, (Vopnafjörð eða) Húsavík, Akureyri, Sauðárkrók (eða Skagaströnd), Borðeyri, Ísa-

fjörð, Stykkishólm, til Reykjavíkur um 14. júní
þaðan aptur 18. júní
komi á Berufjörð, Eskifjörð, Seyðisfjörð, til Björgvinar eða Leith um 26. júní
1. júlí, komi á sömu hafnir sem á innleið í 1. ferð til Reykjavíkur um 9. júlí
þaðan aptur 12. júlí
komi á sömu staði sem á útleið í 1. ferð, og til Björgvinar eða Leith um 25. júlí
31. júlí, komi á sömu staði, sem á innleið í 2. ferð til Reykjavíkur um 12. ág.
þaðan aptur um 16. ág.
komi á sömu staði, sem í útleið í 2. ferð, til Björgvinar eða Leith um 24. ág.
29. ág. komi á Eskifjörð, Seyðisfjörð, Akureyri, Sauðárkrók, Borðeyri, Ísafjörð, Stykkishólm, til Reykjavíkur um 14. sept.
þaðan aptur um 19. sept.
komi á Ísafjörð, Akureyri, Seyðisfjörð, Eskifjörð, til Björgvinar eða Leith um 28. sept.

Færa má stjórnin til um fáa daga fardaga og komudaga, en kunngjöri það almenningi fyrir fram; einnig má við koma á fleiri höfnum en hjer segir. Í ferð hverri sunnan um land komi skipið á Þorlákshöfn og Vestmannaeyjar, ef kringumstæður leyfa. Burtfarardagar frá Björgvin eða Leith, og eins frá Reykjavík, eru fast ákveðnir, en frá öðrum stöðvum fer skipið svo fljótt, sem það getur orðið tilbúið. Fargjald, vöruflutningsgjald og kostpeningar skal sett af stjórninni, og má það aldrei hærra vera, en tíðkazt hefur á póstgufuskipunum hingað til, og ekki hærra en á póstskipinu verður milli Íslands og Danmerkur.

Jón Ólafsson. Benidikt Sveinsson.
Magnús Andrjesson. Þorkell Bjarnason.
Þorvarður Kjerulf. Th. Thorsteinson.

Framsögumaður (Tryggvi Gunnarsson): Það er erfitt að átta sig á öllum þeim skjölum, sem hjer liggja fyrir, einkum þar sem sum þeirra eru komin til mín að eins fyrir hálfum klukkutíma. Það er leiðinlegt, að þurfa að fara yfir þau öll, en jeg verð þó að skýra frá áliti mínu á þeim í fám orðum, og skal jeg þá fyrst tala nokkur orð um þá ferðaáætlun, sem hinn háttvirti 2. þingmaður Skagfirðinga er talinn höfundur að. Það, sem jeg hef mest á móti henni, er það, að þar er ekkert samband á milli skipanna, og það er mjög óhentugt bæði fyrir farþega og aðra. Hinn háttvirti þingmaður hefur ljett undir með mjer með því, að setja á fótinn, að skipin mætist á tímabilinu 1.—5. júní milli Reykjavíkur og Ísafjarðar, og 2. júlí milli Þórshafnar og Leith, og tvisvar mætast skipin milli Færeyja og Íslands. Þau mætast þannig þrisvar sinnum úti í hafi, og tvisvar hvergi, nema ef til vill einhverstaðar á Breiðafirði eða þar vestra, engum til gagns. Það er því mjög óhentugt fyrirkomulag til þess, að Sunnlendingar geti svarað brjefum frá Kaupmannahöfn, sem hlýtur að vera nauðsynlegt; en eptir þessari ferðaáætlun verður svarið að bíða 24 daga, þar til skipið kemur til baka aptur norðan um landið og fer aptur til útlanda. Einnig er það galli, þar sem skipin eiga að mætast á Breiðafirði, því að þegar menn fara með því frá Ísafirði og til Reykjavíkur og vilja fara strax aptur til baka, þá geta þeir það ekki, því að þá er hitt skipið farið frá Reykjavík norður fyrir land. Hjer í kring um landið fer skipið of hratt yfir, en liggur aptur of lengi í Kaupmanuahöfn (einu sinni frá 5.—17. ágúst). Jeg ætla svo ekki að tala meira um þessa ferðaáætlun, sem hinn háttvirti þingmaður Skagfirðinga hefur komið fram með; hún er mjög óhentug og vona jeg, að hún verði ekki samþykkt.

Þá er næst ferðaáætlun, sem hinn háttvirti þingmaður Reykvíkinga hefur gengizt við, og eru á henni margir gallar. Skip-

ið «*Arcturus*», sem kostar landið 18000 kr., fer 15. maí frá Kaupmannahöfn, og fer svo hringferð í kringum landið, og kemur til Reykjavíkur 8. júní, og fer þaðan aptur 10 júní norður um landið norður á Skagaströnd; hann kemur hvergi við á þeirri leið, fyrri en þar; þaðan heldur skipið austur fyrir landið á Seyðisfjörð og kemur til Reykjavíkur 20 júní, og fer svo þaðan aptur 21. júní til Seyðisfjarðar og norður fyrir landið, og kemur til Reykjavíkur aptur 30. júní, en þá veit enginn maður neitt um skipið, fyr en að það finnst loksins í Reykjavík 22 júlí. Það er eptirtektavert, að skipið kemur hvergi við allt sumarið á kaflanum frá Reykjavík til Skagastrandar og frá Seyðisfirði til Reykjavíkur; siglir það þannig að eins fyrir landspartinn frá Skagaströnd til Seyðisfjarðar, en hinir partarnir hafa þess engin not, og skipið brennir kolum til að fara $^2/_3$ af leiðinni allt sumarið til einkis. Skagaströnd verður eptir þessari ferðaáætlun nokkurs konar höfuðból, og það álít jeg mjög óheppilegt, því að það er alkunnugt, að hafn er þar mjög vond. 1. ágúst hverfur skipið aptur í Reykjavík, og kemur ekki fyrir fyr en 30. ágúst, og er þá enn í Reykjavík, og eptir 15. september dettur það gjörsamlega úr sögunni, og sjest ekki framar. Tíminn frá 28. maí til 15. september, sem landið hefur gagn af skipinu, verður þannig talsvert skemmri en áður, þó eigi sje litið til þess tíma, sem skipið hverfur alveg úr sögunni, og sem má ske er meiningin með að nota skipið eitthvað til gagns, þó það sje hjer hulið; sem sagt, skipið fer eina heila ferð og tvo stubba. Valdimar kemur *þrisvar* sinnum á alla staðina fram og aptur frá Reykjavík og á Ísafjörð og hvergi annarstaðar. Skipin koma þar nú 10 sinnum, svo að breyting þessi er auðsjáanlega til skaða fyrir þessa staði. Jeg álít það mikinn skaða fyrir landið allt, ef þessi ferðaáætlun kemst að.

Þá er enn ein ferðaáætlun fyrir gufuskipin frá hinum háttvirta þingmanni Snæfellinga. Á henni er sá galli mestur, að Ísafjörður er gjörður að endastöðvum, og ekki sjeð um, að skipin mætist þar, heldur er annað skipið vanalega í Kaupmannahöfn, þegar hitt er á Ísafirði. Þar kemur fram lík hugsun og í ferðaáætlun þingmanns Reykvíkinga með Skagastrandar-stöðvarnar. Ef maður vill eptir þessari ferðaáætlun fara frá Seyðisfirði til Reykjavíkur, þá verður hann að nema staðar á Ísafirði, af því þar er ekkert skip til að flytja hann strax áleiðis til Reykjavíkur; hann verður því að bíða á Ísafirði allt að 3 vikum, þar til hitt skipið er komið frá Kaupmannahöfn. Eins er það, ef maður fer frá Reykjavík til Seyðisfjarðar, þá kemst hann ekki lengra en á Ísafjörð, nema bíða þar jafnlangan tíma. Sama á sjer stað með brjef og varning allan, sem á að sendast með skipunum, og er slíkt mjög bagalegt fyrir alla. Jeg skal taka til dæmis, ef hinn háttvirti þingmaður Snæfellinga vildi sjálfur fara með skipinu til Stykkishólms, þegar þing er úti, þá þarf hann að fara austur fyrir landið, og kemst samt ekki lengra en á Ísafjörð, þar verður hann að bíða eða fara landveg heim til sín. Jeg verð því að álíta þessa ferðaáætlun jafnmikinn gallagrip sem báðar hinar.

Því næst kemur enn þá ein ferðaáætlun eða viðauka-tillaga frá 6 þingmönnum; 2. þingmaður Suður-Múlasýslu er þar fremstur á blaði. Jeg vildi hafa getað mælt með þessari viðaukatillögu, því að það er nauðsynlegt að hafa eitthvað til vara, ef nr. 1 skyldi ekki fá fram að ganga hjá stjórninni, en því er ver, að jeg get það ekki fyrir göllum, sem á henni eru, og skal jeg nú leitast við að skýra frá þeim. Skipið á ávallt að fara hálfa ferð, og kemur frá útlöndum til Seyðisfjarðar, Reykjavíkur, Ísafjarðar, Eskifjarðar, og fer svo til útlanda aptur. Þeir, sem t. d. fara með skipinu frá Reykjavík til Eyjafjarðar, verða að bíða þar, þangað til skipið kemur aptur til baka frá Noregi eða Leith. Þá fer skipið öfugt í kring um landið við það, sem það fór áður, og getur þá tekið bæði flutning og menn; það álít jeg heppilegt, en eigi þó fullnægjandi. Með þessu fyrirkomulagi tapast helmingur af

ferðum þeim kring um landið, sem nú eru, því í ferðaáætlun þessari eru ekki nema 5 hálfar ferðir, í staðinn fyrir 5 heilar ferðir, sem nú eru, nefnilega 5 frá Kaupmannahöfn og 5 þangað aptur, til flestra helztu staða á landinu, og verð jeg að telja þetta talsverða apturför í samgöngunum. Jeg er einnig hræddur um, að skipinu sje ætlaður allt of lítill tími til hverrar ferðar, ef það á að hafa nokkuð af vörum meðferðis, og að það því geti ekki haldið sinni ferðaáætlun. Jeg veit heldur ekki, hvort þingdeildinni þykir það ráðlegt, að gefa ráðgjafanum leyfi til að fleygja út 50,000 kr. til þessara ferða; hingað til hafa ekki verið lagðar til nema 18,000 kr., og þótt ærið nóg, en þessi mismunur er eigi alllítill; þó að nokkrar tekjur komi upp í þetta fjárframlag, þá er hætt við, að þær nemi eigi svo miklu. Jeg álít hættulegt, að greiða atkvæði með þessari ferðaáætlun, þar sem ekkert opinbert eða bindandi tilboð er að byggja á, heldur að eins lauslegt framboð í prívatbrjefi; menn vita ekkert um, hve stórt skipið á að vera, hvort það er traust eða hentugt til manna- og vöruflutninga, hvaða hraða það hefur, og margt fleira, er kemur til álita. Það er ómögulegt fyrir mig eða þingið að samþykkja þessa viðaukatillögu, og verð jeg því að leggja hana til hliðar, eins og hinar ferðaáætlanirnar. Því næst eru viðaukatillögur frá þingmanni Reykvíkinga og öðrum. Hjer. er stjórninni falið á hendur að semja fullkomna ferðaáætlun, nema hvað tiltekið er, að annað gufuskipið fari 2 ferðir yfir sumarið beina leið milli Reykjavíkur og útlanda. Jeg veit ekki, hversu fúsir menn eru til að gefa þetta allt frá sjer og atkvæðum þingsins og fela stjórninni það allt á vald, en jeg fyrir mitt leyti verð að mæla á móti þeirri tilhögun og þessari viðaukatillögu.

Því næst kemur viðaukauppástunga, að gufuskipið komi við á Þorlákshöfn, frá þingmanni Reykvíkinga og fleirum. Ef skipið gengur ekki fyrir sunnan landið yfir sumarið, þá verður það að gjöra sjer ferð frá Reykjavík suður á Þorlákshöfn, er jeg verð að álíta nokkuð óhentugt, en fari skipið suður fyrir, þá er ekkert á móti, að það komi þar við, ef menn treysta höfninni, að hún sje fær haust og vor; en jeg efa það; get jeg því heldur ekki aðhyllzt þessa breytingartillögu.

Þá er breytingartillaga frá mjer og fleirum þingmönnum. Það er lítil breyting, sem hún fer fram á, en er þó til bóta. Menn muna, að hinum hæstvirta landshöfðingja vár það mikið áhugamál, að stjórnin þyrfti ekki að ríghinda sig við ferðaáætlunina í öllum smáatriðum, og því höfum við komið með þessa breytingu, til þess að binda það eigi strönglega skilyrði, sem getur verið vafasamt, heldur ætti stjórnin að eins að fylgja þeirri ferðaáætlun, sem þingið setur í *öllum höfuðatriðum*. En höfuðatriði álít jeg 1. að skipið gangi, eins og ákveðið er í þeirri ferðaáætlun, sem þingið samþykkir, og að stjórnin megi eigi breyta niðurskipun ferðanna frá því, sem það hefur samþykkt; 2. að skipið byrji ferðir sínar frá Kaupmannahöfn og Reykjavík á tilteknum dögum, sem þingið ákveður, og 3. að það komi á alla þá höfuðverzlunarstaði, þar sem ekki eru hættulegar hafnir. En höfuðatriði get jeg ekki talið fæðu, rúm o. s. frv., sem til nefnt er í 3. tölulið, nje það, að skipið komi á varasamar hafnir, þar sem hætt væri við að því hlekktist á. Ef skip, sem væri fullt af vörum og með marga farþega, brotnaði á þeim stöðum, þá verða allir farþegarnir í vandræðum með sína ferð, auk alls annars tjóns, sem af strandinu kann að leiða; verður því þingið að vera mjög varasamt í því, að gjöra það að strönglu skilyrði, að skipið komi á hættulegar hafnir; þar af gætu margir beðið tjón og gufuskipaferðirnar liðið stóran hnekki. Það væri æskilegt, að fá skip hingað í janúar, en eigi get jeg talið það með höfuðatriðunum, og þori ekki að setja það sem skilyrði, því sú ferð hefur reynzt hættuleg, og verður máske erfitt, að fá henni nú framgengt.

Jón Jónsson: Við fyrstu umræðu þessa máls fórust einum þingmanni orð hjer um

bil á þá leið, að í ferðaáætlun nefndarinnar nr. 1 bljes vindurinn að austan, í ferðaáætluninni nr. 2 væri hann á sunnan, en í ferðaáætlun nr. 3, sem varð undir við atkvæðagreiðsluna, bljesi vindurinn að vestan. Jeg ímynda mjer nú, að þingmenn hafi ekki fellt hina síðast nefndu áætlun af þeirri ástæðu, að þeim væri ver við vestanátt en aðrar áttir, heldur af því, að á nr. 3 voru þeir verulegu gallar, að skipin eptir henni ekki gátu flutt kaupafólk, skólapilta og alþingismenn til og frá Reykjavík. Nú hef jeg gjört tilraun með að bæta þessa galla með þeirri ferðaáætlun, er jeg hef lagt fyrir þingið sem breytingaratkvæði við nr. 1, en sem eiginlega er ferðaáætlun nr. 3, endursamin með þeim breytingum, að nú geta bæði kaupafólk, skólapiltar og alþingismenn haft gagn af ferðum skipanna. Auk þess sem skipið getur samkvæmt henni komið til Reykjavíkur seint í júní, farið frá Reykjavík 6. júlí vestur og norður um land, og komið aptur suður seint í september, þá hefur þessi ferðaáætlun þann mikla kost, að við fáum 6 strandsiglingar í staðinn fyrir 5, og jeg vona, að framsögumaður sjái, að það mælir mikið með þessari ferðaáætlun, ef hann kynnir sjer hana vel. Jeg hef ætlað skipunum 10—12 daga dvöl í Kaupmannahöfn, en jeg er ekki á móti því, að stytta þessa dvöl, og er það þá hægt, að lengja dvölina í Kaupmannahöfn. Að jeg ekki hef ætlazt til, að skipin dveldu lengur í Reykjavík en á öðrum höfnum, kemur af því, að jeg ekki sje næga ástæðu til að gjöra einum komustað skipsins hærra undir höfði en hinum, og af því, að jeg vildi koma hjá því, að brjef og ferðamenn að norðan og vestan tefðust í Reykjavík lengur, en alveg nauðsynlegt er til að afferma og ferma skipið, enda vona jeg að allir sjái, að ástæða sje til, að burt rýma því, að skipin liggi hjer 10 daga aðgjörðalaus, að eins til þess að eyða fje úr ríkissjóði og landssjóði, án minnsta gagns fyrir landsbúa. Það er alveg ljóst, að þegar nr. 3 er þannig bætt og lagað, þá er hún eins hagkvæm fyrir allt landið og ferðaáætlunin nr. 1, og jafnframt nemur hún burt halla þann, sem Vestfirðingar og Sunnlendingar hingað til hafa orðið fyrir í gufaskipaferðunum.

Holgeir Clausen: Það hefur mikið verið talað um norðanvind og sunnanvind hjer í deildinni, en jeg ætla að biðja þingmenn að ímynda sjer, að nú sje hvíta-logn. Meiningin hjá öllum er sú, að fá ferðunum þannig hagað, að þær verði að sem beztum notum. Ef við hefðum nóga peninga, þá gætum við látið 6 gufuskip ganga á milli, en við verðum að sníða okkur stakk eptir vexti, úr því við höfum svo lítið fje, og reyna að verja því þó sem bezt. Jeg hjelt, að mín áætlun yrði bezt löguð, ef við fengjum ísaár. Nr. 1 tekur allt of lítið tillit til Reykjavíkur. Nr. 3 getur maður gengið að, með því að breyta því dálítið. Hvað snertir það, að fá skip frá Skotlandi eða Noregi, þá er tíminn til þess allt of stuttur, og jeg get ekki skilið, hvernig fara eigi að því. Hjer er ein ferðaáætlun, sem gengur upp og ofan; hún er nú kann ske mikið góð, en jeg get þó ekki verið henni samþykkur, því þetta er svo nýr máti, að fleiri dagar ganga til þess, að setja sig inn í hann.

Jón Ólafsson: Við fyrri umræðu kom landshöfðingi fram með þá grýlu, að ef 5. atriði yrði samþykkt, þá gæti ráðgjafinn komið með annað skilyrði í gagnstæða átt, og gufuskipafjelagið vildi þá ekki ganga að samningunum, og afleiðingin af öllu saman yrði sú, að við fengjum engar gufuskipsferðir kring um landið. En jeg leyfi mjer að skoða þetta einungis sem grýlu. Það er reyndar líklegt, að ef þingið hefur enga uppástungu til vara, þá verði fjelagið ófúsara að ganga að þeirri áætlun, sem þingið samþykkir; þess vegna hef jeg komið fram með þessa breytingartillögu eða öllu heldur viðaukatillögu til vara, svo að fjelagið geti sjeð, að við stöndum þó ekki uppi ráðalausir, þótt það gangi ekki að þeim kostum, sem þingið setur því, og yrði það einskonar aðhald fyrir fjelagið. Jeg skal taka það fram, að breytingartillaga mín kemur ekki í bága við neina af þeim ferðaáætlunum, sem liggja fyrir, því

hún er að eins til vara. Jeg mun greiða atkvæði mitt með hinni sömu ferðaáætlun og við fyrri umræðu, af því að jeg álít hana bezta, en með minni til vara. Jeg held, að hinn háttvirti framsögumaður hafi misskilið vara-áætlun mína, er hann sagði, að eptir henni færi skipið ekki nema 5 hálfhringa kring um landið; þetta kemur víst af því, að hann hefur miðað við Reykjavík, en ef miðað er við Austurland, þá verða það 5 heilhringir, og munurinn er að eins sá, að minn hringur byrjar og endar á öðrum útgangspunkti, og er ástæðan fyrir því sú, að annað skipið gengur milli Kaupmannahafnar og Reykjavíkur, en hitt kring um landið, og er eðlilegast, úr því það kemur frá útlöndum og fer til útlanda líka, að byrja hringinn og enda, þar sem skipið kemur fyrst að landi og fer síðast frá landi í hverri ferð til og frá útlöndum. Þá fann og framsögumaður það til, að tíminn væri of lítill, en það vinnst einmitt upp með því, að ákveða ekki fasta burtfarardaga, því reynslan hefur sýnt, að skipin hafa opt mátt bíða til einskis vegna hinna fastákveðnu brottfarardaga, þótt þau hafi verið tilbúin löngu áður, en það er miklu meiri skaði, að láta skip bíða eptir fám einum eða engum farþegum, einn dag eða fleiri, en að 5—6 farþegar bíði eptir skipinu einn sólarhring eða fleiri. Þá var hið 3., sem hinn háttvirti framsögumaður fann til, að kostnaðurinn væri svo gífurlegur, þar sem hjer væri farið fram á, að leggja fram 50,000 kr. en áður hefði að eins lagðar verið 18,000 kr. til strandferða. En hann gætir þess ekki, að þær 18,000 kr. voru hreint og beint tillag, þar sem þessar 50,000 kr. eru að eins kostnaðar-framlag, sem vænzt er að endurgjaldist að meiru leyti, að jeg ekki segi að mestu leyti. Og þó að jeg hafi stungið upp á 50,000 kr., þá er það of hátt, og mundi ekki þurfa nærri svo mikið fje, en setjum nú svo, að það þyrfti, þá mundi það samt vinna sig upp, svo að tillagið yrði í raun og veru ekki einu sinni 18,000 kr. Jeg hef útvegað skýrslur um þetta frá gufuskipafjelagi í Björgvin, og fengið það svar, að fjelagið gæti leigt gufuskip, talsvert stærra en Arcturus», fyrir 5100 kr. um hverjar 3 vikur, eða um 36000 kr. í 5 mánuði, en þar í liggja fólkslaun, kol og ábyrgð. Þegar nú tillagið er nú 18000 kr., þá yrðu að eins aðrar 18000 kr., sem yrði að vinna upp í farm- og fargjaldi, til þess að ferðirnar kostuðu landið ekki meira en nú, og það mætti vinna upp í einni ferð til og frá útlöndum, ef skipið væri vel hlaðið. En nú koma menn með þá mótbáru, að það sje ekkert að marka þessi tilboð, og það komi annað hljóð í strokkinn, þegar á eigi að herða. En þá skal jeg geta þess, að sá sami maður, sem útvegaði mjer þetta tilboð fjelagsins, er líka gufuskipa-eigandi sjálfur, og kvaðst hann geta útvegað skip jafnvel með enn vægari kjörum, og sendi mjer því til nokkurrar sönnunar leigumála («*certepatie*») eins skips síns, sem hann hefur leigt öðrum áður, og jeg held, að engin ástæða sje til þess að ætla, að við getum ekki fengið skip með sömu kjörum og aðrir, ef við höfum peninga í höndum. Jeg vona, að allir geti aðhyllzt uppástungu mína, af því hún kemur ekki í bága við neina af þeim ferðaáætlunum, sem liggja fyrir, Hvað snertir breytingartillöguna við 5. atriðið, að inn í bætist: «*í öllum aðalatriðum*», þá hryggir það mig, að sjá tvo af meðnefndarmönnum mínum undir henni, því ef við samþykkjum þessa breytingartillögu, þá er öll okkar fyrirhöfn ófyrirsynju og ferðaáætlunin alveg á valdi stjórnarinnar. Getur nokkuð verið ólíkara en ferðaáætlun sú, sem þingið samþykkti í hitt eð fyrra, og sú áætlun, sem fylgt hefur verið í ár? Að samþykkja þetta er því alveg sama og segja við stjórnina: «Þú ræður, hvernig þú hefur það». Það geta verið deildar meiningar um, hvað sje aðalatriði. Þessi spurning kom fram í nefndinni, og framsögumaður sagði: «*Þetta* er aðalatriði»; svo kom annar og sagði: «Nei, *það* er aukaatriði, en *þetta* hjer er aðalatriði», og jeg held, að meðal okkar 7 nefndarmanna hafi verið 7 meiningar um, hvað væri aðal-

atriði, og meðal 23 þingmanna hjer í deildinni gæti jeg bezt trúað að yrðu 23 meiningar um það, og þegar stjórnin komi með, þá 24, þá hlytu allar að vera jafngildar, og þó stjórnarinnar kann ske nokkuð rjetthærri en hvers einstaks þingmanns. Að hleypa þessum orð inn, án þess að þingið ákveði þá, hvað «aðalatriði» sje, það er öldungis sama sem að segja við stjórnina: «Farðu og hagaðu ferðunum, eins og þú vilt. Vjer þingmenn gefum okkur upp á gat». Þá getum vjer eins vel lagt strax árar í bát og hætt alveg að tala nokkuð um áætlanir, en gefið okkur upp á náð og ónáð stjórnarinnar.

Halldór Friðriksson: Jeg verð að taka undir með framsögumanni, að hjer er komið svo margt af ferðaáætlunum og breytingaratkvæðum, að það er naumast auðið að átta sig á því öllu. En þetta sýnir einmitt, að það er ekki auðhlaupið að málinu, að leysa það af hendi, svo öllum líki, eða sem flestir verði ánægðir. Það er orðið sannarlegt vandræðamál. Jeg vonast til, að hin heiðraða deild játi, að eins og ferðum hefur hagað 2 seinustu sumur, hefur Reykjavík og Suðurland í heild sinni verið alveg út undan, og er Reykjavík þó sá staður landsins, sem mest ríður á að fá beinar ferðir, sem fljótastar og greiðastar, til Hafnar, einkum um sumartímann. Jeg hef áður tekið fram nokkurn veginn hið sama, sem stendur í brjefi, er jeg hef fengið þessa efnis, og er undirskrifað af 31 búandi mönnum hjer í Revkjavík; eg bið jeg hinn háttvirta forseta leyfis að mega lesa þetta brjef upp, sakir þess, að tíminn hefur verið svo naumur, að ekki var kostur á, að leggja það fram, svo þingmenn gætu kynnt sjer það. (Því næst var brjefið með leyfi forseta lesið upp). Það er mjög óheppilegt, eins og jeg tók áður fram, að sá tími, sem hefur verið ætlaður til að ræða þetta mál, hefur verið svo stuttur, að eigi hefur verið auðið, að koma sjer saman við nefndina, og semja ferðaáætlun í sameiningu við hana. Jeg er sannfærður um, að framsögumaður skilur þessa ferðaáætlun, sem jeg lagði fram, og sem hjer liggur fyrir, ef hann vill skilja hana; en mjer fannst hann ekki vilja skilja hana. (*Tryggvi Gunnarsson*: Hvernig á þá að skilja hana?) Það er mjög hægt að sýna, og verður að vera hverjum manni ljóst, sem les hana. Þá «Valdemar», eða hvort skipið, sem er, kemur hingað, og búið er að afferma það, fer það á hinar tilteknu hafnir, það er að segja: Stykkishólm, Patreksfjörð, Dýrafjörð, Önundarfjörð, Ísafjörð, og snýr þar aptur, kemur við á hinum sömu höfnum og áður, og heldur til Reykjavíkur, en hitt skipið aptur á móti fer á sinni leið fram hjá þessum sömu stöðum, sem «Valdimar» kom á, og kemur fyrst við á Skagaströnd, og heldur svo austur fyrir landið og sunnan um landið til Reykjavíkur, og kemur til Reykjavíkur, áður en «Valdimar» fer frá Reykjavík til útlanda. Hagnaðurinn við þetta fyrirkomulag er sá, að í hverri ferð kemst allt landið í samband við útlönd, það má senda brjef frá öllum hlutum landsins til útlanda með sömu ferðinni, og án þess að lengur standi á ferðinni til nokkurra muna, heldur en þótt skipið kæmi að eins til Reykjavíkur frá útlöndum, og hjeldi þaðan beina leið aptur til útlanda. Eins og menn sjá, er hjer að eins um sumarferðirnar að ræða; hinar standa óbreyttar. En að öðru leyti er frjálst að nota strandsiglingaskipið til hvers sem vera skal, hvort sem heldur vill til útlandaferða eða til ferða kring um landið. Með þessu kemst ekki að eins Reykjavík, heldur allt landið í samband við útlandið sem greiðast, og það vona jeg að hinn heiðraði framsögumaður játi, að það er verulegur kostur, þó eitthvað kunni annars að þykja að þessari áætlun, eins og öðrum, því að þessari aðferð er það samfara, að sjeð er fyrir nægum ferðum kring um landið og greiðum samgöngum við önnur lönd. Hinn háttvirti framsögumaður spurði, hvað yrði af skipinu 30. júní. Þá má senda það hvert á land sem vill, þó þingmaðurinn vildi senda það til Ameríku, ef það að eins er komið í

tæka tíð. Jeg bind mig ekki við, að skipið skuli koma á hvern einstakan stað á tilteknum degi, heldur við aðalatriðin, en hver aðalatriðin eru, hefur framsögumaður tekið fram, og er jeg honum samdóma um það. En hvernig þessum aðalatriðum verður betur fyrir komið en á þennan hátt, fæ jeg ekki skilið. Jeg skyldi ekkert um þetta tala, ef nr. 2 væri með, en það er barnaskapur, að ímynda sjer, að 3. skipið verði sent upp endurgjaldslaust, en sá litli flutningur, sem hin tvö skipin hafa, verður rýrari við það, að 3. skipið kemur að auk, því að vörumagnið eykst eigi hjer fyrir það. Menn eru svo kunnugir orðnir þessu, að þeir vita, að ferðirnar borga sig ekki. Jeg sje því eigi, að það sje auðið, að þetta 3. skip fáist nema með því móti, að stjórnin ábyrgist, að fjelagið verði skaðlaust, eða borgi að minnsta kosti talsverða peningaupphæð fyrir þær 2 ferðir, sem nefndin ætlast til eptir nr. 2. Aðalógæfan er sú, að fjárlaganefndin hafði ekki nr. 3 sem aðaluppástunga; hefði það verið, hefðu allir verið nokkurn veginn ánægðir; breytingum á þeirri ferðaáætlun hefði mátt við koma milli umræðna, en nú er þeirri áætlun hafnað, og kemst eigi fremur að. Það, sem jeg herst hjer fyrir, er að eins tvær sumarferðir milli Reykjavíkur og útlanda, og jeg bef mjög slakað til við hinn heiðraða framsögumann. Um hinar aðrar uppástungur skal jeg ekki tala margt; þær hafa sjálfsagt einhverja kosti, en líklega einnig ókosti, eins og hinar; um það er ekki hægt að dæma á þeim stutta tíma, sem vjer höfum haft til umhugsunar, þar sem þær komu svo seint fram, komu fyrst fram í dag. Uppástunga 2. þingmanns Suðnr-Múlasýslu getur verið góð, ef til ætlazt er, að annað skipið gangi að eins milli Reykjavíkur og útlanda. En aptur á hinn bóginn vantar þá ákvörðun í, að annað skipið fari allt af einungis þessa leið. Það stendur hvergi tekið fram, en það ætti þó að taka það fram, að annað skipið færi strandsiglingarnar, en hitt gangi sinn gang milli landa. En jeg er þó hræddur um, að mönnum þyki nóg, að spara út 50,000 kr. til strandsiglinganna. En geti flutningsgjald og aðrar tekjur orðið svo miklar, að mismunurinn fari ekki langt fram úr 18000 kr., skal jeg ekkert hafa móti þessari ferðaáætlun. En jeg vil eiga það víst, að hitt skipið gangi beina leið til Reykjavíkur og frá. Hinar tvær áætlanirnar á jeg ekkert við. Sumt í ferðaáætlun 2. þingmanns Skagfirðinga mætti víst taka til greina, ef nægur tími væri til að hugsa um hana og laga hana. Rjettast væri, ef nefndin semdi enn eina áætlun, lagaða eptir þeim uppástungum, sem fram eru komnar, en þess er ekki kostur sakir tímaskorts. Út úr þessum vandræðum kom jeg því með þá uppástungu, að stjórninni væri falið að semja ferðaáætlunina. En vilji þingið ekki fallast á það, þá er hin uppástungan til þingsins til vara, að binda áætlunina að eins við það, að skipin skyldu mætast hjer í Reykjavík, annað á hingaðleið, og hitt á útleið. Eptir að mál þetta hefur verið rætt eins vandlega og gjört hefur verið, get jeg ekki sjeð, að nokkur hætta sje að fela stjórninni að semja áætlunina, því að hún hefur svo góðan styrk af ræðum manna og uppástungum. Oss kemur öllum saman um, að ferðirnar þurfi að vera sem haganlegastar, en nr. 2 hefur spillt öllu málinu. Jeg skal svo ekki tala meira um þetta mál, en vona, að deildin játi og kannist við, að þótt jeg beri þetta mál fram fyrir Sunnlendinga, og tali þeirra máli, þá hafi jeg sýnt, að jeg vil í engu skerða rjett nokkurs annars, og að jeg hafi mikið til míns máls, allmikil rök við að styðjast.

Þorkell Bjarnason: Jeg efast eigi um, að það er vilji allra þingmanna, að semja þær ferðaáætlanir, sem þorra manna mætti líka sem bezt, og það er mitt álit, að ferðaáætlanirnar nr. 1 og nr. 2 væru hentugastar, einkum ef nr. 2 gæti fengið framgang, en af því að vafi er á, hvort henni geti framgengt orðið, nema með töluverðum fjárframlögum frá landsins hálfu, þá held jeg, að rjett væri, að gefa gaum áætlun hins heiðraða þingmanns Reykvíkinga, af því að hún

kemst næst áætlununum nr. 1 og nr. 2 í því, að geta orðið sem flestum að gagni, og með henni er oss Sunnlendingum bezt borgið. Jeg er alveg samdóma þeim heiðruðu þingmönnum, sem hafa stungið upp á því, að strandferðaskipið kæmi við í Þorlákshöfn. Það er langt bil frá Reykjavík og austur á Djúpavog, og eins og til hagar, er Þorlákshöfn sú eina höfn á öllum suðurkjálka landsins fyrir austan Faxaflóa, sem gufuskipið getur komið. Það er yfir höfuð nauðsynlegt, að skipið komi á sem flesta staði, þar sem það nokkurn veginn örugglega getur legið, og að það komi á Þorlákshöfn, væri mikill hagur bæði fyrir Árnesinga og Rangæinga, því að það er hægra að sækja þangað vörur úr þeim sýslum, en til Reykjavíkur. Jeg vildi þar næst leyfa mjer að leita upplýsinga um það, einkum hjá hinum háttvirta 1. þingmanni Suður-Múlasýslu, hvort það eigi sje skylda stjórnarinnar, er hún semur um gufuskipsferðir við gufuskipafjelagið, að sjá um það, að farþegum líði sem bezt að unnt er á leiðinni, og að heilsu þeirra sje sem bezt borgið. Hafi stjórnin samið um þetta við gufuskipsfjelagið, þá held jeg, að það hafi stundum gleymt þeim samningi. Jeg segi það eigi mín vegna, því sú tíð er liðin, heldur annara vegna framvegis, að sú meðferð og sá beini, sem jeg og fleiri farþegar nutum á öðru plássi á Valdimar í vor hingað til landsins, geta eigi talizt góð að mínu áliti. Jeg segi fyrir mig, að jeg lá sjúkur í 2 daga, og gat eigi fengið hjá þjónustusveininum neitt af því, sem jeg bað um allan þann tíma. Skipstjóri kom sjaldan ofan til vor farþeganna, sem sjúkir vorum, til þess að grennslast eptir, hvernig okkur liði, og jeg þykist eigi segja of mikið, þótt jeg segi það, að þrifnaður hafi verið þar fremur lítill og bágborinn, enda voru nú farþegar margir; en mjer sýndist líka viljinn til að hlynna að þeim ekki vera sem beztur. Sá aðbúnaður, sem þar var, getur að mínu áliti beinlínis orðið heilsu manna að tjóni; jeg held því nauðsyn væri á lækni á skipum þessum. Þetta hef jeg tekið fram, ekki til að ámæla Dönum, því hjá þeim naut jeg alstaðar annarstaðar velvildar og góðsemdar, heldur af hinu, að jeg þykist viss um, að stjórnin, sem borgar svo mikið fyrir þessar ferðir, muni vilja kippa þessu í lag, þegar hún fær vitneskju um, að þetta gengur öfugt.

Framsögumaður: Jeg skal nú ekki vera margorður í þetta sinn. Hinn háttvirti 2. þingmaður Skagfirðinga spurði mig, hvort jeg hjeldi eigi, að lagfæra mætti áætlun þá, er frá honum hefði komið, svo að það mætti nota hana, og skal jeg svara honum því, að jeg held eigi, að það sje neinn mögulegleiki til þess, því jeg fæ eigi sjeð, að unnt sje að breyta ferðunum svo, að skipin hittist hjer í Reykjavík á hentugum tíma, því annað skipið verður ávallt milli Danmerkur og Íslands, þegar hitt liggur í Reykjavík. Jeg get heldur ekki sjeð, að það sje mögulegt, að færa svo til ferðir skipanna, að þær fjölgi um eina ferð yfir sumarið. Eitt er það enn, sem jeg skal leyfa mjer að benda á, og það er það, að skipið á eptir þessari áætlun að fara norður fyrir land síðast í septbr. og fyrri hluta októbr., en slíkt finnst mjer eigi ráðlegt; jeg álít, að skipið eigi ekki að fara norður fyrir land síðar en seinast í sept. Þessir 2 höfuðgallar eru á frumvarpi þessu. Hinn háttvirti þingmaður Snæfellinga áleit, að jeg misskildi ferðirnar í hans áætlun, og að maður þyrfti eigi að hindrast, af því að skipin snúa við á Ísafirði, og maður fyrir þá skuld kæmist eigi lengra. En þetta er auðsjeð, jafnskjótt og litið er á áætlunina, því skipið «B» er æfinlega í Kaupmannahöfn, þegar skipið «A» er á Ísafirði, af þessu er auðsjeð, að menn geta eigi komizt áleiðis, en verða að bíða þess, að skipið komi frá Kaupmannahöfn. Jeg legg þessa áætlun alveg frá mjer; hún er óbrúkandi. Viðvíkjandi áætlun hins háttvirta þingmanns Reykvíkinga skal jeg bæta því við, að hringferðaskipið siglir í þarfir landsmanna einungis frá Seyðisfirði til Skagastrandar; á þeirri leið kemur það við á höfnum og gjörir mikið gagn, en á leiðinni frá Skagaströnd til Reykjavíkur gjörir það engum hið minnsta gagn, því það kemur eigi á neina

höfn á leiðinni. Eins er því varið milli Seyðisfjarðar og Reykjavíkur. Skipið á að eyða kolum og tíma þessar báðar leiðir til einskis, eða þá einungis til þess að geta verið nógu fljótt til Reykjavíkur. Áætluuin er auðsjáanlega búin til fyrir Reykjavík. Það er eigi hægt að vera ánægður með, að landið skuli missa skipið úr sinni þjónustu frá 30. júní til 22. júlí, og frá 1. ágúst til mánaðarloka, þegar landssjóður þó borgar ferðirnar með 18,000 kr. Slíka áætlun getur þingið eigi látið sjer lynda að senda stjórninni. Hinn heiðraði þingmaður Reykvíkinga sagði, að það mætti nota skipið í þessum löngu millibilum, sem því eigi er ætlað að gjöra neitt, til þess að fara á því til Englands, Noregs, Ameríku o. s. frv. Nei, það er sannarlega eigi meiningin með þessum 18,000 kr. styrk frá landinu til gufuskipsferðanna; það á að nota skipið allt sumarið í þarfir landsbúa. Það hefur verið talað mikið um áætlunina nr. 2. Jeg skal nú eigi fullyrða, að hægt verði að fá henni framgengt, en mjer þykir það líklegt. Þegar litið er til þess, að «Camoens» kemur hingað 5 sinnum á ári, þá er trúlegt, að eigandi skipsins geti samið við Reykjavíkurkaupmenn um, að flytja fyrir þá vörur. Vilji kaupmenn og aðrir styðja áætlun nr. 2, þá er mjög líklegt, að hægt verði að fá henni framgengt, og þá yrði með því fullnægt öllum landsfjórðungunum jafnt. Eptir breytingartillögu hins háttvirta þingmanns Reykvíkinga á Reykjavík eigi að eins að hafa 3 fyrstu og 2 síðustu ferðirnar beinlínis til sín, heldur á einnig að bæta við hana ferð um mitt sumarið. Reykvíkingar vilja hafa eitt skip fyrir sig, án þess aðrir hlutar landsins geti haft not af því.

Að síðustu skal jeg ráða deildinni til þess að aðhyllast áætlunina nr. 1 og nr. 2 í sameiningu, en með varatillögu, að ef nr. 2 eigi fæst, þá megi annað árið fara eptir nr. 3; því vara-atkvæði mætti bæta við í efri deild. Jeg játa það, að nr. 3 er eigi góð fyrir alþingismenn, skólapilta og kaupmenn, en er hentug í mörgum greinum öðrum.

Halldór Kr. Friðriksson: Það kann nú að vera happaráð, að vísa þessu til efri deildarinnar, og ætla að láta hana lagfæra það, sem ábótavant er; en hvers vegna getur þessi deild eigi bætt úr göllunum sjálf? Og hvað ferðaáætlun minni við víkur, þá er hinum heiðruðu þingmönnum, og sjerstaklega hinum heiðraða 1. þingmanni Suður-Múlasýslu innan handar að fylla hana út, ef þeir vilja fresta umræðum til morguns, því að það er ekkert vandamál, að setja inn 2 fyrstu gufuskipsferðirnar og tvær hinar síðustu, sem ætlazt er að verði óbreyttar. Hinn háttvirti framsögumaður var að tala um, að enginn hefði not af skipinu, þegar það kæmi hvergi við frá Reykjavík til Skagastrandar, og eins frá Seyðisfirði til Reykjavíkur, og að skipið eyði að eins kolum og tíma með þessu. En hann getur þó líklega sjálfur sjeð, að hitt skipið einmitt kemur á alla þá staði sem þetta fór fram hjá, en það fer svo hratt yfir einungis til þess að flýta fyrir samgöngunum milli Danmerkur og Íslands. Vilji hinn háttvirti framsögumaður vinna það til, að senda skip hingað beina leið tvisvar á sumri, og láta það halda þegar aptur til útlanda, þá er allt gott. En jeg get eigi skilið í, hvernig hinn heiðraði framsögumaður ætlast til þess, að það sjeu nógar vörubyrgðir fyrir 3 skip, þó þær væru nógar fyrir Valdemar einan. Og þó er það, sem sent er af öllu landinu, alls eigi nóg til að fylla hann einn. Annaðhvort fengi þriðja skipið alls engan farm, eða þá einungis nokkuð af farmi þeim, sem Valdemar annars fær, og þetta verður þá æði-miklu dýrara fyrir landssjóðinn. Það verður einnig að gæta vel að því, að aðalvarningur hjer syðra er fiskur, og sá fiskur fer eigi til Kaupmannahafnar, heldur mestallur beina leið til Spánar, og verður því ekki fluttur með póstgufuskipinu. Vjer höfum ekki vörumagn til að geta fermt 3. skipið; það veit jeg allt eins vel og hinn háttvirti 1. þingmaður Suður-Múlasýslu. Af þeim hjer um bil 20000 skippundum, sem við höfum af fiski, er

flutt að minnsta kosti 15—16 þúsundir skippunda til Spánar.

Magnús Andrjesson: Af því að hinn háttvirti framsögumaður bar kvíðboga fyrir því, að gufuskipum gæti verið hætta búin, ef þau ættu að koma á Þorlákshöfn, þá vil jeg leyfa mjer að skýra frá, að samkvæmt áreiðanlegum vitnisburðum, er jeg hef fengið um það, er það alveg hættulaust. Í Þorlákshöfn er höfnin góð, og jeg er viss um, að skipið kemur á margar verri hafnir á leið sinni umhverfis landið. Þetta sýndi sig í vor í miklu ofveðri, þá sakaði skip, sem lá á Þorlákshöfn, ekki hið minnsta, en í því sama veðri lá við, að skip á Eyrarbakka slitnaði upp. Jeg vil því mikið mæla með, að þessari breytingu verði framgengt. Það er stórt svæði frá Reykjavík austur á Djúpavog, sem gufuskip kemur aldrei á, og stórar sveitir, sem gætu haft mikið gagn af því, að skipið kæmi einhverstaðar á þeirri leið, og þær sveitir eiga við mikla erfiðleika að stríða, hvað kaupstaðarferðir snertir, en Þorlákshöfn er sú eina höfn á öllu þessu svæði, sem getur komið til álita að gufuskip komi á. Jeg álít því, að þetta ætti að verða samsamþykkt.

Jón Jónsson: Jeg vil leyfa mjer að benda hinum háttvirtu þingmönnum á, að þeir, sem vilja samþykkja breytingaratkvæðið um Þorlákshöfn, verða að aðbyllast ferðaáætlun mína, því samkvæmt henni getur skipið komið að Þorlákshöfn optar en eptir nokkurri annari ferðaáætlun. Jeg vil taka það fram aptur, að áætlun mín er breytingaruppástunga við nr. 3, og þeir, sem taka áætlun nr. 3 fram yfir nr. 1, geta eins vel aðhyllzt mína ferðaáætlun, þó að gallar kynnu að vera á henni. Framsögumaður tók fram, að það væri mikill galli, að skipin biðu ekki hvort eptir öðru á Reykjavíkurhöfn, og vorkenndi Reykvíkingum að geta ekki jafnóðum svarað brjefum þeim, er þeir fengju. En sjer hann ekki, að fyrirkomulag það, sem samþykkt var við fyrstu umræðu, er langtum óhaganlegra fyrir Reykvíkinga en ferðaáætlun mín, þó skipin biði ekki í Reykjavík hvort eptir öðru. Loksins vil jeg leyfa mjer að skírskota til ummæla hins háttvirta þingmanns Snæfellinga um vandræði þau, er getur leitt af hafísnum, ef skipin á vorin koma fyrst á Austfirði. Samkvæmt ferðaáætlun minni koma skipin fyrst á Faxaflóa og Vestfirði, og þar er ekki hætt við hafís.

Magnús Andrjesson: Jeg vil að eins leyfa mjer að leiðrjetta hinn háttvirta þingmann Skagfirðinga viðvíkjandi Þorlákshöfn. Skipið getur vel komið þangað eptir 24. apríl eptir ferðaáætlun nr. 1, og 4. júlí og optar.

Jón Ólafsson: Þar sem hinn háttvirti þingmaður Reykvíkinga talaði um, að sjer þætti það að varatillögu minni, að eptir henni yrði ekkert samband milli strandskipsins og hins, er færi milli Reykjavíkur og útlanda, þá verður hann að gæta þess, að það kemur því að eins til að fylgja áætlun minni, að stjórnin hafni nr. 1 og 3, þá færi hitt skipið að eins milli Reykjavíkur og Hafnar, og var mjer eigi unnt að fara eptir áætlun þess skips, er jeg samdi mína, því áætlun um ferðir þess er engin til; en stjórnin yrði að setja áætlun fyrir það skip, og er henni ætlandi, að hún hagaði svo ferðum þess, að skipin hittust í Reykjavík, því það er henni innan handar. En það er auðvitað, að sú áætlunin, sem *síðar* er sett, verður að laga sig eptir þeirri, sem fyr er ákveðin. Að því er kostnaðinn snertir, þá vona jeg, að tekjur fáist upp í hann svo, að eigi verði landinu til tjóns, þótt við aðra væri að skipta en þetta gufuskipsfjelag danska. Eptir þessum skýrslum, sem jeg hef, getur það skip, sem fá má fyrir fje það, er jeg hef stungið upp á, rúmað svo mikið, að farmgjaldið nemi 8000 kr. fyrir ferðina upp og öðrum 8000 kr. fyrir ferðina út; það er til samans 16,000 kr. Nú er það kunnugt, að hagnaður við kostsöluna á póstskipum þessum hefur verið svo mikill, að fjelagið hefur selt hann rjett fyrir 6000 kr.; þær geta því og komið oss til inntektar, og verða það þá með þessum að-

urnefndu 16000 kr., 22,000 kr. Leggjum nú við þessa upphæð styrkinn úr landssjóði 18000 kr., það verður samtals 40000 kr.; þá eru eptir einar 10000 krónur til að vinna upp á öllum hinum 4 ferðunum milli landa, og á öllum ferðum kring um land, og allt farþegagjald; en það eitt getur unnið þetta fljótlega upp. Og þess utan er það víst, að aldrei þyrfti svona miklu til að kosta. Það þarf heldur engin hætta að vera, að eigi fáist farmur, þótt skipið gangi til Skotlands eða Noregs. Frá Skotlandi má flytja kol, salt, leirvöru og ýmsa álnavöru, og jafnvel korn, en þangað aptur ull og úrgangsfisk. Frá Noregi má flytja salt; sjerstaklega mundu síldveiðendur nota það til þess; þaðan má og kaupa korn eins vel og frá Danmörku, því þótt það sje lítið eitt dýrara þar á staðnum (í Noregi), svo sem hæst 50 aur. tunnan, þá munar það meiru, að «fraktin» verður ódýrri þaðan, en frá Höfn. Þangað má út flytja kjöt, fisk og síld, auk þess að senda má vörur yfir Noreg til Hafnar, er flutningskaupið til Noregs er sett sanngjarnlega lágt. Að því er dagana snertir, stendur í viðaukatillögunni, að stjórnin megi færa þá til, og með því móti má bæta úr þeim göllum, sem vera kynnu á viðkomutíma skipsins sumstaðar. Mjer hefur heyrzt þessi viðaukatillaga fá góðar undirtektir, enda fer hún ekki í bága við neina af hinum áætlununum; hún er að eins til forsjálnislegs vara, svo að ekki verði strandferðalaust, ef stjórnin fellst ekki á hinar áætlanirnar. Hún er, ef menn svo vilja, að sínu leyti eins og pönnukökurnar, sem konurnar okkar gefa með kaffinu, þegar eigi er annað fyrir hendi; hún er kann ske neyðarúrræði, en jeg vona: *nauðsynlegt* neyðarúrræði. Jeg vil enn fremur minnast á breytingartillögu okkar tveggja, að bæta inn í við Þorlákshöfn: «ef kringumstæður leyfa». Það lýtur einmitt að því, að meiri líkur eru til, að þetta fáist þannig orðað. Höfnin er lítt reynd nú, en ef hún reynist brúkandi, þá er sjálfsagt, að hún verður sett skilyrðislaust í ferðaáætlun á næsta þingi. Jeg vona, að uppástungumennirnir sjái, að þessi viðauki er heldur til að bæta; að minnsta kosti er hann sprottinn af því, að við vildum styðja að því, að Þorlákshöfn kæmist inn á áætlunina.

Framsögumaður: Mjer hefur gleymzt, að minnast á breytingartillöguna frá fjárlaganefndinni. Hún fer fram á það, að skipið komi við á Húsavík 16. maí og á Skagaströnd 5. ágúst. Þessu er bætt við eptir ósk þeirra, er þar búa í nánd, og vona jeg, að hinir háttvirtu þingmenn fallist á það, því að það breytir ekkert ferðaáætluninni. Svo er á breytingartillögu þessari leiðrjett prentvilla í áætluninni, þar sem stendur 3. marz, en á að vera 13. marz.

Var síðan gengið til atkvæða, og fjellu þau þannig:

1. Ferðaáætlun þingmanns Snæfellinga felld með 21 atkvæði.
2. Ferðaáætlun Jóns Jónssonar felld með 13 atkvæðum gegn 9; var nafnakall við haft og sögðu

Já:
Egill Egilsson,
Friðrik Stefánsson,
Halldór Friðriksson,
Holgeir Clausen,
Jón Jónsson,
Þorkell Bjarnason,
Þorsteinn Jónsson,
Þorsteinn Thorsteinson,
Þorvarður Kjerulf.

Nei:
Eiríkur Briem,
Magnús Andrjesson,
Arnljótur Ólafsson,
Benidikt Sveinsson,
Eiríkur Kúld,
Grímur Thomsen,
Guðmundur Einarsson,
Jón Ólafsson,
Lárus Blöndal,
Ólafur Pálsson,
Tryggvi Gunnarsson,
Þórður Magnússon,
Þorlákur Guðmundsson.

3. Ferðaáætlun þingmanns Reykvíkinga felld með 15 atkvæðum gegn 5.
4. Breytingartillaga 2 þingmanna felld með 11 atkvæðum gegn 8.
5. Breytingartillaga frá fjárlaganefndinni samþykkt með 16 atkvæðum.
6. Viðaukatillaga 6 þingmanna, samþykkt með 16 atkvæðum.
7. Breytingartillaga 6 þingmanna samþykkt með 18 atkvæðum.
8. Viðaukatillögur 6 þingmanna, fyrri hlutinn felldur með 12 atkvæðum gegn 10. Síðari hlutinn felldur með 12 atkvæðum gegn 9.
9. Breytingartillaga Jóns Ólafssonar og fleiri samþykkt með 12 atkvæðum gegn 10; var nafnakall haft og sögðu

Já:

Magnús Andrjesson,
Arnljótur Ólafsson,
Benidikt Sveinsson,
Friðrik Stefánsson,
Holgeir Clausen,
Jón Jónsson,
Jón Ólafsson,
Þórður Magnússon,
Þorkell Bjarnason,
Þorsteinn Jónsson,
Þorsteinn Thorsteinson,
Þorvarður Kjerulf.

Nei:

Eiríkur Briem,
Egill Egilsson,
Eiríkur Kúld,
Grímur Thomsen,
Guðmundur Einarsson,
Halldór Friðriksson,
Lárus Blöndal,
Ólafur Pálsson,
Tryggvi Gunnarsson,
Þorlákur Guðmundsson.

Þingsályktunartillagan í heild sinni með áorðnum breytingum samþykkt með 18 atkvæðum.

Á 41. fundi, 20. dag ágústmánaðar, skýrði forseti efri deildar deildarmönnum frá, að hann hefði fengið frá forseta neðri deildar tillögu til þingsályktunar um fyrirkomulag á gufuskipsferðum umhverfis strendur Íslands með fylgiskjali (ferða-áætlun), og ljet hann útbýta þessum skjölum meðal deildarmanna.

Á 42. fundi, 22. dag ágústmánaðar, var sú uppástunga forseta samþykkt, að hafa 2 umræður um tillögu þessa til þingsályktunar.

FYRRI UMRÆÐA Í EFRI DEILD,
á 44. fundi, 23. dag ágústmánaðar.

Ferða-áætlunina og tillöguna, eins og þær voru samþykktar við síðari umræðu í neðri deild, sjá I, 556—559.

Einar Ásmundsson: Jeg er reyndar ekki viðlátinn, að ræða mikið um þetta mál, sem er svo margbrotið, en jeg stend upp af því, að mjer finnst ekki tilhlýðilegt, að málið fari umræðulaust til næstu umræðu. Jeg hef orðið þess var, að ýmsir eru mjög óánægðir með þessar ferðir gufuskipanna, eins og þær nú eru, og það ef til vill ekki að orsakalausu. Þær tillögur, sem komu fyrir neðri deild þingsins, finnst mjer hafa þann annmarka, að þær eru ekki svo ljósar sem skyldi, þó þær í mörgum greinum sjeu nógu nákvæmar. Jeg ætla þá í fám orðum að skýra frá, hvernig ferðirnar með líkri tilhögun, og nú er, gætu orðið sem haganlegastar. Jeg álít reyndar, að þær gætu á annan veg verið langt um haganlegri, en sú tilhögun, er liggur svo fjærri, að jeg álít, að ekki sje til neins að ræða um hana hjer að þessu sinni. En meðan svo er, sem nú er, að tvö skip ganga milli landa og umhverfis landið á sumrum, álít jeg bezt gegna, að annað skipið gengi hingað til Reykjavíkur beina leið frá útlöndum, síðan norður um, og svo til útlanda aptur frá Austurlandinu, en að hitt færi til Austurlandsins beina leið frá útlöndum og svo norðan um landið til Reykjavíkur, og því næst þaðan til útlanda aptur, þannig að skipin mættust í hverri ferð í Reykjavík. Áætlun þessi hefur eiginlega verið lögð fyrir neðri deild þingsins, og var merkt nr. 3. En þar var sá annmarki á, að ferðirnar

vorn settar óhaganlega, einkum fyrir þingmenn að austan, norðan og vestan, og tel jeg það galla, því hver er líka sjálfum sjer næstur. Ef það er álitið nauðsynlegt, að þingið semji áætlun fyrir þessi skip, álít jeg, að tiltækilegast væri, að taka þessa nr. 3, og laga hana svo í hendi sjer, að þær 5 ferðir, sem kæmu á sumarmánuðina, væru svo, að bæði skipin kæmu seint í maí, júní, júlí, ágúst og septembermánuði til Reykjavíkur, en að hinar aðrar 5 ferðir skiptust þá sem haganlegast á hina 7 mánuðina, og gengi skipið þá til Reykjavíkur og þeirra næstu hafna, sem skipið gæti komið á, t. d. Hafnarfjarðar. Á þetta hef jeg nú að eins viljað drepa til þess, að málið færi ekki umræðulaust, en jeg veit, að menn eru mjer samdóma um, að málið er svo áríðandi, að það þarf að íhuga og ræða vel og vandlega. En eins og það er komið frá neðri deild þingsins, get jeg ekki fallizt á það óbreytt að öllu leyti.

Var málinu því næst vísað til síðari umræðu með 10 atkvæðum.

SÍÐARI UMRÆÐA Í EFRI DEILD,
á 48. fundi, 25. dag ágústmánaðar.

Breytingartillögur
við tillögu til þingsályktunar um fyrirkomulag á gufuskipsferðunum umhverfis strendur Íslands, eins og hún var samþykkt af neðri deild.

a.

Við 1. lið: Í staðinn fyrir: «nr. 1» komi: «nr. 3», og aptan við töluliðinn bætist: «þó þannig, að ferð skipsins B frá Reykjavík til Kaupmannahafnar í ágústmánuði sje sett 2 dögum seinna, en gjört er í nefndri ferðaáætlun, og að skipin á ferðum sínum frá Kaupmannahöfn til Reykjavíkur sunnan um land komi við á Hornafjarðarós, þegar því verður við komið».

2. liður falli burt.

3. og 4. liður verði 2. og 3. liður.

Varatillaga n í heild sinni falli burtu.

Magnús Stephensen, Stefán Eiríksson. Sighvatur Árnason.

b.

1. Eptir: «nr. 1» komi: «og nr. 2 í sameiningu».
2. 2. stafliður falli burtu.
3. Eptir orðin: «Til vara ályktar þingið» komi:
   «að ferðum gufuskipanna sje hagað eptir áætluninni nr. 3, ef eigi verður hægt að fá framgengt ferðaáætlunum nr. 1 og 2, þó þannig, að ferð skipsins B frá Reykjavík til Kaupmannahafnar í ágústmánuði sje sett 2 dögum seinna, en gjört er í nefndri ferðaáætlun, og að skipin á ferðum sínum frá Kaupmannahöfn til Reykjavíkur sunnan um land komi við á Hornafjarðarós, þegar því verður við komið».
   En allur kaflinn: «Geti ráðgjafanum .... og Danmerkur» falli burt.

Magnús Stephensen. Einar Ásmundsson, Benidikt Kristjánsson.

Magnús Stephensen: Með því jeg er viðriðinn, báðar þær breytingaruppástungur, sem komnar eru fram við þetta mál, þá ætla jeg að fara um þær fáum orðum. Meiningin er sú, að þær seinni skuli vera breytingartillögur við þær fyrri. Það var meining uppástungumanna, sem gjörðu fyrri breytingarnar, að þeir vildu helzt hafa ferðaáætlun þá, er kom fram í neðri deildinni og auðkennd var nr. 3, þó þannig, að henni væri vikið svo við, að ferð skipsins B frá Reykjavík til Kaupmannahafnar í ágústmánuði væri færð aptur um 2 daga, svo að þeir, sem fengju brjef (með hinu skipinu) 10. ágúst, gætu átt kost á að svara þeim; en það gætu að eins Reykjavíkurbúar, ef skipið færi þann 11., eins og í áætluninni stendur; ef skipið aptur færi þann 13. ág., þá gætu líka þeir, sem fjær búa, t. a. m. í Keflavík og jafnvel á Eyrabakka, svarað upp

á brjef sín um hæl. Í öðru lagi var stungið upp á, að skipið kæmi við á Hornafjarðarós, þegar því yrði við komið. Það sýnist ekki til tálma fyrir skipið, að koma þar, þegar veður leyfir. Höfnin er góð og innsiglingin greið; þar við bætist, að þetta er enginn krókur, því skipið er vant að præða svo nærri landi, að þeir, sem nálægt kaupstaðnum búa, geta sjeð það úr gluggunum hjá sjer.

Eins og jeg gat um, vildum við helzt koma ferðunum þannig fyrir, eins og farið er fram á í fyrri breytingaruppástungunum, en síðar hefur mjer verið leitt fyrir sjónir úr neðri deildinni, að þar væru svo margir andvígir þessu fyrirkomulagi, að það mundi ekki verða samþykkt; þess vegna höfum við — að nokkru leyti eptir þeirra tillögum — komið fram með þessar nýju breytingartillögur, og álít jeg fyrir mitt leyti, að niðurstaðan muni verða sama. Við höfum viljað fallast á áætlunina nr. 1, þó þannig að nr. 2 komi í sameiningu við nr. 1. Það er gott, ef það kemst á, en geti þær ekki sameinazt, og það er ætlan mín, að gufuskipsfjelagið gangi aldrei að því, þá kemur fram það sama, að farið verður eptir nr. 3. Það, sem einkum þykir að þessari áætlun, er, að alþingismenn geti ekki komizt með gufuskipinu til og frá þingi. Jeg gjöri ekki svo mikið úr þessu, því alþingismenn nota það ekki svo mikið, að minnsta kosti er það ekki í sumar, og annað er það, sem er meginatriðið í þessu máli, að þegar ferðaáætlunin er löguð eptir þörfum þingmanna, þá ræður hún, hve nær þingi er slitið. Hversu æskilegt sem það væri og áríðandi, að lengja þingið um nokkra daga, þá er loku fyrir skotið með það, ef lengingin er undir því komin, að burtför póstskipsins sje líka frestað. Það sýnir sig nú, að ekki er vinnandi vegur að fá skipið til að bíða nokkra daga eða, meira að segja, nokkrar stundir.

Varauppástungurnar frá neðri deildinni eru svo lagaðar, að það mun engum blandast hugur um, að fella þær alveg án þess að nota nokkuð úr þeim. Nr. 1 með nr. 2 er hin æskilegasta ferðaáætlun, en niðurstaðan mun verða nr. 3.

Aðrar breytingar en þessar, sem jeg hef getið um, eru ekki fram komnar.

Ásgeir Einarsson: Jeg held jeg hvorki vinni mikið, þótt jeg fari að mæla í þessu máli, og hins vegar er jeg ekki búinn að átta mig á því. Jeg var reyndar búinn að átta mig á því, að nr. 1 er sú eina áætlun, sem nokkurt gagn getur orðið að fyrir Norðurland. Að alþingismenn fóru ekki með skipinu í sumar, kom af því, að ruglingur var á ferðunum, svo engum manni var um það ljóst, hve nær skipið mundi koma, og þess vegna var ekki hægt að nota það. En það er bezt að bera saman ferðareikninga þeirra, sem fara landveg, og hinna, sem koma með skipinu, og sjá, hver verður hærri; jeg held það muni þó nokkrum hundruðum króna, og svo getur það verið ónotalegt fyrir þá, sem eru orðnir gamlir eða lasnir, að fara landveg, En hjer er og annað atriði íhugunarvert, sem jeg gjöri ekki minna úr, og það er það, að skólapiltar geta ekki farið með skipinu. Jeg skyldi þó ætla, að það væri ekki hvað minnstur hagur fyrir skipið, að geta flutt sem flest fólk. Jeg held, ef farið er eptir þessari áætlun nr. 3, þá sje það nokkurn veginn það sama fyrir Norðurland, eins og að segja, að skipið skuli ekki koma þar. Jeg skil ekki í því, að þeir, sem þaðan eru komnir, skuli geta gefið atkvæði með því. Nr. 3 er gott fyrir Reykjavík; það skil jeg, og sömuleiðis er það bezt fyrir þá, að fá nr. 2, því þeir munu geta byrgt það með vöruflutningum o. fl., svo ferðin borgi sig að mestu. En hvað því líður um Norðurland og Reykjavík, þá dettur mjer í hug það, sem sjera Hannes á Hólmi sagði í einu máli á þingi, «að það yrði dýrkeyptur blóðmör Reykjavíkur með velfarnan alls landsins».

Því næst ljet forseti ganga til atkvæða, og fjellu þau þannig:

1. Breyting 3 þingmanna (h.) samþykkt með 9 atkvæðum.
   1. töluliður þannig breyttur samþykktur með 10 atkvæðum.
2. að 2. töluliður falli burt, samþykkt með 10 atkvæðum.
3. 3. töluliður samþykktur með 10 atkv.
4. 4. —— —— — 8 —
5. Breyting sömu þingmanna:
   Fyrri kaflinn samþykktur með 9 atkv.
   Síðari kafli samþykktur með 9 atkv.
   Tillagan þannig breytt samþykkt með 9 atkvæðum.

Forseti kvaðst mundu senda málið aptur til forseta neðri deildar vegna breytinga þeirra, er á tillögunni hefðu verið gjörðar.

EIN UMRÆÐA Í NEÐRI DEILD,
á 68. fundi, 27. dag ágústmánaðar.

Tillagan, eins og hún var samþykkt við síðari umræðu í efri deild, sjá I, 560.

Jón Jónsson: Mjer þykir efri deildin hafa farið illa með þessa þingsályktunartillögu, þar sem hún hefur fellt niðurlagsatriði ályktunarinnar, eins og hún var, þegar hún kom frá neðri deildinni. Aptur á móti álít jeg það talsverða endurbót á ályktuninni, að nú er í henni tekið tillit til hagsmuna annara hjeraða en Austfjarða, svo að nú loksins er orðið útlit fyrir, að Seyðisfjörður og Eskifjörður hætti að vera aðalstöðvar póstskipanna umhverfis landið. Það er sem sje ljóst, að ferðaáætlanirnar nr. 1 og 2 varla geti fengið framgang án talsverðs kostnaðarauka, og þá verður nr. 3 sú ferðaáætlun, sem stjórnin verður helzt að taka tillit til. Hinn háttvirti 1. þingmaður Suður-Múlasýslu mun hafa stungið upp á þessari ferðaáætlun af hvötum *mínum*, en samt verð jeg að taka fram, að þessi ferðaáætlun, eins og nefndin gjörði hana úr garði, hefur verulega galla, því að eptir henni geta hvorki skólapiltar, kaupafólk nje alþingismenn notað skipið. Jeg vona því, að stjórnin ekki fylgi henni að öllu leyti, en lagi hana svo, að skipið gæti verið á leiðinni frá Reykjavík og til Reykjavíkur um sama leyti, og stungið var upp á í ferðaáætlun þeirri, sem jeg lagði fyrir þingið við aðra umræðu þessa máls, því gufuskipaferðirnar verða ekki nema að hálfu gagni, ef þeim er komið svo fyrir, að enginn skólapiltur og enginn kaupamaður getur notað þær.

Jón Ólafsson: Jeg vil leyfa mjer að benda 2. þingmanni Skagfirðinga á það, að jeg hef ekki orðið var við, að Austfirðingar hafi ráðið ferðaáætluninni. Það er ekki hlutdrægni vor Austfirðinga að kenna, að skipinu er ætlað að koma fyrst við Austurland, heldur náttúrunni. Jeg held, að á meðan hann getur ekki haft endaskipti á landinu, þá verði endastöðvar strandsiglinganna að vera í Reykjavík og á Austfjörðum, og er það skaparinn, en ekki Austfirðingar, sem hefur lagað landið svona. Jeg vil segja, að Eskifjörður hafi engin hlunnindi haft af gufuskipsferðunum áður; hann hefur einmitt heldur orðið út undan. Jeg vil taka það fram, að það hefur ekki verið álitið fært fyrir skip, að koma á neinar hafnir sunnanlands frá Reykjavík og allt austur til Múlasýslna, og þess vegna er full þörf á, að skipið komi sem optast á Djúpavog og Eskifjörð. Um ræðu 2. þingmanns Skagfirðinga ætla jeg ekki að tala, og held jeg, að hún hafi verið byggð á misskilningi. En hvað þingsályktunina snertir, þá sje jeg ekki annað, en að deildin verði að fallast á þessa 3 töluliði, en jeg vil ráða frá, að varaályktunin eins og hún er orðin, verði samþykkt, því að seinast varð það ofan á, að fylgt skyldi verða »í öllum *aðal*atriðum« þeirri ferðaáætlun, sem þingið samþykkti, en reynslan varð sú í ár, að henni var í *engu aðal*atriði fylgt. En ef varaályktunin verður samþykkt, þá getur stjórnin tekið nr. 3, sem er óbrúkandi, og fáist hún ekki einu sinni, þá hefur stjórnin lausar hendur. Jeg álít

því, að þegar þingið hefur einu sinni samþykkt góða ferðaáætlun, þá eigi það að halda fast við hana.

Framsögumaður (Tryggvi Gunnarsson): Jeg get eigi sjeð, að mál þetta þurfi langra umræða við. Hjer getur eigi verið umtalsmál, að gjöra neinar breytingar, það er enginn tími til þess. Það er annaðhvort að samþykkja málið, eins og það er komið frá hinni heiðruðu efri deild, eða fella það. En úr því fjárlögin hafa ákveðið 18000 kr. til gufuskipsferða, verð jeg að telja það sjálfsagt, að þingið vilji kveða fast á um það, hvernig eigi að haga ferðunum og fje þessu skuli verja.

Jón Ólafsson: Jeg get eigi sjeð, að það þurfi að valda neinum vandræðum, þótt varauppástungan verði felld.

Forseti: Jeg verð að vekja athygli hins heiðraða 2. þingmanns Suður-Múlasýslu á því, að það er sama sem að fella málið í heild sinni, því þá er ómögulegt, að koma því fyrir sameiginlegt þing.

Jón Ólafsson: Þó málið eigi komist fyrir sameiginlegt þing og varauppástungan falli, má þó senda aðal-uppástungurnar stjórninni, ef *þær* ná samþykki beggja deilda.

Jón Jónsson: Jeg vil ráða þeim þingmönnum, sem eru móti fyrsta og öðru atriði ályktunarinnar, að greiða atkvæði með 3. gr., því það er bezta ráðið til þess að eyðileggja allt málið. Hinn háttvirti 2. þingmaður Suður-Múlasýslu sagði það satt, að skipið þyrfti að koma fyrst annaðhvort á Seyðisfjörð eða í Reykjavík. En honum láðist eptir að sanna, að það endilega þyrfti fyrst að koma á Seyðisfjörð. Jú, jeg veit, að 1. þingmaður Suður-Múlasýslu, sem mun eiga verzlun á Seyðisfirði, vill það, en það er ekki næg ástæða. Mjer finnst, að drottinn einmitt hafi bent okkur á, að skipið eigi að koma fyrst á Faxaflóa og Vestfirði, því þar er vanalegast íslaus sjór, þar sem þar á mót ís liggur opt fram yfir sumarmál fyrir Austurlandi. Af því að drottinn hefur hagað því svo, að optast er íslaust á Suður- og Vesturlandi, virðist rjettast, að láta skipin koma þar fyrst, og auk þess er þar mest verzlun og mannfjöldi. Þetta mun alþingi játa, þegar áætlun þessi nær samþykki þessarar heiðruðu deildar, og því vona jeg, að þingmönnum blandist ekki hugur um, að samþykkja ályktunina óbreytta, Hún verður til hagsmuna fyrir alla aðra landsbúa en Austfirðinga, Þingeyinga og ef til vill Eyfirðinga.

Grímur Thomsen: Jeg vona, að hin heiðraða deild sjái nú, að það er eigi heppilegt, að hafa eigi athugasemdir í fjárlögunum. Í fjárlögunum stendur ekkert skilyrði fyrir þeim 18,000 kr., sem veittar eru til gufuskipsferða, en hjer er gjört ráð fyrir, að áætluninni verði fylgt í öllum aðalatriðum.

Jeg álít nauðsynlegt, að samþykkja tillöguna, eins og hún nú liggur fyrir, því annars hefur stjórnin enga bendingu um, hvert skilyrði þingið vill setja fyrir fjárveitingunni, og jeg álít það skyldu vora gagnvart hinum háttvirta 1. þingmanni Suður-Múlasýslu, að taka tillit til tillögu hans, eins og deildin samþykkti hana fyrst. Þessi heiðraði þingmaður á sannarlegt og maklegt lof fyrir tilraunir sínar til þess, að koma á hentugum póstskipaferðum um land allt.

Jeg vil ráða til, að samþykkja málið eins og það liggur fyrir, því ef málið fellur, þá er stjórninni alveg gefið á vald, að haga gufuskipaferðunum, eins og hún vill.

Halldór Friðriksson: Jeg get ekki betur sjeð, en að allar þessar umræður sjeu óþarfar, því að hjer er ekkert hægt að lagfæra. Málið verður að fara eins og það er, eða falla; það dugar hvorki að bæta neinu inn í eða fella neitt úr; því að þótt deildin vilji breyta einhverju, þá getur sú breyting eigi farið sem álit þingsins; það er eigi auðið, að bera breytinguna undir efri deild; tíminn er því til fyrirstöðu. Það er því annaðhvort að gjöra, að gefa stjórninni alveg lausa taumana, eða samþykkja málið, eins og það liggur fyrir.

Forseti: Jeg veit, að jeg þarf eigi að brýna fyrir hinni heiðruðu deild, að skilningur hins heiðraða þingmanns Reykjavíkur á þessu er alveg rjettur.

Með því eigi tóku fleiri til máls, var málið borið undir atkvæði, og var það samþykkt með 18 atkvæðum.

Forseti kvaðst þá mundu senda þingsályktunina til landshöfðingja, sem fullnaðarályktun frá alþingi.

LXIII.

Ályktun viðvíkjandi alþingishúsinu.

Mál þetta kom til umræðu á fundi, sem þingmenn áttu með sjer 6. dag ágústmánaðar. Var þá kosin 5 manna nefnd til að íhuga málið og gjöra uppástungur um það. Í þá nefnd voru kosnir:

Árni Thorsteinson,
Halldór Kr. Friðriksson,
Tryggvi Gunnarsson,
Grímur Thomsen,
Bergur Thorberg.

Álit nefndar þessarar er prentað í fyrri parti alþingistíðindanna, bls. 480.

Síðan var málið aptur rætt á sameiginlegum fundi allra þingmanna 25. dag ágústmánaðar, og voru uppástungur nefndarinnar þar samþykktar, og enn fremur sú uppástunga, að tekin yrðu niður merkin á framhlið alþingishússins, ljónin og þorskurinn, og skrifaði forseti hins sameinaða alþingis landshöfðingja um þetta mál brjef það, sem hjer fer á eptir:

»Á almennum fundi alþingis, 6. dag þ. m., var kosin nefnd, sem meðal annars átti að skýra frá áliti sínu um, hvort alþingi ætti að eiga hlutdeild í umsjón hins nýja alþingishúss. Eptir að nefnd þessi hafði komið fram með álitsskjal sitt, sem jeg leyfi mjer að senda hjer með eitt prentað exemplar af, áttu alþingismenn í dag fund með sjer, og var á þeim fundi meðal annars ályktað:

1. að umsjón hins nýja alþingishúss skyldi falin landsstjórninni að öllu leyti á sama hátt og umsjón hverrar annarar almenningseignar.

2. að bera skyldi fram fyrir herra landshöfðingjann þá ósk alþingismanna, að tekin verði niður merkin af framhlið alþingishússins (ljónin og þorskurinn).

Um leið og jeg leyfi mjer virðingarfyllst að skýra herra landshöfðingjanum frá þessu, skal jeg geta þess, að eptir umræðunum á fundinum var ástæðan fyrir hinni síðari ályktun sú, að alþingismönnum virtust hinir umræddu merkjaskildir vera svo litlir og óálitlegir, að þeir fremur óprýddu en prýddu alþingishúsið.

Jafnframt leyfi jeg mjer að senda hjer með skrá yfir þá eptirlátnu muni Jóns sál. Sigurðssonar og frú Ingibjargar Einarsdóttur, er alþingismaður Tryggvi Gunnarsson hefur gefið Íslandi, og hefur munum þessum verið komið fyrir í herbergi því, sem er á öðrum sal í útnorðurhorni alþingishússins«.

LXIV.

Ráðstafanir vegna óáranar.

Tillaga til þingsályktunar um ráðstafanir vegna yfirstandandi óáranar. Frá 1. þingmanni Rangæinga. Tillagan er prentuð í fyrri parti alþingistíðindanua, bls. 72.

Á 8. fundi efri deildarinnar, 14. dag júlímánaðar, gat forseti þess, að hann hefði fengið tillögu til þingsályktunar um ráðstafanir vegna óáranar, og á 9. fundi, 15. dag júlímánaðar, var sú uppástunga forseta samþykkt, að hafa eina umræðu um tillögu þessa.

EIN UMRÆÐA Í EFRI DEILD,
á 10. fundi, 16. dag júlímán.

Flutningsmaður (*Sighvatur Árnason*): Það, sem dró mig til þess, að koma með þessa tillögu til þingsályktunar, var sú skoðun bæði mín og margra annara, að hin mesta nauðsyn væri, að vera viðbúinn í tíma þeim voðalegu afleiðingum, sem hinn síðastliðni geysiharði vetur og þar eptir fylgjandi kalda vor getur haft í för með sjer á þeim tíma, sem næst fer í hönd, ef nokkuð út af ber. Til þess að af stýra þessu, álít jeg þinginu skylt að gjöra sitt bezta til, og því kom jeg með þessa tillögu til þingsins um að setja nefnd, er reyndi til, að finna hið bezta ráð og skynsamlegustu uppástungur, til að af stýra hinum hættulegu afleiðingum, er af hinni yfirstandandi óáran kunna að flýta. Jeg er sannfærður um, og hið sama vottа margar sögur, bæði að norðan og víðar að, að tíðin er viðsjárverð með tilliti til slæmra afleiðinga. Allir muna eptir vetrarharðindunum, sem tæmdu heybyrgðir manna, og vorkuldunum og hretunum, sem skemmt hefur gróðurinn, og ef nú hjer á eptir fylgir slæm nýting og harður vetur, þá er auðsjeð, hvernig fer á eptir. Menn kunna kannske að segja, að engin hætta sje næsta vetur, því að bændur geti jetið skepnur sínar, ef í bart fer, og er það nokkur ástæða, en þá er árið þar á eptir, sem afleiðingarnar lenda á. Nú eru það nokkrir, sem má ske engar eða sárfáar sauðkindur hafa, og ekki nema nokkrar kýr, sem verður að leggja má ske að helmingi á hliðina í haust, svo að þeim, sem eigi hafa annað við að styðjast, er þegar voði búinn, í vetur. Ef nú þingið, sem vonandi er, finnur það skyldu sína, að reyna að af stýra þessum voða, þá vona jeg, að það kjósi nefnd, sem sjálfsagt er það eina meðal til þess, að þetta mál í heild sinni verði vandlega íhugað, og þau ráð fundin, sem bezt geta komið að gagni. Svo skal jeg ekki fara fleirum orðum um þetta nauðsynjamál, þar til jeg heyri undirtektir annara þingmanna deildarinnar.

Einar Ásmundsson: Jeg get nú ekki í þetta sinn verið á sama máli, sem 1. þingmaður Rangæinga, en það kemur þó reyndar ekki opt fyrir, að við erum ekki samdóma. Mjer er ómögulegt að sjá, að nefnd, sem kosin yrði á þessu þingi, gæti ráðið neina verulega bót á afleiðingum harðindanna á síðasta vetri, enda ætla jeg, að ekki vofi fremur hallæri yfir landinu nú í ár, en opt endranær, hvorki yfir Norðurlandi nje Suðurlandi eða öðrum fjórðungum landsins. Veturinn næsti á undan hinum síðasta var blíður og góður, og sjeu þessir tveir síðast liðnu vetur lagðir saman og látnir bæta hvor annan upp, þá verða þeir alls ekki meira en sem svarar tveim meðalvetrum. Svo geta menn heldur ekkert um það sagt nú, hverjar muni verða afleiðingarnar; það er alls ekki víst, að þær verði eins voðalegar, eins og sumir kvíða fyrir. Menn voru vel búnir undir veturinn síðasta, og svo kom góður þati í

vor eptir harðindin, svo þá rættist vel og æskilega úr þeim. Í þessu efni hefur annars hver sína skoðun, en mín skoðun er sú, að ekki líti háskalegar út nú, en opt og einatt áður. Jeg álít, að menn ættu eigi að venja sig á, að leita undir eins til alþingis, þótt óhagstætt tíðarfar beri að höndum nokkrar vikur eða mánuði, heldur álít jeg, að happasælast verði, að hver einn reyni að bjarga sjer sjálfur í lengstu lög með dugnaði og framsýni, sparsemi og þrifnaði. Þó þingið kunni að hafa mikinn mátt til að hjálpa, þá getur það með engu móti hjálpað öllum, ef allir gjöra sjer að reglu að leita hjálpar hjá því. Vjer bændur höfum að von minni í þetta sinn nógan mátt til að hjálpa oss sjálfir, ef vjer viljum og reynum. Það er ekki gott, að innræta mönnum þá von, að úr landssjóði eða viðlagasjóði komi steiktar gæsir fljúgandi í munn þeirra, heldur verða þeir að læra, að bjarga sjálfum sjer í lengstu lög, með dugnaði, starfsemi og sparsemi. Þetta bið jeg þingmanninn vel að hugleiða. Enginn taki orð mín svo, að jeg vilji ekki landi og lýð hið bezta, sjer í lagi bændastjettinni; en jeg álít henni betra og hollara að nota eigin krapta sína, heldur en að mæna vonaraugum til landssjóðs. En skyldi það koma fyrir, sem jeg vona að ekki verði, að mikil og almenn bágindi verði manna á meðal næsta ár, þá situr stjórnin við stýrið, og mun hún finna einhver góð ráð til, að bæta úr þeim, ef menn geta það með engu móti sjálfir.

Flutningsmaður: Það er sannast að segja, að mál mín eiga erfitt uppdráttar fyrir þingmanni Eyfirðinga. En jeg efast ekki um, að allt sje sannfæring hans, sem hann talar gegn þeim. Jeg játa það fúslega, að einn og sjerhver eigi að bjarga sjer sjálfur og reyna að komast af til hins ýtrasta, og gjöra allt sitt til, að þurfa ekki að liggja uppi á öðrum, hvorki að gjöf nje láni, en jeg álít það líka skyldu þingsins og stjórnarinnar, að gjöra sitt til þess, að bjarga, ef í nauðirnar rekur, en til þess að þingið gæti haft ráðin og hjálpina á reiðum höndum, ef á lægi, kom jeg fram með þessa tillögu mína. Jeg efast heldur ekki um, að innanlandsstjórnin taki strax í taumana, ef neyð upp á kemur, en um hitt efast jeg, hvort hún getur gjört það svo fljótt, sem þarf, ef ekkert fje er til þess ætlað sjerstaklega. Hjálpin getur komið of seint, en «það er of seint að byrgja brunninn, þegar barnið er dottið ofan í», og «seint frið að festa, þá fjendur ríða um hlað».

Árni Thorsteinson: Jeg er alveg samdóma þingmanni Eyfirðinga um það, að bændur verði sjálfir að nota eigin krapta sína. En annars er jeg á sama máli sem flutningsmaður um það, að það geti komið fyrir, að landsstjórnin þurfi að hlaupa undir bagga. Samt sem áður fæ jeg eigi sjeð, hvað nefnd, sem nú yrði kosin á þessu þingi, ætti að starfa; það gæti varla orðið neitt verulegt, þar sem hættan er enn eigi komin eða fyrir hana verður sjeð. Ef þingið eða stjórnin þarf að skipta sjer nokkuð af þessu máli, þá yrði það, að mínu áliti, að vera gegnum fjárlögin, því að þetta mál stendur í svo nánu sambandi við þau. Í þeim mætti ákveða, að fje skyldi veita á fjárhagstímabilinu í þessu skyni, ef þörf gjörðist. Þess vegna vildi jeg helzt, að þessi tillaga til þingsályktunar hefði ekki komið fram nú, því að nefnd, sem nú yrði sett, þekkir ekki hættuna og getur ekki dæmt neitt um afleiðingarnar. Jeg vil því fyrir mitt leyti heita flutningsmanninum því, að íhuga þetta mál, þegar fjárlögin koma til þessarar deildar, og vildi jeg því helzt nú ráða flutningsmanni til, að taka tillögu sína aptur nú þegar.

Benidikt Kristjánsson: Hjer getur eigi verið að tala um neina hættu fyr en á komandi ári. Skepnuhöld voru góð á næstliðnu vori, og fjenaður orðinn með fleira

móti yfir land allt, og ef grasbrestur verður í sumar, geta menn fækkað fje sínu, og þurfa ekki að setja meira á, en þeir hafa heybyrgðir fyrir. Má því líka gjöra ráð fyrir, að bú manna verði að byrgari að matbjörg fyrir komandi tíma, ef til vill til annars vetrar. En ef svo liti út, að menn treindu eigi lengur hinn meiri forðann, en þótt minni hefði verið og eigi til annars vetrar, þá er það skylda sveitastjórnanna, að hafa vakandi auga á því. Jeg get heldur ekki sjeð annað, en að landsstjórnin geti verið viðbúin að af stýra því í tíma, að voðalegar afleiðingar hljótist af. Mjer finnst ekki þurfa að ákveða neitt um þetta í fjárlögunum. Landsstjórnin hefur nóg fje til umráða, sem hún getur veitt annaðhvort sem lán, sem sveitin eða sveitirnar þá borguðu aptur síðar, eða þá, ef menn vildu það heldur, sem fjárstyrk, og mætti þá fá staðfesting þingsins fyrir þessari fjárreiðu eptir á, á næsta þingi. Jeg sje því enga ástæðu til, að nefnd verði sett til að íhuga þetta mál.

Síðan ljet forseti ganga til atkvæða, og var tillaga þessi um nefnd felld með 8 atkvæðum móti 3.

LXV.

Endurskoðun laga um skipun prestakalla.

Tillaga til þingsályktunar, um að setja nefnd til að endurskoða lög um skipun prestakalla, 27. dag febr. 1880. Frá 2. þingmanni Norður-Múlasýslu. Tillagan er prentuð í fyrri parti alþingistíðindanna bls. 59.

Á 8. fundi neðri deildar, 12. dag júlímánaðar, skýrði forseti deildarmönnum frá, að hann hefði fengið tillögu þessa, og á 10. fundi, 15. dag júlímánaðar, var sú uppástunga samþykkt, að tillagan yrði rædd í einni umræðu.

EIN UMRÆÐA Í NEÐRI DEILD,
á 14. fundi, 19. dag júlímánaðar.

Flutningsmaður (*Benidikt Sveinsson*): Þingdeildin mun minnast þess, hversu örðugt lög þessi áttu uppdráttar 1879, bæði hjer í þessari deild og í efri deildinni. Þetta sýna bæði þingræðurnar og atkvæðagreiðslan um málið. Að vísu er það satt, að ekki er langt um liðið, síðan lög þessi náðu staðfestingu, en svo er þó langt síðan og svo mikið hefur gjörzt síðan, að það verður að vera hverjum manni ljóst, að eins og lögin áttu örðuga leið gegnum deildina í hitt eð fyrra, eins mun þeim örðugt að ryðja sjer til rúms í rjettarmeðvitund þjóðarinnar. Þetta kemur ljóslega fram í umkvörtunum, sem koma frá landsmönnum sjálfum, frá stjórninni og hjer á þinginu; og allar þessar raddir gjöra svo mjög vart við sig, láta svo mikið til sín heyra, að jeg get ekki betur sjeð, en að fyllsta ástæða sje til þess fyrir þingið, að taka þær til greina, að gjöra tilraun til, að greiða götuna fyrir því, að nauðsynlegar breytingar verði gjörðar á lögum þessum, þó ung sjeu. Það, sem hjer þarf að breyta, það, sem er aðalgallinn á þessum lögum, er að minni hyggju það, að við samning þeirra og umræður hefur að eins, eða að mestu leyti, verið lögð áherzlan á

aðra hlið málsins, og það er *krónuhliðin*; það er krónubandið, sem hjer hefur verið bundið, eins og 1. þingmaður Eyfirðinga komst að orði, en ekki sálarbandið, ekki það innra andlega band, kærleikans, rjettlætisins og frelsisins band, sem á að samtengja prestinn og söfnuðinn. Lesi menn alþingistíðindin fyrir árið 1879, og munu fleiri verða á mínu máli um þetta. En þegar þessar tvær hliðar málsins voru aðgreindar, var það aðgreint, sem eptir eðli sínu ekki má aðgreina og ekki á að aðgreina. Hinar andlegu þarfir safnaðanna eru nefnilega, þegar vel er að gætt, óaðgreinanlegar frá hinni hliðinni. Grundvöllur þessa máls er, að allir söfnuðir eru jafnrjettháir í peningalegu og andlegu tilliti, og á hinn bóginn, að prestarnir hafi einnig samsvarandi jafnrjettiskröfur á báða bóga, því að staða þeirra og köllun allra er jafnþýðingarmikil, jafnháleit og jöfnum veraldlegum og andlegum skilyrðum bundin. Hver maður verður þá að sjá, að mismunurinn á prestaköllunum, eins og hann er í lögum 27. febr. 1880, er beint og blátt áfram ranglæti, bersýnilegt ranglæti, bæði á móti prestunum og söfnuðunum. Söfnuðir í þeim brauðum, sem illa eru launuð, geta ekki átt von á, að fá eins góða presta og söfnuðir þeirra brauða, sem vel eru launuð. Fátæku brauðin, eða söfnuðir þeirra, verða þá auðsjáanlega á hakanum. Sama er að segja um prestana sjálfa á þessum brauðum; þeir verða einnig settir hjá, þar sem þeir þó eiga sama rjett til launa og prestar í betri brauðum. Setjum, að söfnuðum yrði veittur rjettur til að kjósa sjer prest, og þetta er á vörum þingsins; er þá ekki í augum uppi, að sá söfnuður, sem hefur ríflega laun að bjóða presti sínum, fái betri prest en hinn, sem lítið hefur að bjóða? Jú sannarlega. Prestarnir eru líka menn, og er ekkert náttúrlegra, en að þeir fari þangað, sem þeim er betur launað. Mismunur prestakallanna veldur öðru tjóni, og það er það, að prestar sækja burt frá einu brauðinu til annars; þeir ganga, ef sú samlíking ætti við, frá Heródes til Pílatusar, og þeim hættir við, að skoða veru sína á brauðunum sem að eins um stundarsakir. Þetta hefur skaðlegar afleiðingar, hann byggir ekki upp prestsetrið, gjörir ekki jarðabætur, festir ekki það ástarband, sem hann á að festa, til safnaðarins, af því að hann skoðar sig sem framandi, sem eins konar gest hjá söfnuðunum, og að hann eigi þar að eins dvalarstað um stundarsakir. Jeg hef sjeð þess sorgleg dæmi, að nýtur prestur og góður kennimaður hefur, og það nýlega, farið frá hræðilega niðurnýddu brauði, af því að hann vildi ekki kosta þar neinu til, og hann vildi ekki kosta þar neinu til af því, að hann ætlaði sjer ekki að njóta þess, heldur fá annað feitara brauð. Sakir þessara innri aðalgalla á þessu máli, þessari löggjöf, legg jeg það til, að nefnd sje kosin til að íhuga málið í heild sinni, ef vera mætti, að hún sæi ráð til að bæta úr þessum allsherjar vandkvæðum, sem fyr eða seinna hlýtur að verða þessum lögum að fótakefli, og blómgun kristilegrar kirkju hjer á landi. Jeg er veraldlegrar stjettar maður, og er því ef til vill ekki eins gagntekinn af hinum kristilega rjettlætis- og jafnrjettisanda eins og hinir háæruverðugu geistlegu herrar, en sýni þá hver, sem sýna vill, að þeir gallar, sem jeg hef bent á, sjeu ekki sannir og rjett til greindir, að það sje því ekki takandi til greina, sem jeg hef nú mælt. Felli þá deildin málið, ef hún vill; afleiðingarnar munu innan skamms sýna sig.

Þorkell Bjarnason: Jeg get eigi verið hinum heiðraða 2. þingmanni Norður-Múlasýslu samdóma um það, að nauðsyn beri til að setja nefnd til þess, að endurskoða lög 27. febr. 1880. Lög þessi eru svo ung, að ekki er komin enn fullnægjandi reynsla fyrir því, hvort þau eru brúkanleg eða ekki. Mál þetta var svo vel undir búið, áður en það kom á þingið 1879, að svo má að orði kveða, að alls hefði verið gætt: bæði rjettar safnaðanna og presta, og þarfa hvorratveggja. Það var fyrst rætt nákvæmlega á hjeraðsfundum, síðan var skipuð utanþingsnefnd, til að hugleiða málið, og frá

nefndinni gekk það til stjórnarinnar, og kom frá henni aptur sem frumvarp til þingsins. Hinn heiðraði þingmaður talaði um það, að mál þetta hefði átt örðugt uppdráttar á síðasta þingi í báðum deildum; en getur hann efazt um, að það mundi nú einnig eiga örðugt, ef það væri tekið fyrir, og má ske að því yrði alveg spillt úr því, sem nú er? Það virðist og því minni nauðsyn bera til, að taka þetta mál fyrir í heild sinni, þar sem hverri sókn er heimilt, að koma fram með umkvartanir um sóknarmálefni sín fyrir þingið, hvort sem heldur eru kvartanir um sóknarskipun og tillögur um hagkvæmara fyrirkomulag þeirra, eða það eru kvartanir um, að brauðið sje illa launað. Og þegar kvartanir koma þannig, er það rjett aðferð, að þingið taki þær til íhugunar. Það er auðvitað, að lög þessi eru mannaverk, eins og annað, sem vjer gjörum, (*Benidikt Sveinsson:* Slæmt mannaverk), og gallar náttúrlega á þeim, og þessa galla ber að leiðrjetta, þá er þeir eru orðnir augljósir, er bent hefur verið á þá og þeir gjörðir bersýnilegir. Hinn heiðraði þingmaður sagði, að lög þessi ættu örðugt með að ryðja sjer til rúms hjá þjóðinni. Það má vel vera, að svo sje fyrst í stað. Jeg skal taka til dæmis Kjalarnesþing, sem sameinuð hafa verið við Mosfells- og Reynivallaprestaköll. Fyrst eptir sameining þessa ljetu menn í ljósi megnustu óánægju yfir henni, en nú, þegar 6 ár eru liðin síðan, hygg jeg að margir mundu svara, ef þeir væru spurðir að, hvort þeir vildu skiljast aptur frá, að þeir gæfu ekki um það. Hinn háttvirti þingmaður talaði um, að það væri *krónubandið*, sem þingið hefði fjallað um, er lög þessi voru samin, en eigi *sálarbandið*. Hvað því viðvíkur, hygg jeg þó, að sálarbandið geti fengið að njóta fullkomins rjettar síns, þar sem hjeraðsfundunum í lögunum um stjórn safnaðarmála er heimilað, að bera upp tillögur sínar um sjerhvert kirkjulegt málefni. Þá talaði hann um, að það væri mesti skaði fyrir söfnuðina, að prestar væru ójafnt launaðir, er leiddi til þess, að þeir vildu skipta um, til þess að fá betri brauð. Jeg verð að álíta það sanngjarnt, að þeir prestar hafi von um að fá betri laun með tíma, sem betur gæta skyldna sinna, sem betur rækja sína köllun en aðrir. Og jeg get ímyndað mjer, að það sje einmitt mikil hvatning fyrir prestinn, að gæta skyldu sinnar með árvekni, að hann sjer, að hann getur átt von á betri kjörum seinna meir og aðgang að betur launuðu embætti. Að prestar skipti um brauð, verð jeg að telja miklu fremur gagnlegt en skaðlegt, því að með prestaskiptum er opt líka skipti á andlegum skoðunum, og það getur einmitt orðið til þess, að vekja nýtt andlegt líf, þar sem hætt er við, að það kunni að dofna, ef sami prestur er mjög lengi í sama brauði. Hinn heiðraði þingmaður sagði og, að prestar bættu eigi jarðir sína, þar sem þeir hugsuðu um, að komast burtu sem bráðast. Jeg verð að segja, að það sje eigi aðaltilgangurinn og eigi aðalætlunarverk presta, að starfa að jarðabótum, heldur hitt, að kenna guðsorð og góða siði. Jeg vil því mæla móti því, að nefnd verði kosin í þetta mál, því ef það verður niðurstaðan, að sú nefnd ræður til að hreifa fyrir alvöru þessu máli, er það óheppilegt.

Varaforseti: Jeg hef heyrt marga segja: Fallega fórust hinum heiðraða 2. þingmanni Norður-Múlasýslu orð í gær, og hygg jeg, að hann hefði gjört rjettast í, að láta við það standa, en halda eigi þessa ræðu í dag, því að í dag halði hann í fæstum greinum rjett að mæla. Í gær talaði hann af lifandi sannfæring, í dag ekki, í gær af ljósri þekking, í dag af óljósri. Hann sagði, að lög þessi hefðu átt örðugt uppdráttar á þingi. Jeg vil minna hann á, að svo er um fleiri þingmál, t. a. m. lagaskólann; það mál hefur fallið á fleiru en einu þingi. (*Benidikt Sveinsson*: Nei!). Jú. Hann sagði, að lög þessi ættu erfitt með að ryðja sjer til rúms í sannfæring þjóðarinnar. Þá verð jeg að vera samdóma hinum háttvirta samþingismanni mínum og segja, að engin reynslusönnun sje fyrir því. Í mínu prófastsdæmi

hefur engin óánægja komið í ljós út af lögum þessum, og hvergi, þar sem jeg þekki til. Hitt skiptir meiru, þar sem hinn háttvirti þingmaður segir, að eigi hafi verið hugsað um aðalatriði málsins á þinginu 1879, heldur að eins um krónurnar. Þessu verð jeg að mótmæla með öllu. Bæði jeg og fleiri af mönnum þeim, sem í nefndinni voru, hugsuðu einmitt einkum og sjerstaklega um hinar andlegu þarfir safnaðanna. Þetta mál var fyrst rætt á hjeraðsfundum, síðan á «*synodus*», þar næst aptur á hjeraðsfundum, einmitt þannig, að eigi prestar, heldur söfnuðurnir skyldu hafa yfirgnæfandi atkvæði. Þetta mál var þannig rætt á 2 hjeraðsfundum, og voru uppástungur þeirra beggja mjög svipaðar; síðan var sett utanþingsnefnd í málið, og ræddi hún það ýtarlega á mörgum fundum. Þessar uppástungur, þetta álit hjeraðsfundanna hafði nú alþingi fyrir sjer 1879, og áleit sjer skylt að fara eptir því sem mest, og taka það til greina í öllum höfuðatriðum. Hinn heiðraði samþingismaður minn hefur hrundið nægilega áburðinum um *krónuband* það, sem hinn háttvirti flutningsmaður talaði um, en eins og meðferð málsins sýnir, að áburður þessi er rangur, svo vil jeg mótmæla honum með öllu. Jeg skal annars játa það, að mjer er eigi fullkomlega ljóst, hvað hinn háttvirti flutningsmaður vill með tillögu þessa. Ef það er meining hans, að vilja umsteypa gjörsamlega öllu og gjöra nýjan himin og nýja jörð, þá gæti orðið fróðlegt að sjá þá breytingu. En ef hann vill að eins gjöra nokkrar breytingar, þá vil jeg benda honum á 4. grein nefndra laga; hún hljóðar svo: «Nú vilja söfnuðir breyta skipun sókna eða brauða, og hjeraðsfundur samþykkir, þá er rjett að landshöfðingi með ráði biskups samþykki breytinguna», o. s. frv. Lögin benda þannig sjálf á, hverja leið skal ganga, ef bæta þarf úr göllum á þeim, sem augljósir verða. Þetta er sú löglega leið, en eigi hitt, að *construera* eptir hugmyndum, er maður býr sjer sjálfur til, og ekki er byggð á reynslusönnun. Hinn heiðraði flutningsmaður sagði, að allir söfnuðir og allir prestar hefðu jafnar kröfur. Jú, jeg sem Sunnlendingur hef jafna kröfu til að hafa minna regn, en jeg hef, og Norðlendingurinn til að hafa minni kulda. En rjettur manna er að nokkru leyti bundinn við hæfilegleika þeirra og margt fleira. Það var mikið talað á þingi 1879 um jöfnuð brauðanna, og þá var það rjettilega af ráðið, að minni ætlun, að bæta hin rýrari brauðin svo, að þau væru lífvænleg, en láta þó hin beztu brauð eigi vera launuð hærra en svo, að laun þeirra væru hófleg. Það er eðlilegt, að hin beztu brauð hreppi annaðhvort hinir beztu prestar eða þeir, sem gamlir eru og lengst hafa unnið í víngarðinum Eptir hverjum mælikvarða sem hinn háttvirti flutningsmaður vill mæla, held jeg þó, að hann fái eigi annan sanngjarnari. Það er jafnan hægra, þar sem fá eru embætti, að hafa jöfnuð á þeim, en þar sem prestaköll eru svo mörg, eða 140 á landinu; þá er erfiður jöfnuðurinn, þar sem 140 embætti eru; enda þarf ærið fje, ef þau eiga öll jöfn að vera, ef launin eiga að vera svo há, að með sanni verði sagt: «þetta eru nóg laun fyrir hvern sem er». Hinn háttvirti flutningsmaður taldi það galla, að prestar flyttu opt af brauðum, en jeg get eigi talið það galla í öllu, og getur það jafnvel í andlegu tilliti haft kosti. Þegar prestur hefur setið í sama brauði 40—50 ár, og hefur prjedikað út af sömu guðspjöllunum þann tíma, þá virðist breytingin geta orðið bætandi. Að prestar gjöri síður jarðabætur, af því að þeir flytji, er með öllu rangt. Að betri brauð eru til, getur einmitt verið hvöt fyrir prestinn, að bæta sitt brauð; þessa hvöt hefur margur haft, og hana hef jeg sjálfur haft, og jeg efazt ekki um, að hinn heiðraði flutningsmaður mundi sjálfur hafa hana, ef hann væri prestur. Jeg vil ráða alvarlega hinni heiðruðu deild, að láta þetta mál bíða á þessu þingi, láta reynsluna sýna gallana og hjeraðsfundina koma með breytingartillögur. Jeg skal fúslega játa galla á lögum þessum, því að margt var við að

stríða, þá er þau voru samin, og margt fór miður, en ætlazt var til. En grundvöllur laganna er rjettur, og margir hafa talið, að ef nokkuð væri, þá hafi verið farið allt of langt í því, að jafna brauðin, því ísjárvert er, að taka stórfje frá einni kirkju til annarar.

Flutningsmaður: Jeg má fullyrða, að þessir tveir háttvirtu herrar hafa fjarskalega misskilið mig. Jeg afbið mjer, að jeg hafi ávítað hina háttvirtu nefnd, sem fjallaði um málið á þinginu í hitt eð fyrra. Varaforseti sagði, að hún hefði átt við mikið að stríða; það veit jeg ekki; jeg dæmi að eins um lögin, eins og þau komu seinast úr hennar höndum, og eins og þau liggja fyrir nú. En játa skal jeg það fúslega, að þau bera ljósan vott um sorglega baráttu á millum holdsins og andans. Þeir segja lögin hafi enga reynslu enn. Hvað kemur þá til þess, að næstum hver maður segir lögin sjeu óhafandi, ef það er satt, að þau þurfi meiri reynslu? Hvað kemur til þess til dæmis, að nefndin lagði til, eins og varð, að Skinnastaðir og Garður væru sameinuð, þar sem Jökulsá á Fjöllum beljar á milli, versta vatnsfall á Íslandi, og sem hvergi er reið fjalls og fjöru í milli, opt með svo ægilegum öldum, að langt er yfir það, að hún sje ferjandi á þeim stað, sem presturinn á að fara yfir hana? Hvaða vit er nú í slíkri sameiningu þvert ofan í vilja safnaðanna? Þessi brauð leggur nefndin til að sjeu sameinuð, og það, vel að merkja, þvert ofan í tillögur hjeraðsfundarins (*Varaforseti*: Nei). Jeg er kunnugri málinu; jeg er valdsmaður í þessum þinghám, og þekki, að sameining Skinnastaða og Garðs er bæði *óhafandi* í sjálfu sjer og þvert ofan í vilja bæði safnaðanna og tillögur hjeraðsfundarins, sem á undan lögunum gekk. Og hvað kemur til þess, að stjórnin sjálf hefur komið með frumvarp inn á þingið til að breyta þessum lögum, ef þau eru góð? En nú hefur mjer ekki dottið í hug að breyta þeim á þessu þingi; jeg hef einungis farið fram á, að þau væru *íhuguð* í nefnd til undirbúnings. Jeg legg alla áherzluna á rjettlætið og jafnrjetti safnaðanna og prestanna; það eru grundvallaratriði málsins; fram hjá þeim má ekki ganga. En þetta vill hinn háttvirti 1. þingmaður Kjósar- og Gullbringusýslu eigi heyra á nafn nefnt. Nei, því hann segir, að rjettlæti og jafnrjetti sjeu á regni eins og sólskini, hita og kulda, hríð og hálku. Góðar eru samlíkingar hinna geistlegu herra, góð er skoðun þeirra á jafnrjetti og rjettlæti, máttarstólpunum undir öllum borgaralegum lögum og mannlegri fjelagsskipun. Kyn er þó . . .! Smámótbárur ætla jeg ekki að elta. Mjer er nóg, að meginsetning mín stendur óhrakin sem hús á bjargi byggt, að grundvöllur málsins sje jafnrjetti safnaða og presta. Sú rjettlætissetning á yfirborðinu, að feitu brauðin *hafi* átt og *eigi* fasteignirnar, hefur verið rofin í lögunum 27. febr. 1880, án þess þau þó fullnægði hinu skilyrðinu, jafnrjettinu, sem að vera bar. Lögin eru hálfverk. Þau eru grundvallarlaus, því rjettlætið hafa þau rofið, og jafnrjettinu fullnægja þau ekki. 2. þingmaður Gullbringusýslu sagði góðu prestarnir væru á góðu brauðunum. Skyldi það vera svo alstaðar? Skyldi hann sjálfur vilja láta við hafa þennan mælikvarða sem áreiðanlegan dóm um sjálfan hann? Skyldu menn þá eiga að læra að verða góðir prestar á litlum brauðum? Þessi nýja lífsalda, sem þeir háttvirtu geistlegu herrar tala um, skyldi hún koma þaðan? Frá krónu upphæðinni? Jeg hjelt, að þessi nýja *lífsalda* lægi í ritningunni sjálfri, sem ótæmandi lífsuppsprettu. Hún hjelt jeg væri nægileg lífsuppspretta öllum prestum, hve lengi sem þeir eru prestar í sama brauðinu.

Þá er hjer var umræðunni komið, beiddust:

Jón Ólafsson,
Þórður Magnússon,
Þorlákur Guðmundsson,
Þorsteinn Jónsson,
Þorkell Bjarnason,
Þórarinn Böðvarsson,

Grímur Thomsen,
Holgeir Clausen,
að umræðunnm væri hætt, og var það samþykkt.

Því næst bar forseti undir atkvæði tillöguna sjálfa, og var hún felld með 13 atkvæðum gegn 5.

LXVI.

Safn af gildandi lögum.

Tillaga til þingsályktunar um safn af gildandi lögum. Frá 1. þingmanni Eyfirðinga, 1. þingmanni Suður-Múlasýslu, 1. þingmanni Skagfirðinga, og 1. þingmanni Norður-Múlasýslu. Tillagan er prentuð í fyrri parti alþingistíðindanna, bls. 142.

Á 17. fundi neðri deildarinnar, 21. dag júlímánaðar, skýrði forseti deildarmönnum frá, að hann hefði fengið tillögu til þingsályktunar um safn af gildandi lögum, og á 18. fundi, 22. dag júlímánaðar, samþykkti þingdeildin þá uppástungu forseta, að tillaga þessi skyldi rædd í einni umræðu.

EIN UMRÆÐA Í NEÐRI DEILD,
á 52. fundi, 17. dag ágústmánaðar.

Flutningsmaður (Arnljótur Ólafsson:) Jeg ber hezta traust til þess, að hin háttvirta þingdeild finni það með mjer, og játi, að mjög æskilegt væri, að eiga safn af gildandi lögum hjer, því að þótt vjer eigum «Lovsamling for Ísland», þá innheldur þetta safn nálega $^{9}/_{10}$ parta lög, sem ekki gilda framar, en inniheldur aptur á móti ekki mörg þau lög, sem enn gilda hjer og standa í lögbókum Dana og Norðmanna. Vjer hljótum því að finna til þess, hve örðugt það er, þótt vjer eigum þetta umgetna lagasafn, hvað gildandi lög eru, en ef til væri lagasafn það, er hjer ræðir um, væri það fyrst og fremst auðkeypt fyrir menn, því að það kostaði varla meira en $^{1}/_{8}$ part af því, sem «Lovsamling for Ísland» kostar, og gæti því hver þingmaður keypt það og átt. Í öðru lagi er það mjög hentugt, að hafa í einu bindi nákvæmt efnistal eða registur, svo hægt sje að sjá, hvað til heyrir hverjum bálki laganna, hvað t. a. m. heyrir til dómskipun, ýmsum greinum þegnlagabálks o. s. frv., og með því móti væri auðvelt að fá gott yfirlit yfir hin gildandi lög. Þetta lagasafn hefur sjálfsagt talsverðan kostnað í för með sjer, en fjárlaganefndin hefur með tilliti til þessa fært svo mjög upp 16. gr. fjárlagafrumvarpsins, sem inniheldur fje það, sem ætlað er til verklegra og visindalegra fyrirtækja. Jeg skal svo eigi orðlengja meira um þetta, en vona, að allir, sem fróðleik unna, sjeu mjer samdóma.

Jón Jónsson: Jeg vil og leyfa mjer að mæla með þessari tillögu. Jafnvel þótt maður eigi «Lovsamling for Ísland», getur slíkt ágrip af hinum gildandi lögum og það, er getur um í uppástungunni, komið manni að miklum notum.

Fleiri tóku eigi til máls, ljet þá forseti ganga til atkvæða, og var þá tillagan samþykkt í einu hljóði, kvaðst þá forseti mundu senda hana til forseta efri deildar með tilmælum um, að leggja hana fyrir deildina.

Á 40. fundi efri deildarinnar, 19. dag ágústmánaðar, skýrði forseti frá, að hann hefði fengið frá forseta neðri deildarinnar tillögu, til þingsályktunar um safn af gildandi lögum.

Á 41. fundi, 20. dag ágústmánaðar, var sú uppástunga forseta samþykkt, að hafa eina umræðu um tillögu þessa.

EIN UMRÆÐA Í EFRI DEILD,
á 42. fundi, 22. dag ágústmánaðar.

Tillagan, eins og hún var samþykkt af neðri deild, sjá I, 551.

Magnús Stephensen: Mjer er ekki ljóst, út á hvað þessi þingsályktunartillaga gengur; hvort meiningin er, að gefa út bók, sem segi, hvaða lög sjeu gildandi hjer, og hvaða lög gildi hjer ekki, eða hvort meiningin er sú, að gefa út lagasafn, sem innihaldi þau lög, er útgefendurnir fyrir sitt leyti álíta að sjeu hjer gildandi. Sje þetta síðara meiningin, þá get jeg fremur skilið tillöguna, en sje hitt meiningin að gefa út autoriseraða lögbók, svo að allt sem í bókinni stæði, væri lög, en annað ekki, þá fer tillagan fram á það, sem löggjafarvaldið að minni ætlun getur ekki samþykkt, því samkvæmt stjórnarskránni geta engir aðrir en dómstólarnir skorið úr því, hvað sjeu lög, og hvað ekki; löggjafarvaldið getur sjálfsagt með lagaboði gjört út um það, að það og það skuli vera lög, og hitt skuli ekki vera lög, en það getur ekki falið neinum öðrum á hendur, að skera úr því. Sje það aptur meiningin, að gefa út safn af lögum, sem útgefendurnir fyrir sitt leyti álíta að sjeu hjer gildandi, þá hefur þetta í fyrsta lagi talsverðan kostnað í för með sjer fyrir landssjóðinn. Hvert bindi af stóra lagasafninu, sem er 17 bindi, kostaði landssjóðinn allt að 2000 kr. Þetta lagasafn yrði nú miklu styttra en það, sem jeg drap á, en jeg er viss um, að það yrði þó fleiri en eitt bindi, og mundi það þá ekki kosta landssjóðinn lítið fje. Í öðru lagi væri þetta hið mesta vandaverk fyrir útgefendurna; hjer er farið fram á, að safna saman í eina heild öllum lögum og lagagreinum, sem hjer á landi eru gildandi, að undanteknu því, sem enn er í gildi af Jónsbók; eptir þessu eiga útgefendurnir þá að tína úr lögum Kristjáns V., norsku lögum og dönsku lögum, allar þær lagagreinir, sem hjer eru gildandi; sömuleiðis eiga þeir að safna því, sem enn er í gildi úr Kristinrjetti gamla eða Kristinrjetti Þorláks og Ketils og úr Kristinrjetti Árna biskups, og meta, hvað enn er í gildi og hvað ekki, og svo loks að fara yfir allan þann grúa af tilskipunum, konungsúrskurðum o. s. frv., sem síðar hafa út komið, og rannsaka, hvort og að hve miklu hvert einstakt slíkt lagaboð hefur verið lögleitt hjer, og hvort það sje enn í gildi. Jeg ímynda mjer, að örðugt mundi verða að fá menn til að vinna að þessu safni, og það mundi verða landssjóðnum mjög dýrt að gefa það út. Jeg verð því að vera á móti tillögunni, hver sem svo hefur verið meining neðri deildarinnar með henni.

Jón Pjetursson: Jeg er alveg samdóma hinum háttvirta 4. konungkjörna þingmanni. Jeg álít þetta alveg ókljúfandi verk. Þar sem þeir menn, er að lagasafni þessu ynnu, hlytu að ganga í gegnum öll eldri lög og yngri og taka úr þeim klausu og klausu, sem enn væri hjer gildandi. Auk þessa álít jeg ekki grundvöllinn rjettan í ákvörðun tillögunnar, því jeg álít, að helzt ætti að byrja á Jónsbók, og segja, hverjar af ákvörðunum hennar sjeu úr gildi numdar og hverjar sjeu enn gildandi; sama er að segja um Kristinrjett; það yrði líka að gæta að, hvort ekki væri neitt í honum, sem enn væri gildandi hjer á landi. Jeg held því, að þingið ætti ekki að skora á landshöfðingja um útgáfu slíks lagasafns.

Sighvatur Árnason: Jeg er að nokkru leyti á sama máli, sem hinir háttvirtu þingmenn, er talað hafa um þessa tillögu frá neðri deildinni, en jeg vil bæta því við, að jeg álít, að þessi tillaga sje ekki borin upp á rjettum tíma. Löggjöf vor er einmitt nú að umskapast og myndast á ný, og því ætti að draga útgáfu slíks safns, en jeg skal játa það, að slíkt lagasafn gæti verið æskilegt að

fá á sínum tíma. Það liggur einmitt fyrir þing af þingi, að endurnýja löggjöf vora í stóru og smáu, og því álít jeg rjett, að fresta þessari tillögu í þetta sinn fyrir það fyrsta.

Síðan ljet forseti ganga til atkvæða, og var tillagan felld með öllum atkvæðum.

LXVII.

Rjettindi ýmissa trúarfjelaga.

Tillaga til þingsályktunar, að neðri deild setji nefnd til að semja frumvarp til laga um rjettindi þeirra trúarfjelaga, er ekki eru í þjóðkirkjunni. Frá 2. þingmanni Suður-Múlasýslu. Tillagan er prentuð í fyrri parti alþingistíðindanna, bls. 279.

Á 18. fundi neðri deildarinnar, 22. dag júlímánaðar, skýrði forseti deildarmönnum frá, að hann hefði fengið tillögu þessa, og á 37. fundi, 8. dag ágústmánaðar, var sú uppástunga samþykkt, að útkljá tillöguna í einni umræðu.

EIN UMRÆÐA Í NEÐRI DEILD,
á 43. fundi, 11. dag ágústmánaðar.

Flutningsmaður (*Jón Ólafsson*): Jeg ætla mjer ekki að tala neitt í máli þessu, en óska þess einungis, að nefnd verði sett í það, og óska og vona, að við þá nefndarkosninga verði eigi gengið fram hjá hinni sömdu stjett (*Arnljótur Ólafsson*: Ætli það væri ekki eins gott að hafa lagamann líka). Jú, vafalaust!

Halldór Friðriksson: Hvað á þessi nefnd eiginlega að gjöra? Ekki getur hún samið lög, því það er orðið of seint.

Flutningsmaður: Ef nefndin flýtir sjer með frumvarpið, getur það þó ef til vill gengið gegn um þingið enn þá. Jeg vil í öllu falli mælast til þess, að nefndin sje kosin. Geti hún eigi lokið málinu, getur þó verk hennar orðið undirbúningur undir næsta þing.

Þorlákur Guðmundsson: Jeg vil leyfa mjer að stinga upp á 3 manna nefnd.

Var því næst samþykkt að kjósa skyldi nefnd í málið, og hlutu þessir kosningu:

Jón Ólafsson með 15 atkvæðum.
Þorkell Bjarnason með 11 atkv.
Lárus Blöndal með 11 atkv.

Frá nefndinni kom eigi neitt álit, og kom málið eptir þetta eigi til umræðu á þinginu.

LXVIII.

Fyrirspurn til landshöfðingja

um skilning á 7. gr. laga, 27. febrúar 1880, um stjórn safnaðamála. Frá 2. þingmanni Suður-Múlasýslu. Fyrirspurnin er prentuð í fyrri parti alþingistíðindanna, bls. 61.

Á 8 fundi neðri deildarinnar, 12. dag júlímánaðar, skýrði forseti frá, að fyrirspurn til landshöfðingja væri til sín komin frá 2. þingmanni Suður-Múlasýslu, viðvíkjandi skilning á 7. gr. í lögum um stjórn safnaðarmála, 27. febr. 1880, og á sama fundi leyfði deildin, að fyrirspurnina mætti upp bera.

Á 14. fundi neðri deildar, 19. dag júlímánaðar, var fyrirspurnin borin upp.

Jón Ólafsson: Þessi fyrirspurn er sprottin af 7. gr. laga um stjórn safnaðarmála og skipun sóknarnefnda og bjeraðsnefnda. Greinin hljóðar þannig: «Þegar prestakall er undir veitingu, hefur hlutaðeigandi sóknarnefnd rjett á, að mæla fram með einum umsækjanda».

Nú hefur svo komið fyrir, eins og flestum er kunnugt, að sóknarnefnd hefur skrifað biskupi og beðið að láta sig vita, hverjir sæktu um brauðið, sem þá var undir veitingu. Nefndin gekk út frá því, að hún ætti heimting á, að vita um nöfn allra þeirra, er um brauðið sæktu; hún hugðist þurfa að þekkja þá alla, til að geta mælt fram með einum einstöku umsækjanda. Lögin frá 27. febr. 1880 veita söfnuðinum rjett til þess, að mæla með einum umsækjanda. En veitingarvaldið er eigi bundið við meðmælinguna; það eru því að eins siðferðisleg áhrif, sem sóknarnefndirnar geta haft á veitinguna, en nokkurn juridiskan rjett, til að eiga þátt í veitingunni, hafa þær ekki; og þegar nú þessi rjettur er svo óendanlega rýr, þá er auðsætt, að hann þolir ekki, að af honum sje klippt; og alveg óþolandi verð jeg að kalla það, þegar söfnuðirnir eru sviptir rjettinum að nota þennan sinn litla lögheimilaða meðmælisrjett. Má vera, að lögin sjeu biskupinum ógeðfelld, en allir hljóta að kannast við, að það er ekki lagalegur vegur, að biskupinn reyni að eyða áhrifum laga, sem honum eru ógeðfelld, með því, að leggja þann skilning í þau, sem er óeðlilegur, en það virðist mjer biskupinn hafa hjer gjört. Hvernig landshöfðinginn tók í málið, er kunnugt af brjefi hans til biskupsins 30. okt. f. á., og hlaut öllum að vera mjög ógeðfellt, að hann skyldi fallast á þennan skilning herra biskupsins, og hryggir það mig stórum, að svo skyldi reynast. Það getur ekki verið tilgangur laganna, segir biskupinn, að láta söfnuðina fá nokkurn þátt í veitingarvaldinu, heldur sje þeim einungis með þessu gefinn kostur á, að segja álit sitt um umsækjendur. En hvernig á jeg að segja um prestana, er um brauðið sækja, hvern jeg vil af þeim helzt kjósa, eða mæla fram með einum þeirra, nema jeg eigi kost á að vita, hverjir þeir eru. Til að geta valið, er nauðsynlegt að vita, um hvað er að velja. Sje því heimilt að neita mjer um að vita það, hverjir sækja, hvaða rjett hef jeg þá til að velja? Þessi rjettur, sem söfnuðunum er gefinn með 7. gr. áðurgreindra laga, fellur um koll og verður að alls engu við hinn óeðlilega skilning veitingarvaldsins á greininni, og skil jeg þá ekki, hvaða þýðingu hún hefur í lögunum. En má vera hinn háttvirti landshöfðingi skýri greinina fyrir mjer og skilning hennar á þann hátt, er mjer verði fullnægjandi, og ætla jeg því að híða þess, ef svo kann að verða.

Landshöfðinginn: Fyrirspurn hins háttvirta 2. þingmanns Suður-Múlasýslu hljóðar þannig: «Hvernig skilur veitingarvaldið ákvæði 7. gr. í lögum um stjórn safnaðarmála, dagsettum 27. febrúar 1880?» og þessi lagagrein er þannig hljóðandi: «Þegar prestakall er undir veitingu, hefur hlutað-

eigandi sóknarnefnd rjett á, að mæla fram með einum umsækjanda».

Þessi lagagrein virðist mjer í sjálfu sjer auðskilin, og þar að auki gefa umræðurnar um hana á alþingi í hitt eð fyrra góða leiðbeiningu til þess að skilja hana, og hefur þetta verið tekið til greina í brjefi landshöfðingja til biskups, sem hinn háttvirti þingmaður einnig vísaði til í ræðu sinni frá 30. nóvember f. á., og sem prentað hefur verið í stjórnartíðindunum, 8. tölulið, bls. 172. Þetta brjef virðist mjer reyndar hafa inni að halda nægilegt svar upp á fyrirspurnina, en jeg skal samt sem áður, eptir tilefni því, sem hún gefur, bæta nokkrum athugasemdum við það.

Þegar frumvarp það til laga um stjórn safnaðarmála og skipun sóknarnefnda og hjeraðsnefnda, sem staðfest er með lögum 27. febr. f. á., var samþykkt af neðri deild alþingis í hitt eð fyrra, var bætt við 7. gr. þessum orðum: «og hefur hún (sóknarnefndin) heimting á, að meðmæli hennar sjeu tekin til greina við veitinguna, að svo miklu leyti, sem þau eru á rökum byggð», en þessi síðari málsliður greinarinnar var felldur úr af efri deildinni, og hin háttvirta neðri deild fjellst á breytinguna, þegar frumvarpið samkvæmt þingsköpunum kom hjer til einnar umræðu, og má ganga úr skugga um það með því, að lesa alþingistíðindin, sjer í lagi bls. 645, 646, 649, 662 og 663, að alþingi hefur ekki lagt neina aðra þýðing í greinina, en sjálf orðin í henni bera með sjer. En þau geta ekki misskilizt; þau veita sóknarnefndinni rjett til, þegar prestakall er undir veitingu, að mæla fram með einum umsækjanda, og brjef landshöfðingja af 30. október f. á. tekur það fram með berum orðum, að «það leiði af sjálfu sjer, að þegar sóknarnefnd vill neyta þessa rjettar síns, ef slík meðmæli eru á góðum rökum byggð, verður tekið tilhlýðilegt tillit til þeirra við veitingu prestakallsins».

Lögin frá 27. febrúar f. á. veita ekki sóknarnefndunum neina hlutdeild í veitingunni sjálfri, og það var með berum orðum tekið fram í umræðunum um lagafrumvarpið á alþingi 1879, að þetta væri ekki tilgangur þess, og það var einmitt til þess, að taka af allan vafa um það, að efri deild breytti ákvörðun þeirri, er jeg nýlega gat um í 7. gr., og skal jeg í því tilliti vísa til orða hins háttvirta þingmanns Norður-Þingeyinga (alþingistíðindin 1879, II, bls. 659—60 o. s. frv.) og þennan tilgang breytingarinnar kannaðist hinn háttvirti framsögumaður í þessari heiðruðu deild við, þegar málið hjer var til einnar umræðu í síðasta skipti, þar sem hann sagði (sbr. alþingistíðindin 1879 bls. 662—63): «Þó hefur hún (þ. e. efri deildin) kippt þessari ákvörðun út úr 7. gr. «og hefur hún heimting á» o. s. frv.; «þessi breyting er ekki óveruleg, en veldur þó ekki stórskaða á lögum þessum», o. s. frv. til «með eptirritið af meðmælisbrjefi sínu í höndum». 7. greinin gjörir heldur ekki veitingarvaldinu að skyldu, að senda hlutaðeigandi sóknarnefnd skrá yfir umsækjendurna, enda gæti þetta, eptir því sem hjer á landi hagar til, opt valdið óbærilegum drætti á veitingu brauðsins; greinin bendir ekki einu sinni með einu orði að því, og hún gæti að mínu áliti ekki gjört það, nema með því sama að taka það fram, sem einmitt var tilgangur alþingis í hitt eð fyrra að varast, sem sje að veita söfnuðunum hlutdeild í veitingunni sjálfri. Getur verið, að einhver þingmaður kynni að hafa haft þenna «*Bagtanke*», en hann kom ekki fram í umræðunum, og er þannig alveg þýðingarlaus. Jeg skal að svo stöddu ekki dæma um það, hvort þvílík ákvörðun um hlutdeild sóknarnefndarinnar í veitingarvaldinu kynni að hafa haft þau áhrif, að lögin ekki hefðu verið staðfest, eins og nokkrir þingmenn gjörðu ráð fyrir, en eins og þau eru samþykkt af alþingi og staðfest af hans hátign konungínum, veita þau ekki sóknarnefndunum neina hlutdeild í veitingarvaldinu, og skipa heldur ekki fyrir, að leita skuli álita hlutaðeigandi sóknarnefndar, áður en brauðið sje veitt, en 7. gr. lætur það alveg á valdi sóknarnefndarinnar, hvort hún vilji

neyta rjettar síns til að mæla með einum umsækjanda, og hvernig hún vilji gjöra það í hverju einstöku tilfelli; en gjöri hún það, jeg tek það upp aptur, «þá verða meðmæli hennar tekin til greina við veitinguna, að svo miklu leyti sem þau eru á rökum byggð», eins og segir í 7. grein lagafrumvarpsins, eins og neðri deildin hafði orðað það í hitt eð fyrra, þó að efri deildin hafi fellt þessi orð úr frumvarpinu.

Veitingarvaldið skilur þannig ákvæði 7. greinar í lögum um stjórn safnaðarmála og skipun sóknarnefnda og hjeraðanefnda frá 27. febr. 1880, samkvæmt orðum greinarinnar og anda þeim, sem alþingi í hitt eð fyrra lagði í greinina.

Jon Ólafsson: Jeg er hinum hæstvirta landshöfðingja þakklátur fyrir skýringar þær, er hann hefur í tje látið á 7. grein safnaðarlaganna, en jeg verð þó að játa, að þessar skýringar hafa ekki getað sannfært mig um, að hans skilningur á greininni sje rjettur. Jeg verð að ganga út frá því, að greinin hafi einhverja þýðingu; en eptir skilningi hins hæstvirta landshöfðingja efast jeg um hún hafi nokkra þýðingu. Því ekki getur biskupinn, ekki landshöfðingi, ekki alþingi, ekki jafnvel hans hátign konungurinn bannað söfnuðunum að mæla með einhverjum presta þeirra, er um brauð sækja. Nei! Þennan rjett höfðu söfnuðirnir áður, en tjeð lög komn út, og hann verður ekki frá þeim tekinn; en úr því þeir höfðu þennan rjett áður, geta þessi lög heldur eigi hafa gefið þeim hann; og þá er þessi grein, þessi ákvæði til einskis nýt. En jeg hygg minn skilningur sje rjettari, en hins hæstvirta landshöfðingja, og hygg jeg, að greinin gefi söfnuðinum *nokkurn* rjett, og að það megi skilja hana svo, að hún veiti söfnuðinum rjett, ekki til þess að eiga hlutdeild í veitingunni, heldur rjett til að eiga kost á, að koma fram með tillögur sínar, og það er allt annað. Áður höfðu söfnuðirnir rjett til, að mæla með einum af þeim sækjendum, er þeir vissu um; nú hafa þeir rjett til að vita um alla sækjendur; því söfnuður getur ekki með rökum mælt með einum, nema þeir þekki alla, sem um er að velja. Jeg skal ekki nota tækifæri þetta til að kasta steini á veitingarvaldið fyrir það, sem það hefur gjört, sízt fyrir það, að það hafi ekki haft tillit til meðmæla sóknarnefnda, þegar þau hafa legið fyrir. Þetta er allt annað mál. Um það setja lögin engin takmörk, hver áhrif meðmælin skuli hafa á veitingarvaldið. En fyrir hitt ámæli jeg biskupinum, að hann með því, að neita sóknarnefndum um að fá að vita, hverjir um brauð sæki, sviptir þá mögulegleikanum til að koma fram með meðmæli. En í því trausti, að það skilji greinina frjálslega og «*loyalt*» framvegis, þá leyfi jeg mjer að bera upp þá tillögu, að þingið fallist á svo hljóðandi dagskrá:

«Í því trausti, að veitingarvaldið vilji skilja þessi lög á frjálslegri hátt framvegis, óskar þingdeildin að tekið sje fyrir næsta mál á dagskránni».

Landshöfðingi: Jeg skal leyfa mjer að geta þess, í tilefni af dagskrá þingmannsins, að á þessu ári, síðan lögin komu út 27. febr f. á., hafa komið fyrir 18 brauðaveitingar. Meðmæli komu fram frá sóknarmönnum úr Hólma og Odda prestaköllum, en þá voru *ekki sóknarnefndir* skipaðar í brauðum þessum, svo 7. gr. tjeðra laga átti þar ekki við. Um 11 brauð, nefnilega: Hof og Spákonufell, Rín, Fjallaþing, Skinnastaði, Presthóla, Selvogsþing, Garpsdal, Húsavík, Hofsþing á Höfðaströnd, Flatey og Mývatnsþing, sótti ekki nema *einn* maður í hvert skipti, og hafði þá 7. greinin ekki mikla þýðingu fyrir þau. Í tvö brauð, Akureyri og Gilsbakka, eru skipaðir þeir prestar, sem söfnuðurnir mæltu með, en um 3 brauð, Árnes, Stafafell og Þingmúla, komu engin meðmæli fram.

Mjer virðist því veitingarvaldið skilja þessa umræddu 7. grein mjög «*liberalt*», eða, eins og þingmaðrinn kemst að orði, «*loyalt*», og þess vegna finnst mjer ekki nauðsyn fyrir hina heiðruðu deild, að samþykkja dagskrá þá, sem hinn háttvirti 2. þingmaður Suður-Múlasýslu stakk upp á.

(*Jón Ólafsson*: Þetta er allt annað en jeg talaði um). Eins og jeg hingað til hef skilið 7. gr. laganna frá 27. febr. 1880, og jeg held jeg hafi skilið hana «*liðeralt*», eins ætla jeg að gjöra í embættisstöðu minni, svo lengi sem greinin er í gildi.

Ljet forseti þá ganga til atkvæða um dagskráruppástunguna, en sökum óglöggrar atkvæðagreiðslu var við haft nafnakall og sögðu

Já:
Arnljótur Ólafsson,
Benidikt Sveinsson,
Jón Ólafsson,
Ólafur Pálsson,
Friðrik Stefánsson,
Þórður Magnússon,
Þorlákur Guðmundsson,
Þorsteinn Jónsson,
Þorvarður Kjerulf.

Nei sögðu:
Eiríkur Briem,
Magnús Andrjesson,
Eiríkur Kúld,
Grímur Thomsen,
Guðmundur Einarsson,
Halldór Friðriksson,
Holgeir Clausen,
Lárus Blöndal,
Tryggvi Gunnarsson,
Þórarinn Böðvarsson,
Þorkell Bjarnason.

Egill Egilson, Jón Jónsson og Þorsteinn Thorsteinson voru ekki á fundi.

Var uppástungan þannig feld með 11 atkvæðum gegn 9.

LXIX.

Fyrirspurn til landshöfðingja

um árangurinn af áskorun neðri deildar alþingis 1879 til landshöfðingja um prentun fyrirlestra prestaskólakennaranna. Frá 1. þingmanni Eyfirðinga. Fyrirspurnin er prentuð í fyrri parti alþingistíðindanna, bls. 136.

Á 15. fundi neðri deildar alþingis, 20. dag júlímánaðar, gat forseti þess, að hann hefði fengið fyrirspurn til landshöfðingja frá 1. þingmanni Eyfirðinga, viðvíkjandi prentun á fyrirlestrum kennaranna í prestaskólanum, og á 18. fundi, 22. dag júlímánaðar, samþykkti deildin, að fyrirspurn þessa mætti bera upp.

Á 36. fundi neðri deildar, 6. dag ágústmánaðar, var samkvæmt dagskránni fyrirspurn þessi borin upp.

Arnljótur Ólafsson: Jeg hef leyft mjer, að koma fram með fyrirspurn þessa, og hef það gjört í því meira trausti, sem jeg sje af ráðgjafabrjefi 25. maí 1880, að landshöfðinginn hefur dyggilega fram fylgt ályktun þingsins í hitt eð fyrra, og borið þetta upp fyrir ráðgjafanum, og hann tekið því vel og svarað, að æskilegt væri, að fyrirlestrar í prestaskólanum eða kennslubækur væru prentaðar, eða að minnsta kosti að kennararnir tækju til þær kennslubækur, sem þeir legðu til grundvallar fyrir fyrirlestrum sínum á prestaskólanum. Ráðgjafinn játar því, að þingsályktunin sje á góð-

um rökum byggð, og að áríðandi sje, að lærisveinar hefðu fyrir sjer bók, sem lægi til grundvallar fyrir nánari útlistun fyrirlestranna, og þeir því gætu farið eptir. En fyrirspurn mín lýtur að því, hver árangur hefur orðið, síðan þetta ráðgjafabrjef kom út, og hefði jeg óskað, að hann væri eins góður eptir sem áður. Það er eigi mín meining, að ætlast til þess, að kennararnir láti prenta kennslubækur í öllum þeim vísindagreinum, sem þeir kenna í skólanum, því að það yrði allt of umfangsmikið, heldur mætti nægja fyrst um sinn að prenta kennslubækur í guðfræði og siðfræði, en til taka að öðru leyti, hvaða bókum þeir einkum fylgdu, svo að stúdentarnir gætu aflað sjer þeirra. Hitt hygg jeg væri mjög nytsamt og gagnlegt fyrir guðfræðinga í landinu, og enda fyrir sóknarnefndir, að fá útgefnar á voru máli prentaðar kennslubækur í guðfræði og siðfræði. Að svo mæltu skal jeg bíða eptir svari frá hinum hæstvirta landshöfðingja.

Landshöfðinginn: Hinn háttvirti 1. þingmaður Eyfirðinga hefur í fyrirspurn þeirri, sem hjer ræðir um, óskað upplýsingar um það, hver árangur hafi orðið af þeirri ályktun alþingis, er hún skoraði á landshöfðingja, að gjöra nauðsynlegar ráðstafanir til þess, að forstöðumaður prestaskólans og kennarar láti sem allra fyrst prenta fyrirlestra sína sem handrit, nema þeir heldur kjósi, að gefa út á fjárhagstímabilinu 1880—81 kennslubók í kennslugreinum sínum.

Hinum háttvirtu þingmönnum er það kunnugt af brjefi ráðgjafans frá 25. maí f. á., er birt hefur verið í stjórnartíðindunum B. töl. 88., sem hinn háttvirti flutningsmaður gat um, að jeg eptir að hafa leitað álits stiptsyfirvaldanna og hlutaðeigandi kennara við prestaskólann, hafi borið spursmálið undir úrskurð ráðgjafans. Samkvæmt þessu brjefi hefur forstöðumanni tjeðrar mentunar-stofnunar verið tilkynnt, að ráðgjafinn með tilliti til hins stutta námatíma við prestaskólann álíti það æskilegt, að kennararnir takmarki sem mest má verða fyrirlestra, sem þarf að skrifa upp, og þess vegna hefur verið skorað á kennarana, annaðhvort að láta prenta fyrirlestra sína, eða þá stuttar kennslubækur í vísindagreinum þeim, er þeir kenna, eða nota þær kennslubækur, sem aðrir rithöfundar hafa samið á íslenzku, dönsku eða þýzku, og sem þeir kunna að álíta vel fallnar til að við hafast sem undirstaða eða viðauki við fyrirlestrana, og hefur þeim jafnframt verið skýrt frá, að búast mætti við, að til þess yrði veittur styrkur af fje því, sem í 15. gr. fjárlaganna er ætlað til vísindalegra fyrirtækja.

Eptir að þessi heiðraða deild hafði samþykkt, að fyrirspurn hins háttvirta þingmanns Eyfirðinga ætti að taka til umræðu, hef jeg skorað á stiptsyfirvöldin, að gefa mjer skýrslu um, hvað gjört hafi verið í tilefni af umgetnu brjefi ráðgjafans frá 25. maí f. á., og einkum um það, hvort kennarar skólans hafi gjört nokkra gangskör að því, að hlýðnast fyrirmælum þessa brjefs. Þessa skýrslu frá forstöðumanni skólans hafa stiptsyfirvöldin sent mjer með brjefi frá 29. júlí þ. á., og segir í henni: «að kennendur prestaskólans hafi enn þá ekki haft tækifæri til og enn þá ekki sjeð sjer fært að gefa út kennslubækur, sem við hafa mætti til grundvallar við kennsluna á prestaskólanum, því bæði útheimtir því líkur starfi nægilegan tíma og undirbúning, og hefur í för með sjer kostnað, sem kennendunum yrði ofvaxið, nema með talsverðum opinberum styrk, en á hinn bóginn hafa kennendurnir gjört sjer far um að takmarka eins og unnt er fyrirlestra sína, og munu láta sjer annt um, að gjöra það framvegis, einkum með því að auka hina munnlegu yfirheyrslu og yfirfara með stúdentunum í munnlegu prófi og yfirheyrslu kennslugreinir guðfræðinnar eptir skrifuðum fyrirlestrum, sem undirstöðu við kennsluna. Og loksins hefur forstöðumaðurinn getið þess, að kennendurnir hafi í huga, jafnskjótt og kringumstæðurnar leyfa þeim og þeir geta átt von á hæfilegum opinberum

styrk til þess, að láta prenta og gefa út lengri eða styttri kennslubækur í einhverjum greinum guðfræðinnar, sem við hafa mætti sem leiðarvísi og undirstöðu við kennsluna á prestaskólanum".

Af þessu má sjá, hvað gjört hefur verið frá stjórnarinnar hálfu í tilefni af ályktun þeirri, er fyrirspurnin getur um, og hver árangur að svo stöddu hafi verið af þessum ráðstöfunum. Eptir umræðunum í neðri deild alþingis í hitt eð fyrra voru allir þingmenn samdóma um það, að æskilegt væri að skora á kennarana við prestaskólann, að semja og láta prenta kennslubækur í kennslugreinum sínum, heldur en að leggja fyrir þá að láta prenta fyrirlestra sína, og var hinn háttvirti flutningsmaður einnig á því máli. Þar sem jeg fyrir mitt leyti verð að vera á sömu skoðun, og þar sem enginn vafi getur leikið á því, að til þess að semja þvílíkar kennslubækur þarf mikinn tíma og talsverðan kostnað, virðist loforð það, er skýrsla forstöðumannsins hefur inni að halda, að kennendurnir við prestaskólann ætli jafnskjótt og kringumstæðurnar leyfa þeim, og þeir geta átt von á hæfilegum opinberum styrk til þessa fyrirtækis, að láta prenta og gefa út lengri eða styttri kennslubækur í einhverjum greinum guðfræðinnar, sem við hafa mætti sem leiðarvísi og undirstöðu við kennsluna á prestaskólanum, fullnægjandi að svo stöddu, og það verður samkvæmt þessu loforði að miklu leyti að vera komið undir því, hvort 15. gr. fjárlaganna um styrk til vísindalegra fyrirtækja verði þannig úr garði gjörð frá hálfu alþingis, að mögulegt sje að styðja að því, að þetta loforð verði efnt. Ef svo verður, og jeg leyfi mjer að vona, að hinn háttvirti flutningsmaður gjöri í þessu tilliti það, er í hans valdi stendur, þá efast jeg ekki um, að vjer á fjárhagstímabilinu 1882—83 fáum kennslubækur þær, er hjer ræðir um, og sem jeg einnig fyrir mitt leyti álít nauðsynlegar og æskilegar.

Arnljótur Ólafsson: Jeg er hinum hæstvirta landshöfðingja þakklátur fyrir skýrslu hans og góðar undirtektir. En af því að hann einkum í niðurlagi ræðu sinnar gat þess, að kennslubækur mundu koma út, ef nægilegt fje væri fyrir hendi því til styrktar, þá er jeg fyrir mitt leyti fús til að styðja að því, að svo verði, enda vona jeg hann hafi sjeð, að í 16. gr. fjárlagafrumvarpsins hefur sjerstaklega verið þetta haft fyrir augum. Af því að jeg er vel ánægður með undirtektir hins hæstvirta landshöfðingja, álít jeg fyrirspurninni fullkomlega svarað, og því megi ganga til næsta máls á dagskránni.

LXX.

Fyrirspurn til landshöfðingja

um breytingu á reglugjörð fyrir hinn lærða skóla í Reykjavík, 12. dag júlímánaðar 1877. Frá þingmanni Reykvíkinga. Fyrirspurnin er prentuð í fyrri parti alþingistíðindanna, bls. 407.

Á 31. fundi neðri deildar alþingis, 2. dag ágústmánaðar, skýrði forseti deildarmönnum frá, að hann hefði fengið fyrirspurn til landshöfðingja frá þingmanni Reykvíkinga viðvíkjandi breytingu á reglugjörð hins lærða

skóla, og á 33. fundi, 4. dag ágústmánaðar, leyfði deildin, að þingmaðurinn mætti bera spurninguna upp.

Á 52. fundi neðri deildar, 17. dag ágústmánaðar var fyrirspurnin tekin fyrir samkvæmt dagskránni.

Halldór Kr. Friðriksson: Eins og mörgum er kunnugt, vakti reglugjörð fyrir hinn lærða skóla í Reykjavík, dags. 12. júlí 1877, töluverða óánægju manna á meðal, og var mikið ritað um hana í blöðunum. Þetta varð tilefni til þess, að á alþingi 1879 var skipuð nefnd til þess að gjöra uppástungur um ýmislegt viðvíkjandi hinum lærða skóla, og um endurskoðun reglugjörðarinnar. Nefnd þessi komst að þeirri niðurstöðu, að eigi væri vanþörf á, að reglugjörðin væri endurskoðuð, og samþykkti þingið þá, að landshöfðingi skipaði hina föstu kennara skólans í nefnd til þess, ásamt 2 öðrum mönnum. Þessa uppástungu vildi ráðgjafinn ekki samþykkja, en sagði landshöfðingja með brjefi 7. nóv. 1879, að hann skyldi hlutast til um, að rektor og hinir föstu kennarar við skólann endurskoðuðu reglugjörðina, og gjörðu uppástungur til breytinga á henni. Samkvæmt þessu hjelt rektor skólans 4—5 fundi með hinum föstu kennurum til þess að ræða málið, og gjörðu þeir ýmsar uppástungur til breytinga á reglugjörðinni, og voru þær breytingar margar verulegar. Þessar tillögur voru sendar til stiptsyfirvaldanna með brjefi 30. dag júnímán. f. á. Þessar breytingar voru þannig lagaðar, að þær þóttu mikils verðar, og áríðandi, að þær kæmust sem fyrst á, en nú er liðið heilt ár og ekkert svar komið enn frá ráðherranum. Oss hefur langað til að vita, hvernig ráðgjafinn hefur tekið undir þessar tillögur, hvort hann hefur viljað samþykkja þær, eða hafna þeim, eða hverjum af þeim hann vill hafna og hverjar samþykkja, en það ræður þó að öllum líkindum, að þeir menn, er lengi hafa kennt við skólann, hafi bezt vit á, hvað skólanum hentar bezt og hversu kennslunni verði haganlegast fyrirkomið, svo að hún komi að sem mestum notum fyrir lærisveina. Þess vegna hef jeg leyft mjer að bera upp þessa spurningu fyrir hinn hæstvirta landshöfðingja, og skal jeg ekki tala fleira, fyr en jeg heyri svar hans.

Landshöfðingi: Út af fyrirspurn hins háttvirta þingmanns Reykvíkinga skal jeg leyfa mjer að skýra deildinni frá því, að jeg hef með brjefi stiptsyfirvaldanna frá 5. apríl þ. á. tekið á móti uppástungum kennanda skólans, er jeg með brjefi 25. s. m., ásamt með tillögum minum, sendi ráðgjafanum, og fór þetta brjef með næsta skipi hjeðan næst á eptir. Nú hef jeg enn ekki fengið svar, en jeg vona, að jeg verði búinn að fá það fyrir byrjun næsta skóla-árs, 1. okt., og það álít jeg sje nógu snemma.

Halldór Kr. Friðriksson: Jeg hef nú fengið þá skýringu, sem jeg beiddist, en mjer þykir leitt, að svarið skuli ekki vera komið enn. Það hefði verið hentugast, að það hefði verið komið fyrir inntökupróf í skólann í vor, svo að auðið hefði verið að koma kennslunni fyrir næsta ár, eins og við ætti eptir breytingunum á reglugjörðinni. En mjer þykir leitt að vita til þess, að brjef um áríðandi mál skuli vera heilt ár á leiðinni frá stiptsyfirvöldunum til hins hæstvirta landshöfðingja, og jeg leyfi mjer að vona, að slík brjef gangi fljótar næst.

Nefndarkosningar.

A.

Á 2. fundi hins sameinaða alþingis, 6. dag júlímánaðar, kom til umræðu samkvæmt dagskránni:

1, *kosning nefndar til að rannsaka og úrskurða ferðakostnaðarreikninga alþingismanna samkvæmt 37. gr. kosningarlaganna.*

Eiríkur Kúld stakk upp á 3 manna nefnd, og var það samþykkt án atkvæðagreiðslu. Fyrir kosningu urðu:

Einar Ásmundsson með 17 atkvæðum.
Eiríkur Kúld með 9 atkvæðum.
Grímur Thomsen með 8 atkvæðum.

2, *kosning nefndar, til að rannsaka kjörbrjef og kosningar, samkvæmt 3. gr. þingskapa alþingis.*

Forseti: Jeg álít rjett, að kjósa þessa nefnd nú, þó að ekki sje neitt verkefni fyrir hana nú sem stendur; það er þá hægra að taka til hennar síðar, ef á þarf að halda. Eptir mínum skilningi á þingsköpunum álít jeg, að nefnd þessi skuli standa fyrir allan kjörtímann, en ekki þurfi að kjósa nýja nefnd í byrjun hvers þings.

Benidikt Sveinsson: Jeg fyrir mitt leyti get ekki sjeð, að nauðsyn sje á, að kjósa þessa nefnd nú þegar. Nú sem stendur er ekkert verkefni fyrir hendi fyrir þessa nefnd, og jeg sje enga torfærni á, að kjósa hana, þegar verkefnið kemur handa henni.

Eiríkur Kúld: Mjer sýnist beinlínis skylda, að kjósa nú í þessa nefnd, og það einmitt nú, því að það er tiltekið í þingsköpunum; þó að nú sitji allir á þingi, þá getur orðið snögg breyting á því. Hinn heiðraði þingmaður, sem síðast talaði, veit, að lífið breytist opt skjótlega, og svo getur farið, að einhver af þeim mönnum, sem nú hafa sæti á þingi, deyi allt í einu; þá þarf að rannsaka kjörbrjef hins nýja þingmanns, en til þess þarf að vera búið að kjósa nefndina. Mín meining er því sem sagt, að nefndina skuli kjósa nú þegar, og það hlýtur og að hafa verið meining löggjafans.

Benidikt Sveinsson: Jeg ætla að eins að leyfa mjer að gjöra dálitla athugasemd um atvik, sem þingmaður Barðstrendinga virðist ekki hafa íhugað sem skyldi, og hún er sú, að hinir kosnu nefndarmenn geta einnig dáið, og hvernig fer þá?

Halldór Friðriksson: Jeg ætla ekki að gjöra þessa nefndarkosningu að neinu kappsmáli; mjer fyrir mitt leyti stendur hjer um bil á sama, hvort nefndin er kosin eða kosin ekki; þó að hún gjöri ekkert og hafi ekkert verkefni fyrir, þá sýnist mjer ekkert vera á móti henni, því að «*superflua non nocent*». En það er eitt, sem jeg vildi vekja athygli þingmanna á; menn verða að gjöra sjer ljósa hugsun og þýðing greinar þeirrar, sem skipar fyrir um þessa nefndarkosningu, og samband hennar við aðrar greinar þingskapanna. Í 3. og 1. grein er blandað saman, hvað gjöra skuli í byrjun þings eptir nýjar kosningar, og því, sem gjöra skal í byrjun hvers þings. Í 2. grein þingskapanna stendur svo: «Eptir að hinir nýju þingmenn þar næst hafa unnið eið að stjórnarskránni, skal kjósa forseta og undir stjórn hans varaforseta og 2 skrifara fyrir hið sameinaða alþingi. Kosningin gildir fyrir allan þingtímann *það ár*». Hjer getur hugsunin ekki verið, að forsetinn sje kosinn fyrir allan kjörtímann, heldur að eins fyrir eitt þing í senn, og að hann skuli kjósa á hverju þingi. Aptur er í 3. gr. fyrir skipað, að kjósa skuli hina 6 þjóðkjörnu alþingismenn til efri deildar, og sú kosning gildir fyrir *allan kjörtímann*. Yfir höfuð verður að vinsa úr hverri grein, hvað við á á hverju þingi. Nú er svo ákveðið í 1. gr., að þingið skuli ganga í þrjár deildir, til þess að prófa kjörbrjefin, og get jeg því samkvæmt þessu með engu móti sjeð, að það þurfi framar að rannsaka þessi brjef. Tilætlun 4. greinar hlýtur því að vera sú ein, að nefndin, sem kjósa á, 1. rannsaki að eins þau brjef, sem kunna að koma fram, meðan á þinginu stendur, 2. þau, sem þingið þegar í byrjun ekki hefur tekið gild, og 3. að rannsaka þær kærur, sem snerta kosn-

ingar, sem þegar eru teknar gildar. En nú er ekki líklegt, að slíkar kærur komi fram hjeðan af, enda áttu þær að koma þegar í upphafi, en nú er það of seint; verð jeg því að álíta nefndarkosninguna alveg óþarfa nú sem stendur, þar sem ekkert verkefni getur verið fyrir hana lagt á þessu þingi. En þó að nefndin verði nú kosin, getur það engan veginn átt sjer stað, að hún skuli standa allan kjörtímann; það sjest ljósast á því, að forsetarnir, sem eiga að hafa sæti í nefnd þessari, eru kosnir fyrir eitt þing í senn, og geta því orðið aðrir 1883, en nú eru; líka getur svo farið, að einmitt þeir menn af þingmönnum, sem í nefndina eru kosnir, verði forsetar, og hvernig fer þá með nefndina? Mjer finnst yfir höfuð nauðsynlegt, að komast til ljósrar og fastrar hugsunar um þetta, svo þingmenn geti haft fastar reglur að fara eptir. Jeg verð því að vera þeirrar skoðunar, að þessi nefnd sje nú alveg óþörf og gagnslaus.

Benidikt Sveinsson: Jeg er hinum heiðraða þingmanni Reykvíkinga alveg samdóma, en ætla að eins að bæta því við viðvíkjandi tilfellum þeim, sem geta komið fyrir, að kærurnar geta allt eins vel fram komið móti þeim, sem sitja í nefndinni. Jeg álít því alveg rjett og sjálfsagt eptir þingsköpunum, að sleppa kosningu þessarar nefndar.

Jón Jónsson: Jeg ætla að leyfa mjer að bæta því við, að þetta mál hefur komið til umtals áður á þinginu, og var þá fellt. Það lýsir því ósamkvæmni hjá þinginu, ef það nú skyldi samþykkja þessa nefndarkosning, og jeg skal taka það fram, að það er alveg ljóst, að kjósa skal í hvert skipti, sem kærur koma fyrir; ef kærurnar koma, þá á að skera úr þeim hjer á þinginu; annars getur það orðið hættulegt fyrir málfrelsi manna; það gæti nefnilega komið fyrir, að kærur kæmu fram gegn nefndarmönnum sjálfum og væri það móti allri reglu, ef þeir ættu að segja álit um sín eigin mál.

Forseti: Um leið og jeg get þess, að það er eigi rjett hermt hjá þingmanni Skagfirðinga, að mál þetta hafi verið fellt áður, heldur að eins samþykkt, að kjósa eigi á þeim fundi, þá skal jeg samkvæmt skýlausri fyrirskipun þingskapanna skora á menn að kjósa 3 manna nefnd.

Benidikt Sveinsson: Mjer þykir kynlegt, að eigi skuli mega fresta nefndarkosningunni; því það og ekkert annað er samkvæmt lögunum. Þó að jeg játi, að forseti hafi mikið vald, þá álít jeg þó, að hann hafi ekki vald til þess, að banna mönnum að koma fram með uppástungur um það, sem lögin fyrir skipa.

Forseti: Uppástungan kemur of seint, því að þingmaðurinn hefur ekkert leyfi til að tala; hann er búinn að tala tvisvar áður.

Jón Jónsson, 2. þingmaður Skagfirðinga, skoraði þá á þá þingmenn, sem væru sjer sammála, að ganga með sjer burt úr þingsalnum, og gekk hann af fundi ásamt Jóni Ólafssyni, 2. þingmanni Suður-Múlasýslu.

Því næst voru í nefndina kosnir:

Magnús Stephensen	með	12	atkvæðum.
Benidikt Sveinsson	—	9	—»—
Lárus Blöndal	—	8	—»—

B.

KOSNING YFIRSKOÐUNARMANNA landsreikningsins fyrir árin 1880 og 1881.

Í neðri deild fór fram kosningin á yfirskoðunarmanni af hennar hálfu á 65. fundi, 25. dag ágústmánaðar. Fyrir kosningu varð þingmaður Borgfirðinga, *Dr. phil. Grímur Thomsen*, með 12 atkvæðum.

Í efri deild fór kosning á yfirskoðunarmanni af hennar hálfu fram á 48. fundi, 25. dag ágústmánaðar, og var hinn 4. konungkjörni þingmaður, *yfirdómari Magnús Stephensen*, kosinn yfirskoðunarmaður með 10 atkvæðum.

Þingstörf.

A.

RÆÐA FORSETA NEÐRI DEILDAR,
á 25. fundi, 28. dag júlímánaðar.

Forseti: Jeg finn mig tilknúðan, að víkja nokkrum orðum til hinnar heiðruðu deildar. Jeg veit, að hinir háttvirtu þingmenn hafa tekið eptir því, að í dag er vinnutími þingsins hálfnaður, og vil jeg í fám orðum skýra frá, hvernig sakir standa fyrir þinginu í heild sinni með þingmál. Í þessari deild eru framlögð 57 lagafrumvörp, og í efri deild 16; það eru samtals 73 lagafrumvörp; þess utan eru framlagðar 8 þingsályktunartillögur hjer í þessari deild og 2 í efri deild; og enn fremur eru fram komnar 2 fyrirspurnir. Alls eru þá komin til meðferðar 85 þingmál. Þegar við nú lítum á, hve mörgum af þessum málum er ráðið til lykta, þá eru það að eins tvö mál, og getur hvorugt þeirra heitið þjóðmál eða mikilsvarðandi; það eru sem sje: «frumvarp til laga um löggilding verzlunarstaðar á Hesteyri í Ísafjarðarsýslu», og «fumvarp til laga um löggilding verzlunarstaðar á Kolbeinsárósi í Skagafjarðarsýslu». Jeg hef enn ekki kynnt mjer, á hverju stigi málin eru í efri deild; en hjer í deildinni eru þau á því stigi, að af 67 málum, sem lögð eru fyrir þessa deild, auk þeirra, sem koma frá efri deildinni, eru 16 frumvörp felld eða tekin aptur, og hafa sum þeirra kostað deildina talsverðan tíma. Önnur 16 eru komin nokkuð á veg, sem sje til 2. og 3. umræðu, en 30—40 mál eru alls ekkert á leið komin, því það er ekki teljandi, þó 1. umræða sje að eins byrjuð í 3—4 málum. Þingmenn sjá sjálfir eins vel og jeg, að ekki lítur vel út með þetta ástand, og það er óhætt að fullyrða, að þó við ynnum frá morgni til kvelds, og þó við enda legðum saman nótt og dag, yrði ekki helmingi allra þessara mála til lykta ráðið á þessu þingi, svo að mynd verði á. Það er fjærri mjer, að álasa þingmönnum fyrir það, þó svona sje illa statt; mjer er það vel kunnugt, að þeir hafa unnið vel og dyggilega að málunum, hver eptir því sem hann hefur haft föng á. Orsökin til þessa er allt önnur; hún er sú, að þingmenn færast of mikið í fang; þeir taka að sjer of mörg mál til flutnings, og svo einnig það, að umræður hafa orðið allt of langar um sum mál, sem í sjálfu sjer eru lítt merkileg eða umvarðandi. Jeg finn það skyldu mína, að benda deildinni á þetta, og jeg ræð deildinni til að snúa huga sínum einungis að hinum stærri málum, og hinum allra-helztuáhuga-málum þjóðarinnar. Væri, að jeg ætla, vel til fallið, að þingmenn kæmu sjer saman um, hver af hinum mörgu málum, sem nú liggja fyrir, þeir helzt kjósa að nái fram að ganga á þinginu, og mundi jeg fúslega taka tillögu þingmanna til greina í því tilliti. Til hægðarauka fyrir þingmenn mun jeg láta prenta skrá yfir málin og útbýta henni, til að sýna, hver málin eru, og hve langt þau eru á veg komin. Jeg finn og skyldu mína, að benda deildinni á, að það er alls kostar nauðsynlegt, að menn takmarki umræðurnar um hvert einstakt mál, svo sem unnt er, því þær taka mestan vinnutímann upp. Sum mál eru að vísu þess eðlis, að þau þarf að ræða ýtarlega, en mörg mál eru þannig vaxin, að ekki virðist þörf á, að ræða þau eins mikið og gjört er, og ættu þingmenn því að takmarka umræðurnar um þau meir, en þeir gjöra. Sjer í lagi sný jeg máli mínu að fjárlaganefndinni. Jeg skal leyfa mjer að minna hana á, að á seinasta þingi 1879 fram fór 1. umræða um fjárlögin dagana 26. til 28. júlí, það er að segja að 1. umræðu um fjárlögin var einmitt lokið í dag í neðri deild, en nú er ekki farið svo mikið sem að prenta nefndarálitið. Menn muna þó víst, í hverjum herkjum þingið átti í hitt eð fyrra með að koma fjárlögunum af í tækan tíma. Að síðustu vil jeg skora á hinn háttvirta formann fjárlaganefndarinnar að gjört allt, sem í hans valdi stendur, til að flýta fyrir málinu.

B.

RÆÐA FORSETA NEÐRI DEILDAR,
á 68. fundi, 27. dag ágústmánaðar.

Forseti: Dagskráin er þá á enda, og vjer höfum lokið störfum vorum að sinni. Jeg get eigi á þessum fundi útbýtt meðal þingmanna skrá yfir mál þau, sem þingið hefur haft til meðferðar þennan þingtíma, en jeg vonast eptir, að þingmenn geti þó fengið skrá þessa í dag. Málin eru alls, sem útkljáð eru, milli 30 og 40, og þótt þau kunni eigi öll að vera jafnmikil nauðsynjamál, þá hafa víst flutningsmenn þeirra komið með þau í bezta tilgangi. Jeg held, er vjer lítum til baka, þá sje furðumikið unnið á svona stuttum tíma, og jeg veit, að allir hljóta að játa með mjer, að það er mikið mein að því, hversu sá tími er stuttur, sem helgaður er löggjafarþingi voru. Jeg er viss um, að störf vor hefðu orðið mikið betur af hendi leyst, ef tíminn hefði verið svo sem 2 vikum lengri, þótt eigi hefði verið meira

Jeg er hinum háttvirtu þingmönnum þakklátur fyrir umburðarlyndi það, sem þeir hafa sýnt mjer á þessum þingtíma. Jeg vona, að þeir, að minnsta kosti er þeir eru heim komnir, gleymi þeim ófullkomleg-leikum, sem verið hafa á forstöðu minni. Jeg kveð svo að lokum alla þingmenn með þeirri ósk, sem jeg er viss um að býr í allra brjóstum, að hinn algóði blessi þau störf, sem vjer höfum unnið saman að og leyst af hendi.

Þinglok.

Á 4. fundi hins sameinaða alþingis, 27. dag ágústm., las forseti upp yfirlit yfir mál þau, sem höfðu verið til meðferðar á þessu þingi. Að því búnu kom landshöfðinginn inn í salinn og gat þess, að þingtíminn, sem lengdur hefði verið samkvæmt konungsúrskurði 25. maí 1881, nú væri á enda, og þingstörfunum lokið. Lýsti hann því síðan yfir í nafni og umboði konungs, að

alþingi væri slitið.

Stóð þá upp forseti neðri deidar og mælti:

Lengi lifi konungur vor

Kristján hinn IX.,

og risu þá allir þingmenn upp, og tóku undir það í einu hljóði.

Síðan var gengið af fundi.

Yfirlit

yfir alþingiskostnaðinn 1881.

I. Fæðispeningar og ferðakostnaður alþingismanna.

	Fæðispening. Kr.	Ferðakostn. Kr.	Ferðakostn. Aur.	Samtals. Kr.	Samtals. Aur.
1. Bergur Thorberg (að meðtöldum 12 kr. fyrir forsetastörf eptir þing)	360	»	»	360	»
2. Eiríkur Briem	348	»	»	348	»
3. Eiríkur Kúld	384	27	»	411	»
4. Árni Thorsteinson	348	»	»	348	»
5. Arnljótur Ólafsson	450	100	»	550	»
6. Ásgeir Einarsson	444	103	20	547	20
7. Benidikt Kristjánsson	492	333	»	825	»
8. Benidikt Sveinsson	492	333	»	825	»
9. Egill Egilsson	348	»	»	348	»
10. Einar Ásmundsson	450	120	»	570	»
11. Friðrik Stefánsson	432	200	»	632	»
12. Grímur Thomsen	360	»	»	360	»
13. Guðmundur Einarsson	402	111	»	513	»
14. Halldór Friðriksson	348	»	»	348	»
15. Holgeir Clausen	384	27	»	411	»
16. Jón Jónsson	348	»	»	348	»
17. Jón Ólafsson	690	207	50	897	50
18. Jón Pjetursson	348	»	»	348	»
19. Jón Sigurðsson	492	300	»	792	»
20. Lárus Blöndal	414	200	»	614	»
21. Magnús Andrjesson	366	47	»	413	»
22. Magnús Stephensen	348	»	»	348	»
23. Ólafur Pálsson	408	128	58	536	58
24. Pjetur Pjetursson	348	»	»	348	»
25. Sighvatur Árnason	396	112	»	508	»
26. Sigurður Melsteð	348	»	»	348	»
Flyt	10548	2349	28	12897	28

	Fæðispening. Kr.	Ferðakostn. Kr. a.	Samtals. Kr. a.
Flutt	10548	2349 28	12897 28
27. Skúli Þorvarðarson	396	112 »	508 »
28. Stefán Eiríksson	534	300 40	834 40
29. Tryggvi Gunnarsson	420	86 »	506 »
30. Þórarinn Böðvarsson (að meðtalinni borgun fyrir forsetastörf eptir þing)	378	» »	378 »
31. Þórður Magnússon	456	172 »	628 »
32. Þorkell Bjarnason	360	24 »	384 »
33. Þorlákur Guðmundsson	360	» »	360 »
34. Þorsteinn Jónsson	420	140 »	560 »
35. Þorsteinn Thorsteinson	414	60 80	474 80
36. Þorvarður Kjerulf	522	135 60	657 60
Samtals	14808	3380 8	18188 8

II. Annar kostnaður:

Til innanþingsskrifara	2250 »
Fyrir ýmisleg ritstörf um og eptir þing	1092 75
Til þingveina og húsgæzlumanns	531 66
Prentun skjala um þingtíðindin og pappír í þau	2085 30
Pappír og önnur ritföng	141 70
Samningur og prentun á bókaskrá alþingis	219 93
Fyrir bókavörzlu árin 1880 og 1881	80 »
Fyrir smíðar, aðgjörðir og fleira	52 48
Ýmisleg útgjöld	172 91
Útgáfa alþingistíðindanna, hjer um bil	7900 »
Þannig verður allur alþingiskostnaðurinn hjer um bil	32714 81